

7

Kafli 14

14.17-14.34: „Friðurinn“
2009-2012
framhald

BROT SAMSKIPA GEGN BANNI VIÐ ÓLÖGMÆTU SAMRÁÐI





| | |
|---|-------------|
| 14.17. Unnið að verðhækkunum veturinn 2009 - 2010 | 1244 |
| 14.17.1. Ítrekuð samskipti Samskipa og Eimskips..... | 1245 |
| 14.17.2. Atvik í september 2009 | 1245 |
| 14.17.3. Atvik í október 2009..... | 1247 |
| 14.17.4. Atvik í nóvember 2009 | 1249 |
| 14.17.5. Atvik í desember 2009..... | 1253 |
| 14.17.6. Verðhækkun í janúar 2010..... | 1258 |
| 14.17.7. Aukin gjaldtaka Eimskips | 1261 |
| 14.17.8. Reynt að fá Eimskip til þess að hækka verð..... | 1265 |
| 14.17.9. Samantekt..... | 1267 |
| 14.18. Velgengni Samskipa á Íslandi og tillaga um „heimanmund“ til samstæðunnar 1274 | |
| 14.19. Samskip huga í janúar 2010 að auknu samstarfi við Eimskip | 1277 |
| 14.20. Almenn t um mikilvæga viðskiptavinum á árinu 2010 | 1283 |
| 14.20.1. Mikilvægi stórra viðskiptavina eykst | 1283 |
| 14.20.2. Mikilvægir viðskiptavinir fóru ekki á milli á árinu 2010 | 1284 |
| 14.20.3. Hækkun á verði gagnvart mikilvægum viðskiptavinum | 1285 |
| 14.20.4. Aðgerðir Samskipa til að tryggja „friðinn“ | 1288 |
| 14.21. Gögn frá janúar – mars 2010 endurspeglar markaðsskiptinguna | 1290 |
| 14.21.1. Hörð samkeppni í nágrannaríkjum..... | 1290 |
| 14.21.2. Ekki keppa heldur hækka verð í landflutningum | 1294 |
| 14.21.3. „Pólítísk ákvörðun“ um að keppa ekki til að fá „frið með allt hitt“ | 1297 |
| 14.21.4. „Ekki umsemjanlegt – enginn afsláttur“ | 1298 |
| 14.21.5. „Þvílíkur munur“ | 1299 |
| 14.21.6. Samantekt | 1301 |
| 14.22. J. Rönning hf. óskar tilboða á árinu 2010 | 1302 |
| 14.23. Rúmfatalagerinn óskar tilboða á árinu 2010 | 1306 |
| 14.24. Upplýsingaskipti á árinu 2010 vegna Maersk | 1312 |
| 14.25. Nathan & Olsen óskar tilboða á árinu 2010 | 1313 |
| 14.25.1. „Hrærum“ ekki í Aðföngum og hækku á Nathan & Olsen | 1314 |
| 14.25.2. Eimskip gaf Nathan & Olsen ekki tilboð | 1315 |
| 14.25.3. Samskip endurnýja samninginn við N&O í janúar 2011 | 1318 |
| 14.25.4. Samantekt | 1319 |
| 14.26. ÍSAM/Mekka óska tilboða á árinu 2010 | 1319 |
| 14.26.1. Samskip stefnir að því að hækka verð og „sjokkerandi“ tilboð frá Eimskip | 1321 |
| 14.26.2. Unnið á sama tíma að verðhækkun gagnvart Innnes og ÍSAM | 1323 |
| 14.26.3. „Höfum við engan áhuga á nýjum kúnnum“? | 1327 |
| 14.26.4. Samantekt | 1328 |
| 14.27. Eimskip hækka verð á árinu 2010 gagnvart Aðföngum | 1329 |
| 14.27.1. Aðföng leita til Samskipa | 1330 |
| 14.27.2. Eimskip undirbýr frekari verðhækkun | 1331 |
| 14.27.3. Samskip virða markaðsskiptinguna | 1334 |
| 14.27.4. Samantekt | 1335 |
| 14.28. Verðhækkunir sumarið 2010 | 1335 |
| 14.29. Eimskip endurnýjar samning við IKEA á árinu 2010 | 1338 |
| 14.30. Askja óskar tilboða á árinu 2010–Eimskip tekur „vertu á vappi trykkið“ | 1340 |
| 14.31. OJK og Europris óska tilboða á árinu 2010 | 1342 |



| | | |
|---------------|--|-------------|
| 14.31.1. | OJK efnir til útboðs | 1342 |
| 14.31.2. | Stjórnendur Eimskips hækka verðið sem undirmaður lagði til að OJK yrði boðið... .. | 1344 |
| 14.31.3. | Europris óskar eftir tilboðum | 1345 |
| 14.31.4. | OJK endurnýjar samninginn við Samskip..... | 1346 |
| 14.31.5. | Aðgerðarleysi Samskipa gagnvart Europris..... | 1347 |
| 14.31.6. | Samantekt..... | 1348 |
| 14.32. | Rekstraráætlanir fyrir árið 2011 – Áframhaldandi samráð..... | 1349 |
| 14.32.1. | Rekstraráætlun Eimskips | 1349 |
| 14.32.2. | Rekstraáætlun Samskipa – Ekki átti að dansa „við sætu stelpurnar á ballinu“ | 1356 |
| 14.32.3. | Mun meiri samkeppni í Færeyjum heldur en á Íslandi | 1362 |
| 14.32.4. | Samantekt..... | 1365 |
| 14.33. | Röð funda lykilstjórnenda og önnur atvik í október 2010 – mars 2011..... | 1366 |
| 14.33.1. | Atriði til að hafa í huga | 1367 |
| 14.33.1.1. | Norður-Ameríku og Evrópusamráðið | 1367 |
| 14.33.1.2. | Samskipti á árunum 2008-2009 og „Nýtt upphaf“ verkefnið | 1368 |
| 14.33.1.3. | Samskipti 2010 og „Nýtt upphaf“ verkefnið..... | 1372 |
| 14.33.2. | Fundur Samskipa og Eimskips í byrjun október 2010..... | 1375 |
| 14.33.3. | Samráð um afsláttarkjör..... | 1379 |
| 14.33.4. | Fundur Samskipa og Eimskips 11. október 2010 | 1379 |
| 14.33.4.1. | Lykilstjórnendur vinna áfram að því að auka samstarf..... | 1380 |
| 14.33.4.2. | Samskip hækka verð á innflutningi á pappír til Íslands | 1381 |
| 14.33.4.3. | Eimskip undirbúa að hækka verð gagnvart CMA | 1382 |
| 14.33.4.4. | Eimskip fjallar um viðskiptavini Samskipa..... | 1383 |
| 14.33.4.5. | (S)forstö-innfl1 kynnrir áherslur fyrir (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv | 1383 |
| 14.33.4.6. | Stjórn Samskipa hf. fundar í lok október | 1384 |
| 14.33.4.7. | Verðhækkunarátak (S)forstö-innfl1..... | 1385 |
| 14.33.4.8. | Markaðsskiptingin virt í október 2010..... | 1387 |
| 14.33.4.9. | Atvik dregin saman..... | 1387 |
| 14.33.5. | Fundur Samskipa og Eimskips 2. nóvember 2010 | 1389 |
| 14.33.5.1. | „Allir elta okkur með 4,6%“ | 1389 |
| 14.33.6. | Fundur Samskipa og Eimskips 8. nóvember 2010 | 1392 |
| 14.33.6.1. | Ekki bjóða „grænensk verð“ og verðhækkunir | 1392 |
| 14.33.6.2. | Tölvupóst-samskipti Samskipa og Eimskips..... | 1395 |
| 14.33.6.3. | (E)forstj upplýstur um samskiptin við Samskip..... | 1397 |
| 14.33.7. | Fundur Samskipa og Eimskips 11. nóvember 2010..... | 1398 |
| 14.33.7.1. | Niðurstaða um verðhækkun og gámasamvinnu | 1398 |
| 14.33.7.2. | Stjórn Samskipa hf. fundar í lok nóvember | 1400 |
| 14.33.8. | Fundur Samskipa og Eimskips 24. nóvember 2010..... | 1402 |
| 14.33.9. | Unnið að nýju „neyðarsamkomulagi“ 24. nóvember 2010..... | 1404 |
| 14.33.10. | Fundur Samskipa og Eimskips 25. nóvember 2010 | 1405 |
| 14.33.10.1. | Unnið áfram að verðhækkun..... | 1406 |
| 14.33.10.2. | Eimskip kveðst ekki hafa misst mikilvæga viðskiptavini | 1408 |
| 14.33.11. | Samskipti m.a. forstjóra og lykilstjórnenda í desember 2010 og janúar 2011... .. | 1408 |
| 14.33.12. | Samtal Samskipa og Eimskips 7. desember 2010 | 1411 |
| 14.33.13. | Flutningamarkaðurinn á Íslandi „nokkuð stöðugur“ | 1412 |
| 14.33.14. | Fundur Samskipa og Eimskips 9. desember 2010 | 1413 |
| 14.33.14.1. | Nýir samningar og hugað að verðhækkun..... | 1414 |
| 14.33.14.2. | „Rúmlega 3000% álagning“ | 1415 |
| 14.33.14.3. | „ef okkur vantar hugmyndaflug varðandi gjaldskrárhækkunir“ | 1416 |
| 14.33.15. | „The Cash Cow has arrived“ – „Gullkálfur“ | 1417 |
| 14.33.16. | Samskip óska eftir fundi í janúar 2011 | 1418 |
| 14.33.17. | Verðhækkun í janúar og febrúar 2011..... | 1421 |
| 14.33.18. | Samantekt | 1427 |
| 14.34. | Húsamiðjan óskar tilboða á árinu 2010 | 1435 |
| 14.34.1. | Húsasmiðjan var umfangsmikill kaupandi á flutningsþjónustu..... | 1436 |
| 14.34.2. | Verðhækkun Samskipa gagnvart Húsasmiðjunni á árunum 2009-2010 | 1437 |
| 14.34.3. | Blekkingar gagnvart Húsasmiðjunni | 1441 |
| 14.34.4. | Húsasmiðjan segir upp samningi við Samskip og leitar til Eimskips | 1441 |
| 14.34.5. | Húsasmiðjan „sjokkeruð“ yfir tilboðsverði Samskipa | 1448 |
| 14.34.6. | Samskip hækka verð í nýjum samningi..... | 1453 |



14.34.7. Samantekt..... 1455



14.17. Unnið að verðhækkunum veturinn 2009 - 2010

6245. Í gögnum sem lýst hefur verið hér að framan frá árinu 2009 og varða áætlanir Samskipa og Eimskips fyrir árið 2010 var lögð mikil áhersla á að ná fram hækkun á verði á árinu 2010. Gilti þetta um bæði sjóflutninga og landflutninga. Sýna þau gögn að í áætlunum sínum lögðu Samskip og Eimskip til grundvallar að þrátt fyrir slíkar hækkunar myndu fyrirtækin áfram halda viðskiptum við mikilvægustu viðskiptavinum sína og að markaðshlutdeild þeirra í flutningum yrði í aðalatriðum óbreytt.
6246. Í þessum kafla verður fjallað nánar um undirbúning þeirra verðhækkana sem áttu sér stað hjá Eimskip og Samskipum í upphafi árs 2010. Einnig verður gerð grein fyrir leynilegri og „hressilegri“ verðhækkun í október 2009.
6247. Hér ber fyrst að áréttu að á árinu 2009 var viðhaldið þeirri takmörkun á flutningsgetu sem hafði verið ákveðin með samráði Samskipa og Eimskips og komið að fullu til framkvæmda í nóvember 2008. Í samráði fyrirtækjanna eftir fund þeirra 6. júní 2008 fólst einnig að Samskip og Eimskip náðu saman um markaðsskiptingu sem fólst í því að fyrirtækin forðuðust að keppa um viðskipti við mikilvæga viðskiptavinum hvors annars. Eins og rökstutt hefur verið var sú markaðsskipting fyrir hendi á árinu 2009. Með vissu um að helsti keppinauturinn, á fákeppnis- eða tvíkeppnismarkaði, myndi ekki reyna að ná til sín mikilvægum viðskiptavinum voru skapaðar kjöraðstæður til þess að ná árangri við hækkun á verði. Gilti þetta bæði um verðlagningu gagnvart einstökum mikilvægum viðskiptavinum og um almennar verðbreytingar. Atvik vegna útboðs Norðlenska, sem fjallað var um í kafla 14.8, sýna t.d. að Eimskip virti „friðinn“ m.a. til að tryggja verðhækkun á flutningum fyrir útflytjendur á ferskum fiski. Er og viðurkennt af Samskipum að fyrirtækin gátu ítrekað hækkað verð án þess óttast samkeppnisleg viðbrögð keppinautarins. Samskip staðhæfa hins vegar að ástæða þessa hafi ekki verið ólöglegt samráð við Eimskip heldur afleiðing af „tvíkeppni“ á markaðnum, sbr. mgr. 1388 og 1392 í athugasemdum Samskipa við AI.
6248. Þá ber að áréttu að á tímabilinu frá síðari hluta ársins 2008 og fram í ársbyrjun 2009 hækkuðu Samskip og Eimskip til skiptis ítrekað verð sín. Verðhækkunar fyrirtækjanna voru skarpar og námu jafnvel tugum prósentu í einu. Á sama tíma áttu þeir stjórnendur fyrirtækjanna sem báru ábyrgð á verðlagningu í miklum samskiptum, m.a. á fundum. Um þetta er nánar fjallað í kafla 10 og í kafla 11 er gerð grein fyrir þeirri niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins að verðhækkunar fyrirtækjanna á þessu tímabili hafi verið hluti af ólöglegu samráði Samskipa og Eimskips. Er það einnig niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að sökum samráðs fyrirtækjanna hafi þau ekki þurft að ná saman um tímasetningar, fjárhæðir eða umfang verðhækkana.
6249. Hér ber einnig að hafa í huga að hið samfellda samráð Eimskips og Samskipa tók ekki einungis til markaðsskiptingar og takmörkunar á flutningsgetu. Samráðið tók einnig til grundvallar þátta í daglegum rekstri beggja fyrirtækjanna. Þessir aðrir þættir í hinu samfellda samráði kröfðust tíðra og reglulegra samskipta milli fyrirtækjanna. Einnig var um að ræða samskipti á vettvangi hagsmunasamtaka.
6250. Á tímabilinu ágúst 2009 – janúar 2010 áttu sér stað ítrekuð samskipti milli Samskipa og Eimskips. Var m.a. um að ræða samskipti milli stjórnenda fyrirtækjanna sem komu að framkvæmd á hinu samfellda samráði þeirra. Í kafla 4.1 er því lýst að sjálfstæði keppinauta og óvissa fyrirtækja um m.a. fyrirætlanir keppinauta séu grunnstoðir fyrir samkeppni. Banni samkeppnisréttarins við samskiptum og samvinnu keppinauta er ætlað að verja þessar grunnstoðir. Hafandi í huga fákeppni/„tvíkeppni“ og sameiginlega yfirburðastöðu Eimskips og Samskipa í bæði sjó- og landflutningum voru framangreind samskipti fyrirtækjanna einkar varhugaverð, sbr. til hliðsjónar dóma Hæstaréttar Íslands í málum nr. 360/2015 og 42/2019. Verður að telja að samskipti stjórnenda fyrirtækjanna hafi m.a. verið til þess fallin að draga frekar úr æskilegri óvissu á milli fyrirtækjanna og þannig til þess fallin að auðvelda enn undirbúning og framkvæmd hækkunar á verði.



6251. Til viðbótar sýna gögn málsins skýrt að tiltekið verðsamráð eða ólögmæt upplýsingagjöf átti sér einnig ítrekað stað, sbr. m.a. umfjöllun hér að framan um samráð á árinu 2009 tengt afsláttarkjörum og upptöku nýs gjalds og umfjöllun hér á eftir um atvik m.a. í janúar 2010.

14.17.1. Ítrekuð samskipti Samskipa og Eimskips

6252. Í yfirliti í kafla 13 er gerð grein fyrir ítrekuðum beinum samskiptum Eimskips og Samskipa frá m.a. ágúst 2009 til og með janúar 2010.

6253. Vísast hér til þeirra samskipta og ber að virða eftirfarandi umfjöllun í heild sinni í samhengi við þessi samskipti milli stjórnenda og starfsmanna fyrirtækjanna.

14.17.2. Atvik í september 2009

6254. Samtímagögn sýna að í byrjun september 2009, um það leyti sem vinna hófst við áætlanagerð ársins 2010, fóru stjórnendur Samskipa að velta fyrir sér verðhækkun á árinu 2010. Í tölvupósti sem (S)forstö-innfl1 sendi (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-útfl þann 2. september 2009 sagði þannig: „Við þurfum að stilla okkur saman varðandi hækkunir á næsta ári. Hafðu þið eitthvað þælt í þeim?”²⁹⁴¹

6255. Á sama tíma byrjaði Eimskip einnig að huga að verðhækkunum en m.a. (E)frkvstj-innanl og (E)forstö-innfl sendu á milli sín tölvupósta vegna mögulegra verðhækkana 1., 2. og 18. september 2009.²⁹⁴²

6256. Þann 8. september 2009 lagði (S)forstö-innfl1 fyrir viðskiptastjóra að meta hversu mikið væri unnt að hækka verð gagnvart mikilvægum viðskiptavinum í innflutningi, sbr. kafla 14.9.2.

6257. Þann 13. september 2009 sendi (S)forstö-landfl glærुकynningu til (S)forstj (afrit til m.a. (S)frkvstj-innanl) þar sem fjallað var m.a. um fyrirhugaða verðhækkun landflutninga Samskipa á síðustu mánuðum ársins 2009 og á árinu 2010.²⁹⁴³ Vísað var til þessarar glærुकynningar í umfjöllun um útboð Norðlenska.

6258. Samkvæmt þessum glærum (S)forstö-landfl var lögð áhersla á verðhækkun hjá landflutningum Samskipa og eftir hækkunir haustið 2009 átti að hækka almennt verð um samtals 4% á árinu 2010. Landflutningar á ferskum fiski skyldu hækka um 7% í október 2009 og 4% í október 2010. Einnig var á glærunum fjallað um hækkun á olúgjaldi og rætt um sértækar hækkunir gagnvart nokkrum stórum viðskiptavinum.

6259. Í þessu samhengi vísast til þess að í tölvupósti (S)forstj til (S)forstö-innfl1 þann 17. september 2009 gaf hann fyrirmæli sem miðuðu að því að viðhalda eða hækka verð, sbr. kafla 14.10.2. Þar kemur m.a. fram að;

„allir greiða BAF og önnur þjónustugjöld“ og „sjófrakt er seld á bilinu 1400-1800 eur, til allra viðskiptavina, hversu stórir sem smáir“.

6260. Hér ber einnig að rifja upp verkefnalista (E)forstj frá m.a. janúar 2009 þar sem m.a. var fjallað um verkefni sem féllu undir „Nýtt upphaf“ verkefnið. Þar kemur fram sama áhersla og hjá (S)forstj, þ.e. að allir viðskiptavinir eigi að greiða BAF. Rétt er að rifja hér upp að í desember 2008 upplýsti Eimskip á fundi með Samskipum að allir viðskiptavinir fyrirtækisins greiddu BAF, sbr. nánar í kafla 14.55.

6261. Umræður áttu sér síðan stað 28. og 29. september 2009 milli stjórnenda Samskipa og af þeim er ljóst að uppi voru mismunandi sjónarmið innan annars vegar inn- og útflutningsdeildar og hins vegar landflutninga um fyrirkomulag verðhækkana á árinu 2010. Er ljóst að landflutningar Samskipa gerðu

²⁹⁴¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.767631.

²⁹⁴² Afritaðir tölvupóstar frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.422126.

²⁹⁴³ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „kynning 1409.pptx“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.641855.



ráð fyrir enn meiri hækkun á verði en fram kom í framangreindum glærum (S)forstö-landfl frá 13. september 2009. Skal þessu lýst nánar:

- Í tölvupósti sem (S)forstö-landfl sendi (S)forstö-innfl1 þann 28. september 2009 sagði: „Samkvæmt þeim upplýsingum sem [...] sendi á ykkur í síðustu viku gerum við ráð fyrir að FCL verð hækki um 8% um áramótin og um önnur 2% að auki í október á næsta ári. FCL verð hafa ekki hækkað frá 1. janúar 2009. Gert er ráð fyrir að LCL verð hækki að jafnaði um 2% núna í byrjun október og síðan er gert ráð fyrir tveimur 2% hækkunum á næsta ári, í apríl og október.“²⁹⁴⁴
- (S)forstö-innfl1 svaraði (S)forstö-landfl daginn eftir og sagði: „Ég er ekki alveg að kaupa rökin fyrir flatrí hækkun á þennan pakka um 8% um áramót. Við í inn og útflutningsdeild erum að meta markaðinn þannig að það sé ekki rúm fyrir hækkunar. Legg til að við stillum saman strengi varðandi hækkunar út á markaðinn á fundinum sem [(S)forstj] boðaði kl 15:30 í dag.“²⁹⁴⁵
- Skömmu seinna sama morgun sendi (S)forstö-innfl1 annan tölvupóst. Var hann til m.a. (S)forstj, (S)frkvstj-millilandasv, (S)frkvstj-innanl, (S)frkvstj-Jóna, (S)forstö-útfli og (S)forstö-landfl og í honum sagði: „Ég vildi endilega nýta hluta af þessum fundi í það að stilla saman strengi varðandi verðhækkunar út á markaðinn. Inn og útflutningur eru að gera ráð fyrir 5% hækkun 1. júlí, en landflutningar eru að gera ráð fyrir 8% hækkun 1. jan og 2% hækkun í okt. Tel mikilvægt að við séum öll á sömu línu varðandi þetta og metum það í sameiningu hvað markaðurinn þolir.“²⁹⁴⁶
- (S)frkvstj-Jóna svaraði tölvupósti (S)forstö-innfl1 kl. 9:29 sama dag: „for the record ... það er ekkert viðbótarmagn til skiptana í innflutningi í dag. Í þessu árferði að þá þolir okkar markaður engar hækkunar, verðin eru að lækka á fullu. Ictransport eru að berjast fyrir lífi sínu og, Thorship eru alltaf töluvert lægri en við í öllum tilboðum. TVG lækka sig verulega niður þegar um okkar viðskiptavinir er að ræða.

Okkar viðskiptavinir hringja til a.mk 2-3 miðlara í dag og við erum að tapa tilboðum í dag með því að taka lágmarksverð niður í Eur 1400 sem og sleppa collection fee alfarið. Á stórum sendingum yfir 5m3 dugir ekki að taka forflutning niður um 20% og bjóða Eur 55 pr. m3.

Eimskip eru ekki að lækka verðin þessa stundina enda lágir fyrir en Ictransport, Thorship og TVG eru allir mjög aggressívir. Þessir aðilar eru með sömu kaupverð og við í forflutningum og kaupverðin þeirra í sjóflutningum er ca 40-50% lægra en JT eða Eur 1200-1400 pr. 40 Feta consol box."

- (S)forstö-innfl1 svaraði sama dag kl. 9:35: „Sammala Thad er ekki rúm fyrir neinar hækkunar fyrir en a midju naesta ari. Thurfu[m] ad raeda thetta a fundinum a eftir. I minum huga gengur ekki heldur ad haekka aksturinn um 8 prosent um aramot.“
- (S)frkvstj-Jóna svaraði þessum tölvupósti (S)forstö-innfl1 þann 29. september 2009 kl. 10:22: „sammala við erum nú þegar 10% hærrí en Eimskip í akstri og THC sem að þeir eru m.a að rukka TVG og Ictransport um... eru með annað forskot þar en eigendurnir vilja kannski vera með þá stefnu að þessi samstæða sé sú dýrasta á íslenska flutningsmarkaðnum.“²⁹⁴⁷

6262. Af framangreindu má ráða að (S)forstö-innfl1 hafði, í lok september 2009, áhyggjur af fyrirhuguðum hækkunum á innanlandsþjónustu Samskipa. Ljóst er að hann taldi að aðstæður á markaði gæfu ekki svigrúm til frekari hækkana. Líkt og rakið verður hér á eftir tók (S)frkvstj-millilandasv hins vegar ákvörðun um að láta þessar áhyggjur undirmanna sinna af mögulegum neikvæðum viðbrögðum „markaðarins“, ekki breyta áformum um verðhækkun. Sú ákvörðun (S)frkvstj-millilandasv var tekin

²⁹⁴⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.907501.

²⁹⁴⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.772519.

²⁹⁴⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.907602.

²⁹⁴⁷ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.772561.



skömmu eftir eða á meðan fundi hans með (E)frkvstj-innanl stóð 22. október 2009, sbr. nánar hér á eftir.

6263. Í kafla 14.10 er gerð grein fyrir gögnum (E)frkvstj-innanl frá 28. september og 1. október 2009. Varða þau áætlun landflutninga Eimskipa fyrir árið 2010. Líkt og hjá Samskipum kemur þar fram að Eimskip muni hækka verð. Hið sama kemur fram í gögnum varðandi innflutningsdeild Eimskipa, sbr. gögn (E)forstö-innfl frá 30. september 2009 sem fjallað er um í sama kafla.

14.17.3. Atvik í október 2009

6264. Þann 6. október 2009 sendi (S)forstö-innfl1 þannig tölvupóst til yfirmanna Samskipa á Norðurlöndum og tilkynnti þeim að hafnargjöld (THC) í höfnunum í Árósum (AAR) og Varberg (Svíþjóð (VAG)) yrðu hækkuð 15. október 2009. Rökstuddi hann þetta svo: „*The THC in AAR and VAG have in the past been much lower than our tariff in RTM, CUX and IMM, and now we will try to bring them to the same level. Eimskip did raise their tariff last winter, and now we will follow. [...]. This is the tariff for Iceland cargo. (S)frkvstj-Færeyj pleases comment on FO cargo.*”²⁹⁴⁸

6265. Þessi hækkun á hafnargjöldum vakti undrun og var (S)forstö-innfl1 spurður í kjölfarið hvort hún ætti að taka til ýmissa íslenskra fyrirtækja sem voru með samning við Samskip þar sem var að finna umsamið verð á þessari hafnarþjónustu. (S)forstö-innfl1 svaraði þessu: „*We should increase the rate towards these customers also. We might have to do some temporary adjustments to some of these customers if they object this increase strongly, but that will only be a temporary adjustment.*”²⁹⁴⁹

6266. (S)forstö-innfl1 greindi viðskiptastjórum í innflutningsdeild frá þessari hækkun í tölvupósti sem hann sendi 8. október 2009 og benti m.a. á þetta: „*Þessi breyting verður ekki kynnt sérstaklega fyrir viðskiptavinum okkar. Við þurfum bara að taka slaginn við okkar kúnna one by one. Við munum standa fastir á þessari hækkun og rökin okkar eru einfaldlega sú að við séum að leiðrétta ranga verðlagningu í AAR og VAG. Ykkur til upplýsinga þá rukkar Eimskip aðeins hærra verð [...]. Þetta er hressileg hækkun 22% í AAR og 45% í VAG. Stöndum saman og náum þessu í gegn.*”²⁹⁵⁰

6267. Í tölvupósti (S)forstö-innfl1 frá 19. nóvember 2009 staðfesti hann að engin tilkynning hefði verið send til viðskiptavina vegna þessarar „hressilegu“ hækkunar á verði.²⁹⁵¹ Í kafla 14.34 hér á eftir er lýst hvernig Samskip aðspurð útskýrðu með rangfærslum þessa hækkun fyrir mikilvægum viðskiptavinum sínum, þ.e. Húsasmiðjunni.

6268. Í upplýsingabeiðni Samkeppniseftirlitsins, dags. 29. janúar 2015, var óskað eftir yfirliti um allar gjaldskrárbreytingar Samskipa m.a. vegna reglubundinna áætlunarsiglinga til og frá Íslandi.²⁹⁵² Samskip hafa afhent yfirlit yfir gjaldskrárbreytingar en þar á meðal eru ekki upplýsingar um framangreinda verðhækkun. Var þetta til þess fallið að tefja rannsókn málsins.²⁹⁵³

6269. Í skjali sem stafaði frá (S)forstö-innfl1, og sent var m.a. (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv þann 10. október 2009, kemur fram að innflutningsdeild Samskipa geri ráð fyrir að halda öllum viðskiptavinum sínum á árinu 2010, „ró“ verði yfir samkeppni við Eimskip og að „sjóflutnings- og þjónustugjöld bæði innanlands og erlendis hækki um 5%“ þann 1. júlí 2010, sbr. kafla 14.10.

6270. Þann 11. október 2009 sendi (S)forstö-landfl til m.a. (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv áætlun landflutninga Samskipa fyrir árið 2010. Þar kemur m.a. fram að landflutningar stefni að því að hækka

²⁹⁴⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.650533.

²⁹⁴⁹ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.775486.

²⁹⁵⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.775465.

²⁹⁵¹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.925520.

²⁹⁵² Bréf frá Samkeppniseftirlitinu til Samskipa, dags. 29.01.2015.

²⁹⁵³ Afhent skjal frá Samskipum. Afhent þann 10.04.2015. Fylgiskjal 4 "Breytingar á gjaldskrár Samskipa vegna reglubundinna áætlunarsiglinga til og frá Íslandi". Ekki heldur er að finna upplýsingar um þessa verðhækkun í afhentum verðskrár Samskipa fyrir árin 2009 og 2010, þ.e. afhent gögn Samskipa 10.04.2015, „Fskj. 4 (2009)“ og „Fskj. 4 (2010)“.



verð um 4% á árinu 2010. Verði það gert með tveimur 2% hækkunum. Stefnt sé að því að hækka verð á flutningi á ferskum fiski um 7% um áramótin og um 5% í október 2010.

6271. Í kafla 14.10 er gerð grein fyrir glærum sem ræddar voru á fundi a.m.k. (S)forstj og (S)forstö-innfl1 þann 12. október 2009. Heiti glærukynningarinnar var „*innflutningsdeild Rekstraráætlun 2010*“. Þar er m.a. lagt til grundvallar að „*sjóflutningur og þjónustugjöld innanlands og erlendis*“ myndu hækka um 5% þann 1. júlí 2010. Einnig kom fram að frekari hækkun á landflutningum væri fyrirhuguð. Þannig ætti gjald fyrir „*akstur innanlands*“ að hækka um 8% þann 1. janúar 2010.

6272. Í hádeginu þann 22. október 2009 áttu sér stað samskipti milli m.a. (S)forstö-innfl1, (S)forstö-landfl og (S)frkvstj-millilandasv. Í þeim samskiptum var áfram fjallað um framangreinda fyrirhugaða 8% verðhækkun á „*akstri innanlands*“ í janúar 2010 og (S)forstö-innfl1 áréttaði það mat sitt að „*markaðurinn myndi ekki þola*“ þessa hækkun. (S)frkvstj-millilandasv tók af skarið og mælti fyrir um að það ætti að halda „*obreyttu striki og hækkum um aramot*“. [...] ²⁹⁵⁴

6273. Hér skiptir máli að rétt áður, eða kl. 11:00 þennan sama dag, átti (S)frkvstj-millilandasv fund með (E)frkvstj-innanl á vettvangi flutninganefndar SVÞ. Ákvörðun (S)frkvstj-millilandasv, um að láta ekki áhyggjur undirmanna sinna af mögulegum neikvæðum viðbrögðum „*markaðarins*“, breyta áformum um verðhækkun, var því tekin skömmu eftir eða meðan á fundi hans með framkvæmdastjóra landflutninga hjá Eimskips stóð. ²⁹⁵⁵ Gögn málsins sýna að á fundum hjá hagsmunasamtökum hafði (S)frkvstj-millilandasv áður viðhaft samráð við Eimskip, sbr. m.a. kafla 8.6.

6274. Framangreind gögn sýna m.a. mikla áherslu Samskipa á Íslandi að hækka verð. Í kafla 20.4 er því nánar lýst að haustið 2009 hafi (S)forstj verið falið það viðbótarverkefni að bera ábyrgð á rekstri kæli- og frystigeymslna Samskipa í m.a. Hollandi gagnvart stjórn Samskipa Holding. Eitt af hans fyrstu verkum í því hlutverki var að stuðla að því að verð á þjónustu gagnvart íslenskum viðskiptavinum (t.d. fiskútflytjendum) yrði hækkað. Þetta má ráða af tölvupósti hans til undirmanns ([...] sem var framkvæmdastjóri frystigeymslna Samskipa) frá 30. október 2009. Í tölvupósti (S)forstj sagði þannig:

„I would like to assist increasing the rates on the icelandic clients, and suggest you send me a list of proposed rates increases (or unchanged where ever applicable) for next year for all clients.“

6275. Var þetta í samræmi við þá áherslu sem (S)forstj lagði á að verð á þjónustu Samskipa á Íslandi yrði hækkað. Þar að virða þetta í samhengi við m.a. hina leynilegu og „*hressilegu*“ verðhækkun gagnvart m.a. íslenskum innflytjendum á vörum frá Danmörku og Svíþjóð, sbr. framangreinda tölvupósta (S)forstö-innfl1 frá 6. og 8. október 2009. Að mati Samkeppniseftirlitsins er þetta hvort tveggja birtingarmynd á samráði Samskipa og Eimskips á þessum tíma.

6276. Olúgjald (BAF og FAF) var hluti af verði eða gjaldtöku Eimskips og Samskipa gagnvart viðskiptavinum. Í framangreindum glærum (S)forstö-landfl frá 13. september 2009 var lagt til grundvallar að olúgjald í landflutningum Samskipa hækkaði á árinu 2010. Þann 29. október 2009 sendi (E)forstö-útfl eftirfarandi tölvupóst til (E)frkvstj-sala/þj, (E)forstö-innfl, (E)frkvstj-innanl og (E)rekstj-aksturst:

„Smá hugleiðing um það hvernig olúálagið getur birst okkar viðskiptavinum. Kíkið á viðhengið. Í því tilfelli er það 50% af akstursverðinu. Þurfum ekki endilega velta okkur upp úr þessu dæmi heldur frekar að spyrja okkur hvort rétt sé að innheimta olúálag á gjaldskrá sem er ekki í takti við raunveruleikann?“ ²⁹⁵⁶

²⁹⁵⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.778763.

²⁹⁵⁵ Gögn málsins gefa til kynna að [...].

²⁹⁵⁶ Afritaðir tölvupóstar frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.67093. Í svari [...].



6277. Þetta sýnir að einn af yfirmönnum Eimskips hafi haft áhyggjur af því að olúgjald eins og það birtist í gjaldskrá væri „*ekki í takti við raunveruleikan*“. Verður þetta skilið með þeim hætti að (E)forstö-útfl hafi gert athugasemd við að annað hvort gjaldskrá Eimskips eða olúgjald til viðskiptavina hafi ekki verið í „*takti*“ við raunveruleikann. Er þetta í samræmi við önnur gögn í málinu sem varða hækkun verðs og há verð Samskipa og Eimskips. Um samráð fyrirtækjanna um olúgjald er nánar fjallað í kafla 14.55.
6278. Að morgni 29. október 2009 sendi (E)frkvstj-alþjsv tölvupóst, með heitinu „*Verðhækkun erlendis*“, til forstöðumanns alþjóðasviðs Eimskips, (E)forstö-viðskþróun, og (E)deildstj-útfl1 (afrit til (E)frkvstj-sala/þj og (E)frkvstj-fjárm). Í honum sagði: „*Vildi staðfesta við ykkur að við [(E)frkvstj-sala/þj] ákváðum að erlenda þjónustan myndi hækka um 2.6% á næsta ári, þ.e. öll local gjöld. For- og áframflutningsverðin tókum við sérstaklega svo þetta á ekki við þau. Meir byggt á þróun á hverjum stað. [(E)forstö-viðskþróun] vinsamlegast komdu þessu áleiðis til skrifstofanna.*“ (E)frkvstj-sala/þj áframsendi strax fyrirmælin til (E)forstö-útfl (forstöðumanns útflutningsdeildar) og (E)forstö-innfl (forstöðumanns innflutningsdeildar).²⁹⁵⁷
6279. Í samræmi við þessi fyrirmæli (E)frkvstj-sala/þj og (E)frkvstj-alþjsv sendi (E)forstö-viðskþróun samdægurs tölvupóst, með heitinu „*Rate- increase guidelines 2010*“, til framkvæmdastjóra og forstöðumanna sjóflutningsdeilda Eimskips erlendis og á Íslandi (afrit til inn- og útflutningsdeilda á Íslandi). Þar tilkynnti hann um 2,6% hækkun og sagði þetta um hafnargjöld (THC): „*Note! THC is not part of this and Eimskip IS –(E)frkvstj-sala/þj is in control of THC sale price and FS – [(E)frkvstj-Færeyj] is in control of that for FS shipments to & from AAR.*
- All new local service charges related to the liner business to/from IS & FO is to be coordinated and approved by corporate office (in cooperation to Eimskip IS and FS).*“²⁹⁵⁸
6280. Í gögnum Eimskips frá þessum degi kemur fram að (E)frkvstj-sala/þj útskýrði fyrir (E)forstö-útfl fyrirhugaða hækkun Eimskips á þjónustugjöldunum: „*Þetta eru í raun lágmarkshækkanir sem endurspeglar almennar kostnaðarhækkanir á sl. 12 mánuðum (samt líklega aðeins umfram verðbólgu í flestum löndum sem um ræðir).*
- Þessar hækkanir eiga ekki við um akstur, for og áframflutning hann verður áfram verðlagður í takt við markaðinn og háður innkaupsverðum.*“
6281. (E)forstö-útfl svaraði þessu strax: „*En THC? Var einmitt að ræða við (E)frkvstj-alþjsv og hann sagði að þessi 2,6% næðu ekki yfir THC, enda eru það okkar tekjur. Spurning hvort (E)frkvstj-skiparekst/(E)forstö-flutnstý taki stúdíu-hring á því fyrir okkur?*“²⁹⁵⁹ Þrátt fyrir þessa ábendingu (E)forstö-útfl var THC hækkað í öllum erlendum höfnum Eimskips um 2,6% í byrjun janúar 2010, sbr. nánar hér á eftir.

14.17.4. Atvik í nóvember 2009

6282. Í kafla 14.10.2 er gerð grein fyrir fundi (S)forstj með (S)stjform-S þann 4. nóvember 2009. Þar hafði (S)forstj efnislega verið spurður um hvort áætlanir Samskipa um að hækka verð á árinu 2010 væru raunhæfar í ljósi mögulegrar verðsamkeppni frá Eimskip. Ber að hafa í huga að í fundargerðum Samskipa Holding á árinu 2009 var því lýst að efnahagsörðugleikar og samdráttur í eftirspurn hefði leitt til mikillar verðsamkeppni á öðrum flutningamörkuðum í Evrópu, sbr. kafla 14.11. Þessi fyrirspurn frá (S)stjform-S breytti hins vegar engu um áform Samskipa á Íslandi og gefur til kynna að fyrirtækið hafi ekki haft áhyggjur af slíkri samkeppni. Að mati Samkeppniseftirlitsins var hið samfellda samráð við Eimskip skýringin á því.

²⁹⁵⁷ Afritaðir tölvupóstar frá Eimskips. [...] Doc. ID. 0.7.33.191719.

²⁹⁵⁸ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.169902.

²⁹⁵⁹ Afritaðir tölvupóstar frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.161618.



6283. Þann 8. nóvember 2009 var greint frá því að (E)frkvstj-sala/þj hefði á fundi hjá innflutningsdeild Eimskips „lagt línuna“. Í fundargerð sagði:

„[(E)frkvstj-sala/þj] kom á fundinn fór yfir nýgerðan samning við Ölgerðina og lofaði tertu í tilefni þess. [...] Lagði línuna varðandi að við ættum ekki að lækka verðin. Þarf frekar að hífa upp verð þar sem samningaverð eru of lág. Magn í skipum mætti vera meira þessa dagana. Áhersla á að innheimta akstur. Ekki semja um meira en 50% afslátt af uppskipun á FCL, ekki semja um fasta uppskipun sem er lægri en 50% afsláttur. Fór yfir markaðshlutdeild sem er viðunandi.“²⁹⁶⁰

6284. Í þessum fyrirætlum (E)frkvstj-sala/þj fólst þannig að innflutningsdeild Eimskips skyldi hækka verð. Einnig átti, í samræmi við samráðið við Samskip um 50% hámark á afslætti, að takmarka afslætti. Þrátt fyrir að laust rými væri í skipum Eimskips í innflutningi („magn í skipum mætti vera meira“) átti ekki lækka verð í því skyni að örva markaðinn og stuðla að betri nýtingu á skipum fyrirtækisins. Slík samkeppni hefði enda verið í ósamræmi við það ólögmæta samráð við Samskip sem Eimskip hefur viðurkennt að var fyrir hendi á þessum tíma.

6285. Í kafla 14.20.4 er gerð grein fyrir „kreppuhópi“ Samskipa en í honum sátu m.a. (S)forstö-innfl1 , (S)forstö-landfl og (S)frkvstj-millilandasv. Hafði þessi hópur m.a. áhyggjur af því að hvort Samskip hefðu mögulega með verðsamkeppni unnið gegn „frið“ á markaðnum. Hópurinn fundaði þann 12. nóvember 2009. Til undirbúnings fundinum hafði verið sent út skjal innan hópsins með hugmyndum um ýmis konar verðhækkunar og gjaldtöku af viðskiptavinum.²⁹⁶¹ Vinnuhópurinn fundaði aftur 26. nóvember 2009.²⁹⁶²

6286. (S)frkvstj-Jóna hafði áhyggjur af fyrirhugaðri 8% verðhækkun Samskipa, sbr. framangreindan tölvupóst hans til (S)forstö-innfl1 frá 29. september 2009. Gögn málsins sýna að sama dag og „kreppuhópur“ Samskipa hittist áttu sér stað samskipti (í síma eða á fundi) milli (E)frkvstj-sala/þj og (S)frkvstj-Jóna, sbr. kafli 13.

6287. Frekari samskipti voru einnig milli (E)frkvstj-sala/þj og (S)frkvstj-Jóna á tímabilinu 12. – 16. nóvember 2009.²⁹⁶³ (E)frkvstj-sala/þj vísaði m.a. til samskipta við Jóna/(S)frkvstj-Jóna þann 12. nóvember 2009. Sýna gögnin að (E)frkvstj-sala/þj og (S)frkvstj-Jóna hafi ákveðið að hittast þann 16. nóvember 2009. Voru (E)frkvstj-sala/þj og (S)frkvstj-Jóna á þessum tíma a.m.k. að undirbúa og semja um verulega aukið samstarf Eimskips og Samskipa (Jóna) í sjóflutningum, sbr. kafla 16.

6288. Daginn áður en (E)frkvstj-sala/þj vísaði til samskipta við (S)frkvstj-Jóna (12. nóvember 2009) var (E)frkvstj-sala/þj einnig að undirbúa verðhækkunar á sjóflutningum Eimskips á árinu 2010.²⁹⁶⁴ Hann hélt þeirri vinnu áfram daginn sem hann hitti (S)frkvstj-Jóna. Sést þetta af tölvupóstum sem (E)starfsm-innfl sendi honum umræddan dag og daginn eftir.²⁹⁶⁵

6289. Þann 16. nóvember 2009 áttu (S)forstö-innfl1 og (E)forstö-innfl í tölvupóstsamskiptum sem fólu í sér verðsamráð á milli Eimskips og Samskipa. Var m.a. rætt um að það yrði að vera „*einhver lína milli fyrirtækjanna*“ varðandi verð fyrir leigu á gámum, sbr. kafla 16 og 18. Sem fyrr segir höfðu (E)frkvstj-sala/þj og (S)frkvstj-Jóna ákveðið að hittast þennan sama dag.

6290. Að kvöldi 16. nóvember 2009 sendi (E)frkvstj-sala/þj tölvupóst til m.a. (E)forstö-vörubrún og (E)frkvstj-innanl vegna undirbúnings verðhækkunar á árinu 2010:

²⁹⁶⁰ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Fundargerð Innflutningsdeildar vika 45 2009“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.315416.

²⁹⁶¹ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID 0.7.33.781474.

²⁹⁶² Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID 0.7.33.668239.

²⁹⁶³ Sbr. einnig afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.318865. Þar segir [...].

²⁹⁶⁴ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.318261.

²⁹⁶⁵ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.226308. Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.226507.



„Takk fyrir þetta [(E)forstö-vörubróun], mjög gagnlegt – tíminn til ákvörðunar stýttist en ég vil miða fyrirhugaða hækkun við 1. jan.

(E)frkvstj-innanl þurfum að hittast til að ræða frekar vegna Flytjanda þar sem ég sé að lagt hefur verið upp með að samræma tímasetningar gjaldskrárbreytinga.”²⁹⁶⁶

6291. Daginn eftir, 17. nóvember 2009, snæddu (S)frkvstj-Jóna og (E)frkvstj-flutnkerf saman hádegismat á veitingastað. Gefa gögnin til kynna að þeir hafi verið samferða á veitingastaðinn.²⁹⁶⁷
6292. Í kafla 14.9.4 er gerð grein fyrir tölvupóstum (S)forstö-innfl1 frá 17. og 20. nóvember 2009. Þar gerði hann grein fyrir því að stefnan hjá Samskipum væri að láta mikilvæga viðskiptavinum Eimskips í friði og hækka verð gagnvart mikilvægum viðskiptavinum Samskipa.
6293. Þann 17. nóvember 2009 hélt einnig undirbúningur verðhækkunar innan Eimskips áfram. Þann dag sendi (E)frkvstj-innanl tölvupóst til m.a. (E)frkvstj-sala/þj vegna verðhækkana á landflutningum hjá Eimskip.²⁹⁶⁸ Sendi hann eftirfarandi Excel skjal og skýrði það svo: „Flytjandi gjaldskrárhækkanir 2006-2009.xlsx“:

| A | B | E | F |
|--|-------|-------------------------|-------------------------|
| Gjaldskrárhækkanir Flytjanda 2006-2009 | | | |
| | | Uppsöfnuð hækkun | |
| | | innan árs | frá febrúar 2006 |
| feb.06 | 4,00% | | 4,00% |
| sep.06 | 5,00% | 9,20% | 9,20% |
| feb.07 | 4,50% | | 14,11% |
| ág.07 | 3,00% | 7,63% | 17,54% |
| feb.08 | 5,00% | | 23,41% |
| 9.4.2008 | 5,60% | | 30,33% |
| 11.8.2008 | 9,80% | | 43,10% |
| 15.5.2009 | 7,96% | 31,44% | 54,49% |
| Áætlaðar gjaldskrárhækkanir 2010 | | | |
| jan.10 | 4,00% | | |
| maí.10 | 2,00% | | |
| sep.10 | 2,00% | 8,20% | 67,16% |
| Staða á flutningavísitölu frá 15/5 2009 - okt 2009 | | | |
| | 2,35% | | |

6294. Þann 19. nóvember 2009 var haldinn forstöðumannafundur hjá Eimskip (sölu- og þjónustudeildar). Mættir skv. fundargerð voru m.a. (E)forstö-útfl, (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-sala/þj. Fram kemur í fundargerð að gjaldskrárhækkanir hafi verið ræddar og verið væri að vinna í hækkunum á sjófrakt og gjöldum á Íslandi.²⁹⁶⁹
6295. Ljóst er samkvæmt framangreindum gögnum að í október og nóvember 2009 áformuðu bæði Samskip og Eimskip að hækka verð á flutningum m.a. í janúar 2010. Hér ber að líta til þess að á

²⁹⁶⁶ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.206945.

²⁹⁶⁷ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.34.430297.

²⁹⁶⁸ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Flytjandi gjaldskrárhækkanir 2006-2009.xlsx“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip[...] Doc. ID. 0.7.33.74762.

²⁹⁶⁹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.185823.



Íslandi á þessum tíma var efnahagskreppa. Erlendis hafði samdráttur í eftirspurn vegna efnahagsörðugleika þau áhrif að samkeppni á flutningamörkuðum jókst og verð lækkaði, sbr. kafla 14.11. Engar opinberar upplýsingar lágu fyrir um verðhækkunaráform Samskipa og Eimskips á þessum tíma. Undir eðlilegum kringumstæðum á markaði gátu hvorki Samskip né Eimskip gengið að því gefnu að helsti keppinauturinn myndi einnig hækka verð ef hinn fyrri hækkaði verðið heldur væri allt eins líklegt að hann myndi bregðast við áskorunum á markaði með óbreytt verð eða verðlækkun og markaðssókn. Gögnin sýna hins vegar ekki slíkar áhyggjur Samskipa og Eimskips eða óvissu fyrirtækjanna heldur hélt undirbúningur verðhækkana áfram.

6296. Sem fyrr segir gerði (E)forstö-útfl þann 29. október 2009 athugasemd við fyrirhugaða 2,6% hækkun á hafnargjöldum (THC). Þrátt fyrir þessa ábendingu (E)forstö-útfl voru hafnargjöld hækkað í öllum erlendum höfnum Eimskips um 2,6% í byrjun janúar 2010. Sendi (E)frkvstj-sala/þj út fyrirmæli þar að lútandi þann 26. nóvember 2009: „To prevent any misunderstanding, below mentioned increase of 2,6% is valid for THC as well”.²⁹⁷⁰

6297. (E)frkvstj-Þýskal, yfirmaður Eimskips í Þýskalandi, sýndi strax viðbrögð við fyrirmælum (E)frkvstj-sala/þj um hækkun á hafnargjöldum. Sendi hann svarpóst til (E)frkvstj-sala/þj (afrit til (E)frkvstj-alþjsv) og sagði viðskiptavinum í Hamborg þættu hafnargjöld hjá Eimskip þegar vera há og vísaði hann til þess að nýlega hefði þar verið samið um 7% lækkun á hafnargjöldum:

„Við verðum vör við það hér í Hamborg að viðskiptavinum finnist THC hér hátt, t.d. samanborgið [svo] við RTM. Hér er THC EUR 320 vs EUR 275 í RTM ef ég man rétt. Nýverið var samið við Buss Hansa um 7% lækkun á hafnargjöldum. Þess ber einnig að geta að nettó afkoma af hafnartengdri starfsemi hér í Hamborg er um EUR 300.000 (með collection fee) á sl 12 mánuðum (sjá viðhengi). Vissulega mun 2,6% hækkun gefa okkur EUR 50.000 p.a. í auknar tekjur. [...]”.²⁹⁷¹

6298. Samkvæmt þessu benti (E)frkvstj-Þýskal á að fyrirmæli frá Íslandi um hækkun á hafnargjöldum í Hamborg væru ekki í samræmi við umtalsverða lækkun á mikilvægum kostnaðarliðum og verðskyn viðskiptavina. Ber hér að hafa í huga þær athugasemdir sem starfsmenn Samskipa erlendis sendu (S)forstö-innfl1 þegar hann tilkynnti um hækkun á m.a. hafnargjöldum í erlendum höfnum í byrjun október 2009 og í byrjun janúar 2010, sbr. m.a. kafla 14.17.3 og 14.17.6.

6299. Saman gefa þessi gögn frá Eimskip og Samskipum til kynna að það var ekki mat á samkeppnisaðstæðum í hinum erlendu höfnum sem réð þessari verðlagningu þeirra. Rétt er að áréttta að á þessum tíma var í aðalatriðum ekki öðrum fyrirtækjum til að dreifa fyrir sjóflutning á almennri vörur til og frá Íslandi en Eimskip og Samskipum. Að mati Samkeppniseftirlitsins er þessi háttsemi vísbending um samráð fyrirtækjanna sem stjórnað var frá höfuðstöðvunum á Íslandi.

6300. Þann 21. nóvember 2009 vistaði (E)rekstj-aksturst hjá sér verkefnalista fyrir innanlandsflutninga fyrir árið 2010 en á þeim tíma hafði hann nýverið tekið við sem forstöðumaður landflutninga Eimskips.²⁹⁷² Þar kom m.a. fram: „Hækkun á afgreiðslu-og tryggingargjaldi í janúar 2010 ásamt gjaldskrárhækkun. Einnig koma á skilagjaldi kara. Í takt við samkeppnina og aukin kostnað í kerfinu”.

6301. Þann 26. nóvember 2009 sendi (S)forstj tölvupóst til yfirstjórnar Samskipa. Í honum sagði: „Helstu atriði frá mér vegna uppgjörsfundar:

Verðbreytingar

-sbr umræður á fundi og framkvæmdastjórafundi í gær, (S)frkvstj-millilandasv og (S)frkvstj-innanl kynni tillögur að hækkunum á næsta framkvæmdastjórafundi. [...]”.²⁹⁷³

²⁹⁷⁰ Afritaður tölvupóstur frá [...] Doc. ID. 0.7.33.411746. Afritaður tölvupóstur frá [...] Doc. ID. 0.7.33.169902.

²⁹⁷¹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.171239.

²⁹⁷² Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.145979.

²⁹⁷³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.675243.



6302. Í gögnum (E)frkvstj-innanl frá 26. nóvember 2009 kom fram að Eimskip myndi halda sömu markaðshlutdeild í landflutningum á árinu 2010 og verð yrði hækkað í janúar 2010, sbr. kafla 14.10.
6303. Í sama kafla er fjallað um glærुकynningar (S)forstj frá lokum nóvember 2009 sem kynntar voru fyrir stjórn Samskipa Holding. Hér er rétt að nefna tiltekin atriði sem þar koma fram:
- Röð af verðhækkunum á árunum 2008 – 2009.
 - Lagt var til grundvallar að markaðshlutdeild Samskipa í innflutningi, útflutningi og landflutningum tengt Íslandi yrði óbreytt á árinu 2010. Í Færeyjum var hins vegar lagt til grundvallar að markaðshlutdeild Samskipa í innflutningi myndi minnka vegna mikillar samkeppni.
 - Almenn verðhækkun var fyrirhuguð snemma á árinu 2010 og í júní/júlí sama ár.
 - o Í „shipping“ glærunum er þessu lýst svo: „A rate increase of 7% is budgeted on local trucking as of Jan 2010 and a 5% increase on OF, THC and local charges (other than trucking) in Jun 2010. Contract rates are budgeted to be on level with present rates – There will be a strong focus on rate increases.“
 - o Í glærunum sem fjalla um landflutninga er þessu lýst svo: „Prices expected to increase by 4% during 2010 excluding FAF“ og „Rates increased by 2% in beginning of year another 2% mid year 2010.“
 - Almenn var lagt til grundvallar að verð (á flutningum til og frá Íslandi og á landflutningum hér á landi) myndi hækka á árinu 2010 og draga myndi úr samkeppni.
6304. Þann 29. nóvember 2009 hittust (E)forstj og (S)forstö-útlfl heima hjá (E)forstj þegar (S)forstö-útlfl kom til að sækja mun sem (E)forstj flutti fyrir hann frá Bandaríkjunum.²⁹⁷⁴ Í sömu Bandaríkjaferð hafði (E)forstj átt samskipti við (S)frkvstj-N-Am.²⁹⁷⁵

14.17.5. Atvik í desember 2009

6305. Þann 1. desember 2009 kl. 13:35 sendi (E)frkvstj-sala/þj eftirfarandi tölvupóst til (E)forstj og (E)frkvstj-fjárm vegna hækkunar á sjóflutningsþjónustu Eimskips; „þurfum að ræða aðeins gjaldskrárhækkun 1. jan 2010 fyrir IMP, EXP og gjöld á Íslandi.“
- * Umhverfið er ekki mjög móttækilegt fyrir hækkunum þessa stundina (skilar sér út í vísitölu)
 - * Við eigum ekki mikið goodwill inni fyrir hækkunum, nýkomnir í gegn um nauðasamninga eftir misheppnuð útrásarverkefni etc...
 - * Erum þó með nokkur rök fyrir því að hækka og ekki veitir af skilaboðunum út á markaðinn
 - * Höfum ekki gert ráð fyrir hækkunum inni í budget 2010
- Stóru spurningarnar eru því eigum við að hækka og ef svo hvað mikið?²⁹⁷⁶
6306. Ákvað (E)forstj að framangreint skyldi rætt á fundi sem átti að vera síðar sama dag en seint þennan dag var bókaður fundur varðandi „upptate á viðskiptaáætlun“. Fundinn sátu m.a. (E)forstj, (E)frkvstj-sala/þj og (E)frkvstj-innanl.²⁹⁷⁷

²⁹⁷⁴ Afritaðir tölvupóstar frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.549728.

²⁹⁷⁵ Afritaðir tölvupóstar frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.552676.

²⁹⁷⁶ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.335488.

²⁹⁷⁷ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.335532. Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. Dagbók [...]. „Update á viðskiptaáætlun“. [...] Doc. ID. 0.7.33.82942.



6307. Tölvupóstur (E)frkvstj-sala/þj daginn eftir fundinn gefa til kynna hver niðurstaðan varð:
- Kl. 09:25 sendi (E)frkvstj-sala/þj tölvupóst til m.a. (E)forstj: „Bara aðeins þessu til viðbótar, þá reikna ég með að hækka aðra þjónustuliði hér en flutningsgjöldin, s.s. upp- útskipun og aðra þjónustuliði hér á landi í takt við hækkun Flytjanda 4,0%“. ²⁹⁷⁸
 - Kl. 11:40 sendi (E)frkvstj-sala/þj tölvupóst til (E)forstö-innfl og (E)forstö-útfl (áframsent til (E)forstj) og kvaðst ekki ætla að hækka strax sjófrakt (FLU) í inn- og útflutningi en það eigi að keyra í gegn 4% hækkun annarra gjalda á Íslandi og það eigi þegar í stað að hefja undirbúning á því: „Hef ákveðið að við bíðum með gjaldskrárhækkun á FLU í IMP og EXP um sinn (nema stjórnin ákveði annað í dag eftir yfirferð á áætlun), en önnur gjöld á Íslandi s.s. upp- útskipun, farmbréfa og afgreiðslugjöld taka sömu hækkun og Eimskip Innanlands 1.01.2010 eða 4% vinsamlega hefja undirbúning á hækkun þessara liða og kynna fyrir ykkar fólki.“ ²⁹⁷⁹
6308. (E)forstö-útfl svaraði framangreindum tölvupósti (E)frkvstj-sala/þj seint um kvöldið 2. desember 2009:
- „Rétt að fara aðeins yfir þetta á fundinum en þetta er þá svona;
- **** Þjónusta á Íslandi: Allt um 4%
- **** Sjóflutningur: Ekkert um sinn
- **** Gjöld í höfnum erlendis: 2,6%
- **** For- og áframflutningur erlendis: Ekki ljóst enn en hér þarf að taka snúning“. ²⁹⁸⁰
6309. Þannig ákvað Eimskip að til viðbótar við hækkun þjónustugjalda erlendis skyldi í janúar 2010 hækka þjónustugjöld á Íslandi og þá um 4% (sem fyrirtækið síðan gerði og Samskip líka í janúar 2010). Rifjað skal upp að Samskip höfðu í áætlunum sínum frá í október 2009 gert ráð fyrir því að hækka þjónustugjöld erlendis og á Íslandi um 5% í júlí 2010. Gjaldskrá sjóflutninga skyldu hækkuð þá að sama skapi. Fór svo að Samskip og Eimskip hækkuðu bæði þjónustugjöld erlendis og á Íslandi í janúar 2010 og um sumarið 2010 hækkuðu bæði fyrirtæki gjaldskrá sjóflutninga.
6310. Niðurstaðan varð því sú að í upphafi árs 2010 hækkuðu Eimskip og Samskip landflutninga og þjónustugjöld um 4% og flutninga á ferskum fiski um 10% (Samskip) og 11% (Eimskip). Um sumarið 2010 hækkuðu bæði fyrirtækin sjófrakt, Samskip um 4% og Eimskip um 4,6%.
6311. Af áframhaldandi samskiptum (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstj má sjá að umrædd hækkun á þjónustugjöldum á Íslandi í janúar 2010 var ekki inni í áætlun sem kynnt var stjórn Eimskips. Aðspurður af (E)forstj sagði (E)frkvstj-sala/þj að hann og (E)frkvstj-fjárn hefðu tekið þá ákvörðun að vilja eiga þá „hækkun inni“. Í kjölfarið ákváðu (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstj að hittast á fundi, eða kl. 11:45 daginn eftir, 4. desember 2009. ²⁹⁸¹
6312. Þann 7. desember 2009 var áfram fjallað um verðhækkun hjá Eimskip:
- Kl. 12:48 sendi (E)rekstj-aksturst tölvupóst til (E)frkvstj-innanl. Með honum fylgdi skjal þar sem fjallað var um fyrirhugaða 4% hækkun á gjaldskrá Flytjanda þann 1. janúar 2010. Kemur fram að þessi hækkun nái til „flutningsgjalds, stykkjavörugjalds, geymslugjalda og farmtrygginga. Afgreiðslugjaldið hækkar í 287 kr.með vsk eða um 9%“. Þá kemur fram að á sama tíma muni fiskflutningar hækka um 13% og að farið verði „í viðræður við hagsmunaaðila varðandi upptöku

²⁹⁷⁸ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.336657.

²⁹⁷⁹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.337330.

²⁹⁸⁰ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.337818.

²⁹⁸¹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip [...] Doc. ID. 0.7.33.338707.



skilagjalds á körum á tímabilinu janúar til apríl 2010 og stefnt er að því að gjaldtaka hefjist í apríl/maí 2010."²⁹⁸²

- Kl. 15 – 16:00 var á ný haldinn fundur um verðhækkun. Fundinn sátu (E)frkvstj-sala/bj, (E)forstö-innfl, (E)rekestj-aksturst, (E)forstö-útfll og (E)forstö-vöruþróun.²⁹⁸³
- Kl. 17:11 sendi (E)forstö-vöruþróun tölvupóst til (E)frkvstj-sala/bj og (E)forstö-innfl. Í honum óskaði hún eftir ákvörðun þeirra um hækkun á tilteknum gjöldum, m.a. með hliðsjón af því ef Samskip hækkuðu um 4%:

„v. gjaldskrábreytinga 1.1.2010 / tveir hlutir

1) Skiptingargjald

Gjaldskrá samkeppninnar [Samskip] er nú ISK 6.054, ef hækkun þar yrði 4% þá verður gjald um áramót ISK 6.296.

Tillaga/Gjaldskrá Eimskips fyrir skiptingargjald frá og með 1.1.2010 ISK 6.270

Ákvörðun – Vinsamlega komið til baka með ákvörðun

2) Afgreiðslugjald

LCL er í dag ISK 977 (samkeppni nú ISK 1.165, ef hækkun um 4% þá ISK 1.212)

FCL er í dag ISK 2.106 (samkeppni nú ISK 2.439, ef hækkun um 4% þá ISK 2.537)

* Er rétt að hækka afgreiðslugjald umfram 4% breytingu 1. jan og vera með inni í gjaldinu kostnað okkar vegna gámaskönnunnar tollstjóra þ.e. hlutfalla kostnað per sendingu og ná þannig inn tekjum á móti þeim viðbótarkostnaði er verður við gámaskönnun.

* Er rétt að hafa einungis eitt gjald, þ.e. afgreiðslugjald hvort sem um er að ræða LCL eða FCL, þar sem sama vinna fer í raun fram við afgreiðslu sendingar hvort sem hún er LCL eða FCL sending

Ákvörðun – Vinsamlega komið til baka með ákvörðun".²⁹⁸⁴

- Kl. 18:32 sendi (E)forstö-vöruþróun tölvupóst til m.a. (E)frkvstj-sala/bj og (E)forstö-innfl. Í honum var að finna drög að tilkynningu sem senda átti viðskiptavinum 18. desember 2009:

„Reykjavík 18. desember 2009

Ágæti viðskiptavinar

1. janúar 2010 munu gjaldskrár Eimskips taka eftirfarandi breytingum. Breytingar eru lágmarkaðar sem mögulegt er, sjóflutningsgjöld, gámaleiga, svæðisgjald, öryggisgjald og staðsetningargjald taka ekki breytingum.

Almenn þjónustugjöld og akstursþjónusta á Íslandi hækka um 4%. Þjónustugjöld erlendis hækka minna eða um 2,6%.

Áhersla er lögð á að halda verðbreytingum í lágmarki skv. framangreindu."²⁹⁸⁵

²⁹⁸² Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Gjaldskráhækkun í janúar 2010.docx“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.10754.

²⁹⁸³ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.226860. Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.340683.

²⁹⁸⁴ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.340669.

²⁹⁸⁵ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.340710. [...]. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.213346.



- (E)frkvstj-sala/þj svaraði kl. 22:26 og velti upp hugsanlegum frekari rökstuðningi fyrir hækkun:

„[...] spurning um örstutt rök fyrir hækkun með til vísun í hvenær hækkaði síðast og í vísitölur (þ.e. ef það er okkur í hag).“²⁹⁸⁶

6313. Samkvæmt framansögðu fjallaði (E)forstö-vöruþróun um mögulega verðhækkun Samskipa. Engin athugasemd var gerð við það af hálfu yfirmanna hennar, (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-sala/þj. Ekki komu heldur fram neinar áhyggjur af því að Samskip myndu hugsanlega ekki hækka verð eða jafnvel lækka verð til að afla aukinna viðskipta þegar Eimskip myndi hækka verð. Er það í samræmi við það ólögmæta samráð við Samskip sem Eimskip hefur viðurkennt að hafi verið fyrir hendi á þessum tíma.
6314. Verð Samskipa var hækkað um 4% þann 11. janúar 2010 og tilkynnt var um þá hækkun 30. desember 2009. Þann 7. desember 2009 lágu því ekki fyrir neinar opinberar upplýsingar um fyrirhugaða verðhækkun Samskipa. Draga má þá ályktun að (E)forstö-vöruþróun hafi fengið upplýsingar um fyrirhugaða verðhækkun Samskipa á fundinum með (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-innfl fyrr um daginn. Í öllu falli er að mati Samkeppniseftirlitsins ljóst að tölvupóstur (E)forstö-vöruþróun hafi verið til marks um vissu Eimskips um þróun verðlagningar hjá keppinautum og að Samskip myndu einnig hækka verð. Er það í samræmi við ályktanir Samkeppniseftirlitsins í máli þessu um að Samskip og Eimskip höfðu með ólögmætu samráði eytt eða minnkað óvissu um þróun verðs á markaðnum.
6315. Framangreind athugasemd (E)frkvstj-sala/þj, þ.e. „spurning um örstutt rök fyrir hækkun með til vísun í hvenær hækkaði síðast og í vísitölur (þ.e. ef það er okkur í hag)“, gefur að mati Samkeppniseftirlitsins til kynna þann skort á samkeppnislegu aðhaldi sem leiddi af samráði Samskipa og Eimskips. Af framangreindu má ráða að fyrst hefði verið ákveðið að hækka verð og síðan átti að skoða það eftir á hvort breytingar á „vísitölum“ gætu falið í sér rök fyrir hækkuninni.
6316. Ekki verður séð af gögnum málsins, hvorki hjá Samskipum eða Eimskip, að leiddar hafi verið fram rekstrarleggar ástæður eða forsendur fyrir þessum ákvörðun beggja fyrirtækjanna, á sama tíma, að hækka verð og það með samræmdum hætti.
6317. Hækkunaráform (E)frkvstj-sala/þj tóku einnig til annarra þátta í gjaldskrá Eimskips. Þann 8. desember 2009 sendi (E)frkvstj-sala/þj tölvupóst til (E)forstj um breytt fyrirkomulag Eimskips á innheimtu afgreiðslugjalda. Í póstinum kvaðst (E)frkvstj-sala/þj ætla að samræma afgreiðslugjald fyrir heilgáma og safngáma hjá Eimskip og innheimta eina fjárhæð (voru sitt hvor fjárhæðin áður). Í því samhengi tók hann fram eftirfarandi:
- „Notum tækifærið og náum inn fyrir kostnaði við gámaskönnum tollstjóra á svæðinu (2,8m) og vel það eða 7,4 m að auki. [...] sláðu bara á mig hafir þú e-hv spurningar.“²⁹⁸⁷
6318. Er það mat Samkeppniseftirlitsins að þetta viðhorf (E)frkvstj-sala/þj feli í sér skýra birtingarmynd á því ástandi sem leiddi af samráði Samskipa og Eimskips á þessum tíma og þeirri verðhækkunarstefnu sem því fylgdi.
6319. Þann 10. desember 2009 sendu (E)rekstj-aksturst og (E)forstö-innfl „uppfærða“ viðskiptaáætlun til yfirmanna sinna:
- (E)rekstj-aksturst sendi uppfærða viðskiptaáætlun til (E)frkvstj-innanl. Þar kemur fram að landflutningar Eimskips stefni að því að auka EBITDA um 23% á árinu 2010. Jafnframt stefni landflutningar að því að hækka verð að jafnaði um 6% á árinu 2010.²⁹⁸⁸ Daginn eftir sendi (E)rekstj-aksturst (E)frkvstj-innanl fundargerð innlandssviðs Eimskips vegna fundar 10. desember 2009. Þar kemur fram að árið 2009 „var besta ár varðandi afkomu á innanlandssviði

²⁹⁸⁶ Afritaðir tölvupóstar frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.341254.

²⁹⁸⁷ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.342613.

²⁹⁸⁸ Afritað tölvuskjal frá Eimskip [...] Doc. ID. 0.7.33.10813.



frá upphafi." Þar segir einnig: *Gjaldskrárhækkunar í janúar 2010 – 4% hækkun í áætlanakerfinu og 13% hækkun á flutninga á ferskum fiski*²⁹⁸⁹

- (E)forstö-innfl sendi uppfærða viðskiptaáætlun til (E)frkvstj-sala/þj. Þar er lagt til grundvallar að markaðshlutdeild Eimskips í innflutningi á árinu 2010 verði sú sama og á árinu 2009 og að sjófrakt, þjónustugjöld og BAF verði hækkað á árinu 2010.²⁹⁹⁰

6320. Gerði Eimskip þannig ekki ráð fyrir því að samkeppni frá Samskipum myndi koma í veg fyrir að fyrirtækið gæti hækkað verð og haldið sömu markaðshlutdeild. Þá vekur eftirtekt að í efnahagsörðugleikunum á þessum tíma var met afkoma hjá innanlandssviði Eimskips.

6321. Hér er rétt að rifja upp að samráð Samskipa við Eimskip um 50% hámarks afslátt var einnig yfirstandandi á þessum tíma. Þannig áttu sér stað þann 14. desember 2009 tölvupóstsamskipti milli (S)forstö-innfl1 og (E)deildstj-TVG. Í tölvupósti (S)forstö-innfl1 var vísað til þess að það væri „samkomulag í gangi á milli Eimskips og Samskipa um standard 50% afslátt af uppskipuninni.“ Þessu var ekki mótmælt í svari (E)deildstj-TVG, sbr. kafla 14.56.

6322. Þennan sama dag, 14. desember 2009, ritaði (E)rekstj-aksturst minnisblað vegna útboðs Norðlenska. Lýsti hann ókostum þess ef Eimskip myndi bjóða betur en Samskip og ná Norðlenska í viðskipti til sín. Ókostirnir voru aðallega þeir að verðsamkeppni gæti „hafist á ný“ og t.d. stefnt fyrirhugaðri hækkun Eimskips og Samskipa á landflutningum á ferskum fiski í hættu, sbr. kafla 14.8. Atvik vegna útboðs Norðlenska leiddu ekki til að verðsamkeppni hæfist á ný.

6323. Þann 23. desember 2009 sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (S)starfsm (afrit til (S)forstö-útf). Í honum sagði: „Við þurfum að senda út tilkynningu til viðskiptavina okkar varðandi hækkun á þjónustugjöldum á Íslandi og erlendis. Þau verða hækkuð um 3%. Þessi hækkun á að taka gildi 11. janúar, en við viljum senda tilkynninguna út í lok dags 30. desember. Getur þú stillt upp tillögu að tilkynningu. Græjum þetta síðan á milli jóla og nýárs.“²⁹⁹¹

6324. Í samræmi við framangreint sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst þann 29. desember 2009 til (S)starfsm, (S)forstö-landfl og (S)forstö-útf. Efni hans var „Hækkun á þjónustugjaldskrá inn-, út-, og landflutnings“ og í honum sagði: „Hér meðfylgjandi er uppkast að bréfi sem senda þarf út á viðskiptavinum okkar. Þetta bréf er fyrir inn- og útflutning, en það þarf að aðlagja það að landflutninginum líka. Markmiðið er að senda bara út eitt bréf og það á að fara á alla A og B kúnna í inn-, út-, og landflutningum. Bréfið þarf að sendast út í lok dags á morgun.“ Í drögum að bréfinu sagði:

„Reykjavík, 30. desember 2009.

Ágæti viðskiptavinar

Frá og með mánudeginum 11. janúar nk. mun þjónustugjaldskrá Samskipa á Íslandi og erlendis hækka um 4%.

Ofangreindar hækkunar eru til þess að mæta auknum rekstrarkostnaði og kostnaðarhækkunum.²⁹⁹²

6325. Sem fyrr segir kom fram í tölvupósti (S)forstö-innfl1 frá 23. desember 2009 að hækka ætti þjónustugjaldskrá um 3% en tölvupóstur hans frá 29. desember 2009 sýnir að ákveðið hefði verið að hækka meira, þ.e. 4%, eftir að Eimskip tilkynnti um 4% hækkun.

²⁹⁸⁹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Fundargerð 10. desember 2009.docx“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.10832.

²⁹⁹⁰ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Import Business plan 2010 10. des 2009.docx“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.344420.

²⁹⁹¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.794079.

²⁹⁹² Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „ATTOLYMJ.doc“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.794215.



6326. (S)forstö-landfl svaraði (S)forstö-innfl1 og gerði tillögu að breyttu orðalagi: „Frá og með mánudeginum 11. janúar nk. mun gjaldskrár Samskipa á Íslandi og erlendis hækka um 4% Ofangreindar hækkanir eru til þess að mæta skatta- og kostnaðarhækkunum frá síðustu breytingu á verðskrá.“
6327. (S)forstö-innfl1 svaraði daginn eftir og lagðist gegn tilvísunum til skattahækkana: „Eg held ad vid aettum ekki ad tala um skattahækkannir I brefinu heldur adeins almennar kostnadarhækkannir. Raeddi thetta adeins vid [(S)frkvstj-millilandasv] og vid eru hraeddir ad fjolmidlar taki thetta upp. Skattahækkannir verda bara ad vera okkar rok I samraedum vid kunnana beint.“²⁹⁹³
6328. Sem fyrr sagði ákvað Eimskip fyrst að hækka og reyna síðan eftirá að finna rök sem gætu skýrt þá hækkun gagnvart viðskiptavinum. Ofangreindur tölvupóstur (S)forstö-innfl1 gefur til kynna sömu nálgun hjá Samskipum. Ekki var hins vegar talið óhætt að vísa til skattahækkana þar sem það gæti vakið athygli og væntanlega kallað á frekari rökstuðning Samskipa. Hér má heldur ekki gleyma því að þegar þessi ákvörðun um hækkun verðs var tekin lögðu Samskip til grundvallar að mikilvægir kostnaðarlíðir hjá fyrirtækinu færu lækkandi, sbr. framangreindar glærur (S)forstj frá 29. nóvember 2009.

14.17.6. Verðhækkun í janúar 2010

6329. Þann 4. janúar 2010 tóku verðhækkanir Eimskips gildi. Verð á landflutningum hækkaði um 4%. Almenn þjónustugjöld á Íslandi hækkuðu einnig um 4%. Öll þjónustugjöld erlendis voru hækkuð um 2,6%, með þeirri undantekningu að þjónustugjöld í Danmörku hækkuðu um 2,8%. Verð á sjófrakt hækkaði hins vegar ekki.²⁹⁹⁴
6330. Samskip tilkynntu viðskiptavinum um verðhækkun þann 30. desember 2009 og tók hún gildi 11. janúar 2010. Samskip hækkuðu þjónustugjöld á Íslandi og erlendis um 4%. Líkt og hjá Eimskip var ekki gerð breyting á verði á sjófrakt. Samskip hækkuðu einnig, eins og Eimskip, gjaldskrá landflutninga um 4%.²⁹⁹⁵
6331. Bæði Eimskip og Samskip hækkuðu einnig verð á landflutningi á ferskum fiski. Eimskip hækkaði um 11% þann 4. janúar 2010 og Samskip um 10% í febrúar 2010.
6332. Þann 6. janúar 2010 var framangreind hækkun þjónustugjalda Samskipa vegna sjóflutnings tilkynnt til yfirmanna á skrifstofum Samskipa erlendis. Hún kom þeim mjög á óvart og voru gerðar alvarlegar athugasemdir við hana. Jafnframt voru stjórnendur Samskipa á Íslandi beðnir um að endurskoða þessa hækkun. Skal þessu lýst nánar:
- Í tölvupósti (S)frkvstj-Skand, framkvæmdastjóra Samskipa á Norðurlöndunum, til m.a. (S)forstö-innfl1 sagði: „This comes as a surprise as we were told in connection with the budget preparations that increases would only take place middle of 2010. Therefore we have informed our customers in Denmark that they should not expect any increases before then!!! Further, it is not fair to any of our customers (at least not abroad from Iceland) to give increases with such a short notice)!! [...]

Please reconsider.“²⁹⁹⁶

²⁹⁹³ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.794284.

²⁹⁹⁴ Afhent gagn frá Eimskip. Afhent 13.10.2017. „Upplýsingar um gjaldskrárbreytingar Eimskip 2006 -2014“. Viss gjöld hækkuðu ekki, sbr. lýsing í þessu gagni.

²⁹⁹⁵ Svarbréf Samskipa vegna beiðni Samkeppniseftirlitsins um gögn og upplýsingar, dags. 10.04.2015. „Breytingar á gjaldskrá Landflutninga“, tafla nr. 1 bls. 7.

²⁹⁹⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.795278.



- (S)forstö-innfl1 svaraði (S)frkvstj-Skand sama dag: „As discussed earlier on the phone we will not reconsider this increase. If however you have customers that need certain notice before taking the increase then we need to deal with them on a case by case basis.

*If anyone has customers that do not take the increase on 11.01.2010 then please let me know who they are.*²⁹⁹⁷

- (S)frkvstj-Skand svaraði 8. janúar 2010 og taldi upp fjölmarga viðskiptavinum sem ekki mætti hækka verð hjá nánast fyrirvaralaust („here is a list of DK customers we think should have at least a 3 month notice in order not to run from our promises/offers.“).
- (S)forstö-innfl1 svaraði sama dag og benti m.a. á þetta: „Have you really given fixed THC and doc rates to all these customers. All customers in Iceland are taking this increase and I find it strange that so many customers in DK have a fixed offer for THC. We have for many years increased our tariff with very little notice, and everyone have taken the increase with little complaint.“
- (S)frkvstj-Skand svaraði samdægurs: „I am not again going to spend energy on writing back and forth because we do not agree on a subject. We obviously do not agree how to deal with issues like this. We only mention this list of customers because we know that we have promised otherwise. You just do as you feel is right.“²⁹⁹⁸
- (S)frkvstj-Imming2 , framkvæmdastjóri hjá Samskipum í Immingham í Bretlandi, sendi þann 12. janúar 2010 tölvupóst til (S)forstö-umb.erl (afrit til (S)frkvstj-Skand) og gerði einnig athugasemd við þessa hækkun: „Like [(S)frkvstj-Skand], I was under the impression that we all agreed, local charges would not increase from January 2010. Now we all have an email from Iceland and Doris has been updated with increased charges.

No customer has been advised of this and the customers that did inquire were told that we would not be increasing our charges. Can you please update me on what has changed since our agreement?“.

- (S)frkvstj-Skand framsendi sama dag þennan tölvupóst (S)frkvstj-Imming2 til (S)forstö-innfl1 og sagði þetta: „I can understand that it is not only in Denmark we need sufficient time to advise our customers! especially when something else was agreed. Please advise what you decided to do on Denmark?“.²⁹⁹⁹
- Í tölvupósti sem (S)frkvstj-Skand sendi (S)forstö-innfl1 skömmu síðar sama dag sagði: „[...] as I said, if you feel its no problem you will just go ahead and make the increases, we are just mentioning (like UK) that we have some customers that will react negatively on this and potentially harm the relationship- this is NOT done to harm you personally [(S)forstö-innfl1]- you decide whether you want to take this seriously or not.“.³⁰⁰⁰
- (S)frkvstj-Skand sendi (S)forstö-innfl1 enn annan tölvupóst 14. janúar 2010: „As said, it is your decision we have just given you a list of some customers we believe will either feel mistreated, mislead or will react negatively to this sudden increase which was not announced in due time (Danish standards) neither was it expected due to earlier statements from Samskip. You can use this info. for what its worth, we just want to make you aware of this fact (see below) and that we give you this info in the best interest of Samskip. It is as simple as that. At the end of the day you make the call.

²⁹⁹⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.938339.

²⁹⁹⁸ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.796004.

²⁹⁹⁹ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.796300.

³⁰⁰⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.796311.



verðhækkun í lok ágúst 2008, í október 2008 og þegar bæði fyrirtækin hækkðu verð í janúar 2009. Undrun, óánægja og viðvaranir höfðu ekki áhrif á ákvarðanir stjórnenda Samskipa og Eimskips á Íslandi um hækkun á verði, sbr. t.d. kafla 8.15, 10.4 og 10.6.

6336. Framangreindar verðhækkunir endurspeglar samráð Samskipa og Eimskips á þessum tíma.
6337. Eins og fyrr segir tók verðhækkun Samskipa gildi 11. janúar 2010. Daginn eftir sendi (S)frkvstj-millilandasv tölvupóst með heitinu „verðhækkunir“ til (S)forstö-útfli og (S)forstö-innfl1. Í honum sagði: „vinsamlegast leggið mat á hverju þið teljið að gjaldskrárhækkun nú í ársbyrjun muni skila umfram það sem við áætluðum. Hendið jafnframt á mig áætluðum hækkunum á árinu í % og tímasetningu.“³⁰⁰²
6338. Í svari (S)forstö-innfl1 sagði: „Hér koma áhrif hækkunarinnar. Ég tók þetta niður á lykla og setti inn skýringar á hvern lykil. Samtals er þetta að skila 276 þús EUR. Athugaðu að það eru neikvæð áhrif af aksturshækkuninni þar sem við áætluðum 8% hækkun 1.jan. Ég tók ekki sérstakt tillit til þess að við hækkuðum 11.jan en ekki 1.jan. Það hafði bara áhrif á eitt lítið skip. Næsta hækkun er áætluð 1.júlí, en þá er áætlað að hækka allt, þ.e. sjófl. og þjónustgjöld hér og erlendis, um 5%.“³⁰⁰³ (S)forstö-útfli svaraði einnig (S)frkvstj-millilandasv og sendi honum excelskjalið „Áhrif hækkunar í jan 2010“ þar sem kemur fram umtalsverður ábati útflutningsdeildar af þessari hækkun sem var „umfram áætlun“.³⁰⁰⁴
6339. Að mati Samkeppniseftirlitsins er það enn ein vísbending um hið óeðlilega ástand sem leiddi af samráði fyrirtækjanna að Samskip voru í stöðu á þessum tíma til að hækka verð umfram áætlun. Ber að hafa í huga efnahagsástandið á þessum tíma og þau gögn málsins sem sýna allt aðrar aðstæður á flutningamörkuðum í nágrennaríkjum.

14.17.7. Aukin gjaldtaka Eimskips

6340. Sama dag og hækkun Eimskips á þjónustugjöldum tók gildi, þ.e. 4. janúar 2010, vann fyrirtækið að aukinni gjaldtöku gagnvart viðskiptavinum. Gögn málsins sýna að Eimskip hafði lagt á svonefnt öryggisgjald (ISPS) frá nóvember 2003 á inn- og útflutning í gegnum Reykjavík. Eimskip lagði þetta gjald hins vegar ekki á í erlendum viðkomuhöfnum. Hér ber að rifja upp „hressilega“ verðhækkun Samskipa í höfnum í Danmörku og Svíþjóð í október 2009. Í tölvupósti (S)forstö-innfl1 til viðskiptastjóra frá 8. október 2009 kemur fram að Eimskip leggi ekki á ISPS í t.d. Árósum:³⁰⁰⁵

³⁰⁰² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.940182.

³⁰⁰³ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.694664.

³⁰⁰⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.695170.

³⁰⁰⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.775465.



| Samskip | Old tariff | New tariff | New tariff | | | | Old tariff | New tariff | New tariff |
|--------------------------------|---------------|---------------|---------------|----------------|------------|------------|---------------|---------------|---------------|
| PORT CURRENCY | AAR DKK | AAR DKK | AAR EUR | RTM/CUX EUR | IMM GBP | IMM EUR | VAG SEK | VAG SEK | VAG EUR |
| FCL/FCL pr.cont. 20' | 1.577 | 1.920 | 258 | 281 | 208 | 226 | 1.588 | 2.300 | 226 |
| FCL/FCL pr.cont. 40' | 1.577 | 1.920 | 258 | 281 | 208 | 226 | 1.588 | 2.300 | 226 |
| FCL/FCL pr.cont. 20/40' lmo | 2.366 | 2.400 | 322 | 422 | 312 | 339 | 2.382 | 2.850 | 280 |
| FCL/FCL pr.cont. 20/40' Reefer | 2.366 | 2.400 | 322 | 422 | 312 | 339 | 2.382 | 2.850 | 280 |
| LCL/LCL pr.ton exp. to IS | 291 | 291 | 39 | 48 | 42 | 45 | 323 | 323 | 32 |
| LCL/LCL pr.cbm | 97 | 97 | 13 | 16 | 14 | 15 | 113 | 113 | 11 |
| Bill of lading | 303 | 303 | 41 | 49 | 29 | 31 | 531 | 531 | 52 |
| Export doc | 310 | 310 | 42 | 58 | 36 | 39 | 416 | 416 | 41 |
| Administration fee | | | 0 | 29 | 17 | 18 | 173 | 173 | 17 |

Ykkur til upplýsinga þá rukkar Eimskip aðeins hærri verð:

| PORT CURRENCY | AAR DKK | HEL SEK |
|--------------------------------|------------|------------|
| FCL/FCL pr.cont. 20' | 1.935 | 2.355 |
| FCL/FCL pr.cont. 40' | 1.935 | 2.355 |
| FCL/FCL pr.cont. 20/40' lmo | | 3.533 |
| FCL/FCL pr.cont. 20/40' Reefer | 2.470 | 2.900 |
| LCL/LCL pr.ton exp. to IS | 283 | 354 |
| LCL/LCL pr.cbm | 94 | 118 |
| Bill of lading | 285 | 450 |
| Export doc | | 300 |
| Administration fee | 35 | 250 |

Þeir rukka hins vegar ekki ISPS á skandinavíu.

Þetta er hressilega hækkun 22% í AAR og 45% í VAG. Stöndum saman og náum þessu í gegn.

6341. Í upphafi árs 2010 var unnið að því innan Eimskips að fylgja fordæmi Samskipa og leggja ISPS gjald á fleiri viðkomuhafnir og hækka það. Þannig sendi (E)frkvstj-[alþjsv](#) þann 4. janúar 2010 tölvupóst til (E)forstö-[alþjsv](#) með heitinu „ISPS“ og spurði hver væri staðan á „þessu“ og hvernig ætti að taka þetta verkefni áfram í framkvæmd. (E)forstö-[alþjsv](#) svaraði samdægurs og kvaðst hafa aflað upplýsinga um fjárhæð öryggisgjalds Samskipa í höfnum í Hollandi, Þýskalandi, Danmörku og Svíþjóð. Birti hann fjárhæð þessara gjalda hjá Samskipum og lagði þetta til:

„Ég vil nú taka þessi verð og setja 5% on top og keyra á þetta frá 1. febrúar 2010.“

6342. Vildi (E)forstö-[alþjsv](#) þannig að Eimskip myndi leggja á 5% hærri gjöld en Samskip í viðkomandi höfnum.

6343. Í tölvupósti (E)forstö-[alþjsv](#) var ekki að finna upplýsingar um öryggisgjald Samskipa í Bretlandi. (E)forstö-[alþjsv](#) sendi því tölvupóst til starfsmanns Eimskips í Immingham, (E)starfsm, og greindi honum m.a. frá verðlagningu Samskipa í öðrum höfnum og vildi fá sjónarmið hans um fjárhæð öryggisgjaldsins í Bretlandi. (E)starfsm svaraði með tölvupósti til (E)forstö-vörubróun og (E)forstö-[alþjsv](#) og lýsti verðlagningu Samskipa:

„Our competition have been charging GBP 8 per shipment for ISPS and we are in the process of trying to clarify if this will be the same for 2010 along with other charges (should be to day or tomorrow).“

Based on the 2009 rates (excluding THC) our import charges were £85 compared to £83 by our competition and our export charges were the same at £90 (the competition charges included an ISPS). [...]

If we implement an ISPS charge it will make us more expensive than the competition on our total charges.



If an ISPS charge is to be implemented across all overseas ports I would suggest £5 per shipment in the UK so that our ISPS charge is lower than our competition (we may need to review this depending on what changes the competition make to their charges)."

6344. Tölvupóstur (E)starfsm gefur til kynna að hann hafi snúið sér til Samskipa til þess að afla upplýsinga um gjaldtökuáform keppinautarins og ætti von á svari samdægurs eða daginn eftir. Einnig er ljóst að hann hafði áhyggjur af þessari fyrirhugðu gjaldtöku þar sem hún myndi draga úr samkeppnishæfni Eimskips gagnvart Samskipum.
6345. (E)forstö-vörubróun kom einnig að undirbúningi þessarar gjaldtöku og svaraði hún framangreindum tölvupósti (E)starfsm. Það hún hann að skoða betur „*the idea of charging ISPS for IMM the same way we are doing in other ports, per container, and per volume/weight depending on which gives the higher revenue for ET*“.
6346. Samkvæmt þessu deildu stjórnendur Eimskips á Íslandi ekki áhyggjum (E)starfsm af slæmum áhrifum á samkeppnishæfni Eimskips við að taka upp umrætt gjald í Immingham. (E)starfsm ætti þess í stað að einbeita sér að útfærslu sem tryggði Eimskip sem mestar tekjur. (E)forstö-vörubróun framsendi síðar tölvupósta sem tengdust öryggisgjaldinu til (E)frkvstj-sala/þj.³⁰⁰⁶
6347. Eins og fyrr sagði lagði (E)starfsm til að gjaldið yrði 5 sterlingspund. Gefa gögnin til kynna að þar hafi hann átt við gjald fyrir einn 20 feta gám (teus). Á þessum tíma jafngiltu 5 sterlingspund 5,75 evrum.³⁰⁰⁷ Niðurstaðan hjá Eimskip var hins vegar sú að leggja miklu mun hærra gjald á í Immingham og öllum öðrum höfnum (eða 14 evrum), sbr. nánar hér á eftir.
6348. Þann 22. febrúar 2010 sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (S)frkvstj-Jóna og (S)starfsm-Jóna með heitinu „*Hækkun hjá Eimskip*“. Í því sagði: „*Ég hef heyrt að Eimskip hafi verið að senda út bréf varðandi hækkun og innleiðingu á ISPS gjaldi erlendis. Hafði þið séð þetta bréf?*“ (S)starfsm-Jóna svaraði og sendi afrit af bréfi Eimskip.³⁰⁰⁸ (S)forstö-innfl1 framsendi bréf Eimskips til (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-útl.³⁰⁰⁹ Bréfið frá Eimskip er dags. 18. febrúar 2010 og í því sagði:

³⁰⁰⁶ Afritaðir tölvupóstar frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.367255.

³⁰⁰⁷ Sjá hér: <https://www.currency-converter.org.uk/currency-rates/historical/table/GBP-EUR.html>.

³⁰⁰⁸ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.802536.

³⁰⁰⁹ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „SDOC0001.pdf“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.953880.



Í kjölfar hryðjuverkaárásanna í USA þann 11. september 2001 var lögð mikil áhersla á að efla öryggisgæslu í tengslum við farmflutninga. Í framhaldi af því voru m.a. innleiddar nýjar og hertari reglur um hafnir og skipaviðkomur, svokallað ISPS "The International Ship and Port Facility Security Code". ISPS tók formlega gildi þann 1. júlí 2004.

Þar sem fyrirséð var að kostnaður Eimskips myndi verða töluverður við þessar hertu reglur innleiddi Eimskip ISPS gjald í Reykjavík fyrir vörur til og frá landinu í nóvember árið 2003.

Nú hefur reynslan sýnt að kostnaður Eimskips vegna ISPS í öllum áætlunarhöfnum félagsins hefur verið töluvert meiri en reiknað var með árið 2003 þegar gjaldið var einungis innleitt í Reykjavík. Innleiðingu ISPS verður því klárud nú í öllum höfnum og tekur gildi 1. mars n.k.

Þess má geta í þessu sambandi að öll helstu skipafélög hafa innheimt þetta gjald á allar hafnir frá árinu 2004.

Gjaldið verður eftirfarandi:

- Evrópa: EUR 1,1 á m³ eða 2,2, á tonn og EUR 14 á 20 feta gámaeiningu (teus). Lágmarksgjald verður EUR 2,2 á sendingu.
- Norður Amerika: USD 1,6 á m³ eða 3,2 á tonn og USD 21 á 20 feta gámaeiningu (teus). Lágmarksgjald verður USD 3,2 á sendingu.

Öryggisgjald mun á sama tíma verða innleitt vegna siglinga til og frá öðrum höfnum á Íslandi en Reykjavík. Gjaldið verður það sama og í Reykjavík.

Ef spurningar vakna vegna ofangreinds bendum við þér á að hafa samband við tengilið þinn hjá Eimskip eða viðskiptaþjónustu okkar í síma 525-7800.

6349. (S)frkvstj-Jóna svaraði einnig tölvupósti (S)forstö-innfl1 . Það gerði hann samdægurs, þ.e. mánudaginn 22. febrúar 2010, og í tölvupósti hans sagði: „Heyrði fyrir rúmri viku síðan að ISPS innleiðing erlendis stæði fyrir dyrum. hafa ekki verið að rukka það.“³⁰¹⁰
6350. Samkvæmt tölvupóstinum hafði (S)frkvstj-Jóna þannig fengið upplýsingar um að Eimskip hygðist hefja innheimtu á öryggisgjaldi í erlendum höfnum. Veitir þetta strax vísbendingu um að (S)frkvstj-Jóna hafi fengið viðskiptalegar trúnaðarupplýsingar frá Eimskip. Hér skiptir einnig verulegu máli að bréf Eimskips var, sem fyrr segir, dags. 18. febrúar 2010 og hefur því í fyrsta lagi borist viðskiptavininum föstudaginn 19. febrúar eða mánudaginn 22. febrúar 2010. Samkvæmt tölvupósti (S)frkvstj-Jóna fékk hann upplýsingar um þessa fyrirhuguðu gjaldtöku Eimskips í viku 7, þ.e. hugsanlega 11. eða 12. febrúar 2010. Er því ljóst að upplýsingar um þessi áform Eimskips voru ekki opinberar þegar (S)frkvstj-Jóna fékk vitneskju um þau. (S)frkvstj-Jóna hafði áður greint frá viðkvæmum upplýsingum sem hann fékk frá Eimskip.³⁰¹¹ Hann þekkti einnig (E)frkvstj-sala/bj og hafði átt í ítrekuðum samskiptum við hann, sbr. m.a. umfjöllun hér að framan um samskipti þeirra um miðjan janúar 2010. Síðar á árinu 2010 átti (S)frkvstj-Jóna í samskiptum við (E)frkvstj-TVG hjá TVG og vísaði til samráðs Samskipa við Eimskip, sbr. kafla 14.33.3.
6351. Virt saman verður að mati Samkeppniseftirlitsins að leggja til grundvallar að (S)frkvstj-Jóna hafi fengið umræddar upplýsingar frá Eimskip. Er það í samræmi við sátt Eimskips við Samkeppniseftirlitið. Í henni viðurkennir fyrirtækið að hafa átt í ólögum samráði við Samskip „um miðlun á mikilvægum verð- og viðskiptaupplýsingum.“

³⁰¹⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum, [...] Doc. ID. 0.7.33.802405.

³⁰¹¹ [...] sendi þann 24. júní 2009 tölvupóst til [...] og gerði honum grein fyrir samskiptum við [...].



6352. Samkvæmt glærum, sem farið var yfir á framkvæmdastjórnarfundi hjá Eimskip þann 1. mars 2010, gekk vel að innleiða og hækka framangreind gjöld. Af glærunum að dæma er einnig ljóst að hækkunin skilaði miklum tekjum. Þar kemur fram:

„Breyting á afgreiðslugjaldi gekk snurðulaust [svo] fyrir sig (17m tekjuauki)

ISPS innleiðing hefur gengið vel so far.... (180m tekjuauki)³⁰¹²

6353. Einnig kemur fram í glærunum mikil ánægja með tekjuaukningu og verðhækkunir hjá Eimskip. Vísast um þetta til kafla 14.21.5. Í febrúar 2010 jók Eimskip gjaldtöku með upptöku öryggisgjalds í fleiri viðkomuhöfnum og hækkun gjaldsins þar sem það var fyrir. Við hækkun gjaldsins var ákveðið að hafa gjaldið 5% hærra en Samskip innheimtu. (E)forstö-vörubróun gaf þau fyrirmæli til (E)starfsm að gjaldið ætti að vera útfært á slíkan hátt að það skilaði sem mestum tekjum fyrir Eimskip, þrátt fyrir tillögu (E)starfsm um að innheimta lægra öryggisgjald en Samskip. Stjórnendur Eimskips á Íslandi deildu því ekki sömu áhyggjum og (E)starfsm um áhrif gjaldsins á samkeppni við Samskip. Að mati Samkeppniseftirlitsins var augin gjaldtaka Eimskips til marks um stefnu Eimskips og Samskipa á þessu tímabili um að hækka verð til viðskiptavina. Gerði samráð fyrirtækjanna þeim kleift að hækka verð án þess að þurfa óttast viðbrögð keppinautarins.

14.17.8. Reynt að fá Eimskip til þess að hækka verð

6354. Gögn málsins sýna óánægju (S)frkvstj-Jóna með verðsamkeppni frá TVG. Gefa þau til kynna að hann hafi undrast að TVG hafi haft aðra stefnu en móðurfélagið, Eimskip. Sýna gögnin einnig að (S)frkvstj-Jóna hafi beðið (S)forstö-innfl1 í janúar 2010 um að beita sér gagnvart (E)forstö-innfl til að stuðla að verðhækkun TVG. Skal þessu lýst nánar.

6355. Í tölvupósti (S)frkvstj-Jóna frá 9. október 2009 sagði hann að bæði TVG og Thorship væru „aggressivir“ á markaðnum. Til viðbótar sagði (S)frkvstj-Jóna þetta um TVG:

„Við finnum mikið fyrir [...] og fleirum hjá TVG Zimsen þessa dagana og verðin eru komin niður í kjallara. Ég tala nú ekki um þegar að þeir koma til viðskiptavina sem að eru með flutninga hjá móðurfélagi þeirra Eimskip að þá eykst áhuginn á að lækka verðin og ná magninu enn frekar. við skulum vona að mamman fari að ala barnið betur upp á næstunni.“³⁰¹³

6356. Vonaðist (S)frkvstj-Jóna þannig til að Eimskip (mamman, í ofangreindu samhengi) myndi stöðva eða draga úr verðsamkeppni frá dótturfélaginu TVG (barnið, í ofangreindu samhengi).

6357. Í lok janúar 2010 var (S)frkvstj-Jóna aftur óánægður með verðsamkeppni frá TVG. Þetta má sjá af tölvupósti sem hann sendi undirmanni þann 28. janúar 2010. Í honum sagði:

„those idiots at TVG are still working on 2009 rates offering approx Eur 700-800 lower rates than us and Eimskip.“³⁰¹⁴

6358. Leit þessi stjórnandi hjá dótturfélagi Samskipa augljóslega svo á að það væri heimskulegt að stunda verðsamkeppni ef hjá því væri komist. Ákvað hann að grípa til aðgerða til þess að reyna að stöðva þessi „mistök“.

6359. Þannig sendi (S)frkvstj-Jóna um kvöldið þann 28. janúar 2010 tölvupóst til (S)forstö-innfl1 með heitinu „PSS frá Maersk“. PSS er skammstöfun á tilteknu álagsgjaldi („Peak Season Surcharge“) í sjóflutningum. Í tölvupóstinum sagði:

³⁰¹² Afritað tölvuskjal frá Eimskip. Heimasvæði [...]. „EXE fundur 1.03.2010.pptx“, vistað 01.03.2010, kl. 08:52. Doc. ID. 0.7.33.183120.

³⁰¹³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.34.436712.

³⁰¹⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.34.423782



„eruð þið að borga PSS fyrir gáma frá Taiwan.?”

P.S spurning hvort að þú skjótir því á [(E)forstö-innfl] að TVG virðist vera með mikið betri kaupverð á Far East gámunum en allir aðrir á markaðnum.

Þeir eru ennþá að bjóða verð sem að voru í gildi í desember.”

6360. (S)forstö-innfl1 svarar tölvupósti (S)frkvstj-Jóna daginn eftir:

„Já við borgum PSS frá Taiwan. Heyri í [(E)forstö-innfl]”

6361. (S)frkvstj-Jóna svaraði síðar sama dag:

„verður fróðlegt að heyra hvað [(E)forstö-innfl] segir...

væntanlega er hann ekkert að missa svefn yfir því að TVG sé í ruglinu (frekar en aðrir Eimskipa menn).”

6362. Nokkrum dögum seinna sendi (S)frkvstj-Jóna aftur tölvupóst til (S)forstö-innfl1 og spurði hvort hann hefði náð í (E)forstö-innfl. Greindi (S)forstö-innfl1 frá því að hann væri í Rotterdam og hefði ekki enn náð í (E)forstö-innfl. Hann myndi „prófa aftur þegar ég kem til landsins.”³⁰¹⁵

6363. Ekki hafa fundist gögn sem staðfesta að (E)forstö-innfl og (S)forstö-innfl1 hafi rætt um framangreint. Á hinn bóginn hafa heldur ekki fundist gögn þar sem fram kemur að (E)forstö-innfl hafi ekki svarað skilaboðum eða hafi neitað að ræða slík viðkvæm verðlagsmálefni við (S)forstö-innfl1. Hins vegar má sjá að í byrjun mars 2010 áttu m.a. (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-sala/þj í viðræðum við framkvæmdastjóra TVG ((E)frkvstj-TVG) um verðstefnu TVG.³⁰¹⁶ Í apríl 2010 sendi (E)frkvstj-sala/þj tölvupóst til (E)frkvstj-TVG og gerði athugasemd við lágt verð TVG gagnvart tilteknum viðskiptavini. Sagði (E)frkvstj-sala/þj að þessi verðlagning væri ekki í samræmi við það sem um hefði verið talað.³⁰¹⁷

6364. Samkvæmt framansögðu vonaðist (S)frkvstj-Jóna til þess í október 2009 að Eimskip myndi stöðva eða draga úr verðsamkeppni frá TVG. Er það eitt og sér lýsandi um óeðlilegt ástand að (S)frkvstj-Jóna hefði haft slíkar væntingar til helsta keppinautar Samskipa. Síðar gekk (S)frkvstj-Jóna lengra og lagði það til að (S)forstö-innfl1 myndi hafa samband við (E)forstö-innfl með það að markmiði að reyna að fá Eimskip til þess að beita sér fyrir því að dótturfélagið TVG hækkaði verð.

6365. Í því fólst beiðni um framkvæmd á ólögum samráði milli keppinauta. Við eðlilegar aðstæður mætti búast við að yfirmaður hjá stóru fyrirtæki eins og Samskipum myndi hafna slíkri beiðni eða a.m.k. óska eftir frekari skýringum. Því var ekki heilsa hér. Eins og ofangreind samtímagögn bera með sér tók (S)forstö-innfl1 strax að sér að hafa samband við Eimskip og gerði ítrekaðar tilraunir til þess að ná í (E)forstö-innfl. Í kjölfarið ræddi m.a. (E)forstö-innfl við TVG um verðstefnu fyrirtækisins. Hér ber og að hafa í huga að (S)forstö-innfl1 og (E)forstö-innfl höfðu á árunum 2008 og 2009 átt í ítrekuðum samskiptum. Höfðu (S)forstö-innfl1 og (E)forstö-innfl t.d. átt í samskiptum um miðjan júní 2008 um hámarksafslætti og frá 14. ágúst 2008 setið fundi með (S)frkvstj-millilandasv, (E)frkvstj-flutnkerf og (E)frkvstj-EimÍsl þar sem Samskip og Eimskips höfðu með sér samráð sem hafði það að markmiði að raska samkeppni í skilningi samkeppnisréttarins.

³⁰¹⁵ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.34.423211.

³⁰¹⁶ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] ID. 0.7.33.244736. Hér má bæta við að í þessum tölvupóstum veur athygli skýring [...] á „hefðbundnum local markaði” Eimskips: „Saco er ekki nein ógn við þýska / A Evrópu / Baltic beina markaðinn eins og ég hef sagt áður, eða þann markað sem er á bak við HAM sem gateway. Sá markaður sem er okkar hefðbundni markaður (local) er fyrst og fremst cc markaður og stýrt af okkur sem samstæðu og samkeppnisaðilum okkar hérna á Íslandi.”

³⁰¹⁷ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.452150.



6366. Að mati Samkeppniseftirlitsins fela þessi gögn (S)frkvstj-Jóna og (S)forstö-innfl1 frá janúar 2010 í sér skýra staðfestingu á tilvist hins samfellda samráðs Samskipa og Eimskips á þessum tíma.

14.17.9. Samantekt

6367. Í gögnum frá árinu 2009 sem varða áætlanir Eimskips og Samskipa fyrir árið 2010 var lögð mikil áhersla á að ná fram hækkun á verði á árinu 2010. Mikilvægur þáttur í samráði Samskipa og Eimskips var að markaðsskiptingin skapaði skilyrði fyrir fyrirtækin til að hækka verð. Með vissu um að helsti keppinauturinn reyndi ekki að ná til sín óánægðum mikilvægum viðskiptavinum voru skapaðar kjöraðstæður til þess að ná árangri við hækkun á verði.

6368. Að mati Samkeppniseftirlitsins kemur þetta skýrlega fram í þeim gögnum sem rakin hafa verið í framangreindum kafla. Virt heildstætt sýna þessi gögn afar mikla áherslu Eimskips og Samskipa á hvers konar hækkun á verði. Hvergi er að greina neinar raunverulegar áhyggjur af því að samkeppnisleg viðbrögð helsta keppinautarins geri verðhækkun ómögulega eða mjög erfiða. Hins vegar koma fram vangaveltur um tímasetningar og hvað eigi að ganga langt í verðhækkun hverju sinni. Ekki sé skynsamlegt að ofbjóða markaðnum, sbr. t.d. ummæli (S)forstö-innfl1 frá 29. september 2009 og (E)frkvstj-sala/þj frá 1. desember 2009. Hækka skyldi verð eins og markaðurinn „þoli“ hverju sinni.

6369. Hin ólögsmæta markaðsskipting gerði Samskipum t.d. kleift að hækka „hressilega“ hafnargjöld (THC) fyrir Íslandsflutninga í höfnum í Árósum og Varberg. Engu máli skipti þótt sumir viðskiptavinna væru með umsamið lægra hafnargjald í samningum við Samskip. Það átti samt að hækka „hressilega“ verð gagnvart þeim. Ekki átti að tilkynna viðskiptavinum um þessa hækkun en ef þeir sem voru með umsamið lægra verð yrðu hennar varir og mótmæltu harkalega þá mætti beita „temporary adjustments“ gagnvart slíkum viðskiptavinum.

6370. Á árinu 2010 áttaði Húsasmiðjan sig á því sem fyrirtækið nefndi „gríðarlegar“ hækkunarir og krafðist skýringa frá Samskipum. Samskip svöruðu og gáfu ranglega til kynna að fyrirtækið hefði engu ráðið um þessa hækkun á hafnargjöldum í Árósum, sbr. kafla 14.34.2 og 14.34.3. Skýrði Samskip þetta svo:

„Hækkun á THC í DK hækkaði töluvert vegna hækkana frá terminal til okkar - það var því óumflýjanlegt að gera breytingar til samræmis við það gagnvart okkar viðskiptavinum.“

6371. Umrædd hækkun var ákveðin af stjórnendum Samskipa á Íslandi og átti með leynd að reyna að ná henni í gegn gagnvart m.a. íslenskum viðskiptavinum. Þá var mikilvægum viðskiptavinum sagt ósatt um tilurð hennar. Telur Samkeppniseftirlitið að ástæða þessa sé ekki síst sá skortur á samkeppnislegu aðhaldi sem leiddi af hinu ólögsmæta samráði. Þar sem Samskip þurftu ekki að óttast aðgerðir Eimskips gat fyrirtækið hækkað „hressilega“ og beitt mikilvæga viðskiptavinum blekkingum.

6372. Viðbrögð erlendra starfsmanna Samskipa við verðhækkuninni sem tók gildi 11. janúar 2010 sýna það sama. Þrátt fyrir kröftug mótmæli þeirra breytti það engu um áform stjórnenda Samskipa á Íslandi. Tilvísanir til þess að viðskiptavinir Samskipa myndu bregðast illa við (og sumir þá hugsanlega snúa sér til Eimskips), að gildandi samningar heimiluðu ekki slíka hækkun og að hinn skammi fyrirvari færi gegn viðskiptavenju í Danmörku höfðu þannig engin áhrif á stjórnendur á Íslandi. Vekur athygli að yfirmaður Samskipa í Danmörku lýsti því yfir að þrátt fyrir langa starfsreynslu ætti hann afar erfitt með að skilja þau lögmál sem giltu í sjóflutningum til og frá Íslandi.

6373. Framkvæmdastjóri Eimskips í Þýskalandi lýsti yfir undrun yfir ákvörðunum á Íslandi um að hækka þjónustugjöld í Hamborg fyrir flutninga til og frá Íslandi. Viðskiptavinum þættu gjöld Eimskips þegar vera há og Eimskip hefði nýlega náð fram 7% verðlækkun á eigin gjöldum í Hamborg. Líkt og hjá Samskipum höfðu áhyggjur af þessum toga engin áhrif í höfuðstöðvunum á Íslandi.



6374. Þá er að mati Samkeppniseftirlitsins einnig mjög lýsandi fyrir hið ólögmeta ástand sem ríkti á Íslandi (og það hugarfar sem því fylgdi) að eitt fyrsta verk forstjóra Samskipa, þegar honum var falin ábyrgð á rekstri frystigeymslna erlendis, var að stuðla að því að verð gagnvart íslenskum viðskiptavinum yrði hækkað sérstaklega.
6375. Hið sama gildir um það viðhorf [\(E\)frkvstj-sala/þj](#) frá 8. desember 2009 að unnt væri með breytingu á afgreiðslugjaldi að ná inn tekjum „ve“ yfir kostnaði. Ósk [\(E\)frkvstj-sala/þj](#) 7. desember 2009 um eftirá rökstuðning fyrir verðhækkun ber að sama brunni. Þá er það ljóst að mati Samkeppniseftirlitsins að Eimskip beitti einnig blekkingum gagnvart viðskiptavinum þegar fyrirtækið hækkaði og útvíkkaði öryggisgjaldið. Framangreind undirbúningsgögn sýna að skortur á samkeppni gerði Eimskip þetta kleift og ber m.a. að horfa til þess að horft var framhjá áhyggjum starfsmanns Eimskips í Bretlandi. Ástæða þessa var sú að viðkomandi stjórnendur Eimskips á Íslandi vissu að ekki stóð ógn af Samskipum.
6376. Eins og að framan greinir átti sér hið sama stað í samskiptum stjórnenda Samskipa á Íslandi við starfsmenn fyrirtækisins í erlendum höfnum. Með tilvísun til hryðjuverkaárásanna í Bandaríkjunum 11. september 2001 og, að því er virðist, rangfærslna um kostnaðarauka, náði Eimskip að auka tekjur sínar umtalsvert og gleði ríkti innan fyrirtækisins. Fyrir kom þó að stjórnendum Eimskips ofbauð gjaldtaka gagnvart viðskiptavinum, sbr. ummæli [\(E\)forstö-útfli](#) um að olúgjald eða gjaldskrá Eimskips væri „*ekki í takti við raunveruleikann*“.
6377. Áréttu ber að sökum m.a. hinnar ólögmetu markaðsskiptingar var í raun ekki þörf á því fyrir Eimskip og Samskip að ná saman um tímasetningu og fjárhæð framangreindra verðhækkana og gjaldtöku. Engu að síður gefa gögn málsins til kynna að samskipti hafi átt sér stað milli fyrirtækjanna sem lutu að framangreindum verðhækkunum.
6378. Hér er gagnlegt að draga saman í tímalínu tiltekin framangreind atvik frá lokum ágúst 2009 til febrúar 2010, sbr. einnig yfirlitið í kafla 13.3.2 yfir samskipti fyrirtækjanna í þessu tíma:

2009:

- 28.8 Samskipti [\(S\)frkvstj-millilandasv](#) og [\(E\)frkvstj-innanl](#).
- 29.8 Samskipti [\(S\)frkvstj-millilandasv](#) og [\(E\)frkvstj-innanl](#).
- 1-2.9 Bæði Eimskip og Samskip byrja að huga að verðhækkun. Hjá Eimskip koma að því m.a. [\(E\)forstö-innfl](#), [\(E\)frkvstj-innanl](#) og [\(E\)frkvstj-sala/þj](#). Hjá Samskipum m.a. [\(S\)forstö-innfl1](#), [\(S\)forstö-útfli](#), [\(S\)frkvstj-millilandasv](#) og [\(S\)frkvstj-Jóna](#).
- 13.9 Miðað er við að landflutningar Samskipa hækki verð um 2% í október 2009, 2% apríl 2010 og 2% október 2010. Landflutningar á ferskum fiski hækki um 7% í október 2009 og 4% í október 2010. Einnig verði olíuálag hækkað.
- 28.9 Landflutningar Samskipa leggja þetta til:
- FCL verð hækki um 8% um áramótin og 2% í október 2010
 - LCL verð hækki um 2% í október 2009 og 2% apríl 2010 og 2% í október 2010.
- [\(S\)forstö-innfl1](#) segir að innflutnings- og útflutningsdeildir Samskipa ætli að hækka sjófrakt og þjónustugjöld um 5% í júlí 2010. Telur að markaðurinn ráði ekki við þá hækkun sem landflutningar leggja til. [\(S\)frkvstj-Jóna](#) segir að markaðurinn þoli ekki þessa verðhækkun sem landflutningar leggi til.
- 30.9 [\(S\)forstö-innfl1](#) greint frá ólögmetu verðsamráði Eimskips og Samskipa vegna nýs gjalds (E-Kontrol)



- 10.10 Innflutningsdeild Samskipa ætlar að hækka „sjóflutnings- og þjónustugjöld bæði innanlands og erlendis [...] um 5%“ þann 1. júlí 2010.
- 11.10 Landflutningar Samskipa stefna að því að hækka verð um 4% á árinu 2010. Verði það gert með tveimur 2% hækkunum. Stefnt sé að því að hækka verð á flutningi á ferskum fiski um 7% um áramótin og um 5% í október 2010.
- 22.10 Innflutningsdeild Samskipa telur enn að markaðurinn þoli ekki framangreinda verðhækkun á landflutningum um áramótin (nú 7% í stað 8%). (S)frkvstj-millilandasv tekur af skarið og segir að þessa hækkun skuli framkvæma. (S)frkvstj-millilandasv situr á sama tíma eða skömmu áður á fundi með (E)frkvstj-innanl hjá flutningsnefnd SVP.
- 4.11 (S)forstj spurður af (S)stjform-S hvort áætlun um verðhækkun á árinu 2010 sé raunhæf vegna mögulegrar verðsamkeppni frá Eimskip. Þessar efasemdir hafa engin áhrif á fyrirætlanir Samskipa hf.
- 12.11 Samskipti (E)frkvstj-sala/þj og (S)frkvstj-Jóna.
- 13.11 (E)frkvstj-sala/þj undirbýr verðhækkunar.
- 16.11 (S)forstö-innfl1 og (E)forstö-innfl fjalla í tölvupósti um verðsamráð í gámaleigu.
- 16.11 Samskipti (E)frkvstj-sala/þj og (S)frkvstj-Jóna.
- 16.11 Fram kemur hjá (E)frkvstj-sala/þj að samræma eigi tímasetningar verðhækkana í sjó- og landflutningi og hann ætli að hitta (E)frkvstj-innanl. Stefnt sé að því að hækka 1. janúar 2010.
- 17.11 Samskipti (S)frkvstj-Jóna og (E)frkvstj-flutnkerf.
- 17.11 (E)frkvstj-innanl sendir (E)frkvstj-sala/þj skjal þar sem fram kemur:
- Verð á landflutningum hækki um 4% í janúar 2010
 - Verð á landflutningum hækki um 2% í maí 2010
 - Verð á landflutningum hækki um 2% í september 2010.
- 19.11 Kemur fram á fundi m.a. (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-innfl að verið sé að vinna að hækkun á sjófrakt og öðrum gjöldum hjá Eimskip á Íslandi.
- 20.11 (S)forstö-innfl1 útskýrir fyrir undirmanni að stefnan hjá Samskipum sé að láta mikilvæga viðskiptavinum Eimskips í friði og hækka verð gagnvart viðskiptavinum Samskipa.
- 24.11 Samskipti (E)forstj og (S)frkvstj-N-Am
- 29.11 Samskipti (E)forstj og (S)forstö-útl.
- 29.11 Glærur (S)forstj um verðhækkun:
- Í „shipping“ glærunum segir: „A rate increase of 7% is budgeted on local trucking as of Jan 2010 and a 5% increase on OF, THC and local charges (other than trucking) in Jun 2010. There will be a strong focus on rate increases.“
 - Í glærunum sem fjalla um landflutninga segir: „Prices expected to increase by 4% during 2010 excluding FAF“ og „Rates increased by 2% in beginning of year another 2% mid year 2010.“



- 1.12 (E)frkvstj-sala/pj vill ræða við (E)forstj um það hvort eða hve mikið eigi að hækka „IMP, EXP og gjöld á Íslandi“ 1. janúar 2010. (E)frkvstj-sala/pj segir þetta: „Umhverfið ekki mjög móttækilegt fyrir hækkunum“. Á fundi þeirra er þetta ákveðið:
- Deild (E)frkvstj-sala/pj (sjóflutningar) hækki þjónustugjöld um 4% 1. janúar 2010. Sé þetta sama hækkun og landflutningar Eimskips áformi.
 - Beðið verði með að framkvæma hækkun á sjófrakt.
- 2.12 (E)frkvstj-sala/pj tilkynnir að hinkra eigi með hækkun á sjófrakt en hækka gjöld á Íslandi 1. janúar 2010 um 4% til samræmis við 4% hækkun hjá landflutningum Eimskips.
- Sama stefna og hjá Samskipum. M.a. 4% hækkun á landflutningum og gjöldum í janúar og hinkra með hækkun á sjófrakt. Sumarið 2010 hækka bæði fyrirtækin sjófrakt um 5%.
- 7.12 Þetta á sér stað hjá Eimskip:
- Í skjali (E)rekstj-aksturst er útskýrt að 4% hækkun hjá landflutningum taki til flutningsgjalds, stykkjavörugjalds, geymslugjalds og farmtryggingar. Afgreiðslugjald verði hækkað um 9% og flutningar á ferskum fiski um 13%. Þá verði tekið upp nýtt gjald (skilagjald á körum) á tímabilinu janúar til apríl 2010.
 - (E)forstö-vörubróun fundar með (E)frkvstj-sala/pj og (E)forstö-innfl. Vill í kjölfarið fá leiðbeiningar um hækkun á skiptingargjaldi og afgreiðslugjaldi 1. janúar 2010. (E)forstö-vörubróun miðar við að Samskip hækki sömu gjöld um 4%. Engar opinberar upplýsingar lágu þá fyrir um að Samskip hyggðust hækka verð í janúar 2010.
 - Drög að tilkynningu Eimskips um hækkun: „1. janúar 2010 munu gjaldskrár Eimskips taka eftirfarandi breytingum. Breytingar eru lágmarkaðar sem mögulegt er, sjóflutningsgjöld, gámaleiga, svæðisgjald, öryggisgjald og staðsetningargjald taka ekki breytingum. Almenn þjónustugjöld og akstursþjónusta á Íslandi hækka um 4%. Þjónustugjöld erlendis hækka minna eða um 2,6%.“
- 10.12 Eimskip uppfærir viðskiptaáætlanir sínar:
- (E)rekstj-aksturst sendi uppfærða viðskiptaáætlun til (E)frkvstj-innanl. Þar kemur fram að Flytjandi stefni að því hækka verð að jafnaði um 6% á árinu 2010. Í fundargerð innlandssviðs Eimskips kemur fram: „Gjaldskrárhækkunar í janúar 2010 – 4% hækkun í áætlanagerfinu og 13% hækkun á flutninga á ferskum fiski“
 - (E)forstö-innfl sendi uppfærða viðskiptaáætlun til (E)frkvstj-sala/pj. Þar er lagt til grundvallar að markaðshlutdeild Eimskips í innflutningi á árinu 2010 verði sú sama og á árinu 2009 og að sjófrakt, þjónustugjöld og BAF verði hækkað á árinu 2010.
- 14.12 (S)forstö-innfl1 og (E)deildstj-TVG fjalla í tölvupóstum um ólögmett verðsamráð (50% afsláttur).
- 14.12 (E)rekstj-aksturst fjallar um ókosti þess ef Eimskip bjóði betur og nái viðskiptunum við Norðlenska: „Verðsamkeppni getur hafist á ný með ófyrirsjáanlegum afleiðingum t.d. eru fyrirhugaðar hækkunar í fiskflutningum upp á 10% í hættu.“
- 20.12 Í minnisblaði (E)rekstj-aksturst segir: „Gjaldskrá Flytjanda hækkar um 4% í janúar 2010. Farmtryggingar og stykkjavörugjald hækkar einnig um 4%, en afgreiðslugjaldið um 10%. Flutningar á ferskum fiski hækkar um 11% [...]“.



- 23.12 Í tölvupósti **(S)forstö-innfl1** segir: „Við þurfum að senda út tilkynningu til viðskiptavina okkar varðandi hækkun á þjónustugjöldum á Íslandi og erlendis. Þau verða hækkuð um 3%. Þessi hækkun á að taka gildi 11.janúar, en við viljum senda tilkynninguna út í lok dags 30.desember. Getur þú stillt upp tillögu að tilkynningu. Græjum þetta síðan á milli jóla og nýárs.“
- 29.12 **(E)rekstj-aksturst** fjallar um hækkun á flutningum á fiski: „Við hækkuðum um 11% sem gildir frá og með 4. janúar 2010. **(E)sölustj-fiskfl** er að tilkynna viðskiptavinum þessar hækkunir í dag og á morgun.“
- 29.12 **(S)forstö-innfl1** sendir drög að tilkynningu til viðskiptavina: „Frá og með mánudeginum 11. janúar nk. mun þjónustugjaldskrá Samskipa á Íslandi og erlendis hækka um 4%. Ofangreindar hækkunir eru til þess að mæta auknum rekstrarkostnaði og kostnaðarhækkunum.“

2010:

- 4.1 Verðhækkun Eimskips tók gildi. Verð á landflutningum hækkaði um 4%. Almenn þjónustugjöld á Íslandi hækkuðu einnig um 4%. Öll þjónustugjöld erlendis voru hækkuð um 2,6%, með þeirri undantekningu að þjónustugjöld í Danmörku hækkuðu um 2,8%.
- 4.1 Unnið er að hækkun og útvíkkun á öryggisgjaldi Eimskips. Málefni sem m.a. heyrir undir **(E)frkvstj-sala/þj.**
- 7.1 **(S)forstj** upplýsir móðurfélagið að hjá Samskipum á Íslandi sé sterk áhersla á verðhækkun á árinu 2010.
- 11.1 Verðhækkun Samskipa tók gildi. Gjaldskrár Samskipa hækkaðar um 4% bæði á Íslandi og erlendis. Líkt og hjá Eimskip var sjófrakt ekki hækkuð.
- 11.1 **(S)frkvstj-millilandasv** biður **(S)forstö-innfl1** og **(S)forstö-útfl** að skoða hvort þessi verðhækkun, sem var umfram áætlun, skili miklum ábata í inn- og útflutningi. Þeir svara og lýsa umtalsverðum ábata.
- 12.1 Samskipti **(S)frkvstj-Jóna** og **(E)frkvstj-sala/þj.**
- 29.1 **(S)forstö-innfl1** tekur að sér að hafa samband við **(E)forstö-innfl** til að stuðla að því TVG hækki verð
- 11.2 **(S)frkvstj-Jóna** fær upplýsingar um fyrirhugaða breytingu Eimskips á öryggisgjaldinu (eða þann 12/2).
- 1.2 Samskip hækka landflutninga á ferskum fiski um 10%.
- 18.2 Bréf sent út hjá Eimskip um breytingu og hækkun á öryggisgjaldinu
6379. Við mat á framangreindu ber að hafa í huga að ef;
- ekki lágu fyrir opinberar upplýsingar um fyrirhugaða hækkun á verði,
 - ekki lágu fyrir ólögð upplýsingaskipti um fyrirhugaðar verðhækkunir
- þá gátu Samskip ekki lagt það til grundvallar að Eimskip myndi hækka verð og öfugt.
6380. Til viðbótar ber að líta til efnahagsástandsins á Íslandi á þessum tíma. Eins og lýst hefur verið sýna samtímagögn að annars staðar í Evrópu brugðust flutningafyrirtæki við erfiðum aðstæðum á markaði með aukinni samkeppni og lækkun á verði. Þá áttu viðskiptavinir á þessum tíma alveg sérstaklega



erfitt með að sætta sig við hækkun á verði og gögnin frá Eimskip og Samskipum staðfesta það, sbr. t.d. umfjöllun um hvað markaðurinn „*bol*“ mikla hækkun á verði.

6381. Þrátt fyrir þetta sýnir framangreint yfirlit að bæði Eimskip og Samskip töldu sig geta hækkað verð á árinu 2010 og höfðu ekki áhyggjur af því að samkeppni frá helsta keppinautnum kæmi í veg fyrir það. Vangaveltur voru hins vegar uppi um tímasetningar og fjárhæð tiltekinna hækkana.
6382. Gögn frá Samskipum sýna að í september 2009 var vilji til þess að hækka landflutninga um 8% í janúar 2010. (S)forstö-innfl1 taldi markaðinn ekki þola það og sagði að inn- og útflutningsdeildirnar myndu hækka í júlí 2010. (S)forstö-innfl1 ítrekaði þessi varnaðarorð sín en (S)frkvstj-millilandasv sló því föstu í október 2009 að hækka skyldi verð á landflutningum í janúar 2010. Þetta ákvað (S)frkvstj-millilandasv annað hvort þegar hann sat fund með framkvæmdastjóra landflutninga hjá Eimskip ((E)frkvstj-innanl) eða skömmu eftir þann fund. Eftir þetta var í nóvember 2009 lagt til grundvallar hjá bæði Samskipum og Eimskip að verð á landflutningum yrði hækkað í janúar 2010. Í þessu samhengi vísast einnig til þess samráðs sem stóð yfir í landflutningum á þessum tíma, sbr. kafla 17.
6383. Í nóvember 2009 áttu stjórnendur Eimskips og Samskipa a.m.k. fimm sinnum í beinum samskiptum sína á milli, auk þess sem þeir áttu í tölvupóstsamskiptum þar sem m.a. verðsamráð fór fram. Á þessum tíma voru Eimskip og Samskip að undirbúa hækkun á verði á árinu 2010. Sem fyrr segir miðuðu bæði Eimskip og Samskip við að hækka landflutninga í janúar 2010, Eimskip um 4% og Samskip um 7%. Samskip miðuðu hins vegar við að hækka sjófrakt og þjónustugjöld í júní 2010. Eimskip virðist hins vegar í nóvember 2009 hafa stefnt að hækkun á sjófrakt í janúar 2010.
6384. Í þessum samskiptum í nóvember 2009 hafði (E)frkvstj-sala/þj hitt (S)frkvstj-Jóna tvisvar sinnum og í lok mánaðarins hittust (E)forstj og (S)forstö-útfl. Þann 1. desember 2009 ákváðu (E)forstj og (E)frkvstj-sala/þj á fundi að gera það sama og Samskip, þ.e. hækka ekki verð á sjófrakt í janúar 2010. Það ætti að „*bíða*“ með þá hækkun. Hins vegar hækkuðu þjónustugjöld á Íslandi jafn mikið og verð á landflutningum, þ.e. 4%. Í þessu fólst að Eimskip ákvað að í janúar 2010 ætti að hækka bæði þjónusta sem tengdist sjóflutningum og landflutningum um 4%. Þá verður ekki horft framhjá því að „*bíðinni*“ lauk sumarið 2010. Þá hækkuðu bæði fyrirtækin verð á sjófrakt. Um það verður nánar fjallað í kafla 14.28.
6385. Eftir að hafa hitt m.a. (E)frkvstj-sala/þj á fundi þann 7. desember 2009 fjallaði (E)forstö-vörupróun um mögulega 4% hækkun Samskipa á tilteknum þjónustugjöldum í janúar 2010. Á þessum degi lágu ekki fyrir neinar opinberar upplýsingar um fyrirhugaða verðhækkun Samskipa eða hver hún gæti orðið, og í glærum (S)forstj frá 29. nóvember 2009 var ekki einu sinni gert ráð fyrir hækkun á þessum þjónustugjöldum í janúar 2010. Undir eðlilegum kringumstæðum hefði Eimskip á þessum tímamarki frekar mátt gera ráð fyrir samkeppnisviðbrögðum Samskipa við verðhækkun heldur en að Samskip hækkuðu einnig verðið. Sú staðreynd að (E)forstö-vörupróun gerði ráð fyrir að Samskip hækkuðu verð um nákvæmlega þá hlutfallstölu sem raun varð á getur í ljósi atvika vart átt sér aðra skýringu en þá að hún hafi fengið þær upplýsingar frá yfirmönnum sínum, (E)frkvstj-sala/þj og/eða (E)forstö-innfl, sem aftur hafi fengið þær upplýsingar frá Samskipum. Ber og að hafa í huga að í samskiptum þessara stjórnenda hjá Eimskip við starfsbræður sína hjá Samskipum áttu sér stað í öðrum tilvikum verðsamráð eða ólögmet upplýsingaskipti. Í sátt Eimskips við Samkeppniseftirlitið er viðurkennt að brot fyrirtækisins hafi m.a. fallist í samráði við Samskip um „*miðlun á mikilvægum verð- og viðskiptaupplýsingum*“.
6386. Í desember 2009 virti Eimskip „*friðinn*“ í útboði Norðlenska. Minnisblað (E)rekstj-aksturst frá 14. desember 2009 sýnir að Eimskip taldi ekki ríkja verðsamkeppni í landflutningum og „*ókostir*“ við að ná Norðlenska í viðskipti fælust í því að verðsamkeppni „*gæti hafist á ný*“ og þannig sett fyrirhugaða verðhækkun í uppnám. Þegar (E)rekstj-aksturst ritaði minnisblaðið lágu engar opinberar upplýsingar fyrir um fyrirhugaða verðhækkun Samskipa og, sem fyrr segir, gat Eimskip undir eðlilegum kringumstæðum ekki lagt til grundvallar að Samskip myndu hækka verð. „*Friðurinn*“ var á hinn



bóginn virtur og almennir landflutningar fyrirtækjanna hækkðu síðan um 4% og landflutningar á ferskum fiski hækkðu mun meira í janúar og febrúar 2010.

6387. Samskipti (S)frkvstj-Jóna og (S)forstö-innfl1 í lok janúar 2010 hafa einnig mikla þýðingu. Að mati Samkeppniseftirlitsins er lýsandi fyrir þau nánu tengsl sem myndast hafði á milli fyrirtækjanna að (S)forstö-innfl1 hikaði ekki við það taka að sér að reyna að hafa samskipti við (E)forstö-innfl sem fólu í sér alvarlegt brot á 10. gr. samkeppnislaga. Þetta kemur hins vegar ekki á óvart þegar m.a. er horft til þess ólögmæta samráðs sem fólst í tölvupóstamskiptum (S)forstö-innfl1 við (E)deildstj-TVG og (E)forstö-innfl í nóvember og desember 2009. Verður af hafa hliðsjón af þessu þegar heildarmat er lagt á samskipti fyrirtækjanna og önnur gögn á tímabilinu frá september 2009 til febrúar 2010.
6388. Áréttta ber að á árinu 2009 var viðhaldið þeirri takmörkun á flutningsgetu sem hafði verið ákveðin með samráði Samskipa og Eimskips. Einnig var fyrir hendi markaðsskipting sem fólst í því að keppa ekki um viðskipti við mikilvæga viðskiptavinum hvors annars. Með vissu um að helsti keppinauturinn, á fákeppnis- eða tvíkeppnismarkaði, myndi ekki reyna að ná til sín óánægðum mikilvægum viðskiptavinum voru skapaðar kjöraðstæður til þess að ná árangri við hækkun á verði. Framangreind atvik sem varða verðhækkun í byrjun árs 2010 og undirbúning þeirra er skýr birtingarmynd á hinu ólögmæta ástandi sem leiddi af samfelldu samráði Samskipa og Eimskips. Til viðbótar telur Samkeppniseftirlitið að samskipti stjórnenda Samskipa og Eimskips á framangreindu tímabili hafi dregið úr óvissu og auðveldað enn frekar umræddar hækkunar á verði.
6389. Framangreind gögn frá 2009 og 2010 sýna einnig að á þessu tímabili átti sér stað tiltekið ólögmætt samráð sem með beinum hætti tengdist verðlagningu fyrirtækjanna. Þegar samskipti stjórnenda fyrirtækjanna eru virt í samhengi við önnur framangreind gögn frá þessu tímabili er ljóst að a.m.k. hafi upplýsingar um fyrirhugaðar verðbreytingar með ólögmætum hætti borist milli fyrirtækjanna. Framangreind gögn sem varða (E)forstö-landfl1, (E)forstö-vörubrún og (S)frkvstj-Jóna gefa þetta til kynna. Ekki er þörf á því að slá því föstu hvaða starfsmenn fyrirtækja miðluðu umræddum upplýsingum til keppinautanna. Fyrirtæki eru ábyrg fyrir samkeppnishamlandi háttsemi allra starfsmanna og ekki skilyrði að viðkomandi starfsmenn séu auðkenndir.³⁰¹⁸
6390. Þegar atvik málsins eru virt í framangreindri tímaröð er að mati Samkeppniseftirlitsins a.m.k. unnt að leggja til grundvallar að samráð hafi átt sér stað m.a. í áður nefndum samskiptum (S)frkvstj-millilandasv við (E)frkvstj-innanl, (E)frkvstj-sala/þj við (S)frkvstj-Jóna, (E)frkvstj-flutkerf við (S)frkvstj-Jóna og (E)forstj við (S)forstö-útf1.
6391. Að mati Samkeppniseftirlitsins felur allt framangreind í sér staðfestingu á því að samráð hafi verið fyrir hendi milli Samskipa og Eimskips á þessum tíma. Er þetta ólögmæta samráð viðurkennt í sátt Eimskips við Samkeppniseftirlitið. Um þetta vísast einnig til niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins í kafla 15.3.
6392. Í athugasemdum Samskipa við AII segir að fyrirtækin hafi aldrei stillt saman strengi varðandi verðbreytingar, þær hafi hvorki verið samræmdar um efni né tímasetningar.³⁰¹⁹ Segir að verðhækkunar fyrirtækisins á rannsóknartímabilinu hafi verið í takti við verðlagsþróun á tímabilinu en að þær hafi þó ekki náð að halda í við verðbólgu.³⁰²⁰ Segir jafnframt að eðlilegt hafi verið að gera ráð fyrir verðhækkunum í áætlunum vegna verðlagsþróunar og að raunverulegar kostnaðarhækkunar

³⁰¹⁸ Sjá dóm dómstóls ESB frá 21. júlí 2016 í máli nr. C-542/14, mgr. 24: „For the purposes of a finding of infringement of EU competition law any anti-competitive conduct on the part of an employee is thus attributable to the undertaking to which he belongs and that undertaking is, as a matter of principle, held liable for that conduct.“ Sjá einnig dóm dómstóls ESB í máli nr. C-338/00, Volkswagen gegn framkvæmdastjórninni, mgr. 98. Sjá einnig Fernando Castillo de la Torre, Evidence, Proof and Judicial Review in Cartel Cases, European Competition Law Annual, 2009, bls. 7: „... the intentional nature of the infringement can be established without demanding the identification of the persons within the undertaking who acted improperly, or who ought to have been held responsible for deficiencies in the way the undertaking was organized.“

³⁰¹⁹ Mgr. 880 og 924-925 í athugasemdum Samskipa við AII.

³⁰²⁰ Mgr. 881, 884 og 910 í athugasemdum Samskipa við AII.



hafi legið til grundvallar verðhækkunum Samskipa í janúar 2010.³⁰²¹ Þá segir í athugasemdum Samskipa að Samkeppniseftirlitið staðhæfi að verð hefði átt að lækka til samræmis við það sem gerðist á alþjóðlegum mörkuðum og með því sé horft framhjá staðreyndum í rekstrarumhverfi Eimskips og Samskipa, gengi íslensku krónunnar og verðlagsþróun.³⁰²² Í athugasemdum Samskipa segir einnig að sambærilegar verðhækkunar Samskipa og Eimskips skýrist annars vegar af sambærilegum kostnaðargrunni og hins vegar aðstæðum á markaði þar sem Eimskip hafi verið verðleiðandi.³⁰²³

6393. Eins og rökstutt er í kafla 26.18 getur Samkeppniseftirlitið ekki fallist á þessi sjónarmið Samskipa.

14.18. Velgengni Samskipa á Íslandi og tillaga um „heimanmund“ til samstæðunnar

6394. Líkt og rakið er í kafla 6.7 stóðu Samskip Holding frammi fyrir fjárhagslegum áskorunum í kjölfar þess að það þrengdi að lánamörkuðum á seinni hluta ársins 2007. Þannig var afkoma samstæðunnar undir væntingum fyrstu mánuði ársins 2008 þótt starfsemi Samskipa hf. á Íslandi hafi gengið mjög vel og skilað góðri afkomu.
6395. Hollenski bankinn Fortis var helsti lánveitandi Samskipa Holding. Sýna samtímagögn að félagið átti, a.m.k. frá mars 2008, í viðræðum við bankann vegna fjárhagserfiðleika Samskipa Holding og krafna bankans um aðgerðir svo félagið myndi uppfylla lánaskilmála.
6396. Stjórn Samskipa Holding fundaði 18. mars 2008. Fundinn sátu helstu stjórnendur Samskipa og stjórnarmenn; (S)aðaleig-stjform-SH, (S)stjórnarm-fjármstj, (S)forstj, (S)frkvstj-MCL og (S)forstj-frystig. Samkvæmt fundargerð upplýstu (S)aðaleig-stjform-SH og (S)stjórnarm-fjármstj aðra fundarmenn um framgang viðræðna Samskipa Holding við Fortis. Rifjað skal upp að á sama fundi gaf (S)aðaleig-stjform-SH fyrirmæli um að verja þyrfti Samskip hf. á Íslandi sem „Cash Cow“ samstæðunnar, sbr. kafla 6.7.3.
6397. Þann 14. júlí 2008 var haldinn stjórnarfundur hjá Samskipum Holding, sbr. kafla 8.10.1. Á fundinum voru mættir sömu stjórnarmenn og stjórnendur, ásamt m.a. (S)stjform-S. Á fundinum upplýsti (S)stjórnarm-fjármstj um viðræður við Fortis og þær björgunaraðgerðir sem unnið var að til að mæta kröfum bankans. Var gengið út frá því gagnvart Fortis að EBITDA Samskipa Holding skyldi verða 15 milljónir evra árið 2008. Umræða á stjórnarfundinum sýnir að markmið um EBITDA samstæðunnar var háð ýmsum þáttum, t.d. að EBITDA Samskipa á Íslandi yrði árið 2008 14,8 milljónir evra.
6398. Sýnir þessi umræða aðaleiganda, annarra stjórnarmanna og stjórnenda Samskipa að aðgerðir Samskipa Holding gagnvart Fortis miðuðu þannig að því að EBITDA Samskipa hf. á Íslandi myndi standa undir stórum hluta af heildar EBITDA Samskipa Holding samstæðunnar árið 2008. Um miðjan júlí 2008 voru því uppi áform um að Samskip á Íslandi myndu leggja mest til þess að erlenda starfsemi Samskipa Holding gæti uppfyllt kröfur og lánaskilmála hjá Fortis.
6399. Eins og fram kemur í kafla 8.10.1 ræddi stjórn Samskipa Holding á fundinum 14. júlí 2008 sömuleiðis um verkþætti sem féllu undir „Nýtt upphaf“ verkefnið og aukið samstarf við Eimskip.
6400. Á stjórnarfundum Samskipa Holding þann 4. nóvember 2008 ræddu sömu stjórnarmenn og stjórnendur áfram um viðræðurnar við Fortis, endurfjármögnun og sérstaka lánaskilmála fyrir árin 2008 og 2009, sbr. kafla 10.4.3. Af fundargerð er ljóst að afkoma af þeim aðgerðum sem Samskip á Íslandi höfðu gripið til seinni part ársins 2008, og tengdust samráðinu við Eimskip (takmörkun á flutningsgetu, verðhækkun gagnvart Alcoa o.fl.), spiluðu lykilþátt í viðræðum við Fortis.

³⁰²¹ Mgr. 884, 885, 886, 905, 910, 911, 915, 916 og 925 í athugasemdum Samskipa við AII.

³⁰²² Mgr. 925 í athugasemdum Samskipa við AII.

³⁰²³ Mgr. 908 í athugasemdum Samskipa við AII. Sjá einnig mgr. 398, 795 og 863 í athugasemdum Samskipa við AII.



6401. Framangreind gögn sýna að það hafi verið þýðingarmikið fyrir Samskip Holding samstæðuna að sýna fram á styrkan rekstur í viðræðum sínum við Fortis. Þar hafi afkoma Samskipa hf. haft verulega þýðingu.
6402. Áfram var rætt um viðræður við Fortis á vettvangi stjórnar Samskipa Holding árið 2009.
6403. Á stjórnarfundum áðurgreindra stjórnenda og stjórnarmanna Samskipa Holding þann 12. janúar 2009 upplýsti (S)stjórnarm-fjármstj um fund með Fortis 7. janúar 2009. Undir dagskrárliðnum „*Status with Fortis Banka – Update*“ var fjallað um endurfjármögnun Samskipa hjá Fortis og kröfu bankans um greiðslu upp á 4 milljónir evra. Í fundargerð kemur jafnframt fram að (S)aðaleig-stjform-SH ætti fund með Fortis í lok janúar 2009.³⁰²⁴
6404. Um mánuði síðar var málið aftur tekið fyrir á stjórnarfundum Samskipa Holding eða þann 13. febrúar 2009. Þann fund sátu sömu stjórnendur og stjórnarmenn og áður. Undir liðnum „*Status with Fortis Bank – Update*“ kemur fram að viðræður við Fortis væru áfram yfirstandandi.³⁰²⁵
6405. Þann 10. mars 2009 var á stjórnarfundum Samskipa Holding aftur umræða um stöðu á viðræðum við Fortis („*Status with Fortis Bank – Update*“). Fundinn sátu sömu stjórnendur og stjórnarmenn og áður (að undanskildum (S)stjform-S). Kemur m.a. fram í fundargerð að (S)stjórnarm-fjármstj teldi viðræður við Fortis vera á réttri leið og að Samskip ættu að geta náð samkomulagi við bankann í samræmi við fyrri viðræður. Einnig kemur fram að kröfur Fortis fælu í sér aukinn þrýsting á sjóðstreymi („*overall cash flow*“).³⁰²⁶
6406. Á fundum stjórnar Samskipa Holding 7. apríl 2009 voru viðræður við Fortis áfram til umræðu hjá sömu stjórnendum og stjórnarmönnum. Undir liðnum „*Fortis Bank – Update*“ kemur fram í fundargerð að náðst hefði samkomulag við bankann um endurfjármögnun. Var (S)stjórnarm-fjármstj veitt umboð til að skrifa undir lánappír. Af fundargerð má að ráða að fundarmenn hefðu þó ennþá áhyggjur af því að kröfur Fortis gætu sett „*extra pressure*“ á sjóðstreymi Samskipa.³⁰²⁷
6407. Virt saman með öðrum samtímagögnum sýna framangreind atvik að aðaleigandi og stjórnendur Samskipa voru undir þrýstingi til að ná tilteknum fjárhagslegum markmiðum vegna fjárhagsáskorana hjá samstæðunni. Af þessu leiddi verulegur hvati hjá Samskipum til að viðhalda áfram hinu ólögmeta samráði við Eimskip.
6408. Í þessu sambandi skal hafa í huga að ársreikningar samstæðu Samskipa hf.³⁰²⁸ og Samskipa Holding sýna að framlag Samskipa á Íslandi til EBITDA móðurfélagsins árin 2009 til 2012 var umtalsvert, sbr. kafla 33.2. Í þessu sambandi má geta þess að þann 10. september 2009 sendi (S)stjform-S minnisblað í tölvupósti til (S)aðaleig-stjform-SH, (S)stjórnarm-fjármstj og (S)forstj sem titlað var „*Skipting Samskipa og fjárhagsleg endurskipulagning*“.³⁰²⁹ Kom fram í tölvupósti (S)stjform-S að minnisblaðið væri ætlað Kaupþingi (Arion banki frá og nóvember 2009) sem var, líkt og Fortis, stór lánveitandi Samskipa Holding. Í kafla minnisblaðsins um „*Samantekt áhættu*“ kemur fram að erlend starfsemi Samskipa Holding myndi ekki ná lágmarks EBITDA og því þyrfti;
- „*erlenda starfsemin að fá einhvern heimanmund*“.

³⁰²⁴ Afhent skjal frá Samskipum. Afhent þann 10.03.2017. „*Minutes Samskip Holding Board Meeting 12 Jan. 2009*“, bls. 7.

³⁰²⁵ Afhent tölvuskjal frá Samskipum 10.03.2017. „*2009-02 Minutes Samskip Holding Board Meeting 13 February 2009*“, bls. 6.

³⁰²⁶ Afhent tölvuskjal frá Samskipum 10.03.2017. „*2009-03 Minutes Samskip Holding Board Meeting 10 March 2009*“, bls. 6.

³⁰²⁷ Afhent tölvuskjal frá Samskipum 10.03.2017. „*2009-04 Minutes Samskip Holding Board Meeting 7 April 2009*“, bls. 6-7.

³⁰²⁸ Samskip hf. voru móðurfélag m.a. Jóna.

³⁰²⁹ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „*Samskip - fjárhagsleg endurskipulagning - september 2009.docx*“. [...] Doc. ID. 0.7.33.639942.



6409. Kom m.a. fram í minnisblaðinu að lausafjárstaða Samskipa á Íslandi væri góð og var því lagt til að „heimanmundurinn“ fyrir erlendu starfsemi Samskipa Holding gæti komið frá Samskipum á Íslandi. Er þetta viðhorf stjórnarformanns Samskipa hf. og stjórnarmanns Samskipa Holding ((S)stjform-S) í samræmi við önnur samtímagögn sem sýna að afkoma Samskipa á Íslandi hafi verið hluti af björgunaraðgerðum fyrir samstæðuna á þessum tíma.
6410. Umræða stjórnenda og stjórnarmanna um fjármagn frá íslensku starfseminni vakti óneitanlega eftirtekt í samhengi við að á þessum tíma glímdi almenningur hér á landi, fyrirtæki og þjóðarbúið í heild sinni við alvarlegar afleiðingar efnahagshrunsins. Á sama tíma unnu stjórnendur Samskipa þannig að því að reksturinn hérlandis myndi áfram vera „Cash Cow“ samstæðunnar og hún skyldi mjólka vel.
6411. Á stjórnarfundum Samskipa Holding 29. október 2009 var uppgjör samstæðunnar til umræðu. Þar kom fram að lánaskilmálar hjá Fortis myndu taka mið af af EBITDA í uppgjörinu. Bankinn þyrfti að yfirfara það og staðfesta að lánaskilmálar væru ekki brotnir, sbr.: „Covenant with Fortis bank will be tested based on September YTD EBITDA. Based on these results the covenanted will be passed by EUR 56k i.e. test level is EUR 6,700k. Confirmation from Fortis will be received after they have received and reviewed the results.“.³⁰³⁰
6412. Þann 7. janúar 2010 fór fram fundur stjórnar Samskipa Holding. Á fundinum voru mættir sömu stjórnarmenn og stjórnendur og áður. Af fundargerð má ráða að Samskip Holding hafi ekki uppfyllt lágmarkskröfu Fortis og því hafi, í upphafi árs 2010, ennþá verið fyrir hendi hætta á að Fortis myndi gjaldfella lánaskuldbindingar Samskipa Holding þar sem félagið hefði ekki staðið við skilmála um lágmarks EBITDA. Viðræður við Fortis hafi sýnt að það væri þó möguleiki fyrir félagið að forða sér frá því að brjóta lánaskilmálana. (S)stjórnarm-fjármstj átti að halda stjórninni upplýstri um þann framgang viðræðna við Fortis.³⁰³¹
6413. Á fundi stjórnar Samskipa Holding 29. apríl 2010 voru mættir sömu stjórnendur og stjórnarmenn og áður. Samkvæmt fundargerð höfðu Samskip gert samkomulag við Fortis. Þá kom einnig fram að yfirstandandi væru viðræður um endurfjármögnun við annan lánadrottinn, Arion banka hf.³⁰³²
6414. Í frétt á vef Viðskiptablaðsins 6. september 2010 með fyrirsögninni „[...] heldur Samskipum eftir endurskipulagningu“ kemur fram að undanfarna mánuði hafi stjórnendur og eigendur Samskipa, sem hafi að stærstum hluta verði Kjalur, unnið að endurskipulagningu félagsins með m.a. Fortis og Arion banka hf. (gamla Kaupþingi). Niðurstaða liggja fyrir og SMT Partners (Samskip Management Team), sem væri í eigu (S)aðaleig-stjform-SH og stjórnenda Samskipa ((S)forstj, (S)stjform-S, (S)stjórnarm-fjármstj og (S)frkvstj-MCL), eignist tæp 90% hlut í Samskipum.³⁰³³
6415. Líkt og fram kemur í kafla 10.4.3 er óhjákvæmilegt að horfa til þess að samráð Samskipa við Eimskip og ábati þess fyrir rekstrarafkomu fyrirtækisins hafi verið til þess fallið að greiða fyrir framangreindri niðurstöðu.
6416. Í bréfi Samskipa 31. ágúst 2022 er því mótmælt að horft sé til atvika og viðræðna við Fortis í máli þessu. Fyrirtækið fái ekki skilið hvernig gögn þessu tengdu styðji með einhverjum hætti við „samráðskenningar stofnunarinnar“.³⁰³⁴
6417. Ekki er fallist á þessar athugasemdir Samskipa. Um er að ræða samtímagögn Samskipa sem hafa þýðingu í máli þessu.

³⁰³⁰ Afhent tölvuskjal frá Samskipum 10.03.2017. „2009-09 Minutes Samskip Holding Board Meeting 29 October 2009“, bls. 5.

³⁰³¹ Í fundargerð frá fundinum kemur fram eftirfarandi: [...]

³⁰³² Afhent tölvuskjal frá Samskipum. Afhent þann 10.03.2017. „Minutes Samskip Holding Board Meeting 29 April 2010“, bls. 7.

³⁰³³ Frétt á vef Viðskiptablaðsins, [...].

³⁰³⁴ Bls. 11 í bréfinu.



6418. Rekstur erlendrar starfsemi Samskipa Holding átti í erfiðleikum meðan rekstur Samskipa á Íslandi gekk vel. Við heildstætt mat á gögnum er málefnalegt að horfa til gagna sem sýna að samhliða því að Samskip komu á auknu samráði við Eimskip lögðu stjórnarmenn, lykilstjórnendur og aðaleigandi ríka áherslu á að gripið yrði til aðgerða á Íslandi sem tengdust beint björgunaraðgerðum gagnvart stærsta lánadrottni móðurfélagsins. Um var m.a. að ræða aðgerðir sem tengdust samráði við Eimskip.

14.19. Samskip huga í janúar 2010 að auknu samstarfi við Eimskip

6419. Í byrjun árs 2010 velti (S)forstj fyrir sér auknu samstarfi við Eimskip bæði í sjóflutningum og landflutningum. Kom þetta fram í tölvupóstum sem hann sendi (S)frkvstj-millilandasv og (S)frkvstj-innanl. Einnig sendi (S)forstj sjálfum sér tölvupósta og minnti sig ítrekað á verkefni (eitt eða fleiri) sem tengdust Eimskip. Tengdist þetta m.a. stefnumótunarfundi með stjórn Samskipa Holding í Rotterdam 8. – 10. febrúar 2010. Á þeim fundi kynntu (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv m.a. áherslur Samskipa hf. til ársins 2014. Verður nú vikið að þessu.

6420. (S)forstj sendi þann 20. janúar 2010 tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv með heitinu „Strategíu fundur í Rdam“. Í honum sagði: „Það bætist við verkefnalistann varðandi fundinn í R'dam, þe:

Skipapælingar

-45ft gámar

-benchmark á kerfi EI [Eimskip] versus okkar, kerfi, kostnaður, magn

-gámastokkur okkar, stærð/kostnaður, eign vs leiga og tillaga að slíkri samsetningu til lengri tíma

-kranapælingar og skip tengt því

-bc versus tc, ss kostir / gallar

-vangaveltur varðandi breytingar á kerfi short / long run

-samstarfsaðilar? ei [Eimskip]/ thorship".³⁰³⁵

6421. (S)forstj sendi strax á eftir tölvupóst til (S)frkvstj-innanl með heitinu „Strategíu fundur í feb“. Í honum sagði:

„Bætist við verkefnalistann:

benchmark við EI, stærð flota, hlutdeild og magnpælingar

akstursfloti okkar, stærð/samsetning/aldur/leiðir/kerfi/endurnýjunarþörf

keppinautar - samstarf / kaup?"³⁰³⁶

6422. Samkvæmt þessum tölvupóstum (S)forstj áttu (S)frkvstj-millilandasv og (S)frkvstj-innanl m.a. að velta fyrir sér auknu samstarfi við Eimskip í land- og sjóflutningum.

6423. Þann 9. febrúar 2010 sendi (S)forstj ítarlega glærुकynningu til starfsmanns Samskipa Holding og bað hann um að prenta hana út.³⁰³⁷ Hún bar heitið „Board meeting Strategy Samskip Iceland 8-10th February 2010“. Í fundargerð vegna fundar stjórnar Samskipa Holding 9. febrúar 2010 kemur fram að (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv hafi kynnt stefnumótun Samskipa hf. með umræddri

³⁰³⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.697571.

³⁰³⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.697574.

³⁰³⁷ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Strategy_Samskip_Iceland_2010_final.pptx.“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.710469.



glærुकynningu. Er þessi glærुकynning ítarleg og koma þar fram ýmsar upplýsingar sem þýðingu hafa í þessu máli.

6424. Í glærum 11 – 15 í kynningunni koma fram upplýsingar um samsetningu viðskiptavina Samskipa og heildarveltu þeirra. Þessar glærir sýna að mati Samkeppniseftirlitsins mjög greinilega hvað viðskipti við fáa en mikilvæga viðskiptavinum skiptu miklu máli fyrir Samskip en um þetta hefur áður verið fjallað. Af þessum ástæðum m.a. var það bæði gerlegt og arðbært fyrir Eimskip og Samskip að ná saman um skiptingu markaðarins eftir mikilvægum viðskiptavinum.
6425. Í glæru nr. 28 er að finna svokallaða „SWOT“ greiningu³⁰³⁸ fyrir Samskip á Íslandi í heild sinni. Þar eru tækifæri sögð m.a. felast í „„Slot exchanges deals“ with competitors“. Veikileiki var talinn felast m.a. í „Surplus capacity inn shipping, trucking [...]“ og meðal ógna var þetta nefnt:
- „Competitive rivalry and market price pressure in light of overcapacity (Thorshipping, „new“ Eimskip)“.
 - „Low charter cost leaves window of opportunity for new entrants“.
 - „Independent truckers disturbing the market stability in domestic trucking and pushing prices down.“
6426. Að mati Samkeppniseftirlitsins felst í efsta punkti á framangreindri glæru (S)forstj að Samskip hafi litið á það sem ógn að umfram flutningsgeta á markaðnum, m.a. hjá Eimskip, (*overcapacity (Thorshipping, „new“ Eimskip)*) myndi leiða til verðsamkeppni, líkt og gerðist annars staðar í Evrópu í kjölfar fjármálakreppunnar. Sýnir þetta að þrátt fyrir takmörkun á flutningsgetu á síðari hluta ársins 2008 var enn umfram flutningsgeta á markaðnum. Án samráðs Samskipa og Eimskips hefði því verið mjög líklegt að samkeppni fyrirtækjanna hefði aukist verulega en sú varð ekki raunin á rannsóknartímabilinu.
6427. Í glærum nr. 30 – 35 er gerð grein fyrir keppinautum í áætlunarsiglingum og markaðshlutdeild lýst. Í glæru nr. 34 er þetta yfirlit birt:

³⁰³⁸ Greining þar sem lagt er mat á eftirfarandi atriði hjá viðkomandi fyrirtæki; styrkur, veikleikar, ógnanir og tækifæri.



| Iceland Market | Including Heavy Industry | | | | | | Excluding Heavy Industry | | | | | |
|--|--------------------------|-------------|----------------|-------------|------------------|-------------|--------------------------|-------------|----------------|-------------|----------------|-------------|
| | M+X | % | Import | % | Export | % | M+X | % | Import | % | Export | % |
| Samskip | 644.000 | 34% | 154.000 | 24% | 490.000 | 38% | 284.000 | 35% | 154.000 | 37% | 130.000 | 33% |
| Eim skip | 941.000 | 49% | 361.000 | 57% | 580.000 | 45% | 486.000 | 60% | 231.000 | 56% | 255.000 | 65% |
| SBV | 15.000 | 1% | 5.000 | 1% | 10.000 | 1% | 15.000 | 2% | 5.000 | 1% | 10.000 | 3% |
| Nesskip | 310.000 | 16% | 110.000 | 17% | 200.000 | 16% | 15.000 | 2% | 15.000 | 4% | 0 | 0% |
| Others | 7.500 | 0% | 7.500 | 1% | 0 | 0% | 7.500 | 1% | 7.500 | 2% | 0 | 0% |
| Total Volume (tons) | 1.917.500 | 100% | 637.500 | 100% | 1.280.000 | 100% | 807.500 | 100% | 412.500 | 100% | 395.000 | 100% |
| Faroe Islands Market | M+X | % | Import | % | Export | % | M+X | % | Import | % | Export | % |
| Samskip | 26.000 | 10% | 12.000 | 10% | 14.000 | 10% | 26.000 | 10% | 12.000 | 10% | 14.000 | 10% |
| Eim skip | 140.250 | 55% | 63.250 | 55% | 77.000 | 55% | 140.250 | 55% | 63.250 | 55% | 77.000 | 55% |
| SBV | 67.750 | 27% | 39.750 | 35% | 28.000 | 20% | 67.750 | 27% | 39.750 | 35% | 28.000 | 20% |
| Others | 21.000 | 8% | 0 | 0% | 21.000 | 15% | 21.000 | 8% | 0 | 0% | 21.000 | 15% |
| Total Volume (tons) | 255.000 | 100% | 115.000 | 100% | 140.000 | 100% | 255.000 | 100% | 115.000 | 100% | 140.000 | 100% |
| Iceland and Faroe Islands Markets | M+X | % | Import | % | Export | % | M+X | % | Import | % | Export | % |
| Samskip | 670.000 | 31% | 166.000 | 22% | 504.000 | 35% | 310.000 | 29% | 166.000 | 31% | 144.000 | 10% |
| Eim skip | 1.081.250 | 50% | 424.250 | 56% | 657.000 | 46% | 626.250 | 59% | 294.250 | 39% | 332.000 | 23% |
| SBV | 82.750 | 4% | 44.750 | 6% | 38.000 | 3% | 82.750 | 8% | 44.750 | 6% | 38.000 | 3% |
| Nesskip | 310.000 | 14% | 110.000 | 15% | 200.000 | 14% | 15.000 | 1% | 15.000 | 2% | 0 | 0% |
| Others | 28.500 | 1% | 7.500 | 1% | 21.000 | 1% | 28.500 | 3% | 7.500 | 1% | 21.000 | 1% |
| Total Volume (tons) | 2.172.500 | 100% | 752.500 | 100% | 1.420.000 | 100% | 1.062.500 | 100% | 527.500 | 80% | 535.000 | 38% |

- For General Imports to Iceland Samskip is holding 40% market share (130.000 MT of anodes is included in the import volumes of Eim skip)
- For Fish Export from Iceland Samskip is holding 42% market share

6428. Einnig kemur fram hvernig Samskip telji að markaðurinn fyrir sjóflutninga muni þróast til og með árinu 2014:



- Import to Iceland
 - Slow improvement of economy
 - Project cargo for Helgúvik
 - The Helgúvik smelter in operation 2013

- Export from Iceland
 - Helgúvik production 150 k tons pa in 2013
 - Containerized Elkem volume to increase from 40k to 90k tons till 2013
 - Fishing quota to reach the 2009 volume by 2014

- Import to Faro Islands
 - Stable market assumed
 - With current low market rates the focus is on keeping current market share only

- Export from Faro Islands
 - Stable market assumed
 - No changes in market share expected with the current rotating sailing schedule

- Market Share
 - Elkem and Alcoa assumed to remain with Samskip
 - Alcan with Nesskip
 - Norðurál / Grundartangi with Eimskip
 - Helgúvik with competitors
 - Market share other wise in line with current status

6429. Samkvæmt þessari og öðrum glærum í kynningunni lögðu Samskip það til grundvallar að viðskipti Samskipa og Eimskips við stóriðjuver yrðu með óbreyttu sniði og að markaðshlutdeild fyrirtækisins í áætlunarsiglingum yrði einnig óbreytt fram til ársins 2015.
6430. Í glærum nr. 57 og áfram er fjallað um stöðu Samskipa í landflutningum hér á landi. Er þar lýst landflutningaleiðum fyrirtækisins og fjallað um keppinauta. Kemur fram það mat að Samskip séu með 38% markaðshlutdeild á heildarmarkaðnum fyrir landflutninga, Eimskip með 37%, Íslandspóstur með 15%, „aðrir farmflytjendur“ með 5% og sendibílar með 5%.
6431. Í glæru nr. 99 er heildarniðurstaðan dregin saman:



- ✓ Customer portfolio to remain unchanged – defending the largest key-accounts and pricing levels
- ✓ No major developments in volumes - market forecasted to grow gradually from 2010-2014 through the introduction of Helguvík project and minor growth in heavy industries and other
- ✓ Samskip's overall volumes in 2014 forecasted at 920t tons against 842t in 2010 whereof import grows from 154t in 2010 to 164t in 2014.
- ✓ Sailing system assumed to remain unchanged – charter costs to fluctuate in line with T/C spot market once current Charters run out
- ✓ T/C spot market rates are expected to increase from the current 2010 rates by 80% in 2011 and stabilise after that at a 11% lower rate in 2012 – 2014
- ✓ Bunker cost and BAF unit rates assumed to be on level with the 2010 budget throughout 2014
- ✓ Other cost and revenues to increase by 2,3/ 2,6 / 2,5 / 2,4% p.a. respectively
- ✓ Indirect expenses to remain in line with budget 2010 including support division overhead costs. Salaries to increase by an annual 3,5% with number of FTE's remaining unchanged.

6432. Samkvæmt öllu framansögðu undirbjó **(S)forstj** stefnumótunaryvinnu m.a. með því að velta upp samstarfi við Eimskip. Samkeppniseftirlitið telur þetta og umfjöllunina í stefnumótunarglærunum endurspeglar markmið „Nýtt upphaf“ verkefnisins og hið ólögmeða samráð á þessum tíma.
6433. Hér ber fyrst að líta til þess að glærunar staðfesta að Samskip og Eimskip höfðu samanlagt yfirburðastöðu í sjóflutningum. Í glæru nr. 35 kemur t.d. fram að fyrirtækin hefðu samanlagt 95% markaðshlutdeild í innflutningi (þegar stóriðja er ekki talin með). Einnig er því lýst í glærunum að fyrirtækin hafi sameiginlega afar sterka stöðu í landflutningum.
6434. Sem fyrr segir voru í glærunum hugsanlegar ógnir á markaði fyrir sjóflutninga m.a. taldar felast í því að umfram flutningsgeta hjá Eimskip myndi leiða til verðsamkeppni en eins og lýst hefur verið leiddi umfram flutningsgeta til mikillar verðsamkeppni annars staðar í Evrópu í kjölfar fjármálakreppunnar. Í glærunum kemur einnig fram sú mögulega ógn að einyrkjar í landflutningum geti hindrað „ró“ eða „jafnvægi“ á landflutningamarkaði og það leitt til lægra verðs. Samkvæmt þessu voru ekki taldar líkur á því að Eimskip myndi auka eða hefja verðsamkeppni í landflutningum.
6435. Þessi umfjöllun í glærum **(S)forstj** er m.a. í samræmi við framangreinda viðskiptaáætlun **(E)rekstj-aksturst** frá 10. desember 2009. Þar kemur fram að það séu einyrkjar í landflutningum frekar en Samskip sem muni veita Eimskip samkeppni og í raun sé ekki verðsamkeppni milli Samskipa og Eimskips. Hér vísast einnig til minnisblaðs **(E)rekstj-aksturst** frá 14. desember 2009 sem sýnir að Eimskip taldi ekki vera fyrir hendi verðsamkeppni við Samskip í landflutningum, sbr. kafla 14.8.2. Þá sýnir tölvupóstur **(E)svæðisstj1** til m.a. **(E)frkvstj-innanl** frá 16. júní 2009 fram á hið sama og framangreind gögn, sbr. kafla 14.9.1.
6436. Þrátt fyrir framangreindar mögulegar ógnir lögðu Samskip til grundvallar að á árunum 2010–2014 yrði engin breyting á viðskiptavinum fyrirtækisins og þannig yrði slegin skjaldborg um stærstu



viðskiptavini og verð til þeirra: „Customer portfolio to remain unchanged – defending the largest key-accounts and pricing levels“

6437. Með því að keppa ekki um mikilvæga viðskiptavini væri með öðrum orðum unnt að halda uppi verði gagnvart þeim. Byggði (S)forstj á þessum sjónarmiðum jafnvel þótt í glærunum komi fram að fyrir hendi væri ónýtt flutningsgeta í bæði áætlunarsiglingum og landflutningum. Aðrar glærur eru í samræmi við þetta og er t.d. lýsandi að samkeppni við einyrkja (en ekki Eimskip) í landflutningum var sögð geta ógnað jafnvægi á markaðnum og leitt til lægra verðs. Eru þessar glærur í samræmi við þær áherslur sem koma fram í gögnum Eimskips frá þessum tíma og endurspeglu hina ólögmætu markaðsskiptingu, sbr. kafla 14.21.
6438. Hefur það umtalsverða þýðingu í málinu öllu að stjórnendur Samskipa höfðu ekki áhyggjur af samkeppni frá Eimskip og að stjórnendur Eimskips höfðu ekki áhyggjur af samkeppni frá Samskipum. Áhyggjur að þessu leyti beindust að smærri keppinautum sem ekki voru þátttakendur í samráðsverkefninu og því ekki hluti af ólögmætu samráði Samskipa og Eimskips.
6439. Sem fyrr segir fóru (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv yfir þessa glærुकynningu á stjórnarfundi Samskipa Holding 9. febrúar 2010 undir dagskrárlíðnum „Samskip hf. Strategy“. Auk (S)forstj sátu fundinn m.a. (S)aðaleig-stjform-SH, (S)stjórnarm-fjármstj, (S)stjórnarm-S og SH, (S)frkvstj-MCL, (S)forstj-frystig og (S)stjform-S ((S)frkvstj-millilandasv kom inn á fundinn undir þessum dagskrárlíð). Í fundargerð sem afhent var Samkeppniseftirlitinu er vísað til glærुकynningarinnar en í fundargerðinni er ekki greint frá umræðum um þennan dagskrárlíð.³⁰³⁹
6440. Nokkrum dögum eftir að áður nefndur stefnumótunarfundur hjá Samskipum var haldinn sendi (S)forstj ítrekað tölvupósta til sjálfs sín. Gerði hann þetta 15., 16. og 17. febrúar 2010. Í þessum þremur tölvupóstum minnti (S)forstj sjálfan sig á ótilgreint verkefni sem tengdist Eimskip.³⁰⁴⁰
6441. Ekki hafa fundist samtímagögn sem skýra þessa ítrekuðu tilvísun (S)forstj til Eimskips í febrúar 2010. Hér ber að líta til þess að samkvæmt framangreindum tölvupóstum (S)forstj frá 20. janúar 2010 áttu (S)frkvstj-millilandasv og (S)frkvstj-innanl m.a. að velta fyrir sér auknu samstarfi við Eimskip í land- og sjóflutningum. Nauðsynlegt er í þessu samhengi að benda á ýmis samtímagögn frá janúar – febrúar 2010 sem sýna bæði yfirstandandi og mögulegt aukið samráð Samskipa og Eimskips á þessum tíma.
- Samstarf Samskipa og Eimskips í sjóflutningum jókst verulega í kjölfar samskipta (E)frkvstj-sala/bj og (S)frkvstj-Jóna í nóvember 2009, sbr. kafla 16. Varð það svo umfangsmikið að (S)forstö-innfl1 þótti nóg um og lagði til við (S)forstj að þessu yrði hætt en (S)forstj varð ekki við því.
 - Samskip og Eimskip voru sammála þann 13. janúar 2010 um að hefja undirbúning að skýrari ramma um gámasamráð fyrirtækjanna, sbr. kafla 18.
 - Glærुकynning frá árinu 2006 sem (E)frkvstj-innanl sendi (E)forstö-landfl1 þann 1. febrúar 2010. Þar er margvíslegu samráði við Samskip í landflutningum lýst, bæði sem hafi komist í framkvæmd og annað sem sé „í vinnslu“, sbr. kafla 14.21.2.
6442. Í ljósi framangreinds er líklegt að tilvísun (S)forstj til Eimskips í tölvupóstinum frá febrúar 2010 vísi til aukins samstarfs við það fyrirtæki eða möguleika á slíku.

³⁰³⁹ Afhent skjal frá Samskipum. Afhent 10.03.2017. „2010-03 Minutes Samskip Holding Board 9-11 February 2010“.

³⁰⁴⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.712583. Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.713159. Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.713403.



6443. Í athugasemdum Samskipa við AII er því m.a. haldið fram að gögn sem rakin eru hér að framan séu eðlilegar greiningar og samanburður við keppinaut sem hafi reglubundið farið fram og verið hluti af eðlilegri samkeppni á markaði.³⁰⁴¹
6444. Samkeppniseftirlitið getur ekki fallist á það og vísar í því skyni til mikilvægis þess að litið sé heildstætt á gögn málsins. Virt saman fela ofangreind gögn í sér skýra staðfestingu á ólögsmætu samráði Samskipa og Eimskips. Þessum sjónarmiðum Samskipa er svarað nánar í kafla 26.19.

14.20. Almenn um mikilvæga viðskiptavinum á árinu 2010

6445. Í næsta kafla verður fjallað um gögn Samskipa og Eimskips frá janúar – mars 2010 sem endurspeglar markaðsskiptinguna á þessum tíma. Í næsta kafla þar á eftir verður fjallað um óskir tiltekinn mikilvægra viðskiptavina um tilboð frá Samskipum og Eimskip. Er þar um að ræða fyrirtæki eins og m.a. J. Rönnung, Rúmfatalagerinn, Nathan & Olsen og Íslensk Ameríska. Sýnir sú umfjöllun að Samskip og Eimskip virtu „friðinn“ þegar þessir mikilvægu viðskiptavinir báðu um betri kjör.
6446. Áður en fjallað er um þessi atriði er rétt að líta til nokkurra almennra atriða sem tengjast mikilvægum viðskiptavinum Samskipa og Eimskips á þessum tíma. Skiptir hér máli að mikilvægi þessara viðskiptavina jókst á árinu 2010 og gögnin sýna að Samskip reyndu að gæta þess vel að mikilvægum viðskiptavinum Eimskips yrðu ekki gefin samkeppnishæf tilboð. Þá verður í þessum kafla gerð grein fyrir frekari gögnum sem sýna að það var skýr stefna hjá Samskipum og Eimskip að hækka verð gagnvart eigin mikilvægum viðskiptavinum. Þá er útskýrt að „friðurinn“ hélt á árinu 2010 sem m.a. fólst í því að enginn mikilvægur viðskiptavinur fór milli fyrirtækjanna. Verður nú vikið nánar að þessu.

14.20.1. Mikilvægi stórra viðskiptavina eykst

6447. Í forsendum rekstraráætlunar Samskipa fyrir árið 2010 kemur fram að vægi stórra viðskiptavina myndi aukast. Þannig gerðu Samskip ráð fyrir samdrætti í magni hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum en magn hjá stærri viðskiptavinum yrði svipað og áður.³⁰⁴² Þá kom einnig fram í forsendum í umræddri rekstraráætlun Samskipa að bæði Eimskip og Samskip væru á þessum tímamarki með ónýttu flutningsgetu í innflutningi í skipum til Íslands.
6448. Samkeppniseftirlitið telur rétt að horfa til framangreinds við mat á markaðsskiptingu Samskipa og Eimskips, sem fólst í því að þau kepptu ekki um mikilvæga viðskiptavinum hvors annars. Þannig skiptu fyrirtækin á milli sín viðskiptavinum sem voru helstu tekjulindir fyrirtækjanna. Vegna minni samdráttar í magni hjá stærri viðskiptavinum var vægi þeirra viðskiptavina jafnvel meira en áður fyrir rekstur fyrirtækjanna. Undir eðlilegum kringumstæðum hefði þetta átt að skapa enn meiri hvata fyrir Eimskip og Samskip til að keppa og ná til sín í viðskipti fleiri mikilvægum viðskiptavinum. Það gerðist ekki og markaðsskiptingin hélt. Breytti engu þótt fyrirtækin væru á sama tíma að kvarta yfir ónýttu flutningsgetu í innflutningi með skipum til landsins.³⁰⁴³
6449. Að mati Samkeppniseftirlitsins rennir framangreint frekari stoðum undir önnur gögn málsins sem talin eru sýna ólögsmæta markaðsskiptingu Samskipa og Eimskips.
6450. Hér ber einnig að líta til þess að þann 14. janúar 2010 sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv með heitinu „Stærstu viðskiptavinir innflutningsdeilda“.³⁰⁴⁴ Þar sagði:

„Hér er áhugaverður listi. Þetta er listi yfir 20 stærstu kúnna Samskipa í innflutningi árið 2009 raðað eftir sjófrakt. Þarna er búið að setja tengd félög saman. Áhugavert er t.d. að sjá að OJK er 6 stærsti

³⁰⁴¹ Sjá mgr. 927-928 í athugasemdum Samskipa við AII.

³⁰⁴² Sjá einnig afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Kynning á áætlun 12 okt 2010 vs.2“. Fannst vistuð á sameiginlegu tölvudrifi Samskipa, síðast vistað 12.10.2009. Á glæru nr. 3 er fjallað um „Forsendur“, þar stendur m.a. eftirfarandi: „Vægi stærri viðskiptavina eykst“.

³⁰⁴³ Bls. 4 í rekstraráætluninni.

³⁰⁴⁴ Sbr. t.d. ummæli [...] á fundi 8. nóvember 2009 um að ekki ætti að lækka verð heldur frekar að „hífa upp“ verð. Jafnframt kom fram í fundargerðinni að magn „í skipum mætti vera meira“.

³⁰⁴⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.695362.



kúnninn okkar. Athugið að Abitibi og Norske Skog eru í rauninni of ofarlega á þessum lista þar sem þeir eru með All in verð, ættu líklega að vera ca 10 sætum neðar.“

6451. Listinn yfir þessa mikilvægu viðskiptavinum var eftirfarandi:

| | |
|------|-------------------------------|
| 0 A | Jónar Transport hf |
| 1 A | NATHAN & OLSEN H.F. |
| | Ekran ehf |
| 2 A | Húsasmiðjan hf |
| 3 A | Vífilfell hf |
| 4 A | Kaupás hf |
| | Byko |
| | Intersport - Byko |
| | Húsqaqnahöllin - Byko |
| 5 A | Íslensk Ameríska Versifél ehf |
| | MEKKA WINE S & SPIRITS |
| 6 A | Ó Johnson & Kaaber |
| | Sælkeradreifing ehf |
| | Nýja Kaffibrennslan ehf. |
| | Eirberg ehf |
| | Vilko ehf |
| | Búbót ehf |
| 7 A | Olíuverzlun Íslands |
| 8 A | Rúmfatalagerinn |
| | Ilva ehf. |
| | Pier ehf |
| 9 A | ABITIBI-CONSOLIDATED COMPANY |
| 10 A | Elkem á Íslandi |
| 11 A | Garni ehf |
| 12 A | Norske Skog |
| 13 A | Rekstrarvörur |
| 14 A | ALCOA FJARDAAL |
| 15 A | N1 HF |
| 16 A | Heimilistæki ehf |
| | Sjónvarpsmistöðin ehf. |
| | Einar Farestreit og Co hf |
| 17 A | Karl K Karlsson |
| 18 A | Plastco ehf |
| 19 A | Málmtækni sf |
| 20 A | Fóðurblandan hf. |

6452. Samkvæmt framangreindum lista (S)forstö-innfl1 frá 14. janúar 2010 voru m.a. Nathan & Olsen, Íslensk-Ameríska (ÍSAM), Húsasmiðjan, Ó. Johnson & Kaaber og Rúmfatalagerinn í hópi stærstu viðskiptavina innflutningsdeildar Samskipa.

14.20.2. Mikilvægir viðskiptavinir fóru ekki á milli á árinu 2010

6453. Hér ber að horfa til þess að árið 2010 voru lausir flutningasamningar hjá mikilvægum viðskiptavinum Samskipa og Eimskips. Þar að auki var ekkert sem bannaði Samskipum og Eimskip að gefa mikilvægum viðskiptavinum hvors annars samkeppnishæf tilboð þótt samningur væri ekki laus.

6454. Gögn málsins sýna hins vegar að á árinu 2010 var engin tilfærsla á mikilvægum viðskiptavinum milli Samskipa og Eimskips. Umfjöllunin hér á eftir um atvik á árinu 2010 er í samræmi við þetta. Samtímagögnin sýna t.d. að Eimskip virti markaðsskiptinguna þegar Rúmfatalagerinn óskaði í febrúar



2010 eftir tilboði frá Eimskip. Hið sama gerðu Samskip t.d. í febrúar 2010 þegar mikilvægur viðskiptavinur Eimskips, J. Rönning hf., óskaði eftir tilboði.

6455. Önnur samtímagögn frá árinu 2010 eru einnig í samræmi við þetta. Þann 1. mars 2010 var haldinn framkvæmdastjórafundur hjá Eimskip. Slíka fundi sátu að jafnaði (E)forstj, (E)frkvstj-sala/bj, (E)frkvstj-innanl, (E)frkvstj-alþjv o.fl. Í afhentum glærum frá fundinum er fjallað um hvaða viðskiptavinir hefðu ýmist hafið eða hætt viðskiptum við Eimskip næstu þrjá mánuði á undan, sbr. glæru nr. 10. Engir af þeim viðskiptavinum voru stórir.³⁰⁴⁵ Samkvæmt skjali (E)forstö-innfl frá 26. mars 2010 hafði enginn stór viðskiptavinur komið eða farið frá Eimskip á árinu 2009 og til mars 2010.³⁰⁴⁶ Eina undantekningin var Nathan & Olsen sem samdi við Samskip í byrjun febrúar 2009.

14.20.3. Hækkun á verði gagnvart mikilvægum viðskiptavinum

6456. Gögn frá árinu 2009 og upphafi árs 2010 og áfram sýna að Samskip og Eimskip hafi litið svo á að „friður“ myndi ríkja milli þeirra á árinu 2010. Þau myndu halda sínum viðskiptavinum og geta hækkað verð m.a. gagnvart þeim. Samkeppni í landflutningum væri helst að óttast frá „einyrkjum“ og huga skyldi að auknu samstarfi fyrirtækjanna. Kemur að þessu leyti fram sama áhersla og vissa hjá báðum fyrirtækjunum.

6457. Þetta gekk eftir. Sem fyrr segir fóru mikilvægir viðskiptavinir ekki á milli Samskipa og Eimskips á árinu 2010. Eftirfarandi umfjöllun sýnir að fyrirtækin náðu á árinu 2010 fram verðhækkun gagnvart mikilvægum viðskiptavinum. Gagnlegt er hér að rifja upp að í athugasemdum Samskipa og Eimskips í málinu er því lýst með skýrum hætti að m.a. á árinu 2010 hafi ekki verið keppt um mikilvæga viðskiptavini og verð hækkað ítrekað:

- Bæði Eimskip og Samskip hafi breytt háttsemi sinni á sjó- og landflutningamarkaði í kjölfar efnahagshrunsins í október 2008. Hafi bæði fyrirtækin „á þessum viðkvæma tíma kjölfar efnahagskreppunnar ákveðið að reyna að halda þáverandi viðskiptavinum sínum, verja markaðshlutdeild og ná fram verðhækkunum, hvort í sínu lagi“, sbr. mgr. 770 í athugasemdum Eimskips við AI. Vísast hér einnig til mgr. 723, 752 og 786 í athugasemdunum.
- Eimskip hafi haldið framangreindri stefnu um að hækka verð og keppa ekki við Samskip um mikilvæga viðskiptavini á árunum eftir hrunið. Í umfjöllun um t.d. atvik á árinu 2011 segir: „Eimskip hélt sig við sína stefnu að einbeita sér að sínum viðskiptavinum, markvisst hækka verð og keppast um viðskipti við litla og meðalstóra viðskiptavini“, sbr. mgr. 770 í athugasemdum Eimskips við AI.
- Samskip hafi lagt áherslu á að hækka verð og forðast verðsamkeppni við Eimskip, sbr. mgr. 474 og 1397 í athugasemdum Samskipa við AI. Verðhækkanir hafi á þessum tíma verið óhjákvæmilegar, sbr. mgr. 1169 í athugasemdum Samskipa við AI.
- Samskip hafi tekið ákvörðun um að sækja ekki á stóra viðskiptavini Eimskips eftir að fyrirtækið jók markaðshlutdeild sína í upphafi árs 2009, sbr. mgr. 1022 í athugasemdum Samskipa við AII.
- Markaðsgerðin hafði þau áhrif að „stórir viðskiptavinir fóru í minna mæli milli fyrirtækjanna en Samkeppniseftirlitið virðist telja eðlilegt“, sbr. mgr. 1167 í athugasemdum Samskipa við AI.
- Stjórnendur Samskipa og Eimskips hafi gert sér grein fyrir því að verðstríð myndi hafa „geigvænleg áhrif“ á fyrirtækin. Ljóst sé að rekstur fyrirtækjanna „á þessum tíma hefði ekki þolað verðlækkunir. Þetta eru staðreyndir um aðstæður og eðli markaðarins sem stjórnendur gerðu sér

³⁰⁴⁵ Enginn af þessum viðskiptavinum var meðal 50 stærstu innflutningsaðila hjá Eimskip árið 2010. Afhent skjal frá Eimskip. Afhent þann 23.03.2015, fskj. nr. 5. „Fskj. 5. 50 stærstu“.

³⁰⁴⁶ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. Heimasvæði [...]. „Náð vs Misst.xlsx“, vistað þann 26.03.2010, kl. 10:31. Doc. ID. 0.7.33.75308. [...] Doc. ID. 0.7.33.238179. [...].



vitanlega grein fyrir. Af þessum sökum er eðlilegt að fyrirtækin hafi veigrað sér við að fara mjög hart fram í sókn í nýja viðskiptavinum", sbr. mgr. 1389 í athugasemdum Samskipa við AI.

- Samskip hafi leitað leiða til að auka framlegð með „verðhækkunum og kostnaðarlækkunum og sækja í minni viðskiptavinum, sem gæfu af sér hærrí framlegð. Samskipum var það fullljóst að félagið myndi tapa í verðstríði við Eimskip, enda hafði Eimskip ótvíræða kostnaðarlega yfirburði og var ráðandi aðili á markaðnum. Samskip neyddust því til að treysta á „ró“ á markaðnum, í stað þess að ráðast í fyrirfram tapað verðstríð“, sbr. mgr. 1393 í athugasemdum Samskipa við AI.
- Samskip hafi lagt áhersla á að „verja fenginn hlut og leita leiða til að auka enn frekar framlegð með verðhækkunum og kostnaðarlækkunum, auk þess að sækja viðskipti til minni viðskiptavina“, mgr. 1393 í athugasemdum Samskipa við AI.

6458. Samskip taka hins vegar fram að framangreindur skortur á samkeppni gefi ekki til kynna að ólögmeæt samráð hafi ríkt milli fyrirtækisins og Eimskips. Ástæða þess að verð hækkaði og ekki var keppt um mikilvæga viðskiptavinum hafi verið markaðsgerðin hér á landi. Eimskip hefur hins vegar viðurkennt að hafa átt í alvarlegu ólögmeætu samráði við Samskip á m.a. árinu 2010.

6459. Verðhækkunarir Samskipa og Eimskips voru bæði í formi herra samningsverðs í endurnýjuðum samningum við mikilvæga viðskiptavinum og almennra hækkana á gjaldskrá. Ber að horfa til þess að hækkunarir á gjaldskrá Eimskips og Samskipa höfðu ekki bara áhrif á einstök viðskipti (spot), því að dæmi eru um að mikilvægir samningsbundnir viðskiptavinir þeirra voru með samningsákvæði sem kvað á um að flutningafyrirtækjunum væri heimilt að hækka samningsverðið ef almenn gjaldskrá þeirra myndi hækka.

6460. Vísbendingar eru um að Eimskip og Samskip hafi farið markvisst og skipulega í þessar hækkunarir á „samningskúnum“ um leið og þau kynntu gjaldskrárhækkunarir í janúar 2010. Hjá sjóflutningsdeild Samskipa var talað í innanhússgögnum um „massa-hækkun“ á umrædda „samningskúnum“ („4% hækkun á innanlandsakstri, þjónustugjöldum á Íslandi og þjónustugjöldum erlendis“). Náði hækkunin samkvæmt þeim gögnum til t.a.m. Brims, HB Granda, Ísfélags Vestmannaeyja, Icelandic, Promens, Skinneyjar, Vísis, Vinnslustöðvarinnar, Ögurvíkur og margra annarra.³⁰⁴⁷ Í mánaðarskýrslum landflutninga Eimskips á árinu 2010 var rætt um að verðhækkun á stóra viðskiptavinum Eimskips hefði gengið vel, sbr. kafla 14.21.2.

6461. Önnur gögn málsins eru í samræmi við þetta og sýna mikla áherslu á verðhækkun gagnvart mikilvægum viðskiptavinum. Má hér sem dæmi nefna glærुकynningu (S)frkvstj-millilandasv vegna fundar hans með starfsmönnum millilandasviðs Samskipa sem haldinn var í Borgarnesi 8. maí 2010. Voru þetta starfsmenn sem komu að bæði inn- og útflutningi Samskipa.

6462. Í umfjöllun um innflutningssvið Samskipa kemur fram að flutningamagn Samskipa sé í „takt við ætlun“ fyrir árið 2010 og „síðustu 3 vikur hafa verið góðar“.

6463. Um helstu áherslur framundan hjá Samskipum segir þetta:³⁰⁴⁸

³⁰⁴⁷ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „1_JAN 11 2010.xls“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.939499. Icelandic er umfangsmikill kaupandi á flutningsþjónustu fyrir fisk og fiskafurðir. Icelandic var með samning við Eimskip í landflutningum frá áramótum 2008/2009. Eimskip hækkaði verð hjá Icelandic með hækkun gjaldskrárinnar í janúar árið 2010. Icelandic kvartaði strax til Eimskips í sama mánuði, þar sem fram kemur að Icelandic geti ekki sætt sig við „svona einhliða ákvarðanir“ og viðskiptavinurinn geti ekki hækkað verð á þeirra vörum til að dekkja flutningshækkunarir. Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.378262, sbr. einnig samskipti [...] Doc. ID. 0.7.33.170849.

³⁰⁴⁸ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Borgarnes – heildarkynning.pptx.“. Fannst vistað í tölvugögnum [...], síðast vistað 08.05.2010, kl. 09:54. Glærur 62 og 63. Doc. ID. 0.7.33.30666.



Helstu áherslur framundan

- Hækkun á einingaverðum, sérstaklega í ákveðnum samningum
- Endurnýjun samninga, nokkrir stórir lausir í haust
- Passa upp á litla og meðalstóra viðskiptavinum
- Fylgjast vel með markaðnum
 - Nýjir eigendur að fyrirtækjum
 - Sameining fyrirtækja
 - Gjaldprot
- Ná í sem mest af one-off flutningum

SAMSKIP

6464. Er þessi umfjöllun í glærunum í samræmi við önnur gögn málsins um samráð Samskipa og Eimskips á þessum tíma. Hér ber að hafa í huga að nokkrum dögum áður (4. maí 2010) hafði (S)forstj lýst því yfir í tölvupósti til m.a. (S)forstö-innfl1 að Samskip þyrfti að vera;

„harðari á þessa stóru kúnna og lyfta verðum enn og frekar upp - og skulum gera í næstu lotum.“

6465. Að mati Samkeppniseftirlitsins er ljóst að það var ólögmat markaðsskipting Samskipa og Eimskips sem leyfði stefnu sem byggði m.a. á því að hækka verð, ekki síst gagnvart eigin mikilvægum viðskiptavinum.

6466. Hér ber einnig að rifja upp tölvupósta sem (S)forstö-innfl1 sendi til (S)forstö-landfl og (S)viðskstj1 í nóvember 2009. (S)forstö-landfl spurði (S)forstö-innfl1 hvort innflutningsdeild Samskipa hygðist reyna að ná mikilvægum viðskiptavinum Eimskips (IKEA) í viðskipti til sín. (S)forstö-innfl1 svaraði:

„Samningur þeirra við Eimskip er uppsegjanlegur um áramót með 6 mánaða fyrirvara. Ikea menn ætla að segja honum upp.“

Við reyndum við Ikea síðast og ég geri ekki ráð fyrir að reyna við þá næsta sumar.

Markmiðið hjá innflutningi er að hækka verð á núverandi kúnna, s.s. Rúmfó, Húsa og ÍSAM.“

6467. (S)viðskstj1 greindi (S)forstö-innfl1 frá því að annar mikilvægur viðskiptavinur Eimskips (Aðföng) óskaði eftir tilboði í flutninga. (S)viðskstj1 var sagt að spila þetta „strategískt“ gagnvart Aðföngum. Útskýrði (S)forstö-innfl1 fyrir honum að ef Samskip myndu ekki bjóða Aðföngum „of lág verð“ þá myndi fyrirtækið ekki „hræra í þessu“. Eimskip gæti þá hækkað verð gagnvart Aðföngum og Samskip gætu hækkað verð gagnvart Nathan & Olsen. Ef það yrði hins vegar „hrært í þessu“ gæti Eimskip séð sig knúð til að „spilla fyrir“, þ.e. hindrað verðhækkunir Samskipa gagnvart Nathan & Olsen.

6468. Til viðbótar liggur nú fyrir að Samskip hrintu í framkvæmd framangreindum áformum sínum. Hér skal bent á þá stefnumörkun sem fram kemur í gögnunum sem vísað er til m.a. í kafla 14.9.4. Þá sýna gögn málsins að á árinu 2010 hafi Samskip einbeitt sér að því að hækka verð gagnvart



umræddum mikilvægum viðskiptavinum, jafnvel með blekkingum. Einnig sýna gögnin að sumir þessara viðskiptavina voru óánægðir með það sem þeir töldu vera afar miklar hækkningar á þjónustu Samskipa. Skal þessu og öðrum atvikum málsins lýst nánar í næstu köflum hér á eftir.

6469. Eins og rökstutt hefur verið endurspegla þessi gögn markaðsskiptingu Eimskips og Samskipa og ólöglegt samráð þeirra.
6470. Þá hefur Eimskip gengist undir sátt við Samkeppniseftirlitið þar sem fyrirtækið viðurkennir að hafa átt í ólöglegu samráði við Samskip. Með umræddri sátt hefur Eimskip nánar tiltekið viðurkennt að hafa brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga og 53. gr. EES samningsins með því að hafa, í samráði við Samskip, m.a. takmarkað flutningsgetu í sjóflutningum til og frá Íslandi og skipt mörkuðum eftir stærri viðskiptavinum í sjó- og landflutningum.

14.20.4. Aðgerðir Samskipa til að tryggja „friðinn“

6471. Forsenda þess að ná árangri við að hækka verð eða vinna gegn verðlækkunum var að Samskip og Eimskip myndu virða hina ólöglegu markaðsskiptingu. Ella skapaðist hætta á hefndaraðgerðum og verðstríði. Vissa um að „rö“ ríkti á markaðnum myndi hverfa og við myndi taka óvissa um hegðun helsta keppinutarins og þar með aukin samkeppni.
6472. Gögn málsins sýna að reynt hafi verið að tryggja „friðinn“ með ýmsum aðgerðum.
6473. Hér er gagnlegt að rifja upp eftirfarandi gögn frá árinu 2009:
- Í mars 2009 kom fram í gögnum frá (S)forstö-innfl1 að stefna Samskipa gagnvart stærri viðskiptavinum í innflutningi væri þessi; „*ekki sækja, hækka verð*“.
 - Í skjali frá Samskipum frá maí 2009 var vísað til fyrirmæla (S)forstö-innfl1 til viðskiptastjóra fyrirtækisins í innflutningsdeild um að ekki mætti hafa samband við „*samningsbundna*“ viðskiptavini Eimskips, sbr. kafla 14.2.
 - Í júní 2009 gaf (S)forstj eftirfarandi fyrirmæli: „*missa ekki neitt, halda öllu sem við höfum ekki sækja heldur á ný mið.*“
 - Í október sama ár var að störfum hjá Samskipum svonefndur „*kreppuhópur*“. Í hópnum sátu lykilstjórnendur Samskipa og höfðu þeir áhyggjur af því að fyrirtækið væri ekki að virða markaðsskiptinguna við Eimskip. Nánar tiltekið höfðu stjórnendur Samskipa áhyggjur af þessu:
 - o Hafa Samskip verið að koma í veg fyrir verðhækkningar?
 - o Eru Samskip sá „*aðili á markaðnum sem ekki er hægt að treysta*“?
 - o Er mögulegt að Samskip hafi „*komið í veg fyrir að friður komist á*“?
6474. (S)forstö-innfl1 átti sæti í áður nefndum „*kreppuhópi*“. Gögn málsins sýna að í lok janúar og í febrúar 2010 skipulagði hann vinnu innan deildar sinnar sem að mati Samkeppniseftirlitsins miðaði að því að tryggja „*friðinn*“ við Eimskip.
6475. Þannig má sjá í afrituðum gögnum að (S)forstö-innfl1 hafi unnið í skjölum um viðskiptavinum innflutningsdeildar, söluhegðun á markaði og target-lista Samskipa (síðu sem heitir „*Eimskip*“). Vistaði hann þann 28. janúar 2010 glærुकyningu með heitinu: „*Sölustarf innflutningsdeildar 2010*“.³⁰⁴⁹ Þann 16. febrúar 2010 vistaði (S)forstö-innfl1 nýja útgáfu af umræddri

³⁰⁴⁹ Afrituð tölvuskjöl frá Samskipum. Heimasvæði [...] dags. 28.01.2010. „*Target listi Samskip – agúst 2009.xls*“, vistað kl. 00:19; „*Aðgerðir gegn minnkandi magni 2008 – INNF.xls*“, vistað kl. 00:23; „*Target listi maí 2008 – Eimskip og Atlantsskip.xls*“, vistað kl. 00:24; „*Viðskiptavinir innfl 2009 – abc greining.xls*“, vistað kl. 00:27; „*Target listi Samskip – agúst 2009.xls*“, vistað kl. 00:28 og „*Sölustarf innflutningsdeildar 2010.ppt*“, vistað kl. 00:38. Doc. ID. 0.7.33.14356 / 0.7.33.17040 / 0.7.33.16912 / 0.7.33.16233 / 0.7.33.14053 / 0.7.33.14067 / 0.7.33.19743.



glærुकynningu.³⁰⁵⁰ Hér ber einnig að líta til þess að þann 28. janúar 2010 sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til verkefnastjóra í markaðsdeild hjá Samskipum með heitinu „Viðskiptavinir samkeppnisaðila í GoPro“. Þar fjallaði (S)forstö-innfl1 um upptöku á nýju fyrirkomulagi innan innflutningsdeildar Samskipa með því að merkja og skilgreina „Potential kúnna“ Eimskips („Flokkur P“) í miðlægu tölvukerfi Samskipa (skjalavistunarkerfið GoPro).³⁰⁵¹

6476. Í þessari vinnu (S)forstö-innfl1 fólst m.a. ráðagerð og fyrirmæli um það hvort eða hvernig undirmenn hans (viðskiptastjórar innflutningsdeildar) gætu með samkeppnisaðgerðum reynt að ná viðskiptavinum frá Eimskip í viðskipti hjá Samskipum. Er augljóst að ef kappsamir viðskiptastjórar byggju við mikið sjálfstæði gætu þeir með hagstæðum verðtilboðum til mikilvægra viðskiptavina Eimskips ógnað „friðnum“. Frá sjónarhóli þeirra sem vildu vernda samráðið við Eimskip var skynsamlegt að hafa eftirlit með aðgerðum viðskiptastjóra.

6477. Í umræddri glærुकynningu (S)forstö-innfl1 frá 16. febrúar 2010 höfðu bæst við m.a. eftirfarandi glæur um viðskiptavinum Eimskips. Eins og sjá má kemur m.a. fram að einn flokkur viðskiptavina hjá Samskipum væri „P viðskiptavinir“, sem væru viðskiptavinir „hjá samkeppnisaðila“. Á annarri glæru kemur fram að í Go Pro kerfi væru viðskiptavinir samkeppnisaðilans skráðir sem;

„heitbundnir Eimskip“

Flokkaskipting viðskiptavina

- **A viðskiptavinir**
 - Sjófrakt > 80.000 EUR 2009
 - 21 Samningar + Jónar
 - 38 fyrirtæki
 - 62,2% af sjófrakt
- **B viðskiptavinir**
 - Sjófrakt > 15.000 EUR 2009
 - 68 Samningar
 - 72 fyrirtæki
 - 20,2% af sjófrakt
- **C viðskiptavinir**
 - Sjófrakt > 3.000 EUR 2009
 - 157 fyrirtæki
 - 9,2% af sjófrakt
- **D viðskiptavinir**
 - Restin
- **U viðskiptavinir**
 - Útflutningur
- **Búsióðir**
- **P viðskiptavinir**
 - Viðskiptavinir hjá samkeppnisaðila

samskip¹⁵

³⁰⁵⁰ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Sölustarf innflutningsdeildar 2010 vs 2“, glæra 15. Fannst vistað á sameignardrifi Samskipa (Innflutningsdeild/Samskip), dags. 16.02.2010.

³⁰⁵¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.798861.



Viðskiptavinir samkeppnisadlu

- Skráning
 - Haldlög utan um í Excel
 - Vistað undir S:\Innflutningsdeild\Almennt efni\Funnellistar\2010
 - Munum hætta að halda utan um í Excel
 - Allir skráðir á viðskiptastjóra í Go Pro
 - Skráðir sem “heitbundir Eimskip”
 - Áætlað flutt magn skráð
 - Velta skráð

samskip

6478. Líkt og fjallað hefur verið um tók markaðsskipting Eimskips og Samskipa til fárra en mikilvægra viðskiptavina fyrirtækjanna. Hið ólögsmæta samráð var því tiltölulega einfalt í framkvæmd. Framangreind gögn eru hér nefnd í dæmaskyni um hversu hæglega æðstu stjórnendur gátu skipulagt og komið því til leiðar að undirmenn þeirra héldu sig við samráðið, sem fólst m.a. í markaðsskiptingu mikilvægara viðskiptavina. Undirmenn, í þessu tilviki innan Samskipa, gátu með miðlægum hætti séð hvaða viðskiptavini Eimskips mætti hafa samband við og sækja á og hverja ekki.

6479. Gögn málsins sýna og að (S)forstö-innfl1 leit ekki við viðskiptavinum sem voru „heitbundnir“ Eimskip. Sést þetta m.a. skýrt í umfjöllun í kafla 14.22 um ítrekaðar beiðnir mikilvægs viðskiptavinar Eimskip (J. Rönning hf.) um tilboð frá Samskipum.

14.21. Gögn frá janúar – mars 2010 endurspeglar markaðsskiptinguna

6480. Í þessum kafla verður gerð grein fyrir ýmsum gögnum Samskipa og Eimskips frá janúar til og með mars 2010. Eru þetta m.a. gögn sem sýna sömu áherslur hjá þessum fyrirtækjum; hækka átti verð m.a. gagnvart eigin mikilvægum viðskiptavinum og ekki reyna með samkeppni að ná til sín mikilvægum viðskiptavinum hvors annars. Virt saman með öðrum gögnum sýna þessi gögn að fyrirtækin virtu hina samfelldu ólögsmætu markaðsskiptingu. Hér er t.d. átt við atvik í janúar – febrúar 2010 þegar J. Rönning óskaði eftir tilboði frá Samskipum en Samskip virtu markaðsskiptinguna. Eimskip virti einnig markaðsskiptinguna þegar mikilvægur viðskiptavinur Samskipa (Rúmfatalagerinn) óskaði eftir tilboði, sbr. umfjöllun um m.a. tilboð Eimskips frá mars 2010 í kafla 14.34.

14.21.1. Hörð samkeppni í nágrannaríkjum

6481. Hinn mikli munur á samkeppnisaðstæðum á annars vegar íslenska flutningamarkaðnum og hins vegar á flutningamörkuðum í öðrum Evrópulöndum þar sem systurfélög Samskipa hf. störfuðu hefur þýðingu í þessu máli.



6482. Fyrir liggur mat Samskipa á rekstri fyrirtækisins og markaðsaðstæðum á árinu 2009. Sýna fundargerðir Samskipa Holding á árinu 2009 og önnur gögn málsins að á mörkuðum annars staðar í Evrópu leiddi samdráttur í eftirspurn sem fylgdi efnahagskreppunni til þess að kaupendur á flutningsþjónustu sýndu aukið aðhald og kröfðust betri kjara. Flutningamagn fór minnkandi, samkeppni jókst og flutningafyrirtæki brugðust við með því að lækka verð og freista þess þannig að halda mikilvægum viðskiptavinum eða ná til sín auknum flutningum. Vísast um þetta til kafla 14.11.3. Þetta kemur einnig skýrt fram í fundargerðum vegna funda stjórnar Samskipa Holding 7. janúar og 9. febrúar 2010.³⁰⁵² Er þar lýst mikilli samkeppni á flutningamörkuðum í öðrum Evrópuríkjum og Samskip hafi á þeim mörkuðum neyðst til þess að lækka verð verulega:

- „Market situation is still aggressive [...]“
- „[...] intensification of competition and rates continue to drop significantly [...]“
- „[...] we are still ensuring that we retain customers and we have positioned the sales force aggressively, however larger volume is extremely challenging to dislocate from competition.“
- „Revenue is 48% below budget in November. The operating margin as % of sales is positively influenced by the low ocean freight rates.“
- „[...] overall revenue being 16,4 lower than budget [...] This is 15,1% below 2008, which is completely rate reduction driven [...]“.

6483. Aðstæður á flutningamörkuðum í öðrum Evrópuríkjum, á árinu 2009 í heild sinni, voru dregnar saman með þessum hætti í fundargerðinni frá 9. febrúar 2010:

„The market situation has become increasingly competitive during 2009, as a result of reduction in demand, same or increasing capacity, as well as some of our competitors willing to retain or increase market share.“³⁰⁵³

6484. Eins og kom fram í glærum (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv á stjórnarfundi Samskipa Holding 9. febrúar 2010 var umfram flutningsgeta á markaðnum hjá Eimskip. Sama staða var uppi hjá Samskipum. Þetta og áhrif efnahagskreppunnar á Íslandi var til þess fallið, líkt og í nágrennaríkjum, að skapa hvata til aukinnar samkeppni í m.a. sjóflutningum til Íslands.

6485. Fundargerðir Samskipa Holding sýna hins vegar að á íslenska flutningamarkaðnum ríkti ekki hörð verðsamkeppni og Samskip hf. höfðu ekki áhyggjur af því að tekjur væru ekki í samræmi við áætlun. Þvert á móti var í fundargerðum Samskipa Holding á árinu 2009 ítrekað greint frá afar góðum tíðindum frá Íslandi („extremely good results from Iceland“ / „continuous good results from Iceland“) og EBITDA umfram áætlanir.

6486. Fjallað var um áætlun Samskipa hf. fyrir árið 2010 á stjórnarfundi Samskipa Holding sem haldinn var 7. janúar 2010. Á einni glæru í glærukynningu sem farið var yfir á fundinum var fjallað um markaðinn á Íslandi. Kom þar fram að kostnaður vegna leiguskipa Samskipa myndi lækka um 20% á árinu 2010. Það ásamt öðrum kostnaðarlækkunum myndi hafa jákvæð áhrif á EBITDA samstæðunnar.³⁰⁵⁴ Þessi kostnaðarhagræðing var einnig áréttuð á glæru um sjóflutninga og Ísland. Á sömu glæru sagði á hinn bóginn um verðþróun Samskipa á Íslandi:

³⁰⁵² Afhent skjal frá Samskipum. Afhent 10.03.2017. „2010-01 Minutes Samskip Holding Board Meeting 7 January 2010“. Afhent skjal frá Samskipum. Afhent 10.03.2017. „2010-03 Minutes Samskip Holding Board 9-11 February 2010“.

³⁰⁵³ Afhent skjal frá Samskipum. Afhent 10.03.2017. „2010-03 Minutes Samskip Holding Board 9-11 February 2010“.

³⁰⁵⁴ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Summary Budget 2010 – All Companies.pdf“, glæra 18 og 19. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.685954.



„Contracts rates are budgeted to be on level with present rates – There will be a strong focus on rate increases.“³⁰⁵⁵

6487. Kom þannig ekki fram í þessu gagni né öðrum gögnum sem stöfuðu frá stjórnarfundum Samskipa Holding nein óvissa eða fyrirvari um að samkeppni frá Eimskip gæti komið í veg fyrir verðhækkanir á Íslandi. Vekur og aftur athygli að á sama tíma og æðstu stjórnendur og stjórnarmenn Samskipa sáu fyrir kostnaðarhagræði við reksturinn m.a. á Íslandi þá var rík áhersla lögð á að hækka verð hér á landi og ekki að sjá að taka þyrfti tillit til samkeppnisumhverfis eins og sást skýrlega í glærugynningunum að þyrfti að gera fyrir önnur markaðssvæði í flutningum.³⁰⁵⁶ Í því samhengi verður að árétta að gögn málsins sýna að það hafi verið laus flutningsrými í skipum fyrirtækjanna sem sigldu til Íslands. Ekki er að finna umfjöllun í gögnunum um að stjórnarmenn eða stjórnendur Samskipa hefðu ætlað eða notað fyrrgreint fyrirhugað kostnaðarhagræði með einhverjum hætti til að lækka verð og sækja meira flutningamagn frá Eimskip. Þvert á móti átti að vera eins og áður segir „mikil áhersla“ á að hækka verð hér á landi.
6488. Sambærileg áhersla á verðhækkanir kom fram hjá Eimskip daginn eftir framangreindan stjórnarfund hjá Samskipum Holding 7. janúar 2010. Þann 8. janúar 2010 vistuðu bæði (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-innfl hjá sér glærugynningu með heitinu „Sölufundur 8. janúar 2010 MM“.³⁰⁵⁷ Voru þessar glærur teknar saman vegna fundar (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-innfl með viðskiptastjórum innflutningsdeildar Eimskips 8. janúar 2010.
6489. Í upphafsglæru kemur fram að kynningin fjalli um áherslur innflutningsdeildar Eimskips í upphafi ársins 2010. Á glæru um helstu áherslur og verkefni á árinu segir í upphafi að viðhalda skuli og styrkja núverandi markaðshlutdeild („Maintain and strengthen current market share (IMP+EXP)“) og síðar á sömu glæru að hámarka skuli hagnað af núverandi viðskiptavinum og starfsemi („Maximize profit of current customers and business“).
6490. Á glæru um sölustefnu 2010 (Eimskip innflutningur) er kjarninn dreginn saman í ellefu liðum. Eitt þessara atriða felst í eftirfarandi:

„Almennt ekki lækka verð – frekar hækka (halda okkur við EUR)“.

6491. Fyrirliggjandi er einnig fundargerð vegna umrædds fundar 8. janúar 2010 sem (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-innfl áttu með innflutningsdeild Eimskips. Fundargerðin ber með sér að þeir hafi gefið fyrirmæli til viðskiptastjóra um hegðun á markaði fyrir komandi ár. Áherslan ætti að vera á minni viðskiptavinum og að hækka verð. Þessu til stuðnings er vísað til eftirgreindra punkta í fundargerðinni vegna fundarins 8. janúar 2010:

- „(E)frkvstj-sala/þj fór yfir áherslur í upphafi 20[10] og hvaða breytingar á síðustu árum munu hafa á markaðinn.“

Farið yfir hvernig hlutverk viðskiptastjóra hefur breyst síðan 2007, þar sem aðal áherslan var lögð á stærri viðskiptavinum á kostnað þeirra minni. [...]

³⁰⁵⁵ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc ID. 0.7.33.685954.

³⁰⁵⁶ Hér má einnig horfa til gagna frá Eimskip. Meðal afritaða gagna frá Eimskip var minnisblað frá mars 2009 um alþjóðlegan skipamarkað, verkefnalaus skip og verðþróun árið 2009. Var minnisblaðið sagt byggt á opinberum gögnum og var m.a. sent [...]. Í fyrrgreindu minnisblaði kemur fram að gera „megi ráð fyrir að verkefnalausum skipum fjölgi á næstunni“. Þrátt fyrir minni eftirspurn í heiminum eftir flutningum er sýnt í minnisblaðinu að flutningsgeta með nýjum skipum muni aukast í heiminum. Línurit í skjalinu gefur til kynna að verð á gámaskipunum (bæði með og án krana) hafi fallið frá janúar 2008. Þá segir einnig eftirfarandi í minnisblaðinu: „Gert er ráð fyrir áframhaldandi lækkunum á öllum stærðum þar sem mikið af nýbyggingum [ný skip] eiga ennþá eftir að koma á markaðinn á árinu. Á sama tíma og gert er ráð fyrir minni flutningum á heimsvísu árið 2009 en á árinu 2008.“ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „JST90004-skipamarkaðir – mars 2009.DOC“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc ID. 0.7.33.126688. Viðhengið er minnisblað með yfirliti yfir gámaskipamarkaðinn.

³⁰⁵⁷ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.187191. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.86883. Daginn áður höfðu reyndar bæði [...] og [...] vistað hjá sér skjöl með svipuðu heiti, þ.e. „Sölufundur 8 janúar 2010.pptx“. Umfjöllun hér er byggð á nýrra skjalinu.



- *(E)forstö-innfl kemur með hugmynd um að setja eitt gjald á THC in það er sama verð á 20 ft og 40 ft.*³⁰⁵⁸
- *(E)frkvstj-sala/pj fór yfir þær gríðarmiklu sveiflur sem hafa orðið í innflutningi á síðustu árum.*
- *Farið yfir hvernig söludeild Eimskips á að vera í framtíðinni. Allir sammála því að leggja meiri áherslu á minni kúnna. Rætt hvort það sé betra að skipta upp söludeildinni eins og það var hér áður.*

Vera virkari í að hitta minni kúnna á árinu og þjónusta þá betur. [...]

- *(E)viðskstj1 kom með hugmynd að sameina öryggisgjaldið á 20 og 40 ft gámum.*³⁰⁵⁹
- *Hugmynd um að hækka verðið á HC gámum.*
- *Klára viðmiðunargjaldskrána sem fyrst.*³⁰⁶⁰

6492. Hér ber að rifja upp að *(E)frkvstj-sala/pj* hafði einnig í september og nóvember 2009 mætt á fund hjá innflutningsdeild og gefið fyrirmæli um að óheimilt væri að lækka verð og lagt áherslu á að verð yrði hækkað („[...] við ættum ekki að lækka verð – þarf frekar að hífa upp verð“) og að veita ekki afslátt umfram 50%, sbr. kafla 14.17.4.

6493. Framangreind gögn Eimskips vegna fundarins 8. janúar 2010 eru birtingarmynd á samráði fyrirtækjanna á þessum tíma; á árinu 2010 ætti að hækka verð og ekki keppa um mikilvæga viðskiptavinum við Samskip. Engin ógn var frá helsta keppinautum og æskilegri óvissu milli keppinautanna hafði verið raskað.

6494. Glærukynning sem fannst hjá *(S)frkvstj-innanl* með heitinu „Fundur_forstöðumenn_26_jan_2010“ gefur til kynna að líkt og hjá Eimskip hafi í janúar 2010 verið lagt til grundvallar hjá Samskipum að „friðurinn“ myndi halda á árinu 2010:

- *„Year 2010 is expected to be similar to 2009, import volumes still on low levels*
- *Samskip will maintain similar market share on all fronts, ie imports, exports, Landflutningar and Jonar Transport*
- *General rate increases are planned in early 2010 and during June / July*
- *It is expected that rates will in general be moving upwards and competition will be not as tough as in previous years*“.³⁰⁶¹

6495. Endurspeglast hið samfellda samráð einnig í skjali frá *(S)forstö-innfl1* : „Markmiðssetning 2010, Innflutningsdeild“, samið 9. febrúar 2010 og síðast vistað 11. febrúar sama ár. Þar segir um markmið innflutningsdeildar Samskipa fyrir árið 2010:

„Markmið:

1. *Halda magn og tekjuáætlun innflutningsdeildar*
2. *Halda öllum núverandi viðskiptavinum innflutningsdeildar í viðskiptum*
3. *Auka hlutdeild Samskipa hjá litlum (D) viðskiptavinum*“.³⁰⁶²

³⁰⁵⁸ Þetta hefði falið í sér verðhækkun.

³⁰⁵⁹ Þetta hefði falið í sér verðhækkun.

³⁰⁶⁰ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Fundargerð innflutningsdeildar Eimskips 1. vika.docx“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.644327.

³⁰⁶¹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Fundur_forstöðumenn_26_jan_2010“. Fannst á heimasvæði [...], vistað 25.01.2010, kl. 20:21. Doc. ID. 0.7.33.9116.

³⁰⁶² Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.15963.



6496. Kemur fram að halda eigi öllum þáverandi viðskiptavinum Samskipa allt árið 2010. Síðan er fjallað um mögulegar hindranir á framangreindum markmiðum og lausnir ef þær komi upp.³⁰⁶³

| Mögulegar hindranir: | Lausnir: |
|--|--|
| Meiri samdráttur í innflutningi en áætlaður er. | Auka markaðshluteild og ná í stærri hluta af verkefnatengdum flutningum. |
| Samkeppnisaðili fer í verðstríð og reynir að ná til sín viðskiptavinum Samskipa. | Taka þátt í verðstríðinu |

6497. Í glærुकynningu frá (E)frkvstj-sala/þj sem vísuð er undir heitinu „Sölufundur 11. feb 2010“ er að finna glæru á ensku sem lýsir megináherslum og verkefnum Eimskips á árinu 2010, bæði á sviði innflutnings og útflutnings. Fram kemur að viðhalda eigi og styrkja núverandi markaðshluteild og hámarka þann hagnað sem fæst af viðskiptum við núverandi viðskiptavinum (e. *Maximize profit of current customers and business*).³⁰⁶⁴ Þann 26. mars 2010 spurði (E)frkvstj-sala/þj (E)forstö-innfl um töpuð/unnin viðskipti í innflutningi. Í svari sínu vísaði (E)forstö-innfl til meðfylgjandi yfirlits sem sýndi lítil eða engin viðskipti fara frá Eimskip og sagði: „Ekki mikil hreyfing“.³⁰⁶⁵
6498. Var framangreint í samræmi við hið samfellda samráð við Samskip sem ríkti á þessum tíma.

14.21.2. Ekki keppa heldur hækka verð í landflutningum

6499. Þann 2. febrúar 2010 sendi (E)forstö-landfl1 tölvupóst til (E)sölustj-innanl2 með skjalinu „Sölustefna 2010 Innanlandsflutningar“.³⁰⁶⁶ Í sölustefnunni var farið yfir skipulag og áherslur í innanlandsflutningum Eimskips og voru þær allar í samræmi við framanritað og til þess fallnar að styrkja mat Samkeppniseftirlitsins á markaðsskiptingu Eimskips og Samskipa á landflutningamarkaði. Þar er í upphafi skjalsins vísað til þess að markmið Eimskips Flytjanda væri að viðhalda þáverandi markaðshluteild í innanlandsflutningum. Til að ná því markmiði var sagt að lögð yrði áhersla á sölustarf á landsvísu „með áherslu á meðalstór og minni fyrirtæki á markaðnum með flutningsþarfir.“ Eins og í öðrum gögnum Eimskips, sem og í gögnum Samskipa, var samkeppnisleg ógn aðeins talin stafa frá einyrkjum og mögulegum nýjum keppinautum. Á flutningaleiðum svokallaðra samstarfsaðila var hins vegar tekið fram að ekki yrði „lögð áhersla á sölu til fyrirtækja á leiðum samstarfsaðila sérstaklega.“³⁰⁶⁷ Til upprifjunar þá áttu Samskip og Eimskip í talsverðu samstarfi á flutningsleiðum víðs vegar um land. Einnig átti Eimskip í samstarfi við ýmis minni flutningafyrirtæki. Samkvæmt þessu átti ekki að leggja „áherslu“ á samkeppni við þessa samstarfsaðila.
6500. Að framan var fjallað um glærुकynningu (S)frkvstj-innanl frá 26. janúar 2010 en þar kemur fram að verð muni hækka í júní/júlí 2010. Nokkrum dögum seinna eða þann 5. febrúar 2010 var haldinn fundur hjá stjórnendum landflutninga Eimskips og farið yfir helstu atriði ársins 2009 og áherslur ársins 2010.³⁰⁶⁸ Í glæru sem farið var yfir á þessum fundi kemur fram að verð hjá landflutningum Eimskips myndi hækka í júlí 2010. Þessi gögn sýna að í upphafi árs 2010 lágu fyrir hjá Samskipum og Eimskip nánast sömu hugmyndir að verðhækkunum á árinu 2010.
6501. Önnur gögn sem varða þennan fund stjórnenda landflutninga Eimskips þann 5. febrúar 2010 skipta hér einnig máli. Þar kom fram að árið 2009 hefði verið besta rekstrarár í sögu Eimskips Innanlands.

³⁰⁶³ Afritað tölvuskjal frá Samskipum [...] Doc. ID. 0.7.33.15963.

³⁰⁶⁴ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.182214.

³⁰⁶⁵ Afritaður tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc ID. 0.7.33.238179.


³⁰⁶⁶ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Sölustefna 2010.docx“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.95288.

³⁰⁶⁷ Sbr. einnig glærुकynningu [...] frá 23. september 2010 en þar kom einnig fram að ekki yrði „lögð áhersla á sölu til fyrirtækja á leiðum samstarfsaðila sérstaklega“. Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.23134. Sjá einnig afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.143350.

³⁰⁶⁸ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.123665.



Á neðangreindri glæru, þar sem getið er um áformaða verðhækkun í júlí 2010, er einnig fjallað um magnáætlun fyrir árið 2010.³⁰⁶⁹ Kemur m.a. fram að fyrirhugað væri að svipað magn myndi vera í flutningakerfinu, á meðan EBITDA myndi aukast um 24%:

| | |
|--|--|
| <h2>Áætlun 2010</h2> |  <i>yfir hafid og heim</i> |
| <ul style="list-style-type: none">✓ Áætlun 2010 gerir ráð fyrir svipuðu magni í flutningakerfinu og 2009✓ Gjaldskrárhækkanir tvisvar x 4% (janúar og júlí)✓ Innflutningur verður svipaður og útflutningur dregst saman✓ Gert er ráð fyrir að EBITDA aukist um 24% árið 2010✓ IMP & EXP tekjur hækka um 1% (magnið dregst saman um 6%)✓ Tekjuaukning í áætlanaflutningum verður 7%✓ Sértekjur dragast saman um 14%✓ Heildarkostnaður eykst um 1% (lækkun kostnaðar og fækkun bíla) | |

6502. Í glærुकyningunni var einnig fjallað um að á árinu 2010 myndi þáverandi markaðshlutdeild haldast, en auka ætti sölustarf gagnvart minni og meðalstórum fyrirtækjum. Með öðrum orðum átti ekki með samkeppni að reyna að ná mikilvægum viðskiptavinum Samskipa í landflutningum í viðskipti við Eimskip.

6503. Þessi gögn frá febrúar 2010 varða einnig verkefnalista sem [\(E\)forstö-landfl1](#) útbjó í lok nóvember 2009. Skal því gagni [\(E\)forstö-landfl1](#) lýst nánar.

6504. Þann 21. nóvember 2009 vistaði [\(E\)forstö-landfl1](#) hjá sér verkefnalista fyrir innanlandsflutninga fyrir árið 2010 en á þeim tíma hafði hann nýverið tekið við sem forstöðumaður landflutninga Eimskips (Flytjanda).³⁰⁷⁰ Var iðulega fjallað um þann verkefnalista á fundum stjórnenda í landflutningum á árinu 2010 og e.a. bætt við hann verkefnum eða tekið út verkefni, sbr. nánari umfjöllun hér á eftir. Á listanum voru t.a.m. eftirfarandi verkefni:

- *Aukin sala í áætlanakerfi Flytjanda.* Í nánari upplýsingum um verkefnið kom hins vegar fram að um var að ræða markvissa sölustefnu gagnvart meðalstórum og minni fyrirtækjum.
- *Aukið samstarf í fiskdreifingu og fækkun dreifingarbíla.* Í nánari upplýsingum sagði að kanna ætti möguleika á frekara samstarfi við keppinauta og fækka bílum úr þremur í tvo.³⁰⁷¹ Verkefni þessu

³⁰⁶⁹ Á árinu 2010 voru haldnir ýmsir fundir og skýrslur gerðar um starfsemi og áætlanir innanlandsflutninga hjá Eimskip. Útbúnar voru sérstakar mánaðarskýrslur í hverjum mánuði þar sem farið var yfir rekstur mánaðarins hjá landflutningum Eimskips og áherslur í solumálum. Farið var yfir þessar skýrslur á mánaðarlegum stjórnendafundum innanlandsflutninga, ásamt því að þær voru felldar inn í glærुकyningar á rekstrarfundum innanlandssviðs. Á fundunum voru stjórnendur landflutninga Eimskips og svæðisstjórar. Sjá t.d. afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.11594. Sjá einnig afritaða dagbókarfærslu frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.12748. Sjá einnig afhent skjöl frá Eimskip. Glærुकyningar rekstrarfunda hjá Eimskip. Afhent 01.12.2016. Einnig afhent skjöl frá eimskip. Fundargerðir sölufunda ELT. Afhent 01.11.2016.

³⁰⁷⁰ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.145979. Sjá einnig uppfærðan verkefnalista. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...]. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.10974. Sjá einnig sama skjal uppfært í mars 2010. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.150779. Sjá einnig afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.153562. Sjá einnig afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.161779.

³⁰⁷¹ Rétt er að nefna að á verkefnalistum [...] sem vistaðir voru í mars, maí og september 2010 var verkefnið sagt í vinnslu og hefði skilað árangri. Það er enn sagt í vinnslu á listum á árinu 2011 og 2013.



var bætt við listann í upphafi árs 2010. Einnig voru á listanum tiltekin sérstök verkefni fyrir ákveðin landsvæði. Þannig fól eitt verkefni fyrir Austfirði í sér að meta ávinning af frekara samstarfi við keppinauta, og á Vestfjörðum að auka samstarf við aðra á svæðinu í afgangi og akstri með samnýtingu tækja og búnaðar. Sem fyrr segir sendi [\(E\)frkvstj-innanl \(E\)forstö-landfl1](#) þann 1. febrúar 2010 glærुकynningu þar sem margvíslegu ólögumættu samráði við Samskip í landflutningum var lýst, bæði sem hafi verið komið á og annað sem væri „í vinnslu“. Þar á meðal voru fyrirætlanir um samstarf í vöruafgreiðslum víðs vegar um landið ásamt áætlunum um „tvíhliða flutningasamninga“, þ.e. samstarf í akstri á tilteknum flutningaleiðum.

- „Hækkun á afgangi- og tryggingargjaldi í janúar 2010 ásamt gjaldskrárhækkun. Einnig koma á skilagjaldi kara. Í takt við samkeppnina og aukin kostnað í kerfinu“. Í nýrri útfærslu listans, í desember 2009, var m.a. karagjaldaliðnum í verkefninu um hækkun á afgangi- og tryggingargjaldi gert hærra undir höfði: „Koma á skilagjaldi vegna flutninga á tónum körum. Mikilvægt að ákveða sanngjarnt gjald (langleiðir vs stuttleiðir) og hafa skýr ferli í gangi varðandi innrukkun á gjaldinu.“
- „Breyta gjaldskrá Eimskips Flytjanda í gámaakstri og LCL akstri á öllum leiðum. Nálgast raunveruleikann í verðlagningu og afsláttum. Breyta núverandi afsláttum samhliða og olúgjaldi. Gjaldskrá sem verður í takt við eðlilega verðlagningu á markaðnum“. Á verkefnalista sem vistaður var í maí 2010 var verkefni þetta sagt hafið.
- Á verkefnalista þessum var einnig að finna verkefnið „Endurskoðun á gjaldskrá Flytjanda“ og í lýsingu á því verkefni sagði að markmiðið væri að gjaldskráin væri í takt við markaðsverð. Samkvæmt stöðuskjali þann 27. maí 2010 var verkefni þessu lokið en það var á ábyrgð [\(E\)forstö-landfl1](#) að framkvæma það.³⁰⁷²
- Verkefni af verkefnalista [\(E\)forstö-landfl1](#) voru tekin til umfjöllunar á fundum hjá stjórnendum innanlandssviðs, stjórnendum innanlandsflutninga og sölufundum Flytjanda út árið 2010.

6505. Í áður nefndri glærुकynningu frá 5. febrúar 2010 var þessi verkefnalisti [\(E\)forstö-landfl1](#) felldur inn í glæurnar og voru sömu verkefni enn á honum, m.a. að auka sölu í áætlanagerfi Flytjanda þar sem einblína ætti á meðalstór og minni fyrirtæki, gjaldskrárbreytingar, mikilvægi karagjalds o.fl. Þá kom fram að helstu ógnanir væru „Nýjir samkeppnisaðilar s.s. Einyrkjar off“. Ekki var minnst á Samskip. Er þetta í samræmi við gögn frá Samskipum þar sem einyrkjar en ekki Eimskip voru taldir helsta samkeppnislega ógnin. Hér má t.d. rifja upp að í framangreindum glærum [\(S\)forstj](#) frá 9. febrúar 2010 er fjallað um samkeppni á landflutningamarkaði og helsta ógnin sögð vera þessi: „Independent truckers disturbing the market stability in domestic trucking and pushing prices down.“

6506. Samkvæmt þessum samtímagögnum ríkti „jafnvæg“ á landflutningamarkaði og aðeins hinir smáu keppinautar veittu samkeppnislegt aðhald. Eimskip gerði þannig ráð fyrir að Samskip myndu í raun ekki keppa og öfugt. Virt saman endurspeglar þessi gögn ólögumætt samráð fyrirtækjanna á þessum tíma. Þá skal því haldið til haga að Eimskip hefur, með undirritun sáttar við Samkeppniseftirlitið, viðurkennt að hafa átt í samráði við Samskip á landflutningamarkaði, bæði með skiptingu markaða eftir stærri viðskiptavinum og flutningaleiðum og um landflutningaþjónustu á flutningaleiðum á Íslandi. Þá hefur Eimskip einnig viðurkennt að hafa átt í samráði við Samskip um álagningu gjalda og afsláttarkjara í flutningaþjónustu.

Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.150779. [...] Doc. ID. 0.7.33.153562. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.161779. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.146716. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.46882.

³⁰⁷² Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „DOM stjórnun verkefnalista 2010 maí 27.xlsx“. Viðhengi við afritaðan [...]. „DOM stjórnun verkefnalista 2010 maí 27.xlsx“, dags. 02.06.2010, kl. 16:35. Doc. ID. 0.7.33.105864.



6507. Verkefnalisti (E)forstö-landfl1 var sem fyrr segir alla jafna tengdur við mánaðarskýrslur Flytjanda en fjallað var um þær og verkefnalistann á umræddum mánaðarlegum fundum. Í þessum mánaðarskýrslum á árinu 2010 kom þetta m.a. fram:
- Eimskip ætlaði sér að halda núverandi viðskiptavinum og hafa af þeim auknar tekjur. Ef rætt var um sókn þá var það gagnvart minni kaupendum á flutningaþjónustu.
 - Umtalsverðar verðhækkunarir gagnvart þremur öflugum viðskiptavinum Eimskips gengu vel.
 - Stefnt var að verulegri hækkun á afgreiðslugjaldi: „Hækkun á núverandi gjaldi um 100% - stefnum hærra!“³⁰⁷³
6508. Auk framangreindra mánaðarlegra stjórnendafunda Flytjanda voru jafnframt haldnir mánaðarlegir fundir hjá stjórnendum á innanlandssviði Eimskips. Fyrir þá fundi útbjuggu deildir innan Eimskips glærुकynningu um starfsemi viðkomandi mánaðar og kynntu á fundinum. (E)forstö-landfl1 sá um að útbúa glærुकynningar um starfsemi Flytjanda, þ.e. innanlandsflutninga Eimskips. Sömu áherslur Eimskips og að framan hafa verið raktar birtust í nefndum kynningum.³⁰⁷⁴
6509. Framangreind gögn frá Eimskip sýna að meginmarkmið fyrirtækisins í landflutningum á árinu 2010 hafi verið að halda núverandi viðskiptavinum og hækka þjónustugjöld þeirra, ásamt því að sækjast ekki eftir auknum viðskiptum við stóra viðskiptavini heldur einblína á litla og meðalstóra viðskiptavini. Að mati Samkeppniseftirlitsins eru þessi gögn, sem útbúin voru mánaðarlega allt árið 2010, skýr birtingarmynd hins ólögmeta samráðs Samskipa og Eimskips sem fólst m.a. í því að viðhalda „frið“ á markaði fyrir stóra og mikilvæga viðskiptavini.

14.21.3. „Pólítísk ákvörðun“ um að keppa ekki til að fá „frið með allt hitt“

6510. Hér ber að rifja upp að í júní 2009 kvaðst (S)forstj hafa heyrt það frá (S)frkvstj-Jóna að samkeppni væri að aukast. Viðbrögð (S)forstj voru að gefa skýr fyrirmæli til m.a. (S)frkvstj-Jóna um að;
- „halda öllum sem við höfum“ og „ekki sækja heldur á ný mið.“
6511. Vitneskja um þessa stefnumörkun sem leiddi af samráðinu hafði borist til undirmanna (S)frkvstj-Jóna. Þannig liggur fyrir tölvupóstur frá starfsmanni Jóna m.a. til (S)frkvstj-Jóna sem hann sendi 2. febrúar 2010. Varðar sá tölvupóstur „frið“ við dótturfélag Eimskips, TVG, og að ekki væri sjálfgefið að sá friður héldi. Í tölvupóstinum segir nánar tiltekið:
- „Subaru kemur með TVG frá Þýskalandi, vegna verða. Við eigum séns hér með að koma með betri verð í flugið (pólítísk ákvörðun á sínum tíma að láta þeim þetta eftir hjá TVG til að fá frið með allt hitt, ekki hins vegar heilagt til eilífdar).“³⁰⁷⁵

³⁰⁷³ Afrituð tölvuskjöl frá Eimskip. „Mánaðarskýrsla í janúar 2010“. Fannst vistað á sameiginlegu tölvudrifi Eimskips, vistað þann 26.2.2010. „Mánaðarskýrsla í febrúar 2010“. Fannst vistað á sameiginlegu tölvudrifi Eimskips, vistað þann 31.3.2010. „Mánaðarskýrsla í júní 2010“. Fannst vistað á sameiginlegu tölvudrifi Eimskips, vistað þann 23.7.2010. . „Mánaðarskýrsla í júlí 2010“. Fannst vistað á sameiginlegu tölvudrifi Eimskips, vistað þann 1.9.2010. „Mánaðarskýrsla í ágúst 2010“. Fannst vistað á sameiginlegu tölvudrifi Eimskips, vistað þann 1.10.2010. „Mánaðarskýrsla í september 2010“. Fannst vistað á sameiginlegu tölvudrifi Eimskips, vistað þann 27.10.2010. „Domestic transport október 2010“. Fannst vistað á sameiginlegu tölvudrifi Eimskips, vistað þann 26.11.2010. „Domestic transport nóvember 2010“. Fannst vistað á sameiginlegu tölvudrifi Eimskips, vistað þann 5.1.2011. „Domestic transport desember 2010(gamla)“. „Flytjandi sept 2010“. Fannst vistað á sameiginlegu tölvudrifi Eimskips, vistað þann 2.11.2010.

³⁰⁷⁴ Hið sama markmið var m.a. sett fram í glærुकynningum sem fylgdu skýrslum fyrir október, nóvember og desember. Afrituð tölvuskjöl frá Eimskip. „Domestic transport október 2010“. Fannst vistað á sameiginlegu tölvudrifi Eimskips, vistað þann 26.11.2010. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Domestic transport nóvember 2010“. Fannst vistað á sameiginlegu tölvudrifi Eimskips, vistað þann 5.1.2011. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Domestic transport desember 2010(gamla)“. Fannst vistað á sameiginlegu tölvudrifi Eimskips, vistað þann 10.2.2011. „Flytjandi sept 2010“. Fannst vistað á sameiginlegu tölvudrifi Eimskips, vistað þann 2.11.2010.

³⁰⁷⁵ Sjá t.d. eftirfarandi glærुकynningar: Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.127169. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.134378. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.126589. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.110822. Afritað tölvuskjal frá Eimskip[...] Doc. ID. 0.7.33.128680. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.132857. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.116924.

³⁰⁷⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.34.422636.



6512. Hér er rétt að hafa í huga að (S)frkvstj-Jóna fékk samskonar fyrirspurn frá undirmanni í mars 2011. Voru atvik þau að mikilvægur viðskiptavinur Eimskips, Penninn, óskaði eftir tilboði frá Jónum í tiltekna flutninga, m.a. innflutning frá Bretlandi sem Eimskip annaðist fyrir Pennann. Undirmaður spurði þá (S)frkvstj-Jóna að þessu:

„[...] eigum við að stilla upp einhverjum tilboðsverðum, eða er vafasamt upp á friðinn við EIMU [Eimskip] að hjóla í þetta af fullum krafti?“

6513. Niðurstaðan var sú að ekkert var gert til þess að Penninn myndi færa þennan sjóflutning frá Eimskip til Samskipa. Er þessu lýst nánar í kafla 14.37.2.

14.21.4. „Ekki umsemjanlegt – enginn afsláttur“

6514. Eins og áður sagði sendi (E)forstö-landfl1 þann 2. febrúar 2010 tölvupóst til (E)sölustj-innanl2 með skjalinu „Sölustefna 2010 Innanlandsflutninga“. Þar segir m.a.:

„Verðstefna innanlandsflutninga tekur einnig mið af nýtingu á viðkomandi leiðum og hvernig viðkomandi flutningar passa inn í núverandi flutningakerfi. Almenn viðmiðun varðandi afslætti frá gjaldskrá innanlandsflutninga þ.e. áætlanaflutninga er eftirfarandi:

- o *A viðskiptavinir: 50% afsláttur en fer einnig eftir nýtingu -*
- o *B viðskiptavinir: 35% til 45%*
- o *C viðskiptavinir: Minni en 35% og 15% fyrir minnstu fyrirtækin með reglulega flutningar.“*³⁰⁷⁶

6515. Eftirfarandi samningareglur voru jafnframt settar fram í sölustefnunni:

Samningareglur:

- ✪ **Oliugjald:** Ekki umsemjanlegt – enginn afsláttur
- ✪ **Afgreiðslugjald:** Ekki umsemjanlegt – enginn afsláttur
- ✪ **Stykkjavörugjald:** Hámark 50% afsláttur fyrir A og B viðskiptavini
- ✪ **Farmtrygging:** Enginn afsláttur – full verð eða enginn trygging
- ✪ **Álag:** Ekki umsemjanlegt nema við A viðskiptavini
- ✪ **Gjaldskrárbreytingar:** Enginn afsláttur – allir taka verðbreytingum
- ✪ **Þyngd vs rúmmál:** enginn afsláttur.

6516. Í kafla 14.56 er fjallað um gögn frá árunum 2008 og 2009 sem sýna að hluti af samfelldu samráði Samskipa og Eimskips var verðsamráð sem fólst m.a. í takmörkun á afslætti til viðskiptavina. Skyldi afsláttur fyrir þjónustu eins og uppskipun, oliugjald og gámaleigu vera að hámarki 50%. Er t.d. fjallað um samskipti (S)forstö-innfl1 og (E)forstö-innfl um miðjan júní 2008 og því lýst að (E)frkvstj-sala/þj hafi á fundi innflutningsdeildar í nóvember 2009 lagt áherslu á að verð Eimskips yrði hækkað og gefið eftirfarandi fyrirmæli um hámarks afslátt: *„Ekki semja um meira en 50% afslátt af uppskipun á FCL [heilgámar], ekki semja um fasta uppskipun sem er lægri en 50% afsláttur.“* Þar kemur einnig fram að í tölvupósti (S)forstö-innfl1 í desember 2009 til (E)deildstj-TVG hafi hann vísað til þess að það væri *„samkomulag í gangi á milli Eimskips og Samskipa um standard 50% afslátt af uppskipuninni“*.

³⁰⁷⁶ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.95288.



6517. Að mati Samkeppniseftirlitsins er framangreint skjal [\(E\)forstö-landfl1](#) frá febrúar 2010 til vitnis um þennan þátt í samráði Samskipa og Eimskips. Kemur þar skýrt fram að tiltekinn afsláttur vegna landflutningaþjónustu Eimskips geti að hámarki verið 50%.
6518. Í kafla 14.55 er því lýst að í samráði Samskipa og Eimskips hafi einnig falist aðgerðir til að tryggja að allir viðskiptavinir greiddu olúgjöld (BAF í sjóflutningum og FAF í landflutningum). Í samræmi við þetta kemur fram í ofangreindu skjali [\(E\)forstö-landfl1](#) að olúgjald Eimskips sé ekki „umsemjanlegt – enginn afsláttur“. Að mati Samkeppniseftirlitsins leyfði hin takmarkaða samkeppni sem leiddi af samráðinu Eimskip að setja aðrar ósveigjanlegar reglur sem birtast í skjalinu, t.d. að bæði smæstu og stærstu viðskiptavinir sæti hækkun á gjaldskrá („Enginn afsláttur – allir taka verðbreytingum“).
6519. Að mati Samkeppniseftirlitsins endurspeglar ofangreind upptalning áherslur og markmið Eimskips um að halda uppi verði fyrir flutningaþjónustu eða hækka það, sem er í fullu samræmi við áherslur Samskipa á sama tíma og er þetta birtingarmynd á hinu samfellda samráði fyrirtækjanna.

14.21.5. „Þvílíkur munur“

6520. Þann 1. mars 2010 var haldinn framkvæmdastjórafundur hjá Eimskip. Slíka fundi sátu að jafnaði [\(E\)forstj](#), [\(E\)frkvstj-sala/þj](#), [\(E\)frkvstj-innanl](#), [\(E\)frkvstj-alþjsv](#) o.fl. Í afhentum glærum frá fundinum er að finna samantekt framkvæmdastjóra, sbr. glæru 2 „Executive summary JAN 2010“. Þar kemur m.a. fram að verð sé „á uppleið“ og að vel hafi gengið að auka tiltekna gjaldtöku (afgreiðslugjald og ISPS gjald).³⁰⁷⁷
6521. Á glærum 7 og 8 í kynningunni, sem birtar eru hér að neðan, má sjá að tekjur Eimskips á tímabilinu fyrir innflutning fóru fram úr væntingum framkvæmdastjóranna. Á glæru 7 eru til samanburðar birtar áætlanir og raunafkoma Eimskips fyrir desember 2009 og janúar 2010 og ritað yfir í glæru 7: „Þvílíkur munur“. Í athugasemdum á glæru 8 má sjá sérstaklega tilgreint vegna þessa við sjóflutningstekjurnar:

„Mun betra en ég þorði að vona! Vonum bara að framhaldið verði í takt við þetta“:

³⁰⁷⁷ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip[...] Doc. ID. 0.7.34.774323. Afhent gagn frá Eimskip. Afhent þann 01.12.2016 (Fundargerðir/Finance Report/Document/Rekstrarfundir). „SCS January 2010“, sbr. einnig umbeðið yfirlitsskjal um afhentar fundargerðir og fylgiskjöl frá Eimskips. Afhent þann 05.05.2017 (Mappa 2). Glærukynningin fannst einnig vistuð á afrituðu heimasvæði [...]. „Exe fundur 1.03.2010.pptx“, vistuð síðast 01.03.2010, kl. 08:52. Doc. ID. 0.7.33.183120. Eimskip afhenti ekki eiginlega fundargerð vegna fundarins og ekki fylgdu sérgreindar skýringar með í þessu tilfalli. Fundargerð hefur ekki fundist í afrituðum gögnum. Því liggur ekki fyrir hvaða framkvæmdastjórar sátu umræddan fund en af boðun á framkvæmdastjórafund frá september 2009 sátu þessa mánaðarlegu fundi eftirgreindir: [...] Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.774528. Sjá einnig afritaða dagbókarfærslu frá Eimskip. [...] Doc. ID 0.7.34.774377.



| IMPORT - January | | | | |
|--------------------------------|------------------|------------------|-----------------|-------------|
| EUR | Actual | Budget | Diffr. | %Diffr. |
| Sea Freight | 1.821.905 | 1.690.271 | 131.635 | 8% |
| THC Income | 772.286 | 797.356 | -25.070 | -3% |
| Cont relocation C | 89.122 | 119.555 | -30.433 | -25% |
| BAF | 242.072 | 285.544 | -43.471 | -15% |
| SEC fee | 47.029 | 41.983 | 5.046 | 12% |
| B/L fee | -4.027 | - | -4.027 | - |
| CAF fee | - | 2.528 | -2.528 | -100% |
| IMO fee | 9.955 | - | 9.955 | - |
| Collection fee | 58.400 | 66.975 | -8.575 | -13% |
| Cargo fees | 10.173 | - | 10.173 | - |
| Other fees | 8.359 | - | 8.359 | - |
| Warehouse Income | 12.841 | 9.035 | 3.806 | 42% |
| Transport | 221.034 | 179.682 | 41.352 | 23% |
| Container Income | 130.642 | 142.152 | -11.510 | -8% |
| Customs Services | 13.497 | 18.258 | -4.761 | -26% |
| Commissions Income | -5.533 | - | -5.533 | - |
| Sale Of Services | 23.449 | 53.121 | -29.672 | -56% |
| Discount | -126.507 | -112.260 | -14.247 | 13% |
| Writeoffs | -93.158 | -96.565 | 3.407 | -4% |
| Turnover | 3.231.540 | 3.197.636 | 33.904 | 1% |
| THC Expenses | 616.708 | 681.114 | -64.406 | -9% |
| Commissions | 55.094 | 44.635 | 10.459 | 23% |
| Other Voyage Related | 24.933 | 22.500 | 2.432 | 11% |
| Transport Expenses | 340.232 | 282.736 | 57.496 | 20% |
| Warehouse Expenses | 167.275 | 171.221 | -3.945 | -2% |
| Slot | 700.150 | 700.150 | 0 | 0% |
| Fuel | 510.741 | 604.528 | -93.787 | -16% |
| Container | 293.211 | 293.211 | 0 | 0% |
| Harbour Cost | 116.824 | 193.563 | -76.739 | -40% |
| Cost of Turnover | 2.825.168 | 2.993.658 | -168.490 | -6% |
| Salaries and Related | 72.623 | 30.745 | 41.879 | 136% |
| Vehicle & Equipment | 1.427 | 1.310 | 117 | 9% |
| Goods Deck | 347 | 0 | 347 | - |
| Maintenance Deck | 610 | 0 | 610 | - |
| Office Expenses | 292 | 22 | 270 | 1241% |
| Communication Expens | 0 | 92 | -92 | -100% |
| Advert & Marketing | 0 | 359 | -359 | -100% |
| Entertainment | 52 | 3.886 | -3.834 | -99% |
| Travel Expenses | 2.433 | 5.176 | -2.743 | -53% |
| Consultancy | 2.109 | 326 | 1.783 | 547% |
| Other Expenses | 319 | 3.619 | -3.300 | -91% |
| Sales & Admin. Cost | 80.213 | 45.534 | 34.679 | 76% |
| Total cost | 2.905.381 | 3.039.192 | -133.811 | -4% |
| EBITDA | 326.159 | 158.443 | 167.716 | 106% |
| | 10% | 5% | | |



Þvílíkur munur

| IMPORT | | | | |
|----------------------------------|----------------|----------------|---------------|------------|
| ISK_000 | Actual | Budget | Diff. | %Diff |
| Sjófrakt | 304.418 | 319.896 | -15.478 | -5% |
| THC tekjur | 155.365 | 153.984 | 1.382 | 1% |
| Olíulag BAF | 60.380 | 46.168 | 14.213 | 31% |
| Staðsetningargjald | 5.627 | 21.941 | -16.314 | -74% |
| Staðsetningargjald SEC | 9.356 | 8.562 | 795 | 9% |
| Staðsetningargjald (coll fee) | 81 | 48 | 34 | 71% |
| Flugfrakt | 13.740 | 13.049 | 691 | 5% |
| Annar ferðat. kostnaður | 2.968 | 3.091 | -123 | -4% |
| Aframflutningur Íslands | 2.704 | 41.275 | -38.571 | -93% |
| Flutningskostnaður | 38.924 | 34.601 | 4.323 | 12% |
| Flutningskostnaður erlendis | 7.661 | 7.661 | -6.566 | -86% |
| Dungeymsla | 5.363 | 444 | 4.919 | 1108% |
| Bilavöllum | 3.946 | 946 | 3.000 | 317% |
| Flugfrakt | 8.808 | 1.332 | 7.476 | 561% |
| Laun og launat. gjöld | 21.242 | 18.554 | 2.687 | 14% |
| Skrifstofu kostnaður | 720 | 1.510 | -790 | -52% |
| Annar kostnaður | 7.568 | 1.367 | 6.201 | 454% |
| Gjöld samtals | 237.511 | 277.872 | -40.362 | -15% |
| Framl. fyrir fastan kostn | 351.783 | 358.629 | -6.846 | -2% |

| IMPORT - January | | | | |
|--------------------------------|------------------|------------------|-----------------|-------------|
| EUR | Actual | Budget | Diffr. | %Diffr. |
| Sea Freight | 1.821.905 | 1.690.271 | 131.635 | 8% |
| THC Income | 772.286 | 797.356 | -25.070 | -3% |
| Cont relocation CRL | 89.122 | 119.555 | -30.433 | -25% |
| BAF | 242.072 | 285.544 | -43.471 | -15% |
| SEC fee | 47.029 | 41.983 | 5.046 | 12% |
| B/L fee | -4.027 | - | -4.027 | - |
| CAF fee | - | 2.528 | -2.528 | -100% |
| IMO fee | 9.955 | - | 9.955 | - |
| Collection fee | 58.400 | 66.975 | -8.575 | -13% |
| Cargo fees | 10.173 | - | 10.173 | - |
| Other fees | 8.359 | - | 8.359 | - |
| Warehouse Income | 12.841 | 9.035 | 3.806 | 42% |
| Transport | 221.034 | 179.682 | 41.352 | 23% |
| Container Income | 130.642 | 142.152 | -11.510 | -8% |
| Customs Services | 13.497 | 18.258 | -4.761 | -26% |
| Commissions Income | -5.533 | - | -5.533 | - |
| Sale Of Services | 23.449 | 53.121 | -29.672 | -56% |
| Discount | -126.507 | -112.260 | -14.247 | 13% |
| Writeoffs | -93.158 | -96.565 | 3.407 | -4% |
| Turnover | 3.231.540 | 3.197.636 | 33.904 | 1% |
| THC Expenses | 616.708 | 681.114 | -64.406 | -9% |
| Commissions | 55.094 | 44.635 | 10.459 | 23% |
| Other Voyage Related | 24.933 | 22.500 | 2.432 | 11% |
| Transport Expenses | 340.232 | 282.736 | 57.496 | 20% |
| Warehouse Expenses | 167.275 | 171.221 | -3.945 | -2% |
| Slot | 700.150 | 700.150 | 0 | 0% |
| Fuel | 510.741 | 604.528 | -93.787 | -16% |
| Container | 293.211 | 293.211 | 0 | 0% |
| Harbour Cost | 116.824 | 193.563 | -76.739 | -40% |
| Cost of Turnover | 2.825.168 | 2.993.658 | -168.490 | -6% |
| Salaries and Related | 72.623 | 30.745 | 41.879 | 136% |
| Vehicle & Equipment | 1.427 | 1.310 | 117 | 9% |
| Goods Deck | 347 | 0 | 347 | - |
| Maintenance Deck | 610 | 0 | 610 | - |
| Office Expenses | 292 | 22 | 270 | 1241% |
| Communication Expens | 0 | 92 | -92 | -100% |
| Advert & Marketing | 0 | 359 | -359 | -100% |
| Entertainment | 52 | 3.886 | -3.834 | -99% |
| Travel Expenses | 2.433 | 5.176 | -2.743 | -53% |
| Consultancy | 2.109 | 326 | 1.783 | 547% |
| Other Expenses | 319 | 3.619 | -3.300 | -91% |
| Sales & Admin. Cost | 80.213 | 45.534 | 34.679 | 76% |
| Total cost | 2.905.381 | 3.039.192 | -133.811 | -4% |
| EBITDA | 326.159 | 158.443 | 167.716 | 106% |
| | 10% | 5% | | |




Mun þetta en ég þorði að vona!
Vonum bara að framhaldið verði í takt við þetta!

Viðskiptavinir eru farnir að sjá við þessu gjaldi með því að breyta í auknum mæli í FOB- hefur neikvæð áhrif til langs tíma á m.a. forflutning



6522. Á glæru 9 er tafla ásamt súlu- og línuriti um innflutning. Á þessari glæru má sjá samanburð Eimskips á tekjum og gámaeiningafjölda (TEU) fyrirtækisins í janúar fyrir hvert ár, árin 2007, 2008, 2009 og 2010:



6523. Á glærinni má sjá mikinn samdrátt í innfluttum gámaeiningum frá því að innflutningur til landsins hafði náð hámarki í janúar 2008 (græna línán, 6.567 TEUS árið 2008 niður í 3.247 TEUS árið 2010). Þrátt fyrir þennan mikla samdrátt í magni (51%) þá má sjá á neðri myndinni að meðaltalseiningaverð á TEU hækkaði mikið á sama tíma. Meðaltalssjóflutningsverð á gámaeiningu (TEU) hækkaði frá janúar 2008 til janúar 2010 skv. þessu samtímagagni Eimskips um 79% og meðaltalsverð (average net value) hækkaði um 85%. Sambærilegar hækkanir fyrir útflutning voru 89% og 105% skv. glæru nr. 12. Inn í þessum hækkunum Eimskips má ætla að hafi verið m.a. umtalsverðar hækkanir fyrirtækisins haustið 2008 þegar samningsverðum flestra viðskiptavina var breytt úr íslenskum krónum yfir í evrur með upphafgengi krónu í upphafi árs. Breytingin leiddi til allt að 80% hækkana á flutningsverðum viðskiptavina, sbr. kafla 10.4.7. Með þessum aðgerðum náði Eimskip sömuleiðis að færa gengisáhættu frá fyrirtækinu yfir á viðskiptavinum. Samráð við Samskip gerði Eimskip þetta kleift.

6524. Áðurnefnd glærुकyning Eimskips styður að ólögmeitt samráð Eimskips við Samskip hafi á árunum 2008 og 2009 skilað sér í verulega auknum flutningatekjum fyrir hverja flutningseiningu (TEU og tonn), sbr. einnig umfjöllun í kafla 14.11.3. Hér skal þess getið að ([E](#))frkvstj-sala/þj, framkvæmdastjóri sölu- og þjónustudeildar Eimskips, hafði aðeins tveimur mánuðum áður en þessi framkvæmdastjórafundur Eimskips átti sér stað, komið inn á fund undirmanna í innflutningsdeild Eimskips þar sem hann gaf þau fyrirmæli að það þyrfti að „lagfæra verð“ því samningaverð væri of lágt (ásamt því að framkvæmdastjórinn teldi að magn í skipum Eimskips mætti vera meira).

14.21.6. Samantekt

6525. Í sátt Eimskips frá 16. júní 2021 er viðurkennt að m.a. á árinu 2010 hafi fyrirtækið brotið alvarlega gegn 10. gr. samkeppnislaga með samráði við Samskip um m.a. „skiptingu á mörkuðum eftir stærri



viðskiptavinum í sjó- og landflutningum". Einnig er viðurkennt um verðsamráð hafi verið að ræða á þessum tíma.

6526. Þegar framangreind gögn Samskipa og Eimskips frá janúar til og með mars 2010 eru virt saman sýna þau hið sama og felst í viðurkenningu Eimskips. Þessi samtímagögn sýna sömu áherslur hjá þessum fyrirtækjum á umræddu tímabili; hækka verð m.a. gagnvart eigin mikilvægum viðskiptavinum og ekki reyna með samkeppni að ná til sín slíkum viðskiptavinum hvors annars. Virt saman endurspeglar gögnin samfellt samráð Samskipa og Eimskips á þessu tímabili.
6527. Í athugasemdum Samskipa eru settar fram athugasemdir um framangreind gögn. Þeim sjónarmiðum er hafnað og vísast til kafla 26.21.

14.22. J. Rönning hf. óskar tilboða á árinu 2010

6528. Til þess að Samskip gætu hækkað verð gagnvart eigin viðskiptavinum varð fyrirtækið að virða markaðsskiptinguna. Það gerðu Samskip með einkar skýrum hætti í tilviki J. Rönning. Skal nú vikið að því tilviki.
6529. Fyrirtækið J. Rönning hf. var 19. stærsti viðskiptavinur Eimskips í innflutningi á árinu 2010 og var því mikilvægur viðskiptavinur fyrirtækisins. Ef litið er til innflutnings á vörum sem féllu undir flokkinn „Rafmagnstæki og rafeindatæki“ var J. Rönning þriðji stærsti viðskiptavinur Eimskips.³⁰⁷⁸ Í gögnum Eimskips frá 2009 var J. Rönning flokkaður sem „A“ viðskiptavinur.³⁰⁷⁹
6530. Flutningasamningur á milli Eimskips og J. Rönning, sem tók til innflutnings til Íslands, landflutninga o.fl., tók gildi 21. febrúar 2008 og gilti til 31. desember 2009. Frá 1. janúar 2010 framlengdist samningurinn sjálfkrafa ótímabundið nema honum yrði sagt upp með þriggja mánaða fyrirvara.³⁰⁸⁰
6531. Stærð og umfang viðskiptavinarins J. Rönning hjá Eimskip var Samskipum að fullu ljós eins og sjá má í skýrslu (S)forstö-innfl1, „Markaðsskýrsla Innflutningsdeildar 2011“, frá september 2010. Þar er að finna lista yfir „stærstu innflytjendur hjá Eimskip/TVG“ og kemur J. Rönning fram á þeim lista.³⁰⁸¹ Að auki má nefna að í rekstraráætlun innflutningsdeildar Samskipa fyrir árið 2009 er J. Rönning tilgreindur í 11. sæti yfir stærstu viðskiptavinum „samkeppnisaðila“ og langstærsti viðskiptavinur Eimskips undir vöruflokknum „Rafbúnaður og rafvörur“.³⁰⁸²
6532. Í kafla 6.7.6.1 er fjallað um atvik í maí 2008. Sýna þau að áður en „Nýtt upphaf“ verkefnið hófst hafi „herferð“ gegn Eimskip verið til skoðunar hjá Samskipum. Í þessari „herferð“ átti að felast að gerð yrði tilraun til að ná tilteknum mikilvægum samningsbundnum viðskiptavinum Eimskips í viðskipti við Samskip. Í skjali (S)forstö-innfl1 „Target listi maí 2008 – Grænlenkir dagar“ var að finna upplýsingar um stærstu viðskiptavinum Eimskips sem Samskip voru með til skoðunar að ná til sín í umræddri „herferð“. J. Rönning kemur fram á þessum lista og að fyrirtækið hafi árlega flutt 800 Teus með Eimskip og heildarflutningsgjöld þess hafi verið 70 milljónir kr.
6533. Ekki varð af umræddri „herferð“ eins og nánar hefur verið rakið. Þess í stað hófst „Nýtt upphaf“ verkefnið eftir fund Samskipa og Eimskips 6. júní 2008. J. Rönning var því áfram í viðskiptum hjá Eimskip. Einnig virðist J. Rönning hafa verið í einstaka tilfallandi viðskiptum við Samskip.³⁰⁸³

³⁰⁷⁸ Afhent yfirlit frá Eimskip (1.12.2016) um stærstu viðskiptavinum innflutnings „B liður – 1-innflutningur“ (sjá árið 2010) og „4. Rafmagnstæki og rafeindatæki“.

³⁰⁷⁹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „ABC 16.10.2009“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.598855. Sjá flipann „Vv. per viðskiptastj.“, lína nr. 348. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.315416.

³⁰⁸⁰ Afhent gagn frá Eimskip. Afhent 19.02.2016, fskj. 5 „Eimskip samningar G-K“, sjá 7. gr. flutningaþjónustusamnings milli Eimskips og J. Rönning dags. 21.02.2008.

³⁰⁸¹ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Markaðsskýrsla Innflutningsdeildar 2011“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.783720.

³⁰⁸² Rekstraráætlun innflutningsdeildar Samskipa fyrir árið 2009, bls. 31 og 67.

³⁰⁸³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.801471. Af afhentum gögnum Samskipa má ráða að flutningar Samskipa fyrir J. Rönning hafi ekki verið umfangsmiklir en fyrirtækið var aldrei meðal 25 stærstu



6534. Í kjölfar slíkra tilfallandi viðskipta, þann 15. janúar 2010, sendi innkaupastjóri fyrirtækisins tölvupóst til (S)forstö-innfl1 :

„[...] ég var aftur að fá svona hrikalegan refsí taxta frá ykkur.

Ert í lí [svo] að láta laga þetta og senda okkur leiðréttingu.

Getur þú ekki í framhaldi sett á taxta sem er í einhverjum raunveruleika

-það er ekki á nokkurn hátt hægt að réttlæta það að rukka 217þ. fyrir flutning á 2,7 tonnnum.

Mun áhugaverðara er ef þú værir með mig á þannig taxta að ég sjái strax mér haq í því að bjóða út flutninga nú fyrir mánaðarmót.

Það er í raun það sem ég hefði viljað kíkja á þig með í næstu viku – áttu tíma í næstu viku.³⁰⁸⁴

6535. (S)forstö-innfl1 svaraði J. Rönning samdægurs: „Það væri flott að vera í flutningabransanum ef allir myndu borga svona taxta... Læt laga þetta. Ég er laus í næstu viku. Hvernig hentar þér að kíkja til mín á þriðjudaginn, t.d. kl 10:00?.“³⁰⁸⁵

6536. Gögn málsins sýna að (S)forstö-innfl1 átti fund með J. Rönning 20. janúar 2010 og að á þeim fundi hafi J. Rönning áréttað ósk sína um að Samskip settu fram tilboð í flutninga fyrirtækisins. Í söluskýrslu Samskipa vegna fundarins sem fyrirtækið afhenti Samkeppniseftirlitinu kemur fram að J. Rönning hafi upplýst Samskip um að fyrirtækið hefði „glugga“ í janúar (2010) til að opna samning sinn við Eimskip. Af þessari söluskýrslu má einnig sjá að (S)forstö-innfl1 hafi hvatt J. Rönning til að fara í útboð með flutninga sína.³⁰⁸⁶ Að mati Samkeppniseftirlitsins gefa gögn málsins til kynna að þetta hafi (S)forstö-innfl1 gert til málamynda. Sýna gögnin að J. Rönning hafi talið að Samskip hefðu í raun ekki haft áhuga á að reyna að ná fyrirtækinu í viðskipti og hefði J. Rönning gert athugasemd við tómlæti Samskipa.

6537. Má ráða þetta m.a. af tölvupósti sem innkaupastjóri J. Rönning sendi (S)forstö-innfl1 rúmum mánuði eftir fund þeirra, eða um miðjan febrúar 2010. Þar sagði:

„takk fyrir fundin um daginn.

Ég var að vona að þú myndir send mér verð eins og þú myndir sjá okkur hjá þér?

Ég ætla ekki að fara í útboð á flutningum nema að ég sjái að þú getir boðið áhugaverð verð.

Allt sem ég er að sjá frá þér er hrikalega hátt sem gerir það að verkum að ég þori mig ekki að hreyfa nema sjá eitthvað frá þér.

Til dæmis var ég að fá reikning frá ykkur sending stíluð á Hebron verð var 48.202 þegar við breyttum henni í johan Rönning þá var verð 58345

Ef þú hefur áhuga að reyna við okkar viðskipti þá verð ég að sjá þig reyna með aðgerðum.“ (Feitletrun J. Rönning)

6538. (S)forstö-innfl1 svaraði J. Rönning 17. febrúar 2010 með eftirfarandi hætti: „Þessi sending datt á gjaldskrá þar sem engin verð voru inni á ykkur í kerfinu. Læt laga hana og einnig setja inn einhver nothæf verð.

viðskiptavinanna í 15 vöruflokkum í innflutningi til Íslands árin 2006 til og með 2013. Afhent skjal frá Samskipum. Afhent 10.04.2015, „Stærstu viðskiptavinir 2006-2013“, liður 8.1.

³⁰⁸⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.796865.

³⁰⁸⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.796873.

³⁰⁸⁶ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...].



Eins og ég sagði þér á fundinum þá höfum við mikinn áhuga á því að fá ykkur í viðskipti, en ég mun samt ekki senda ykkur verð þegar þið eruð sammingsbundnir samkeppnisaðila okkar. Ef þið hafið áhuga á að skoða futningsmálin (svo) þá verðið þið að koma að óbundnir að sammingsborðinu. Ég tel ekki rétt að ég sendi sammingsbundnum viðskiptavinum verð.“

6539. J. Rönning svaraði (S)forstö-innfl1 sama dag: „Ok það sakaði ekki að reyna við ykkur en áhugin er ekki meiri en þessi. Eins og staðan er er ég með opin samning sem ég hef möguleika að framlengja ef ég fæ engar tillögur frá þér þá lít ég svo á að þú hafir ekki áhuga að skarast í leikinn.“³⁰⁸⁷
6540. Með vísan til 19. gr. samkeppnislaga óskaði Samkeppniseftirlitið eftir afhendingu gagna og upplýsinga um 25 stærstu viðskiptavinum Eimskips í 15 vöruflokkum, þ.m.t. í flokki „Raftækja og rafeindatækja“ fyrir árin 2006 til 2013, sbr. upplýsingabeidni dags. 23. janúar 2015. Þá bar Eimskip jafnframt að afhenda Samkeppniseftirlitinu upplýsingar um útboðs- og tilboðsbeiðnir þessara fyrrgreindu stærstu viðskiptavina, tilboð Eimskips til viðskiptavinnanna og viðskipti sem Eimskip hefði náð eða orðið af vegna útboðanna.
6541. Í fyrstu synjaði Eimskip um afhendingu upplýsinganna. Eftir ítrekun Samkeppniseftirlitsins á upplýsingaskyldu afhenti Eimskip upplýsingar um 25 stærstu viðskiptavinina. Þær upplýsingar sýna eins og áður segir að J. Rönning var þriðji stærsti viðskiptavinur Eimskips í vöruflokki fyrir raftæki og rafeindatæki árið 2010. Eimskip synjaði þó áfram um afhendingu upplýsinga um tilboðsbeiðnir, tilboð og viðskipti þessara stærstu viðskiptavina fyrirtækisins sem Eimskip hafði orðið af eða náð til sín sökum þess að óskað hafði verið tilboða í viðskiptin. Eftir aðra ítrekun Samkeppniseftirlitsins afhenti Eimskip loks upplýsingar, eða þann 19. febrúar 2016, rúmu ári eftir að upplýsingabeidni eftirlitsins var fyrst sett fram. Ásamt afhendingu umbeðinna gagna afhenti Eimskip, að eigin frumkvæði og án skýringa, 66 tilboðsbeiðnir vegna flutninga Eimskips fyrir J. Rönning. Hvorki í þeim gögnum né í öðrum gögnum sem Eimskip afhenti þessu tengt er að finna umbeðnar upplýsingar um J. Rönning og lausan samning viðskiptavinarins í ársbyrjun 2010. Þá má geta þess að ekki er að finna upplýsingar um J. Rönning í yfirliti sem Eimskip afhenti, um þátttöku Eimskips í útboðum/tilboðsbeiðnir á rannsóknartímabili málsins. Eimskip hefur nú viðurkennt að með framangreindri háttsemi hafi fyrirtækið brotið gegn 19. gr. samkeppnislaga, þ.e. með því að hafa ekki veitt Samkeppniseftirlitinu nauðsynlegar eða réttar upplýsingar eða afhent gögn í þágu rannsóknar Samkeppniseftirlitsins, sbr. sátt Eimskips og Samkeppniseftirlitsins, dags. 16. júní 2021.
6542. Við heildarmat Samkeppniseftirlitsins á fyrirliggjandi gögnum skal þess getið að (E)viðskstj2, viðskiptastjóri Eimskips, hélt árin 2006 til og með 2010 utan um viðskipti Eimskips við J. Rönning.³⁰⁸⁸ Hann sá því um samskipti við J. Rönning þegar umræddur samningur fyrirtækisins við Eimskip var uppsegjanlegur eftir 31. desember 2009. (E)viðskstj2 annaðist einnig og hafði beina aðkomu að endurnýjun sammings Eimskips við J. Rönning í ársbyrjun 2010, þ.e. á sama tíma og (S)forstö-innfl1 var í áðurgreindum samskiptum við J. Rönning.³⁰⁸⁹
6543. Í máli þessu eru fyrirliggjandi sönnunargögn sem sýna regluleg samskipti og að því er virðist vináttutengsl (E)viðskstj2, (S)forstö-innfl1, (E)sölustj-innanl2 (viðskiptastjóra á innanlandssviði Eimskips) og (S)stjórnarm-S og SH (stjórnarmanns í Samskipum), sbr. umfjöllun í kafla 13.
6544. Bæði yfirlit sem Samskip afhentu um viðskipti sem fyrirtækið hafði misst til Eimskips eða viðskipti sem fyrirtækið hafði náð frá Eimskip og veltutölur sem Eimskip afhenti um stærstu viðskiptavinum í

³⁰⁸⁷ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.801607.

³⁰⁸⁸ Afhent skjal frá Eimskip. Afhent 19.02.2016. (Minnislykill 4 „Viðskiptastjórar“, sjá flipann „Viðskiptastjórar_“).

³⁰⁸⁹ Afrituð gögn frá Eimskip. Fundargerðir innflutningsdeildar Eimskip, sjá dags. t.d. 08.01.2010 bls. 3, 15.01.2010 bls. 2 og 4, 22.01.2010 bls. 2 og 4, 29.01.2010 bls. 5, 05.02.2010 bls. 1 og 3, 12.02.2010 bls. 1, 3 og 4, 26.02.2010 bls. 4, 02.03.2010 bls. 4 og 15.03.2010 bls. 4. Fundargerðir fundust vistaðar á sameiginlegu tölvudrifi Eimskips.



innflutningi staðfesta að J. Rönning hafi haldið áfram að vera með flutningasamning við Eimskip út rannsóknartímabilið.³⁰⁹⁰

6545. Í forsendum rekstraráætlunar Samskipa vegna innflutnings fyrir árið 2010 (teknað saman af **(S)forstö-innfl1** á síðasta ársfjórðungi 2009) var áætlað að flutt magn fyrir stærstu viðskiptavinina yrði svipað og frá hrúni. Það yrði meiri samdráttur í fluttu magni fyrir minni og meðalstóra viðskiptavinum. Þá segir í áætluninni að Samskip (og Eimskip) væru með ónýttu flutningsgetu í innflutningi. Mætti ætla út frá þessari magnspá og með hliðsjón af ónýttri flutningsgetu Samskipa, að viðskiptavinur eins og J. Rönning gæfi ákjósanlegt tækifæri fyrir Samskip að sækja á.³⁰⁹¹ Að mati Samkeppniseftirlitsins er eina rökréttu skýringin á áhugaleysi Samskipa gagnvart J. Rönning að meiri hagsmunir voru taldir felast í því að virða hina ólögmetu markaðsskiptingu.
6546. Áður en „Nýtt upphaf“ verkefnið hófst áformuðu Samskip að reyna með samkeppnisaðgerðum að ná J. Rönning í viðskipti. Svo virðist sem ekki hafi á þeim tímapunkti skipt máli að fyrirtækið væri „samningsbundið“ Eimskip. Eftir að „Nýtt upphaf“ verkefnið hófst kvartaði J. Rönning hins vegar yfir „hrikalega“ háu verði frá Samskipum og áhugaleysi Samskipa á að gera fyrirtækinu tilboð í heildarflutninga. Til stuðnings því að gera ekki tilboð setti **(S)forstö-innfl1** fram sjónarmið sem byggja á mikilli tillitssemi gagnvart Eimskip, þ.e. að Samskip „senda ekki verð“ til fyrirtækja sem væru samningsbundin Eimskip. Engu breytti þó J. Rönning hafi í tölvupóstum 15. janúar og 16. og 17. febrúar 2010 greint **(S)forstö-innfl1** ítrekað frá því að fyrirtækið væri að skoða að bjóða út flutninga sína og væri með „opin samning“ við Eimskip. Þar fyrir utan er það eðlilegt og samkeppnishvetjandi að fyrirtæki bjóði viðskiptavinum keppinautarins hagstætt verð þrátt fyrir að þeir séu samningsbundin þeim síðarnefnda. Það er viðskiptavinarins að ákveða á eigin forsendum hvort eða hvernig hann telur sig geta brugðist við því.
6547. Í þessu samhengi má horfa til þess að smáir keppinautar Eimskips og Samskipa í landflutningum létu það ekki stöðva sig þótt viðskiptavinur væri „samningsbundinn“ stóru fyrirtækjunum. Ber að hafa í huga að þessir smáu keppinautar voru ekki hluti af samráði Samskipa og Eimskips og í gögnum fyrirtækjanna voru þessir smáu aðilar taldir aðal samkeppnislega ógnin en ekki hinn stóri keppinauturinn. Í áætlun landflutninga Samskipa fyrir árið 2011 er fjallað um þessa minni keppinauta. Þar segir m.a.: „Við höfum þurft að sjá eftir frakt hjá samningsbundnum viðskiptavinum okkar til minni aðila [...]“.³⁰⁹²
6548. Í bréfi Eimskips til Samkeppniseftirlitsins, dags. 19. febrúar 2016, eru sett fram sjónarmið sem ætlað er að sýna fram á takmarkaða þýðingu flutningasamninga við viðskiptavinum. Segir Eimskip að viðskiptin gangi „ekki þannig fyrir sig að fyrirtæki sé með samning í gildi við eitt flutningsfyrirtæki, og eigi þá á sama tíma ekki viðskipti við annað flutningsfyrirtæki. Þvert á móti eiga fyrirtæki ítrekað viðskipti við samkeppnisaðilann þótt í gildi sé samningur við umbjóðendur okkar [Eimskip]. Af þeim sökum eru þess einnig mýmörg dæmi að fyrirtæki láti af viðskiptum við umbjóðendur okkar [Eimskip] án þess að til komi einhver formleg uppsögn á samningi og öfugt.“
6549. Synjun **(S)forstö-innfl1** á því að gefa hinum „samningsbundna“ viðskiptavinum Eimskips tilboð ber að virða í samhengi við ofangreint. Einnig ber að áréttu að þegar Samskip veltu fyrir sér í maí 2008 að auka samkeppni voru aðgerðir af þessum toga undirbúnar gagnvart „samningsbundnum“ viðskiptavinum Eimskips, þ.m.t. gagnvart J. Rönning. Ómálefnalegar takmarkanir eða áhugaleysi í því skyni að ná viðskiptavinum frá keppinaut getur verið skýr vísbending um ólögmett samráð.³⁰⁹³ Höfnun á viðskiptum á grundvelli þess að viðkomandi aðili sé samningsbundinn samkeppnisaðila er augljóslega staðfesting á því að eðlileg samkeppni er ekki

³⁰⁹⁰ Samkvæmt afhentu yfirliti Samskipa fór J. Rönning ekki frá Eimskip á rannsóknartímabilinu. Fylgiskj. 1106 á gagnalista með AI. Um veltutölur J. Rönning hjá Eimskip, sjá afhent skjal frá Eimskip 01.12.2016 „Stærstu viðskiptavinir. 4. Rafmagnstæki og rafeindatæki“. Sjá einnig fylgiskj. 1629 og 1635 á gagnalista með AI.

³⁰⁹¹ Stærri viðskiptavinir héldu uppi magni í skipunum en greiddu gjarnan lægra einingarverð.

³⁰⁹² Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Markaðsskýrsla 2011.docx“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.783856.

³⁰⁹³ Sjá t.d. Bellamy & Child, European Union Law of Competition, áttunda útgáfa 2018, bls. 126.



viðhöfð á umræddum markaði. Að mati Samkeppniseftirlitsins felur framangreint í sér skýra staðfestingu á tilvist hins ólögmeta samráðs Samskipa og Eimskips á þessum tíma, sbr. einnig sátt Eimskips og Samkeppniseftirlitsins.

6550. Í mgr. 958 og áfram í athugasemdum Samskipa við AII er því mótmælt að framangreind atvik séu til vitnis um ólögmett samráð við Eimskip. Er bent m.a. á Samskip hafi gert fjölmargar tilraunir til þess að ná J. Rönning í viðskipti til sín.
6551. Þessi sjónarmið Samskipa eru ekki í samræmi við gögn málsins, sbr. nánari umfjöllun í kafla 26.22. Þau eru heldur ekki í samræmi við framkomnar skýringar Samskipa um á vormánuðum 2009 hafi verið lögð áhersla á að verja fengna stöðu og leita leiða til að auka framlegð með verðhækkunum og kostnaðarlækkunum og sækja í minni viðskiptavinum, sem gæfu af sér hærri framlegð.³⁰⁹⁴ Þar segir jafnframt að Samskipum hafi verið það fullljóst að fyrirtækið myndi tapa í verðstríði við Eimskip og hefðu því neyðst til að treysta á „ró“ á markaðnum, í stað þess að ráðast í fyrirfram tapað verðstríð.

14.23. Rúmfatalagerinn óskar tilboða á árinu 2010

6552. Samkvæmt framangreindum lista (S)forstö-innfl1 frá 14. janúar 2010 var Rúmfatalagerinn einn af stærstu viðskiptavinum innflutningsdeildar Samskipa. Var Rúmfatalagerinn eitt þeirra fyrirtækja sem (S)forstö-innfl1 tilgreindi í tölvupósti til (S)forstö-landfl frá nóvember 2009 þegar hann ræddi um þá stefnu innflutningsdeildar Samskipa að „hækka verð á núverandi kúnnu“, sbr. nánar hér á eftir. Rétt er því að fjalla nánar um atvik sem tengjast þessum viðskiptavinum Samskipa.
6553. Rúmfatalagerinn var dótturfélag hollenska félagsins Lagerinn Dutch Holding BV (hér eftir Lagerinn). Átti það einnig verslanirnar ILVA og Pier hér á landi en jafnframt rak móðurfélagið fjölmargar verslanir í öðrum löndum.³⁰⁹⁵
6554. Rúmfatalagerinn var með samning við Samskip um sjó-, for- og áframflutninga, með gildistíma frá maí 2008 til 30. júní 2011. Var samningurinn óuppsegjanlegur fyrstu 18 mánuði samningstímans en eftir það gat hvor aðili um sig sagt upp samningnum með sex mánaða fyrirvara.³⁰⁹⁶ Fyrsti möguleikinn til að segja upp samningnum var því í nóvember 2009.
6555. Rúmfatalagerinn var sem fyrr segir einn af stærstu viðskiptavinum innflutningsdeildar. Samkvæmt rekstraráætlun innflutningsdeildar Samskipa fyrir árið 2010 (gerð árið 2009) var Rúmfatalagerinn tilgreindur sem níundi stærsti viðskiptavinur Samskipa í innflutningi.³⁰⁹⁷ Þá var fyrirtækið stærsti einstaki viðskiptavinur Samskipa í innflutningi undir vörflokknum „Húsgögn“ yfir allt rannsóknartímabilið.³⁰⁹⁸ Hins vegar var Eimskip með IKEA, hinn stóra innflytjandann í vörflokknum „Húsgögnum“, í innflutningsviðskiptum. Nánar er fjallað um atvik tengd IKEA í kafla 14.29 á eftir en sá viðskiptavinur var með lausan samning hjá Eimskip um mitt ár 2010 og er talið að markaðsskipting Samskipa og Eimskips hafi einnig tekið til hans.
6556. Rúmfatalagerinn og IKEA voru eftir hrúnið haustið 2008 sérstaklega verðmætir innflutningsviðskiptavinir Eimskips og Samskipa en samkvæmt samtímagagni frá Samskipum var vörflokkurinn fyrir húsgögn mjög háður efnahagssveiflum. Vegna hrunsins hér á landi í október árið 2008 var því gert ráð fyrir að lágvöruverðsverslanir í húsgagnasölu, eins og IKEA og Rúmfatalagerinn, styrktu stöðu sína.³⁰⁹⁹

³⁰⁹⁴ Sjá mgr. 1393 í athugasemdum Samskipa við AI og mgr. 1022 í athugasemdum Samskipa við AII.

³⁰⁹⁵ Afrituð tölvuskjöl frá Eimskip. „Request for quotation.pdf“ og „RFQ from LDH appendix nr 3.pdf“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.628426.

³⁰⁹⁶ Afhent gögn frá Samskipum. Afhent 10.04.2015, liður 8.2 „Samningar“. Flutningasamkomulag Samskipa hf. og Rúmfatalagersins, dags. 09.05.2008.

³⁰⁹⁷ Afritað tölvuskjal frá Samskip. [...].

³⁰⁹⁸ Afhent tölvuskjöl frá Samskipum. Afhent 10.04.2015. „Stærstu 50“, „Liður 9.1 Innflutningur Heildarlisti“ (ekki tekið tillit til Jóna Transport). „Liður 8.1 Stærstu viðskiptavinir 2006-2013“.

³⁰⁹⁹ Afritað tölvuskjal frá Samskip. [...].



6557. Samráð Samskipa og Eimskips sem hófst eftir fund fyrirtækjanna 6. júní 2008 gerði þeim kleift að halda uppi verði og hækka það. Verðhækkanir Samskipa árið 2008 tóku m.a. til Rúmfatalagersins, sbr. kafla 8.15.10 og umfjöllun um tölvupóst og viðhengi frá **(S)forstö-innfl1** til undirmanna sinna 1. september 2008. Í október 2008 unnu Samskip einnig að því að „leiðréttu“ verð viðskiptavina sem voru með samninga í íslenskum krónum með því að leggja á gengisálag, svokallað CAF gjald (e. Currency Adjustment Factor) á viðskiptavinina, þ. á m. gagnvart Rúmfatalagerum, sbr. kafla 8.19.1, 8.19.4 og 10.4.7. Meðal annars þessar aðgerðir voru birtingarmynd þess hvernig samráð Samskipa við Eimskip gerði þeim kleift að vinna að hækkunum gagnvart viðskiptavinum án ótta um samkeppnisleg viðbrögð frá Eimskip, sbr. umfjöllun í kafla 10.4.7, 11.21 og 15.3.
6558. Eins og áður segir var flutningasamningur Samskipa og Rúmfatalagersins fyrst uppsegjanlegur í nóvember 2009. Strax haustið 2009 undirbjó **(S)forstö-innfl1** enn á ný verðhækkun gagnvart Rúmfatalagerum en í september 2009 sendi hann undirmönnum sínum tölvupóst og beindi þeim fyrir mælum til þeirra að skoða m.a. mögulega verðhækkun gagnvart Rúmfatalagerum.³¹⁰⁰ Gögn málsins gefa til kynna að Samskip hafi í kjölfarið sett sig í samband við Rúmfatalagerinn með það fyrir augum að hækka flutningsverð, sem hafði þó hækkað frá undirritun samningsins í samræmi við breytingu á vísitölu neysluverðs. Þá segja Samskip í athugasemdum sínum að markmiðið hafi verið að semja við Rúmfatalagerinn við Rúmfatalagerinn í evrum.³¹⁰¹
6559. Í tölvupósti frá **(E)starfsm** til **(E)forstö-innfl** þann 18. september 2009 var vikið m.a. að Rúmfatalagerum, Maersk og Samskipum. Vísað var til **(S)forstö-innfl1** og sagt að upp hefði komist að Samskip greiddu Maersk 4 dollara á dag fyrir gáma en rukkuðu Rúmfatalagerinn síðan um 1000 dollara á mánuði fyrir gámaleigu.³¹⁰²
6560. Ljóst er að Lagerinn/Rúmfatalagerinn fór um sama leyti að líta í kringum sig með það fyrir augum að fá tilboð frá öðrum í flutninga fyrirtækisins en m.a. var leitað til Eimskips vegna flutninga frá Asíu og Fredrikstad í Noregi. Þannig má sjá að 23. október 2009 lét fyrirsvarsaður Lagersins Eimskip vita að fyrirtækið væri að fara að bjóða út flutninga fyrir næsta ár frá Asíu og spurði Eimskip hvort það ætti eitthvað form af eyðublaði til að senda á útboðsaðila (**(E)deildstj-útf1** áframsendi beiðnina til **(E)frkvstj-sala/bj**).³¹⁰³
6561. Stuttu síðar, eða 28. október 2009, óskaði Rúmfatalagerinn eftir tilboði frá Eimskip í flutninga á gámum frá Fredrikstad í Noregi til Reykjavíkur. Miðað við tölvupóstinn var um að ræða reglulega flutninga. Í honum segir m.a.: „Við erum oft að fá vörur frá Noregi í gegnum Danmörk ...“ og síðar „Þessi flutningsleið er orðin mjög dýr. Getur þú gefið okkur tilboð í 40 ft. gám FOB Fredrikstad?“. Síðar sama dag sendi **(E)viðskstj1** tölvupóst til **(E)forstö-innfl**. Meðfylgjandi var tillaga að tilboði Eimskips til Rúmfatalagersins í flutning á „40ft gám frá FOB Fredrikstad til Door Reykjavík“.³¹⁰⁴

³¹⁰⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.768715.

³¹⁰¹ Mgr. 964 í athugasemdum Samskipa við AII.

³¹⁰² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.578729. Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.580736.

³¹⁰³ Afritaðir tölvupóstar frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.302688. Við rannsókn málsins hefur ekki fundist svar [...] við tölvupósti Rúmfatalagersins.

³¹⁰⁴ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Eimskip Offer 0000511188_.PDF“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.605454. Við rannsókn málsins fann Samkeppniseftirlitið í afhentum gögnum Eimskips annað sjóflutningstilboð frá [...] til Rúmfatalagersins haustið 2009 (28. september 2009) og þá fyrir tilfallandi gámaflutning fyrir Rúmfatalagerinn frá Kanada til Íslands. Tvö önnur tilfallandi sjóflutningstilboð frá Eimskip til Rúmfatalagersins (annað vegna strandsiglinga) voru jafnframt afhent og eru þau dagsett 02.05.2013 og 11.06.2013. Afhent skjöl frá Eimskip. Afhent 19.02.2016. Minnislykill 3. Engar skýringar fylgdu með afhendingu Eimskips vegna þessara tilboða til Rúmfatalagersins, sbr. bréf þess frá 19.02.2016. Samkvæmt afhentum veltutölum Eimskips var Rúmfatalagerinn ekki meðal stærstu viðskiptavina félagsins í innflutningi og veltan hjá Eimskip var smávægileg í samhengi við heildarfjárhæð flutningsviðskiptanna (árin 2006-2012 fór velta Rúmfatalagersins hjá Eimskip hæst í 661 þús. kr. árið 2009 en sama ár voru t.d. flutningsviðskipti Rúmfatalagersins hjá Samskipum yfir 114 milljónir kr.). Afhent skjal frá Eimskip. Afhent 19.02.2016., minnislykill 4, „Ýmis gögn“. „Viðskiptasagan“, sbr. leiðrétt skjal afhent frá Eimskip 01.11.2016 „Viðskiptasagan_Þróun Net Value öll ft. í 15. flokkum“. Afhent skjal frá Samskipum. Afhent 10.04.2015. „Liður 9.1 Innflutningur Heildarlisti“, „2009“.



6562. Í kjölfarið, þ.e. eftir að (E)forstö-innfl hafði vistað áður nefnt tilboð sent frá (E)viðskstj1, vistaði (E)forstö-innfl hjá sér annað skjal sem nefndist „Rúmfatalagerinn maí 2008 (2).xls“. ³¹⁰⁵ Þar var að finna tilboðsverð Eimskips til Rúmfatalagersins frá maí 2008. Stuttu síðar sendi (E)viðskstj1 upphaflegt tilboð sitt óbreytt til Rúmfatalagersins. ³¹⁰⁶
6563. Þegar tilboð Eimskips til Rúmfatalagersins frá maí 2008 í flutning frá Evrópu fyrir 40 feta gám er borið saman við tilboðið sem (E)viðskstj1 sendi til Rúmfatalagersins í október 2009 kemur fram að tilboðið í sjóflutning 2009 er um 160% hærra í krónum talið en tilboð Eimskips til Rúmfatalagersins frá maí 2008. Tilboðið til Rúmfatalagersins í heild sinn var um 140% hærra. Í fyrra tilboðinu var gert ráð fyrir að Rúmfatalagerinn greiði 50% af BAF en 100% í því síðara.
6564. Þann 29. október 2009 sendi (E)viðskstj1 tölvupóst á (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-sala/þj varðandi viðbrögð Rúmfatalagersins við tilboðinu. Þar sagði m.a.: „[...] þeim fannst tilboð okkar ekki áhugavert svona frekar hátt“ ³¹⁰⁷ Í tölvupósti (E)forstö-innfl 8. desember 2009 er einnig vísað til óánægju Rúmfatalagersins með þetta tilboð Eimskips, sbr. nánar hér á eftir.
6565. Var verð fyrir sjóflutning ásamt BAF í tilboðinu til Rúmfatalagersins 40% hærra en verð skv. samningi IKEA við Eimskip á þessum tíma.
6566. Með hliðsjón af gögnum málsins telur Samkeppniseftirlitið að Eimskip hafi með tilboðinu frá 28. október 2009 sent skýr skilaboð um að fyrirtækið myndi virða hina ólögsmætu markaðsskiptingu við Samskip. Með þessu var leiðin greið fyrir Samskip að ná fram því markmiði sínu að hækka verð gagnvart þessum mikilvæga viðskiptavinum. Í kjölfar tilboðs Eimskips, í byrjun nóvember 2009, sögðu Samskip upp flutningasamningi sínum við Rúmfatalagerinn.
6567. Uppsögn Samskipa tengdist með beinum hætti því að Samskip ætluðu sér að hækka verð gagnvart viðskiptavininum, sbr. eftirfarandi tölvupóst (S)forstö-innfl1 frá 9. nóvember 2009 til Rúmfatalagersins (heiti póstsins er „Uppsögn á flutningasamningi“). Í honum sagði:
- „Eins og við ræddum í síðustu viku þá höfum við ákveðið að segja upp gildandi flutningasamningi milli Samskipa og Rúmfatalagersins. Samningurinn er uppsegjanlegur í dag með 6 mánaða fyrirvara. Samskip hafa lengi óskað eftir endurskoðun á verðhluta gildandi samnings, en við höfum ekki náð lendingu í því máli. Þetta var því eina leiðin sem við sáum færa í stöðunni. Við höfum eftir sem áður mikinn áhuga á því að halda áfram góð samstarfi við Rúmfatalagerinn og óskum því eftir að hefja viðræður um nýjan samning sem fyrst.*
- Vinsamlega staðfestu móttöku þessarar uppsagnar.*“ ³¹⁰⁸
6568. Rétt er að benda á að (S)forstö-landfl sendi tölvupóst til (S)forstö-innfl1 á þessum tíma, n.t.t. þann 17. nóvember 2009, og spurðist fyrir um hvort innflutningsdeild hygðist reyna að ná IKEA í viðskipti við Samskip. IKEA var, eins og áður hefur komið fram, mikilvægur viðskiptavinur Eimskips. Svar (S)forstö-innfl1 var eftirfarandi:
- „Samningur þeirra við Eimskip er uppsegjanlegur um áramót með 6 mánaða fyrirvara. Ikea menn ætla að segja honum upp.*
- Við reyndum við Ikea síðast og ég geri ekki ráð fyrir að reyna við þá næsta sumar.*
- Markmið hjá innflutningi er að hækka verð á núverandi kúnnu, s.s. Rúmfó, Húsa og ÍSAM.*“ ³¹⁰⁹

³¹⁰⁵ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.87978.

³¹⁰⁶ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „511188 Rúmfatal..pdf“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...].

³¹⁰⁷ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.308240.

³¹⁰⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.783020.

³¹⁰⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.786102.



6569. Þannig gaf (S)forstö-innfl1 það skýrt til kynna að ekki ætti að sækjast eftir viðskiptum IKEA þar sem Samskip ætluðu að hækka verð gagnvart eigin mikilvægum viðskiptavinum, m.a. Rúmfatalagernum. Kristallast hér framkvæmd markaðsskiptingar Samskipa og Eimskip en að mati Samkeppniseftirlitsins sýnir tölvupósturinn með skýrum hætti þá röskun á samkeppni sem leiddi af hinu samfellda samráði fyrirtækjanna.
6570. Athuga ber að í framangreindum gögnum frá Samskipum var ekki að finna neina vísbendingu um að Samskip hefðu litið á Eimskip sem ógn við viðskipti Samskipa og Rúmfatalagersins. Samkvæmt samtímagögnum taldi (S)forstö-innfl1, í nóvember 2009, t.d. litlar líkur á að Samskip myndu missa Rúmfatalagerinn úr viðskiptum.³¹¹⁰ Hafði (S)forstö-innfl1 þannig ekki áhyggjur af því að samkeppni frá Eimskip myndi koma í veg fyrir þau áform Samskipa að hækka verð gagnvart Rúmfatalagernum. Þetta fyrra mat (S)forstö-innfl1 reyndist rétt.
6571. Í þessu samhengi ber að líta til tölvupósts sem (E)frkvstj-Þýskal sendi þann 8. desember 2009 til (E)forstö-innfl. Í tölvupóstinum sagði:
- „Ég fékk post frá [...] kunningja mínum hjá Rúmfatalagernum í morgun þar sem hann segir mér m.a. að flutningasamningar þeirra séu lausir um áramótin. Get ímyndað mér að það sé mikið magn sem þeir flytja inn til landsins.*
- Hver er stefna okkar gagnvart Rúmfatalagernum? Erum við að sækjast eftir þeirra viðskiptum? Þetta er væntanlega einn af stærri (ef ekki stærsti) kúnninn hans [...]/Interland.*
6572. (E)forstö-innfl svaraði tölvupóstinum sama dag: „Vitum allt um Rúmfatalagerinn og höfum verið í sambandi við þá. Þeir fengu verð hjá okkur nú um daginn sem þeir virðast ekki hafa verið nógu ánægðir með. Auðvitað viljum við viðskipti þeirra eins og annarra en auðvitað á sanngjörnum og eðlilegum kjörum. Viðbrögð þeirra virðast benda til þess að þeirra núverandi kjör hjá hinum séu betri en við vildum bjóða.“³¹¹¹
6573. Staðfestir þetta óánægju Rúmfatalagersins með tilboð Eimskips frá 28. október 2009. Sem fyrr segir sögðu Samskip upp samningnum við Rúmfatalagerinn nokkrum dögum síðar með það að markmiði að hækka verð. Varðandi viðbrögð Eimskips við tilboðsumleitan Rúmfatalagersins má sömuleiðis vísa til gagns frá 18. janúar 2010 en þann dag sendi flutningsmiðlun í Svíþjóð tölvupóst til (E)frkvstj-sala/þj og spurði hvort þeir gætu fundað þegar hann kæmi til landsins innan nokkurra vikna þar sem flutningsmiðlunin væri í viðskiptum við Lagerinn í Kanada. Einnig spurði flutningsmiðlunin hvað Eimskip væri að gera fyrir Rúmfatalagerinn á Íslandi. (E)frkvstj-sala/þj svaraði í samræmi við áður nefnd ummæli (E)forstö-innfl:
- „Ekki spurning, um að gera að hitta þá [Rúmfatalagerinn], (E)forstö-innfl þekkir þetta betur en þeir hafa verið „on the other side“ í e-hv tíma hafa falast eftir verðum nýlega en við vorum ekki samkeppnishæf í verðlagningu skilst mér (ræðum betur þegar þú kemur.“³¹¹²*
6574. Þann 20. janúar 2010, sendi viðskiptastjóri hjá Eimskip, (E)viðskstj1, tölvupóst til (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-sala/þj með fyrirsögninni „Rúmfatalagerinn“. Í honum sagði: „Ég hafði heyrt að þeir höfðu sagt upp samningi við Samskip, tók þá ákvörðun að hringja í [Rúmfatalagerinn] til að fá upplýsingar um málið, hann [sagði] að samningur væri fyrst laus Júlí 2010. Hann hefur samband við okkur í byrjun sumars til að fara í þessi mál með okkur :-)“.³¹¹³
6575. Síðar þennan sama dag sendi Rúmfatalagerinn tölvupóst til (E)viðskstj1. Þar sagði: „Ég var að fara yfir okkar núverandi samninga. Það kemur í ljós að samningar okkar eru lausir í byrjun sumars. Ég

³¹¹⁰ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Risk Assessment_import nov09.xls“, dags. 26.11.2009. [...] Doc. ID. 0.7.33.709738.

³¹¹¹ Afritaðir tölvupóstar frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.629993.

³¹¹² Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.369656.

³¹¹³ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.371934. Sjá einnig tölvupóstsamskipti [...] Doc. ID. 0.7.33.372245.



tel ekki seinna vænna en að byrja að skoða þessi mál sem fyrst. Hefði áhuga á að ég og [...] myndum hitta ykkur seinni hluta viku 5. Gengur það fyrir ykkur.“

6576. (E)viðskstj1 áframsendi þennan tölvupóst til (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-sala/þj með orðunum „Yfir til ykkar > ég staðfesti að hann að við höfum áhuga.“³¹¹⁴ Sama dag sendi (E)viðskstj1 fundarboð á Rúmfatalagerinn, (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-sala/þj með fyrirsögninni „Flutningamál ofl.“. Fundardagur var 4. febrúar 2010.³¹¹⁵
6577. Þrátt fyrir að (E)forstö-innfl hefði fengið upplýsingar um að samningur Rúmfatalagersins og Samskipa væri laus aðhafðist hann ekkert. Það var aftur á móti undirmaður hans, (E)viðskstj1, viðskiptastjóri hjá Eimskip, sem kom því til leiðar að fyrirtækið myndi hefja viðræður við Rúmfatalagerinn með því að hafa beint samband við fyrirtækið.
6578. Þann 1. febrúar 2010 kl. 17:03 vistaði (E)forstö-innfl excel-skjal með heitinu „Stöðulisti samkeppni jan 2010.xlsx“. Var Rúmfatalagerinn þar á lista og skráð við hann að samningur væri laus um sumar 2010.³¹¹⁶

| Fyrirtæki | Athugasemd | Heimsókn | Tengil |
|-------------------|--------------------------------|----------|--------|
| 1 HUSASMÍDIAN HF | Samningur gerður 2008 | | |
| 2 MEST HF | farið á hausinn - Steypustöðin | | |
| 3 HEKLA HF | 31/12/2010 | | |
| 4 RÚMFATALAGERINN | Sumar 2010 | Jan-10 | |

6579. Eins og áður segir stóð til þann 4. febrúar 2010 að (E)viðskstj1, (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-sala/þj ættu fund með Rúmfatalagernum.³¹¹⁷ Fundurinn virðist hafa farið fram þar sem í fundargerð innflutningsdeildar Eimskips 5. febrúar 2010 segir undir (E)viðskstj1: „Hitti Rúmfatalagerinn en þeir eru með verðkönnun/útboð.“³¹¹⁸
6580. Föstudaginn 19. febrúar 2010 barst (E)viðskstj1 tölvupóstur frá Rúmfatalagernum á Íslandi, þar sem sagði: „Hér er yfirlit yfir flutninga frá Far East. Setti inn á skjalið þá aðila sem við óskum eftir að fá verð í forflutning á. Svo eru hér tölur um heildarflutninga (Far East er inni í þeim tölum).“ Í samræmi við skýringar Rúmfatalagersins má sjá í viðhenginu yfirlit yfir sendingar Rúmfatalagersins/ILVU/PIER frá Asíu ásamt heildarflutningum. (E)viðskstj1 áframsendi tölvupóstinn til (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-sala/þj eftir helgina, þ.e. 22. febrúar 2010.³¹¹⁹
6581. Tæpum tveimur vikum síðar eða þann 4. mars 2010 sendi (E)viðskstj1 tölvupóst til Rúmfatalagersins þar sem sagði: „Afsakið hvað við höfum verið lengi að senda verð til ykkar, við erum að vinna í þessu og gerum ráð fyrir að senda ykkur flutningsverð f.h. á morgun, vonandi sleppur það.“
6582. Í kjölfarið var ákveðinn fundur milli Eimskips og Rúmfatalagersins kl. 11:00 þann 5. mars 2010.³¹²⁰ Jafnframt stóð til að Rúmfatalagerinn myndi hitta (E)forstj eftir fundinn en ekki er ljóst af samtímagögnum hvort af því hafi orðið.

³¹¹⁴ Afritaðir tölvupóstar frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.372245.

³¹¹⁵ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.649677.

³¹¹⁶ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.63851.

³¹¹⁷ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.649677.

³¹¹⁸ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...].

³¹¹⁹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Rúmfatalagerinn ex Far East 2008-2009.xlsx“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip[...] Doc. ID. 0.7.33.407255.

³¹²⁰ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.672130.



6583. Fyrir fundinn 5. mars 2010 sendi (E)viðskstj1 tölvupóst til Rúmfatalagersins með samningsdrögum til að ræða á fundinum.³¹²¹
6584. Heildarflutningsverðið sem Eimskip bauð Rúmfatalagernum í mars 2010 fyrir 40 feta gám var tæplega 125% hærra í íslenskum krónum en verðið sem fyrirtækið bauð í maí árið 2008.³¹²² Jafnframt var verðið sem Eimskip bauð í sjóflutning 48% hærra í evrum talið en verðið sem Eimskip var tilbúið að bjóða Rúmfatalagernum í maí 2008 þegar samkeppni ríkti um viðskipti fyrirtækisins. Tilboð Eimskips til Rúmfatalagersins í mars 2010, fyrir flutning (sjóflutningur + BAF) á 40 feta gámi í tilboði Eimskips til Rúmfatalagersins, var um 37% hærra í evrum en verð IKEA fyrir flutning á slíkum gámi samkvæmt þágildandi samningi IKEA hjá Eimskip.³¹²³ Jafnframt var tilboðsverð Eimskips til Rúmfatalagersins í mars 2010 um 38% hærra en verð samkvæmt samningi Eimskips og IKEA sem undirritaður var í september 2010.³¹²⁴
6585. Í fundargerð innflutningsdeildar Eimskips frá 8. mars 2010 segir undir (E)viðskstj1:
- „Hitti Rúmfatalagerinn í dag, búið að senda þeim tölur, en verð ekki samkeppnisfær eins og þeir sögðu sjálfir.“³¹²⁵*
6586. Miðað við tölur úr tilboði Eimskips til Rúmfatalagersins og tölur úr nýjum samningi Rúmfatalagersins og Samskipa var það heildarverð sem Eimskip bauð í flutning á 40 feta gámi tæplega 72% hærra en það verð sem Samskip sömdu um við Rúmfatalagerinn í nýjum samningi sem undirritaður var síðar í mars 2010, sbr. umfjöllun hér á eftir.
6587. Niðurstaða útboðs eða verðkönnunar Rúmfatalagersins var að Samskip héldu viðskiptunum og hækkuðu verð gagnvart þessum mikilvæga viðskiptavinum og náðu því markmiði að færa gjaldeyrísáhættu yfir á viðskiptavininn með því að breyta sjóflutningsverði úr íslenskum krónum yfir í evrur. Alhliða flutningasamkomulag Samskipa og Rúmfatalagersins um sjóflutning til Íslands var þannig undirritað í mars 2010.³¹²⁶ Þann 18. mars 2010 sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv og greindi frá þessu:
- „Við vorum að skrifa formlega undir samninginn við Rúmfatalagerinn. 2 ára samningur. Hækkunin skilar ca. 20 mkr á ári.“*
6588. (S)frkvstj-millilandasv svaraði samdægurs: „Glæsilegt“.³¹²⁷
6589. Framangreint var í samræmi við rekstraráætlanir Samskipa og Eimskips fyrir árið 2010. Halda átti sínu, hækka verð og ekki sækja á nýja viðskiptavini.
6590. Er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að framangreind atvik vegna Rúmfatalagersins endurspeglu hina ólögmetu markaðsskiptingu. Samtímagögn eru í samræmi við sátt Eimskips dags. 16. júní 2021, en þar viðurkennir Eimskip að hafa átt í ólögmetu samráði við Samskip um skiptingu á mörkuðum eftir stærri viðskiptavinum í sjó- og landflutningum.

³¹²¹ Afritaður tölvupóstur Eimskip. [...].

³¹²² Miðað við heildarverð fyrir flutning á 40 feta gámi. Hafa ber í huga að með hliðsjón af gögnum málsins má gera ráð fyrir að stærsti hluti innflutnings Rúmfatalagersins hafi verið með 40 feta gámum en í skjali [...] sem unnið var í tengslum við samningsgerð Samskipa við Rúmfatalagerinn á árinu 2008 kemur fram að flutningur á 40 feta gámum sé 88,4% af heilgámaflutning en flutningur á 20 feta gámum 11,6%. Afritað tölvuskjal frá Samskipum. Heimasvæði [...]. „Nýr samningur – útreikningur.xls“, vistað 23.04.2008, kl. 14:34. Doc. ID. 0.7.33.12536.

³¹²³ Sjá hér einnig mgr. 1830 í athugasemdum Eimskips við AII.

³¹²⁴ Við útreikninginn er miðað við verð IKEA samkvæmt samningi fyrirtækisins við Eimskip sem undirritaður var í september 2010. Verð í erlendum myntum er reiknað út frá sölugengi viðkomandi myntar eins og það var skráð hjá Seðlabanka Íslands 05.03.2010.

³¹²⁵ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.97310. Af tölvupóstsamskiptunum má ráða að fundargerðin hafi ranglega verið skráð með dagsetninguna 02.03.2010.

³¹²⁶ Afhent skjal frá Samskipum. Afhent 10.04.2015. „Rúmfatalagerinn 19.03.2010“, liður 8.2.

³¹²⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.726461



6591. Sýna framangreind atvik vegna Rúmfatalagersins að samfelld markaðsskipting Samskipa og Eimskips var virt á þessum tíma. Þetta ástand eða „friðurinn“ og „róin“ gerði Samskipum kleift að hækka verð.
6592. Í mgr. 966 í athugasemdum Samskipa við AII kemur m.a. fram það mat fyrirtækisins að gögn í málinu sýni að Samskip hefðu lagt mikið á sig til að halda viðskiptum Rúmfatalagersins og að verðtilboð fyrirtækisins hefði verið lágt. Eimskip hefði því orðið undir í samkeppni um viðskipti Rúmfatalagersins sem að sögn Samskipa væru merki um heilbrigða samkeppni.
6593. Eins og rökstutt er í kafla 26.23 eru þessi sjónarmið Samskipa ekki í samræmi við gögn málsins. Þá eru órökstuddar staðhæfingar um að verðtilboð Samskipa til Rúmfatalagersins hafi verið lágt ótrúverðugar enda náðu Samskip því fram að hækka verð gagnvart Rúmfatalagernum, sbr. ummæli (S)forstö-innfl1 í tölvupósti hans til (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv 18. mars 2010. Samtímagögn Samskipa sýna sömuleiðis að fyrirtækið hafði vissu um að Eimskip myndi láta Rúmfatalagerinn í friði, þegar Samskip höfðu frumkvæðið að því að ganga fram og segja upp samningi Rúmfatalagersins, beinlínis með það að markmiði að hækka verð. Sem gekk svo eftir.

14.24. Upplýsingaskipti á árinu 2010 vegna Maersk

6594. Samskipti Samskipa og Eimskips í febrúar 2010 vegna Maersk hafa hér þýðingu.
6595. Flutningafyrirtækið Maersk var bæði keppinautur og viðskiptavinur Eimskips og Samskipa. Hér skiptir máli að fram á árið 2013 var Maersk í samkeppni við bæði Eimskip og Samskip varðandi flutninga til Íslands. Þetta gerði Maersk með því að kaupa rými (slots) í skipum beggja fyrirtækjanna. Þá hafa bæði Samskip og Eimskip leigt gáma af Maersk. Fjallað var um samskipti Samskipa og Eimskips við Maersk veturinn 2009 í kafla 14.15.
6596. Í byrjun febrúar 2010 sendu bæði Eimskip og Samskip inn pöntun til Maersk á gámum vegna loðnuvertíðarinnar en af gögnum má ráða að á loðnuvertíðinni (jan-apríl) þyrftu skipafélögin á sérstaklega mörgum gámum að halda og þá sérstaklega frystigámum. Þessa gáma fengu skipafélögin að miklu leyti leigða hjá Maersk, ásamt öðrum fyrirtækjum. Hafa Samskip staðfest það að hluta við meðferð málsins.³¹²⁸
6597. Þann 8. febrúar 2010 fengu bæði fyrirtækin svar frá Maersk, hvort í sínu lagi, þar sem fram kom að Maersk væri að endurskoða viðskipti sín við Ísland, sökum lágs leiguverðs á gámum og staðsetningu Íslands („lág verð og transittíma“). Stóð þetta m.a. í tölvupósti Maersk:
- „The outcome is that we will at the present rates not release any reefer equipment for any low paying, low yielding cargo. We are currently experiencing a very high demand for reefers world wide, additionally the main markets in Europe are too low paying. The Iceland disadvantage of the (relative) long turnaround time of more than 30 days in average plus the transit time to Japan of another 30-35 days that ends upto 70 days or even more.“³¹²⁹*
6598. Þessi viðbrögð komu bæði Eimskip og Samskipum á óvart og í kjölfarið fóru fram umræður innan fyrirtækjanna um þessi svör Maersk. Ljóst er einnig að fyrirtækin ákváðu að hafa ólögmett samráð sín á milli vegna þessa.
6599. Þann 9. febrúar 2010 sendi þannig (E)starfsm-flutnstýr1 tölvupóst til m.a. (E)frkvstj-sala/þj og (E)frkvstj-skiparekst. Heiti póstsins er „Samskip og Maersk“. Í honum segir:
- „Ég átti samtál við þann sem er í „minni stöðu“ hjá Samskip, og eina sem ég spurði hann hvernig honum litist á loðnuvertíðina og ég fékk alla söguna hjá þeim.“*

³¹²⁸ Sjá mgr. 1615-1616 í athugasemdum Samskipa við AI.

³¹²⁹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.392474. [...] Doc. ID. 0.7.33.950821.



Í stuttu máli er hún nákvæmlega sama og hjá okkur, fengu bréf frá [JFG] í gær og innihald bréfsins er það sama og hann sendi okkur. Kvartað yfir transittíma og verðin of lág.

Næsta skref hjá þeim er að reikna verðin upp á nýtt, þeir fá skammt hjá Maersk (eins og við) en ekkert í næstu viku.³¹³⁰

6600. (E)frkvstj-skiparekst framsendi þennan póst samdægurs til m.a. (E)frkvstj-alþjv en honum var einnig dreift til (E)frkvstj-sala/þj.³¹³¹ Umræddur JFG var yfirmaður Íslandsdeildar Maersk.
6601. Þessi tölvupóstur Eimskips er skýrt samtímagagn. Hann sýnir að starfsmaður Eimskips hafði samband við Samskip og fékk upplýsingar um mikilvæg viðskiptamálefni sem voru til þess fallin að hafa áhrif á samkeppni fyrirtækjanna.
6602. Samskip hafa í athugasemdum sínum ekki hafnað því að þessi samskipti hafi átt sér stað en byggja á því að það sem fram fór hafi ekki falið í sér trúnaðarupplýsingar sem gætu haft áhrif á samkeppni fyrirtækjanna.³¹³²
6603. Þeim skýringum er hafnað. Í þessum samskiptum fékk Eimskip fullvissu um að Samskip hefðu fengið sömu skilaboð frá Maersk og vísbendingar um hver viðbrögð Samskipa yrðu við þeim. Í tölvupóstinum segir jafnframt að starfsmaður hafi fengið „alla söguna“ og af því má leiða að um væri að ræða upplýsingar um samskipti og viðskipti Samskipa við Maersk. Að mati Samkeppniseftirlitsins leikur enginn vafi á því að slíkt geti talist til viðkvæmra upplýsinga á samkeppnismarkaði. Engu skiptir í því sambandi þó svo Eimskip og Samskip hafi bæði verið viðskiptavinir Maersk og átt þar svipaðra hagsmuna að gæta. Það veiti þeim ekki heimild til að ræða saman um þá hagsmuni eða annað sem viðkemur viðskiptum þeirra við þriðja aðila.
6604. Þá er ljóst að þetta voru taldar það mikilvægar upplýsingar innan Eimskips að bæði (E)frkvstj-sala/þj og (E)frkvstj-skiparekst sendu þær samstundis til (E)frkvstj-alþjv framkvæmdastjóra hjá Eimskip.³¹³³ Það er mat Samkeppniseftirlitsins að þessi samskipti hafi verið hluti af samfelldu samráði fyrirtækjanna á þessum tíma. Þá ber að líta til þess að í sátt Eimskips við Samkeppniseftirlitið er viðurkennt að brot fyrirtækisins hafi m.a. falist í samráði við Samskip um „miðlun á mikilvægum verð- og viðskiptaupplýsingum“.

14.25. Nathan & Olsen óskar tilboða á árinu 2010

6605. Fjallað er um atvik tengd Nathan & Olsen (N&O) á árunum 2008-2009 í kafla 14.5 hér að framan en fyrirtækið skrifaði undir samning við Samskip 6. febrúar 2009.
6606. Þessi samningur N&O við Samskip frá febrúar 2009 gildi til 1. febrúar 2011. Samkvæmt ákvæðum samningsins átti hann að framlengjast sjálfkrafa að loknum gildistíma hans nema annar hvor aðili segði honum upp með þriggja mánaða fyrirvara.³¹³⁴
6607. N&O var umfangsmikill kaupandi flutningsþjónustu hér á landi og mjög mikilvægur viðskiptavinur Samskipa, sbr. m.a. lista (S)forstö-innfl1 frá 14. janúar 2010 sem fjallað var um í kafla 14.20.1. Var N&O þar stærsti viðskiptavinur innflutningsdeildar Samskipa á eftir Jónum, dótturfélagi Samskipa.
6608. Í þessum kafla verður fjallað m.a. um verðhækkun Samskipa gagnvart N&O í janúar 2010. Einnig verður fjallað um gögn frá ágúst 2010 sem tengjast endurnýjun á samningi Samskipa við N&O en sá samningur var undirritaður í janúar 2011.

³¹³⁰ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. Id. 0.7.33.176927.

³¹³¹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.225007.

³¹³² Sjá mgr. 1615-1616 í athugasemdum Samskipa við AÍ.

³¹³³ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.224984.

³¹³⁴ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. Heimasvæði [...]. „Flutningasamningur 1912 og Samskipa – janúar 2009 – version 2.doc“, vistað 06.02.2009, kl. 11:04. Doc. ID. 0.7.33.14978.



14.25.1. „Hrærum“ ekki í Aðföngum og hækkum á Nathan & Olsen

6609. Þann 8. september 2009 sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til viðskiptastjóra hjá innflutningsdeild. Beiðni hann þeim fyrir mælum til þeirra að skoða mögulega verðhækkun gagnvart stórum viðskiptavinum eins og t.d. Húsasmiðjunni, N&O, ÍSAM og Rúmfatalagernum.³¹³⁵

6610. (S)forstö-innfl1 sendi tvo tölvupósta til (S)viðskstj1 í nóvember 2009, vegna beiðni Aðfanga um tilboð, sbr. kafla 14.9.4. Þar kom efnislega fram að ekkert mætti gera sem myndi annars vegar hindra Eimskip í að hækka verð gagnvart Aðföngum og hins vegar hindra Samskip í að hækka verð gagnvart N&O:

„Athugadu að við munum reyna að ná fram hækkunum á USA hluta Nathan samningsins um aramot. Ef við hrærum í þessu gaeti Eimskip spillt fyrir því. Skodum þetta allt í samhengi“.

6611. Í samræmi við stefnumörkun (S)forstö-innfl1 beitti (S)viðskstj1 sér fyrir verðhækkun gagnvart N&O í janúar 2010. Gögn málsins benda ekki til þess að Samskip hafi haft áhyggjur af því að verðhækkun gagnvart N&O myndi skapa hættu á því að þessi stóri viðskiptavinur sneri sér til Eimskips með góðum árangri.

6612. Þann 29. desember 2009 sendi (S)forstö-innfl1 eftirfarandi tölvupóst til (S)viðskstj1: „Boðaðu endilega fund með N&O í næstu viku (ekki á mánudag) til að ræða hækkunir“.³¹³⁶

6613. Þann 19. janúar 2010 sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (S)frkvstj-N-Am (afrit til (S)viðskstj1) og greindi frá undirbúningi hækkunar á verði gagnvart N&O fyrir innflutning frá Norður-Ameríku.³¹³⁷ Daginn eftir átti (S)frkvstj-N-Am tölvupóstsamskipti við (S)forstö-innfl1 varðandi N&O.³¹³⁸ Þá vistaði (S)forstö-innfl1 skjal með heitinu „Ný USA verð jan 2010“ síðar þann dag.³¹³⁹

6614. (S)forstö-innfl1 og (S)viðskstj1 áttu fund með N&O 21. janúar 2010 undir heitinu „USA verð N&O“.³¹⁴⁰ Síðar sama dag sendi (S)viðskstj1 tölvupóst innan Samskipa vegna þessarar verðhækkunar:

„vinsamlegast „filið“ meðfylgjandi verð á N&O, við höfum hinsvegar kynnt þeim að þessi verð tóku gildi frá og með 1. jan 2010, við þurfum því á e-h hátt að koma þessum hækkunum inn á þær sendingar sem fóru eftir 1. jan af stað - vinamlegast komið með tillögu um hvernig best væri að standa að því "Various disbursement" ?? [...]“³¹⁴¹

6615. Hafði verð N&O þarna hækkað um 9-16%, í dollurum, vegna innflutnings frá Bandaríkjunum. Í tölvupóstinum bað (S)viðskstj1 um aðstoð til þess að finna leið til þess að leynd hækkuninni. Velti hann því upp hvort nefna ætti þessa hækkun „ýmis erlendu kostnaður“ („various disbursement“³¹⁴²) á viðkomandi reikningi. Daginn eftir voru sendir tölvupóstar innan Samskipa þar sem rætt var frekar um aðferðafræðina við að koma þessari verðhækkun inn frá áramótum gagnvart N&O, en slík afturvirk verðhækkun var andstæð samkeppnisreglum í Bandaríkjunum.

6616. Samkvæmt tölvupósti (S)viðskstj1 var þessi aðferð ákveðin: „... við bætum bara inn stakri línu sem "Various disbursement" en grúppum ekki eins og ákv. var af mér og áður.“³¹⁴³ Í athugasemdum Samskipa er því haldið fram að ekki hafi verið um afturvirka hækkun að ræða þar sem gert hafi verið ráð fyrir endurskoðun verðs í samningi fyrirtækjanna. Eins og nánar er rakið í kafla 26.25 getur

³¹³⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.768715.

³¹³⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.794201.

³¹³⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.797366.

³¹³⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.797773.

³¹³⁹ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.14037.

³¹⁴⁰ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.797354.

³¹⁴¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.797916.

³¹⁴² Á heimsíðu Samskipa er að finna „orðalista reikninga“. Kemur þar fram að „disbursement“ þýði erlendu kostnaður: samskip.is/innflutningur/gjaldskra/ordalisti-reikninga/.

³¹⁴³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.798126.



Samkeppniseftirlitið ekki fallist á þá röksemd fyrirtækisins. Jafnvel þó að svo hafi verið þá er kjarnaatriðið hér að framangreind gögn, sem tengjast hækkunaráformum Samskipa gagnvart N&O, eru í samræmi við önnur gögn málsins frá þessum tíma. Eimskip sótti ekki á mikilvæga viðskiptavinum Samskipa og öfugt. Var það í samræmi við samfellda markaðsskiptingu fyrirtækjanna. Í gögnum málsins er enginn ótti um að verðhækkningar gætu verið í hættu vegna samkeppni frá hvort öðru.

6617. Það gekk eftir sem (S)forstö-innfl1 hafði lagt upp með, þ.e. Samskip óggnuðu ekki hinni ólögmaetu markaðsskiptingu við Eimskip varðandi Aðföng og hækkuðu í staðinn verðið gagnvart N&O óáreitt.
6618. Framangreindir tölvupóstar (S)forstö-innfl1 til (S)viðskstj1 draga fram með skýrum hætti að hið samfellda samráð Samskipa og Eimskips hafði að markmiði að raska samkeppni. (S)viðskstj1 var sagt að spila þetta „strategískt“ gagnvart Aðföngum. Var skýrt fyrir honum að ef Samskip myndu ekki bjóða Aðföngum „of lág verð“ þá myndi fyrirtækið ekki „hræra í þessu“. Eimskip gæti þá hækkað verð gagnvart Aðföngum og Samskip gætu hækkað verð gagnvart N&O. Ef það yrði hins vegar „hrært í þessu“ gæti Eimskip séð sig knúið til að „spilla fyrir“, þ.e. hindrað verðhækkningar Samskipa gagnvart N&O.
6619. Framangreint er í samræmi við önnur fyrirliggjandi gögn sem sýna fram á að samfelld samráð fyrirtækjanna fólst m.a. í því að Samskip og Eimskip myndu ekki með samkeppni reyna að ná mikilvægum viðskiptavinum frá hvort öðru. Með slíku samráði voru sköpuð skilyrði til þess að halda uppi og hækka verð.

14.25.2. Eimskip gaf Nathan & Olsen ekki tilboð

6620. Sem fyrr segir gilti samningur N&O við Samskip til 1. febrúar 2011. Í ágúst 2010 veltu stjórnendur Eimskips fyrir sér stöðu þessa samnings N&O við Samskip. Þannig sendi (E)frkvstj-sala/þj þann 25. ágúst 2010 tölvupóst til (E)forstö-innfl og spurði hvenær samningur N&O við Samskip rynni út. (E)forstö-innfl svaraði 30. ágúst 2010: „Febrúar 2011 að ég held. Mjög lág verð í isk.“³¹⁴⁴
6621. Rétt er að geta þess að þótt samningsverð N&O fyrir Evrópuflutninga hafi verið í íslenskum krónum (verðtryggðum) var verðið fyrir flutninga fyrirtækisins frá Bandaríkjunum í dollurum. Miðað við þetta má ætla að þarna hafi (E)forstö-innfl eingöngu verið að vísa til verðs fyrir flutning frá Evrópu.
6622. Þá segir eftirfarandi í glærुकynningu (E)frkvstj-sala/þj fyrir framkvæmdastjórafund þann 25. ágúst 2010:
„Nathan og Olsen contract open beginning of next year – start preparations?“.³¹⁴⁵
6623. Sama dag sendi (E)forstj tölvupóst til (E)frkvstj-fjárm með fyrirsögninni „Verkefni í gangi“. Var N&O þar á lista.³¹⁴⁶ Var það þannig til skoðunar hjá Eimskip hvort undirbúa ætti tilboð til N&O.
6624. Atvik sem tengjast Húsasmiðjunni skipta hér máli. Húsasmiðjan var afar mikilvægur viðskiptavinur Samskipa og hafði m.a. í júlí 2010 kvartað yfir „hrikalegum“ verðhækkunum Samskipa. Sökum þessa sagði Húsasmiðjan upp samningi sínum við Samskip þann 29. júlí 2010 og óskaði eftir fundi með Eimskip til að ræða flutningamál. Var sá fundur haldinn 11. ágúst 2010. Vísast um þetta til kafla 14.34 hér á eftir.
6625. Þann 26. ágúst 2010 var haldinn fundur framkvæmdastjóra hjá Eimskip. Á glærum vegna þessa fundar voru talin upp helstu verkefni hjá fyrirtækinu (e. main projects).³¹⁴⁷ Meðal þeirra voru:
- „Husasmidjan and Nathan Olsen“

³¹⁴⁴ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.541114.

³¹⁴⁵ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.182647.

³¹⁴⁶ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.665882.

³¹⁴⁷ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.50599.



- „Contract with Samskip“.

6626. Samkvæmt þessu var til athugunar hjá Eimskip annars vegar samstarf við Samskip og hins vegar málefni tengd tveimur mikilvægum viðskiptavinum Samskipa.

6627. Hér skiptir og máli að í september og byrjun október 2010 unnu bæði (S)forstö-innfl1 og (E)forstö-innfl1 að áætlunum deilda sinna fyrir árið 2011. Sýna gögnin að bæði fyrirtækin lögðu til grundvallar haustið 2010 að hið samfellda samráð yrði áfram virt á árinu 2011, áframhaldandi „ró“ og „friður“ yrði á markaðnum og því áfram skilyrði til að hækka verð, sbr. m.a. kafla 14.32 hér á eftir.

6628. Hér hefur einnig mikla þýðingu að í áætlunum (S)forstö-innfl1 frá september 2010 segir að miðað sé við að bæði Eimskip og Samskip;

„haldi að sér höndum og leggi áherslu á að hækka verð“.

6629. Um N&O og aðra mikilvæga viðskiptavini Samskipa sagði m.a. eftirfarandi í þessu skjali (S)forstö-innfl1 :

„Lagt verður áhersla á það á árinu 2011 að halda öllum núverandi viðskiptavinum og reyna að hækka einingaverð í þeim samningum sem opnast á árinu. Í byrjun árs eru fjórir stórir samningar lausir, þ.e. Nathan & Olsen, Húsasmiðjan, Fóðurblandan og Elkem. Gert er ráð fyrir að halda öllum þessum viðskiptavinum. Reynt verður að ná fram hækkunum á Nathan & Olsen, Fóðurböndun og Húsasmiðjuna, [...]“³¹⁴⁸

„[...] Einnig er gert ráð fyrir að Samskip haldi öllum núverandi viðskiptavinum sínum. Samningar við O Johnson & Kaaber, Garra, Kjarnavörur / Innbak, Nathan & Olsen / Ekruna og Samkaup eru allir opnir í lok árs 2010 og gert er ráð fyrir að framlengja við alla þessa aðila. [...] Af viðskiptavinum Eimskips þá mun samningur þeirra við Aðföng opnast á árinu 2011 og einnig er samningur þeirra við Innes laus.“

Megin áherslur verða á að endurnýja opna samninga og skoða betur smærri aðila á markaðnum sem eru hjá samkeppnisaðilum okkar.“³¹⁴⁹

6630. Þessi stefnumörkun lá fyrir þegar fundalota (E)forstö-innfl1, (E)frkvstj-sala/þj, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 hófst í október 2010. Þeirri fundalotu er í lýst í kafla 14.33.

6631. (E)forstö-innfl1 sendi tölvupóst til (E)verkstj-alþjssv, (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-útf1 þann 23. september 2010 varðandi líkur á að N&O kæmu yfir til Eimskips. Í honum sagði m.a. þetta:

„1. N&O virðast vera ánægðir með það fyrirkomulag að fá gáma vikulega via Evrópu svo ég tel ekki mjög miklar líkur á að þeir komi aftur nema annað hvort við verðum með amk tvö skip/betri tíðni eða séum tilbúin að lækka verðin verulega.“

Ég tel þá vera að greiða ca 1600 – 1700 usd í sjófrakt með BAF í dag.“³¹⁵⁰

6632. Bæði N&O og Samskip voru til umræðu á forstöðumannafundi hjá Eimskip þann 23. september 2010.³¹⁵¹

6633. (E)forstö-innfl1, (E)frkvstj-sala/þj, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 hittust á fundi 11. október 2010. Daginn eftir tilkynntu Samskip mikilvægum viðskiptavinum (frkvstj-FlyP) um verðhækkun og þann 21. október 2010 vistaði (E)frkvstj-sala/þj skjal þar sem vísað var bæði til

³¹⁴⁸ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Innflutningur – Rekstraráætlun 2011“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.795514.

³¹⁴⁹ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.783720.

³¹⁵⁰ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.371947.

³¹⁵¹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.183131.



Samskipa og til mikilvægra viðskiptavina Samskipa (m.a. N&O og frkvstj-FlyP).³¹⁵² Í skjalinu sagði þannig:

„Markaðsstöðu – umræða

Samskip USA

[frkvstj-FlyP] - Garri – Toyota – GS – Icelandic – Stálskip – Grandi – Nathan & Olsen“

6634. Í fundargerð vegna fundar stjórnar Samskipa hf. þann 25. október 2010 kemur annars vegar fram að framundan séu endurnýjanir á samningum við mikilvæga viðskiptavinum (vísað m.a. til N&O) og hins vegar að það hafi verið „rólegt yfir markaði“.³¹⁵³ Ekki koma fram áhyggjur af því að Eimskip muni með samkeppni reyna að ná til sín N&O eða öðrum mikilvægum viðskiptavinum Samskipa. Rétt er að geta þess að í athugasemdum Samskipa við AII er því ekki mótmælt að fyrirtækið hafi talið rólegt yfir markaðnum á þessum tíma.³¹⁵⁴
6635. (E)forstö-innfl, (E)frkvstj-sala/þj, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 hittust aftur á fundum 2., 8. og 11. nóvember 2010. Vísast hér til umfjöllunar í kafla 14.33 hér á eftir um samráð sem tengdist þessum samskiptum. Um var að ræða samskipti sem tengdust hinu ólögmeta „Nýtt upphaf“ verkefni Eimskips og Samskipa sem hafði það að markmiði að raska samkeppni, sbr. m.a. kafla 11.5. Hvorki Eimskip né Samskip við upplýsingagjöf samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga upplýsingar um samskiptin.³¹⁵⁵ Þar af leiðandi afhentu fyrirtækin ekki gögn sem gefa til kynna hvað rætt hafi verið á fundinum. Engin slík gögn bárust með athugasemdum fyrirtækjanna við AI eða AII. Um þýðingu þessa að lögum vísast til kafla 4.7.3. Við rannsókn Samkeppniseftirlitsins hefur ekki fundist fundargerð eða minnispointar sem teknir hafa verið saman á fundunum.
6636. (E)forstj og (E)frkvstj-sala/þj áttu bókaðan fund með N&O þann 19. nóvember 2010.³¹⁵⁶
6637. Í fundargerð vegna fundar stjórnar Samskipa hf. þann 22. nóvember 2010 kemur aftur fram að framundan séu endurnýjanir á samningum við mikilvæga viðskiptavinum (vísað aftur til m.a. N&O).³¹⁵⁷ Í þessari fundargerð koma heldur ekki fram áhyggjur af því að Eimskip gæti með samkeppni reynt að ná N&O eða öðrum mikilvægum viðskiptavinum Samskipa í viðskipti til sín.
6638. Áréttá ber að flutningsþjónusta fyrir N&O tók ekki síst til flutninga á vörum milli Norður-Ameríku og Íslands. (E)forstj átti fund með yfirmanni Samskipa í Norður-Ameríku, (S)frkvstj-N-Am, tveimur dögum síðar, þann 24. nóvember 2010. Um var að ræða samskipti sem tengdust hinu ólögmeta „Nýtt upphaf“ verkefni Eimskips og Samskipa sem hafði það að markmiði að raska samkeppni. Fóru viðkvæmar samkeppnisupplýsingar milli fyrirtækjanna á fundinum sem var hluti af samráði fyrirtækjanna, sbr. kafla 11 og 13. Hvorki Eimskip né Samskip við upplýsingagjöf samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga upplýsingar um samskiptin. Þar af leiðandi afhentu fyrirtækin ekki gögn sem gefa til kynna hvað rætt hafi verið á fundinum. Engin slík gögn bárust með athugasemdum fyrirtækjanna við AI eða AII. Um þýðingu þessa að lögum vísast til kafla 4.7.3. Við rannsókn Samkeppniseftirlitsins hefur ekki fundist fundargerð eða minnispointar sem teknir hafa verið saman á fundinum.
6639. Fyrir liggur að Eimskip gerði þessum mikilvæga viðskiptavinum Samskipa ekki tilboð áður en að Samskip sömdu á ný við N&O í lok janúar 2011. Ástæða þessa var hin ólögmeta markaðsskipting sem Eimskip hefur viðurkennt að hafi verið fyrir hendi á þessum tíma.

³¹⁵² Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.183131. [...] Doc. ID. 0.7.33.185131.

³¹⁵³ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.808577.

³¹⁵⁴ Fjallað er um fundargerðina í mgr. 978 í athugasemdum Samskipa við AII.

³¹⁵⁵ Í kafla 23 er fjallað um brot Samskipa gegn upplýsingaskyldu samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga.

³¹⁵⁶ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.696897.

³¹⁵⁷ Afritað tölvuskjal frá Samskipum[...] Doc. ID. 0.7.33.821687.



14.25.3. Samskip endurnýja samninginn við N&O í janúar 2011

6640. Undirbúningur Samskipa að nýjum samningi við N&O hófst strax í upphafi árs 2011 en þann 5. janúar 2011 var (S)forstö-innfl1 byrjaður að stilla upp nýju verði fyrir fyrirtækið.³¹⁵⁸ Þá áttu (S)forstö-innfl1 og (S)viðskstj1 fund með N&O til að ræða samningsmál dagana 13. janúar og 21. janúar 2011.³¹⁵⁹ Stefnðu Samskip að því að ná fram umtalsverðum verðhækkunum gagnvart þessum viðskiptavinum. Hið sama gildi gagnvart Húsasmiðjunni, sbr. kafla 14.34. hér á eftir þar sem fjallað er um tölvupóst (S)forstö-innfl1 til m.a. (S)frkvstj-millilandasv frá 3. janúar 2011.
6641. Samtímagögn sýna að N&O hafi reynt að spyrna á móti hækkunum Samskipa. Þetta endurspeglast í því t.d. að 23. janúar 2011 sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til fyrirtækisins: „*Takk fyrir góðan fund á föstudag. Ég er búinn að fara vel í gegnum þetta síðan þá og sé vel að þessi tillaga okkar var kannski full mikið af því góða. Það þarf að finna einhvern milliveg í þessu. Það er auðvitað hægt að fara margar leiðir í því en á endanum er það auðvitað alltaf enda talan sem skiptir máli. [...] Verðin líta því svona út: [...]*
- Eins og þú sérð þá er þetta mikil lækkun frá fyrri tillögu okkar. [...]*
- Kíktu endilega á þetta og vertu í sambandi. Vonandi er þetta tillaga sem þið getið sættst á og við getum gengið frá samkomulagi á þessum forsendum.*”³¹⁶⁰
6642. Áttu Samskip og N&O í frekari samskiptum 24., 27. og 28. janúar 2011.³¹⁶¹ Skrifað var undir nýjan samning 28. janúar 2011.³¹⁶² Gilti nýi samningurinn til 31. janúar 2013 en skyldi framlengjast ótímabundið eftir það með sex mánaða uppsagnarfresti. Hvorki í samtímagögnum Samskipa né Eimskip er að finna frásagnir af samkeppni fyrirtækjanna um þennan viðskiptavin.
6643. Eins og gert var ráð fyrir í rekstraráætlun (S)forstö-innfl1 frá september 2010 náðu Samskip fram verðhækkun gagnvart N&O frá fyrri samningi (6. febrúar 2009). Þannig hækkaði flutningsverð N&O frá Evrópu um 23-28%.³¹⁶³ Verð fyrir flutning fyrir N&O frá Bandaríkjunum, sem hafði tekið hækkunum í janúar 2010, ýmist lækkaði, stóð í stað eða hækkaði í dollurum, eftir áfangastöðum.
6644. Fram kemur í framangreindum tölvupósti (S)forstö-innfl1 til N&O þann 23. janúar 2011 að lækkun á verði hafi m.a. verið komin til vegna þess að Samskip hefðu fengið lækkun frá samstarfsaðila sínum (APL). Þrátt fyrir að ákveðnir verðþættir hafi lækkað hafði heildarverð N&O fyrir flutninga frá Bandaríkjunum hækkað um 6-30%, í dollurum, frá samningnum 2009.
6645. Sem fyrr segir velti (E)frkvstj-sala/þj upp þeirri spurningu 25. ágúst 2010 hvort hefja ætti undirbúning að gerð tilboðs til N&O. Daginn eftir var haldinn fundur framkvæmdastjóra hjá Eimskip þar sem fram kom að meginverkefni fyrirtækisins á þessum tíma væru m.a. samningur við Samskip og tveir afar mikilvægir viðskiptavinir (Húsasmiðjan og N&O). Sem fyrr sagði hafði Húsasmiðjan snúið sér til Eimskips vegna óánægju með miklar verðhækkunar Samskipa. Þegar þessi verkefnalisti stjórnenda Eimskips er virtur með hliðsjón af öðrum gögnum frá þessum tíma má sjá að stjórnendur Eimskips hafi á þessum tíma velt fyrir sér kostum og göllum þess að reyna að ná þessum viðskiptavinum Samskipa í viðskipti til Eimskips. Óhjákvæmilega hafi þeir í því samhengi velt fyrir sér áhrifum þess á hið ólögmeta samráð við Samskip. Gögn málsins sýna að Eimskip virti

³¹⁵⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.845254.

³¹⁵⁹ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum[...] Doc. ID. 0.7.33.845726. Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.848284.

³¹⁶⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.848851.

³¹⁶¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.849191. Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.849673. Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Samningur 1912-Samskip 2011-2013.docx“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.850042. Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.850209. Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Samningur 1912-Samskip 2011-2013 - lokaútgáfa.docx“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.850217.

³¹⁶² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum[...] Doc. ID. 0.7.33.850218. Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.831058.

³¹⁶³ Hækkaði verð á flutningi á 20 feta gámum um 23% en verð á flutningi á 40 feta gámum hækkaði um 26-28%.



markaðsskiptinguna, sbr. einnig sátt Eimskips frá 16. júní 2021 þar sem fyrirtækið viðurkennir að hafa átt í samráði við Samskip um skiptingu á mörkuðum eftir stærri viðskiptavinum í sjó- og landflutningum á þessum tíma.

6646. Í október og nóvember 2010 áttu (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-innfl fundi með (S)forstö-innfl og (S)frkvstj-millilandasv og sýna gögnin að bæði fyrirtækin stefndu á þessum tíma að áframhaldandi friði og ró á markaðnum og að verð yrði áfram hækkað. (E)forstj átti einnig í samskiptum við Samskip í nóvember 2010. Í sama mánuði hittu (E)forstj og (E)frkvstj-sala/þj N&O og stuttu síðar átti (E)forstj fund með yfirmanni Samskipa í Norður-Ameríku. Eimskip gerði N&O ekki tilboð og hafðist ekkert að þegar samningur N&O við Samskip rann út í lok janúar 2011. Eimskip gerði heldur ekki neitt sem stöðvaði eða hindraði Samskip í að reyna ná fram verðhækkun gagnvart Húsasmiðjunni. Þvert á móti gerði Eimskip tilboð í janúar 2011 sem Húsasmiðjunni þótti m.a. „alltof dýrt“. Síðar í sama mánuði var Húsasmiðjan „sjokkeruð“ yfir háu verði í tilboði Samskipa. Vísast nánar um þessi atriði til kafla 14.34 hér á eftir.
6647. Samtímagögn Samskipa sýna engan ótta um samkeppni frá Eimskip á þessum tíma. Þegar (S)forstö-innfl1 vann í september 2010 við framangreinda rekstraráætlun innflutningsdeildar fyrir árið 2011 lá ekkert fyrir um það við hvern N&O myndu semja að samningstíma loknum. Í áætluninni kom fram að samningur við N&O myndi losna á árinu 2011 en Samskip myndu halda þeim viðskiptum og reynt yrði að ná fram hækkunum. Var það ólöglegt markaðsskipting milli Samskipa og Eimskips sem gerði stjórnendum Samskipa kleift að gera ráð fyrir að ekki yrði samkeppni um stóra viðskiptavini á árinu 2011.
6648. Þetta verður enn skýrara þegar framangreind atvik sem tengjast N&O eru virt með atvikunum sem tengjast Húsasmiðjunni, auk annarra atvika og samskipta fyrirtækjanna á þessum tíma.

14.25.4. Samantekt

6649. Framangreind gögn frá september 2009 til janúar 2011 og varða m.a. N&O eru birtingarmynd á samfelldu samráði Samskipa og Eimskips á þessum tíma. Gögnin frá 2009 sýna að Samskip ógnuðu ekki markaðsskiptingunni við Eimskip með því að „hræra í“ Aðföngum og hækkuðu í staðinn í janúar 2010 verðið gagnvart N&O óáreitt. Eimskip virti hið samfellda samráð síðar á árinu 2010 og Samskip endurnýjuðu samninginn við N&O í janúar 2011 og hækkaði verð gagnvart þessum mikilvæga viðskiptavini. Var þetta í samræmi við það sem fram kemur í áætlunum (S)forstö-innfl1 frá september 2010 fyrir árið 2011, þ.e. að Samskip og Eimskip myndu ekki keppa um mikilvæga viðskiptavini („haldi að sér höndum“) og þess í stað myndi Samskip hækka verð gagnvart mikilvægum viðskiptavinum eins og N&O, Húsasmiðjunni o.fl.
6650. Er allt framangreint til stuðnings niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins um ólöglegt samráð fyrirtækjanna á þessum tíma. Þá hefur Eimskip, eins og áður segir, viðurkennt að hafa átt í ólöglegu samráði við Samskip með því m.a. að skipta mörkuðum eftir stærri viðskiptavinum í sjó- og landflutningum, sbr. sátt Eimskips, dags. 16. júní 2021.
6651. Í athugasemdum Samskipa við AII er því mótmælt að framangreind atvik gefi til kynna samráð fyrirtækisins við Eimskip. Í t.d. mgr. 980 í athugasemdunum er staðhæft að Samskip hafi gefið eftir í verðhækkunum gagnvart N&O af ótta við að missa ella viðskiptin til Eimskips. Eins og rökstutt er í kafla 26.26 eru þessi sjónarmið Samskipa ekki í samræmi við gögn málsins.

14.26. ÍSAM/Mekka óska tilboða á árinu 2010

6652. Íslensk-Ameríska (ÍSAM) var mikilvægur viðskiptavinur Samskipa í innflutningi, sbr. áður nefndan lista (S)forstö-innfl1 frá 14. janúar 2010. ÍSAM var með heildarflutningasamning við Samskip sem



gilti frá mars 2007 en rann út 1. apríl 2010.³¹⁶⁴ Dótturfélag ÍSAM, vinninflytjandinn Mekka Wines & Spririts (Mekka), var einnig aðili að flutningasamkomulaginu við Samskip.

6653. Út frá heildarveltu samstæðunnar var ÍSAM meðal átta stærstu viðskiptavina í innflutningi hjá Samskipum á árunum 2009 – 2013. Var ÍSAM einn stærsti viðskiptavinur Samskipa í innflutningi á matvöru. ÍSAM var því án efa mikilvægur viðskiptavinur Samskipa. Hafa Samskip staðfest það, sbr. mgr. 1205 í athugasemdum fyrirtækisins við AII. Mekka var einnig mikilvægur viðskiptavinur Samskipa og var t.d. á afhentum lista Samskipa yfir fimmtíu umfangsmestu kaupendur flutningaþjónustu og þriðji stærsti viðskiptavinur Samskipa í innflutningi á drykkjarvöru.³¹⁶⁵ Rétt er hér að draga fram að á listum sem Samskip afhentu Samkeppniseftirlitinu yfir stærstu viðskiptavinum í innflutningi má sjá að móðurfélagið var þó margfalt umfangsmeiri kaupandi á flutningaþjónustu en Mekka.³¹⁶⁶
6654. Í þessum kafla verður m.a. lýst aðdraganda þess að Samskip endurnýjuðu samning við ÍSAM í byrjun maí 2010 og hækkuðu verð gagnvart þessum mikilvæga viðskiptavinum. Einnig verður gerð grein fyrir gögnum frá Eimskip í nóvember 2010 sem sýna að (E)frkvstj-sala/bj vildi að þessi viðskiptavinur Samskipa yrði látinn í friði.
6655. Mikilvægur viðskiptavinur Eimskips, Innnes, kemur jafnframt við sögu í þessari atburðarrás. Eins og rakið verður í þessum kafla sýna gögnin að á fyrrihluta ársins 2010 var Eimskip annars vegar að reyna að hækka verð gagnvart Innnes og Samskip gagnvart ÍSAM. Í tölvupósti (S)forstö-innfl1 frá 5. mars 2010 kom efnislega fram að það væri „gott mál“ að vinna að verðhækkun gagnvart ÍSAM á „sama tíma“ og Eimskip ynni að verðhækkun gagnvart Innnes, sbr. nánar hér á eftir.
6656. Hvað Innnes áhrærir er í þessum kafla rétt að hafa eftirfarandi í huga:
- Innnes var einn af stærstu viðskiptavinum Eimskips í innflutningi. Flutti Innnes inn matvöru líkt og ÍSAM.
 - Í kafla 14.6 er lýst atvikum frá m.a. maí og júní 2009. Þar kemur fram að Innnes var óánæggt með verðlagningu Eimskips og óskaði eftir tilboði frá Samskipum. Sendi Samskip Innnes tilboð 24. júní 2009. Var það tilboð sem ætlað var að tryggja að Innnes yrði áfram í viðskiptum við Eimskip, þ.e. var til þess fallið að „fæla“ Innnes frá Samskipum. Markaðsskiptingin var virt.
 - Gögnin sýna áframhaldandi óánægju Innnes á fyrstu mánuðum ársins 2010 með verðlagningu Eimskips, sbr. umfjöllun hér á eftir.
6657. Í rekstraráætlunum Samskipa og Eimskips fyrir innflutning árið 2010 (unnar haustið/veturinn 2009) var fjallað um ÍSAM og Innnes, sbr. kafla 14:10:
- Í áætlun Samskipa fyrir innflutning árið 2010 var áherslan í innflutningi á matvöru að „halda núverandi viðskiptavinum“ og reynt yrði að ná viðskiptum við „smærri aðila.“ Í áætluninni kom fram að samningur við ÍSAM rynni út í apríl 2010 og að „ekki [væri] ástæða til annars en að ætla að samningurinn verði endurnýjaður við Samskip“. Jafnframt var áhersla lögð á að hækka verð á slíka mikilvæga viðskiptavinum Samskipa.
 - Samskipum var ljóst að samningur Innnes við Eimskip var laus á árinu 2010. Í áætlun Samskipa fyrir innflutning árið 2010 var hins vegar ekki gert ráð fyrir því að reynt yrði, á grundvelli samkeppni, að ná samningi við þennan mikilvæga viðskiptavin Eimskips.

³¹⁶⁴ Afhent tölvuskjal frá Samskipum. Afhent 10.04.2015, liður 8.2 „Samningar“. „Flutningssamkomulag Samskipa hf. og Íslensk Ameríska verslunarfélagsins ehf., dags. 26.03.2007“.

³¹⁶⁵ Af gögnum málsins verður hins vegar ráðið að árið 2010 hafi Mekka keypt vöruhúsaþjónustu af Eimskip.

³¹⁶⁶ Afhent tölvuskjal frá Samskipum. Afhent 10.04.2015. „Stærstu 50“, „Liður 9.1 Innflutningur Heildarlisti“ (ekki tekið tillit til Jóna Transport). „Liður 8.1 Stærstu viðskiptavinir 2006-2013“.



- Í áætlun Eimskips fyrir árið 2010 ráðgerði fyrirtækið að halda sömu markaðshlutdeild í innflutningi. Ekki er að sjá neinar áhyggjur af því að fyrirtækið myndi ekki halda Innnes í viðskiptum og ekki var heldur að sjá ráðagerðir hjá fyrirtækinu um að sækjast eftir að ná viðskiptum ÍSAM af Samskipum. Er það í samræmi við áður nefnd samtímagögn Samskipa og eftirfarandi gögn.

6658. Liggur því fyrir að á þessum tíma voru ekki uppi neinar áætlanir hjá Samskipum um að reyna með samkeppni að ná Innnes í viðskipti til sín og engar áætlanir hjá Eimskip um að reyna með samkeppni að ná ÍSAM í viðskipti til sín. Lögðu bæði fyrirtækin til grundvallar að þau myndu halda þessum mikilvægu viðskiptavinum sínum.

6659. Hér ber og að rifja upp tölvupóst (S)forstö-innfl1 frá 17. nóvember 2009. Þar lýsti (S)forstö-innfl1 þeirri stefnu Samskipa að ætlunin væri að hækka verð gagnvart mikilvægum viðskiptavinum Samskipa og sækjast ekki eftir mikilvægum viðskiptavinum Eimskips. Var ÍSAM eitt þeirra fyrirtækja sem (S)forstö-innfl1 tilgreindi þegar hann ræddi um þessa stefnu innflutningsdeildar Samskipa að „hækka verð á núverandi kúnnna“, sbr. nánar kafla 14.20.3.

6660. Verður nú vikið að atvikum frá árinu 2010.

14.26.1. Samskip stefnir að því að hækka verð og „sjokkerandi“ tilboð frá Eimskip

6661. Þann 4. febrúar 2010 kom eftirfarandi fram í tölvupósti (S)forstj: „Stórir viðskiptavinir í endurnýjun: „ÍsAm, Samkaup, Stálskip, Ögurvík“.³¹⁶⁷ Stuttu síðar sama dag sendi (S)forstj fundarboð til (S)forstö-innfl1, (S)forstö-útfl, (S)forstö-landfl, (S)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-millilandasv. Þar sagði forstjórinn:

„Hitti [ÍSAM] í sl. viku – hann er tilbúinn að gera við okkur 3ja ára samning, án þess að leita til EI [Eimskip], ef við getum á proactive máta getum myndað hagræði hjá honum, ég taldi að við gætum ekki náð því með lækkun á frakt í innflutningi eða landflutningi, þvert á móti þyrftum við hækkanir amk í innflutningi. [...]“³¹⁶⁸

6662. Kom þarna fram hjá (S)forstj sama stefna og (S)forstö-innfl1 hafði lagt til grundvallar, þ.e. hækkun á verði gagnvart mikilvægum viðskiptavinum.

6663. Fjórum dögum eftir að tölvupóstur (S)forstj var sendur, eða 8. febrúar 2010, varð til gagn hjá Samskipum þar sem sett var fram áhættumat fyrir rekstur fyrirtækisins, sbr. umfjöllun í kafla 14.9.4. Samkvæmt því mati töldu Samskip litlar líkur á að fyrirtækið myndi missa ÍSAM úr viðskiptum.³¹⁶⁹ Þannig var gengið út frá því hjá Samskipum að fyrirtækið héldi viðskiptunum við ÍSAM og litlar líkur taldar á að missa samninginn þrátt fyrir að á sama tíma væri gengið fram með því að hækka verð. Var það hin samfellda markaðsskipting Samskipa og Eimskips sem gerði fyrirtækinu kleift að meta markaðinn með þessum hætti og telja litla ógn stafa frá Eimskip.

6664. Á þessum tíma, þ.e. í byrjun febrúar 2010, hafði ÍSAM þegar leitað til Eimskips.³¹⁷⁰ Fyrirsvarsmenn ÍSAM og Mekka hittu (E)forstj og (E)frkvstj-sala/þj á fundi þann 10. febrúar 2010 undir heitinu „Fundur með Íslensk Ameríska og tengdum fyrirtækjum“. Í fundarboði sagði ÍSAM/Mekka eftirfarandi: „Við [...] myndum mæta ljóslifandi til þín til skrafs og ráðagerða. Ég held að þetta sé aðeins of stórt tækifæri til að láta ekki reyna á landsþekktu samningatækni þína.“³¹⁷¹

³¹⁶⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.706123.

³¹⁶⁸ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.706128.

³¹⁶⁹ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.709738.

³¹⁷⁰ Á lista hjá [...] frá 20.01.2010 var ÍSAM á lista og að samningur væri laus 2010. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.63851. Lína merkt nr. 18.

³¹⁷¹ Afrituð dagbókarfærsla. [...] Doc. ID. 0.7.33.598240.



6665. Í fundargerð vegna vikulegs fundar (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-viðskþj þann 15. febrúar 2010 (vika 7) segir: „(E)frkvstj-sala/þj sagði frá því að hann og (E)forstj hefðu hitt [...] og [...] frá Mekka og ÍSAM. Mjög áhugaverður pakki.“³¹⁷²
6666. Mekka ítrekaði ósk um tilboð eftir fundinn með Eimskip. Þannig sendi fyrirtækið þann 19. febrúar 2010 tölvupóst til (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstj og óskaði eftir tilboði í innflutning á áfengi. (E)frkvstj-sala/þj áframsendi tölvupóstinn frá Mekka til (E)forstö-innfl, 22. febrúar 2010, með skilaboðunum: „Þurfum að stilla upp tilboði fyrir [Mekka], setjumst aðeins yfir á morgun.“³¹⁷³ Síðar sama kvöld sendi (E)frkvstj-sala/þj tölvupóst til (E)forstj þar sem sagði: „Bara til uppl. heyrði í [Mekka] í dag eftir e-mail frá honum á föstudag, sendum honum verð á morgun, ég er samt smá tvístígandi með verðin!“³¹⁷⁴
6667. Eimskip undirbjó tilboð til Mekka þann 24. febrúar 2010. Þann dag sendi viðskiptastjóri í innflutningsdeild, (E)viðskstj1, tölvupóst til (E)frkvstj-sala/þj þar sem sagði: „Förum í gegnum þetta á eftir mat. Sjá meðf. tölur og verð á öðrum viðskiptav. Spurning líka hvað þú vilt bjóða þeim, Tala við þig á eftir.“ Meðfylgjandi voru tvö skjöl sem báru heitið: „Ísl Ameríska magn“ og „Íslensk Ameríska“.³¹⁷⁵ Í seinna skjalinu var að finna verð Ásbjörns Ólafssonar og ÖES ásamt tillögu (E)viðskstj1 fyrir ÍSAM.
6668. Af gögnum málsins er ljóst að (E)frkvstj-sala/þj fór yfir þessa tillögu (E)viðskstj1 að tilboði til Mekka áður en hann sendi það til Mekka síðar sama dag. Það tilboð sem (E)frkvstj-sala/þj sendi Mekka innihélt sjóflutningsverð sem voru 22-31% hærra en tillaga (E)viðskstj1 gerði ráð fyrir.
6669. Mekka var á þessum tíma viðskiptavinur Samskipa. Framangreind gögn sýna að (E)frkvstj-sala/þj var „tvístígandi“ um hvaða verð ætti að bjóða Mekka. Þá sýna gögn málsins að (E)frkvstj-sala/þj stillti upp tilboði sem engin hætta var á að Mekka myndi taka. Þetta má ráða af tölvupósti sem hann sendi þann 3. mars 2010 til (E)viðskstj1, (E)forstö-innfl og (E)forstj. Í honum sagði:
- „Ég heyrði í [Mekka], hann var enn í sjokki vegna þessara verða sem ég sendi á hann sem eru þó góð verð að okkar mati í dag, eftir nokkra umræðu og yfirlýsingu frá honum að þeir vildi endilega nota okkur amk. með öðrum bauð ég 100% afslátt af CPC, ætlar hann að fara yfir aftur miðað við það [...]“³¹⁷⁶
6670. (E)frkvstj-sala/þj sendi tölvupóst til Mekka þann 10. mars 2010 og spurði hvort þeir hefðu „haft tók á að skoða þetta e-hv frekar?“³¹⁷⁷ (E)frkvstj-sala/þj sendi tölvupóst til (E)forstj 22. mars 2010 þar sem m.a. sagði: „Íslensk Ameríska: Hitti [Mekka] í ræktinni í dag og hann sagði þá vera að skoða þetta og væru ákveðnir í að láta okkur hafa e-hv, verðin stæðu í þeim (ég útilokaði ekki að við gætum skoðað það). Hann sagði að við myndum heyra frá þeim fljótlega eftir páska.“³¹⁷⁸
6671. Eftirfarandi gögn málsins sýna að á fyrri hluta ársins 2010 hafi Samskip hafið undirbúning að því að hækka verð gagnvart ÍSAM. Var þetta, sem fyrr segir, í samræmi við framangreinda stefnumörkun (S)forstö-innfl1 um að hækka verð gagnvart mikilvægum viðskiptavinum fyrirtækisins.
6672. (S)forstö-innfl1 útbjó þannig þann 3. mars 2010 tölvuskjalið „Ný verð mars 2010 ÍsAm“ þar sem voru m.a. borin saman verð gagnvart mismunandi viðskiptavinum (umfangsmiklum viðskiptavinum

³¹⁷² Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.183126.

³¹⁷³ Afritaðir tölvupóstar frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.407967.

³¹⁷⁴ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] ID. 0.7.33.408036.

³¹⁷⁵ Afrituð tölvuskjöl frá Eimskip. „Ísl Ameríska magn.xlsx“ og „Íslensk Ameríska.xlsx“. Viðhegni við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.409161.

³¹⁷⁶ Afritaðir tölvupóstar frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.416772.

³¹⁷⁷ Afritaðir tölvupóstar frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.416772.

³¹⁷⁸ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.434287.



Eimskips og Samskipa). Þar má sjá dálk með ÍSAM skv. gildandi samningi og annan dálk „ÍsAm tillaga“ þar sem sjóflutningaverð hafa verið hækkuð.³¹⁷⁹

6673. Í kynningu fyrir forstöðumannafund hjá Samskipum sem fara átti fram 4. mars 2010 segir: „Áhersla á sölustarf – viðhalda núverandi markaðshlutdeild og tryggja að verð á markaði haldist stöðug. Nokkrir stærri samningar í endurnýjun.....“. Var ÍSAM þar á lista.³¹⁸⁰

14.26.2. Unnið á sama tíma að verðhækkun gagnvart Innes og ÍSAM

6674. (S)forstö-innfl1 sendi tölvupóst til (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv þann 5. mars 2010 og ber hann heitið „Eimskip og Innes“. Í umræddum tölvupósti frá (S)forstö-innfl1 segir eftirfarandi:

„Heyri að Eimskip sé að pressa Innes í nýjan samning. Ætla að ná fram hækkun. Það er gott mál að vinna þetta á sama tíma og ÍsAm. Þið megid gera ráð fyrir að Innes hringi í ykkur til að ræða samningsmál. Mér skilst að næsti fundur á milli Innes og Eimskips sé eftir ca 10 daga.“³¹⁸¹

6675. Í þessum tölvupósti (S)forstö-innfl1 til yfirmanna sinna varaði hann við því að Innes kynni að snúa sér til Samskipa með það að markmiði að óska eftir tilboði í alla sína flutninga í von um betri kjör en Eimskip bauð. Þá má ætla af orðalagi tölvupóstsins að (S)forstö-innfl1 geri ráð fyrir því að nýta sér þessar upplýsingar í tengslum við samningaviðræður við ÍSAM. Í samræmi við áætlun Samskipa fyrir árið 2011 minntist (S)forstö-innfl1 hvergi á að hugsanlega ætti að nota tækifærið til að ná Innes í viðskipti.

6676. Tölvupóstur (S)forstö-innfl1 sýnir einnig að hann bjó yfir upplýsingum um verðhækkunaráform Eimskips. Jafnframt liggur fyrir samkvæmt framangreindum gögnum að Eimskip var að reyna að hækka verð gagnvart Innes og Samskip gagnvart ÍSAM. Taldi (S)forstö-innfl1 það „gott mál“ að vinna að verðhækkun gagnvart ÍSAM á „sama tíma“ og Eimskip ynni að verðhækkun gagnvart Innes.

6677. Í þessu samhengi skipta og talsverðu máli ítrekaðar tilraunir Innes til að fá tilboð hjá Samskipum í tiltekna flutninga frá Bandaríkjunum. Vildi Innes fá tilboð í flutninga sem ekki kæmu í beinum flutningum með skipi Eimskips heldur með TA-flutningum í gegnum Rotterdam til Íslands. Fjallað er um þetta í kafla 14.35. Samhengisins vegna er hins vegar nauðsynlegt að lýsa þessu að hluta til einnig hér:

- Aðdragandi þessa var að Innes sneri sér í september 2009 til (S)frkvstj-N-Am til að ræða flutning frá dreifingarmiðstöð (Conagra) í Pennsylvaníu fylki í Bandaríkjunum. Var haldinn fundur 16. september 2009 og Innes sendi í kjölfarið tölvupóst til (S)frkvstj-N-Am. (S)frkvstj-N-Am svaraði daginn eftir og þakkaði fyrir fundinn og kvaðst fara „í að skoða nýjar tölur eftir helgi og verð í sambandi.“
- Samskip sýndu þessu hins vegar lítinn sem engan áhuga. Þetta má sjá af tölvupósti sem Innes sendi (S)frkvstj-N-Am 3. mars 2010 (afrit (S)viðskstj1). Í honum sagði: „Við vorum eitthvað að skoða þetta á síðasta ári með flutninginn frá Conagra, og ef ég man rétt fengum við litla sem enga niðurstöðu. Nú langar mig að endurvekja þetta mál og biðja þig um að gefa mér verð í flutning frá Conagra í gegnum Evrópu.“
- Láttu mig vita hvaða höfn myndi henta þér best fyrir utan Richmond, og miðaðu tilboðið við þá höfn. Við munum reyna að taka slaginn úti um breytingar ef þetta er áhugavert. Ég þarf eiginlega að biðja þig um að vinna þetta hratt fyrir mig þar sem farið er að banka all hastarlega á hjá mér.“

³¹⁷⁹ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.17179. Sjá flipann „Samanburður“.

³¹⁸⁰ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Forstöðumannafundur_4_mars_2010.ppt“, glæra 11. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.719147.

³¹⁸¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.720510.



- (S)frkvstj-N-Am svaraði samdægurs og bað Innnes um nánari upplýsingar um þessa flutninga. Innnes svaraði og veitti sama dag umbeðnar upplýsingar.
- Samskip urðu ekki við beiðni Innnes um að bregðast hratt við þessari ósk um verðtilboð. Þetta sýna eftirfarandi gögn:
 - o (S)frkvstj-N-Am sagði þann 3. mars 2010 í tölvupósti til (S)viðskstj1 að Samskip á Íslandi yrðu að ákveða hvernig brugðist yrði við þessari ósk Innnes um tilboð en hann myndi senda (S)viðskstj1 verðupplýsingar. Daginn eftir sendi (S)frkvstj-N-Am verðtilboð Samskipa fyrir Innnes til (S)viðskstj1 og (S)forstö-innfl1 og tók jafnframt fram að Innnes óskaði eftir skjótum svörum frá Samskipum. Þrátt fyrir þetta höfðust (S)viðskstj1 og (S)forstö-innfl1 ekkert að.
 - o þann 22. mars 2010 sendi Innnes eftirfarandi tölvupóst til (S)viðskstj1: „Var nokkuð komin skriður á þetta mál varðandi Conagra frá USA?“
 - o þann 30. mars 2010 sendi Innnes eftirfarandi tölvupóst til (S)viðskstj1: „Er nokkuð að fréttu af þessu máli varðandi Conagra?“
- Eftir að hafa fengið þessar ítrekanir frá Innnes framsendi (S)viðskstj1 þær til (S)forstö-innfl1 (afrit til (S)frkvstj-N-Am). Tók (S)viðskstj1 þetta fram í tölvupóstinum til (S)forstö-innfl1 :

„þurfum að svara e-h varðandi Conagra fljótlega – biðum aðeins að svara v. ísam“.
- Þennan sama dag, 30. mars 2010, sendi (S)frkvstj-N-Am tölvupóst til (S)viðskstj1 og spurði hvort hann ætti að grípa til aðgerða vegna þessarar beiðni Innnes eða hvort Samskip á Íslandi væru að „stolla þessu út eitt“.
- Hálfum mánuði síðar, þann 16. apríl 2010, sendi Innnes aftur tölvupóst til (S)viðskstj1 og ítrekaði beiðni um tilboð.
- Innnes er sem fyrr segir mikilvægur viðskiptavinur í innflutningi. Þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir Innnes um tilboð til Samskipa sinni fyrirtækið þeim ekki og þegar kom að því að nauðsynlegt væri að huga að svari til Innnes þá var ekki sett fram tillaga um tilboð heldur átti að svara „*einhverju*“ eða tefja málið áfram („*stolla út í eitt*“). Var þetta í samræmi við áform Samskipa um að „*b[íða] aðeins að svara v. ísam*“. Endurspeglar þetta hina ólögsmætu markaðsskiptingu.
- Samningur Samskipa við ÍSAM gildi til 1. apríl 2010. Líkt og Eimskip gagnvart Innnes þá stefndu Samskip að því að hækka verð gagnvart ÍSAM. Í tölvupóstum milli (S)forstj og (S)forstö-innfl1 þann 6. apríl 2010 var undirbúinn fundur með ÍSAM til þess að rökstyðja hækkun á verði. Lagði (S)forstj þetta fyrir (S)forstö-innfl1 ;

„við komum á fundi á næstu dögum, afar mikilvægt að við getum sýnt [ÍSAM] á einfaldan máta hvernig verðin eru á markaðnum, hvernig hans verð voru og hafa þróast og hvað væri sanngjörn leiðrétting - gætirðu tekið saman slíka pælingu og sent á mig.“³¹⁸²

6678. (S)forstö-innfl1 svaraði síðar sama dag og kvaðst vera kominn langt með þessa samantekt. Kvaðst hann klára hana daginn eftir. Lagði hann til að hann og (S)forstj myndu síðan renna „*í gegnum strategiu*“ áður en þeir hittu ÍSAM.³¹⁸³ Tæplega viku síðar sendi (S)forstj tölvupóst til m.a. (S)forstö-innfl1 og (S)frkvstj-millilandasv og boðaði til fundar daginn eftir með eftirfarandi skilaboðum: „*ræðum stuttlega samningsviðræður við ÍSAM - ég hitti [ÍSAM] í morgun og nú skulum við taka stífar viðræður við þá.*“³¹⁸⁴

³¹⁸² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum[...] Doc. ID. 0.7.33.731928.

³¹⁸³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.732386.

³¹⁸⁴ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.808807.



6679. Þann 19. apríl 2010 sendi (S)forstj tölvpóst til ÍSAM. Með honum fylgdu tillögur Samskipa um „verðlagningu á innflutningsvöru“. Var um að ræða skjalið „Tillaga að nýjum flutningssamningi“. Í því skjali var að finna rökstuðning fyrir hækkun á verði.³¹⁸⁵ Byggði hækkunin á útreikningi Samskipa á verði ÍSAM árið 2007 ef samningurinn hefði verið í evrum, sem hann var ekki, og hvað samningurinn þyrfti að hækka mikið til að halda í við gengisþróun frá þeim tíma. Jafnframt reiknuðu Samskip út áhrif breytinga BAF á samninginn þrátt fyrir að í samningi ÍSAM segði að fyrirtækið greiddi ekki BAF.
6680. Ljóst er að ÍSAM hafi ekki fallist á röksemdir Samskipa fyrir hækkun en fyrirtækið svaraði samdægurs og spurði (S)forstj hvort um væri að ræða lokatilboð frá Samskipum. (S)forstj svaraði um hæl; „legg til að við hittumst og ræðum málin vel.“³¹⁸⁶ Svaraði ÍSAM síðar um kvöldið: „Við skulum hittast. Þetta er ekki ásættanlegur samningur fyrir okkur.“³¹⁸⁷ Gat ÍSAM þannig ekki fallist á það verð sem Samskip buðu.
6681. Sama dag sendi (E)forstö-innfl tölvpóst til (E)forstö-N-Am, hjá Eimskip í Bandaríkjunum vegna flutninga fyrir ÍSAM (Ora). Í tölvpóstinum sagði (E)forstö-innfl eftirfarandi: „Án þess að svo stöddu að gera meira úr efninu verð ég að koma því á framfæri að ég er furðu lostinn yfir atburðarrásinni sem valdið hefur því að Reefergámar fyrir Ora/Isam hafa verið að koma með okkur frá USA. Að rekja tölvpóstsamskiptin frá upphafi (tvö meðfylgjandi) er fróðlegt og að komast að því að einum stærsta matvælainnflytjanda landsins hefur verið gefin verð, afsláttur af THC og fleiri liðum til door Reykjavík algjörlega án samráðs við IMP kemur mér verulega á óvart. Ég hefði viljað að strax í upphafi hefði því verið vísað alfarið frá ykkur að gefa verð til Íslands til þessa íslenska innflytjanda en því miður var það ekki gert. Ég get ekki ímyndað mér hvers vegna ekki og hvernig stendur á því að þið eruð að gefa verð í svona flutninga. [...]“³¹⁸⁸
6682. Var (E)forstö-innfl því allt annað en ánægður með að skrifstofa Eimskips í Norður-Ameríku hafi gefið hagstætt verð og afslátt til stórs íslensks innflytjanda sem var á þeim tíma í viðskiptum við Samskip.³¹⁸⁹
6683. Þann 20. apríl 2010 sendi (S)forstö-innfl1 tölvpóst til (S)forstj og (S)viðskstj1 til undirbúningsfundar með ÍSAM: „Hér er smá fóður fyrir fundinn á eftir. Svona eru verðin hjá ÍsAm í dag og tillaga okkar að nýjum verðum:

| Núgildandi verð | Sjófrakt | BAF | Repo | Uppskiðpun | ISPS | Afgreiðslugjald | Akstur | FAF | Samtals | |
|-------------------|----------|-------|------|------------|--------|-----------------|--------|-------|---------|-----|
| 20ft | 60.461 | 0 | 0 | 16.304 | € 40,4 | 2.448 | 10.901 | 4.009 | 101.154 | |
| 40ft | 76.085 | 0 | 0 | 27.173 | € 40,4 | 2.448 | 10.901 | 4.009 | 127.648 | |
| cbm | 4.008 | 0 | 0 | 1.416 | € 1,3 | 146 | 551 | 117 | 6.460 | |
| tonn | 8.696 | 0 | 0 | 2.777 | € 3,1 | 293 | 1.446 | 308 | 14.061 | |
| min | 14.673 | 0 | 0 | 1.887 | € 3,1 | 1.170 | 3.167 | 675 | 22.113 | |
| Tillaga 20. apríl | | | | | | | | | | |
| 20ft | 60.461 | 107,5 | 0 | 16.304 | € 40,4 | 2.448 | 10.901 | 4.009 | 114.914 | 14% |
| 40ft | 76.085 | 215 | 0 | 27.173 | € 40,4 | 2.448 | 10.901 | 4.009 | 155.168 | 22% |
| cbm | 4.008 | 6,5 | 0 | 2.000 | € 1,3 | 146 | 551 | 117 | 7.876 | 22% |
| tonn | 8.696 | 12,85 | 0 | 4.000 | € 3,1 | 293 | 1.446 | 308 | 16.929 | 20% |
| min | 19.000 | 12,85 | 0 | 3.000 | € 3,1 | 1.170 | 3.167 | 675 | 29.197 | 32% |

Hér eru síðan verð hjá öðrum innflytjendum til samanburðar:

³¹⁸⁵ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Tillaga að nýjum flutningasamningi við ÍSAM.docx“. Viðhengi við afritaðan tölvpóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.737261.

³¹⁸⁶ Afritaðir tölvpóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.737426.

³¹⁸⁷ Afritaður tölvpóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.737510.

³¹⁸⁸ Afritaður tölvpóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.458265.

³¹⁸⁹ Afritaður tölvpóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.811138.



| FOB-Door | Rúmfatal. | ÖES Samskip | ÖES Eimskip | Vífillfell | Nathan | ÍSAM tillaga | ÍSAM núgildandi | Sam kaup | OJK | Garni |
|----------|-----------|-------------|-------------|------------|---------|--------------|-----------------|----------|---------|---------|
| 20ft | 92.941 | 93.741 | 86.242 | 100.606 | 81.642 | 114.914 | 101.154 | 137.043 | 173.220 | 174.119 |
| 40ft | 130.621 | 140.121 | 128.911 | 150.126 | 110.505 | 155.168 | 127.648 | 215.278 | 252.814 | 269.571 |
| cbm | 6.712 | 7.412 | 6.819 | 7.446 | 6.565 | 7.876 | 6.460 | 11.117 | 11.202 | 10.780 |
| tonn | 11.807 | 13.307 | 12.243 | 13.455 | 13.932 | 16.929 | 14.061 | 23.576 | 28.692 | 28.321 |
| mín | 42.395 | 23.543 | 21.660 | 26.186 | 26.877 | 29.197 | 22.113 | 49.796 | 41.381 | 44.892 |

Eins og þið sjáið þá er einhver slaki í þessum verðum sem við erum að bjóða, en til þess var einmitt leikurinn gerður. Við vitum að [ÍSAM] mun kreista okkur.³¹⁹⁰

6684. (S)forstö-innfl1 sendi annan tölvupóst skömmu síðar til (S)forstj og (S)viðskstj1: „Var að slá á það hvað þessi hækkun sem við erum að fara fram á við Ísam mun skila á ársgrundvelli. Mér sýnist að hún myndi skila 14 mkr. Það skiptist svona niður á einingar.

20ft = 3 mkr
40ft = 9 mkr
LCL = 2 mkr⁰“.³¹⁹¹

6685. Fundur Samskipa með ÍSAM var haldinn síðar sama dag.³¹⁹² Daginn eftir, 21. apríl 2010, sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (S)forstj og (S)viðskstj1 vegna þessara viðræðna við ÍSAM:

„Ég er búinn að stilla upp samning í takt við það sem við ræddum á fundinum í gær. FCL verðin hækkar um 7.500/20ft og 15.000/40ft. Þetta eru 12% og 20% hækkun á sjóflutningsverðum. Það var rætt um að hækkar LCL verðin í sambærilega og því hækkaði ég þau um 16%.

Vilt þú ekki senda þetta á [ÍSAM] til yfirlestrar. Það væri gott að geta skrifað undir í dag.“³¹⁹³

6686. (S)forstj sendi skömmu seinna drögin að nýjum samningi til ÍSAM.³¹⁹⁴

6687. Þann 29. apríl 2010 sendi (S)viðskstj1 tölvupóst til ÍSAM til að óska eftir svörum við tilboðinu.³¹⁹⁵ Í framhaldinu lagði (S)forstj til við (S)viðskstj1 að Samskip byrjuðu að rukka ÍSAM samkvæmt nýja samningnum frá og með þeirri viku.³¹⁹⁶

6688. Daginn eftir eða 30. apríl 2010 hittust Samskip og ÍSAM á fundi vegna samningsins.

6689. Í maí 2010 áttu Samskip og ÍSAM áfram í samskiptum og samningaviðræðum. Lét ÍSAM m.a. í ljós óánægju með tillögur Samskipa að verðhækkunum og gerði athugasemdir við ákvæði í samningnum um að ÍSAM væri skuldbundið að beina öllum flutningsviðskiptum sínum til Samskipa. Hvergi í samtímagögnum Samskipa vegna þessara viðræðna við viðskiptavininn var vísað til þess að ótti væri um að Eimskip myndi með samkeppni sækja á að taka til sín viðskipti ÍSAM. Þvert á móti var vísað til þess að ÍSAM væri að „væla“ undan tillögum Samskipa að verðhækkunum. Samskip lagfærðu hins vegar tilboðið eftir samskipti við ÍSAM en náðu eftir sem áður því markmiði að hækkar verð. Sýna samtímagögn að Samskip voru hikandi við að „milda“ skuldbindingargildi samningsins. Sagði (S)viðskstj1 m.a. í tölvupósti til (S)forstj og (S)forstö-innfl1, varðandi tillögu að breyttu orðalagi vegna uppkastsins að samningi við ÍSAM: „Tel ekki rétt að setja ákvæði um að við getum í þeim tilfellum sem þeir mögulega flytja með EÍ [Eimskip] að við getum mögulega boðið á mót [svo] - ég tel að það kalli á að þeir muni „pönkast“ aðeins á okkur“.³¹⁹⁷

³¹⁹⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.737874.

³¹⁹¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum[...] Doc. ID. 0.7.33.737879.

³¹⁹² Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.809835.

³¹⁹³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum[...] Doc. ID. 0.7.33.738505.

³¹⁹⁴ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.738624.

³¹⁹⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.742290.

³¹⁹⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.742238.

³¹⁹⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.742703. Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...]. Doc. ID. 0.7.33.743373. Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.743704. Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.743711. Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.743733. Afritaður



6690. Má sjá í gögnum málsins að (S)forstj hafi ekki verið sáttur við að hafa gefið eftir í viðræðum við ÍSAM og sagði í tölvupósti til (S)viðskstj1 4. maí 2010 m.a.: „Við þurfum að vera harðari á þessa stóru kúnnu og lyfta verðum enn oög frekar upp - og skulum gera í næstu lotum“. Í samræmi við önnur samtímagögn var hvorki í tölvupósti (S)forstj né öðrum gögnum Samskipa minnst á ótta eða óvissu um viðbrögð Eimskips.³¹⁹⁸
6691. Síðar sama morgun sendi (S)viðskstj1 tillögu að verðtilboði til ÍSAM sem (S)forstj svaraði og lýsti sig sammála.³¹⁹⁹ Í tillögu (S)viðskstj1 fólst hækkun frá þáverandi verði ÍSAM um 13,3%-19,7%. Skömmu seinna sendi (S)viðskstj1 drög að nýjum samningi til ÍSAM. Var að finna í honum framangreindar verðtillögur og jafnframt tillöguna um „mildun“ á skuldbindingargildi samningsins.³²⁰⁰
6692. ÍSAM-samstæðan og Samskip rituðu loks undir nýjan samning þann 27. maí 2010 þar sem eins og áður segir verð var hækkað.³²⁰¹ Þer hann með sér að ÍSAM hafði fallist á þá verðhækkun sem tilgreind er í framangreindum tölvupósti (S)viðskstj1 frá 5. maí 2010. Gildistími samningsins var til 1. júní 2012.
6693. Rétt er að geta þess að gildandi samningur ÍSAM hafði, á samningstímanum, þegar tekið breytingum í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs. Í nýjum samningi Samskipa við ÍSAM í maí 2010 nam hækkun farmgjalda frá Evrópu frá fyrri samningi frá árinu 2007 um 56% fyrir 20 feta gám og fyrir 40 feta gám um 60%. Á sama tíma hækkaði vísitala neysluverðs um tæp 36%. Því er ljóst að samningur ÍSAM hafði þegar tekið hækkunum á samningstímanum sem var verulega umfram vísitöluhækkun.

14.26.3. „Höfum við engan áhuga á nýjum kúnnum“?

6694. Eins og áður segir var dótturfélag ÍSAM, vinninflytjandinn Mekka, einnig aðili að flutningasamkomulaginu við Samskip sem rann út 1. apríl 2010.
6695. Sem fyrr sagði óskaði Mekka eftir tilboði frá Eimskip. (E)frkvstj-sala/þj breytti tilboði undirmanns síns, (E)viðskstj1, og setti fram mun hærra verð (22-31% hærra). Var það tilboð sent til Mekka 24. febrúar 2010. Í tölvupósti (E)frkvstj-sala/þj til m.a. (E)forstj þann 3. mars 2010 greindi hann frá því að Mekka væri „enn í sjokki“ yfir þessu tilboði Eimskips. Frekari viðræður áttu sér stað í kjölfarið milli (E)frkvstj-sala/þj og Mekka.
6696. Gögn málsins sýna að þann 19. apríl 2010 sendi (E)frkvstj-sala/þj ný verð til Mekka. Samkvæmt tilboðinu hafði hann lækkað sjóflutningaverð um 6-10% frá fyrra tilboði. Lagði hann til að fyrirtækin myndu hittast til að fara yfir þetta. Áframsendi (E)frkvstj-sala/þj samskiptin til (E)forstj.³²⁰²
6697. Þann 28. maí 2010, sendi Mekka tölvupóst til (E)frkvstj-sala/þj og tilkynnti að ekki myndi nást samningur á milli fyrirtækjanna. Vísað var til nýs samnings móðurfélagsins ÍSAM við Samskip og kom fram að samningurinn væri „styttri en sá síðasti, og áður en við vitum af erum við aftur komnir í samningaviðræður. Kannski verður aðstaða ykkar þá önnur og betri en nú, og þið getið virðilega brett upp ermar til að ná okkur yfir til ykkar. [...]“
6698. (E)frkvstj-sala/þj svaraði síðar um kvöldið: „[...] takk fyrir meldinguna þótt súr sé. Mér var einmitt hugsað til ykkar undanfarna daga og hefði gert ráð fyrir því að slá á þig ef ég hefði ekki verið búin að heyra í þér í byrjun næstu viku þar sem ég vissi að þið væruð eflaust að nálgast niðurstöðu í þessu máli. Nú liggur hún fyrir og kemur mér svo sem ekki mikið á óvart hver hún er út frá þeim

tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.743803. Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.745668. Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.813184.

³¹⁹⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.811443.

³¹⁹⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.743733.

³²⁰⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.743803.

³²⁰¹ Afhent tölvuskjal frá Samskipum. Afhent 10.04.2015, liður 8.2 „Samningar“. „Flutningssamkomulag Samskipa hf. og Íslensk Ameríska verslunarfélagsins ehf., dags. 27.05.2010“.

³²⁰² Afritaðir tölvupóstar frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.459068. Sjá viðhengi við tölvupóst[...] Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.458305.



forsendum sem við höfum farið yfir með ykkur. [...] Heyri í þér á mánudag til að fara betur yfir og möguleika okkar til frekara samstarfs. [...]”³²⁰³ Áframsendi (E)frkvstj-sala/þj tölvupóst sinn til Mekka til (E)forstj með skilaboðunum: „Til uppl. ræðum betur við tækifæri,“.³²⁰⁴

6699. Einnig ber hér að horfa til samskipta innan Eimskips síðar á árinu 2010. Þann 12. nóvember 2010 sendi (E)frkvstj-Dk, yfirmaður Eimskips í Danmörku, tölvupóst til (E)viðskstj1. Þar spurði hann hvort samningur ÍSAM við Samskip væri ekki að losna. ÍSAM væri stór innflytjandi frá m.a. Danmörku. Sagði hann síðan þetta:

„Eða höfum við engan áhuga á nýjum kúnum“.

6700. (E)viðskstj1 svaraði stuttu seinna með eftirfarandi hætti:

„Ég held að menn vilja ekki heyfa [svo] við neinu, en við gáfum verð til Mekka frekar lágt en það dugði ekki til .

Búið er að bjóða í sl. vikur OJK og Garri en fengið þetta ekki, svo núna er verið að vinna í Áltak [...] þeir vilja koma Spurning hvað við gefum þeim

þú ættir að hrista upp í [(E)frkvstj-sala/þj] aðeins og sjá hvað hann segir”³²⁰⁵

6701. Endurspeglar framangreint viðhorf hjá undirmönnum (E)frkvstj-sala/þj. (E)frkvstj-Dk sá í tengslum við möguleg viðskipti við ÍSAM ástæðu til að spyrja hvort Eimskip hefði engan áhuga á nýjum viðskiptum. Sú spurning gefur til kynna að (E)frkvstj-Dk hafi áður fundið fyrir slíku áhugaleysi hjá stjórnendum Eimskips. Í svari (E)viðskstj1 felst að „menn“ (af samhenginu að öllum líkindum (E)frkvstj-sala/þj) vilji ekki „hreyfa við neinu“, þ.e. vilji ekki nálgast ÍSAM. (E)frkvstj-Dk gæti hins vegar reynt að „hrista upp“ í (E)frkvstj-sala/þj í því skyni að viðskipti við ÍSAM yrðu skoðuð. Þó að (E)viðskstj1 noti „broskall“ voru skilaboð hennar engu að síður skýr og í samræmi við önnur samtímagögn: (E)frkvstj-sala/þj vildi að mikilvægir viðskiptavinir Samskipa yrðu látnir í friði og þeirri stefnu yrði ekki breytt nema undirmönnum tækist að sannfæra hann um annað. Framangreind breyting (E)frkvstj-sala/þj á tilboðinu til Mekka sem (E)viðskstj1 útbjó 24. febrúar 2010 var t.d. til þess fallin að gefa henni skýr skilaboð um að (E)frkvstj-sala/þj vildi ekki „hreyfa við neinu“ þegar um væri að ræða mikilvæga viðskiptavinum Samskipa. Í þessu samhengi er einnig rétt að líta til gagna frá (S)forstö-innfl1 sem sýna að hann kom í veg fyrir að kappsamir undirmenn hans myndu gefa mikilvægum viðskiptavinum Eimskips tilboð, sbr. m.a. kafla 14.20.4. Virt saman endurspeglar framangreind gögn markaðsskiptingu Eimskips og Samskipa.

14.26.4. Samantekt

6702. Í rekstraráætlunum Samskipa og Eimskips fyrir innflutning árið 2010 (unnar haustið/veturinn 2009) var fjallað um ÍSAM og Innnes. Sýna þau að á þessum tíma voru ekki uppi neinar áætlanir hjá Samskipum um að reyna með samkeppni að ná Innnes í viðskipti til sín og engar áætlanir hjá Eimskip um að reyna með samkeppni að ná ÍSAM í viðskipti til sín. Lögðu bæði fyrirtækin til grundvallar að þau myndu halda þessum mikilvægu viðskiptavinum sínum. Þetta gekk eftir í maí 2010 og Samskip hækkuðu verð gagnvart ÍSAM. Eins og lýst er kafla 10.35 gerði Eimskip það sama gagnvart Innnes.
6703. Að mati Samkeppniseftirlitsins endurspeglar framangreind atvik í tengslum við ÍSAM/Mekka árið 2010 markaðsskiptingu Samskipa og Eimskips sem gerði fyrirtækjunum kleift að halda uppi eða hækka verð. Í upphafi árs 2010, og fyrr, gerðu Samskip ráð fyrir að halda ÍSAM í viðskiptum og hækka verð. Í forsendum Samskipa var þannig ekki gert ráð fyrir samkeppnislegri ógn frá Eimskip. Samskip staðfesta jafnframt í athugasemdum sínum að fyrirtækið hafi ekki talið hættu á að Eimskip byði ÍSAM

³²⁰³ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.488987.

³²⁰⁴ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.489004.

³²⁰⁵ Afritaðir tölvupóstar frá Eimskip. [...].



betri kjör, sbr. mgr. 990 í athugasemdum Samskipa við AII. Gögn málsins sýna að þessar forsendur Samskipa gengu eftir.

6704. Þá liggur fyrir að ÍSAM-samstæðan leitaði til Eimskips um tilboð. Eimskip virti á hinn bóginn markaðsskiptinguna við Samskip með því að sækjast ekki eftir að ná þessum viðskiptum til sín. Þess í stað var í upphafi sett fram tilboð sem „sjokkerað“ ÍSAM. Einnig kom það (E)frkvstj-sala/þj ekki „mikið á óvart“ að ÍSAM/Mekka hafi samið á ný við Samskip.
6705. Með sambærilegum hætti virtu Samskip markaðsskiptinguna við Eimskip þegar Innnes, sem var í viðskiptum við Eimskip, óskaði eftir tilboði í flutninga frá Norður-Ameríku. Viðbrögð Samskipa við beiðni Innnes sýna að Samskip ætluðu ekki að sækjast eftir að ná viðskiptunum. Eftir ítrekaðar beiðnir frá Innnes var Samskipum þó ljóst að fyrirtækið „þurfti“ að „svara e-ð“, „fljótlega“, en „biðum aðeins að svara v. ísam“. Hér skiptir og miklu máli framangreind samskipti (E)frkvstj-Dk og (E)viðskstj1 sem sýna að stefna Eimskips var að „hreyfa ekki við“ ÍSAM. Er lýsandi að undirmenn töldu að það þyrfti að „hrista upp í“ yfirmanni sínum svo einhverjar líkur væru á því að þessum mikilvæga viðskiptavinum Samskipa yrði sýndur áhugi.
6706. Samhengisins vegna er rétt að taka fram að hin ólögmæta markaðsskipting var áfram virt í tilfelli ÍSAM eftir árið 2010. Líkt og áður greinir rann samningur ÍSAM og Samskipa frá maí 2010 út 1. júní árið 2012. Í áætlun (S)forstö-innfl1 frá september 2011 fyrir árið 2012 kom fram að samningar við ýmsa mikilvæga viðskiptavinum myndu losna á árinu 2012, þ.m.t. við ÍSAM. Gerði (S)forstö-innfl1 ráð fyrir því að Samskip myndu halda „öllum núverandi viðskiptavinum“ á árinu 2012, sbr. nánar kafla 14.38.4. Í samræmi við þetta mat Samskipa endurnýjuðu Samskip flutningasamninginn við ÍSAM árið 2012 til ársins 2014, sbr. kafla 14.42.
6707. Að mati Samkeppniseftirlitsins endurspeglar framangreind atvik og samtímagögn samráð Samskipa og Eimskips sem komst á í júní 2008 og að markaðsskiptingin hafi verið virt í tilfelli ÍSAM. Með því var forsendum virkrar samkeppni raskað og ýtt til hliðar og óvissu keppinautanna eytt. Samanburður á hegðun fyrirtækjanna gagnvart viðskiptavinum hvors annars á meginrannsóknartímabilinu við hegðun fyrirtækjanna fyrir þann tíma og þegar samráðið fór að fjara út styður niðurstöðuna enn frekar. Þá vísast til þess að Eimskip hefur viðurkennt að hafa átt í ólögmætu samráð við Samskip, m.a. með því að skipta mörkuðum eftir stærri viðskiptavinum í sjó- og landflutningum, sbr. sátt Eimskips dags. 16. júní 2021.
6708. Í athugasemdum Samskipa við AI og AII er því mótmælt að atvik vegna ÍSAM og Innnes sýni samráð fyrirtækisins við Eimskip. Gögnin sýni áhuga Samskip að fá Innnes í viðskipti en til að ná í þau hafi þurft að bjóða lágsta verð á markaði í íslenskum krónum. Að sama skapi hafi sjóflutningsverð ÍSAM hjá Samskipum verið í íslenskum krónum og samningurinn því mjög óhagstæður fyrir Samskip vegna gengis- og verðlagsbreytinga. Kemur einnig fram að Samskip hafi metið það svo að svigrúm hafi verið til hækkunar án þess að hætta væri á að Eimskip myndi bjóða betur. Gögnin sýni eindreginn vilja fyrirtækisins til að halda ÍSAM áfram í viðskiptum og að það var reiðubúið til að ganga langt í að halda verði í lágmarki og viðskiptavininum ánægðum. Tillögur um hækkanir hafi verið í algeru samræmi við verðlags- og gengisþróun. Að mati Samskipa hefði samningurinn þurft að hækka meira ef hann hefði átt að halda fullkomlega í við gengisþróun. Fráleitt væri að halda því fram að verðhækkanir sem þessar hafi verið grunsamlegar í þessu árferði.³²⁰⁶ Fjallað er um þessi sjónarmið Samskipa í kafla 26.26, 26.35 og 33.1.5. Líkt og þar kemur fram er ekki fallist á að umræddar athugasemdir Samskipa.

14.27. Eimskip hækkar verð á árinu 2010 gagnvart Aðföngum

6709. Líkt og fram kemur í kafla 14.5 var fyrirtækið Aðföng í viðskiptum við Samskip en færði viðskipti sín til Eimskips snemma árs 2008 eftir að hafa aflað tilboða frá báðum fyrirtækjunum. Átti þetta sér stað

³²⁰⁶ Mgr. 46 – 54 í athugasemdum Samskipa við AI. Mgr. 985 – 1002 í athugasemdum Samskipa við AII, sbr. einnig frá mgr. 1151 í athugasemdum við AII.



áður en (E)forstj varð forstjóri og „Nýtt upphaf“ verkefni Samskipa og Eimskips hófst í byrjun júní 2008.

6710. Flutningasamkomulag Eimskips við Haga, fyrir hönd dótturfélaga, um sjóflutninga til og frá Evrópu, Bandaríkjunum og Kanada var undirritað 28. apríl 2008 og gilti frá 1. júlí 2008 í fimm ár, þ.e. til 1. júlí 2013. Frá 1. júlí 2010 var samningurinn þó uppsegjanlegur með sex mánaða uppsagnarfresti. Féllu sjóflutningar fyrir Aðföng undir samninginn. Önnur dótturfélög Aðfanga sem samningurinn tók til voru m.a. Bananar, Hagkaup, Debenhams, Bónus, 10-11, Útilíf og Ferskar kjötvörur. Voru Aðföng þriðji stærsti viðskiptavinur Eimskips í innflutningi árið 2009 m.v. tekjur.³²⁰⁷ Því er ljóst að um mjög mikilvægan viðskiptavin var að ræða. Rifja ber upp að á árunum eftir efnahagshrunið hafði innflutningur á matvöru ekki dregist saman og því ljóslega um að ræða sérlega mikilvæga kaupendur á flutningsþjónustu til landsins.
6711. Gögn málsins sýna að Eimskip hækkaði verð ítrekað gagnvart Aðföngum, m.a. í júní 2010 og vikið verður að atvikum tengdri þeirri verðhækkun hér á eftir. Áður en vikið er að því er nauðsynlegt að rifja upp tiltekin atvik frá 2008–2009.

14.27.1. Aðföng leita til Samskipa

6712. Gögn málsins sýna óánægju Aðfanga með kjör sín hjá Eimskip. Fyrir liggur t.d. að í október 2008 hafi Aðföng verið óánægð með mikla hækkun Eimskips á olíugjaldi (BAF) og átti fyrirtækið í samskiptum við Eimskip varðandi það, sbr. kafla 8.16.6.3. Áður hafði Eimskip einnig unnið að verðhækkun „umfram samning“ gagnvart Aðföngum. Í fundargerð vegna fundar framkvæmdastjórnar Eimskips þann 26. ágúst 2008 var þannig haft eftir (E)frkvstj-innanl að unnið væri að eftirfylgni vegna gjaldskrárhækkunar sem gerð var 11. ágúst 2008 og að hann myndi hitta „Aðföng væntanlega í vikunni til að ná fram hækkun umfram samning“, sbr. kafla 8.15.10.
6713. Í nóvember 2009 leituðu Aðföng til Samskipa um tilboð í flutninga, sbr. umfjöllun í kafla 14.9.4. Þar er sagt frá því að (S)forstö-innfl1 hafi borist tölvupóstur frá (S)viðskstj1 þann 22. nóvember 2009. Upplýsti (S)viðskstj1 að hann hefði verið kallaður á fund hjá Aðföngum fyrr um daginn og að fyrirtækið vildi fá „verð í USA flutningana!“. (S)forstö-innfl1 svaraði og sagði þetta:
- „Thad vaeri gaman ad taka thetta, en vid megum ekki bjoda of lag verdam eimskip er orugglega ad reyna ad haekka a tha. Spilum thetta strategist. Their eru ju med heildarsamning við Eimu“.*³²⁰⁸
6714. (S)forstö-innfl1 sá ástæðu til að senda (S)viðskstj1 annan tölvupóst síðar sama dag til að tryggja að (S)viðskstj1 myndi ekki gera Aðföngum hagstætt tilboð: „Athugadu ad vid munum reyna ad na fram haekkunum a USA hluta Nathan sammingsins um aramot. Ef vid hrærum i thessu gaeti Eimskip spillt fyrir thvi. Skodum thetta allt i samhengi“.³²⁰⁹
6715. Þarna má sjá yfirmann (S)viðskstj1 segja undirmanni sínum að spila þetta „strategískt“ gagnvart Aðföngum. Var útskýrt fyrir honum að ef Samskip myndu ekki bjóða Aðföngum „of lág verð“, þ.e. „hræra í þessu“, þá gæti Eimskip hækkað verð gagnvart Aðföngum og Samskip gætu hækkað verð gagnvart N&O. Ef það yrði hins vegar „hrært í þessu“ gæti Eimskip séð sig knúð til að „spilla fyrir“, þ.e. hindrað að verðhækkunar Samskipa gagnvart N&O næðu fram að ganga. Í þessum tölvupóstum (S)forstö-innfl1 til (S)viðskstj1 í nóvember 2009 kom þannig efnislega fram að ekkert mætti gera sem myndi annars vegar hindra Eimskip í að hækka verð gagnvart Aðföngum og hins vegar hindra Samskip í að hækka verð gagnvart N&O. Við mat á þessum tölvupóstum (S)forstö-innfl1 frá nóvember 2009 er einnig mikilvægt að áréttta að Aðföng voru einn af stærstu kaupendum á sjóflutningaþjónustu til landsins. N&O var annar stór viðskiptavinur í sama vöruflokki. IKEA, Rúmfatalagerinn, Húsasmiðjan og ÍSAM voru ennfremur mikilvægir viðskiptavinir. Að mati

³²⁰⁷ Afhent skjal frá Eimskip. Afhent 01.12.2016. „Stærstu viðskiptavinir“, „B liður 1-Innflutningur“.

³²⁰⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.787400.

³²⁰⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.787407.



Samkeppniseftirlitsins draga framangreindir tölvupóstar (S)forstö-innfl1 , ásamt tölvupósti til (S)forstö-landfl vegna IKEA 17. nóvember 2009, þremur dögum áður, fram með skýrum hætti hið ólögmeta samfellda samráð sem þá stóð yfir. Þannig kom ekki til álita hjá Samskipum að reyna að ná IKEA í viðskipti frá Eimskip, þar sem það væri í ósamræmi við þá stefnu Samskipa að hækka verð hjá mikilvægum viðskiptavinum.

6716. Framangreint sýnir að á árinu 2009 hafi Eimskip unnið að því að hækka verð gagnvart Aðföngum. Í gögnum málsins er hvergi að finna ótta við viðbrögð helsta keppinautarins Samskipa. Þannig er samræmi að mati eftirlitsins milli samtímagagna Eimskips og Samskipa. Samskip hefðu ætlað að láta Aðföng í „friði“ og gefa Eimskip svigrúm til að hækka verð. Virt saman gefa þessi gögn skýrlega til kynna markaðsskiptingu Samskipa og Eimskips á þessum tíma. Þá liggur fyrir að Eimskip hefur viðurkennt að hafa átt í ólögmetu samráði við Samskip, m.a. með því að takmarka flutningsgetu í sjóflutningum og skipta mörkuðum eftir stærri viðskiptavinum í sjó- og landflutningum.

14.27.2. Eimskip undirbýr frekari verðhækkun

6717. Á fyrri hluta ársins 2010 vann Eimskip að frekari verðhækkun gagnvart Aðföngum. Samkvæmt áðurnefndum flutningasamningi Eimskips og Aðfanga frá apríl 2008 var samningurinn uppsegjanlegur 1. júlí 2010. Verður hér fyrst gerð grein fyrir þessum aðgerðum og samskiptum Eimskips við Aðföng. Síðan verður lýst samskiptum Samskipa við Aðföng á þessu tímabili sem sýna að Samskip hafi gætt að því að virða markaðsskiptinguna og spilla ekki fyrir tilraunum Eimskips til að hækka verð gagnvart þessum mikilvæga viðskiptavini, sbr. einnig áðurnefndan tölvupóst (S)forstö-innfl1 til (S)viðskstj1 frá 22. nóvember 2009.

6718. Í fundargerð Eimskips, vegna fundar (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-innfl í viku fjögur (25.-31. janúar 2010), er að finna verkefnið: „Aðföng Hagar bóka fund – senda afrit af samning til (E)frkvstj-sala/þj“³²¹⁰ þann 8. febrúar 2010 vistaði (E)frkvstj-sala/þj svo skjal með heitinu „Verkefni (E)frkvstj-sala/þj febrúar 2010“. Var „Samningur Hagar“ meðal verkefna þar.³²¹¹

6719. (E)forstö-innfl sendi tölvupóst til Aðfanga þann 20. apríl 2010 og óskaði eftir fundi. Var niðurstaðan sú að aðilar yrðu í sambandi í maí sama ár varðandi tíma.³²¹² Verkefnið „Aðföng Hagar ákveða aðgerðir – hækkun“ var meðal verkefna samkvæmt fundargerð vegna fundar (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-innfl í viku 21 (24.-30. maí 2010).³²¹³

6720. Þann 27. maí 2010 áttu (E)frkvstj-sala/þj, (E)forstö-innfl og (E)viðskstj2 fund með Aðföngum þar sem verðhækkun Eimskips gagnvart fyrirtækinu var kynnt. Áður en fundurinn hófst sendi (E)forstö-innfl skjal til (E)viðskstj2 með heitinu „Hagar brúttó vs nettó verð, 2010“.³²¹⁴ Stuttu síðar sendi (E)viðskstj2 skjalið til (E)frkvstj-sala/þj: „Hér er skjalið. Vísitöluhækkunin frá því í júní í fyrra, þá var neysliverðsvísitalan 344,5 stig og er fyrir maí núna 365,3 stig. Þetta er 6,03% hækkun sem þýðir 3,02% hækkun á sjóflutningsverðin þeirra.“³²¹⁵ (E)frkvstj-sala/þj vistaði skjalið í kjölfarið.³²¹⁶ Fundinum með Aðföngum var lýst svo í fundargerð innflutningsdeildar Eimskips frá 28. maí 2010 :

³²¹⁰ Afritað tölvuskjal frá Eimskip[...] Doc. ID. 0.7.33.379045.

³²¹¹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip[...] Doc. ID. 0.7.33.182649.

³²¹² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.688621.

³²¹³ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.76567.

³²¹⁴ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Hagar brúttó vs nettó verð,2010xls“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.698811.

³²¹⁵ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Hagar brúttó vs nettó verð,2010xls“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.486838.

³²¹⁶ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.186355.



„Fór með (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-sala/þj á fund hjá aðföngum. Fínn fundur og þeir eru ánægðir með þjónustu og samstarf. Spjölluðu um verðin – við [Eimskip] leggjum upp með hækkun en það getur þýtt uppsögn á samningi. Ég tek saman magnið og við skoðum þetta nánar.“³²¹⁷

6721. Þá voru Aðföng til umræðu á fundi forstöðumanna Eimskips þann 3. júní 2010.³²¹⁸ (E)frkvstj-sala/þj, (E)forstö-innfl og (E)viðskstj2 unnu síðan áfram að undirbúningi á verðhækkun gagnvart Aðföngum. Þann 10. júní 2010 sendi (E)frkvstj-sala/þj tölvupóst til (E)forstö-innfl og fjallaði um þessa hækkun:

„Þurfum að kafa aðeins dýpra í þá og meta hvaða áhrif hækkunar á þá hafa, vinsamlega taka saman:

Hvað er áætluð vísitöluhækkun 1.07 skv. samningi?

Hvað eru þeir að flytja mikið frá USA, þurfum evt. að hækka meira þar

Hvað skilar 1% hækkun FLU á þá í auknum tekjum

Hvað skilar ISPS ef þeir tækju það gjald á sig“³²¹⁹

6722. Daginn eftir, 11. júní 2010, vistaði (E)forstö-innfl skjal með heitinu „Hagar yfirlit“.³²²⁰ Stuttu síðar svaraði hann tölvupósti (E)frkvstj-sala/þj: „Förum yfir þetta á mánudag en svör liggja fyrir nema nvt. Held það sé um 2,5 %. Meðfylgjandi er útreikningur sem hægt er að nota en þar kemur fram að ISPS er rúmar 10 m og 1 % ca 1,4 m“³²²¹ (E)frkvstj-sala/þj svaraði tölvupóstinum 14. júní 2010: „Setjumst aðeins yfir þetta á morgun, [Aðföng] Kemur til mín á fh. miðvikudag.“³²²² Þann 15. júní 2010 sendi (E)viðskstj2 tölvupóst til (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-sala/þj: „Hækkunin á Haga um mánaðarmótin mun verða 3% og í meðfylgjandi Excel skjali sjáið þið breytinguna á nettóverðunum þeirra.“³²²³

6723. Þann 21. júní 2010 sendi (E)frkvstj-sala/þj tölvupóst til (E)viðskstj2. Í honum sagði: „vinsamlega taktu saman hvaða áhrif í kr. hver liður fyrir sig hefur hjá þeim mv. magn sl. 12 mánuði:

Funduðum með þeim í dag og í stað þess að við segjum upp samningnum 1.07.2010 og þeir hafi þá 6 mánuði til að semja við okkur eða aðra, þá lögðum við til að þeir taki eftirfarandi breytingum umfram 3,0% vísitöluhækkun sem kom til 1.06.2010;

***** þeir taka ISPS gjaldið

***** 4,4% viðbótarhækkun á sjófrakt, uppskipun og akstur“³²²⁴

6724. (E)viðskstj2 sendi (E)frkvstj-sala/þj upplýsingarnar síðar sama dag.³²²⁵ (E)frkvstj-sala/þj svaraði tölvupósti (E)viðskstj2 með þessum hætti:

„Sem sagt total:

Sjóflutningur kr. 6.452.513

Uppskipun kr. 2.713.879

Akstur kr. 776.131

Samtals: 9.942.523

³²¹⁷ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.232104. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Fundagerð vika 21 2010“. Fundagerð innflutningsdeildar Eimskips 28.05.2010. Vistuð á sameiginlegu tölvudrifi Eimskips 31.05.2010, kl. 18:24.

³²¹⁸ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.181338.

³²¹⁹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip[...] Doc. ID. 0.7.33.497171.

³²²⁰ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.82545.

³²²¹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.498210.

³²²² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip[...] Doc. ID. 0.7.33.499329.

³²²³ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.500963. Meðfylgjandi var skjalið "Hagar hækkun 1.7.2010.xlsx".

³²²⁴ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.504455.

³²²⁵ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.504455.



ISPS:

FCL EU kr. 7.882.560

LCL EU 1.908.192

FCL US kr. 543.270

LCL US kr. 45.344

ISPS total: kr. 10.379.366.-

Grand total hækkun miðað við þetta væri því rétt rúmar 20m³²²⁶

6725. Þann 28. júní 2010 sendi (E)frkvstj-sala/þj tölvupóst til (E)starfsm (afrit (E)forstö-innfl og (E)viðskstj2): „Það má drífa þessa 3% hækkun inn á öll Haga/Aðföng fyrirtækin (Hagar, Aðföng, Bananar, Debenhams, Bónus, 10-11, Hýsing, NorOn, RES, Útilíf, Íshöfn, Ferskar Kjöttvörur. Veit svo sem ekki hvort þeir séu að flytja inn á öllum þessum nöfnum en þið þekkið það eflaust betur. Næstu breytingar fyrir þá koma svo til framkvæmda 1. okt. en það er:
1. ISPS gjaldið tekur gildi.
 2. Sjófragtin frá EU hækkar um 4%³²²⁷
6726. Þann 29. júní 2010 vistaði (E)frkvstj-sala/þj viðauka við samning Haga og Eimskips, þar sem gert var ráð fyrir að þann 1. október 2010 myndi öryggisgjald (ISPS gjald) bætast við fyrri gjöld og sjófrakt frá Evrópu myndi hækka um 4% umfram samningsbundna vísitölhækkun.³²²⁸ (E)frkvstj-sala/þj vistaði nýja útgáfu af viðaukanum þann 30. júní 2010.³²²⁹
6727. Þann 30. júní 2010 sendu Aðföng tölvupóst til (E)frkvstj-sala/þj: „Meðfylgjandi er undirritað minnisblað, breyting á samningi, smkv fundi okkar allra. Okkur [...] þætti vænt um að heyra ekki meir í þér, fyrr en í september 2013.“ (E)frkvstj-sala/þj framsendi tölvupóstinn á (E)forstj og (E)frkvstj-skiparekst með skilaboðunum: „Frekar fyndið komment frá [framkvæmdastjóra] í Aðföng:-)“.³²³⁰ Í glærukynningu vegna framkvæmdastjórnarfundar Eimskips þann 1. júlí 2010 segir: „good results with Aðföng (16m)“.³²³¹
6728. Samkvæmt framansögðu náði Eimskip því markmiði sínu að hækka verð gagnvart Aðföngum. Aðföng voru eðli málsins samkvæmt ekki sátt við þá niðurstöðu og gáfu Eimskip til kynna að frekari breytingar eða verðhækkun væru ekki æskilegar á gildistíma hins nýja samnings. Virðist af viðbrögðum í fyrrnefndum tölvupósti (E)frkvstj-sala/þj sem Eimskip hafi þótt þessi athugasemd Aðfanga „frekar fyndin“. Með sama hætti og á við um önnur atvik tengd „friðnum“ um stóra viðskiptavinum, þá gefa gögnin sem varða Aðföng til kynna að Eimskip hafi ekki óttast eða haft áhyggjur af því að verðhækkun gagnvart Aðföngum myndi leiða til þess að fyrirtækið leitaði til Samskipa, og það þrátt fyrir að samningur þess við Eimskip hafi verið uppsegjanlegur frá 1. júlí 2010.
6729. Að mati Samkeppniseftirlitsins var það hin ólögmeta markaðsskipting milli Samskipa og Eimskips sem gerði Eimskip kleift að hækka verð gagnvart stórum og mikilvægum viðskiptavinum. Þá liggur fyrir að Eimskip hefur viðurkennt að hafa átt í ólögmetu samráði við Samskip sem fólst m.a. í takmörkun á flutningsgetu og skiptingu markaða eftir stærri viðskiptavinum.

³²²⁶ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.504547.

³²²⁷ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip[...] Doc. ID. 0.7.33.509697.

³²²⁸ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.181331.

³²²⁹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.187008. Þá var búið að bæta inn í viðaukann „Gámaleiga vegan gáma fyrir Banana verður 20 frír dagar“.

³²³⁰ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.512175.

³²³¹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. Heimasvæði [...]. „EXE fundur 1.07.2010 mm.pptx“, vistað 30.06.2010, kl. 08:54. Doc. ID. 0.7.33.185830.



14.27.3. Samskip virða markaðsskiptinguna

6730. Gögn málsins sýna að Aðföng leituðu til Samskipa á árinu 2010, þ.e. þegar Eimskip var að ná fram fyrrgreindum verðhækkunum gagnvart Aðföngum. Eins og áður segir sýna gögnin að Samskip hafi gætt að því að virða markaðsskiptinguna og spilla ekki fyrir tilraunum Eimskips til að hækka verð gagnvart þessum mikilvæga viðskiptavini. Skal þessu lýst nánar:

- Hér ber að rifja aftur upp að í nóvember 2009 sneru Aðföng sér til (S)viðskstj1 og óskuðu eftir tilboði í tiltekna flutninga. (S)viðskstj1 gerði (S)forstö-innfl1 grein fyrir þessu og (S)forstö-innfl1 mælti fyrir um að þetta yrði að spilla „strategískt“ til að spilla ekki fyrir verðhækkunum bæði Eimskips og Samskipa.
- Þann 16. apríl 2010 sendu Aðföng tölvupóst til Samskipa. Óskuðu Aðföng aftur eftir því að (S)viðskstj1 gerði fyrirtækinu tilboð í tiltekna flutninga.
- Þremur dögum seinna, 19. apríl 2010, framsendi (S)viðskstj1 þessa beiðni um tilboð til (S)forstö-innfl1 og spurði aðeins þessarar spurningar:

„eigum við að setja þá á verðskrá?“³²³²

- (S)forstö-innfl1 svaraði um hæl og sagði að Aðföng skyldu greiða sjófrakt, uppskipun og akstur skv. gjaldskrá. Hins vegar væri spurning hvort gefa ætti Aðföngum afslátt af staðsetningargjaldi.³²³³
- Þann 11. maí 2010 sendu Aðföng aftur tölvupóst til (S)viðskstj1. Meðfylgjandi honum var reikningur fyrir innflutning Samskipa á gámi fyrir Aðföng frá Varberg í Svíþjóð. Í tölvupóstinum sagði:

„Einhverra hluta vegna, þá er þetta sent með ykkur. Veit ekki af hverju, sennilega mistök. Þessi fragt er náttúrulega bara bilun. Bið ykkur um að fara yfir hana og sjá hvort þú getir ekki lækkað hana. Ég hélt að þitt fólk erlendis væri nú meðvitað um að við værum ekki í viðskiptum við ykkur [...]“³²³⁴

- Þann 29. júní 2010 sendu Aðföng annan tölvupóst til (S)viðskstj1. Í honum sagði: „Þetta er sent fyrir mistök með ykkur [...] Þessi kostnaður er náttúrulega bilun, getur þú ekki lagfært þetta fyrir okkur.“³²³⁵
- (S)viðskstj1 bar þessa ósk undir (S)forstö-innfl1 sem svaraði þessu: „Ég skal lækka sjófraktina aðeins, en ekki mikið.“³²³⁶ Síðar sama dag sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til Aðfanga og sagði: „Ég skal lækka fraktina niður í 45 EUR per rúmmeter. Ertu ekki sáttur við það.“ Aðföng svöruðu um hæl: „[(S)forstö-innfl1], grínlaust, þetta er náttúrulega bara klikkaður kostnaður, sem þið setjið á þetta, 30.000 króna lækkun er nú eitthvað sem skiptir voða litlu máli...., en það að borga 200.000 kr. fyrir 10 bretti, sem vega hálf tonn, er ripp off....“³²³⁷

6731. Hér ber einnig að líta til þess að í skjali (S)forstö-innfl1 frá september 2010, er bar heitið „Markaðsskýrsla Innflutningsdeildar 2011“, var gert „ráð fyrir því að halda öllum núverandi viðskiptavinum Samskipa og engir nýjr viðskiptavinir voru áætlaðir inn.“ Jafnframt var lagt til grundvallar að „áframhaldandi ró“ héldist á innflutningsmarkaði og bæði Eimskip og Samskip „haldi að sér höndum og leggi áherslu á að hækka verð“, sbr. kafla 14.32.2. Í áætlun (S)forstö-innfl1 kom fram að samningur Eimskips við Aðföng myndi „opnast á árinu 2011“ en ekki var gert ráð fyrir því

³²³² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.809540.

³²³³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...]

³²³⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...].

³²³⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...].

³²³⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...].

³²³⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...].



að Samskip myndu með samkeppni sækjast eftir þeim viðskiptum. Þannig átti ekki að efna til samkeppni um þá mikilvægu viðskiptavinum heldur aðeins „smærri“ innflytjendur á matvöru.

6732. Ber að virða spurningu (S)viðskstj1 frá 16. maí 2010 í samhengi við svörin sem (S)forstö-innfl1 gaf honum þegar Aðföng óskuðu eftir tilboði í nóvember 2009. Til að ná fyrirtækjum eins og Aðföng í viðskipti er óhjákvæmilegt að veita þeim afslátt frá almennri verðskrá. Það að setja Aðföng „á verðskrá“ felur, með hliðsjón af öðrum gögnum málsins, í sér skýr skilaboð um að Samskip ætluðu ekki að bjóða verð til Aðfanga sem hefði þau áhrif að viðskiptavinurinn gæti hafa séð sér hag í því að leita færa viðskipti sín frá Eimskip (sbr. hið gagnstæða þegar Samskip töluðu um að gefa viðskiptavinum „grænensk verð“³²³⁸). Verður að telja að spurning (S)viðskstj1 endurspegli að honum hafi verið minnisstæð fyrri fyrirmæli eða útskýringar (S)forstö-innfl1 um að ekki mætti „hræra í“ slíkum viðskiptavinum Eimskips til þess að spilla ekki fyrir möguleikum Samskipa að hækka verð gagnvart eigin mikilvægum viðskiptavinum. Svar (S)forstö-innfl1 var og í samræmi við þetta og verð til Aðfanga átti í aðalatriðum að vera samkvæmt verðskrá. Kvartanir Aðfanga yfir óheyrilega háu verði (það sem Aðföng nefndu „bilun“/„klikkun“/„ripp off“) og viðbrögð Samskipa renna stöðum undir aðgerðarleysi fyrirtækisins gagnvart þessum mikilvæga viðskiptavinum og endurspeglar hina ólögsmætu markaðsskiptingu.
6733. Samhengisins vegna er rétt að taka hér fram að markaðsskiptingin var áfram viðhaldið vegna Aðfanga eftir árið 2010. Var þannig í áætlunum Samskipa fyrir árin 2011 og 2012 lagt til grundvallar að ekki yrði reynt með samkeppni að ná þessum mikilvæga viðskiptavinum af Eimskip. Í sömu áætlunum var og lagt til grundvallar að Samskip myndu halda sínum mikilvægu viðskiptavinum og verð myndi hækka. Samtímagögn Eimskips frá þeim tíma eru af sama meiði og fyrirtækið gerði ráð fyrir að halda sínum mikilvægum viðskiptavinum og hækka verð.

14.27.4. Samantekt

6734. Það er niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að framanrakin atvik í tengslum við viðskipti Aðfanga séu til stuðnings því ólögsmæta samfellda samráði um m.a. markaðsskiptingu sem átti sér stað á milli Samskipa og Eimskips. „Strategían“ sem (S)forstö-innfl1 boðaði í fyrirnefndum tölvupósti 22. nóvember 2009 gekk upp. Samskip sóttust ekki eftir viðskiptum við Aðföng og Eimskip hækkaði verð til þessa umsvifamikla viðskiptavinar. Samskip náðu þannig einnig að hækka verð gagnvart mikilvægum viðskiptavinum sínum.
6735. Markaðsskipting Eimskips og Samskipa gekk út á að forðast að keppa um mikilvæga viðskiptavinum hvors annars. Á nákvæmlega sama tíma og Aðföng leituðu tilboða í flutninga fyrirtækisins áttu atvik tengd ÍSAM og Innnes sér stað sem rakin eru í kafla hér á undan. Rennir það frekari stöðum undir tilvist samráðsins á þessum tíma.
6736. Í mgr. 1008-1016 í athugasemdum Samskipa við AII er því mótmælt að framangreind atvik séu til vitnis um samráð fyrirtækisins við Eimskip. Ekki er fallist á athugasemdir Samskipa, sbr. nánari umfjöllun í kafla 26.27.

14.28. Verðhækkunar sumarið 2010

6737. Í kafla 14.17 var gerð grein fyrir samráði Samskipa og Eimskips og verðhækkunum í janúar 2010.

³²³⁸ Í samtímagögnum frá Samskipum má sjá stjórnendur og starfsmenn fyrirtækisins ítrekað vísa til þess að gefa viðskiptavinum „grænensk“ verð þegar bjóða átti samkeppnishæf verð við Eimskip. Skal ríft upp að fyrir samráðsverkefnið sem hófst 2008 var rætt um „grænenska daga“ og „herferð“ þegar til stóð að bjóða mikilvægum viðskiptavinum Eimskips lág verð með því markmiði að ná þeim í viðskipti. Sjá einnig hér umfjöllun í kafla 14.35 vegna atvika tengd Innnes þar sem þetta hugtak var notað í þessum samhengi. Vísast hér einnig til atvika þegar dró úr samráði fyrirtækjanna árið 2013 en þá fór Samskip aftur að vísa til þess að veita viðskiptavinum Eimskips „grænensk“ verð í því augnamiði að bjóða verð sem viðskiptavinur myndi sjá hag sinn í því að færa viðskipti sín yfir frá Eimskip, sbr. kafla 21.



6738. Verðhækkunin í janúar 2010 tók ekki til sjófraktar en í framangreindum kafla er hins vegar einnig lýst að veturinn 2009 hefðu Samskip stefnt að því að hækka verð á sjófrakt um 5% í júlí 2010, sbr. t.d. glærur (S)forstj frá nóvember 2009. Einnig er lýst samskiptum Eimskips og Samskipa m.a. í nóvember 2009. Sýna gögnin að eftir fund (E)frkvstj-sala/bj með Samskipum hefðu hann og (E)forstj ákveðið þann 1. desember 2009 að Eimskip skyldi „bíða með“ hækkun á sjófrakt. Er þessu nánar lýst í kafla 14.17.5.
6739. Eimskip hækkaði verð á sjófrakt í júlí 2010. Sendi fyrirtækið viðskiptavinum bréf þann 28. júní 2010 og tilkynnti að sjóflutningagjaldskrá myndi hækka um 4,6% frá og með 5. júlí 2010. Jafnframt yrði „staðsetningargjald (Container Positioning Charge) og sjóflutningsgjald sameinað í eitt gjald, sjóflutningsgjald“ á sama tíma.³²³⁹
6740. Þann 22. júlí 2010 sendi (S)frkvstj-millilandasv tölvupóst til (S)forstj (afrit til (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-útf1) og bar hann heitið „Sjófrakt“. Þar var greint frá því að verið væri að taka saman yfirlit yfir viðskiptavini í inn- og útflutningi með tilliti til „sjófraktshækkunarákvæða.“ Þegar það lægi fyrir gætu Samskip tekið afstöðu til þess hvað skynsamlegt væri að gera „okkar megin“. ³²⁴⁰ Daginn eftir svaraði (S)forstö-innfl1 framangreindum tölvupósti (S)frkvstj-millilandasv.³²⁴¹ Í tölvupósti hans sagði:

„Eigum við ekki að kila á hækkun á sjófraktinni um 5 prosent 15 agust. Att þu brefid sem eimskip sendi ut vardandi sameiningu OF og REPO³²⁴²?“

6741. Vildi (S)forstö-innfl1 þannig að Samskip myndu hækka verð um 5% og horfa til þess hvernig Eimskip hefði kynnt sameiningu á umræddum gjöldum. (S)frkvstj-millilandasv svaraði sama dag, 23. júlí 2010, og sendi afrit af bréfi Eimskips frá 28. júní 2010. Tók hann einnig fram að (S)forstj vildi eiga „símafund fyrir verslunarmannahelgi til að fara yfir gjaldskrármálin þannig að hægt væri að senda þetta út í næstu viku.“³²⁴³
6742. Í kafla 14.34 hér á eftir er fjallað um atvik sem tengjast því þegar Samskip náðu fram verðhækkun gagnvart afar mikilvægum viðskiptavini, Húsasmiðjunni. Hér ber að taka fram að þann 29. júlí 2010 sendi (S)forstj tvo tölvupósta með stuttu millibili. Þar kemur fram að annars vegar teldi hann unnt að hækka verð á sjóflutningum og hins vegar greindi hann frá því að Húsasmiðjan hefði sagt upp samningi við Samskip vegna „mikilla hækkana“.
6743. Ljóst er að þessi uppsögn hins mikilvæga viðskiptavinar sló (S)forstj ekki út af laginu og hann taldi þrátt fyrir hana unnt að „ýta hækkun á sjófrakt“ á viðskiptavini. Kemur þetta fram í umræddum tölvupóstum (S)forstj frá 29. júlí 2010:

- Kl. 10:38 til (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-útf1:

„Það er ekki alveg komin mynd á áhrif hækkana á samninga sbr samtal okkar í sl viku, en þó er ljóst að það á að vera hægt að ýta hækkun á sjófrakt út á stóran hluta flórunnar.“

Það þarf að gefa sér tíma í að ræða og útfæra - hvenær eruð þið á skrifstofunni? ég verð frá nú og fram yfir helgi en kominn aftur á þriðjudag.

Það er væntanlega mikilvægt að koma þessu út sem fyrst.“³²⁴⁴

- Klukkan 10:41 til (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1 og (S)viðskstj1:

³²³⁹ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „20100723133348116.pdf“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.820845.

³²⁴⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.987717.

³²⁴¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.820845.

³²⁴² Staðsetningargjald.

³²⁴³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.820845.

³²⁴⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.821225.



„[Húsasmiðjan] kom hér og sagði upp flutningasamningi - óhress með miklar hækkunar milli ára, við ræðum síðar, en mér sýnist helstu skýringar vera:

Sjófrakt - vísitala, gengis/neyslu, hefur ýtt upp verðum

BAF - olía mun hærra á þessu ári en fyrstu 6 mán sl árs

Forflutningar - Asíuverð mun hærra en í fyrra

Það þarf hinsvegar að greina þetta betur og útskýra fyrir þeim – [(S)viðskstj1] gætir þú látið greina þetta niður enn frekar, ma kemur fram mikil hækkun á þjónustugjöldum erlendis sem ætti nú ekki að vera svo mikil.

*Ræðum nánar.*³²⁴⁵

6744. Þann 4. ágúst 2010 sendi (S)forstj tölvupóst til (S)forstö-innfl1 , (S)forstö-útl og (S)frkvstj-millilandasv og spurði þá hvort það ætti að hækka verð núna, bíða með það fram í næstu viku eða sleppa hækkunum.

- (S)forstö-útl svaraði svo: „Ég vil senda út tilkynningu um 5% hækkun á sjófrakt sem og aðra þjónustu þætti í vikunni. Verður erfitt að verja sjófraktshækunina en það er slagur sem við þurfum að taka.“
- (S)forstö-innfl1 svaraði með þessum hætti: „Eg legg til 4% hækkun a sjofrakt fra og med 15. Agust. Brefid yrði sent ut I thessari viku. Tel ekki ad vid getum haekkad neitt annad. Sameinum einnig stadsetningargjald og sjofrakt.“
- (S)forstj lýsti sig „sammála síðasta ræðumanni - mikilvægt með staðsetningargjald, en verður sjálfsagt umdeilt.“³²⁴⁶

6745. Þann 9. ágúst 2010 tilkynntu Samskip um 4% hækkun á sjófrakt og jafnframt að „staðsetningargjald og sjóflutningsgjald yrði sameinað í eitt gjald á reikningum.“³²⁴⁷

6746. Gögn málsins sýna að þessi hækkun vakti undrun viðskiptavina. Einn viðskiptavinur sendi Samskipum tölvupóst og spurði; „hvað liggur á baki þessarar hækkunar, nú þegar gengið hefur verið að styrkjast mikið?“³²⁴⁸

6747. Samkvæmt framansögðu hækkunum bæði Eimskip og Samskip verð á sjófrakt sumarið 2010 og var það í samræmi við það sem lagt var til grundvallar veturinn 2009. Einnig vekur sérstaka athygli að (S)forstj taldi unnt að hækka almennt verð á sjóflutningum þrátt fyrir að einn mikilvægasti viðskiptavinur fyrirtækisins hefði nánast á sama tíma sagt upp samningi við Samskip vegna „mikilla hækkana“. Þvert á móti taldi (S)forstj unnt að „ýta hækkun á sjófrakt“ á viðskiptavini og sjónarmið um að erfitt yrði að verja umrædda hækkun höfðu engin áhrif á þessi áform Samskipa.

6748. Að mati Samkeppniseftirlitsins endurspeglar framangreint ólöglegt samráð Samskipa og Eimskips. Sökum „friðsins“ áttu Samskip ekki von á samkeppnisaðgerðum af hálfu Eimskips og gátu framfylgt þeirri stefnu að „ýta“ órökstuddri verðhækkun á sína viðskiptavini. Eins og áður hefur verið bent á höfðu hækkunar á gjaldskrá Eimskips og Samskipa ekki bara áhrif á einstaka viðskipti, því að dæmi er um að mikilvægir samningsbundnir viðskiptavinir þeirra voru með samningsákvæði sem kvað á um að flutningafyrirtækjunum væri heimilt að hækka samningsverðið ef gjaldskrá þeirra myndi hækka.

³²⁴⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.821227.

³²⁴⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.989572.

³²⁴⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.990041.

³²⁴⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.822561.



6749. Eru framangreind atvik einkar skýrt dæmi um hversu skaðleg áhrif samráðið var í raun til þess fallið að hafa, sbr. einnig umfjöllun í kafla 15.3.
6750. Í mgr. 1017-1020 í athugasemdum Samskipa við AII er því mótmælt að umrædd atvik séu birtingarmynd á ólögmaetu samráði Samskipa og Eimskips. Fjallað er um þær athugasemdir Samskipa í kafla 26.28 og geta þær ekki breytt niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins um brot fyrirtækisins.

14.29. Eimskip endurnýjar samning við IKEA á árinu 2010

6751. IKEA (Miklartorg hf.) var mikilvægur viðskiptavinur í inn- og landflutningum á rannsóknartímabilinu og var fyrirtækið með flutningasamkomulag við Eimskip frá árinu 2007. Fyrirtækið var á lista yfir stærstu viðskiptavinum Eimskips fyrir árin 2008-2013.³²⁴⁹ Hinn stóri innflytjandinn á húsgögnum, Rúmfatalagerinn, var aftur á móti í viðskiptum við Samskip. Eins og lýst er í kafla 14.34 virti Eimskip markaðsskiptinguna þegar Samskip hækkuðu verð og endurnýjuðu samning sinn við Rúmfatalagerinn í mars 2010.
6752. IKEA og Rúmfatalagerinn voru sérstaklega verðmætir innflutningsviðskiptavinir Eimskips og Samskipa eftir hrúnið haustið 2008 en samkvæmt samtímagagni frá Samskipum var vöruflokkurinn fyrir húsgögn sérstaklega háður efnahagssveiflum. Vegna hrunsins hér á landi árið 2008 var því gert ráð fyrir að lágvöruverðsverslanir í húsgagnasölu myndu styrkja stöðu sína.³²⁵⁰
6753. Hér er rétt að árétta tölvupóstamskipti (S)forstö-landfl og (S)forstö-innfl1 í nóvember 2009. (S)forstö-landfl sendi tölvupóst til (S)forstö-innfl1 og spurðist fyrir um möguleg viðskipti við þennan mikilvæga viðskiptavin Eimskips.³²⁵¹ Nánar tiltekið sagði eftirfarandi í tölvupósti (S)forstö-landfl: „Þekkir þú stöðuna á samningum IKEA. Hafir þið eitthvað reynt við þá?“
6754. Í svari (S)forstö-innfl1 sagði: „Samningur þeirra við Eimskip er uppsegjanlegur um áramót með 6 mánaða fyrirvara. Ikea menn ætla að segja honum upp.
- Við reyndum við Ikea síðast og ég geri ekki ráð fyrir að að reyna við þá næsta sumar.*
- Markmiðið hjá innflutningi er að hækka verð á núverandi kúnnu, s.s. Rúmfó, Húsa og ÍSAM.“*
6755. Er þessi tölvupóstur skýr birtingarmynd á samráði Samskipa og Eimskips á þessum tíma. Þannig kom ekki til álita að reyna að ná IKEA í viðskipti þar sem það væri í ósamræmi við þá stefnu beggja fyrirtækjanna að hækka verð hjá mikilvægum viðskiptavinum.
6756. Eins og rakið er í fyrrnefndum kafla höfðu Samskip stuttu áður sagt upp flutningasamningi við Rúmfatalagerinn með það að markmiði að hækka verð. Í kjölfarið fór Rúmfatalagerinn í útboð/verðkönnun þar sem óskað var eftir tilboðum frá bæði Eimskip og Samskipum. Var verðið sem Eimskip bauð Rúmfatalagernum 125% hærra en það verð sem Eimskip bauð Rúmfatalagernum í maí 2008, þegar samkeppni ríkti um viðskipti fyrirtækisins. Taldi Rúmfatalagerinn það verð sem Eimskip bauð ekki samkeppnisfært og undirritaði í kjölfarið nýjan samning við Samskip á hækkuðu verði. Að mati Samkeppniseftirlitsins eru atvik varðandi Rúmfatalagerinn til merkis um þann „frið“ sem Samskip og Eimskip komu á með samstilltum aðgerðum sínum. Eimskip hafi virt „friðinn“ við Samskip með því að bjóða Rúmfatalagernum ekki samkeppnisfært verð.

³²⁴⁹ Í afhentum lista Eimskips um 50 stærstu viðskiptavinum innflutnings árið 2009 var t.a.m. IKEA Franchise&Project Marketing 18. umfangsmesti viðskiptavinur Eimskips (til viðbótar er Miklartorg hf. einnig á listanum yfir 50 stærstu). Sama ár voru IKEA og Miklartorg langumfangsmestu viðskiptavinir Eimskips í vöruflokknum fyrir „Húsgögn“. Afhent gögn frá Eimskip frá 01.12.2016 (mappa „Stærstu viðskiptavinir“ „B Liður – 1- innflutningur“ og „5. Húsgögn“).

³²⁵⁰ Afritað tölvuskjal frá Samskip. „Innflutningur Rekstraráætlun 2010 [...]“. Fannst vistað á sameiginlegu tölvudrifi Samskipa, síðast vistað 31.12.2009, kl. 10:14, bls. 48.

³²⁵¹ Afrituð tölvupóstamskipti. [...] Doc. ID. 0.7.33.786102.



6757. Í maí 2010 sagði IKEA svo upp samningi sínum við Eimskip.³²⁵² Gögn málsins staðfesta að ráðagerð stjórnenda Samskipa, um að „*reyna ekki við*“ IKEA, hefði gengið eftir þegar samningur IKEA varð laus hjá Eimskip.
6758. Þannig eru engar vísbendingar að finna í gögnum málsins um að Samskip hafi sóst eftir því að ná þessum mikilvægu viðskiptum yfir til sín.³²⁵³ Jafnframt hafa Samskip staðfest það að fyrirtækið hafi ákveðið að sækjast ekki eftir viðskiptum IKEA í þetta skiptið. Að mati Samskipa hafi það verið eðlileg viðskiptaákvörðun. Halda Samskip því m.a. fram að IKEA hafi verið á mjög lágu verði hjá Eimskip.³²⁵⁴
6759. Eins og rakið hefur verið er ekkert sem bendir til þess að IKEA hafi verið á „*mjög lágu verði*“ hjá Eimskip á árinu 2010 en sjóflutningsverð fyrirtækisins frá 2007 var í evrum og tók því breytingum í krónum í samræmi við breytingar á gengi.³²⁵⁵ Þá fær Samkeppniseftirlitið ekki betur séð en að Rúmfatalagerinn hafi verið á lægra verði hjá Samskipum en IKEA hjá Eimskip.
6760. Fór það svo að þann 10. september 2010 var skrifað undir nýjan samning á milli IKEA og Eimskips.³²⁵⁶
6761. Eimskip náði þar með að halda viðskiptum IKEA án nokkurs samkeppnislegs þrýstings frá Samskipum sem gerði Eimskip m.a. kleift að innleiða BAF inn í samninginn sem ekki hafði verið til staðar í fyrri samningi.³²⁵⁷
6762. Gögn málsins sýna þannig að Samskip hafi hrint í framkvæmd framangreindum áformum sínum samkvæmt tölvupósti (S)forstö-innfl1 . Samskip reyndu ekki að ná IKEA í viðskipti þegar samningur fyrirtækisins við Eimskip var laus á árinu 2010. Jafnframt hófu Samskip á árinu 2010 undirbúning að hækkunum gagnvart Rúmfatalagernum, Húsasmiðjunni og ÍSAM er skiluðu sér í nýjum samningum með herra verði gagnvart Rúmfatalagernum (í mars 2010), ÍSAM (í maí 2010) og Húsasmiðjunni (í febrúar 2011), án samkeppnislegra viðbragða frá mikilvægasta keppinaut sínum, Eimskip. Vísast nánar um þetta til umfjöllunar í kafla 14.23, 14.25 og 14.34 um atvik sem varða þessa mikilvægu viðskiptavinum Samskipa. Að mati Samkeppniseftirlitsins eru atvik varðandi IKEA á árinu 2010 í samræmi við önnur samtíma- og afhent gögn sem endurspeglar samféllt samráð í formi markaðsskiptingar milli Samskipa og Eimskips. Þá liggur fyrir í málinu að Eimskip hefur viðurkennt að hafa átt í ólögmetu samráði við Samskip með því að hafa m.a. skipt með sér mörkuðum eftir stærri viðskiptavinum, sbr. sátt Eimskips, dags. 16. júní 2021.
6763. Samskip fengu aftur á móti áhuga á viðskiptum IKEA á árinu 2013 þegar tekið hafði að fjara undan „*friðnum*“ við Eimskip, sbr. umfjöllun í kafla 21. Sömdu Samskip við IKEA í október 2013 og tókst því með samkeppnishæfum verðum að ná viðskiptum af Eimskip við þennan mikilvæga viðskiptavin.
6764. Framangreint endurspeglar að samráð Samskipa við Eimskip um mikilvæga viðskiptavinum hafi verið að líða undir lok á árinu 2013 eins og nánar er rakið í kafla 21.

³²⁵² Afhentur tölvupóstur frá Eimskip. Afhent þann 19.02.2016 (Minnislykill 4/Ýmisgögn). [...]. Afhentur tölvupóstur frá Eimskip. [...].

³²⁵³ Við rannsókn málsins var m.a. óskað eftir afhendingu Samskipa á tilboðum til viðskiptavina, sbr. bréf Samkeppniseftirlitsins til Samskipa, dags. 29.01.2015. Í afhentum gögnum Samskipa er ekki að finna tilboð til IKEA frá árinu 2010, sbr. svarbréf Samskipa, dags. 10.04.2015 ásamt fylgigögnum. Afhent skjal frá Samskipum. Afhent þann 10.04.2015 (Minnislykill, liður 8, mappa 8.4 Tilboð). „*2010 Innflutningur Tilboð*“, sbr. einnig svarbréf Samskipa frá 14.01.2016, V. kafli. Þá má geta þess að í gögnum sem Eimskip hefur afhent Samkeppniseftirlitinu og eiga að sýna þátttöku félagsins í útboðum á tilteknu tímabili eru viðskiptavinir ýmist flokkaðir sem „*unnid*“ eða „*tapað*“. Útboð IKEA árið 2010 er á listanum og þar flokkaður af Eimskip sem „*unninn*“. Afhent skjal frá Eimskip. Afhent þann 19.02.2016 (minnislykill 4, ýmis gögn). „*Útboð*“. Samkeppniseftirlitið telur þessa framsetningu Eimskips (IKEA „*unninn*“) a.m.k. nokkuð villandi enda má af gögnum málsins ráða að Eimskip „*vann*“ engin viðskipti heldur hélt IKEA áfram í viðskiptum hjá Eimskip, án þess að þar stæðjaði að ögn frá Samskipum.

³²⁵⁴ Mgr. 1023 í athugasemdum Samskipa við AII og mgr. 1625 í athugasemdum Samskipa við AI.

³²⁵⁵ Sjá t.d. afritaðan tölvuskjal frá Eimskip. „*Miklators 2010.xlsx*“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.723768.

³²⁵⁶ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.82263. Afhent skjal frá Eimskip. Afhent 19.02.2016, fskj. 5 „*Eimskip samningur L-R*“. „*Flutningasamningur Miklators hf. og Eimskips*“.

³²⁵⁷ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID: 0.7.33.300893.



6765. Þá veður athygli að á sama tíma og það ríkti „ró“ um þennan stóra innflytjanda á íslenska markaðnum átti systurfélag Samskipa hf. í Hollandi, Van Dieren Maritime, í samningaviðræðum við IKEA í Evrópu um nýjan 5 ára samning vegna landflutninga í Evrópu. Þann 15. júní 2010 var samþykkt af stjórn móðurfélagsins í Hollandi, Samskip Holding, að sá samningur við IKEA skyldi kláraður.³²⁵⁸ Þetta gerðist á sama tíma og samningurinn við IKEA á Íslandi var laus og Samskip sýndu engan áhuga.
6766. Í mgr. 1022-1024 í athugasemdum Samskipa við AII og í mgr. 1380, 1450 og 1625 í athugasemdum Samskipa við AI mótmæla Samskip því að framangreind atvik endurspegli samráð fyrirtækisins við Eimskip. Eins og rökstutt er í kafla 26.29 getur Samkeppniseftirlitið ekki fallist á viðkomandi sjónarmið Samskipa.

14.30. Askja óskar tilboða á árinu 2010–Eimskip tekur „vertu á vappi trykkið“

6767. Á árinu 2010 var bifreiðaumboðið Askja í viðskiptum við Samskip. Gögn málsins sýna að um haustið það ár hafi samningar verið lausir og í samningaviðræðum hafi Samskip reynt að knýja fram verðhækkun. Askja brást við með því að hafa samband við Eimskip til þess að fá betra verð vegna innflutnings á bílum. Skal þessu lýst nánar.
6768. Þann 2. september 2010 áttu (S)forstö-innfl1 og Askja í samskiptum þar sem rætt var um nýjan samning. Samskip höfðu afhent Öskju samningsdrög sem gerðu ráð fyrir miklum verðhækkunum (t.d. 28% á uppskipun o.fl.).³²⁵⁹
6769. Þann 7. september 2010 átti eftirfarandi atburðarás sér stað:
- Kl. 13:55: Fjármálastjóri Öskju sendi tölvupóst til (E)forstj með heitinu „Flutningur fyrir Öskju og KIA“. Minnir á sig sem gamlan féлага og vill ólmur koma til Eimskips í flutninga þar sem hann hafi góða reynslu frá því hann starfaði hjá Odda.³²⁶⁰ Í tölvupóstinum kom fram að Askja hafi verið í viðskiptum við Samskip vegna fyrri tengsla eiganda Öskju við Samskip en að þessi „Samskipatengsl“ hafi verið að minnka og því sé áhugi á að ræða um möguleg viðskipti við Eimskip. Lýsti Askja því að kippur væri kominn í bílasölu, Askja hefði verið að „selja grimmt“, og þess vegna væri innflutningar að aukast.
 - Kl. 14:34: (E)forstj áframsendi póst Öskju til (E)frkvstj-sala/þj án skýringa.³²⁶¹
 - Kl. 14:53: (E)frkvstj-sala/þj svaraði (E)forstj. „Ok, þessi Askja! Það var skipt um framkvæmdastjóra þarna í vor [...] hætti og [...] sem var markaðsstjóri Heklu áður tók við –[...] er fjármálastjóri alveg vel þess virði að hitta hann, eigum við að kíkja til hans?“ (E)forstj svarar ekki.³²⁶²
 - Kl. 15:48 hafði (S)forstö-innfl1 samband aftur við Öskju og segir í tölvupósti sínum: „Ertu búinn að kíkja eitthvað á þetta? Mér sýnist [(S)forstö-landfl] vera heitur að klára bílana með þér. Er ekki spurning að klára þetta allt á sama tíma“.³²⁶³ Hér veður athygli að (S)forstö-innfl1 var á þessum tíma í Bandaríkjunum með (S)frkvstj-millilandasv.³²⁶⁴ Í tölvupóstinum kemur ekki fram af hverju (S)forstö-innfl1 hefur samband við Öskju á þessum tímapunkti.

³²⁵⁸ Afhent skjal frá Samskipum. Afhent þann 10.03.2017 (Question 1 & 2). „Minutes Board Meeting of Samskip of Samskip Holding BV 15th June 2010“, sbr. einnig Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.753584. Fundargerð af stjórnarfundum Samskip Holding, dags. 15. júní 2010. Sjá einnig afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.776450. Fundinn sátu [...].

³²⁵⁹ Afrituð tölvupóstamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.826237. Samskip höfðu byrjað að undirbúa samninginn við Öskju (eins og Heklu) í lok júlí. Afrituð tölvupóstamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.767945.

³²⁶⁰ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.668371.

³²⁶¹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.548019.

³²⁶² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.548086.

³²⁶³ Afrituð tölvupóstamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.826659 / 0.7.33.827443 / 0.7.33.827736 / 0.7.33.827303.

³²⁶⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.826368. Afrituð tölvupóstamskipti frá Samskip. [...]. Doc. ID. 0.7.33.825250.



- Kl. 16:03 svaraði Askja tölvupósti (S)forstö-innfl1 og sagði: „Sæll, við erum með nokkur komment á hækkanirnar, og viljum fara yfir þær með þér. Getum við hist hér á morgun, með fjármálastjóra mínum sem hefur með þessi mál að gera”.³²⁶⁵
- Kl. 21:22 svaraði (E)forstj fjármálastjóra Öskju og sagðist muna eftir honum. (E)forstj kvaðst vera upptekinn á fimmtudeginum en bað hann um að hitta sig kl. 13 daginn eftir.³²⁶⁶

6770. Þann 8. september 2010 gerðist eftirfarandi:

- Kl. 09:07: Fundarboð frá Öskju til (S)forstö-innfl1 um fund 10.9.2010 kl. 10-10:45 „Samskip – Askja”.³²⁶⁷
- Kl. 9:32: Fjármálastjóri Öskju samþykkir að hitta (E)forstj kl. 13.³²⁶⁸
- Kl. 9:43: (E)forstj áframsendi samskiptin við Öskju um fundartíma á (E)frkvstj-sala/þj og sagði eftirfarandi eingöngu:

„Tökum vertu á vappi trykkið,”³²⁶⁹

6771. Við leit í gögnum málsins hafa ekki fundist nein gögn sem sýna undirbúning að tilboði eða tilboð Eimskips í flutningsviðskipti Öskju í kjölfar fundarins með Öskju. Þá hafa slík gögn ekki verið afhent við meðferð málsins. Er því ljóst að Eimskip hafði ekki áhuga á að ná Öskju í viðskipti enda gerði fyrirtækið enga tilraun til þess.

6772. Líkt og sjá má af framangreindum gögnum hafði Askja beint samband við (E)forstj og lýsti yfir eindregnum áhuga á að flytja viðskipti Öskju til Eimskips. Vísaði Askja sérstaklega til þess að „þessi „gömlu” Samskipatengsl” væru að minnka. Þar að auki lýsti Askja því yfir að mikill kippur væri kominn í bílasölu sem undir eðlilegum kringumstæðum hefði átt að gera fyrirtækið að enn eftirsóknarverðari viðskiptavin.

6773. Að mati Samkeppnieftirlitsins hafði (E)forstj engar forsendur á þessum tímapunkti til að vera búinn að komast að þeirri niðurstöðu að ólíklegt væri að Askja kæmi í viðskipti til Eimskips. Það var því engin ástæða til að ákveða það á þessum tímapunkti að halda aðeins nálægð við Öskju til að eiga möguleika síðar. Beiðni Öskju um fund og áhugi á að ræða flutning á viðskiptum til Eimskips staðfestir að áhugi var hjá fyrirtækinu að skipta um flutningsaðila og að tækifæri hafi verið til staðar fyrir Eimskip til að gera tilraun til að ná viðskiptunum yfir til sín. Það gerði Eimskip ekki og virti þess í stað markaðsskiptinguna sem fyrirtækið hefur viðurkennt að hafa verið fyrir hendi á þessum tíma.

6774. Þann 13. september 2010 sendi Askja eftirfarandi tölvupóst til (S)forstö-innfl1 :

„mér sýnist þú vera búinn að ná fjármálastjóranum mínum á þitt band. Alla vega kom hann og gaf mér penna áðan. En varðandi bílamálin, getum við fest það á sama tíma? Og þarf [...] ekki að bæta við sig meira en 2 bílum? Ég/við erum lausir eftir hádegi á miðvikudag.”³²⁷⁰

6775. Þann 15. september 2010 skrifuðu Askja og Samskip undir nýtt flutningasamkomulag.³²⁷¹

6776. Ekki er unnt að draga aðra ályktun af framangreindum gögnum, virtum í samhengi við önnur gögn málsins, en að (E)frkvstj-sala/þj eða (E)forstj hafi komið boðum til Samskipa um áhuga Öskju á

³²⁶⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.826659.

³²⁶⁶ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.668483.

³²⁶⁷ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. „Samskip – ASKJA”. Askja sendir fundarboð 08.09.2010, kl. 09:07. Boðaðir eru tveir stjórnmendur frá Öskju og [...] frá Samskipum. Fundartími 10.09.2008, kl. 10-10:45. Doc. ID. 0.7.33.836676.

³²⁶⁸ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip[...] Doc. ID. 0.7.33.668497.

³²⁶⁹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.668520. Sbr. einnig afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.668485.

³²⁷⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.827396.

³²⁷¹ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.671144. Sbr. einnig afritaða dagbókarfærslu frá Samskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.827761.



viðskiptum og að „vertu á vappi trykkið“ merki að eiga samskipti við viðskiptavinum Samskipa sem séu að biðja um betra verð án þess að grípa til neinna ráðstafana eða aðgerða sem raunverulega miða að því að ná þeim viðskiptavinum frá Samskipum. Með því móti væri ólögmet markaðsskipting fyrirtækjanna virt.

6777. Vegna framangreindra atvika tengdum Öskju árið 2010 er mikilvægt að horfa til annarra atvika sem ólögmet markaðsskipting Samskipa og Eimskips tók til á þessum tíma. Vísast m.a. til umfjöllunar hér á eftir um atvik tengd Húsasmiðjunni, OJK og Europris og hér að framan um atvik tengd IKEA, Rúmfatalagernum og ÍSAM.
6778. Í mgr. 1626-1629 í athugasemdum Samskipa við AI er því mótmælt að umrædd atvik séu birtingarmynd á ólögmetu samráði Samskipa og Eimskips. Fjallað er um þær athugasemdir Samskipa í kafla 26.30 og geta þær ekki breytt niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins um brot Samskipa.

14.31. OJK og Europris óska tilboða á árinu 2010

6779. Ó. Johnson & Kaaber (OJK) var mikilvægur viðskiptavinur Samskipa, sbr. áðurnefndan lista (S)forstö-innfl1 frá 14. janúar 2010. Á afhentum lista Samskipa yfir stærstu viðskiptavinum í innflutningi var OJK meðal 17 stærstu viðskiptavina Samskipa öll árin 2009-2013.³²⁷² Þá var OJK t.d. nr. 14 á lista Samskipa yfir stærstu viðskiptavinum innflutningsdeildar í rekstraráætlun fyrir árið 2010 (gerð síðla árs 2009).³²⁷³ Eru þar ekki meðtaldar tekjur Samskipa af flutningsviðskiptum dóttur- og hlutdeildarfélaganna OJK og því má ætla að mikilvægi OJK fyrir rekstur flutningafyrirtækis hafi verið meira en framangreind gögn Samskipa gefa til kynna.
6780. OJK var með alhliða flutningasamning við Samskip sem var undirritaður 30. október 2008 og gildi hann í tvö ár, þ.e. til 30. október 2010.³²⁷⁴ Einnig féllu undir samninginn dóttur- og hlutdeildarfélag OJK: Sælkeradreifing, Nýja Kaffibrennslan, Búbót, Vilgó og Eirberg. Tók samningurinn til sjóflutninga til Íslands og landflutninga á Íslandi. Samningurinn var óuppsegjanlegur fyrsta árið en eftir það uppsegjanlegur með þriggja mánaða skriflegum fyrirvara.
6781. Samkvæmt áðurnefndum flutningasamningi OJK og Samskipa frá 2008 héldust sjóflutningsverð óbreytt fyrsta ár samningsins. Eftir það fylgdi sjóflutningsverð og önnur gjöld breytingum á gjaldskrá Samskipa hverju sinni. Hins vegar ber að hafa í huga að sjóflutningsverð OJK var í evrum og tók því breytingum í krónum í samræmi við breytingar á gengi. Rétt er að nefna í þessu sambandi að Samskip hækkuðu síðan gjaldskrár sínar í janúar 2010 og aftur í ágúst sama ár. Samkvæmt áðurnefndum samningi tók sú hækkun til samningsverðs OJK hjá Samskipum.

14.31.1. OJK efnir til útboðs

6782. Fyrirliggjandi er tölvupóstur í málinu frá 28. júlí 2010 þar sem OJK upplýsti (S)forstö-innfl1 og (S)viðskstj1, viðskiptastjóra OJK hjá Samskipum, um uppsögn á flutningasamningi fyrirtækjanna:

„Eins og þið vitið þá rennur samningur okkar út í lok október og hugmynd okkar eru að efna til útboðs fyrir þann tíma.

Viljið þið fá formlega uppsögn eða er nóg að senda ykkur upplýsingar um útboðið þegar þær liggja fyrir?

Eins vantar mig upplýsingar um flutningsmagn 01.07.2009 til 30.06.2010.:

20 feta þurrgámar

³²⁷² Afhent tölvuskjal frá Samskipum. Afhent 10.04.2015. „Stærstu 50“, „Liður 9.1 Innflutningur Heildarlisti“ (ekki tekið tillit til Jóna Transport). „Liður 8.1 Stærstu viðskiptavinir 2006-2013“.

³²⁷³ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Innflutningur Rekstraráætlun 2010 [...]“. Fannst vistað á sameiginlegu tölvudrifi Samskipa, síðast vistað 31.12.2009, kl. 10:14, bls. 36 (ekki að meðtöldum Jónum).

³²⁷⁴ Afhent tölvuskjal frá Samskipum. Afhent 10.04.2015, liður 8.2 „Samningar“, „OJK 30.10.2008“.



40 feta þurrgámar

20 feta hitastilltir gámar

40 feta hitastilltir gámar LCL þyngd og rúmmál..

Þar sem samstarfið hefur verið eins og best verður á kosið óskum við ykkur góðs gengis í útboðinu.³²⁷⁵

6783. (S)forstö-innfl1 svaraði tölvupósti OJK þann 6. ágúst 2010: „Ég var að koma úr frí og var því að sjá þetta núna. Við þurfum enga formlega uppsögn á samningnum. Við höfum vitað það lengi að þið ætlið í þetta útboð og höfum fullan skilning á því að þið viljið taka stöðuna á markaðnum. Við munum að sjálfsgöðu koma ógnar sterkir inn í þetta útboð. Maður lætur nú ekki svona kalla eins og ykkur fara frá sér auðveldlega... Við skulum taka saman þessar tölur sem þú biður um og senda þér eftir helgi.“³²⁷⁶
6784. Sem fyrr segir tilkynntu Samskip um verðhækkun þremur dögum síðar, þann 9. ágúst 2010, og tók sú hækkun til OJK. OJK brást við og sendi tölvupóst til (S)forstö-innfl1 þann 12. ágúst 2010 og spurði hvort ekki mætti „bíða með þessa hækkun á okkur þangað til að við erum búnir að sjá hvað gerist í útboðsmálum. Er ekki algjör óþarfi að hækka - þegar við erum að fara að búast við að keyra á lægri töxtum í nýjum samningum? [svo]“³²⁷⁷ Féllust Samskip á að hækka ekki verðið á þessum tímapunkti.³²⁷⁸
6785. Þann 15. september 2010 sendi OJK tölvupóst til bæði Samskipa og Eimskips og óskaði eftir tilboði í sjóflutninga. Meðfylgjandi var útboðslýsing OJK. Samkvæmt henni rann skilafrestur tilboða út 29. september 2010.³²⁷⁹
6786. Viðskiptastjóri hjá Eimskip, (E)viðskstj1, framsendi tölvupóstinn frá OJK samdægurs til (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-sala/þj með skilaboðunum: „Útboðsgögn vegna OJK, ég byrja að vinna þetta svo setjumst við niður í næstu viku og förum í gegnum þetta.“³²⁸⁰ (E)frkvstj-sala/þj svaraði tölvupóstinum og lagði til að þau myndu skoða þetta betur vikuna á eftir.³²⁸¹
6787. (S)viðskstj1 framsendi tilboðsbeiðni OJK einnig samdægurs til (S)forstö-innfl1 (afrit til (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstj).³²⁸²
6788. Nokkrum dögum seinna eða þann 19. september 2010 sendi (S)forstö-innfl1 markaðsskýrslu innflutningsdeildar Samskipa fyrir árið 2011 til m.a. (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv. Í skýrslunni var: „gert ráð fyrir að bæði Eimskip og Samskip haldi að sér höndum og leggi áherslu á að hækka verð.“
6789. Þrátt fyrir að útboð OJK væri yfirstandandi og ekkert lá fyrir um við hvern OJK myndi semja var í skýrslu (S)forstö-innfl1 gert ráð fyrir að Samskip myndu halda OJK í viðskiptum en þó var gert ráð fyrir að samningsverð myndu lækka í nýjum samningi. Samhengisins vegna skal áréttta að í skýrslunni kemur sömuleiðis fram að samningur Eimskips og Innnes væri laus en samningur Aðfanga hjá Eimskip myndi renna út árið 2011. Samkvæmt skýrslunni ráðgerðu Samskip að sækja ekki á þessa stóru viðskiptavini Eimskips heldur leggja megin áherslu á að endurnýja opna samninga Samskipa og „skoða betur smærri aðila á markaðnum sem eru hjá samkeppnisaðilanum okkar“. Í áætlun landflutninga Samskipa fyrir árið 2011 (gerð haustið 2010) kom fram að samningar nokkurra mikilvægra viðskiptavina væru lausir eða að losna, m.a. samningur OJK og Samskipa. Í þessari áætlun fyrir landflutninga var, líkt og í áætluninni fyrir innflutning, gengið út frá því að allir þessir

³²⁷⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.821071.

³²⁷⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.822219.

³²⁷⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.822933.

³²⁷⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.823361.

³²⁷⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...].

³²⁸⁰ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.553734.

³²⁸¹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.553997.

³²⁸² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.781797.



viðskiptavinir, þ. á m. OJK, yrðu áfram í viðskiptum hjá Landflutningum. Er þetta einnig í samræmi við áætlanir Eimskips fyrir árið 2011 þar sem gengið var út frá því að halda þáverandi markaðshlutdeild og sækja viðskipti frá litlum og meðalstórum viðskiptavinum (m.ö.o. ekki sækja á umfangsmeiri viðskiptavini Samskipa).³²⁸³

14.31.2. Stjórnendur Eimskips hækka verðið sem undirmaður lagði til að OJK yrði boðið

6790. Þann 26. september 2010 sendi (E)viðskstj1, viðskiptastjóri hjá Eimskip, tölvupóst til (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-sala/þj. Meðfylgjandi var Excel-skjal sem bar heitið „Matvælakúnnar Viðmunaðarverð [svo]“. Í tölvupóstinum setti (E)viðskstj1 fram tillögu eða hugmynd að tilboðsverði til OJK. Óskaði hún eftir því að (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-sala/þj myndu skoða þetta og þau funda daginn eftir.³²⁸⁴ (E)frkvstj-sala/þj svaraði sama kvöld (afrit til (E)forstö-innfl) og sagðist sammála (E)viðskstj1 og þau finni tíma til að ræða saman daginn eftir.³²⁸⁵
6791. Sýna gögn að eftir fund (E)viðskstj1 með (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-innfl var verðið sem bjóða átti OJK hækkað, sbr. nánar hér á eftir.
6792. Á sama tíma og Eimskip vann að gerð tilboðs til OJK vann (S)forstö-innfl1 að tilboði Samskipa. Vistaði hann skjöl sem bera heitið „Útreikningur v útboðs“³²⁸⁶ og „Tilboð Samskipa“.³²⁸⁷ Í þessum skjölum var nýtt sjóflutningsverð til OJK lægra en verð í eldri samningnum. Rétt er að halda því til haga að í tilboðsskjali Samskipa var ekki fjallað um hækkun samningsins sem leiddi af breyttum gámaleigufríðindum og lágmarksgjaldi, en nánar verður vikið að þessum þáttum hér á eftir.
6793. (S)forstö-innfl1 átti fund með OJK daginn eftir, þann 29. september 2010, til að afhenda tilboð Samskipa.³²⁸⁸ Næsta dag spurði (S)forstj (S)forstö-innfl1 í tölvupósti „hvað sagði kaaber?“. (S)forstö-innfl1 svaraði: „Eg er ekki buinn að na neinu upp ur theim. [...] er að njosna fyrir mig.“³²⁸⁹
6794. Eimskip skilaði einnig tilboði í flutninga fyrir OJK en tilboðið sjálf hefur ekki fundist í gögnum málsins.³²⁹⁰ Fundargerð Eimskips, (vistuð 26. október 2010) vegna fundar (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-innfl, ber með sér að tilboð Eimskips til OJK hafi verið hærra en tilboð Samskipa. Þar segir: „Samskip mun lægri 25-30%?“
6795. Sem fyrr segir sendi viðskiptastjóri, (E)viðskstj1, yfirmönnum sínum, (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-innfl, tillögu að verði til OJK þann 26. september 2010. Miðað við þann verðmun sem fram kemur í fundargerðinni er ljóst að Eimskip sendi OJK mun hærra tilboð en (E)viðskstj1 hafði lagt til en tillaga (E)viðskstj1 frá 26. september 2010 var lægri heldur en það verð sem Samskip buðu OJK í útboðinu. Þetta sýnir samanburður á annars vegar tillögu (E)viðskstj1 og hins vegar tillögu (S)forstö-innfl1 að nýju verði til OJK í framangreindu samanburðarskjali („Útreikningur v útboðs“) og undirrituðum samningi OJK frá 5. október 2010 við Samskip. Upprunaleg tillaga (E)viðskstj1 fól í sér 2-7% lægra verð en Samskip bauð OJK fyrir flutning á 20 og 40 feta gámi í endanlegum samningi, en ekki miklu

³²⁸³ Afhent tölvuskjal frá Eimskip. Afhent 23.03.2015 [...]. Síðast vistað 27.10.2010, kl. 14:11. Sjá einnig glæru af kynningu á stjórnenda fundi Eimskips í Helsingborg þann 04.10.2010. Þar segir á glæru nr. 15 m.a. um „Áherslur/verkefni næstu mánaða“: „Auka fókus á smærri viðskiptavinum“. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.184904.

³²⁸⁴ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.560422. Þann 24. september 2010 sendi [...]. Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.560020.

³²⁸⁵ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.560487, sjá einnig afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.561300.

³²⁸⁶ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.18636. Þar er að finna samanburð á eftirfarandi verðum: OJK, OJK ný verð, Rúmfatalagerinn, Ölgerðin, Ölgerðin hjá Eimskip, Vífilfell, Nathan, Samkaup, ÍSAM, Garri, Verðstefna A+ og Verðstefna A.

³²⁸⁷ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.17037.

³²⁸⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.830093.

³²⁸⁹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.787446.

³²⁹⁰ Í tilkynningu OJK um niðurstöðu útboðsins sagði m.a. „Ég vil byrja á því að þakka Eimskip fyrir þátttökuna í sjóflutningsútboði okkar núna í september“. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Eimskip-30092010“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.87811. Sjá einnig afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.562282. Þar sagði m.a. undir liðnum „Samningar í vinnslu“: „OJK útboð skila á morgun“.



hærra verð líkt og framangreind fundargerð Eimskips ber með sér þar sem fram kom að Samskip hefðu boðið 25-30% lægra verð en Eimskip.

6796. Hér ber að rifja upp að í febrúar 2010 átti sér stað samskonar atburðarrás. Viðskiptastjórinn (E)viðskstj1 gerði tillögu að verði til viðskiptavinar Samskipa (Mekka/ÍSAM) en (E)frkvstj-sala/þj breytti því tilboði og hækkaði verð það mikið að umræddur viðskiptavinur Samskipa varð fyrir „sjokki“, sbr. nánari umfjöllun í kafla 14.26.
6797. Hér skiptir máli að í sömu fundargerð Eimskips frá 26. október 2010 var tilgreindur verkefnalisti (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-innfl. Þar kemur fram verkefnið: „Samskip vegna samnings“ og það skráð á ábyrgð (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-innfl og tilgreint „í vinnslu“. Þar fyrir neðan er skráð „Samskip USA – Skoða undanþágu SE og endurnýjun samnings er rennur út 31.12.2010“.³²⁹¹ Á þessum tíma sem oftast voru (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-innfl ítrekað í beinum samskiptum við (S)forstö-innfl1 og (S)frkvstj-millilandasv, sbr. kafla 14.33. Tengdust þessi samskipti „Nýtt upphaf“ verkefni fyrirtækjanna. Eins og fram kemur í kafla 11 eru öll samskipti sem tengdust verkefninu ólögmat. Ber að virða þau samskipti í samhengi við þessi atvik sem tengjast OJK.

14.31.3. Europris óskar eftir tilboðum

6798. Meðan ekki lá fyrir niðurstaða í útboði hjá OJK óskaði Europris í Noregi eftir tilboði í innflutning sinn til Íslands. Á þessum tíma hafði Europris í Noregi nýlega tekið yfir flutninga Léttkaup/Europris Island en það fyrirtæki hafði verið með flutningsviðskipti sín hjá Eimskip. Samkvæmt afhentum og afrituðum gögnum Eimskips var Léttkaup/Europris meðal 50 stærstu viðskiptavina Eimskips í innflutningi árið 2010.³²⁹²
6799. Forsagan var sú að þann 26. ágúst 2010 sendi Léttkaup/Europris Island tölvupóst til (E)viðskstj2 og óskaði eftir tilboði í flutninga sína. Fram kom að fyrirtækið myndi funda með Europris Noregi í vikunni á eftir þar sem kynna ætti nýjan samning.³²⁹³ Átti (E)viðskstj2 fund með Léttkaupum/Europris Island þann 8. september 2010.³²⁹⁴ Gögn málsins sýna að markmið Eimskips var að hækka samningsverð Léttkaup/Europris. Þannig segir í fundargerð innflutningsdeildar Eimskips vegna fundar 2. september 2010 (vika 34-2010) m.a. eftirfarandi: „Það er verið að vinna í uppgjörsmálum við Léttkaup/Europris, í framhaldinu mun (E)viðskstj2 hækka samningsverð þeirra.“³²⁹⁵
6800. Europris í Noregi leitaði í kjölfarið eftir tilboði í flutningana frá Samskipum en þann 29. september 2010 (sama dag og skila átti inn tilboðum til OJK) sendi (S)starfsm, starfsmaður Samskipa í Noregi, tölvupóst til (S)forstö-innfl1. Í tölvupóstinum kom fram að Europris í Noregi væri að taka yfir Europris-búðirnar á Íslandi. Fram kom að sendingarnar hefðu áður farið með Eimskip og hafði hann upplýsingar um það verð sem hafi verið í gildi. Þá gerði hann nánari grein fyrir magni og verði Samskipa erlendis (local cost). Síðan sagði (S)starfsm í póstinum:
- „Pls look into this if we can compete with Eimskip about these shipments.“
6801. (S)forstö-innfl1 svaraði (S)starfsm samdægurs: „This is interesting. [...] and I will put together an offer for this business. [...]“³²⁹⁶ (S)forstö-innfl1 svaraði (S)starfsm aftur daginn eftir:

³²⁹¹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.580912.

³²⁹² Afhent tölvuskjal frá Eimskip. Afhent 01.12.2016 „Stærstu viðskiptavinir“, „B liður – 1-Innflutningur“, „2010“. Doc. ID. 0.7.33.548123. Sjá einnig afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.548123. Europris Ísland ehf. er á þessum lista yfir 50 stærstu viðskiptavini Eimskips í innflutningi.

³²⁹³ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. Frá Europris á Íslandi til OBJ. „Léttkaup og nýr samningur við Europris“, dags. 26.08.2010, kl. 07:00.

³²⁹⁴ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.726790. Í fundargerð innflutningsdeildar Eimskips vegna fundar 10. september 2010 (vika 36-2010) segir: „Hitti Léttkaup til að ræða samningsmál, skuld og dreifingu, erum að breyta samningi úr ISK yfir í EUR og yfir á nýtt félag.“ Jafnframt kom fram að [...] hefði farið í heimsókn til Léttkaup. Undir tegund heimsóknar stóð: „Nýr samningur, uppgjör eldri mála“. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Fundargerð vika 36 2010 [...]“.pdf“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.20686.

³²⁹⁵ Afritað tölvuskjal frá Eimskip [...] Doc. ID. 0.7.33.20020.

³²⁹⁶ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.832215.



„Do you think it is possible to wait until mid next week to quote for this business. I am waiting for the result of a tender that both Samskip and Eimskip quoted for. The customer is O Johnson & Kaaber, and is our costomer today. If Eimskip is aggressive in this tender and takes them away from us then we will be more aggressive in the Europris Quote.”³²⁹⁷

6802. Að mati Samkeppniseftirlitsins er framangreint gagn frá stjórnanda innflutnings hjá Samskipum skýrt samtímagagn sem endurspeglar markaðsskiptingu Samskipa og Eimskips. Þannig ætluðu Samskip að bíða og sjá hvort Eimskip myndi virða markaðsskiptinguna og ef Eimskip myndi beita sér fyrir að sækja viðskipti OJK af Samskipum, þá fyrst ætluðu Samskip að bjóða „more aggressive“ verð til Europris (viðskiptavinar Eimskips).

14.31.4. OJK endurnýjar samninginn við Samskip

6803. Þann 1. október 2010 sendi OJK Eimskip niðurstöðu útboðsins með tölvupósti til (E)viðskstj1. Meðfylgjandi var skjal með heitinu „Eimskip-30092010“. Í skjalinu sagði að ákveðið hafi verið að taka tilboði Samskipa. Einnig kom fram að OJK óskaði eftir að ræða við Eimskip um nýjan samning vegna flutninga frá Ameríku sem og þá flutninga sem Eimskip hafi séð um fyrir OJK frá Evrópu.³²⁹⁸ (E)viðskstj1 svaraði tölvupóstinum samdægurs: „Þakka þér fyrir, ég hef gert nokkrar tilraunir í dag til að reyna að ná í þig í síma en ekki gengið. Heyrumst endilega strax á mánudagsmorgun, mig langar að ræða þetta.“ OJK svaraði (E)viðskstj1 þann 3. október 2010 og lagði til að fyrirtækin myndu funda.³²⁹⁹

6804. Samskip og OJK undirrituðu nýjan flutningasamning þann 5. október 2010. Tók nýr samningur til sjóflutnings milli Íslands og viðkomuhafna Samskipa í Evrópu, ásamt forflutningi og landflutningi hér á landi.³³⁰⁰ Sýna gögn málsins að Samskip héldu viðskiptunum við OJK.³³⁰¹

6805. Athygli vekur að Samskip lækkuðu sjóflutningsverð í hinum nýja samningi við OJK en um leið hækkuðu Samskip á móti lágmarksverð og skertu fríðindi OJK varðandi gámaleigu. Þannig hafði (S)forstö-innfl1 hækkað lágmarksgjaldið úr 170 evrum í 209 evrur með því að vísa til gjaldskrár, er virðist án þess að OJK tæki eftir því. (S)forstö-innfl1 féllst síðan á að draga úr hækkuninni (í 195 evrur) þegar hækkunin kom í ljós stuttu fyrir undirritun samningsins.³³⁰² Hér ber einnig að líta til tölvupósts sem (S)viðskstj1 sendi innan Samskipa 12. október 2010 með fyrirsögninni „OJK nýr samningur – memo“. Þar voru kjör OJK skýrð svo:

„Annað þeir eru með 7 daga fría á gámaleigu í stað 30 áður við höldum okkur fast við þessa daga (nema að sjófraktin hækki)“.³³⁰³

6806. Þann 5. október 2010 funduðu (E)forstö-innfl og (E)viðskstj1 með OJK.³³⁰⁴ Daginn eftir sendi (E)viðskstj1 tölvupóst til OJK þar sem meðfylgjandi voru drög að flutningasamningi um inn-, út- og landflutning.³³⁰⁵ Í þeim samningsdrögum var sjóflutningsverð milli Íslands og Evrópu talsvert hærra en það verð sem hafði verið sett fram í áður nefndri tillögu (E)viðskstj1 sem hún sendi til (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-innfl 26. september 2010, þ.e. 49% og 27% hærra fyrir flutning á 20 og 40 feta

³²⁹⁷ Afritaður tölvupóstssamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.832215.

³²⁹⁸ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...].

³²⁹⁹ Afrituð tölvupóstssamskipti frá Eimskip. [...].

³³⁰⁰ Afhent tölvuskjal frá Samskipum. Afhent 10.04.2015, liður 8.2 „Samningar“, „Ó johnson og Kaaber 05.10.2010“, sbr. umbeðið leiðrétt eintak afhent 14.05.2019.

³³⁰¹ Afhent tölvuskjal frá Samskipum. Afhent 10.04.2015. „Stærstu 50“, „Liður 9.1 Innflutningur Heildarlisti“. „Liður 8.1 Stærstu viðskiptavinar 2006-2013“. Afhent tölvuskjal frá Eimskip. Afhent 01.12.2016 „Stærstu viðskiptavinar“, „B liður – 1-Innflutningur“. Afhent skjal frá Eimskip. Afhent 19.02.2016., minnislykill 4, „Ýmis gögn“. „Viðskiptasagan“. Afhent skjal frá Samskipum. Afhent 10.04.2015. „Liður 9.1 Innflutningur Heildarlisti“.

³³⁰² Afrituð tölvupóstssamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.830974.

³³⁰³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.832218.

³³⁰⁴ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.88765.

³³⁰⁵ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „OJK Flutningasamningur 2010 til 2013“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...].



gámum.³³⁰⁶ Sjóflutningsverðið í drögunum sem Eimskip sendi OJK var jafnframt 46% (40´) og 62% (20´) hærra en það verð sem áður nefndur nýundirritaður samningur Samskipa og OJK kvað á um.

6807. Sendi (E)viðskstj1 aftur tölvupóst á OJK þann 15. október 2010: „Hefur þú haft tíma til að skoða þetta, ég heyri frá þér vonandi fljótlega.“ OJK svaraði: „Heyrumst eftir helgi [...]“.³³⁰⁷ OJK virðist ekki hafa haft áhuga á eða fallist á þetta tilboð Eimskips en Eimskip hélt Norður-Ameríku flutningum fyrir OJK. Þeir flutningar voru hins vegar ekki umfangsmiklir.³³⁰⁸
6808. Ágreiningur kom upp á milli OJK og Samskipa í lok desember 2010. Þegar OJK lýsti yfir óánægju sinni með þessi skertu fríðindi sagði (S)forstö-innfl1 að það væri unnt að breyta því en þá þyrfti að hækka verð á sjófraktinni.³³⁰⁹ Hvorki í gögnum þessu tengdu eða öðrum samtímagögnum Samskipa var að greina ótta um samkeppni frá Eimskip vegna OJK.

14.31.5. Aðgerðarleysi Samskipa gagnvart Europris

6809. Þann 8. október 2010 sendi (E)starfsm, starfsmaður Eimskips í Noregi, tölvupóst til (E)viðskstj2 þar sem fram kom að Europris í Noregi óski eftir tilboði í flutninga.³³¹⁰ Þann 11. október sendi (E)viðskstj2 samningsdrög, sem hann hafði áður sent Léttkaupum/Europris á Íslandi, til (E)starfsm og (E)starfsm. Framsendi (E)starfsm tilboð Eimskips til Europris í Noregi samdægurs en sagði að það þyrfti að lækka verð á sjófrakt fyrir 40´feta gám þar sem Samskip væru að „pressa“.³³¹¹ Rétt er að benda á að þessi tilvísáða „pressa“ Samskipa“ vísar ekki til raunverulegs tilboðs Samskipa í þessu máli og er því ekki í samræmi við fyrirbyggjandi gögn sem sýna að Samskip hefðu á þessum tímapunkti ekki skilað inn tilboði til Europris.
6810. Hér ber að líta til þess að á fundi innflutningsdeildar Eimskips föstudaginn 8. október 2010 greindi (E)forstö-innfl frá því að hann hefði fundað með Samskipum fyrr í sömu viku.³³¹² Miðað við fyrri samskipti (E)forstö-innfl við Samskip er líklegt að hann hafi hitt a.m.k. (S)forstö-innfl1 . Þann 11. október 2010 hittust (S)forstö-innfl1 , (S)frkvstj-millilandasv, (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-innfl á fundi. Þessir fundir voru liður í hinu samfellda samráði Samskipa og Eimskips á þessum tíma. Nánar er fjallað um þetta í kafla 14.33.
6811. Daginn eftir fund (S)forstö-innfl1 og (S)frkvstj-millilandasv með lykilstjórnendum Eimskips vann (S)forstö-innfl1 að tilboði Samskipa til Europris og sendi tilboðið í tölvupósti til (S)starfsm.³³¹³ Eins og áður segir lá á þeim tíma fyrir niðurstaða varðandi útboð OJK, þ.e. Eimskip virti samráðið. Í skýringum (S)forstö-innfl1 í tölvupóstinum til (S)starfsm kom m.a. fram að hann hefði skoðað þetta vel og ætlaði ekki að lækka verðið niður fyrir verð Eimskips. Þakkaði hann (S)starfsm fyrir að vinna að þessu og tók þetta fram;

„but this is not the type of business that we want to go after now.“

6812. Kom (S)starfsm tilboði Samskipa til Europris samdægurs.³³¹⁴
6813. Í ljósi fyrri og áður nefndra ummæla (S)forstö-innfl1 , m.a. í tölvupósti 30. september 2010 til (S)starfsm vegna Europris útboðsins, verður ekki annað séð en að ráðagerð (S)forstö-innfl1 hafi

³³⁰⁶ Verð fyrir 20'gám (D-H-R) er 550 evrur og fyrir 40´ (D-H-R) er verðið 700 evrur. Í tillögu [...] frá 26.09.2010 var verð fyrir 20' 370 evrur og fyrir 40´ var það 550 evrur.

³³⁰⁷ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...].

³³⁰⁸ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.42026. Þar segir: „Sömuleiðis tók ég út [...] hjá OJK en hina vil ég hafa inni. Þeir eru með alla USA flutningana hjá okkur þó þeir séu ekki miklir.“

³³⁰⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...].

³³¹⁰ Afritaður tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...].

³³¹¹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Europris Ísland ehf 2010.pdf“. Viðhengi við afritaðan tölvupóstur frá Eimskip. [...] Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...].

³³¹² Afritað skjal frá Eimskip. „Fundargerð Innflutningsdeildar 08.10.2010“. Fannst vistað á sameiginlegu drifi Eimskips, síðast vistað 22.10.2010, kl. 13:26.

³³¹³ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. Heimasvæði [...]. „Offer okt 2010.xlsx“, vistað 12.10.2010, kl. 09:54. Doc. ID. 0.7.33.14362.

³³¹⁴ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.832215.



gengið eftir, þ.e. Eimskip virti markaðsskiptinguna og þar af leiðandi lögðu Samskip sig ekki fram um að sækjast eftir að ná viðskiptum Europris frá Eimskip.

6814. Þann 13. október 2010 tilkynnti Europris í Noregi að fyrirtækið myndi gera samning við Eimskip um innflutning fyrir árið 2011.³³¹⁵
6815. Við mat m.a. á þessum tilvikum tengdum OJK og Europris má horfa til fundar stjórnar Samskipa hf. þann 25. október 2010. Þann fund sátu stjórnarmennirnir (S)stjform-S, (S)stjórnarm-fjármstj og (S)stjórnarm-S og SH, ásamt m.a. (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv.
6816. Hafa ber í huga að á þessum tíma áttu (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 í samskiptum við (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-innfl, sbr. umfjöllun hér að framan. Þá ber að líta til þess að stjórnarmaðurinn (S)stjórnarm-S og SH og (S)forstö-innfl1 áttu í reglubundnum samskiptum við (E)viðskstj2 og (E)sölustj-innan12. Sem fyrr segir annaðist (S)forstö-innfl1 tilboðsgerð Samskipa gagnvart Europris/Léttkaup en m.a. hafði (E)viðskstj2, viðskiptastjóri hjá Eimskip, ríka aðkomu að tilboðsgerð Eimskips til sama fyrirtækis. Um þýðingu samskipta sem þessa vísast til kafla 13.
6817. Í fundargerð vegna stjórnarfundarins 25. október 2010 er fjallað um stöðuna á flutningamarkaðnum. Kemur m.a. þetta fram:
- „Almennt hefur verið rólegt yfir markaði frá vormánuðum [...]“*
6818. Síðan kemur fram að mikið sé um endurnýjanir á samningum við mikilvæga viðskiptavinum á næstu mánuðum. Er í því sambandi m.a. bent á Húsasmiðjuna og Vífilfell.³³¹⁶ Ekki kemur fram í fundargerðinni að búist sé við „óróleika“ eða aukinni samkeppni vegna þessa. Er það í samræmi við það sem kom fram í skýrslu (S)forstö-innfl1 (Innflutningur markaðsskýrsla 2011) sem hann sendi (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv 19. september 2010. Í þeirri áætlun innflutningsdeildar Samskipa fyrir árið 2011 var sem fyrr segir gert „ráð fyrir að bæði Eimskip og Samskip haldi að sér höndum og leggi áherslu á að hækka verð,“ sbr. nánari umfjöllun í kafla 14.32.2.
6819. Framangreint sýnir m.a. að stjórnendur Samskipa töldu framangreind atvik tengd OJK og Europris ekki vera til vitnis um samkeppni á markaði og gerðu ráð fyrir að „friðurinn“ myndi halda á árinu 2011. Það gekk eftir, sbr. umfjöllun um atvik á því ári.

14.31.6. Samantekt

6820. Í júlí 2010 sagði OJK upp flutningasamningi við Samskip og óskaði í kjölfarið eftir tilboðum frá Eimskip og Samskipum í flutninga sína. Í framangreindri skýrslu sem (S)forstö-innfl1 sendi (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv 19. september 2010 var gert ráð fyrir að Samskip myndu halda OJK í viðskiptum. Á þeim tíma lá hins vegar ekkert fyrir um það við hvern OJK myndi semja eftir að samningurinn við Samskip félli úr gildi. Að mati Samkeppniseftirlitsins var það markaðsskipting Samskipa og Eimskips sem leyfði (S)forstö-innfl1 þessa vissu um viðskiptin við OJK. Eimskip hefur viðurkennt að hafa átt í ólögumætu samráði við Samskip á þessum tíma. Í samræmi við það var tilboðsverðið sem (E)viðskstj1 lagði til hækkað eftir fund hennar með (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-innfl. Var það gert til að Eimskip myndi virða markaðsskiptinguna.
6821. Áður en Samskip og Eimskip sendu tilboð sín til OJK óskaði viðskiptavinur Eimskips, Europris, eftir tilboði frá Samskipum. Það gerði Europris eftir að Eimskip hafði tilkynnt fyrirtækinu um verðhækkun. Samskipti innan Samskipa varðandi tilboð til Europris endurspeglu einnig markaðsskiptingu fyrirtækjanna, þ.e. ef Eimskip hefði farið gegn markaðsskiptingunni með því að taka viðskipti OJK til sín ætlaði (S)forstö-innfl1 að vera „agressívur“ í tilboðinu til Europris, viðskiptavinar Eimskips. En

³³¹⁵ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.90074. Þar kemur fram að Eimskip sé búð að gera samning við Europris í Noregi sem gilda eigi út árið 2011.

³³¹⁶ Afritað tölvuskjal frá Samskipum [...]. Doc. ID. 0.7.33.808476. Ekki er að sjá að [...] hafi svarað tölvupóstinum.



þegar niðurstaðan um áframhaldandi markaðsskiptingu lá fyrir hafði hann ekki áhuga á að sækjast eftir þeim viðskiptum.

6822. Í mgr. 1059 og áfram í athugasemdum Samskipa við AII er því mótmælt að framangreind gögn endurspegli samráð við Eimskip. Samskip byggja m.a. á því að fyrirtækið hefði boðið OJK lægra verð en samkvæmt gildandi samningi fyrirtækjanna og að það sé skýrt dæmi um þá samkeppni sem ríkti á markaðnum. Einnig hafna Samskip því að fyrirtækið hafi ekki náð í viðskipti Europris vegna samráðs við Eimskip. Viðskiptin hafi einfaldlega ekki verið arðbær fyrir Samskip.
6823. Ekki er unnt að fallast á framangreindar athugasemdir Samskipa en nánar er fjallað um þær í kafla 26.31. Að mati Samkeppniseftirlitsins endurspeglar framangreind atvik samráð Samskipa og Eimskips á þessum tíma sem fyrirtækin komu á með samstilltum aðgerðum sínum.

14.32. Rekstraráætlanir fyrir árið 2011 – Áframhaldandi samráð

6824. Eins og rökstutt hefur verið eru gögn frá árinu 2009 sem tengjast áætlunargerð Eimskips og Samskipa fyrir árið 2010 til stuðnings því að fyrirtækin hafi átt í ólögmætu samfelldu samráði.
6825. Með sama hætti telur Samkeppniseftirlitið að gögn frá árinu 2010 sem tengjast áætlunargerð Eimskips og Samskipa fyrir árið 2011 séu til stuðnings því að fyrirtækin hafi átt í ólögmætu samfelldu samráði. Vísast í þessu samhengi til umfjöllunar í kafla 14.10.1 um almenna þýðingu rekstraráætlaða fyrirtækja.
6826. Í þessum kafla verður gerð grein fyrir gögnum frá Eimskip og Samskipum sem varða áætlanir bæði innflutningsdeildar og landflutninga fyrirtækjanna fyrir árið 2011. Eru gögnin frá september 2010 og endurspeglar þau samfelldu samráð Samskipa og Eimskips.
6827. Gögn málsins sýna að undirbúningur við gerð áætlana fyrirtækjanna fyrir árið 2011 virðist hafa verið vandaður og í föstum skorðum.³³¹⁷ Var þetta líkt og átti jafnframt við um undirbúning fyrir áætlanir fyrir árið 2010.
6828. Á árinu 2010 var gerð breyting á framsetningu áætlana Samskipa sem ástæða er til nefna. Í stað einnar rekstraráætlunar fyrir annars vegar innflutning og hins vegar landflutning, voru áætlanir Samskipa fyrir árið 2011 settar fram í tveimur skjölum, þ.e. annars vegar rekstraráætlun og hins vegar markaðsskýrslu. Í rekstraráætlun var m.a. áfram fjallað um áætlaðar tekjur og kostnað sem og fyrirhugaðar breytingar á gjaldskrá og öðrum gjöldum en í markaðsskýrslu var m.a. fjallað nánar um markaðinn, viðskiptavinum, þróun magns, áherslur í sölu ásamt umfjöllun um hvern vöruflökk fyrir sig. Þessi háttur var eftirleiðis hafður á í áætlanagerð Samskipa, þ.e. fyrir árin 2012 og 2013. Í umfjöllun hér á eftir er því ýmist vísað til rekstraráætlunar eða markaðsskýrslu eða eftir atvikum til áætlunar Samskipa.
6829. Ástæða er til þess að fjalla nánar um gögn frá Eimskip og Samskipum sem tengjast þessari áætlunargerð.

14.32.1. Rekstraráætlun Eimskips

6830. Líkt og fjallað hefur verið um gekkst Eimskip undir sátt við Samkeppniseftirlitið þar sem fyrirtækið viðurkenndi að hafa brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga og 53. gr. EES samningsins með ólögmætu samráði við Samskip. Verða nú rakin gögn sem tengjast gerð rekstraráætlaða Eimskips sem að mati Samkeppniseftirlitsins eru skýr birtingarmynd þeirra brota sem fyrirtækið hefur viðurkennt.
6831. Þann 28. september 2010 sendi [\(E\)forstö-innfl](#) tölvupóst til [\(E\)frkvstj-sala/þj](#). Hafði [\(E\)frkvstj-sala/þj](#) beðið m.a. [\(E\)forstö-innfl](#) um að senda sér hugmyndir um atriði til að fjalla um á

³³¹⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. Frá [...] til yfirstjórnar og forstöðumanna hjá Samskipum, dags. 02.09.2010, kl. 12:49. Meðfylgjandi var skjalið „Lykilatriði_áætlun_2011.doc“. Doc. ID. 0.7.33.995792.



framkvæmdastjórnarfundum sem halda átti hjá Eimskip daginn eftir, t.d. það helsta sem væri að gerast á markaðnum, svo sem unnin og töpuð viðskipti, samningar í vinnslu og undirritaðir samningar. Á þessum tíma var unnið að áætlunargerð hjá Eimskip fyrir árið 2011. (E)forstö-innfl svaraði og sagði m.a.:

„M.v. t.d. september:

Unnið: *Plastprent þ.e. allir flutningar þeirra en við vorum með Borealis.*

Tapað: *Ekkert sem vitað er*

Samningar undirritaðir:

IKEA

Plastprent

Egilsson

E. Ágústsson

Pípulagnaverktakar

Stepp"

6832. (E)forstö-innfl tiltók síðan í svari sínu „samninga í vinnslu“ og var þar um ræða sextán lítil og meðalstór fyrirtæki.³³¹⁸
6833. Samkvæmt þessu hafði Eimskip á þessum tíma ekki tapað neinum viðskiptavinum í innflutningi sem forstöðumaður innflutningsdeildarinnar vissi um eða sá ástæðu til að nefna. Þetta staðfestir það sem áður hefur komið fram að áfram var lítil hreyfing á stærri viðskiptavinum milli Eimskips og Samskipa á árinu 2010.
6834. Í þessu samhengi er rétt að hafa í huga það sem fram kemur í kafla 14.33.10.2 hér á eftir. Þar er gerð grein fyrir glærum (E)frkvstj-sala/þj frá 1. desember 2010 sem sýna að Eimskip hafi á fyrstu ellefu mánuðum ársins 2010 ekki misst frá sér mikilvæga viðskiptavinum til Samskipa.
6835. Þann 1. október 2010 sendi (E)forstö-innfl drög að áætlun innflutningsdeildar Eimskips fyrir árið 2011 til (E)frkvstj-sala/þj.³³¹⁹
6836. Umfjöllun í þessu skjali (E)forstö-innfl er mjög svipuð og í áætlun hans frá 30. september 2009 vegna ársins 2010. Í áætluninni fyrir árið 2011 var áfram gert ráð fyrir að ró og friður héldist á markaðnum og að ekkert útlit væri fyrir harða samkeppni um stærri viðskipti, átök eða sviptingar. Lýsandi er að þegar taldar voru upp helstu ógnir sem innflutningsdeild Eimskips stæði frammi fyrir var samkeppni við helsta keppinautinn ekki tilgreind. Í samskonar greiningum hjá Samskipum var samkeppni við Eimskip ekki heldur talin vera ógn, sbr. umfjöllun hér á eftir.
6837. Eru þessar áherslur m.a. í samræmi við glærुकynningu (E)frkvstj-sala/þj frá 14. september 2010 þar sem styrkleiki Eimskips var m.a. talinn vera sterk staða gagnvart stærri viðskiptavinum og samkeppnisleg ógn var ekki talin stafa frá Samskipum í innflutningi. Þess í stað var ógn talin stafa af minnstu keppinautunum (BWS („ferjan“), Thorship og „smærri flutningsmiðlarar“).³³²⁰
6838. Í sömu glærुकynningu voru einnig taldar upp leiðir til þess að auka tekjur Eimskips. Tvær þeirra miðuðu að því að auka gjaldtöku á viðskiptavinum („halda áfram að draga úr fríðindum, ss: akstur,

³³¹⁸ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.562282.

³³¹⁹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.565522.

³³²⁰ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Vinnufundur hótél Rangá 14.09.2010“. Titill: „Töflufundur Hótél Rangá 14-15 sept 2010“. Fannst vistað á heimasvæði [...], vistað þann 14.09.2010, kl. 10:37. Doc. ID. 0.7.33.186353.



gámaleiga, geymslu", „LO/LO³³²¹ gjald á Íslandi og erlendis“) eða með öðrum orðum að hækka verð. Einnig að einbeita sér að smáum viðskiptavinum sem nýttu sér safngáma.

6839. Framangreind frásögn í samtímagögnum Eimskips er í samræmi við samráð fyrirtækjanna á þessum tíma: Ekki ríkti samkeppni við Samskip um mikilvæga viðskiptavini í innflutningi og sökum þessa var fyrirtækið í „sterkri stöðu“ gagnvart mikilvægum viðskiptavinum sínum og gat hækkað verð. Önnur lögmál giltu hins vegar um hina smáu viðskiptavini.
6840. Þann 28. september 2010 sendi forstöðumaður útflutningsdeildar Eimskips, (E)forstö-útfl , tölvupóst til (E)frkvstj-sala/þj. Hafði (E)frkvstj-sala/þj beið (E)forstö-útfl um að senda sér hugmyndir um atriði til að fjalla um á framkvæmdastjórnarfundi sem halda átti hjá Eimskip daginn eftir, t.d. það helsta sem væri að gerast á markaðnum, svo sem unnið, tapað, samningar í vinnslu og undirskrifaðir samningar.
6841. Á þessum tíma var unnið að áætlunargerð hjá Eimskip fyrir árið 2011. Um það hvort útflutningsdeild Eimskips hefði tapað viðskiptavinum sagði þetta í tölvupósti (E)forstö-útfl :
- „* Tapað:
- *Ekkert hefur tapast umfram það að Smyril Line – Blue Water er að ná að pota eitthvað í okkur. Einnig að ná að leysa þarfir manna inn í Austur-Evrópu með trukkakerfi Blue Water“.*³³²²
6842. Samkvæmt þessu mati (E)forstö-útfl var það hinn smái keppinautur, BWS, með 1-3% markaðshlutdeild, sem veitti samkeppni í útflutningi en ekki stóri keppinauturinn. Hið sama kemur fram í gögnum forstöðumanns útflutningsdeildar Samskipa, (S)forstö-útfl, frá 19. september 2010 en þeim er lýst hér á eftir. Virt saman gefa þessi gögn (E)forstö-útfl og (S)forstö-útfl skýra vísbindingu um ólögmætt samráð Samskipa og Eimskips á þessum tíma.
6843. Í málinu er að finna skjal (E)forstö-útfl frá 15. nóvember 2010. Um er að ræða áætlun útflutningsdeildar Eimskips fyrir árið 2011.³³²³ Í skjalinu er gerð grein fyrir þeirri ógn sem útflutningsdeildin taldi sig standa frammi fyrir. Þar er ekki minnst á Samskip en samkeppnisleg ógn talin stafa af BWS og Thorship.
6844. Fram kemur einnig að Norðurál sé stærsti viðskiptavinur Eimskips í útflutningi. Þrátt fyrir að samningurinn við Norðurál myndi renna úr gildi á árinu 2011 koma engar áhyggjur fram um að Samskip muni reyna að ná þessum mikilvæga viðskiptavini í viðskipti til sín. Hið sama var upp á teningnum í glærुकynningu útflutningsdeildar Eimskips frá september 2010, sbr. nánari umfjöllun í kafla 14.36.4. Þar kemur fram að flutningasamningur fyrirtækisins við Norðurál gildi til nóvember 2011. Þessar glærur Eimskips gefa heldur ekki til kynna neinn ótta við að Samskip myndu reyna að ná flutningum Norðuráls til sín. Í samræmi við það kom hvergi fram í gögnum (S)forstö-útfl frá þessum tíma að reyna ætti með samkeppni að ná Norðurál í viðskipti við Samskip enda var stefna útflutningsdeildar Samskipa að halda núverandi markaðshlutdeild (þ.m.t. viðskiptunum við Alcoa og Elkem) og hækka verð eða vinna gegn verðlækkunum. Er þessum gögnum (S)forstö-útfl lýst í næsta kafla þar sem fjallað er um rekstraráætlanir Samskipa fyrir árið 2011.
6845. Í þeim kafla er því einnig lýst að á þessum tíma hafði Elkem á Grundartanga, sem var mikilvægur viðskiptavinur Samskipa, boðið Eimskip að bjóða í flutninga fyrirtækisins. Þrátt fyrir beiðnir Elkem var í áætlun (E)forstö-útfl ekki að finna neina umfjöllun um að Eimskip myndi reyna að ná þessum mikilvæga viðskiptavini Samskipa í viðskipti. Með sama hætti höfðu Samskip ekki áhyggjur af því að Eimskip myndi reyna að ná Elkem í viðskipti til sín, sbr. gögn frá (S)forstö-útfl sem lýst verður í næsta kafla.

³³²¹ LO/LO vísar til svonefndra Lift on–Lift off skipa þar sem gánum er lift með krönum í og úr skipunum.

³³²² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.271817.

³³²³ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.103014.



6846. Að mati Samkeppniseftirlitsins eru þessi gögn til stuðnings niðurstöðu eftirlitsins um ólögmætt samráð Eimskips og Samskipa á þessum tíma.
6847. Hvað landflutninga áhrærir þá liggur fyrir í málinu rekstraráætlun Eimskips í landflutningum vegna ársins 2011 „*Business Plan 2011, Eimskip Domestic Flytjandi. November 2010*“.³³²⁴ Höfundur hennar er (E)forstö-landfl1 og er hún dagsett í nóvember 2010.
6848. Í rekstraráætluninni kemur fram að eitt meginmarkmiða Eimskips (e. *Key business goal*) sé að viðhalda núverandi markaðshlutdeild fyrirtækisins. Var það og stefna fyrirtækisins að reyna að auka tekjur frá þáverandi viðskiptavinum. Á bls. 11 í skýrslunni eru tiltekna helstu ógnir sem landflutningar Eimskips standi frammi fyrir. Helsta ógnin („*main threat*“) var talin vera samkeppni frá litlum keppinautum, einyrkjum („*individual truck drivers*“) en ekki frá Samskipum.
6849. Að mati Samkeppniseftirlitsins gefur framanritað til kynna ólögmæta markaðsskiptingu Samskipa og Eimskips sem fólst í því að „*friður*“ ætti að ríkja milli fyrirtækjanna um mikilvæga viðskiptavinum þeirra. Þannig gerir rekstraáætlun Eimskips í landflutningum t.a.m. ráð fyrir að sækja ætti nýja viðskiptavinum í smápakkasendingum fyrir lítill og meðalstór fyrirtæki (e. *Increase revenue from small and medium size customers*).³³²⁵ Segir m.a. eftirfarandi:
- „EBITDA is estimated to increase by 25% between the 2010 to 2011. Increased revenue from small and medium size customers without increasing [svo] the transport cost are the main reasons for the higher EBITDA.“ [...]*
- Scheduling transport revenue is estimated to increase by 8,5%, due to increased sales and tariff increase. The tariff is estimated to increase by 3,5% and revenue from new customers by 5%. The new revenue will come from smaller companies which are transporting small shipments and are currently using the Icelandic Post. Proportion of the extra revenue will also come from fish transport for small buyers at the fish markets. [...]*
- Our aim in 2011 is to increase our revenue from new customers around the country, by visiting all current and potential customers in every area in our network. The focus will be to increase our market share for small package from small and medium size customers. [...]*
- The main competitors are Samskip (Landflutningar) which has similar coverage and service level at the market as Flytjandi and Iceland Post which operates in 80 locations throughout the country. Other competitors are single truck drivers that work on the spot market without operation service stations. The main threat in the market are individual truck drivers.“ [...]*
- The main assumptions in 2010³³²⁶ is to increase tariff rates by average 6% and fish related transport by 10%.“*
6850. Af þessu gagni frá landflutningadeild Eimskips má jafnframt ráða hversu mikilvægir stórir viðskiptavinir séu í landflutningastarfsemi fyrirtækjanna. Fram kemur á bls. 11 að virkir viðskiptavinir Eimskips í landflutningum séu um 5.000 talsins. Hins vegar stöfuðu 63% tekna fyrirtækisins á þessu sviði frá 50 stærstu viðskiptavinunum. Sambærileg staða var fyrir hendi hjá Samskipum. Þannig má sjá að hagsmunir fyrirtækjanna af því að halda í þessa stóru viðskiptavinum á sama eða hærra verði væru verulegir.

³³²⁴ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „*Flytjandi business plan 2011.docx*“. Titill: „*Business Plan 2011, Eimskip Domestic Flytjandi November 2010*“. Fannst vistað á heimasvæði [...], vistað þann 09.09.2011, kl. 16:43. Doc. ID. 0.7.33.167336.

³³²⁵ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „*Flytjandi business plan 2011*“. Fannst á heimasvæði [...]. Vistað 05.11.2010, kl. 09:52. Doc. ID. 0.7.33.138384.

³³²⁶ Hér er bersýnilega um misritun að ræða. Á að vera árið 2011.



6851. Í áætluninni er einnig horft til áraanna 2012 – 2013. Þar eru mikilvægir viðskiptavinir Samskipa ekki heldur tilgreindir sem vænleg viðskiptatækifæri heldur er áherslan áfram lögð á smærri viðskiptavinum sem „*friðurinn*“ tók mun síður til og sem að meginstefnu til voru hjá Íslandspósti, sbr. neðangreint.
6852. Líkt og fram kemur í áætluninni var stefnan fyrir árið 2011 sú að auka markaðshlutdeild með því að sækja smærri sendingar hjá litlum fyrirtækjum. Af gögnum málsins má ráða að umrætt markmið hafi einkum beinst að viðskiptavinum Íslandspósts, en ekki viðskiptavinum Samskipa, höfuðkeppinautar Eimskips, sbr. og nánar hér að neðan.³³²⁷ Athygli vekur að sömu markmið voru lögð til grundvallar í markaðsskýrslu Samskipa fyrir árið 2011, sbr. umfjöllun hér á eftir. Bæði fyrirtækin beindu því sjónum sínum á sama tíma fremur að viðskiptavinum Íslandspósts heldur en viðskiptavinum hvors annars.
6853. Þann 13. september 2010 sendi (E)forstö-landfl1 glærुकynningu um þáverandi stöðu Flytjanda og áherslur næstu ára til (E)frkvstj-innanl.³³²⁸ Í kynningunni kom m.a. eftirfarandi fram um sölumál: „*Markmiðið er skýrt – ætlum að þekkja þarfir okkar viðskiptavina betur en í dag og ná nýjum viðskiptavinum frá samkeppnisaðilum – þ.e. smærri viðskiptavinum.*“
6854. Í kynningunni sagði einnig að meginstefna Flytjanda væri að „*bæta við sig viðskiptavinum á þeim leiðum þar sem núverandi nýting í akstri er slök. Einnig að ná mun meira af smærri sendingum sem Íslandspóstur býður á afar góðu verði til lítilla fyrirtækja á landsbyggðinni þ.e. frá 1kg upp að 20 kg.*“ Þá var markhópur Eimskips skilgreindur sem „*öll fyrirtæki á landsbyggðinni og í Reykjavík sem hafa flutningsþarfir og henta inn í okkar kerfi miðað við nýtingu í flutningakerfinu á hverjum tíma.*“ Markhópurinn varðandi smærri sendingar er hins vegar sagður öll fyrirtæki óháð nýtingu. Þá kom fram að ekki yrði lögð áhersla á sölu til fyrirtækja á leiðum samstarfsaðila (keppinauta) sérstaklega.
6855. Helstu tækifæri til tekjuaukningar í landflutningum voru m.a. sögð vera í tekjuaukningu „*frá litlum og meðalstórum fyrirtækjum í smærri sendingum í flutningakerfinu.*“ og í markvissri sölu á landsbyggðinni og í Reykjavík auk þess sem auka átti sértekjur á landsbyggðinni og hækka stöðvargjöld. Verðlagning á smærri sendingum skyldi vera í takt við Íslandspóst.
6856. Þann 14. september 2010 kynnti (E)frkvstj-innanl umrædda glærुकynningu fyrir (E)forstj og fleiri stjórnendum Eimskips á fundi á Hótel Rangá. (E)frkvstj-innanl hafði eitthvað breytt kynningunni en hún var í stórum dráttum sambærileg þeirri sem (E)forstö-landfl1 hafði sent honum um helstu áherslur Flytjanda. Við hafði bæst umfjöllun um fyrirætlanir Eimskip Innanlands í heild sinni. Sagði þar að helsta verkefni næstu ára væri að viðhalda markaðshlutdeild í landflutningum en auka hana á öðrum sviðum.³³²⁹
6857. Þann 23. september 2010 sendi (E)frkvstj-innanl tölvupóst til m.a. (E)forstö-landfl1 og (E)svæðisstj1. Í honum sagði: „*Sendi ykkur kynninguna sem við fórum saman yfir í dag. Þetta verður í vinnslu fram eftir næstu viku og vil ég biðja ykkur um að koma með fleiri hugmyndir og punkta sem við setjum þá inn.*“³³³⁰ Meðfylgjandi glærुकynning virðist vera áþekk þeirri sem hann studdist við á fundinum með (E)forstj á Hótel Rangá 14. september 2010 en (E)frkvstj-innanl hafði unnið aftur í henni 21. september 2010. Á fremstu glæru kom fram að kynningin fjalli um: „*Staða og horfur í nútíð og framtíð 2011 – 2013*“. Á næstu glæru kemur fram að markmið landflutninga Eimskips sé skýrt:

³³²⁷ Sjá t.d. afritað tölvuskjal frá Eimskip. „*Flytjandi 2010-2010.pptx*“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.20877. Sjá einnig glærुकynningar Flytjanda fyrir mánuðina september-desember 2010. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „*Flytjandi sept 2010*“. Fannst vistað á sameiginlegu tölvudrifi Eimskips, vistað þann 2.11.2010. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „*Domestic transport október 2010*“. Fannst vistað á sameiginlegu tölvudrifi Eimskips, vistað þann 26.11.2010. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „*Domestic transport nóvember 2010*“. Fannst vistað á sameiginlegu tölvudrifi Eimskips, vistað þann 5.1.2011. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „*Domestic transport desember 2010(gamla)*“. Fannst vistað á sameiginlegu tölvudrifi Eimskips, vistað þann 10.2.2011.

³³²⁸ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.20692. Sjá einnig afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.20877.

³³²⁹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. Fannst á heimasvæði [...] Doc. ID. 0.7.33.133378.

³³³⁰ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.143350.



„Markmiðið er skýrt – ætlum að þekkja þarfir okkar viðskiptavina betur en í dag og ná nýjum viðskiptavinum frá samkeppnisaðilum - þ.e. smærri viðskiptavinum.“

6858. Á næstu glæru kemur fram að ekki verði „lögð áhersla á sölu til fyrirtækja á leiðum samstarfsaðila sérstaklega“. Átti Eimskip í slíku samstarfi við Samskip á ýmsum flutningaleiðum, sbr. umfjöllun í kafla 17. Á annarri glæru er fjallað um helstu „tækifæri til tekjuaukningar/kostnaðarlækkunar næstu þrjú árin.“ Hvergi er minnst á að Eimskip geti aukið tekjur með því að ná með samkeppni í viðskipti til sín mikilvægum viðskiptavinum Samskipa. Hins vegar voru tækifæri talin felast í þessu:

„Tekjuaukning frá litlum og meðalstórum fyrirtækjum í smærri sendingum í flutningakerfinu. Gætum aukið okkar hlutdeild í smærri sendingum.“

6859. Þessar glærur (E)frkvstj-innanl eru í samræmi við áherslur hjá Samskipum á sama tíma en þeim gögnum Samskipa verður lýst hér á eftir. Gefa þessar glærur (E)frkvstj-innanl skýrt til kynna að ekki hafi átt að ríkja samkeppni milli Eimskips og Samskipa í landflutningum um viðskipti við mikilvæga viðskiptavini. Er það í samræmi við viðurkenningu Eimskips á ólögmætu samráði við Samskip í sáttinni við Samkeppniseftirlitið.

6860. Framangreind markmið voru áréttuð á stjórnendafundi Eimskips þann 4. október 2010.³³³¹ Á fundinum kynnti (E)frkvstj-innanl aftur sömu glærur, en hafði breytt kynningunni lítillega. Í stórum dráttum er hún þó sambærileg.³³³² Í glærुकynningunni sem kynnt var á fundinum voru meginmarkmið Eimskips Innanlands á árunum 2011-2013 sögð vera eftirfarandi:

Hvert ætlum við ?



- Meginmarkmið Eimskip innanlands á árunum 2011-2013:
 - Að viðhalda sterkri stöðu í innanlandsflutningum
 - Ná fram arðsömum vexti á öllum öðrum sviðum
 - Vörudreifing á höfuðborgarsvæðinu
 - Vöruhótelþjónusta
 - Skipaafgreiðsla



6861. Af framangreindu má ráða að áhersla hafi verið lögð á það að viðhalda stöðunni í landflutningum en sækja fram á öðrum sviðum innanlandsdeildar fyrirtækisins, þ.e. í vörudreifingu, vöruhótelþjónustu

³³³¹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.26809.

³³³² Á stjórnendafundinum héldu eftirfarandi kynningu: [...]. Allir helstu stjórnendum Eimskips voru boðaðir. Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.77279.



og skipaafgreiðslu.³³³³ Er þessi stefna í samræmi við endurskoðun á sölumálum innan Eimskips fyrir á árinu. Að mati Samkeppniseftirlitsins er framangreind áhersla á að sækjast ekki eftir aukinni markaðshlutdeild í innanlandsflutningum á árunum 2011-2013 frá viðskiptavinum Samskipa til marks um það að markaðsskiptingin og „*friðurinn*“ í innanlandsflutningum skyldi halda áfram. Það markmið var jafnframt ítrekað í rekstraráætlunum Eimskips innanlands vegna ársins 2011, sem gerð var í nóvember 2010. Sem fyrr segir er þetta sambærileg stefna og gildi hjá Samskipum í landflutningum.

6862. Eftir stjórnendafundinn 4. október 2010 sendi (E)forstö-landfl1 tölvupóst til (E)sölustj-innanl1, (E)sölustj-innanl3, (E)sölustj-fiskfl og (E)starfsm með heitinu „Sölumál – tekjuaukning 2011“.³³³⁴ Í tölvupóstinum sagði m.a.:

„Hvað ætlum við að gera í sölumálum 2011? Við þurfum að vera mun meira á ferðinni og ná inn nýjum viðskiptavinum þ.e. smærri viðskiptavinum sem eru hjá Póstinum/Samskip. Það er ljóst að áætlun 2011 verður að vera metnaðarfull og við þurfum að sækja verulega fram nú þegar til að nýjar tekjur byrji að tikka inn í janúar 2011.“

6863. Meðfylgjandi var Excel-skjal sem innihélt hugmyndir um tekjuaukningu. Þar á meðal var áætluð 100% hækkun á afgreiðslugjaldi í fiskflutningum. Auk þess var áætlað að ná inn fjölda smærri viðskiptavina á árinu og auka þannig tekjur, sbr. eftirfarandi skjáskot. Er það í samræmi við áður nefnd markmið fyrirtækjanna að sækja ekki á stóra viðskiptavinum:

| Áætlun 2011 - Tekjur | | | |
|---|---------------|--|----------------------------|
| Áætlanagerfi Horfur 2010 | 2,068,570,697 | | |
| Tekjuaukning - áætlun 2011 | 120,750,000 | | |
| Samtals tekjur VM 2011 | 2,189,320,697 | | |
| Tekjuaukning í % | 5.8% | | |
| Afgreiðslugjald fiskflutningar | 12,000,000 | Hækkun á núverandi gjaldi um 100% | |
| Ný viðskipti 2010 - Ríkiskaup | 22,750,000 | Samkv. Útboðsgögnum er velta Ríkiskaupa 35M á ári - þetta eru okkar leiðir | |
| Tekjuaukning skannar | 12,000,000 | Óframkomnir ca. 4.mánuðir á árinu 2010 | |
| Sölumál - nýjir viðskiptavinir: | | | |
| Nýjir viðskiptavinir - Áætlanagerfi | 32,000,000 | Velta per viðskiptavin ca. | 400,000 á ári fjöldi: 80 |
| Nýjir viðskiptavinir - Áætlanagerfi | 12,000,000 | Velta per viðskiptavin ca. | 600,000 á ári fjöldi: 20 |
| Nýjir viðskiptavinir - Áætlanagerfi | 10,000,000 | Velta per viðskiptavin ca. | 1,000,000 á ári fjöldi: 10 |
| Nýjir viðskiptavinir - Fiskkaupendur | 20,000,000 | Velta per viðskiptavin ca. | 2,000,000 á ári fjöldi: 10 |
| Samtals tekjuaukning | 120,750,000 | | |
| Aukning á tekjum umfram kostnaðar eru áætlað um 120m á árinu 2011 sem þýðir 30% EBITDA aukning á milli ára | | | |
| Samtals ný viðskipti á árinu 2011 | 74,000,000 | | |
| Samtals ný viðskipti eða breytingar á árinu 2010 | 46,750,000 | | |
| Samtals | 120,750,000 | | |

6864. Framangreind markmið eru jafnframt áréttuð í rekstraráætlun innanlandsflutninga fyrir árið 2011. Þannig segir á glæru um lykilatriði í rekstri og á glæru um áform á markaði, að halda eigi núverandi markaðshlutdeild í landflutningum, einblína á minni og meðalstóra viðskiptavinum og vaxa á öðrum sviðum.³³³⁵

6865. Að mati Samkeppniseftirlitsins styðja þessi gögn enn frekar við niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins um ólöglegt samráð Samskipa og Eimskips á landflutningamarkaði á rannsóknartímabilinu, sbr. einnig sátt Eimskips og Samkeppniseftirlitsins, dags. 16. júní 2021.

³³³³ Til marks þá samkeppni sem til staðar var á vöruhúsamarkaðnum má vísa í tölvupóst [...] Doc. ID. 0.7.33.537134.

³³³⁴ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.26171.

³³³⁵ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. "Financial plan DOM 2011(nýja format) – final 27 jan 2011.pptx". Fannst vistað á heimasvæði [...]. Vistað 10.2.2011, kl. 08:59. Doc. ID. 0.7.33.104392.



14.32.2. Rekstraáætlun Samskipa – Ekki átti að dansa „við sætu stelpurnar á ballinu“

6866. Í september 2010 var einnig unnin áætlun fyrir landflutningadeild Samskipa fyrir árið 2011. Gögnin sýna að forstöðumaður landflutninga, (S)forstö-landfl, sendi þann 20. september 2010, tölvupóst til (S)forstj, (S)frkvstj-millilandasv, (S)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-fjárm. Meðfylgjandi tölvupóstinum var skýrsla sem ber heitið „Magn- og tekjuáætlun 2011 Markaðsskýrsla“.³³³⁶ Var þetta til undirbúnings fundi (S)forstö-landfl með forstjóra og framkvæmdastjórum þar sem ræða átti um stefnumörkun og áætlun landflutninga Samskipa á árinu 2011.
6867. Í þessari skýrslu var lagt til grundvallar að Samskip myndu á árinu 2011 halda þáverandi mikilvægu viðskiptavinum í landflutningum. Kemur m.a. þetta fram í skýrslunni:
- „Áherslur Landflutninga í sölumálum á árinu 2011 munu helst snúast að því að halda núverandi viðskiptavinum í viðskiptum hjá fyrirtækinu. Ekki er gert ráð fyrir því að „dansað sé við sætu stelpurnar á ballinu“ og eins og fyrr segir er gert ráð fyrir að uppistaðan í viðskiptum Landflutninga á næsta ári séu núverandi viðskiptavinir.“*
6868. Samkeppniseftirlitið telur að með tilvísun til „sætu stelpurnar á ballinu“ sé átt við stóra og mikilvæga viðskiptavinum Eimskips í landflutningum og því lagt til grundvallar að ekki hafi átt að reyna með samkeppni að ná mikilvægum viðskiptavinum frá Eimskip.
6869. Samkvæmt þessu var byggt á sömu grundvallarstefnu hjá landflutningum og hjá land- og sjóflutningum Eimskips, sbr. umfjöllun í kaflanum hér að framan. Sama grundvallarstefna kemur fram í gögnum m.a. innflutningsdeildar Samskipa frá september 2010. Þannig er talið að það hafi verið gengið að því sem gefnu að Samskip myndi halda öllum helstu viðskiptavinum sínum og að ekki yrði reynt að ná mikilvægum viðskiptum frá Eimskip.
6870. Þá er að finna eftirfarandi töflu í skýrslunni þar sem Samskip draga upp helstu viðskiptavinum fyrirtækjanna tveggja í landflutningum eftir vöruflokkum. Taflan endurspeglar ríflega tvo þriðju hluta af heildarveltu fyrirtækjanna samkvæmt skýrslunni. Af myndinni má sjá hvernig stærstu viðskiptavinir í hverjum flokki fyrir sig skiptast á milli fyrirtækjanna.

³³³⁶ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Markaðsskýrsla 2011“. Titill: „Magn- og tekjuáætlun 2011“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. „Uppfærð skýrsla“. [...] Doc. ID. 0.7.33.783856.



| Atvinnugrein | Landflutningar | Flytjandi | | Ath. |
|--------------------------|-----------------|----------------|--|--|
| Ferskur fiskur á markaði | 60% | 40% | | |
| Bein viðskipti í ferskum | Grandi | Samherji | | |
| | | Brim | | |
| Frosinn fiskur | Iceland Seafood | Samherji/Brim | | |
| Matvörumarkaðurinn | Kaupás | Bónus | | Samkaup og Kaupás hafa trúlega stærri hlutdeild á landsbyggðinni |
| | Samkaup | | | |
| Heildsölur / Catering | ÍSAM | Ölgerðin | | Framleiðsla ÍSAM á Akureyri |
| | Garri | Natan / Ekran | | |
| | O.J. Kaaber | Innnes | | Innnes stærri en Kaaber |
| Grænmeti | Búr | Banar | | |
| | | Mata | | |
| Gosdrykkir | Vífilfell | Ölgerðin | | Framleiðsla Vífilfells á Akureyri |
| Sælgæti | Nói Sírius | Góa | | |
| Kjötframleiðendur | Norðlenska | Síld og fiskur | | Gæti verið 50/50 í aðkeyptum flutningi |
| | | SS | | Landfl. að höfuðborgarsv. - Flytjandi frá höfuðb. |
| | | Matfugl | | |
| Byggingavara | Húsasmiðjan | Byko | | Húsasmiðjan hefur stærra sölunet út á landi |
| Olíufélög | N1 | Skeljungur | | Landflutningar hafa um 70 - 80% af flutningum |
| | Olís | | | N1 og Olís. Þeir eru stærstir út landi |
| Annað | ÁTVR | IKEA | | |
| | Prómens | | | |

6871. Í skýrslu landflutninga Samskipa er einnig fjallað um Íslandspóst. Er Íslandspóstur sagður vera að sækja í sig veðrið og undirbúi sig með augljósum hætti undir frekari samkeppni. Segir í skýrslunni að landflutningar Samskipa hafi hafið átak meðal smærri fyrirtækja, en Íslandspóstur hafi náð sterkri stöðu á smápakkamarkaðnum. Að mati Samkeppniseftirlitsins veur þetta sérstaka athygli þar sem áhersla þessi er í algjöru samræmi við fyrirtælanir Eimskips á þessu sama tímabili, sbr. umfjöllun í kaflanum hér að framan. Vert er að rifja það upp að í kafla 8.7 er fjallað um fund **(S)frkvstj-innanl** og **(E)frkvstj-innanl** í júlí 2008. Í athugasemdum sínum staðfesta Samskip að sá fundur hafi átt sér stað og segja frá því að á þeim fundi hafi verið rætt um málefni Íslandspósts.
6872. Framangreind gögn frá landflutningum Samskipa endurspegla, að mati Samkeppniseftirlitsins, ólöglegt samráð Samskipa og Eimskips.
6873. Fjallað var um stefnumörkun og áætlun innflutningsdeildar Samskipa á árinu 2011 á fundi **(S)forstö-innfl1** með **(S)forstj**, **(S)frkvstj-millilandasv**, **(S)frkvstj-innanl** og **(S)frkvstj-fjárm**. Sá fundur, líkt og fundurinn varðandi landflutninga, var haldinn 20. september 2010. Skýrsla **(S)forstö-innfl1**, „Markaðsskýrsla Innflutningsdeildar 2011“ var lögð fyrir þennan fund æðstu stjórnenda Samskipa.³³³⁷
6874. Í skýrslunni segir á bls. 5:

„Við gerð áætlunarinnar voru magn og tekjur áætlað niður á 100 stærstu viðskiptavinum Samskipa og síðan voru aðrir viðskiptavinir áætlaðir í takt við áætlaða breytingu í þeirra vöruflokkum. Gert er ráð fyrir því að halda öllum núverandi viðskiptavinum Samskipa og engir nýjir viðskiptavinir voru áætlaðir inn.“

6875. Í kafla í skýrslunni sem ber heitið „Samkeppnin og umhverfið“ segir í undirkaflanum um áherslur í sölu:

„Áherslan í sölu árið 2011 ræðst að miklu leiti eftir því hvort að áframhaldandi ró haldist á innflutningsmarkaði. Gert er ráð fyrir að bæði Eimskip og Samskip haldi að sér höndum og leggi

³³³⁷ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Markaðsskýrsla Innflutningsdeildar 2011“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. „Fw: Gögn fyrir fundinn á morgun“. [...] Doc. ID. 0.7.33.783720.



áherslu á að hækka verð. Engu að síður verður áhersla lögð á að ná í meira magn frá þeim viðskiptavinum sem flytja með báðum aðilum auk þess sem mikil áhersla verður lögð á það að ná í sem mest að nýjum viðskiptum sem koma inn á markaðinn."

6876. Töldu Samskip þannig í raun enga samkeppnislega ógn stafa frá Eimskip í innflutningi. Að mati Samkeppniseftirlitsins endurspeglar þetta með skýrum hætti hið ólögsmæta samráð fyrirtækjanna.
6877. Þá segir í síðustu málsgrein umfjöllunar í kafla um áherslur í sölu, einnig á bls. 11:
„Ef ekki verður ró á innflutningsmarkaði gagnvart Eimskip og fyrirtæki færast frá Samskip yfir til Eimskip þá verður því svarað með því að ná í jafnmikil eða meiri viðskipti til baka“.
6878. Í skýrslunni er síðan að finna umfjöllun um áherslur Samskipa í samkeppni um innflutning í einstökum vöruflokkum. Þar birtist sama áhersla. Verður það nú rakið nánar.
6879. Varðandi innflutning á byggingavöru kemur fram að Húsasmiðjan sé stærsti viðskiptavinur Samskipa og Húsasmiðjan hafi sagt upp flutningasamningi sínum haustið 2010 og verði hann laus í janúar 2011. Segir síðan á bls. 12: *„Gert er ráð fyrir að samningurinn verði endurnýjaður á óbreyttum verðum. Samningur Samskip við BYKO er enn í gild og lítur út fyrir að þeir verði áfram hjá báðum skipafélögunum. Múrbúðin færði sig til Eimskipa og hafa haldið sig þar en áfram verður unnið í því að fá þá til Samskipa.“*
6880. Samkvæmt þessu lá fyrir að Húsasmiðjan hafði sagt upp flutningasamningi. Rétt er að rifja upp að í tölvupósti (S)forstj frá 29. júlí 2010 greindi hann frá því að Húsasmiðjan hefði sagt upp samningi við Samskip vegna „mikilla hækkana“. Af því leiðir að Samskip máttu gera ráð fyrir því að Húsasmiðjan væri að afla nýs samnings með lækkun í huga. Þrátt fyrir þetta lögðu Samskip til grundvallar í áætlun sinni fyrir árið 2011 að fyrirtækið myndi halda þessum mikilvæga viðskiptavinum í viðskiptum og þyrfti ekki að lækka verð gagnvart honum. Nánar verður fjallað um atvik tengd Húsasmiðjunni í kafla 14.34.
6881. Í áðurnefndu skjali (S)forstö-innfl1 frá september 2010 er að finna eftirfarandi í umfjöllun um innflutning á drykkjarvörum: *„Mikilvægt er að halda í núverandi viðskiptavinum, en nokkuð hefur borið á því að samkeppnin herji á samningsbundna millistóra viðskiptavinum með ýmsum gylliboðum, t.a.m. vöruhýsingu og fl.“*
6882. Í þessu skjali (S)forstö-innfl1 segir m.a. þetta um innflutning á húsgögnum: *„Gera má ráð fyrir að staða Rúmfatalagersins muni styrkjast, en það mun auka markaðshlutdeild Samskipa í þessum flokki. Samningur Samskipa við Rúmfatalagerinn var endurnýjaður árið 2010. Stærsti innflytjandi samkeppnisaðila í þessum flokki er IKEA, en þeir eru með flutningasamning við Eimskip sem losnar á fyrri hluta 2011. [...] Markmiðið er að halda þeirri markaðshlutdeild sem nú er og helst auka örlítið við hana. Möguleikar eru á að auka okkar hlutdeild hjá núverandi viðskiptamönnum s.s. BYKO og Húsgagnahöllinni og eins liggja möguleikar í flutningum frá Far East.“*
6883. Í kafla um innflutning á matvöru segir í skjali (S)forstö-innfl1 : *„Gert er ráð fyrir því að innflutningur í þessum vöruflokki aukist almennt um 3%, en það er í takt við spá um aukinn kaupmátt. Einnig er gert ráð fyrir því að Samskip haldi öllum núverandi viðskiptavinum sínum. Samningar við O Johnson & Kaaber, Garra, Kjarnavörur / Innbak, Nathan & Olsen / Ekruna og Samkaup eru allir opnir í lok árs 2010 og gert er ráð fyrir að framlengja við alla þessa aðila. Búist er við því að samningsverð OJK og Garra lækki töluvert í nýjum samningi. Samningur við Íslensk Ameríska, Nóa Síríus og Karl K Karlsson voru endurnýjaðir á árinu 2010 og gilda til næstu tveggja ára. Kaupás er með samning við Samskip og flytur meirihlutann með Samskip, en áætlað um 20% fari með Eimskip og verið er að vinna í að ná þeim flutningum til baka. Af viðskiptavinum Eimskips þá munu mun samningur þeirra við Aðföng opnast á árinu 2011 og einnig er samningur þeirra við Innes laus.“*



6884. Líkt og hjá Eimskip dregst hins vegar upp allt önnur mynd þegar rætt er um samkeppni um smærri viðskiptavinum. Í kafla um innflutning á matvöru segir t.a.m.: „Megin áherslur verða á að endurnýja opna samninga og skoða betur smærri aðila á markaðinum sem eru hjá samkeppnisaðilum okkar.“ Þá segir í skjalinu m.a. þetta um innflutning á búslöðum einstaklinga: „Á þessum markaði ríkir hörð samkeppni sérstaklega þegar tekið er tillit [til] þess að Eimskip hefur á síðustu misserum staðið fyrir öflugri markaðssetningu á fyrirtækinu bæði í sjónvarpi og dagblöðum. Það má því gera ráð fyrir því að þeir séu ofar í hugum einstaklinga sem þurfa á þjónustu skipafélags að halda. Mikilvægt er að bjóða persónulega- og faglega þjónustu, enda eru þeir sem kaupa þessa þjónustu, ekki sérfræðingar í fraktflutningum og munu því reiða sig á góða ráðgjöf og að sjálfsögðu hagstæð verð.“
6885. Til að kynna framangreinda skýrslu (S)forstö-innfl1 voru útbúnar hjá Samskipum glærur sem fundust í haldlögðum rafrænum gögnum og voru vistaðar undir nafninu „Magn- og tekjuáætlun 2011 kynning“.³³³⁸ Voru þessar glærur kynntar á umræddum fundi stjórnenda Samskipa sem haldinn var 20. september 2010.³³³⁹ Á glæru númer tvö eru forsendur þessarar rekstraráætlunar hjá Samskipum dregnar saman. Koma þær forsendur fram í níu liðum og þriðji og fjórði liður hljóða svo:
- ✓ Áætlað að halda öllum núverandi viðskiptavinum
 - ✓ Enginn nýr stór viðskiptavinur
6886. Þann 18. október 2010 sendi (S)forstö-innfl1 skjal til m.a. (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv og bar það heitið „Innflutningur – Rekstraráætlun 2011“.³³⁴⁰ Í þessari rekstraráætlun var m.a. lýst þeim verðhækkunum sem innflutningsdeild taldi sig geta náð fram á árinu 2011:
- „Gert er ráð fyrir 5% gjaldskrárhækkun á þjónustugjöldum innanlands þann 1. janúar 2011. Einnig er gert ráð fyrir 4% hækkun sjóflutningsgjalda og 3% hækkun þjónustugjalda í erlendum höfnum þann 1. júlí 2011.“
- „Lagt verður áhersla á það á árinu 2011 að halda öllum núverandi viðskiptavinum og reyna að hækka einingaverð í þeim samningum sem opnast á árinu. Í byrjun árs eru fjórir stórir samningar lausir, þ.e. Nathan & Olsen, Húsasmiðjan, Fóðurblandan og Elkem. Gert er ráð fyrir að halda öllum þessum viðskiptavinum. Reynt verður að ná fram hækkunum á Nathan & Olsen, Fóðurblanduna og Húsasmiðjuna, en markmiðið er að framlengja Elkem samninginn óbreyttan.
- Áhersla verður lögð á það á árinu að innheimta fyrir feeding þjónustu innan Þýskalands og frá Noregi. Forflutningsverð frá Helsinki verða hækkuð til að ná upp í kostnað, en þessi flutningur er niðurgreiddur í dag.
- Lögð verður áhersla á það að allir viðskiptavinir greiði fullt verð í erlendum höfnum og enginn afsláttur verður gefinn af collection fee. Auk þessa verður lögð áhersla á það að allir viðskiptavinir greiði fyrir alla þjónustubætti, þ.e. sjóflutning, BAF, uppskipun, öryggisgjald og heimakstur.“
6887. Umrædd rekstraráætlun (S)forstö-innfl1 var rædd á fundi hans með (S)forstj, (S)frkvstj-millilandasv, (S)frkvstj-innanl, (S)frkvstj-fjárm og (S)aðstmfrkvstj þann 21. október 2010. Síðar sama dag sendi (S)aðstmfrkvstj til (S)forstö-innfl1 „punkta af fundinum“.³³⁴¹ Í þeim kemur ekki fram að yfirstjórn Samskipa hafi gert athugasemdir við framangreindar forsendur í áætlun (S)forstö-innfl1 .

³³³⁸ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Magn- og tekjuáætlun 2011 kynning“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. „Gögn fyrir fundinn á morgun“. [...] Doc. ID. 0.7.33.783380.

³³³⁹ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Markaðsskýrsla Innflutningsdeildar 2011“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. „Fw: Gögn fyrir fundinn á morgun“. [...] ID. 0.7.33.783720.

³³⁴⁰ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Innflutningur – rekstraráætlun 2011“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.795514.

³³⁴¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.833854.



6888. Samráð Samskipa og Eimskips tók, eins og áður greinir, m.a. til skiptingar á markaði eftir viðskiptavinum. Viðskiptavinir Eimskips og Samskipa eru fjölmargir og samráð að þessu leyti sem tæki til þeirra allra væri afar erfitt í framkvæmd. Ólögmat markaðsskipting fyrirtækjanna beindist hins vegar að mikilvægum stærri viðskiptavinum því þeir skiptu langmestu máli fyrir afkomu fyrirtækjanna, sbr. t.d. kafla 6.3. Þannig var samráðið í raun auðvelt í framkvæmd þar sem um tiltölulega fáa viðskiptavini var að ræða. Markaðsskiptingin tók því ekki til smærri viðskiptavina.
6889. Þetta endurspeglast í ofangreindum gögnum (S)forstö-innfl1 . Þar er vísað til þess að samningar við afar mikilvæga viðskiptavini Eimskips væru lausir eða að losna, t.d. IKEA, Aðföng og Innses. Sökum markaðsskiptingar fyrirtækjanna var það hins vegar ekki stefna innflutningsdeildar Samskipa að reyna með samkeppni að ná slíkum viðskiptavinum keppinautarins til síns. Öðru máli gegndi t.d. um „smærri aðila á markaðinum sem eru hjá samkeppnisaðilum okkar“. Þá er vísað til samkeppni um „millistóra viðskiptavini“ og „hörð samkeppni“ sögð ríkja í búslóðaflutningum fyrir einstaklinga.
6890. Athygli vekur að í rekstraráætlun Samskipa er ekki að greina ótta við viðbrögð eða samkeppnisaðgerðir af hálfu Eimskips og þaðan af síður er í áætluninni gert ráð fyrir að Samskip verði að vera viðbúið því að bregðast við, og þá hvernig, ef Eimskip myndi ákveða að sækja á mikilvæga viðskiptavini fyrirtækisins.
6891. Framangreind áhersla á hækkun á verði og að viðskiptavinir greiði „fullt verð“ er einnig birtingarmynd á ólögmatu samráði Samskipa og Eimskips á þessum tíma.
6892. Þann 19. september 2010 sendi (S)forstö-útfli til (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv áætlun útflutningsdeildar fyrir árið 2011 ásamt glærुकynningu sem bar heitið „Útflutningur – Markaðskyning – Magn & Tekjuáætlun 2011“.³³⁴² Í þessari kynningu (S)forstö-útfli er að finna eftirfarandi glæur:

Samkeppnin & umhverfið

- Aukin samkeppni á markaði með tilkomu Blue Water
- Pressa á lækkingun einingarverða fyrir austan vegna Blue Water
- Ekki mikið varir við Eimskip á markaðnum þessa dagana
- Þó nokkrar áhyggjur yfir þeirra missi á heilum ferskum fiski
 - Gæti leitt til aukins áhuga þeirra á unnum ferskum afurðum
 - Samskip hefur verið með 70% markaðshlutdeild í þeim vöruflokk
- Samkeppnin heldur áfram að verðleggja sig of lágt
- Áframhald á samkeppni við bulk frystiskip

samskip

³³⁴² Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Kynning UTFL magn og tekju áætlun 2011“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.783290.



Áherslur í sölumálum 2011

- Halda núverandi markaðshlutdeild í öllum vöruflokkum nema bæta við í saltfiski. Auka magn frá Vísi sem og finna nýja viðskiptavini
- Vinna í því að hækka einingarverð á minni útflytjendur í fiskiflokkum
- Hækka einingarverð á vélum og tækjum
- Halda einingarverðum óbreyttum á stærri viðskiptavini
- Tryggja endurnýjun á samningum hjá mikilvægum viðskiptavinum
- Sporna við innkomu Blue Water á markaðinn, verðsamkeppni
- Styrkja núverandi tengsl við breiðari viðskiptamannahóp

samskip

6893. Blue Water vísar til fyrirtækisins Blue Water Shipping. Dótturfélag þess, Smyril Blue Water, leigði allt flutningarými í ferjunni Norænnu af Smyril Line og bauð upp á flutninga til og frá Íslandi í samkeppni við Eimskip og Samskip. Vísað er til Smyril Blue Water og Blue Water Shipping í einu lagi sem BWS.
6894. Einnig var minnst á BWS í glærुकynningu (S)forstj frá 9. febrúar 2010, sbr. nánar hér á eftir. Í henni töldu Samskip BWS vera með 1-3% markaðshlutdeild í útflutningi frá Íslandi.
6895. Samkvæmt þessum glærum (S)forstö-útl frá 19. september 2010 var það að hans mati hinn smái keppinautur, BWS, með 1-3% markaðshlutdeild, sem veitti samkeppni í útflutningi en ekki Eimskip (með 45-65% markaðshlutdeild samkvæmt glærum (S)forstj). Verkefnin hjá útflutningsdeild Samskipa á árinu 2011 fólust þannig m.a. í því að vinna gegn verðsamkeppni með því að „sporna við innkomu Blue Water á markaðinn“. Einnig átti að hækka verð eða vinna gegn verðlækkunum. Sú staðreynd að Samskip töldu sig ekki verða „mikið varir við Eimskip á markaðnum þessa dagana“ er að mati Samkeppniseftirlitsins til vitnis um samráð fyrirtækjanna og markaðsskiptingu á þessum tíma og gerði Samskipum það kleift að hafa að markmiði að hækka verð og vinna gegn samkeppni.
6896. Þann 16. október 2010 sendi (S)forstö-útl skjal til m.a. (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv og bar það heitið „Rekstraráætlun UTFL 2011 aðalskjal“.³³⁴³ Þar kemur m.a. fram að stefnt sé að eftirfarandi verðhækkunum á árinu 2011:

„1. Hækkun þjónustugjaldskrár innanlands um 5% 1. janúar 2011.

2. Hækkun þjónustgjalda erlendis frá og með 1. júlí 2011 um 3%.

3. Hækkun á sjófrakt um 4% 1 júlí 2011“

³³⁴³ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Rekstraráætlun UTFL 2011 aðalskjal“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.794934.



6897. Samkvæmt öllu framansögðu var uppi sama staða hjá útflutningsdeild Samskipa og hjá innflutnings- og landflutningadeild, þ.e. samráð við Eimskip í formi markaðsskiptingar og áhersla á að hækka verð.

14.32.3. Mun meiri samkeppni í Færeyjum heldur en á Íslandi

6898. Samtímagögn frá árinu 2010 sýna að mun meiri samkeppni var á flutningamarkaði í Færeyjum heldur en á Íslandi. Kemur þetta t.d. skýrt fram þegar áætlanir Samskipa í Færeyjum fyrir árið 2011 eru bornar saman við t.d. áætlun innflutningsdeildar Samskipa á Íslandi fyrir sama ár. Veitir þetta vísbendingu um samráðið hér á landi, sbr. nánar hér á eftir.

6899. Áætlun Samskipa í Færeyjum fyrir árið 2011 var send til (S)forstj og annarra stjórnenda Samskipa hf. í október 2010. Áður en vikið er að henni er rétt að fjalla um önnur gögn sem henni tengjast.

6900. Líkt og fram kemur í kafla 20.4.1.7 lýsti (S)frkvstj-Færeyj því yfir í árslok 2009 að baráttan í Færeyjum yrði að halda áfram eftir að fyrir lá að Smyril Line og BWS hefðu leyst úr ágreiningi sínum og endurnýjað samning sinn. Gögn frá árinu 2009 og eftirfarandi gögn frá haustinu 2010 sýna að Samskip hafi ákveðið að reyna að efla stöðu sína í Færeyjum með herferð gagnvart m.a. mikilvægum viðskiptavinum BWS. Ástæða er til að rekja þessi gögn hér.

6901. Yfirmaður Samskipa í Danmörku ((S)frkvstj-Skand) sendi tölvupóst til (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv þann 24. febrúar 2010. Í honum fjallaði hann m.a. um þá samkeppni sem Samskip í Færeyjum stóðu frammi fyrir á þessum tíma:

„As you know there is a price war going on in the Faroes and [(S)frkvstj-Færeyj] is struggling to hold on to his customers, he is constantly asked to lower his prices.“³³⁴⁴

6902. Í samræmi við þennan tölvupóst (S)frkvstj-Skand kemur fram í mánaðarskýrslu Eimskips í Færeyjum fyrir febrúar 2010 að verð í innflutningi hafi verið tölvuvert lægra en áætlað var. Önnur meginástæða þessa sé hörð verðsamkeppni („pressure on the price is increasing“).³³⁴⁵

6903. (S)forstj átti fund þann 3. mars 2010 með m.a. (S)frkvstj-Færeyj, (S)frkvstj-Skand og (S)frkvstj-Safari í Kaupmannahöfn. Í dagskrá sem (S)frkvstj-Skand sendi (S)forstj kom fram að á fundinum ætti m.a. að ræða verðstefnu innan Samskipa og gagnvart dótturfélaginu Safari. Einnig átti að ræða samkeppni við BWS og Eimskip í Færeyjum og marka stefnu að því leyti.³³⁴⁶

6904. Þann 28. september 2010 sendi (S)frkvstj-Færeyj tölvupóst til (S)forstj, (S)frkvstj-millilandasv og (S)frkvstj-Skand. Bar hann heitið „Price calc SBW target customers“ og í honum var fjallað um mögulegar samkeppnisaðgerðir til þess að ná mikilvægum viðskiptavinum BWS í viðskipti til Samskipa í Færeyjum.³³⁴⁷ Í kjölfarið áttu sér stað samskipti á milli (S)frkvstj-millilandasv og (S)frkvstj-Færeyj um verðstefnu Samskipa í Færeyjum og gerði JuL m.a. grein fyrir því að áhætta væri fólgin í því að breyta kjörum tiltekinna viðskiptavina Samskipa sökum þess að BWS gæti þá ráðist á („attack“) þá viðskiptavinum og reynt að ná þeim til sín. Einnig vildi (S)frkvstj-Færeyj fá leiðbeiningu um „herferðina“ („target“) gegn viðskiptavinum BWS. Í tölvupóstsamskiptum í kjölfarið veltu (S)frkvstj-Færeyj og (S)frkvstj-Skand því síðan fyrir sér hvort unnt væri að gera breytingar á kjörum til þess að auðvelda Samskipum í Færeyjum að ná til sín viðskiptavinum BWS. (S)forstj tjáði sig um þetta: „Hi - yes, if we are to compete against SBW then I think we need to re-think things over, and cant be stuck in our todays price structure....“³³⁴⁸

³³⁴⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.716071.

³³⁴⁵ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...]”. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.258151.

³³⁴⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.718340.

³³⁴⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.786532.

³³⁴⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.830462. [...] Doc. ID. 0.7.33.829924. Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.829933. Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.787443.



6905. Í þessari umræðu um hagstæð kjör gagnvart viðskiptavinum BWS í Færeyjum bað (S)frkvstj-Skand um viðhorf (S)forstö-innfl1 . (S)forstj svaraði hins vegar og sagði að það ætti ekki að blanda verðlagningu á Íslandi í umræður um samkeppni í Færeyjum:

„Hi - main thing here is that we adjust our pricing toward the competition in each local market we participate in, this has therefore nothing to do with pricing for Iceland service. We are not the market leader in Faroe and can therefore not set prices for the overall market.

We need to decide weather our main competition is with the containers, ie Faroe Ship, or with SBW, or with the both of them, which I would think the case is. We need to analyse their pricing structure and say how ours should be fitting in. I think we have had our services tarriffs way above the market and I have a very difficult time understanding that, as we have discussed many times."³³⁴⁹

6906. Framangreind gögn staðfesta að mun meira samkeppni var í Færeyjum heldur en á Íslandi á þessum tíma. Hvað færeyska markaðinn áhræfir var innan Samskipa rætt um „herferð“ gagnvart BWS til að efla stöðu fyrirtækisins. Jafnframt yrðu Samskip í Færeyjum að fara „afar varlega“ í það að breyta kjörum viðskiptavina því ella væri hætt á því að BWS myndi nýta tækifærið og bjóða betur. Staðan á Íslandi var allt önnur. Samskip höfðu eftir að „Nýtt upphaf“ verkefnið hófst lagt af öll áform um „herferð“ gagnvart Eimskip. Samráðið við Eimskip leyfði Samskipum ítrekað að hækka verð án þess að þurfa að óttast að Eimskip myndi með samkeppnisaðgerðum reyna að ná til sín mikilvægum viðskiptavinum fyrirtækisins. Endurspeglast þetta í framangreindum ummælum (S)forstj að ekki ætti að blanda verðlagningu á Íslandi í umræður um samkeppni í Færeyjum.

6907. Í samtímagögnum er að finna trúnaðarskýrslu Eimskips frá október 2010 um mögulegar breytingar á siglingakerfi fyrirtækisins.³³⁵⁰ Rætt er m.a. um siglingaáætlun skipsins Blikur og lagt mat á áhrif þess á nýtingu flutningarýmis Eimskips í út- og innflutningi frá Evrópu ef Blikur færi úr flota Eimskips. Einnig kemur fram að í Færeyjum geri viðskiptavinir skipafélaga meiri kröfur heldur en þeir íslensku og það stafi m.a. af mikilli samkeppni í Færeyjum:

„The demands from the Faroese market are higher than in Iceland, perhaps understandably since they are closer to their markets for both import and export and competition is fierce.“

6908. Samskip í Færeyjum tók saman áætlun fyrir árið 2011, líkt og gert var hjá Samskipum á Íslandi. Var hún send til yfirstjórnar Samskipa hf. 15. október 2010.³³⁵¹ Í kaflanum „Assumptions for the budget“ í skjalinu sagði:

„The market is challenging [svo]. Import has decreased to the lowest level in many years passing the 2004 level which „was“ the lowest measured in this study. The international financial crises lead to a heavy decrease in investments hitting all consumptions and production with vast power. The FO government maintained the „high“ cost level on the „fixed costs“ like administration and subsidies, resulting in a high deficit on the public finances. Then all major investments stopped and taxes have increased, leading to even less consumption and private investments. [...]

General for the FO import market is, that „no“ importer expects 2011 to differ in quantities from 2010.

Samskip has two competitors on the import.

- *Eimskip/Faroes Ship operates 3 vessels to/from FO. DET/GOD call FO on the way from IS to Europe and on the way back to IS. Leaving DK Friday afternoon being in FO Sunday allowing fresh cargo to be on the shelves Monday morning before 10:00. Not to say that Blikur also leaves empty*

³³⁴⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.787757.

³³⁵⁰ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Mark VI or similar SR – changes in the sailing system_draft_22_10_10.pdf“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.684064.

³³⁵¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.794116.



from AAR Friday afternoon to FO, being in FO Sun/Mon. As market leader Eimskip has had serious difficulties to increase prices to its large customers and the market as such. Any general price increase hits only 30% of their customers. The feeling is that there is a general pressure on the FS management in FO to increase prices, but they don't care as they are for [BWS] and Samskip „rubbing“ them for customers in the meantime.

- [BWS] rents the deck space on Norröna for 48 mill dkk for the year 2010, equal to 6,4 mill €. Not to say [BWS] is in heavy financial difficulties having spent all equity and much more than that. The mother company has guaranteed for its existence until July 2011. Question is if [BWS] will continue to rent the space on Norröna for this vast amount.”

6909. Síðan er í áætluninni fjallað um mikilvæga viðskiptavinum í innflutningi sem voru í viðskiptum við BWS og Eimskip: „Cargo for direct consumption has decreased a bit, but not „that“ much. Especially expensive, luxury goods are less imported. This hits the sales of white goods and furniture's, which are the volume cargo. [BWS] has complained heavily about this as they have the cargo for the big importers of this cargo: 360, Ide Möblar and Vöruhúsið while Skemman is with Eimskip.”

6910. Í áætluninni kemur síðan fram að Samskip ætluðu að auka markaðshlutdeild sína í innflutningi m.a. með því að ná til sín í viðskipti mikilvæga viðskiptavini frá BWS (Ide Möblar og Eikin) og frá Eimskip (Skemman). Er rætt um þessa viðskiptavinum keppinautanna sem „targets“. Samskip í Færeyjum treystu sér hins vegar ekki til þess að slá því föstu að það myndi takast að ná þessum viðskiptum yfir en það átti að reyna það:

„Samskip expects to gain Skemman from Eimskip and IDE and Eikin from [BWS] but it is not budgeted with.“

6911. Markmið innflutningsdeildar Samskipa í Færeyjum fyrir árið 2011 voru m.a. þessi:

„Increase all market shares to previous levels and beyond.“

„Gain more market share with Ide Möblar, Skemman, Eikin a.o.“

„Increase market share beyond the budget“

„Even not in the budget Samskip shall target these customers³³⁵² cargo. Target is 20 teus@week beyond budget“

6912. Í markmiðum fyrir útflutningsdeild Samskipa í Færeyjum var einnig lögð mikil áhersla á að auka markaðshlutdeild („Samskip shall gain back market share to [svo] and grow on any possible segment“). Segir að á árinu eigi markaðshlutdeildin að vera a.m.k. 12% og hækka í 20% á árunum 2012 og 2013.

6913. Hér ber að rifja upp fundargerð stjórnar Samskipa hf. vegna stjórnarfundar 25. október 2010 og glærukynninguna sem (S)forstj sendi stjórninni 19. nóvember 2010, sbr. kafla 14.33.4.6 og 14.33.7.2. Þar er annars vegar rætt um að „almennt sé rólegt“ á íslenska markaðnum en hins vegar að mikil samkeppni sé í Færeyjum. Í Færeyjum sé stefnt að „ambitious growth in share of market“. Á Íslandi væri lagt til grundvallar að Samskip héldu sínum mikilvægu viðskiptavinum.

6914. Framangreind áætlun Samskipa í Færeyjum fyrir árið 2011 er athyglisverð. Þar kemur fram að innflutningur til Færeyja hafi dregist verulega saman. Eimskip væri „market leader“ í Færeyjum og móðurfélagið á Íslandi hafi lagt að stjórnendum í Færeyjum að hækka verð. Eimskip í Færeyjum hafi hins vegar átt í erfiðleikum með að hækka verð gagnvart mikilvægum viðskiptavinum af ótta við samkeppni frá BWS og Samskipum. Samskip ætluðu sér að auka markaðshlutdeild sína í Færeyjum með herferð gagnvart viðskiptavinum BWS og Eimskips. Vegna óvissu um samkeppnisleg viðbrögð

³³⁵² Framangreindir mikilvægir viðskiptavinir BWS og Eimskips.



BWS og Eimskips treystu Samskip í Færeyjum sér ekki til að leggja til grundvallar að fyrirtækinu myndi takast að efla stöðu sína með þessum hætti. Var því ekki unnt að slá því föstu í áætluninni („not budgeted with“) að þetta myndi ganga eftir. Sýnir þetta að samkeppnisaðstæður í Færeyjum voru á þessum tíma verið verulega frábrugðnar því sem lýst var í gögnum sem tóku til Íslands.

6915. Í Færeyjum hafði samkeppni þau áhrif að bæði Samskip og Eimskip töldu erfitt og áhættusamt að hækka verð gagnvart mikilvægum viðskiptavinum þar. Gögn sem varða Ísland og rakin hafa verið í köflum hér að framan sýna allt aðrar aðstæður þar sem unnt var að slá því föstu í áætlunum að verð myndi hækka og að ekki yrði samkeppni um mikilvæga viðskiptavini. Er því ekki að undra að (S)forstj hafi þótt óþarft að horfa til Íslands í umræðu um samkeppnislega stefnumörkun í Færeyjum, sbr. tölvupóstinn frá 1. október 2010. Á Íslandi var „friður“ og „rólegt“ á markaðnum þrátt fyrir mikla efnahagsörðugleika og samdrátt í eftirspurn. Á Íslandi vildu Samskip t.d. ekki gera mikilvægum viðskiptavinum Eimskips (J. Rönning) tilboð þótt hann óskaði eftir því. Var því borið við að J. Rönning væri samningsbundinn Eimskip, sbr. kafla 14.22. Í Færeyjum var hins vegar rætt um metnaðarfulla herferð gagnvart viðskiptavinum keppinauta og um hættuna á „árásun“ frá þeim. Endurspeglar framangreindur munur á samkeppnisaðstæðum hér á landi annars vegar og Færeyjum hins vegar það samráð sem Samskip og Eimskip höfðu með sér hér á landi.
6916. Í kafla 20.6.2 er gerð grein fyrir glærum sem (S)stjórnarm-fjármstj sendi stjórn Samskipa Holding þann 7. desember 2010. Þar kemur fram að markaðshlutdeild og hagnaður Samskipa í Færeyjum hafi valdið vonbrigðum. Af glærुकynningu sem fjallaði um Samskip hf. í heild sinni, og fylgdi einnig með umræddum tölvupósti (S)stjórnarm-fjármstj til stjórnar Samskipa Holding, verður ráðið að veita ætti samkeppni í Færeyjum og auka þannig verulega hlutdeild Samskipa („an ambitious growth in share of market in the Faroe Islands ...“).

14.32.4. Samantekt

6917. Líkt og áður hefur komið fram er það mat Samkeppniseftirlitsins að markaðsskipting Samskipa og Eimskips hafi gert fyrirtækjunum kleift að leggja stefnu sem þessa til grundvallar þar sem fyrirtækin gátu hvort um sig lagt megináherslu á að halda uppi eða hækka verð til án samkeppnisviðbragða frá hinu fyrirtækinu. Þá er það jafnframt lýsandi fyrir samráðið að í áætlunum fyrir árið 2011 var helsta ógn Eimskips talin stafa frá nýjum keppinautum, einyrkjum og Íslandspósti. Samkeppni frá stærsta keppinautnum, Samskipum, er þar ekki talin með. Er þetta skýr birtingarmynd á hinu ólögmeta samráði Samskipa og Eimskips sem stóð yfir á þessum tíma.
6918. Á sama tíma sýna samtímagögn að Samskip og Eimskip töldu mun meiri samkeppni ríkja í Færeyjum heldur en á Íslandi. Eftir að viðræðulota Eimskips og Samskipa á árinu 2009 við BWS leiddi ekki til niðurstöðu tóku Samskip upp nýja stefnu í Færeyjum. Hún fólst í því að lækka þar verð og laga það að verði Eimskips. Á þeim grunni átti að fara í herferð og reyna að ná mikilvægum viðskiptavinum frá BWS. Ekki var talið óhætt að hækka verð gagnvart tilteknum viðskiptavinum Samskipa vegna samkeppni frá BWS og í umræðu um stefnumörkun í Færeyjum vildi (S)forstj ekki hafa hliðsjón af verðlagningu á Íslandi enda væru samkeppnisaðstæður ólíkar. Framangreind áætlun Samskipa í Færeyjum fyrir árið 2011 staðfestir að samkeppnisaðstæður í Færeyjum hafi á þessum tíma verið verulega frábrugðnar því sem lýst var í gögnum sem tóku til Íslands. Í Færeyjum hafði samkeppni þau áhrif að bæði Samskip og Eimskip töldu erfitt og áhættusamt að hækka verð gagnvart mikilvægum viðskiptavinum þar. Gögn sem varða Ísland og rakin hafa verið í ákvörðun þessari sýna allt aðrar aðstæður þar sem unnt var að slá því föstu í áætlunum að verð myndi hækka og að ekki yrði samkeppni um mikilvæga viðskiptavini. Endurspeglar framangreindur munur á viðbrögðum fyrirtækjanna hér á landi annars vegar og Færeyjum hins vegar það samráð sem Samskip og Eimskip höfðu með sér hér á landi.
6919. Þegar á allt er litið byggja Samskip á því í athugasemdum sínum að áætlanir fyrirtækisins sýni, séu þær virtar með heildstæðum hætti, að engin áform hafi verið uppi um samráð við Eimskip. Þessi gögn staðfesti að virk samkeppni hafi ríkt á markaðnum og að áform Samskipa hafi verið að keppa



áfram af fullum krafti, sbr. mgr. 1633-1641 í athugasemdum við AI og mgr. 1030-1037 í athugasemdum við AII.

6920. Þessar athugasemdir Samskipa geta ekki haggð mati Samkeppniseftirlitsins. Um þessi sjónarmið Samskipa og önnur þau sem tengjast áætlunum fyrirtækisins er fjallað í kafla 26.32.

14.33. Röð funda lykilstjórnenda og önnur atvik í október 2010 – mars 2011

6921. Í kafla 13 er gerð grein fyrir samskiptum stjórnenda Samskipa og Eimskips á m.a. árinu 2010. Hér ber að rifja upp að golfhópur (S)forstj og (E)forstj spilaði saman golf sumarið 2010 og fór dagana 27. – 29. ágúst 2010 saman í skemmtiferð til Bretlands. (S)forstö-útlfi hitti yfirmann Eimskips í Þýskalandi, (E)frkvstj-Þýskal, í Hamborg í bæði maí og nóvember 2010. (S)forstj og (E)frkvstj-alþj sv snæddu saman kvöldverð 3. desember 2010 og (S)forstö-útlfi þáði boð um kvöldverð á heimili (E)forstj 2. janúar 2011.

6922. Í október 2010 hófst röð funda lykilstjórnenda Samskipa og Eimskips sem báru ábyrgð á sjóflutningum fyrirtækjanna. Þannig fundaði (E)forstö-innfl með Samskipum (líklega (S)forstö-innfl1) í byrjun október 2010. Í kjölfarið hittust (E)frkvstj-sala/þj, (E)forstö-innfl, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 á fimm fundum frá október 2010 til mars 2011. Til viðbótar funduðu (E)frkvstj-sala/þj og (S)frkvstj-millilandasv í nóvember 2010 og ræddu saman í síma í desember 2010. (S)forstö-útlfi skipulagði fund (S)frkvstj-N-Am með (E)forstj og (E)frkvstj-skiparekst og var sá fundur haldinn í Bandaríkjunum í nóvember 2010. Þá liggja fyrir gögn um tölvupóstsamskipti og tilvísanir í símtöl milli stjórnendanna. Gerð er grein fyrir öðrum beinum samskiptum Samskipa og Eimskips á þessum tíma í kafla 13.

6923. Samtímagögn sýna að í þessum samskiptum fyrirtækjanna í október-nóvember 2010 var m.a. rætt um þann þátt „Nýtt upphaf“ verkefnisins sem sneri að „Slotsamning[um] í siglingakerfinu“, þ.e. áframhaldandi og eftir atvikum aukið samstarf í sjóflutningum til og frá Íslandi. Eins og rökstutt er m.a. í kafla 11.5 hafði „Nýtt upphaf“ verkefnið að markmiði að raska samkeppni í skilningi samkeppnislaga. Af þessu leiðir að framangreind samskipti umræddra stjórnenda Samskipa og Eimskips sem vörðuðu umræddan verkþátt í „Nýtt upphaf“ verkefninu fólu í sér ólögmetar samstilltar aðgerðir. Þá ber að hafa í huga að þegar (S)frkvstj-millilandasv og (E)frkvstj-sala/þj funduðu eða ræddu saman í síma var um að ræða samskipti framkvæmdastjóra sem báru ábyrgð gagnvart forstjórum sínum á verðlagningu og öðrum samkeppnisþáttum í sjóflutningsþjónustu Samskipa og Eimskips.

6924. (S)frkvstj-millilandasv og (E)frkvstj-sala/þj undirrituðu tvo ólögmetar samninga þann 9. desember 2010, þ.e. nýtt „neyðarsamkomulag“ annars vegar um Evrópuflutninga og nýtt samkomulag um sjóflutninga milli Íslands og Norður-Ameríku hins vegar. Verður þeim samningum og aðdraganda þeirra lýst hér á eftir, eftir því sem tilefni er til en um það er jafnframt fjallað í kafla 16, þar sem nánar er fjallað um samráð Samskipa og Eimskips í sjóflutningum á rannsóknartímabilinu. Hér á eftir sem og í kafla 16 er einnig fjallað um það að með endurnýjuðum samningi fyrirtækjanna um Norður-Ameríku flutninga var samstarf fyrirtækjanna aukið í samræmi við markmið „Nýtt upphaf“ verkefnisins. Þannig fólst í því aukið samstarf tengt gámanotkun (lán, leigu og flutning á gámum). Í stað þess að um helmingur þeirra gáma sem Samskip notuðu í þessum flutningum væri frá Eimskip yrði það meginregla að Samskip myndu alfarið nota gáma frá Eimskip. Ef Eimskip gæti hins vegar ekki útvegað gáma fyrir Samskip var Eimskip skylt að greiða Samskipum gjald með þeim hætti sem lýst er í sk. „hliðarsamningi“.

6925. Varðandi aukið samstarf Eimskips og Samskipa í sjóflutningum verður einnig að hafa í huga að (E)frkvstj-sala/þj og (S)frkvstj-Jóna áttu í ítrekuðum samskiptum haustið 2009. Í kjölfarið margfölduðust flutningar Eimskips fyrir Jóna, sbr. kafla 16.6. Tengdist þetta samráði fyrirtækjanna í tengslum við breytingar á siglingakerfum þeirra og takmörkun á flutningsgetu seinni hluta árs 2008 og var þetta hluti af „Nýtt upphaf“ verkefninu.



6926. Þegar framangreind samskipti lykilstjórnenda Samskipa og Eimskips áttu sér stað haustið og veturinn 2010 sýna gögn málsins (ekki síst þau sem stafa frá (S)forstö-innfl1 og (E)frkvstj-sala/þj/(E)forstö-innfl) að Samskip og Eimskip virtu áfram markaðsskiptinguna sem komst á árið 2008 þegar mikilvægir viðskiptavinir leituðu betri kjara. Gerði þetta fyrirtækjunum áfram kleift að leggja mikla áherslu á hækkun á verði og að ná fram verðhækkunum gagnvart mikilvægum viðskiptavinum. Samskip og Eimskip hækkðu t.a.m. bæði gjaldaliði og bættu við nýjum gjöldum í gjaldskrár fyrirtækjanna snemma á árinu 2011.
6927. Hér á eftir verður gerð grein fyrir samtímagögnum sem sýna þetta og jafnframt vísað til atvika í öðrum köflum þar sem lýst er atburðarrás m.a. haustið 2010 vegna endurnýjunar samninga við mikilvæga viðskiptavini eins og t.d. OJK, Húsasmiðjuna og Innnes. Þá verða samskipti Eimskips og Samskipa rakin og sýnt fram á áframhaldandi áherslu og framkvæmd fyrirtækjanna beggja á hækkun verðs í aðdraganda þess að umræddir samningar voru undirritaðir. Einnig er fjallað um önnur samtímagögn sem sýna áframhaldandi samfelldan „fríð“ og „ró“ á markaðnum.

14.33.1. Atriði til að hafa í huga

6928. Áður en vikið er að atvikum frá október 2010 og áfram er gagnlegt að rifja stuttlega upp samstarf Samskipa og Eimskips í sjóflutningum og viðræður fyrirtækjanna á síðari hluta ársins 2008 um m.a. „útvíkkað neyðasamkomulag“ og aukið samstarf í Norður-Ameríku flutningum.

14.33.1.1. Norður-Ameríku og Evrópusamráðið

6929. Í kafla 5.4 hér að framan var gerð grein fyrir því að þann 30. nóvember 2001 undirrituðu Eimskip og Samskip það sem fyrirtækin nefndu „Trúnaðarmál Neyðarsamkomulag“. Það átti að taka til „gámaflutninga með skipum félaganna“ sem „skapast vegna bilana skips, strands og annarra svipaðra óviðráðanlegra orsaka.“ Í nefndum kafla er því hins vegar lýst að gögn málsins sýna að gildissvið samningsins var mun rýmra. Tók samningurinn ekki aðeins til flutninga vegna óviðráðanlegra orsaka heldur einnig til „venjulegra flutninga“ milli Evrópu og Íslands, þ.e. til almennra flutninga fyrirtækjanna. Fór þessi samningur Eimskips og Samskipa gegn 10. gr. samkeppnislaga. Var þessi ólögmæti samningur um Evrópuflutninga ennþá í framkvæmd þegar „Nýtt upphaf“ verkefni Eimskips og Samskipa hófst í júní 2008.
6930. „Neyðarsamkomulaginu“ var haldið leyndu fyrir samkeppnisyfirlöndum. Fóru Eimskip og Samskip t.d. ekki að fyrirmælum skv. ákvörðun samkeppnisráðs nr. 11/2003 um að tilkynna samkeppnisyfirlöndum um „alla samninga“ sem fyrirtækin gerðu sín á milli og um breytingar á þeim. Einnig fóru fyrirtækin gegn samskonar fyrirmælum sem fram komu í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 46/2009.
6931. Með umræddri ákvörðun samkeppnisráðs nr. 11/2003 var Eimskip og Samskipum veitt, með heimild í þágildandi 15. gr. samkeppnislaga, undanþága frá samráðsbanni 10. gr. laganna vegna samnings sem fól í sér að Eimskip tók að sér flutninga fyrir Samskip milli Íslands og Norður-Ameríku, sbr. kafla 5.8.1. Segir í ákvörðunarorði að undanþágan skyldi gilda til 31. ágúst 2004. Þrátt fyrir að undanþága frá banni 10. gr. samkeppnislaga hefði fallið úr gildi í lok ágúst 2004 héldu Eimskip og Samskip áfram sama samstarfi og var það ólögmæta samstarf fyrir hendi í byrjun júní 2008 þegar „Nýtt upphaf“ verkefnið hófst.
6932. Samskip og Eimskip voru saman með 100% markaðshlutdeild í sjóflutningum milli Íslands og Norður-Ameríku. Samskip buðu upp á þá flutninga með tvenns konar hætti. Annars vegar í samstarfi við Eimskip sem fólst í því að Samskip keyptu rými í skipi Eimskips sem sigldi milli Íslands og Norður-Ameríku. Hins vegar fluttu Samskip vörur til og frá Norður-Ameríku með viðkomu á meginlandi Evrópu („Trans Atlantic“ (TA) flutningar), þ.e. með eigin skipum milli Íslands og Evrópu og með öðrum flutningsaðilum en Eimskip milli Evrópu og Norður-Ameríku.



6933. Samtímagögn sýna að samstarf Samskipa og Eimskips vegna flutninga milli Íslands og Norður-Ameríku hafði á árinu 2008 litla rekstrarlega þýðingu, jafnt fyrir Eimskip og Samskip, og að óánægja hefði verið með samstarfið sem slíkt innan Eimskips, sbr. kafla 7.2.1.1. Lýsandi dæmi um þetta er að þann 2. júní 2008 var **(S)forstj** með til skoðunar að hætta þessu samstarfi við Eimskip og sinna Norður-Ameríku flutningum alfarið með TA flutningum.³³⁵³ Hefði **(S)forstj** framkvæmt þetta er ljóst að samkeppnislegt sjálfstæði Samskipa gagnvart Eimskip hefði aukist. Þetta var ekki framkvæmt enda miðaði „Nýtt upphaf“ verkefnið, sem hófst nokkrum dögum síðar, að auknu samstarfi Samskipa og Eimskips í m.a. sjóflutningum.

14.33.1.2. Samskipti á árunum 2008-2009 og „Nýtt upphaf“ verkefnið

6934. **(E)frkvstj-alþj**sv vistaði glærुकyninguna um „Verkefnið Nýtt upphaf“ þann 8. júní 2008 og **(E)forstj** daginn eftir. Samkvæmt glærunum með heitinu „Slotsamningar í siglingakerfinu“ átti mögulegt aukið samstarf Eimskips og Samskipa í sjóflutningum að taka bæði til Evrópu flutninga og Norður-Ameríku flutninga. Líkt og fram kemur á upphafsglærunum var búið að „ákveða“ að fara í samvinnuverkefni sem samkvæmt glærunum og öðrum samtímagögnum fólst m.a. í skoðun fyrirtækjanna á mun viðameira samstarfi heldur en hafði falist í fyrri samningum Eimskips og Samskipa um Norður-Ameríku flutninga og „neyðarsamkomulaginu“ frá árinu 2001. Þannig var ákveðið að eiga í upplýsingaskiptum og meta aukið samstarf í formi ólögmætrar markaðsskiptingar (skipting eftir höfnum) og ólögmætrar takmörkunar á flutningsgetu (fækkun/minni skip). Samtímagögn sýna að einnig átti að taka til athugunar að Samskip myndu draga úr TA flutningum milli Íslands og Norður-Ameríku og flytja meira magn með skipum Eimskips, sbr. tölvupóst **(E)forstj** til **(E)frkvstj-flutnkerf** dags. 27. júní 2008 og umfjöllun hér á eftir.

6935. Eins og rökstutt er í kafla 11 hafði „Nýtt upphaf“ verkefnið að markmiði að raska samkeppni í skilningi 10. gr. samkeppnislaga. Öll samskipti Samskipa og Eimskips þar sem unnið var eða rætt um „Nýtt upphaf“ verkefnið fóru því gegn 10. gr. samkeppnislaga.

6936. Í kafla 8 og áfram er ítarlega lýst atvikum sem áttu sér stað eftir fund **(S)aðaleig-stjform-SH**, **(S)forstj**, **(E)forstj** og **(E)stjform** 6. júní 2008. Sýna gögnin að í kjölfar þessa fundar hófust regluleg samskipti milli lykilstjórnenda Samskipa og Eimskips sem miðuðu m.a. að því að ná fram hinu samkeppnishamlandi markmiði „Nýtt upphaf“ verkefnisins. Jafnframt voru tekin saman gögn þar sem komu fram tillögur um leiðir að þessu markmiði. Rétt er að tæpa á nokkrum atriðum sem varða sjóflutninga sérstaklega:

- **(E)frkvstj-flutnkerf** og **(S)frkvstj-millilandasv** var falið að leiða viðræður Eimskips og Samskipa um aukið samstarf í sjóflutningum. Voru þetta framkvæmdastjórar sem báru m.a. ábyrgð á siglingakerfum fyrirtækjanna sem þeir stýrðu. Hittust **(E)frkvstj-flutnkerf** og **(S)frkvstj-millilandasv** ítrekað á fundum og áttu í öðrum samskiptum. Til viðbótar sátu þessa fundi forstöðumenn innflutningsdeilda Eimskips og Samskipa, **(E)forstö-innfl** og **(S)forstö-innfl1**. Þá sat forstjóri Eimskips á Íslandi, **(E)frkvstj-EimÍsl**, einnig. Voru þannig staddir saman á fundum stjórnendur Eimskips og Samskipa sem báru ábyrgð á siglingakerfum, verðlagningu og öðrum samkeppnisþáttum í sjóflutningum fyrirtækja sem saman voru með gríðarlega sterka stöðu á viðkomandi mörkuðum.
- **(E)forstj** fundaði með framkvæmdastjóra Samskipa í Norður-Ameríku, **(S)frkvstj-N-Am**, þann 25. júní 2008 og beindi þann 27. júní 2008 þeirri hugmynd til **(E)frkvstj-flutnkerf** að Eimskip myndi biðja Samskip um að hætta að keppa í TA flutningum til og frá Norður-Ameríku og notast þess í stað alfarið við skip Eimskips. Jafnframt ætti að hækka verð í þessum beinu flutningum milli

³³⁵³ Eins og fram hefur komið er unnt er að flytja farm til og frá Norður-Ameríku með tvennum hætti. Annars vegar með beinum siglingum Eimskips til og frá Íslandi og hins vegar með siglingum til t.d. Rotterdam og þaðan til Norður-Ameríku (svonefndir „Trans-Atlantic“ flutningar eða TA flutningar)



Íslands og Norður-Ameríku. Sem fyrr segir leiddi (E)frkvstj-flutnkerf framangreindar viðræður við (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 .

- Gögnin sýna eftirfarandi fundi eða samtöl m.a. (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstö-innfl, (E)frkvstj-EimÍsl, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 :
 - o (S)frkvstj-millilandasv var í fríi 19. júní 2008 en undirmaður hans, (S)forstö-flutnstj, átti í viðræðum við (E)frkvstj-flutnkerf þann dag.
 - o (E)frkvstj-flutnkerf greindi (E)forstj þann 3. júlí 2008 frá samskiptum við Samskip.
 - o (E)frkvstj-flutnkerf og (S)frkvstj-millilandasv ræddu saman í 28. viku ársins 2008 vegna samráðs í sjóflutningum. Talið er að það hafi verið 9. júlí 2008.
 - o (S)forstj og (S)aðaleig-stjform-SH funda þann 25. júlí 2008 með a.m.k. (E)stjform.
 - o 27. ágúst 2008: Samtal (S)forstö-innfl1 og (E)forstö-innfl.
 - o 5. september 2008: Fundur (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)forstö-innfl, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 .
 - o 1. október 2008: Samtal (S)frkvstj-millilandasv og (E)frkvstj-EimÍsl.
 - o 6. október 2008: Fundur (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)forstö-innfl, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 .
 - o 15. október 2008: (S)forstö-innfl1 ræddi við Eimskip, líklegast (E)forstö-innfl.
 - o 16. október 2008: Samtal (S)forstö-innfl1 og (E)forstö-innfl.
 - o 22. október 2008: Fundur (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-útfli, K(S)viðskstj1, (E)frkvstj-innanl og (E)svæðisstj1.
 - o 17. nóvember 2008: Samtal (S)forstö-innfl1 og (E)forstö-innfl.
 - o 4. desember 2008: Fundur (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)forstö-innfl, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 .
 - o 10. desember 2008: Samtal (S)forstö-innfl1 og (E)frkvstj-EimÍsl.
 - o 23. desember 2008: Fundur (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)forstö-innfl, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 .
 - o 7. janúar 2009: Fundur (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)forstö-innfl, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 .

6937. Eimskip og Samskip upplýstu Samkeppniseftirlitið ekki um framangreind samskipti m.a. (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)forstö-innfl, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 . Voru þannig ekki t.d. afhent samtímagögn, t.d. fundargerðir eða minnispointar, sem sýna hvað rætt hefði verið á þessum fundum. Upptalningin hér að framan er ekki tæmandi. Þar eru t.d. ekki taldir með fjölmargir tölvupóstar sem (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl, eða (E)forstö-innfl sendu (S)frkvstj-millilandasv eða (S)forstö-innfl1 eða öfugt á árinu 2008. Þá eru ekki taldir með fundir eða önnur samskipti sem miðuðu að öðrum þáttum „Nýtt upphaf“ verkefnisins.

6938. Samskip hafa staðhæft að í framangreindum samskiptum (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)forstö-innfl, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 hafi eingöngu verið rætt um endurnýjun á Norður-Ameríku samningnum. Þetta er ekki í samræmi við samtímagögn og sátt Eimskips frá 16. júní 2021. Samkeppniseftirlitið hefur einnig bent á að á árinu 2008 voru Samskip ekki með nein skip



í beinum siglingum milli Íslands og Norður-Ameríku og samstarfið á þessari siglingaleið fólst m.a. í því að Samskip nýttu sér skip Eimskips. Þegar horft er á Norður-Ameríku samstarfið einangrað fæst ekki séð hvaða erindi eða hlutverki yfirmenn á sviði siglingakerfa, (E)frkvstj-flutnkerf og (S)frkvstj-millilandasv, gegndu í viðræðum um endurnýjun þess. Jafnframt ber að árétta lítið efnahagslegt vægi Norður-Ameríku samstarfs Eimskips og Samskipa á þessum tíma. Skipan samninganefnda Eimskips og Samskipa (einn forstjóri, tveir framkvæmdastjórnar og tveir forstöðumenn) og umfang samskipta viðkomandi lykilstjórnenda fyrirtækjanna var þannig í engu samhengi við takmarkað efnahagslegt eða fjárhagslegt vægi umrædds samstarfs fyrirtækjanna, sbr. nánari umfjöllun í kafla 8.15.5.

6939. Framangreind skipan samninganefndarinnar og mikil samskipti eru hins vegar rökrétt þar sem tilgangur þeirra var að ræða aukið samráð tengt sjóflutningum í samræmi við markmið „Nýtt upphaf“ verkefnisins. Norður-Ameríku samstarfið var aðeins einn hluti af samráðinu.

6940. Samtímagögnin sýna þetta skýrt. Í minnisblaði (S)frkvstj-millilandasv, dags. 8. júlí 2008, eru settar fram tillögur að víðtæku auknu samstarfi Eimskips og Samskipa í sjóflutningum, samnýtingu kerfa og breytingu siglingakerfa. Var efni minnisblaðsins í fullu samræmi við efni og markmið samráðsverkefnis fyrirtækjanna á þessum tíma. Hér skipta einnig máli gögnin sem (S)forstj fékk send frá undirmanni (S)frkvstj-millilandasv kvöldið fyrir fundinn með Eimskip 25. júlí 2008. Hið sama gegnir um gögnin sem (S)frkvstj-millilandasv tók saman rétt fyrir eða rétt eftir fundina með (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-Eimísl. Lýsa þessi gögn ýmiskonar hugmyndum og tillögum sem fólu í sér aukið samráð Samskipa og Eimskips í tengslum við breytingar á siglingakerfum og takmörkun á flutningsgetu fyrirtækjanna. Einnig var fjallað um aukið samstarf í gámanotkun/stýringu. Til að auka verulega samstarf í sjóflutningum lagði (S)frkvstj-millilandasv til í tölvupósti til (E)frkvstj-flutnkerf 15. október 2008 að gerður yrði „almennur slot sharing samningur“ milli fyrirtækjanna og (E)frkvstj-flutnkerf kvað Eimskip vera tilbúið að „skoða allt“. Átti í þessu skyni að breyta „neyðarsamkomulaginu“ frá 2001 og útvíkka gildissvið þess verulega (nefnt „útvíkkað neyðarsamkomulag“). Á fundi (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstj, (S)forstö-innfl1, (S)forstö-útf1, (S)forstö-skiparek og (S)forstö-flutnstj 15. október 2008 var enn á ný rætt um aukið samstarf við Eimskip og var (S)forstö-innfl1 þar falið að ræða við Eimskip um „almennt slotverð hjá þeim“, sbr. tölvupóst (S)forstj til (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-útf1, (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-skiparek sama dag. Í tölvupósti (S)frkvstj-N-Am til (S)forstj, (S)forstö-innfl1 og (S)frkvstj-millilandasv sama dag kom fram að Samskip hefðu í Norður-Ameríku flutningum:

„stefnt allri frakt á Eimskip þar sem hagur heildarinnar ræður för“.

6941. Samkvæmt þessu samtímagagni yfirmanns Samskipa í Norður-Ameríku hafði fyrirtækið stefnt frakt Samskipa í skip Eimskips (í stað þess að flytja fraktina með TA flutningum). Var þetta í samræmi við „Nýtt upphaf“ verkefni fyrirtækjanna á þessum tíma um aukið samstarf. Einnig ræddu Eimskip og Samskip á þessum tíma um að Samskip myndu flytja fyrir Eimskip frá Reyðarfirði til Færeyja og Eimskip fyrir Samskip frá Reykjavík til Færeyja.

6942. Mikilvægur áfangi í „Nýtt upphaf“ verkefni Eimskips og Samskipa náðist í október/nóvember 2008 þegar bæði fyrirtækin breyttu siglingakerfum og takmörkuðu flutningsgetu í áætlunarsiglingum tengdum Íslandi. Þessu tengdu tók samráð fyrirtækjanna einnig til samninga og samstarfs vegna t.d. flutninga fyrir Alcoa, gámasamvinnu, slotsamnings vegna samstarfs í sjóflutningum milli Reyðarfjarðar og Reykjavíkur, Færeyja og Íslands o.fl., sjá hér kafla 8-10.

6943. Á tímabilinu júní 2008 til janúar 2009 áttu framkvæmdastjórnar og lykilstarfsmenn Samskipa og Eimskips, (S)frkvstj-innanl, (E)frkvstj-innanl, (S)frkvstj-millilandasv, (E)frkvstj-flutnkerf, (S)forstö-innfl1, (E)forstö-innfl, (S)forstö-útf1 og (E)forstö-útf1 í ítrekuðum samskiptum. Samhliða samskiptunum unnu þeir að undirbúningi og framkvæmd verðhækkana. Af samtímagögnum verður skýrt ráðið að verðhækkun annars fyrirtækisins fól ekki í sér viðbrögð þess við verðhækkun hins fyrirtækisins, enda hófst undirbúningur þeirra á sama tíma og löngu áður en tilkynnt var um fyrstu



verðhækkun eftir upphaf samráðsverkefnisins. Þá var verðhækkun fyrirtækjanna mikil að umfangi og skörp (jafnvel tugir eða yfir hundrað prósent). Um þetta er nánar fjallað í kafla 10.

6944. Á sama tíma og allt framgreint átti sér stað unnu (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstö-innfl, (E)frkvstj-Eimísl, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 samhliða að þeim þætti „Nýtt upphaf“ verkefnisins sem tók m.a. til áframhaldandi og aukins samstarfs í flutningum á milli Íslands og Norður-Ameríku. Á fundi þeirra 7. janúar 2009 var undirritaður nýr samningur um flutninga milli Íslands og Norður-Ameríku. Samtímagögn sýna að aðgerðir og samskipti framangreindra stjórnenda fyrirtækjanna gengu m.a. út á að halda fyrir „utan“ samninginn auknu samstarfi, fyrirkomulagi og áframhaldandi vinnu við „Nýtt upphaf“ verkefnið eftir undirritun samningsins, sbr. kafla 10.6.2.
6945. Samningurinn var undirritaður þrátt fyrir aðvaranir innan Eimskips enda var vitneskja um samráðið aðeins á vitorði ákveðinna starfsmanna fyrirtækisins. Þannig gagnrýndi (E)deildstj-útf1, deildarstjóri útflutnings hjá Eimskip, samninginn við yfirmenn sína, (E)forstj og (E)frkvstj-alþjsv, þann 24. maí 2008, sbr. kafla 7.2.1.1. Bæði gagnrýndi hann lága framlegð Eimskips af samningnum, ásamt því að Samskip gætu sótt á viðskiptavini Eimskips á þessari siglingaleið („gætu farið í alla okkar kúnna [...]“). Hafa ber í huga að (E)forstj og (E)frkvstj-alþjsv voru í vinnuhópi „Nýtt upphaf“ verkefnis Eimskips og Samskipa og að verkefnið og kynningin fannst vistuð í tölvugögnum og á verkefnalistum þeirra, ásamt því að samtímagögn sýna aðkomu þessara æðstu stjórnenda að samskiptum við Samskip og framkvæmd á auknu samstarfi fyrirtækjanna. Þessi þættir voru ekki á borði (E)deildstj-útf1.
6946. Þrátt fyrir alvarleg aðvörunarorð (E)deildstj-útf1 hélt Eimskip áfram samstarfi við Samskip vegna flutninga milli Íslands og Norður Ameríku, og virtu fyrirtækin markaðsskiptingu um mikilvæga viðskiptavini m.a. á þessari siglingaleið. Norður-Ameríku samstarfið var hluti af samráðsverkefninu og ljóst að Eimskip taldi heildarhagsmunum fyrirtækisins af samráði við Samskip betur borgið með áframhaldandi samstarfi í Norður-Ameríku flutningum, þrátt fyrir þá ágalla af samstarfinu sem (E)deildstj-útf1 benti (E)forstj og (E)frkvstj-alþjsv á.
6947. Þýðingu hefur í þessu samhengi að (S)forstj varð heldur ekki við ósk (S)forstö-innfl1 um að dregið yrði úr samvinnu við Eimskip vegna flutninga fyrir Jóna. Að mati Samkeppniseftirlitsins voru það líkt og hjá (E)forstj heildarhagsmunirnir af samráðinu sem réðu ákvörðun (S)forstj.
6948. Þann 26. janúar 2009 sendu Samskip og Eimskip erindi til Samkeppniseftirlitsins og óskuðu eftir undanþágu frá banni 10. gr. samkeppnislaga vegna samningsins frá 7. janúar 2009, sbr. þágildandi 15. gr. laganna. Í framangreindu erindi Samskipa og Eimskip frá 26. janúar 2009 var því haldið fram að þessi samvinna fyrirtækjanna í Norður-Ameríku flutningum myndi hafa jákvæð áhrif á samkeppni. Hún myndi gera Samskipum betur kleift að keppa við Eimskip. Var staðhæft að markmið „umbjóðenda okkar með samningnum er að samkeppni ríki á viðkomandi markaði reglubundinna beina sjóflutninga milli Íslands og Norður-Ameríku, til hagsbóta fyrir neytendur.“
6949. Með ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 46/2009, dags. 22. desember 2009, var samningi Samskipa og Eimskips frá 7. janúar 2009 veitt undanþága frá samráðsbanni 10. gr. samkeppnislaga. Sú undanþága gildi til 31. desember 2010.
6950. Eimskip og Samskip veittu í umræddri undanþágubeiðni engar upplýsingar um allt það ólögmeata samstarf sem hafði átt sér stað fram til 26. janúar 2009 og lýst hefur verið í ákvörðun þessari. Fyrirtækin upplýstu t.d. ekki um það afar mikilvæga atriði að umræddur samningur var liður í hinu umfangsmikla „Nýtt upphaf“ verkefni. Þá gáfu fyrirtækin ranglega til kynna að samkeppni ríkti á milli þeirra og að markmið þessa samnings væri að auka samkeppni og bæta hag neytenda. Þá afhentu Samskip og Eimskip engar upplýsingar eða gögn um atriði sem fyrirtækin af ásetningi héldu „utan“ samningsins. Að mati Samkeppniseftirlitsins hafði þessi samningur og allt ólögmeatt samráð fyrirtækjanna á þessum tíma það markmið að raska samkeppni og þar með valda neytendum og viðskiptalífinu öllu tjóni á afar mikilvægu sviði viðskipta. Það er mat Samkeppniseftirlitsins að



undanþága sú sem veitt var með ákvörðun þess nr. 46/2009 hafi verið tekin á grundvelli rangra og villandi upplýsinga frá Eimskip og Samskipum, sbr. nánari umfjöllun í kafla 16.3.4.

14.33.1.3. Samskipti 2010 og „Nýtt upphaf“ verkefnið

6951. Eins og lýst verður átti sér stað röð funda yfirmanna sjóflutninga Samskipa og Eimskips á tímabilinu október - desember 2010. Eins og hafði verið raunin seinni hluta árs 2008 komu (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 fram fyrir hönd Samskipa. (S)frkvstj-millilandasv var aðstoðarforstjóri Samskipa og áfram framkvæmdastjóri sem bar ábyrgð á sjóflutningum fyrirtækisins og (S)forstö-innfl1 enn forstöðumaður innflutningsdeildar.
6952. Hjá Eimskip hafði (E)frkvstj-EimÍsl látið af störfum og á árinu 2009 hafði (E)frkvstj-sala/þj tekið við sem framkvæmdastjóri sem bar ábyrgð á sjóflutningum Eimskips. Hann og (E)forstö-innfl komu fram fyrir hönd Eimskips en (E)forstö-innfl var sem fyrr forstöðumaður innflutningsdeildar.
6953. Eins og lýst er kafla 13 þekkti (E)frkvstj-sala/þj ýmsa stjórnendur Samskipa. Þar kemur einnig fram að þegar húsleit Samkeppniseftirlitsins hófst 10. september 2013 hringdi (S)forstj í (E)frkvstj-sala/þj. Greindi (S)forstj ekki frá þessu símtali síðar sama dag þegar hann var spurður um samskipti við stjórnendur Eimskips.
6954. Þessum samskiptum (E)frkvstj-sala/þj, (E)forstö-innfl, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 frá október - desember 2010 verður lýst ítarlega hér á eftir. Einnig verður gerð grein fyrir öðrum samskiptum stjórnenda Samskipa og Eimskips sem hér skipta máli.
6955. Líkt og með samskipti árin 2008-2009 byggja Samskip á því að umrædd áframhaldandi samskipti (E)frkvstj-sala/þj, (E)forstö-innfl, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 árin 2010-2011 hafi aðeins tekið til endurnýjunar á samkomulagi fyrirtækjanna um Norður-Ameríku flutninga. Þetta hafi verið nauðsynlegar og lögmætar viðræður og þegar niðurstaða hafi legið fyrir hafi fyrirtækin óskað eftir undanþágu frá banni 10. gr. samkeppnislaga. Samskip mótmæla því að tilgangur þessara viðræðna hafi verið að skapa vettvang fyrir ólögmætt samráð fyrirtækjanna.
6956. Eins og rökstutt er í kafla 11 hafði „Nýtt upphaf“ verkefni Eimskips og Samskipa það að markmiði að raska samkeppni í skilningi 10. gr. samkeppnislaga. Af þessu leiðir að öll samskipti Samskipa og Eimskip þar sem unnið var að eða rætt um „Nýtt upphaf“ verkefnið fóru gegn 10. gr. samkeppnislaga. Þetta á m.a. við um röð funda (E)frkvstj-flutnkerf, (E)forstö-innfl, (E)frkvstj-EimÍsl, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 á árunum 2008-2009. Eins og rökstutt er í þessum kafla á hið sama við um samskipti m.a. (E)frkvstj-sala/þj, (E)forstö-innfl, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 sem hófust í október 2010.
6957. Til viðbótar verður að áréttu að samskipti (E)frkvstj-sala/þj, (E)forstö-innfl, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 voru hluti af samfelldu samráði fyrirtækjanna sem hafði verið yfirstandandi frá miðju ári 2008. Fólst í þeim reglubundin samskipti lykilstjórnenda Eimskips og Samskipa sem báru ábyrgð á verðlagningu og öllum öðrum samkeppnisþáttum í sjóflutningum fyrirtækjanna.
6958. Þá er einnig mikilvægt að benda á að á þeim tíma sem umrædd samskipti Samskipa og Eimskips áttu sér stað, líkt og á rannsóknartímabilinu öllu, voru markaðir fyrir sjóflutninga til og frá Íslandi afar viðkvæmir í samkeppnislegu tilliti. Í Norður-Ameríku flutningum voru Eimskip og Samskip saman með 100% markaðshlutdeild og litlu minna í flutningum milli Íslands og annarra Evrópulanda, sbr. kafla 3.1. Undir slíkum kringumstæðum gildir strangt bann við hvers konar samskiptum keppinauta sem eru til þess fallin að draga úr sjálfstæði þeirra og minnka æskilega óvissu á viðkomandi markaði, sbr. kafla 4.1 og 4.6.3.
6959. Umrædd samskipti Samskipa og Eimskips miðuðu m.a. að því að viðhalda og auka samstarf fyrirtækjanna í samræmi við „Nýtt upphaf“ verkefnið. Rætt var um endurnýjun á Norður-Ameríku samstarfinu og að auka gámasamráð fyrirtækjanna sem m.a. gæti falist í því að Samskip færu að



nota gáma frá Eimskip í TA flutningum fyrirtækisins. Innflutningur á pappír er mikilvægur hluti af sjóflutningum til Íslands frá Norður-Ameríku og á þessum tíma var innflytjandi á pappír sem var í viðskiptum hjá Samskip að leita betri kjara hjá Eimskip. Sýna samtímagögn að í þessum samskiptum Samskipa og Eimskips voru rædd atriði sem tengdust þessum innflutningi á pappír. Þá var fjallað um endurnýjun á „neyðarsamkomulaginu“ og ákveðið að víkka út gildissvið þess. Samskip og Eimskip upplýstu Samkeppniseftirlitið ekki um nýtt „neyðarsamkomulag“ frá desember 2010. Fyrirtækin upplýstu aðeins um samninginn sem sendur var FMC í Bandaríkjunum.

6960. Sýna samtímagögnin að samhliða þessum samskiptum, þar sem m.a. var rætt um Norður-Ameríku og Evrópuflutninga („neyðarsamkomulagið“) og aukið gámasamstarf, unnu Samskip áfram að því að hækka verð gagnvart viðskiptavinum í m.a. Norður-Ameríku flutningum. Var þetta sama áhersla og hjá Eimskip.

6961. Áður en vikið er að gögnum tengdum verðhækkunum frá og með október 2010 er nauðsynlegt að rifja upp m.a. hvað fyrirtækin höfðu framkvæmt og áformað að þessu leyti fyrr á árinu 2010:

- Í kafla 14.17 var fjallað um verðhækkanir Samskipa og Eimskips sem tóku gildi í janúar 2010. Bæði fyrirtækin hækkuðu m.a. þjónustugjöld á Íslandi um 4%. Einnig hækkuðu þau landflutningaþjónustu um 4%. Bæði Eimskip og Samskip hækkuðu einnig verð á landflutningi á ferskum fiski. Eimskip hækkaði þá flutninga um 11% þann 4. janúar 2010 og Samskip um 10% í febrúar 2010. Er í umræddum kafla lýst ólögættu samráði fyrirtækjanna sem tengdust þessum hækkunum.
- Í kafla 14.20.3 er lýst gögnum frá m.a. fyrri hluta árs 2010 sem sýna að Samskip og Eimskip hafi litið svo á að „friður“ myndi ríkja milli þeirra á árinu 2010. Þau myndu halda sínum viðskiptavinum og geta hækkað verð. Kemur fram mikil áhersla á verðhækkun gagnvart mikilvægum viðskiptavinum. Sem dæmi um þetta lýsti (S)forstj því yfir í tölvupósti til m.a. (S)forstö-innfl1 í maí 2010 að Samskip þyrftu að vera;

„harðari á þessa stóru kúnna og lyfta verðum enn og frekar upp - og skulum gera í næstu lotum.“

- Þann 25. mars 2010 ræddu (E)forstj, (E)frkvstj-sala/þj, (E)frkvstj-alþjsv og (E)frkvstj-skiparekst um að hækka þyrfti gjaldskrá í Norður-Ameríku flutningum og að verð hefði verið hækkað gagnvart tilteknum mikilvægum viðskiptavinum í þeim flutningum (Icelandic). Kemur þetta fram í glærुकynningu (E)frkvstj-alþjsv vegna þessa fundar.3354 Nánar tiltekið kemur eftirfarandi fram á glæru nr. 2 í þessari kynningu:

Ýmis verkefni – US rútan



- Hækkun flutningsverða á US rútnni
 - Búið er að senda bréf á Icelandic US með hækkun
 - Samhliða þarf að hækka á lægstu flutningsverðin
 - Ákveða þarf tímasetningar

- Í samtímagögnum Eimskips frá apríl og maí 2010 var rætt um „USA: Verðhækkunarverkefni“ og í því sambandi rætt um aðgerðir til að hækka verð gagnvart tilteknum viðskiptavinum eins og Lýsi, Marel, Högum og Íslensku umboðssölnunni. Ýmist var tilkynnt um hækkun í tölvupósti til

³³⁵⁴ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.52844.



viðskiptavina eða þeir heimsóttir og þeim greint frá verðhækkuninni. Í lok maí 2010 kom fram í fundargerð hjá Eimskip að verkefninu „[H]ækkun sjóflutnings á USA“ væri „Lokið“.³³⁵⁵

- Eins og rökstutt hefur verið virtu Samskip og Eimskip „*friðinn*“ þegar eftirfarandi mikilvægir viðskiptavinir leituðu betri kjara. Af þessu leiddi að m.a. fyrirtækin héldu viðkomandi viðskiptavinum og gátu hækkað verð gagnvart þeim:
 - o Samskip virtu markaðsskiptinguna og sýndu J. Rönning engan áhuga í febrúar 2010 þegar sá viðskiptavinur Eimskips leitaði ítrekað eftir tilboði, sbr. kafla 14.22.
 - o Eimskip virti markaðsskiptinguna þegar Rúmfatalagerinn leitaði tilboða. Samskip hélt því þessum viðskiptavini og gat í mars 2010 hækkað verð gagnvart honum, sbr. kafla 14.23.
 - o Eimskip virti markaðsskiptinguna þegar ÍSAM leitaði tilboða. Samskip hélt því þessum viðskiptavini og gat í mars 2010 hækkað verð gagnvart honum, sbr. kafla 14.26.
 - o Samskip virtu markaðsskiptinguna þegar Aðföng leituðu tilboða. Eimskip hélt því þessum viðskiptavini og gat í júní 2010 hækkað verð gagnvart honum, sbr. kafla 14.27.
- Strax í kjölfar þessara sértæku verðhækkana var hafist handa við að undirbúa og framkvæma almennar verðhækkanir. Bæði Eimskip (4,6%) og Samskip (4%) tilkynntu sumarið 2010 um almennar verðhækkanir á sjóflutningi. Engu breytti um áform Samskipa um að hækka verð þó að afar mikilvægur viðskiptavinur Samskipa, Húsasmiðjan, hafi á þessum tíma sagt upp samningi sínum vegna óánægju með miklar hækkanir Samskipa. Þvert á móti taldi (S)forstj unnt að „*ýta út hækkun*“ á viðskiptavini fyrirtækisins, sbr. kafla 14.34.
- Í samhengi við framangreindar verðhækkanir ber einnig að líta til þess að haustið 2010 settu (S)forstö-innfl1 og (E)forstö-innfl fram áætlanir fyrir árið 2011 vegna innflutningsdeildanna sem þeir báru ábyrgð á gagnvart (S)frkvstj-millilandasv og (E)frkvstj-sala/þj:
 - o Í skjali (S)forstö-innfl1 frá september 2010 sem bar heitið „*Markaðsskýrsla Innflutningsdeildar 2011*“, var gert „*ráð fyrir því að halda öllum núverandi viðskiptavinum Samskipa og engir nýjir viðskiptavinir voru áætlaðir inn.*“ Jafnframt var lagt til grundvallar að „*áframhaldandi ró*“ héldist á innflutningsmarkaði og bæði Samskip og Eimskip „*haldi að sér höndum og leggi áherslu á að hækka verð*“, sbr. kafla 14.32.2
 - o Þann 1. október 2010 sendi (E)forstö-innfl drög að áætlun innflutningsdeildar Eimskips fyrir árið 2011 til (E)frkvstj-sala/þj. Af henni má ráða að Eimskip hafi lagt til grundvallar að friður héldist á markaðnum og að ekkert útlit væri fyrir harða samkeppni við Samskip. Glærukynning (E)frkvstj-sala/þj frá 14. september 2010 ber með sér að ekki ríkti samkeppni við Samskip um mikilvæga viðskiptavini í innflutningi og sökum þessa var fyrir hendi „*sterk staða*“ gagnvart stærri viðskiptavinum Eimskips og unnt að hækka verð. Engin samkeppnisleg ógn var talin stafa af Samskipum. Þess í stað var ógn talin stafa af minnstu keppinautunum (BWS („*ferjan*“), Thorship og „*smærri flutningsmiðlarar*“, sbr. kafla 14.32.1.

6962. Sama stefna kom fram í áætlunum Samskipa og Eimskips vegna landflutninga og útflutnings. Í áætlun landflutninga Samskipa frá 20. september 2010 kom fram að á árinu 2011 yrði ekki „*dansað*“ við „*sætu stelpurnar á ballinu*“. Í þessu fólst að ekki hafi átt að reyna með samkeppni að ná mikilvægum viðskiptavinum frá Eimskip. Gögn (S)forstö-útl frá 19. september og 16. október

³³⁵⁵ Sjá t.d. afritað tölvuskjal frá Eimskip. „EXP_Fundargerð.2010_Vika 15.docx“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.245646. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „EXP_Fundargerð 2010_Vika 16.docx“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.101186. Í fundargerð Eimskips frá 20 viku 2010 (17.-23.2010) kom fram að verkefnið: „hækkun sjóflutnings á USA“ væri „LOKIÐ“, afritað tölvuskjal frá Eimskip. „EXP_Fundargerð.2010_Vika 20.docx“, viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.284095. Sjá einnig afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.323053. Einnig afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.306644. Sjá einnig afritaða tölvupósta frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.233111. Frá [...] Doc. ID. 0.7.33.237803. Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.498210



2010 sem varða áætlun útflutningsdeildar fyrir árið 2011 sýna sömu stöðu og hjá innflutnings- og landflutningadeild, þ.e. samráð við Eimskip í formi markaðsskiptingar og áhersla á að hækka verð.

6963. Samkvæmt framansögðu höfðu Samskip og Eimskip áfram einbeitt sér að verðhækkunum á fyrri hluta ársins 2010 og lögðu bæði fyrirtækin til grundvallar haustið 2010 að áframhaldandi „ró“ og „friður“ yrði á markaðnum og ástand á markaði myndi áfram skapa skilyrði til að hækka verð. Þessi stefnumörkun lá þannig fyrir þegar fundarherferð (E)forstö-innfl, (E)frkvstj-sala/þj, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 hófust í október 2010.
6964. Sýna gögnin að frá október 2010 hafi stjórnendur fyrirtækjanna áfram unnið að undirbúningi að hækkunum á gjaldskrá, hækkun gagnvart mikilvægum viðskiptavinum, hækkun á gjöldum og upptöku nýrra gjalda. Var þetta m.a. gert samhliða því að sömu stjórnendur áttu annars vegar í samskiptum og hins vegar unnu að framvindu verkefna sem féllu beint undir „Nýtt upphaf“ verkefnið, sbr. m.a. undirbúningur að nýju „neyðarsamkomulagi“ og Norður-Ameríku samningi.
6965. Eins og fram hefur komið báru (E)frkvstj-sala/þj, (E)forstö-innfl, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 ábyrgð á öllum samkeppnisþáttum í sjöflutningum fyrirtækjanna, þ.m.t. gjald- og viðmiðunargjaldskrár fyrirtækjanna og tilboðs og samningagerð við mikilvæga viðskiptavini. Samhengisins vegna er rétt að hafa í huga að á meðan á fundarröð þeirra á haustmánuðum 2010 stóð átti þetta m.a. sér stað:
- Húsasmiðjan var afar mikilvægur viðskiptavinur Samskipa. Hafði fyrirtækið sagt upp samningnum sumarið 2010 vegna „hrikalegra“ verðhækkana Samskipa og leitaði í kjölfarið tilboða hjá bæði Eimskip og Samskipum. Þessu lyktaði með því að Samskip á árinu 2011 héldu Húsasmiðjunni í viðskiptum og náðu fram verðhækkun.
 - Innnes var mikilvægur viðskiptavinur Eimskips. Haustið og veturinn 2010 var samningur Innnes laus. Eimskip vann að verðhækkun gagnvart fyrirtækinu og það leitaði tilboða hjá Samskipum. Þessu lyktaði með því að Eimskip á árinu 2011 hélt Innnes og náði fram verðhækkun.
 - N&O var mikilvægur viðskiptavinur Samskipa og samningur fyrirtækjanna gilti til febrúar 2011. Þrátt fyrir að Eimskip hafi vitað að samningur N&O væri að losna er ekkert í gögnum málsins sem bendir til þess að Eimskip hafi reynt að ná þessum viðskiptum. Samskip héldu viðskiptunum og náðu fram verðhækkun.

14.33.2. Fundur Samskipa og Eimskips í byrjun október 2010

6966. Samkvæmt fundargerð innflutningsdeildar Eimskips frá föstudeginum 8. október 2010 átti (E)forstö-innfl fund með Samskipum „í vikunn“ (þ.e. á tímabilinu 4. til 7. október 2010). Ekki kemur fram í fundargerðinni hvert hafi verið tilefni fundarins eða efni þessara viðræðna við Samskip.
6967. Hvorki Eimskip né Samskip veittu við upplýsingagjöf samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga upplýsingar eða afhentu gögn sem gefa til kynna hvað rætt hafi verið á fundinum.³³⁵⁶ Engin slík gögn bárust með athugasemdum fyrirtækjanna við AI. Um þýðingu þessa að lögum vísast til kafla 4.7.3. Við rannsókn Samkeppniseftirlitsins hefur ekki fundist fundargerð eða minnispointar sem teknir hafa verið saman á fundinum.
6968. Hér ber að hafa í huga að (E)forstö-innfl hafði fram til október 2010 átt í ítrekuðum samskiptum við Samskip, sbr. m.a. fundarröð fyrirtækjanna sem hófst sumarið 2008 og lauk í janúar 2009. Miðað við þau og önnur samskipti (E)forstö-innfl við Samskip er líklegt að hann hafi hitt a.m.k. (S)forstö-innfl1 á þessum fundi í byrjun október 2010.

³³⁵⁶ Í kafla 23 er fjallað um brot Samskipa gegn upplýsingaskyldu samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga.



6969. Dagana 5. - 8. október 2010 átti kanadískur pappírsmiðlari, frkvstj-FlyP, í samskiptum við Samskip og Eimskip vegna innflutnings á pappír til Íslands frá Halifax í Kanada. Áður en vikið er nánar að þessum atvikum í október 2010 er rétt að nefna nokkur atriði vegna innflutnings á pappír frá Kanada:

- Eimskip og Samskip höfðu fram að þessu bæði sinnt flutningum á pappír frá Kanada til Íslands. Var m.a. um að ræða innflutning á pappír til prentunar á dagblöðum hér á landi. Gat pappír annað hvort verið fluttur með skipi Eimskips sem sigldi frá Halifax til Íslands eða með TA flutningum Samskipa frá Montreal til Rotterdam og þaðan til Íslands. Samskip gátu því keppt við Eimskip um þessa flutninga án þess að nýta sér skip Eimskips.
- Gögn málsins sýna að flutningar Samskipa fyrir annars vegar Nathan & Olsen og hins vegar á pappír frá Kanada voru langsamlega mikilvægustu þættirnir í flutningum Samskipa frá Norður-Ameríku til Íslands.³³⁵⁷
- Umræddur frkvstj-FlyP³³⁵⁸ hafði milligöngu um kaup á pappír fyrir Morgunblaðið (Landsprent) og Fréttablaðið (Ísafoldarprentsmiðja) og um flutning á pappírnum frá Kanada til Íslands.³³⁵⁹ Leitaði frkvstj-FlyP tilboða í þessa flutninga bæði hjá Eimskip og Samskipum.
- Gögn málsins sýna að frkvstj-FlyP fékk það sem nefnt var m.a. mútufé („kickback“) eða þóknun („commission“) frá Samskipum vegna innflutnings á pappír til Íslands.³³⁶⁰ Þessari samvinnu frkvstj-FlyP og Samskipa var haldið leyndri gagnvart viðskiptavinum frkvstj-FlyP (íslenskum kaupendum á flutningsþjónustu á pappír). Þetta má sjá m.a. af tölvupóstsamskiptum (S)frkvstj-N-Am og (S)forstö-innfl1 frá 6. nóvember 2009. (S)frkvstj-N-Am sendi þá eftirfarandi tölvupóst til (S)forstö-innfl1 :

„Samkvæmt uppl. frá [frkvstj-FlyP] mun [Morgunblaðið]/Ísafold leita til ykkar með beiðni um betri verð en [frkvstj-FlyP] er að bjóða honum. Þið að sjálfsgöðu takið vel á móti honum og segist ætla að skoða málið. Hann gerir sér enga hugmynd um tengsl [frkvstj-FlyP] við Samskip sem er gott mál. Heyrumst síðar.“

(S)forstö-innfl1 svaraði um hæl: „Ertu að tala um [...] hjá Mogganum eða einhvern annan hjá Ísafold? Eða kannski bæði? Alla vega við tökum vel á móti þeim og gefum þeim verð, sem verða auðvitað mun hærri en verðin sem [frkvstj-FlyP] er með.“³³⁶¹

- Um mitt ár 2010 stefndu Samskip að verðhækkun á þessum flutningum á pappír en frkvstj-FlyP myndi halda sinni mútugreiðslu/þóknun (hér nefnd „bókunar fee“). Sendi (S)frkvstj-N-Am eftirfarandi tölvupóst til (S)forstö-innfl1 þann 22. júní 2010: „Ég er búinn að boða hækkun á pappírinn frá og með Júlí 1. Tonnið er nú \$140/ var 132 tonn. [frkvstj-FlyP] fær \$10/tonn í bókunar fee. Sennilega koma einhverjar sendingar via Halifax og þá með Eimskip en á okkar billum, sama verð.“³³⁶²
- Í byrjun október 2010 var frkvstj-FlyP enn í viðskiptum við Samskip og Samskip stefndu að því að hækka verð gagnvart honum vegna innflutnings á pappír frá Kanada.

6970. Sem fyrr sagði fundaði (E)forstö-innfl með Samskipum í byrjun október 2010. Þá liggur fyrir að frkvstj-FlyP sendi þann 5. október 2010 tölvupóst til (S)frkvstj-N-Am. Greindi hann frá því að hann hefði átt í viðræðum við Landsprent og Ísafoldarprentsmiðju vegna innflutnings á pappír á árinu

³³⁵⁷ Í bréfi Samskipa til Samkeppniseftirlitsins frá 4. maí 2011 segir að í „tonnum talið voru dagblaðflutningarnir um 47% heildarflutninga Samskipa frá N-Ameríku árið 2010, en um 20% af veltu Samskipa í N-Ameríkusiglingum á árinu.“

³³⁵⁸ [...] rak fyrirtæki sem hét Flypaper. Í bréfi Samskipa til Samkeppniseftirlitsins frá 4. maí 2011 er Flypaper lýst sem „pappírsmiðlara“ og sagt að þessi innflutningur til Íslands hafi verið greiddur af Flypaper eða viðkomandi pappírframleiðanda (Abitibi).

³³⁵⁹ Í tölvupósti [...] Doc. ID. 0.7.33.1085266.

³³⁶⁰ Í tölvupósti [...] Doc. ID. 0.7.33.828092.

³³⁶¹ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.782698.

³³⁶² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.817352.



2011. Legðu þessir aðilar mjög mikla áherslu á að verð á flutningi yrði lækkað.³³⁶³ Sama dag sendi frkvstj-FlyP tölvupóst til (E)forstö-innfl og (E)viðskstj1 með beiðni um tilboð í nefnda flutninga frá Halifax til Íslands.³³⁶⁴

6971. Samskipti lykilstjórnenda Samskipa og Eimskips vegna áframhaldandi samvinnu í sjóflutningum hófst í október 2010, sbr. t.a.m. tölvupóst (E)forstö-innfl til (S)forstö-innfl1 og (S)frkvstj-millilandasv (afrit til (E)frkvstj-sala/pj) þann 5. október 2010. Þar segir: „Það styttist í að samningur okkar um N-Ameríkuflutninga renni út en það er nú í árslok. Er ekki rétt að við förum á næstunni yfir hvað tekur við? Fyrir okkar hönd yrðu það ég og [(E)frkvstj-sala/pj] sem kæmu að þessu. Hvernig líst ykkur á að við tveir kæmum til ykkar n.k. mánudag 11. okt ?“³³⁶⁵ (S)frkvstj-millilandasv svaraði samdægurs og stakk upp á fundurinn yrði milli kl. 14-15 þann 11. október 2010.³³⁶⁶ (E)forstö-innfl svaraði sama dag og staðfesti að hann og (E)frkvstj-sala/pj gætu fundað á þessum tíma.³³⁶⁷
6972. Samtímagögn sýna einnig að fyrirtækin ætluðu að vinna samhliða að endurnýjun og útvíkkun á leynilegu og ólögum flutningasamkomulagi fyrirtækjanna vegna Evrópuflutninga („neyðarsamkomulagið“) samhliða skoðun þeirra á Norður-Ameríku samningnum í lok árs 2009, sbr. nánari umfjöllun í kafla 16.4.2. Þar er fjallað um tölvupóstsamskipti innan Eimskips frá ágúst 2009 en í samskiptunum segir (E)frkvstj-sala/pj m.a.: „Eðlilegast að við [...] nálgumst þá [Samskip] bara spurning hvort það eigi að vera ég [(E)frkvstj-sala/pj] og þú [(E)forstö-innfl] ég og (E)forstj eða allir (sem er líklega of mikið).“
6973. Viðskiptastjórinn (E)viðskstj1 sendi f.h. (E)forstö-innfl tilboð til frkvstj-FlyP þann 7. október 2010. frkvstj-FlyP svaraði sama dag og kvaðst hafa skoðað tilboðið. Það feli í sér 141 Bandaríkjadali á tonn, sem sé mun hærra gjald en hann sé reiðubúinn að greiða. (E)viðskstj1 svaraði samdægurs og efaðist um að frkvstj-FlyP greiddi svo lágt verð til Samskipa. Hún myndi biðja (E)forstö-innfl að hafa samband við frkvstj-FlyP þann 11. október 2010, þ.e. sama dag og (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-sala/pj ætluðu að funda með (S)forstö-innfl1 og (S)frkvstj-millilandasv. frkvstj-FlyP svaraði sama dag, þ.e. 7. október, og sagði að hann ætlaði ekki að gefa upp hvaða flutningsgjald hann greiddi Samskipum, en það sem hann gæti sagt væri að hann greiddi lægra gjald en Eimskip byði. Þá sagði hann:
- „You know I have a good relationship with Samskip but the problem is that I have my back against the wall with pricing and Abitibi³³⁶⁸ is telling me that the freight rates are too high to Iceland given what they are paying to Europe. I also feel guilty that I have not given you enough business in the past despite numerous meetings.“³³⁶⁹*
6974. Samkvæmt framangreindu hafði Eimskip umbeiðt sent tilboð sem frkvstj-FlyP sagði að væri of hátt. Kvaðst frkvstj-FlyP greiða lægra verð til Samskipa en Eimskip byði. (E)forstö-innfl framsendi tölvupóstinn til upplýsinga til (E)frkvstj-sala/pj þann 8. október 2010 og sagði: „Það er auðvitað svolítið freistandi að fara á eftir þessu. Hann er að borga miklu hærra en Samskip.“³³⁷⁰
6975. Þessi ummæli (E)forstö-innfl gefa til kynna að Eimskip hafi á þessum tíma hikað við að bjóða frkvstj-FlyP samkeppnishæft verð enda þótt augljóst svigrúm hafi verið til þess þar sem (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-sala/pj vissu að frkvstj-FlyP var að greiða „miklu hærra en Samskip“ fyrir flutning á sömu vöru. Sú staðreynd að Eimskip gaf frkvstj-FlyP ekki hagstæðara verð en raun bar vitni enda þótt líkt verð hefði verið hærra en það sem Samskip greiddu gefur að mati Samkeppniseftirlitsins til kynna að Eimskip hafi ekki viljað „rugga bátum“ gagnvart Samskipum og felur þannig í sér vísbendingu

³³⁶³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.830885.

³³⁶⁴ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.569485.

³³⁶⁵ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.830991.

³³⁶⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum [...] Doc. ID. 0.7.33.831008 og afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.831007.

³³⁶⁷ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.567920.

³³⁶⁸ Pappírframléiðandinn í Kanada.

³³⁶⁹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.569485.

³³⁷⁰ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.569485.



um markaðsskiptingu Eimskips og Samskipa, enda þótt það væri „[...] auðvitað svolítið freistandi að fara á eftir þessu“.

6976. Fundur var haldinn í innflutningsdeild Eimskips föstudaginn 8. október 2010. Í fundargerð vegna þess fundar er bókað að (E)forstö-innfl hafi upplýst um eftirfarandi:

„Hitti Samskip, Innnes og [...] í vikunni.“

6977. Eins og áður sagði ákváðu (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-innfl þann 5. október 2010 að hitta Samskip 11. október 2010 og var sá fundur haldinn. Þessi fundargerð sýnir að (E)forstö-innfl átti til viðbótar fund með Samskipum í „vikunni“, þ.e. á tímabilinu 4. til 7. október 2010. Hið sama gildi um hinn mikilvæga viðskiptavin Eimskips, Innnes, sbr. nánar hér á eftir.

6978. Varðandi tilvísun til fundar (E)forstö-innfl með Innnes í fundargerðinni frá 8. október 2010 ber að hafa í huga að á þessum tíma vann Eimskip að því að hækka verð enn á ný gagnvart Innnes. Í kafla 14.35 er lýst mikilli óánægju Innnes á árinu 2010 með verð Eimskips og tilraun fyrirtækisins til þess að fá betri kjör hjá Samskipum. Samskip virtu hins vegar „friðinn“ og Eimskip hélt Innnes og náði fram umtalsverðri verðhækkun í nýjum samningi sem undirritaður var í september 2011.

6979. Í byrjun október 2010 voru Samskip með til skoðunar endurmat á siglingakerfum og hugsanlegt samstarf Samskipa við önnur fyrirtæki í því efni, með svipuðum hætti og fyrirtækið hafði gert seinni hluta árs 2008, sbr. 20.6.2. Sendi (S)forstj þannig þann 5. október 2010 tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv og (S)frkvstj-fjárm um stjórnarfund þar sem þetta kemur fram: „Sælir – sbr fyrri póst þá verður fundurinn mánudaginn 18 okt nk.

Efni yfirferðar:

Kerfin í Norður Atlantshafi:

Eimskip

-Kostnaðargreining á kerfum

-Mangreining í kerfum

Skoða specific rútur – magn/kostnaðargreina:

-usa

-Íslandsrútur tvær

-blikur

[...]“.³³⁷¹

6980. Átti samkvæmt þessu m.a. að skoða ýmis atriði tengd Eimskip: Skip Eimskips Blikur, Norður-Ameríku „rútu“ Eimskips og greining á kostnaði og magni í siglingakerfum þess fyrirtækis. Nokkrum dögum síðar átti (S)frkvstj-millilandasv fund með Eimskip, þ.e. 11. október 2010. Á stjórnarfundum Samskipa hf. 25. október 2010 fjallaði (S)frkvstj-millilandasv m.a. um Norður-Ameríku „rútu“ Eimskips og sagði hana arðbæra, sbr. nánar hér á eftir. Þann fund sátu auk (S)forstj þeir (S)stjórnarm-fjármstj og (S)stjform-S sem höfðu einnig haft aðkomu að því að hefja aukið samráð við Eimskip eftir mitt ár 2008.

³³⁷¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.789900.



14.33.3. Samráð um afsláttarkjör

6981. Tölvupóstur (S)frkvstj-Jóna, framkvæmdastjóra Jóna, til (E)frkvstj-TVG, framkvæmdastjóra TVG, þann 7. október 2010 skiptir hér máli.
6982. Hér ber fyrst að rifja upp að í kafla 8.1 er fjallað um samskipti (S)forstö-innfl1 og (E)forstö-innfl 10. og 13. júní 2008 og í kafla 10.5.4 er fjallað um samskipti þeirra 17. desember 2008. Í kafla 14.12 er fjallað um samskipti (S)forstö-innfl1 og (E)deildstj-TVG 14. desember 2009. Eins og rökstutt er í þeirri umfjöllun fólst í þessum samskiptum á árunum 2008–2009 samráð Samskipa og Eimskips um takmörkun á afslætti til viðskiptavina. Skyldi afsláttur fyrir ýmsa þjónustu, m.a. uppskipun, olúgjald og gámaleigu, vera að hámarki 50%. Var þetta samráð samfelt a.m.k. út rannsóknartímabil þessa máls.
6983. Sem fyrr segir sendi (S)frkvstj-Jóna, framkvæmdastjóri Jóna, þann 7. október 2010 tölvupóst á (E)frkvstj-TVG, framkvæmdastjóra TVG. Vísar (S)frkvstj-Jóna til þess í póstinum að Jónar séu að taka inn sendingu í gegnum TVG/CMA og biður í því sambandi um 50% afslátt af uppskipun heilgáma í samræmi við samkomulag Eimskips og Samskipa:
6984. „Væri möguleiki að þú endurskoðaðir gjaldskrána á uppskipun sem að Jónar hafa notið hjá TVG. Það hefur lengi verið samkomulag í gildi á milli móðurfyrirtækja okkar að gefin hefur verið 50% afsláttur af út og uppskipun á heilgámum sambærilegt við það sem að gefið er út á markaðinn almennt.“³³⁷²
6985. Ljóst er samkvæmt þessum tölvupósti að þetta samráð var yfirstandandi á árinu 2010. Í samræmi við þetta er í sátt Eimskips við Samkeppniseftirlitið viðurkennt að fyrirtækið hafi haft ólögmeitt samráð við Samskip um m.a. „afsláttarkjör“. Nánar er fjallað um þennan þátt í samráði fyrirtækjanna í kafla 14.56 hér á eftir.

14.33.4. Fundur Samskipa og Eimskips 11. október 2010

6986. Fyrir liggur að (E)forstö-innfl, (E)frkvstj-sala/þj, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 hittust á fundi í húsakynnum Samskipa þann 11. október 2010. Var fundurinn bókaður milli kl. 14 og 15 þennan dag, sbr. framangreind gögn frá 5. október 2010.
6987. Hvorki Eimskip né Samskip veittu við upplýsingagjöf samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga upplýsingar um þennan fund eða afhentu gögn sem gefa til kynna hvað rætt hafi verið á fundinum.³³⁷³ Engin slík gögn bárust með athugasemdum fyrirtækjanna við AI eða AII. Um þýðingu þessa að lögum vísast til kafla 4.7.3. Við rannsókn Samkeppniseftirlitsins hefur ekki fundist fundargerð eða minnispunktar sem teknir hafa verið saman á fundinum.
6988. Samtímagögnin sýna hins vegar að á fundinum átti a.m.k. að ræða endurnýjun á Norður-Ameríkusamningnum, sbr. tölvupóst (E)forstö-innfl til (S)forstö-innfl1 og (S)frkvstj-millilandasv þann 5. október 2010 og tölvupóst (S)forstö-innfl1 til undirmanns 11. október 2010.³³⁷⁴ Einnig áttu fyrirtækin samskipti á fundunum eða í tengslum við þá um aukið gámasamstarf, sbr. eftirfarandi tölvupóst (E)forstö-innfl sem hann sendi skömmu eftir að fundinum lauk þann 11. október 2010.
6989. Eins og rökstutt er í kafla 11 hafði „Nýtt upphaf“ verkefnið það að markmiði að raska samkeppni í skilningi 10. gr. samkeppnislaga. Samstarf Samskipa og Eimskips í flutningum milli Íslands og Norður-Ameríku og í Evrópuflutningum var hluti af „Nýtt upphaf“ verkefninu. Öll samskipti

³³⁷² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.34.399355.

³³⁷³ Í kafla 23 er fjallað um brot Samskipa gegn upplýsingaskyldu samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga.

³³⁷⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.832034. Þar bað [...] undirmann sinn að taka saman hvað Samskip hefðu greitt Eimskip fyrir flutninga á árinu 2009 og það sem af væri af árinu 2010. Þyrfti hann að fá þessar tölur fyrir fundinn með Eimskip kl. 14 sama dag. [...] fékk svar um klukkutíma síðar og var greint frá því að á árinu 2009 hefðu Samskip greitt Eimskip 170 milljónir kr. og það sem af væri árinu 2010 101 milljón kr. Gefur þetta til kynna að a.m.k. átti að ræða áframhaldandi samstarf fyrirtækjanna í sjóflutningum á umræddum fundi.



fyrirtækjanna þar sem unnið var að eða rætt um „Nýtt upphaf“ verkefnið fóru því gegn 10. gr. samkeppnislaga, þ.m.t. þessi fundur 11. október 2010.

6990. Samtímagögn sem urðu til eftir fundinn 11. október 2010 sýna m.a. að aukið gámasamstarf Samskipa og Eimskips var til skoðunar. Jafnframt unnu (S)forstö-innfl1 og (E)forstö-innfl samhliða að verðhækkunum gagnvart viðskiptavinum fyrirtækjanna. Þá kom fram á fundi stjórnar Samskipa hf. 25. október 2010 að „rólegt“ hefði verið yfir markaðnum frá vormánuðum en að framundan væru mikið af endurnýjunum hjá mikilvægum viðskiptavinum, ásamt því að fjallað var um Norður-Ameríku flutninga Eimskips. Verður nú vikið að þessu.

14.33.4.1. Lykilstjórnendur vinna áfram að því að auka samstarf

6991. Tölvupóstur sem (E)forstö-innfl1 sendi strax eftir fundinn með Samskipum, kl. 15:53 þann 11. október 2010, sýnir að aukið gámasamstarf við Samskip kom til greina.

6992. Hér ber fyrst að rifja upp að með Norður-Ameríku samningi Samskipa og Eimskips frá 7. janúar 2009 var samstarf fyrirtækjanna aukið. Var þetta fyrsti skriflegi samningur fyrirtækjanna um gáamál vegna sjóflutninga milli Norður-Ameríku og Íslands. Sagði í 6. gr. samningsins að Eimskip skyldi útvega gáma í Reykjavík og viðkomuhöfnum í Bandaríkjunum og Kanada undir flutning fyrir Samskip á grundvelli samningsins, ef gámar væru lausir hjá Eimskip á þeim tíma. Í öðrum tilvikum ættu Samskip að nota sína eigin gáma. Verð sem Samskip greiddu Eimskip fyrir flutninga var hærra ef Samskip notuðu gáma Eimskips, sbr. 5. gr. Ýmis frekari ákvæði voru í samningnum um gámasamstarf. Eins og fram kemur í tölvupósti sem (S)starfsm1 sendi (S)forstö-innfl1 9. nóvember 2010 hafði um helmingur af gámunum sem Samskip notuðu fyrir innflutning frá Norður-Ameríku á árinu 2010 verið gámar frá Eimskip og afgangurinn voru eigin gámar Samskipa, sbr. nánar hér á eftir. Var þetta aukna gámasamráð vegna Norður-Ameríku árið 2009 hluti af víðtæku samráði fyrirtækjanna en gámasamstarf var sömuleiðis aukið í tengslum við Evrópuflutninga og milli hafna á Íslandi, sbr. umfjöllun í kafla 18.

6993. Tölvupósturinn, sem (E)forstö-innfl1 sendi eftir fundinn með (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1, þ.e. kl. 15:53 þann 11. október 2010, bar heitið „Gámanotkun Samskipa frá NA“. Var hann til (E)frkvstj-skiparekst og (E)forstö-flutnstý, afrit til (E)frkvstj-sala/þj. (E)frkvstj-skiparekst og (E)forstö-flutnstý voru stjórnendur sem báru m.a. ábyrgð á gámastýringu Eimskips. Í tölvupóstinum kom fram að unnið væri að endurnýjun á Norður-Ameríku samningnum við Samskip. Bað (E)forstö-innfl1 þá (E)frkvstj-skiparekst og (E)forstö-flutnstý að taka saman hversu mikið Samskip hefðu verið að nota gáma Eimskips í innflutningi frá Bandaríkjunum. Einnig bað (E)forstö-innfl1 þá um að leggja mat á tiltekin atriði varðandi mögulegt aukið gámasamstarf við Samskip, m.a. hver ábati Samskipa væri af slíku auknu samstarfi við Eimskip. Tók (E)forstö-innfl1 m.a. þetta fram:

„Er frekara samstarf í gámum fýsilegt t.d. gæti verið fýsilegt fyrir okkur að bjóða þeim að nota gáma frá okkur í TA flutninga þeirra (t.d. N&O (Veit ekki hvort það er raunhæft þ.e. að taka tómgámana í RIC).“³³⁷⁵

6994. Að morgni 19. október 2010 ítrekaði (E)forstö-innfl1 erindið í tölvupósti til (E)frkvstj-skiparekst og (E)forstö-flutnstý (afrit til (E)frkvstj-sala/þj) og tengdi það við fund Samskipa og Eimskips daginn eftir. Þar sagði: „Við eigum fund með S á morgun og þurfum því svar í dag varðandi neðangreint erindi [varðandi aukið gámasamstarf við Samskip]“.³³⁷⁶

6995. Fyrir þennan fund fyrirtækjanna 20. október 2010 vann (S)forstö-innfl1 sömuleiðis að þáttum sem vörðuðu aukið gámasamráð fyrirtækjanna vegna Norður-Ameríku. Að morgni 20. október 2010 sendi (S)forstö-innfl1 þannig tölvupóst til (S)starfsm1, sem starfaði í flutningsstýringu Samskipa. Heiti

³³⁷⁵ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.570443.

³³⁷⁶ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.574392.



póstisins var „Capotage³³⁷⁷ vs. Eimskips gámar í USA“. Þar minnti (S)forstö-innfl1 (S)starfsm á eftirfarandi verkefni: „Varst þú búinn að skoða eitthvað hversu mikið við erum að nota Eimskips gáma vs. Capotage í USA“. (S)starfsm svaraði kl. 11:17 þennan dag: „Æ – sorry steingleymdi því – hvenær er fundurinn? – fer strax í þetta!“³³⁷⁸ Eins og fram kemur hér á eftir það (E)forstö-innfl (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 kl. 13:40 á fyrirhuguðum fundardegi, 20. október 2009, um frestun á fundinum. Næsti fundur fór því fram 2. nóvember 2010.

6996. Hér ber að áréttta að Samskip og Eimskip voru saman með 100% markaðshlutdeild í sjóflutningum milli Íslands og Norður-Ameríku. Samskip buðu upp á þá flutninga annars vegar með TA flutningum og hinsvegar í samstarfi við Eimskip. Gögn málsins sýna að á rannsóknartímabilinu var meirihluti flutninga Samskipa vegna Norður-Ameríku TA flutningar. Restin fór með skipi Eimskips. Horft á Norður-Ameríku flutninga einangrað er augljóst að það var afar skaðlegt fyrir samkeppni ef samstarf Samskipa og Eimskips myndi aukast með þeim hætti að það tæki einnig til gámanotkunar vegna TA flutninga Samskipa.
6997. Framangreind samtímagögn frá Samskipum og Eimskip sýna hins vegar að slíkt aukið samstarf var til skoðunar. Var þannig til athugunar að auka samstarf fyrirtækjanna með því að láta umrætt gámasamstarf taka einnig til TA flutninga Samskipa milli Íslands og Norður-Ameríku. Nefndi (E)forstö-innfl í dæmaskyni TA flutninga Samskipa fyrir Nathan & Olsen en sá viðskiptavinur var einn sá mikilvægasti í þessum flutningum Samskipa. Má segja að í samskiptum fyrirtækjanna á þessum tíma hafi í samræmi við „Nýtt upphaf“ verkefnið allir möguleikar verið opnir varðandi aukið samstarf fyrirtækjanna um gámanotkun.

14.33.4.2. Samskip hækka verð á innflutningi á pappír til Íslands

6998. Daginn eftir fund Eimskips og Samskipa 11. október 2010 sendi (S)frkvstj-N-Am tölvupóst til frkvstj-FlyP, sem var eins og áður segir flutningsmiðlari fyrir pappír til Íslands frá Bandaríkjunum og Kanada, og boðaði (S)frkvstj-N-Am tafarlausa verðhækkun á pappírflutningum frá Bandaríkjunum en Samskip höfðu síðast hækkað verðið stuttu áður, eða í júní 2010. Jafnframt boðaði (S)frkvstj-N-Am að þóknun/mútur frkvstj-FlyP yrðu felldar niður. Tók þessi hækkun til síðasta ársfjórðungs 2010. Í tölvupóstinum sagði m.a. eftirfarandi:

„[frkvstj-FlyP] believe me, I take no pleasure writing you this message. Its clear Samskip need to increase the Newspaper rates, immediately [...]“.

6999. Var síðan gerð grein fyrir hversu mikið verð yrði hækkað og ítrekað tekið fram að þóknun frkvstj-FlyP yrði felld niður („no commission included“). Tóku þessar breytingar þæði til TA flutninga Samskipa (Montreal-Rotterdam-Ísland) og beinna flutninga með Eimskip frá Halifax til Íslands.³³⁷⁹
7000. frkvstj-FlyP tók þessu ekki vel. Svaraði hann (S)frkvstj-N-Am samdægurs og sagði að þetta myndi að öllum líkindum þýða að hann hætti flutningsviðskiptum við Samskip.³³⁸⁰
7001. Liggur því fyrir að daginn eftir fund með Eimskip töldu Samskip sér fært að hækka umsvifalaust verð gagnvart einum mikilvægasta viðskiptavini sínum í innflutningi frá Norður-Ameríku og fella á sama tíma niður alla þóknun/mútgreiðslur til hans. Gefur þetta a.m.k. til kynna að Samskip hafi á þessum tíma ekki haft áhyggjur af því að Eimskip myndi bjóða betur.
7002. Eftir fund (E)forstö-innfl, (E)frkvstj-sala/þj, (S)forstö-innfl1 og (S)frkvstj-millilandasv þann 11. október 2010 ákváðu stjórnendurnir að hittast að nýju, eins og áður segir, þann 20. október 2010. Þann 19. október 2010 sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (S)frkvstj-N-Am og spurði um frkvstj-FlyP

³³⁷⁷ „Cabotage“ er gestaflutningaleyfi fyrir farmflytjanda til að starfrækja tímabundið flutningsþjónustu innanlands gegn gjaldi í viðkomandi landi eða svæði. Í tölvupósti [...] er væntanlega þá verið að vísa til greiningar á notkun Samskipa á eigin gámum sem eru fluttir milli hafna í Norður-Ameríku vs. notkun Samskipa á Eimskips gámum.

³³⁷⁸ Afrituð tölvupóstisamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.833428.

³³⁷⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.832366.

³³⁸⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.832370.



og Eimskip. Í honum sagði: „*Eitthvað nýtt að fréttu af [frkvstj-FlyP]? Fékk hann tilboðið skriflegt frá Eimskip. Heyri í þér seinna í dag. Erum að fara að hitta Eimskip út af USA samningnum á morgun.*“ (S)frkvstj-N-Am svaraði (S)forstö-innfl1 samdægurs: „*ekkert nýtt, er enn að skoða bulk, tilboð EI var ekki komið í gær.*“³³⁸¹

7003. Bað (S)forstö-innfl1 þannig um upplýsingar um mögulegt tilboð Eimskips til frkvstj-FlyP til undirbúnings fyrirhuguðum fundi með Eimskip 20. október 2010. Þeim fundi var hins vegar líkt og áður segir frestað á fundardeginum og var nýr fundur ákveðinn 2. nóvember 2010.³³⁸²
7004. Skoða ber ofangreinda verðhækkun gagnvart frkvstj-FlyP einnig í samhengi við verðhækkunarátak (S)forstö-innfl1 gagnvart öðrum viðskiptavinum í Norður-Ameríku flutningum, sbr. tölvupóst hans frá fimmtudeginum 28. október 2010 sem lýst verður hér á eftir. Á þeim degi lá fyrir að fundað yrði með (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-innfl þriðjudaginn 2. nóvember 2010.

14.33.4.3. Eimskip undirbúa að hækka verð gagnvart CMA

7005. Eimskip unnu einnig að verðhækkunum eftir fundinn 11. október 2010. Hér ber að rifja upp að bæði Samskip og Eimskip fluttu vörur fyrir erlend skipafélög, sem ekki sigldu sjálf til Íslands. Dagana 13. og 14. október 2010 áttu stjórnendur Eimskips, þ. á m. (E)forstö-innfl, í samskiptum í tengslum við við undirbúning verðhækkunar Eimskips gagnvart erlendu skipafélagi (CMA). CMA var á meðal stærstu viðskiptavina Eimskips í innflutningi miðað við tekjur á rannsóknartímabilinu en á árinu 2010 var CMA þriðji stærsti viðskiptavinur Eimskips í tekjum talið.
7006. Þann 13. október 2010 sendi (E)frkvstj-Holl, yfirmaður Eimskips í Hollandi, tölvupósta til (E)forstö-innfl, (E)forstö-útfl, (E)frkvstj-skiparekst og (E)frkvstj-TVG. Í honum vísaði (E)frkvstj-Holl til umræðu um verð á flutningum til og frá Íslandi sem Eimskip bauð CMA. Tölvupósti (E)frkvstj-Holl var sérstaklega beint til (E)forstö-innfl og (E)forstö-útfl sem báru ábyrgð á sjófrakt í inn- og útflutningi. Tók (E)frkvstj-Holl fram að hann og (E)frkvstj-TVG myndu innan tveggja vikna fara á fund CMA og Eimskip þyrfti að ákveða verð fyrir CMA sem gildi á árinu 2011. Spurði (E)frkvstj-Holl hvort áfram ætti að innheimta staðsetningargjald („CPC“ gjald³³⁸³). Einnig spurði (E)frkvstj-Holl hvort Eimskip á Íslandi hygðist hækka verð gagnvart CMA.³³⁸⁴
7007. Ljóst er að (E)forstö-innfl, (E)frkvstj-TVG og (E)frkvstj-Holl ræddu saman um framangreint þann 14. október 2010 og komust að niðurstöðu. (E)frkvstj-TVG tilkynnti um hana í tölvupósti sem hann sendi (E)forstö-útfl og (E)frkvstj-skiparekst, auk (E)frkvstj-Holl og (E)forstö-innfl, þann 15. október 2010 en þar sagði eftirfarandi:

„As confirmed with [(E)frkvstj-Holl]/[(E)forstö-innfl] yesterday we will continue charging CPC

On the meeting in the beginning of november we will aim to increase the rates by 4,6%“³³⁸⁵

7008. Samkvæmt þessu ætlaði Eimskip áfram að innheimta staðsetningargjaldið og tilkynna CMA um 4,6% verðhækkun í nóvember 2010. Daginn eftir fund (E)frkvstj-sala/þj, (E)forstö-innfl, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 2. nóvember 2010 vísaði (S)forstö-innfl1 til CPC gjalds Eimskips og þremur dögum seinna komu fram ummæli í tölvupósti (E)frkvstj-sala/þj sem gefa til kynna vitneskju um að Samskip ætluðu einnig að hækka verð gagnvart sínum viðskiptavinum um 4,6%, sbr. nánar hér á eftir.

³³⁸¹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.833320.

³³⁸² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.833609. Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.90462.

³³⁸³ CPC: „Container Positioning Charge“.

³³⁸⁴ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.582575.

³³⁸⁵ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.582575.



14.33.4.4. Eimskip fjallar um viðskiptavinum Samskipa

7009. (E)frkvstj-sala/þj vistaði hjá sér skjal þann 21. október 2010 þar sem vísað var m.a. bæði til Samskipa í Norður-Ameríku og til pappírflutninga þaðan, sbr. tilvísun til frkvstj-FlyP. Jafnframt var vísað til annarra mikilvægra viðskiptavina Samskipa (Nathan & Olsen, Granda, GS³³⁸⁶ og Stálskips)³³⁸⁷ Í skjalinu sagði þannig:

„Markaðsstöðu – umræða

Samskip USA

[frkvstj-FlyP] - Garri – Toyota – GS – Icelandic – Stálskip – Grandi – Nathan & Olsen³³⁸⁸

7010. Hér ber einnig að líta til þess að þann 20. október 2010 sendi (E)forstö-innfl tölvupóst til starfsmanna Eimskips í Norður-Ameríku og greindi þeim frá því að viðræður væru hafnar við Samskip um nýjan Norður-Ameríku samning. Óskaði hann eftir ábendingum frá þeim varðandi mögulegar breytingar á gildandi samning. Þeir svöruðu næstu daga og bentu á ýmis atriði sem skýra mætti betur.³³⁸⁹

7011. (E)frkvstj-sala/þj taldi einnig rétt að upplýsa (E)forstj um samningaviðræður við Samskip og framsendi framangreinda tölvupósta og tók þetta m.a. fram; „við eigum fund með Samskip út af samningnum í næstu viku, heyrumst fyrir þann fund.“ (E)forstj svaraði: „Já förum alveg endilega yfir þessa stöðu.“ Hér ber að rifja upp áherslu Eimskips og sérstaklega (E)forstj að viðhalda samstarfi Eimskips við Samskip í Norður-Ameríku flutningum árið 2008, sbr. umfjöllun í kafla 8.4. Samtímagögn við endurnýjun samkomulagsins árið 2010 sýna sömu áherslur.

7012. Eins og lýst verður hér á eftir fundaði (E)forstj með (S)frkvstj-N-Am, framkvæmdastjóra Samskipa í Norður-Ameríku, stuttu síðar, eða 24. nóvember 2010. Á þessum fundi átti sér stað ólöglegt samráð um m.a. pappírinnflutning til Íslands frá Kanada.

14.33.4.5. (S)forstö-innfl1 kynnir áherslur fyrir (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv

7013. Í kafla 14.32.2 kemur fram að 18. október 2010 sendi (S)forstö-innfl1 skjal til (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv og bar það heitið „Innflutningur – Rekstraráætlun 2011“. Í þessu skjali kemur fram að innflutningsdeild Samskipa leggi á það áherslu á;

„árinu 2011 að halda öllum núverandi viðskiptavinum og reyna að hækka einingaverð í þeim samningum sem opnast á árinu.“

7014. Síðan segir: „Í byrjun árs eru fjórir stórir samningar lausir, þ.e. Nathan & Olsen, Húsasmiðjan, Fóðurblandan og Elkem. Gert er ráð fyrir að halda öllum þessum viðskiptavinum. Reynt verður að ná fram hækkunum á Nathan & Olsen, Fóðurbönduna og Húsasmiðjuna, en markmiðið er að framlengja Elkem samninginn óbreyttan.“

7015. Jafnframt kemur fram í þessu skjali (S)forstö-innfl1 að hækka eigi gjaldskrá, auka gjaldtöku og leggja af afslætti til viðskiptavina.

7016. Þessi áætlun var rædd á fundi (S)forstö-innfl1 með (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv 21. október 2010. Samtímagögn sýna að engar athugasemdir voru gerðar við þessa áætlun innflutningsdeildar

³³⁸⁶ Hér er lagt til grundvallar að [...] vísi til German Seafrozen sem var í viðskiptum við Samskip.

³³⁸⁷ Í áætlun Samskipa í Bandaríkjunum fyrir árið 2011 kemur fram að í útflutningi frá Norður-Ameríku til Íslands hafi Nathan & Olsen og [...] verið langstærstu viðskiptavinirnir. Í innflutningi til Norður-Ameríku hafi Grandi verið annar stærsti viðskiptavinur Samskipa: Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „BUDGET 2011. Samskip and Jonar Transport Inc.“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.833486.

³³⁸⁸ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Vika 38 -2010 dagskrá.docx“. Titill: „Fundargerð Forstöðumannafundur SCS“. Fannst vistað á heimasvæði [...], vistað þann 21.10.2010, kl. 15:06. Doc. ID. 0.7.33.183131. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Vika 45-2010 dagskrá.docx“. Fannst vistað á heimasvæði [...], vistað 18.11.2010, kl. 10:27. Doc. ID. 0.7.33.185131.

³³⁸⁹ Afritað tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.578142 / 0.7.33.578188 / 0.7.33.578287 / 0.7.33.578298 / 0.7.33.578627 / 0.7.33.578740 og 0.7.33.578765.



og þá bera þau ekki með sér ótta um viðbrögð helsta keppinautarins, Eimskips. Að mati Samkeppniseftirlitsins endurspeglar þessi áætlun Samskipa hið ólögmæta samráð sem stóð yfir á þessum tíma og sýnir hvernig samráð fyrirtækjanna hafði eytt út æskilegri óvissu á milli fyrirtækjanna. Hið sama gera önnur gögn sem fjallað er um í kafla 14.32.

14.33.4.6. Stjórn Samskipa hf. fundar í lok október

7017. Þann 25. október 2010, var haldinn fundur hjá stjórn Samskipa hf. Mættir á fundinn voru (S)forstj, (S)frkvstj-millilandasv, (S)frkvstj-fjárm, (S)stjform-S, (S)stjórnarm-fjármstj og (S)stjórnarm-S og SH.
7018. Í fundargerð vegna þessa stjórnarfundar kemur fram að „rólegt“ hefði verið yfir markaðnum frá vormánuðum en jafnframt tekið fram að samningar við mikilvæga viðskiptavinum, þ.e. Húsasmiðjuna, Nathan & Olsen, Samkaup, Garra, Ó. Johnson & Kaaber, Vífilfell, Elkem, Fóðurbönduna og tengd félög séu að losna.³³⁹⁰ Öll þessi fyrirtæki voru á meðal 50 stærstu viðskiptavina Samskipa á árinu 2010. Voru þetta m.a. mikilvægir viðskiptavinir Samskipa í innflutningi frá Norður-Ameríku og vísað var til nokkurra þeirra í skjalinu sem (E)frkvstj-sala/þj vistaði 21. október 2010.
7019. Samtímagögn beggja fyrirtækjanna sýna á hinn bóginn að ekki var búist við að samkeppni myndi brjótast út vegna þessara mikilvægu viðskiptavina. Þvert á móti kom fram í gögnum sem (S)forstj sendi stjórn Samskipa hf. 19. nóvember 2010 að hann teldi áfram unnt að ná fram verðhækkun, sbr. nánar hér á eftir.
7020. Hér ber að áréttu að fjallað var um að samningar við þessa mikilvægu viðskiptavinum Samskipa væru að losna í framangreindum skjölum (S)forstö-innfl1 „Markaðsskýrsla Innflutningsdeildar 2011“ og „Innflutningur – Rekstraráætlun 2011“. Voru þessi skjöl til umræðu á fundum (S)forstö-innfl1 með (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv annars vegar 21. september og hins vegar 21. október 2010. Var í fyrrnefnda skjalinu lagt til grundvallar „að halda öllum núverandi viðskiptavinum og reyna að hækka einingaverð í þeim samningum sem opnast á árinu.“. Einnig var gert „ráð fyrir því að halda öllum núverandi viðskiptavinum Samskipa og engir nýjir viðskiptavinir voru áætlaðir inn.“ Jafnframt var lagt til grundvallar að „áframhaldandi ró“ héldist á innflutningsmarkaði og bæði Eimskip og Samskip „haldi að sér höndum og leggi áherslu á að hækka verð“. Samskonar umfjöllun kom fram í síðarnefnda skjalinu. Þessi gögn hafa verulega þýðingu við mat á eftirfarandi umfjöllun enda var vinna Samskipa við verðhækkun gagnvart umræddum fyrirtækjum unnin af undirlagi (S)forstö-innfl1 og í samræmi við vilja (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv.
7021. Samhengisins vegna er rétt að taka fram að framangreint mat þessara stjórnenda reyndist rétt. Eimskip reyndi ekki að ná viðskiptum N&O og sendi Húsasmiðjunni það hátt tilboð að tryggt var að Húsasmiðjan myndi ekki færa viðskipti sín. Samskip gátu því haldið þessum viðskiptavinum og hækkað verð gagnvart þeim. Með sama hætti hélt Eimskip Innnes og gat hækkað verð. Um þetta er fjallað hér á eftir. Er þetta skýr birtingarmynd á hinni ólögmætu markaðsskiptingu sem Eimskip hefur viðurkennt að hafi verið til staðar á þessum tíma, sbr. sátt Eimskips 16. júní 2021.
7022. Hér ber að rifja upp að tölvupóstur (S)forstj til (S)frkvstj-millilandasv 5. október 2010 sýnir að Samskip voru með siglingakerfi fyrirtækisins til skoðunar. Samkvæmt póstinum átti fyrir næsta stjórnarfund Samskipa hf. m.a. að skoða ýmis atriði tengd Eimskip: Skip Eimskips Blikur, Norður-Ameríku „rútu“ Eimskips og greining á kostnaði og magni í siglingakerfum þess fyrirtækis. Nokkrum dögum síðar átti (S)frkvstj-millilandasv fund með Eimskip, þ.e. 11. október 2010. Eftirfarandi var bókað um þetta í fundargerðinni vegna stjórnarfundarins 25. október 2010:

„5. Siglingakerfi

³³⁹⁰ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Fundargerð_25.10.2010.docx“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.808577.



(S)frkvstj-millilandasv kynnti siglingakerfi Samskipa og samkeppnisaðila er sinna þjónustu til Íslands og Færeyja. Helstu niðurstöður um umræður um kerfi eru:

-gert er ráð fyrir að mánaðarleg rúta EI til USA sé arðbær og verði með óbreyttu mynstri til komandi ára

-Alcan mun fara í útboð á næstu vikum, og er ákaflega áhugavert að nýta það tækifæri og endurreisa 4ra skipa kerfi fyrir Ísland með þeirra magni sem grunn að stækkun á núverandi kerfi, mun Samskip fylgja þessu tækifæri vel eftir, þó ljóst sé að erfitt verður að bjóða á mótí Thorship/Alcan.

-Staða í Færeyjum er snúin, alltof mikil flutningsgeta fyrir markað, þar sem Smyrill Blue Water, Eimskip og Samskip keppa af mikilli hörku. Smyril er í 5 ára samstarfi við Blue Water í gegnum SBW og gerum við ráð fyrir að það samstarf haldi áfram þó talsverður taprekstur sé á starfsemi félags. [...]"

7023. Skemmst er fá því að segja að Samskip ákváðu að nýta ekki tækifærið til að stækka kerfið sitt með því að bjóða í flutninga Alcan eins og nánar er fjallað um í kafla 14.36. Í fundargerðinni segir að „rólegt“ hefði verið yfir íslenska flutningamarkaðnum frá vormánuðum og fundargerðin og önnur framangreind gögn sýna að Samskip höfðu ekki áhyggjur af samkeppni við Eimskip á íslenska flutningamarkaðnum. Öðru máli gegndi um markaðinn í Færeyjum samkvæmt fundargerðinni. Þar var að mati Samskipa „alltof mikil flutningsgeta“ og hörð samkeppni við Smyril Blue Water (BWS) og Eimskip. Er þetta í samræmi önnur samtímagögn sem sýna annars vegar mjög takmarkaða samkeppni á flutningamarkaðnum hér á landi og mikla samkeppni í Færeyjum. Er þetta enn ein vísbendingin um hið samfellda samráð Samskipa og Eimskips í m.a. sjóflutningum til og frá Íslandi.

14.33.4.7. Verðhækkunarátak (S)forstö-innfl1

7024. Gögn málsins sýna að í lok október 2010 unnu Samskip áfram að verðhækkun gagnvart nokkrum þeirra fyrirtækja sem fjallað var um á stjórnarfundinum 25. október 2010 auk fyrirtækjanna ÍSAM og Saltkaup, sbr. einnig rekstraráætlun **(S)forstö-innfl1** sem hann kynnti **(S)frkvstj-millilandasv** og **(S)forstj** á fundi 21. október 2010.
7025. Nýr fundur Eimskips og Samskipa var sem fyrr segir ákveðinn þann 2. nóvember 2010. Nokkrum dögum áður en **(S)forstö-innfl1** átti þann fund með Eimskip tók hann til athugunar framlegð og verðlagningu á innflutningi viðkomandi fyrirtækja frá Norður-Ameríku til Íslands. Er ljóst að **(S)forstö-innfl1** taldi að Samskip hefðu tök á því að hækka verð til mikilvægra viðskiptavina sinna í þessum flutningum, sbr. einnig umfjöllun hér að framan um verðhækkun gagnvart frkvstj-FlyP.
7026. Framangreint má ráða af tölvupósti sem **(S)forstö-innfl1** sendi **(S)frkvstj-N-Am** (yfirmanni Samskipa í Norður-Ameríku) og viðkomandi viðskiptastjórum í innflutningsdeild (**(S)viðskstj**, **(S)viðskstj2** og **(S)viðskstj1**). Tölvupósturinn var frá 28. október 2010 og bar heitið „Of lág framlegð af USA sendingum“:

„Ég er búinn að vera að skoða framlegð af sendingum frá USA það sem af er árinu. Í framhaldi af því þarf nauðsynlega að skoða nokkra viðskiptavini. Ég skoðaði saman FRT, FRTA og BAF. FRTA er okkar útlagði TAS kostnaður og þá er FRT + BAF það sem við höfum upp í kostnaðinn í RTM og siglinguna heim. Við þurfum að lágmarki að hafa 1250 USD fyrir 20ft og 1600 USD fyrir 40ft. Annað er í raun óásættalegt. Í meðfylgjandi skjali má sjá allar þessar sendingar og niðurbrotið niður á FRT, FRTA og BAF. Hér er listi yfir þessi fyrirtæki og dæmi um það sem er að gerast í hverju og einu tilfelli.

1. Garri. Af sendingum sem komu í okt erum við aðeins að fá inn 1200-1270 USD fyrir FRT + BAF. Það er of lágt. Þessi samningur er að renna út og ég er búinn að leggja fyrir hann ný og hærrí verð. Við það ætti þetta vandamál að vera úr sögunni.



2. Íslensk Ameríska. Þetta er í lagi fyrir vöruna sem fer með Eimskip. Það eru hins vegar dæmi um annað sem er algjört rugl. Dæmi um það er SUS103050 sem er sending frá Kanada á allt of lágu verði.

3. Húsasmiðjan. Þeir voru að taka sendingar síðasta sumar frá Garaga í Kanada. Verðið á þeim var of lágt, þ.a. ef þeir ætla að fara að taka þaðan aftur þá þarf að hækka þessi verð.

4. Saltkaup. Þetta er í algjöru rugli. Það þarf að hækka þetta strax. Hér erum við að frá 680-700 USD fyrir 40ft gám. Þetta er ekki samningsbundið og því þarf að ná þessu upp um a.m.k. 1000 USD per gám. Mér sýnist reyndar að Saltkaup séu ekki búnir að vera að borga BAF af þessum gámum. Samkvæmt samningnum eiga þeir að gera það. Skoðið þetta vel og endurruckið Saltkaup ef kemur í ljós að þeir hafa verið vanrukkaðir um BAF-ið.

5. Samkaup. Þetta er í algjöru rugli líka. Við erum að borga með þessum sendingum. Það þarf að tilkynna Samkaup það að samningsverðin í ISK gildi ekki og senda þeim ný verð. Það er spurning hvort að við gerum það strax, eða bíðum eftir næstu bókun. Þið metið það, en það er alveg ljóst að við ætlum ekki að halda áfram að borga með þessu.

6. Vífilfell. Sendingarnar sem fara í TAS eru ok. Það var hins vegar sending í gegnum Richmond SUS103028 þar sem við rétt að hafa fyrir kostnaði okkar hjá Eimskip. Vífilfell eru ekki með samningsverð frá USA og þess vegna er þetta skrytið.

7. Rekkjan. Þetta er í rugli líka. Hér erum við að fá 1200-1250 USD fyrir 40 feta gám. Það þarf að hækka þetta.

Við þurfum í sameiningu allir að leiðrétta þetta sem allra fyrst. Alvarlegustu málinu eru Saltkaup og Samkaup. En við þurfum að tækla þetta allt.

[(S)viðskstj1] mun vinna með [(S)frkvstj-N-Am] í ÍsAm, Húsasmiðjunni og Samkaupum

[(S)viðskstj] mun vinna með [(S)frkvstj-N-Am] í Rekkjunni

[(S)viðskstj2] mun vinna með [(S)frkvstj-N-Am] í Saltkaupum

Það þarf síðan að vera virkt eftirlit hjá okkur að sendingar rúlli ekki mánuðum saman á allt of lágum verðum. Eðlilegast er að það eftirlit sé við bókun á skrifstofunni í Norfolk. Við stillum því upp um leið og búið að er að lagfæra þessa viðskiptamenn hér að ofan."³³⁹¹

7027. Samkvæmt þessu gripu Samskip til aðgerða til að hækka verð gagnvart Húsasmiðjunni, Vífilfelli, ÍSAM, Garra, Samkaup og Saltkaup. Fyrirtækin voru öll á meðal 50 stærstu viðskiptavina Samskipa í innflutningi árið 2010:

- Húsasmiðjan var stærsti viðskiptavinur Samskipa í innflutningi árið 2010.
- Vífilfell var næst stærsti viðskiptavinur Samskipa í innflutningi árið 2010.
- ÍSAM var fimmti stærsti viðskiptavinur Samskipa í innflutningi árið 2010.
- Garri var níundi stærsti viðskiptavinur Samskipa í innflutningi árið 2010.
- Samkaup var 19. stærsti viðskiptavinur Samskipa í innflutningi árið 2010.
- Saltkaup var 38. stærsti viðskiptavinur Samskipa í innflutningi árið 2010.

³³⁹¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.834987.



7028. (S)frkvstj-N-Am svaraði öllum sama dag og sagði: „Sammála, þetta getur ekki viðgengist lengur og mun ekki standa á okkar aðstoð. Það er í höndum viðskiptastjóra verkstjórnun á framkvæmd við verðhækkun og ef það er eitthvað sem við getum aðstoðað við þá er bara að láta í sér heyra. Við [(S)forstö-innfl1] finnum svo út hvernir [svo] staðið verður að eftirlitsþættinum.“³³⁹²

7029. (S)frkvstj-N-Am sendi síðar sama dag (28. október 2010) tölvupóst aðeins til (S)forstö-innfl1 vegna framangreinds. Sagði (S)frkvstj-N-Am að hann og hans undirmenn hefðu verið að vara viðskiptastjórana (sem heyrðu undir (S)forstö-innfl1) við að bjóða lág verð. Lagði (S)frkvstj-N-Am til að hann og (S)forstö-innfl1 myndu taka upp virkara eftirlit til þess að vinna gegn lágu verði. Sagði m.a:

„Við skulum setja okkur sem fyrst vinnulagið á eftirlitinu, mörkin til viðmiðunar og ganga í að hækka þá sem eru núna undir velsæmd.“³³⁹³

7030. Umræddur tölvupóstur (S)forstö-innfl1 sýnir vissu um að raunhæft væri að hækka verð gagnvart m.a. mikilvægum viðskiptavinum Samskipa í innflutningi og er þetta í samræmi við önnur samtímagögn, sbr. t.d. framangreint skjal (S)forstö-innfl1 frá september 2010 („Markaðsskýrsla Innflutningsdeildar 2011“) þar sem gert var „ráð fyrir því að halda öllum núverandi viðskiptavinum Samskipa og engir nýjir viðskiptavinir voru áætlaðir inn.“ Jafnframt var lagt til grundvallar að „áframhaldandi rö“ héldist á innflutningsmarkaði og bæði Samskip og Eimskip „haldi að sér höndum og leggi áherslu á að hækka verð“. Ljóst er og að samskipti (S)forstö-innfl1 og (S)frkvstj-millilandasv á þessum tíma við lykilstjórnendur Eimskips sem báru ábyrgð á verðlagningu á sjóflutningum, (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-innfl, voru til þess fallin að skapa traust og stuðla að árangri í hinu samfellda samráði fyrirtækjanna, sbr. umfjöllun í kafla 13.

14.33.4.8. Markaðsskiptingin virt í október 2010

7031. Samhengisins vegna ber að hafa hér í huga atvik sem lýst er í kafla 14.31. Þar kemur fram að samningur Samskipa við OJK hafi runnið út í október 2010. Jafnframt er lýst beiðni viðskiptavinar Eimskips, Europris, um tilboð frá Samskipum. Kemur þar fram að Eimskip héldu „friðinn“ með því að gefa OJK tilboð sem var það hátt að það tryggði að OJK myndu ekki ganga að því.

7032. Þann 12. október 2010, daginn eftir fund Samskipa og Eimskips, sendi (S)forstö-innfl1 tilboð til Europris sem tryggði að Europris flutningarnir héldust hjá Eimskip.

7033. Er rökstutt í umræddum kafla að þessi atburðarrás hafi verið hluti af ólögum samráði Samskipa og Eimskips.

14.33.4.9. Atvik dregin saman

7034. Gögn málsins sýna að til stóð að ræða a.m.k. Norður-Ameríku samstarfið á fundi Samskipa og Eimskips 11. október 2010, sbr. m.a. tölvupóst (E)forstö-innfl 5. október og tölvupóst (S)forstö-innfl1 sem hann sendi tæplega tveimur klukkustundum áður en fundurinn byrjaði. Þá hafði (E)frkvstj-sala/þj einnig áformað sumarið 2009 að samhliða endurnýjun Norður-Ameríku samningsins yrði rætt um endurnýjun „neyðarsamkomulagsins“, sbr. kafla 16.

7035. Fundur Samskipa og Eimskips stóð samkvæmt fundarbókun til kl. 15:00 11. október 2010. Tæplega klukkutíma síðar sendi (E)forstö-innfl1 tölvupóst til stjórnenda hjá Eimskip sem báru ábyrgð m.a. á gámastýringu fyrirtækisins ((E)frkvstj-skiparekst og (E)forstö-flutnstý) og afrit til (E)frkvstj-sala/þj. Bað hann (E)frkvstj-skiparekst og (E)forstö-flutnstý að leggja mat á ábata Samskipa af auknu gámastarfi fyrirtækjanna, þ.e. að Samskip færu að nota gáma Eimskips í TA flutningum sínum fyrir einn mikilvægasta viðskiptavin sinn í þeim flutningum, Nathan & Olsen. Gögn sem lýst verður hér á

³³⁹² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.834987.

³³⁹³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.834989.



eftir og tengjast m.a. fundi (E)frkvstj-sala/þj, (E)forstö-innfl, (S)forstö-innfl1 og (S)frkvstj-millilandasv 8. nóvember 2010 sýna einnig umræður um aukið gámasamstarf.

7036. Virt saman gefur framangreint til kynna að á fundinum 11. október 2010 hafi, auk áframhaldandi samstarfs í Norður-Ameríku flutningum, fyrirtækin fjallað um að auka gámasamstarf enn frekar en gert hafði verið í samningnum frá janúar 2009. Var það í samræmi við markmið „Nýtt upphaf“ verkefnisins um aukið samstarf.
7037. Þann 5. október 2010 hafði frkvstj-FlyP, mikilvægur viðskiptavinur Samskipa í innflutningi frá Norður-Ameríku, annars vegar gefið Samskipum skýrt til kynna að verð fyrir þennan flutning væri of hátt og hins vegar snúið sér til Eimskips og óskað eftir tilboði í þessa sömu flutninga. Samskip lækkuðu ekki verð og 7. október 2010 bauð Eimskip upp á verð sem frkvstj-FlyP sagði vera hærra en verðið hjá Samskipum og þar með alltof hátt. Ber að hafa í huga að (E)forstö-innfl1 fundaði með Samskipum á sama tíma, 4., 5., 6., eða 7. október 2008, sbr. fundargerð vegna fundar innflutningsdeildar Eimskips 8. október 2010.
7038. Framangreint ber að virða í samhengi við það að 12. október 2010, daginn eftir fundinn með Eimskip, tilkynntu Samskip frkvstj-FlyP um tafarlausa verðhækkun og til viðbótar yrði mútur/þóknun hans felld niður. Daginn eftir hóf Eimskip undirbúning að því að hækka verð gagnvart mikilvægum viðskiptavinum, CMA. Gögn málsins frá nóvember 2010 sýna að Samskip og Eimskip ræddu um pappírinnflutning frkvstj-FlyP frá Norður-Ameríku og leyfa þau m.a. þá ályktun að verðhækkun Eimskips gagnvart CMA hafi verið rædd á fundi fyrirtækjanna 2. nóvember 2010, sbr. nánari umfjöllun hér á eftir.
7039. Þessi atriði ber einnig að skoða í samhengi við:
- Samskip og Eimskip virtu friðinn þegar OJK og Europris leituðu tilboða, sbr. m.a. tilboð (S)forstö-innfl1 til Europris 12. október 2010.
 - Skjal (S)forstö-innfl1 frá 18. október 2010 þar sem hann lagði til grundvallar að Samskip gætu haldið öllum sínum mikilvægustu viðskiptavinum sínum og hækkað verð.
 - Efni fundargerðar stjórnar Samskipa hf. vegna fundar 25. október 2010 þar sem sagt var að „rólegt“ hefði verið yfir íslenska flutningamarkaðnum frá vormánuðum en jafnframt tekið fram að samningar við mikilvæga viðskiptavinum væru að losna,
 - Verðhækkunarátak (S)forstö-innfl1 gagnvart mikilvægum viðskiptavinum (til viðbótar við frkvstj-FlyP) í innflutningi frá Norður-Ameríku, sbr. tölvupóstur hans frá 28. október 2010.
7040. Öll ofangreind atriði gefa saman til kynna hið samfellda samráð Samskipa og Eimskips á þessum tíma. Á fundinum 11. október 2008 var áframhaldandi og eftir atvikum aukið samstarf fyrirtækjanna til umfjöllunar. Var það liður í ólögmætri framkvæmd á „Nýtt upphaf“ verkefninu. Umrædd samskipti voru til þess fallin að viðhalda hinu ólögmæta samráði. Ber að áréttu að hér var um að ræða fund lykilstjórnenda sem báru ábyrgð á öllum samkeppnisþáttum hjá fyrirtækjum sem störfuðu á tvíkeppnismarkaði. Voru þessi samskipti óhjákvæmilega til þess fallin viðhalda því ólögmæta ástandi sem fyrirtækin komu á um mitt ár 2008 og drógu úr æskilegri óvissu, sköpuðu traust og stuðluðu þannig að árangri í hinu samfellda samráði fyrirtækjanna. Er lýsandi að hvergi kom fram ótti hjá (S)forstö-innfl1 eða öðrum stjórnendum Samskipa við samkeppnisleg viðbrögð Eimskips við verðhækkun gagnvart frkvstj-FlyP og öðrum mikilvægum viðskiptavinum. Samtímagögn Eimskips sýna það sama, sbr. einnig sátt fyrirtækisins frá 16. júní 2021. Sökum samráðsins ríkti „friður“ yfir flutningamarkaðnum hér á landi.



14.33.5. Fundur Samskipa og Eimskips 2. nóvember 2010

7041. (E)forstö-innfl, (E)frkvstj-sala/bj, (S)forstö-innfl1 og (S)frkvstj-millilandasv hittust á ný þann 2. nóvember 2010. Var fundurinn haldinn í húsakynnum Eimskips á milli kl. 14 – 15:00 þennan dag.³³⁹⁴
7042. Hvorki Eimskip né Samskip veittu við upplýsingagjöf samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga upplýsingar um þennan fund eða afhentu gögn sem gefa til kynna hvað rætt hafi verið á fundinum.³³⁹⁵ Engin slík gögn bárust með athugasemdum fyrirtækjanna við AI eða AII. Um þýðingu þessa að lögum vísast til kafla 4.7.3. Við rannsókn Samkeppniseftirlitsins hefur ekki fundist fundargerð eða minnispunktar sem teknir hafa verið saman á fundinum.
7043. Hér ber að líta til þess að skömmu fyrir fund Samskipa og Eimskips, þ.e. kl. 13:41 þann 2. nóvember 2010, sendi (E)forstö-innfl tölvupóst til (E)frkvstj-sala/bj vegna fundarins. Í tölvupóstinum tilgreindi (E)forstö-innfl áherslur Eimskips fyrir fundinn. Þar sagði að samningstexti í nýjum Norður-Ameríku samningi ætti að verða að mestu óbreyttur frá fyrri samningi og miða ætti við 4,6% hækkun á verði.³³⁹⁶ Var þetta sama hækkun og varð á gjaldskrá Eimskips í júlí 2010 og sama hækkun og (E)forstö-innfl og aðrir stjórnendur Eimskips ætluðu að ná fram gagnvart CMA, sbr. framangreindan tölvupóst (E)frkvstj-Holl frá 15. október 2010.
7044. Jafnframt sagði (E)forstö-innfl í tölvupóstinum til (E)frkvstj-sala/bj að Eimskip myndi útvega Samskipum gáma þegar það væri unnt. Er þetta enn frekar til stuðnings því að aukið gámasamstarf var til umræðu milli fyrirtækjanna, sbr. einnig gögn sem urðu til dagana eftir fund Samskipa og Eimskips 8. nóvember 2010 og lýst verður hér á eftir.
7045. Eins og rökstutt er í kafla 11 hafði „Nýtt upphaf“ verkefnið það að markmiði að raska samkeppni í skilningi 10. gr. samkeppnislaga. Samstarf Samskipa og Eimskips í Norður-Ameríku flutningum og gámasamstarfið var hluti af „Nýtt upphaf“ verkefninu. Öll samskipti fyrirtækjanna þar sem unnið var eða rætt um „Nýtt upphaf“ verkefnið fóru því gegn 10. gr. samkeppnislaga, þ.m.t. þessi fundur 2. nóvember 2010.
7046. Þann 4. nóvember 2010, tveimur dögum eftir síðasta fund fyrirtækjanna, boðuðu (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-sala/bj nýjan fund með Samskipum.³³⁹⁷ (S)frkvstj-millilandasv samþykkti fundarboðið sama dag og það barst.³³⁹⁸
7047. Var þessi fundur (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1, (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-sala/bj haldinn sex dögum síðar, þann 8. nóvember 2010.

14.33.5.1. „Allir elta okkur með 4,6%“

7048. Samtímagögn sýna umfjöllun innan Eimskips og Samskipa um 4,6% verðhækkun og staðsetningargjöld (CPC gjöld) næstu daga eftir fund Samskipa og Eimskips 2. nóvember 2010. Við mat á þessu ber fyrst að rifja þetta upp:
- Þann 23. júlí 2010 sendi (S)frkvstj-millilandasv bréf Eimskips (til viðskiptavina) til (S)forstj, (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-útfli. Í því bréfi Eimskips var tilkynnt að sjóflutningsgjaldskrá Eimskips myndi hækka um 4,6% 5. júlí 2010 og á sama tíma yrði „staðsetningargjald (Container Positioning Charge) og sjóflutningsgjald sameinað í eitt gjald, sjóflutningsgjald“.³³⁹⁹

³³⁹⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.833609. Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.90462.

³³⁹⁵ Í kafla 23 er fjallað um brot Samskipa gegn upplýsingaskyldu samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga.

³³⁹⁶ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.91166.

³³⁹⁷ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.244023.

³³⁹⁸ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.91435.

³³⁹⁹ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „20100723133348116.pdf“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. Frá [...] Doc. ID. 0.7.33.820845.



- Þann 13. október 2010 spurði (E)frkvstj-Holl m.a. (E)forstö-innfl að því hvort Eimskip ætlaði að hækka verð og halda áfram að innheimta staðsetningargjald gagnvart skipafélaginu CMA.
- Þann 15. október 2010 var (E)frkvstj-Holl tilkynnt að (E)forstö-innfl og (E)forstö-útfl hefðu ákveðið að staðsetningargjald yrði innheimt og verð yrði hækkað um 4,6% gagnvart CMA („we will continue charging CPC. On the meeting in the beginning of november we will aim to increase the rates by 4,6%). Átti (E)frkvstj-Holl að ræða þetta við CMA á fundi í byrjun nóvember 2010.
- Nítján mínútum fyrir fundinn með Samskipum 2. nóvember 2010 sendi (E)forstö-innfl tölvupóst til (E)frkvstj-sala/þj vegna fundarins. Í tölvupóstinum tilgreindi (E)forstö-innfl áherslur Eimskips fyrir fundinn, m.a. 4,6% hækkun á verði.
- Ljóst er að þegar fundur Samskipa og Eimskips átti sér stað 2. nóvember 2010 lá ekki fyrir niðurstaða um viðræður (E)frkvstj-Holl við CMA.

7049. Þann 3. nóvember 2010 sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (S)viðskstj2 og upplýsti hann um þetta:
„Eimskip er ekki lengur að rukka REPO því það er búið að sameina það inn í sjófraktina.“³⁴⁰⁰

7050. Vegna þessara ummæla (S)forstö-innfl1 um gjaldtöku Eimskips ber að hafa í huga að hugtakið „REPO“ í tölvupósti (S)forstö-innfl1 er stytting á „Repositioning“ sem nefnt er staðsetningargjald hjá Samskipum.³⁴⁰¹ Tilvísun Eimskips til „CPC“ og Samskipa til „REPO“ vísar því til sama gjaldsins, þ.e. staðsetningargjalds.

7051. Daginn eftir, 4. nóvember 2010, sendi (E)frkvstj-Holl tölvupóst til (E)forstö-innfl, (E)forstö-útfl, (E)frkvstj-skiparekst og (E)frkvstj-TVG. Tölvupósturinn varðaði framgang viðræðna Eimskips við CMA og var í honum tilkynnt að CMA hefði fallist á umrædda 4,6% hækkun. Átti sú hækkun að taka gildi 1. janúar 2011.³⁴⁰²

7052. Föstudaginn 5. nóvember 2010 framsendi (E)frkvstj-TVG tölvupóst (E)frkvstj-Holl um þessa 4,6% verðhækkun gagnvart CMA til (E)frkvstj-sala/þj. (E)frkvstj-sala/þj svaraði sama dag:

„Allir elta okkur með 4,6%“.³⁴⁰³

7053. Líkt og áður sagði kom fram í tölvupósti (E)forstö-innfl til (E)frkvstj-sala/þj frá 2. nóvember 2010 að ræða ætti við Samskip um 4,6% hækkun á Norður-Ameríku flutningum á fundi fyrirtækjanna síðar sama dag.

7054. Samkvæmt framansögðu var 4,6% verðhækkun og staðsetningargjald til umfjöllunar næstu daga eftir fund Samskipa og Eimskips 2. nóvember 2010.

7055. Skiptir hér máli að 4. nóvember 2010, aðeins tveimur dögum eftir fundinn 2. nóvember 2010, boðuðu (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-sala/þj nýjan fund með Samskipum og var hann haldinn 8. nóvember 2010, sbr. umfjöllun í kafla 14.33.6 hér á eftir. Í þeirri umfjöllun er því einnig líst að tveimur dögum seinna sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (E)frkvstj-sala/þj sem gaf til kynna að Samskip gætu fallist á 4,6% hækkun og aukna gjaldtöku. Gefur þetta til kynna framgang í viðræðum fyrirtækjanna og sýnir að eftir fundinn 2. nóvember 2010 féllust Samskip, sem kaupandi að flutningsþjónustu, á þessa 4,6% hækkun Eimskips á sjófrakt í Norður-Ameríku flutningum. Auk þessa féllust Samskip á aukna gjaldtöku.

7056. Að mati Samkeppniseftirlitsins vísaði (E)frkvstj-sala/þj í tölvupósti sínum 5. nóvember 2010 til þess að viðræður hefðu verið við aðra en CMA („allir“) um 4,6% hækkun og vilji þeirra viðmælenda stæði

³⁴⁰⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.835864.

³⁴⁰¹ Aðgengilegt á slóð: <https://www.samskip.is/utflutningur/gjaldskra/ordalisti-reikninga/>.

³⁴⁰² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.582575.

³⁴⁰³ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.582575.



til þess að „elta“ 4,6% hækkun Eimskips. Að mati Samkeppniseftirlitsins gefur þetta orðalag (E)frkvstj-sala/þj sterklega til kynna að Eimskip hafi talið sig hafa tekist að fá aðra en CMA, þ.e. Samskip, til að „elta“ hækkun Eimskips með því að hækka eigin verð gagnvart viðskiptavinum sínum. Er þetta til marks um það hvernig ítrekuð samskipti á milli keppinautanna á rannsóknartímabilinu drógu úr æskilegri óvissu á milli fyrirtækjanna og sköpuðu eða eflðu tengsl og traust milli lykilstjórnenda Samskipa og Eimskips. Var þetta til þess fallið að stuðla að árangri í hinu ólögmeta samráði og gera það skilvirkara og auðveldara í framkvæmd, sbr. nánari umfjöllun í kafla 13.

7057. Blásir við að fundir Eimskips og Samskipa haustið 2010 hafi m.a. snúist um það að fá Samskip til að fallast á hækkun á því verði sem Samskip greiddu Eimskip fyrir Norður-Ameríku flutninga með skipi Eimskips. Raunar kemur skýrt fram í mgr. 185 í athugasemdum Samskipa við AII að fyrirtækið virðist alls ekkert hafa séð óeðlilegt við slík upplýsinga- og skoðanaskipti Eimskips og Samskipa um verðlagningu og jafnvel talið þau óhjákvæmileg:

„... er að mati Samskipa eðlilegt að verðlagning og gjaldtaka Eimskips á flutningum til og frá Norður-Ameríku séu rædd á samningafundi félaganna um þá flutninga og að breytinguna hafi borið á góma í því samhengi. Verður að telja það óhjákvæmilegt enda er þetta gjald sem Eimskip lagði á Samskip.“

7058. Samskipum og Eimskip var fullkunnugt um þá kröfu samkeppnisréttar að keppinautum á fákeppnismarkaði sé almennt óheimilt að skiptast á upplýsingum um samningskjör sem m.a. viðskiptavinir stærstu keppinautanna njóti. Þegar horft er yfir samskipti Eimskips og Samskipa á rannsóknartímabilinu vegna samningaviðræðna þeirra um Norður-Ameríku flutninga, blásir við það munstur að í tengslum við umleitanir um samningskjör milli Eimskips og Samskipa, þar sem hagsmunir fyrirtækjanna voru vissulega gagnstæðir, þar eð Eimskip leitaði eftir verðhækkun sem Samskip reyndu að forðast, að fyrirtækin færu út á þá braut að skiptast á upplýsingum um samningskjör annarra viðskiptavina. Hafa slíkar upplýsingar t.d. verið settar fram til þess að réttlæta verðhækkun. Dæmi um það er verðhækkun sem tekist var á um haustið 2008 í formi þess að Samskip hæfu að greiða BAF, en þar leitaðist Eimskip við að halda því að Samskipum að allir viðskiptavinir Eimskips greiddu BAF frá Norður-Ameríku. Samskip litu augljóslega á það sem svik hjá Eimskip að upplýsingar sem fyrirtækið gaf Samskipum reyndust ekki að öllu leyti réttar, sbr. eftirfarandi ummæli (S)forstö-innfl1 í tölvupósti frá 10. desember 2008.

*„[...] Eimskips menn lugu að okkur á síðasta fundi varðandi það að allir þeirra viðskiptavinir greiði BAF frá USA!!“.*³⁴⁰⁴

7059. Hér verður einnig að horfa til atvika fyrir og eftir fundinn 11. október 2010. Sem áður sagði taldi einn mikilvægasti viðskiptavinur Samskipa í innflutningi frá Norður-Ameríku, frkvstj-FlyP, brýnt að verð á þeim flutningum yrði lækkað, sbr. tölvupóstur hans til Samskipa frá 5. október 2010. Daginn eftir fundinn með Eimskip 11. október 2010 tilkynntu Samskip frkvstj-FlyP hins vegar um tafarlausu verðhækkun og að „kickback“ hans yrði fellt niður. Þann 28. október 2010 ákvað (S)forstö-innfl1 að ráðast í sérstakt verðhækkunarátak gagnvart öðrum viðskiptavinum í innflutningi frá Norður-Ameríku. Hvergi kemur fram í samtímagögnum ótti við samkeppnisleg viðbrögð Eimskips vegna þessa. Þá sýna eftirfarandi gögn sem tengjast fundum Samskipa og Eimskips 11. og 24. nóvember 2010 að fyrirtækin ræddu um flutning á pappír frkvstj-FlyP frá Kanada, sbr. kafla 14.33.7 og 14.33.8.

7060. Þegar öll framangreind atriði eru virt saman dregur Samkeppniseftirlitið þá ályktun að á fundinum 2. nóvember 2010 hafi Eimskip reynt að sannfæra Samskip m.a. um að fallast á 4,6% hækkun með vísan til samningskjara annarra viðskiptavina. Verður að telja að „allir“ í tölvupósti (E)frkvstj-sala/þj frá 5. nóvember 2010 vísi til Samskipa og gefi til kynna að (E)frkvstj-sala/þj hafi eftir fundinn með Samskipum 2. nóvember 2010 talið a.m.k. líklegt að sá keppinautur ætlaði sér einnig að hækka verð

³⁴⁰⁴ Sjá nánar kafla 10.5.1 þar sem [...] upplýsir [...] í tölvupósti 10. desember 2008 um að í samtali hans við forstjóra N&O hafi komið fram að fyrirtækið væri enn að greiða samkvæmt gamla samningi þess við Eimskip. „Það þýðir að þeir greiða EKKI BAF á USA. Þetta staðfestir það að Eimskips menn lugu að okkur á síðasta fundi varðandi það að allir þeirra viðskiptavinir greiði BAF frá USA!!“



gagnvart eigin viðskiptavinum. Er þetta í samræmi við það sem átti sér stað eftir fundinn 2. nóvember 2010, þ.e. Samskip féllust á hækkun Eimskips og hækkuðu verð gagnvart tilgreindum viðskiptavinum í Norður-Ameríku flutningum, bæði í eigin TA flutningum og í þeim flutningum sem fóru með skipi Eimskips.

7061. Almenn séð var á engan hátt sjálfgefið fyrir Samskip að velta verðhækkunum eða aukinni gjaldtöku Eimskips, í heild eða hluta, þegar í stað yfir á eigin viðskiptavini í Norður-Ameríku flutningum, sérstaklega ekki þá viðskiptavini Samskipa sem notuðu TA flutninga sem eðli málsins samkvæmt tóku ekki hækkunum Eimskips. Ber að árétta að TA flutningar Samskipa á árinu 2009 voru 86% af heildarflutningum fyrirtækisins milli Íslands og Norður-Ameríku og 76% á árinu 2010.
7062. Framanrakin samskipti lykilstjórnenda Samskipa og Eimskips voru liður í ólögumætri framkvæmd á „Nýtt upphaf“ verkefninu og almennt séð til þess fallin að viðhalda hinu ólögumæta samráði. Ber að árétta að hér var um að ræða fund lykilstjórnenda sem báru ábyrgð á verðlagningu og öðrum samkeppnisþáttum hjá fyrirtækjum sem störfuðu á tvíkeppnismarkaði. Voru þessi samskipti óhjákvæmilega til þess fallin að viðhalda ástandi þar sem fyrirtækin höfðu dregið úr æskilegri óvissu sín á milli, skapað traust og stuðlað að árangri í hinu samfellda samráði fyrirtækjanna. Endurspeglast þetta m.a. í samhliða áherslum umræddra stjórnenda, haustið og veturinn 2010, á verðhækkanir og vissu um þeir þyrftu ekki að óttast að helsti keppinauturinn myndi keppa um mikilvægustu viðskiptavinina. Þá skal það áréttað að eins og rökstutt er í kafla 11 hafði „Nýtt upphaf“ verkefnið að markmiði að raska samkeppni í skilningi 10. gr. samkeppnislaga. Öll samskipti Samskipa og Eimskips þar sem unnið var eða rætt um „Nýtt upphaf“ verkefnið fóru því gegn 10. gr. samkeppnislaga, þ. á m. samskipti fyrirtækjanna sem vörðuðu samstarf þeirra í Norður-Ameríku flutningum.

14.33.6. Fundur Samskipa og Eimskips 8. nóvember 2010

7063. [\(E\)frkvstj-sala/þj](#), [\(E\)forstö-innfl](#), [\(S\)forstö-innfl1](#) og [\(S\)frkvstj-millilandasv](#) funduðu á ný þann 8. nóvember 2010. Var fundurinn bókaður á milli kl. 11–12:00 þennan dag. Ljóst er hins vegar að fundurinn stóð lengur og vísaði [\(E\)frkvstj-sala/þj](#) í tölvupósti, sem hann sendi [\(S\)frkvstj-millilandasv](#) og [\(S\)forstö-innfl1](#) daginn eftir, til „*langa fundarins*“.
7064. Tölvupóstamskipti milli Eimskips og Samskipa 9. og 10. nóvember 2010 og tölvupóstamskipti milli [\(E\)frkvstj-sala/þj](#) og [\(E\)forstj](#) 10. og 11. nóvember 2010 sýna að fyrirtækin ræddu a.m.k. um Norður-Ameríku samstarfið, gámasamvinnu og pappírinnflutning, sbr. nánar hér á eftir.
7065. Eins og rökstutt er í kafla 11 hafði „Nýtt upphaf“ verkefnið það að markmiði að raska samkeppni í skilningi 10. gr. samkeppnislaga. Samstarf Samskipa og Eimskips í Norður-Ameríku flutningum og samstarf tengt gámum var hluti af „Nýtt upphaf“ verkefninu. Öll samskipti fyrirtækjanna þar sem unnið var eða rætt um „Nýtt upphaf“ verkefnið fóru því gegn 10. gr. samkeppnislaga, þ.m.t. þessi fundur 8. nóvember 2010.
7066. Eftir fundinn 8. nóvember 2010 vann [\(E\)frkvstj-sala/þj](#) að verðhækkunum og [\(S\)forstö-innfl1](#) gætti að því að „*friðurinn*“ yrði ekki rofinn með því að bjóða viðskiptavini Eimskips hagstætt verð. Þá áttu [\(E\)frkvstj-sala/þj](#), [\(E\)forstö-innfl](#), [\(S\)forstö-innfl1](#) og [\(S\)frkvstj-millilandasv](#) í tölvupóstamskiptum sem sýna árangur í viðræðum fyrirtækjanna. Skal þessu lýst nánar.

14.33.6.1. Ekki bjóða „grænensk verð“ og verðhækkanir

7067. Fyrrgreindur fundur Samskipa og Eimskips var haldinn fyrir hádegi 8. nóvember 2010. Síðar sama dag vistaði [\(E\)frkvstj-sala/þj](#) á heimasvæði sínu skjal þar sem finna má lista yfir verkefni hans þennan mánuðinn. Þar stendur m.a.:

„USA Samskip samningur“

„Hækkanir (ISL – ERL)“.



7068. Undir liðnum „(E)forstö-innfl“ í þessu skjali (E)frkvstj-sala/þj kom þetta fram: „Sölu-áttak smærri og meðalstór ft.“³⁴⁰⁵
7069. Samkvæmt þessu skjali voru þannig frekari verðhækkningar í undirbúningi hjá (E)frkvstj-sala/þj. Jafnframt sýnir þetta gagn (E)frkvstj-sala/þj að söluáttak Eimskips í innflutningi á þessum tíma náði aðeins til smærri og meðalstórra fyrirtækja. Af því verður sú ályktun dregin að Eimskip ætli áfram ekki að keppa við helsta keppinaut sinn, Samskip, um stærri viðskiptavinum. Er þetta í samræmi við önnur gögn málsins frá báðum fyrirtækjunum, t.d. framangreindar áætlanir (S)forstö-innfl1 frá september og október 2010 og glærur (E)frkvstj-sala/þj frá 14. september 2010 og er þetta vísbending um m.a. hina ólögmetu markaðsskiptingu sem Eimskip hefur viðurkennt að hafi verið fyrir hendi á þessum tíma.
7070. Daginn eftir fundinn með (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-innfl fékk (S)forstö-innfl1 annars vegar upplýsingar frá (S)starfsm um árangur Samskipa við að hækka verð í Norður-Ameríku flutningum og hins vegar upplýsingar frá (S)viðskstj1 sem gáfu honum tilefni til að gæta að því að verðsamkeppni við Eimskip myndi ekki brjótast út.
7071. (S)starfsm sendi þannig 9. nóvember 2010 tölvupóst til (S)forstö-innfl1 og (S)starfsm (undirmaður (S)frkvstj-N-Am). Í honum var (S)forstö-innfl1 á ný greint frá framgangi þess verkefnis sem fólst í því að hækka verð til viðskiptavina í Norður-Ameríku flutningum:
- „Var að setja inn nýjan samning fyrir Garra. Ný verð gilda í Ameríku BAF innifalið NYC 2.800/3.600 RIC 2.500/3.100 Getið þið leiðrétt sendingarnar í þessari viku.“³⁴⁰⁶
7072. (S)starfsm svaraði sama dag: „Ég skal fæla þessum verðum hjá FMC. Verða virk þann 9. desember. Það tekur 1 mánuð að fá hækkunar í gegn hjá FMC. Ég vil benda á að leiðréttingar á sjófrakt eftirá frá USA eru ólöglegar.“³⁴⁰⁷
7073. (S)viðskstj1, viðskiptastjóri í innflutningsdeild, sendi sem fyrr segir einnig 9. nóvember 2010 tölvupóst til (S)forstö-innfl1. Í honum sagði:
- „heyrði í Takk hreinlæti (þeir hringdu í mig) hafa áhuga á grænlenksku verði frá birgja í UK spurning hvort við eigum að fara með það alla leið? hvað segir þú?“
7074. (S)forstö-innfl1 svaraði daginn eftir:
- „Treystir þú þeim. Munu þeir fara með þessi verð í Eimskip?“³⁴⁰⁸
7075. Fyrirtækið Takk hreinlæti var á þessum tíma viðskiptavinur Eimskips. Var það einnig í viðskiptum við Eimskip á árinu 2011.³⁴⁰⁹ Hvorki hefur fundist svar (S)viðskstj1 við tölvupósti (S)forstö-innfl1 né önnur gögn sem benda til þess að unnið hafi verið að því að ná Takk hreinlæti í viðskipti til Samskipa.
7076. Ljóst er því að Samskip gripu ekki til neinna aðgerða sem leitt gátu til þess að Takk hreinlæti flytti viðskipti sín frá Eimskip til Samskipa.
7077. Eins fram hefur komið var rætt um „grænlenksku“ verð hjá Samskipum þegar bjóða átti mjög samkeppnishæf verð. Skal rifjað upp að áður en „Nýtt upphaf“ verkefnið hófst var í maí 2008 rætt um „grænlenkska daga“ og „herferð“ þegar til stóð að bjóða viðskiptavinum Eimskips lágt verð með það að markmiði að ná þeim í viðskipti. Ekkert varð úr þeirri „herferð“ enda hófst „Nýtt upphaf“ verkefnið í byrjun júní 2008.

³⁴⁰⁵ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.184231.

³⁴⁰⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...]. ID. 0.7.33.836622.

³⁴⁰⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.836629.

³⁴⁰⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...]

Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip[...] Doc. ID. 0.7.34.92172. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.96646.



7078. Sérstaka athygli vekur að (S)viðskstj1 sá í framangreindum tölvupósti ástæðu til þess að tilgreina það sérstaklega að þessi beiðni um lágt verð til viðskiptavinar Eimskips væri ekki frá honum komin („þeir hringdu í mig“). Gaf hann yfirmanni sínum þannig skýrt til kynna að hann hefði ekki snúið sér til þessa viðskiptavinar keppinautarins með það að markmiði að afla nýrra viðskipta með hagstæðu verðtilboði, sem hefði getað raskað „friðnum“ við Eimskip. Í þessu samhengi ber að rifja upp að vinnuhópur, sem (S)forstö-innfl1 og (S)frkvstj-millilandasv sátu í, hafði í október 2009 áhyggjur af þessu:
- Hvort Samskip hefði komið í veg fyrir verðhækkanir með því að „sækja smá“,
 - Hvort ekki sé „hægt að treysta“ Samskipum, þ.e. í raun hvort Eimskip geti ekki treyst Samskipum.
 - Hvort Samskip hafi mögulega komið „í veg fyrir að friður kæmist á“.
7079. Í kafla 14.20.4 er lýst aðgerðum (S)forstö-innfl1 í janúar og febrúar 2010 sem miðuðu að því að koma í veg fyrir að undirmenn hans (viðskiptastjórar innflutningsdeildar) gætu með samkeppnisaðgerðum reynt að ná viðskiptavinum frá Eimskip í viðskipti til Samskipa. Er augljóst að ef kappsamir viðskiptastjórar byggju við mikið sjálfstæði gætu þeir með hagstæðum verðtilboðum til viðskiptavina Eimskips ógnað samráðinu. Frá sjónarhóli þeirra sem vildu vernda samráðið við Eimskip var skynsamlegt að hafa eftirlit með aðgerðum viðskiptastjóra. Virða ber tölvupóst (S)viðskstj1 í þessu ljósi.
7080. Varðandi viðbrögð (S)forstö-innfl1 við tölvupósti (S)viðskstj1 er fyrst rétt að rifja upp að ólögmaett samráð er í eðli sínu samstarf milli viðkomandi fyrirtækja um að reyna að hagnast meira með samvinnu sín á milli heldur en með því að keppa um hylli viðskiptavina á grundvelli m.a. lægra verðs og betri þjónustu. Slíkt samstarf í eiginhagsmunaskyni getur hins vegar verið viðkvæmt og brothætt þar sem þátttakendur geta t.d. haft hvata til þess að „svindla/svíkja“ og fara gegn því sem ákveðið hafi verið í samráðinu. Með því móti gæti viðkomandi fyrirtæki hagnast enn meira en ella (t.d. með því að hækka verð ekki jafn mikið og ákveðið hafi verið í samráðinu og eiga þannig von á mun meiri sölu en hitt/hin samráðsfyrirtækin). Sökum þessa er í samkeppnisrétti rætt um takmarkað traust milli samráðsfyrirtækja.³⁴¹⁰ Geta því komið upp harðvítugar deilur milli samráðsfyrirtækja og jafnvel brotist út verðstríð ef einn þátttakandi í samráðinu uppgötvar að annar hafi „svindlað“.³⁴¹¹ Hafa fræðimenn bent á að sökum framangreinds búi samráð keppinauta jafnan við innri óstöðugleika vegna hvatans til að „svindla“. Til þess að stuðla að árangri í samráði reyni þátttakendur í því að stuðla að trausti og/eða skapa varnaðaráhrif með því að beita refsingum gagnvart þeim sem svindla.³⁴¹² Að mati Samkeppniseftirlitsins voru samskipti m.a. (S)forstö-innfl1 , (S)frkvstj-millilandasv, (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-innfl á þessum tíma til þess fallin að stuðla að trausti og vinna gegn hættu á svindli. Slíkt útilokaði hins vegar ekki svindl eða ágreining í hinu samfellda samráði, sbr. t.d. umfjöllun í kafla 14.33.16.
7081. Að mati Samkeppniseftirlitsins er skýring eða afsökun (S)viðskstj1 um að hann beri ekki ábyrgð á hugmynd um lágt verð til viðskiptavinar Eimskips og spurning (S)forstö-innfl1 hvort unnt væri að treysta því að upplýsingar um mögulegt „grænlenkt“ verð bærust ekki til Eimskips skýr birtingarmynd á hinu samfellda samráði Eimskips og Samskipa. Markaðsskipting Samskipa og Eimskips skýrir þann fyrirvara sem (S)viðskstj1 virðist telja sig hafa þurft að setja um að viðskiptavinurinn hefði haft samband að fyrra bragði og (S)forstö-innfl1 lagt fyrir undirmann sinn að

³⁴¹⁰ Í skýrslu OECD frá árinu 2002, Fighting Hard Core Cartels, er þessu eðli samráðs m.a. lýst svo: „There is no honour among thieves“. Þetta innsæi í eðli samráðs er m.a. grundvöllur fyrir svonefndum niðurfellingarreglum þar sem þátttakendur í samráði stíga fram og upplýsa um tilvist þess í þeirri von að viðurlög gagnvart þeim verði felld niður eða lækkuð.

³⁴¹¹ Fjallað var um þetta einkenni ólögmaets samráðs m.a. á bls. 113 og 415 í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 21/2004 vegna ólögmaets samráðs oliufélaganna (sbr. og dóma Hæstaréttar Íslands frá 4. febrúar 2016 í málum nr. 272, 277 og 278/2015). „Svindl og prettir“ samráðsfyrirtækja gegn hvert öðru hefur ekki áhrif á ólögmaeti samráðsins, sbr. t.d. mgr. 118 í dómi undirréttar ESB frá 11. júlí 2019 í máli nr. T-530/15, Huhtamäki Oyj gegn framkvæmdastjórninni.

³⁴¹² Sjá t.d. The Nature and Impact of Hardcore Cartels – A report to the Danish Competition Authority“, London Economics, janúar 2011.



reyna með samkeppnisaðgerðum að ná þessum viðskiptavini í viðskipti til Samskipa. Það gerði (S)forstö-innfl1 hins vegar ekki enda hafði hann fyrr á árinu 2010 gripið til aðgerða til að vinna gegn því að markaðsskiptingin við Eimskip yrði rofinn. Tölvupóstur (S)forstö-innfl1 gefur til kynna að það hafi freistað að ná þessum viðskiptum en að sama skapi óttaðist hann auðsýnilega að hin ólögmeta markaðsskipting, og „friðurinn“ sem af henni leiddi, yrði sett í uppnám ef Eimskip kæmist að því að Samskip hefðu reynt að ná þessum viðskiptavini með því að bjóða hagstætt verð. Tók (S)forstö-innfl1 ekki þá áhættu og var það niðurstaðan að umræddum viðskiptavini Eimskips var ekki boðið „grænensk verð“.

14.33.6.2. Tölvupóstsamskipti Samskipa og Eimskips

7082. Sama dag og (S)viðskstj1 spurði (S)forstö-innfl1 um „grænensk verð“, 9. nóvember 2010, sendi (E)frkvstj-sala/þj eftirfarandi tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 (afrit til (E)forstö-innfl1):

„Sælir strákar og takk fyrir fundinn langa í gær, Við erum vissulega nær takmarkinu en fyrir fundinn og vonandi er eftirfarandi lausn til þess fallin að loka málinu:

Höldum okkur við að einfalda þetta og taka eitt gjald í stað tveggja mismunandi. Útgangspunkturinn er því 1.980 mv. 40'HC.

| | USD |
|----------------------------|-------|
| Grunngjald | 1.980 |
| 4,60% | 91,08 |
| Nýtt verð eftir hækkun | 2.071 |
| ISPS | 42,00 |
| Samtals | 2.113 |
| THC með 75% afslætti | 154 |
| Heildarverð | 2.267 |
| | |
| Breyting frá fyrri samning | |
| Eimskips gámar | 2.080 |
| | 8,99% |

Samskonar útreikningur gildir fyrir aðrar gámastærðir.

1. Jafnframt sættumst við á að afsláttarmagn miðist við 300 teus í stað 400 annars óbreytt
 2. Gámafrídagar fara úr 40 í 30 enda hagstætt verð eftir það og þar fyrir utan ættu 30 dagar að vera yfirdrifið nóg í lang flestum tilfellum
 3. Magnákvæði verða óbreytt
 4. Gildistími 12 mánuðir með 12 mánaða framlengingar option
- Hvernig eruð þið á fimmtudaginn kl. 11.00 til að leggja lokahönd á þetta?“. ³⁴¹³

7083. Í tölvupóstinum komu fram nánari tillögur Eimskips um skilmála sem og tillaga um nýjan fund fimmtudaginn 11. nóvember 2010 til að leggja lokahönd á nýjan Norður-Ameríku samning fyrirtækjanna. ³⁴¹⁴ Sá fundur var haldinn, sbr. nánar hér á eftir.

³⁴¹³ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.91854.

³⁴¹⁴ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.91725.



7084. Í framangreindri tillögu Eimskips fólst jafnframt 4,6% hækkun á flutningsgjaldi og að tekin yrðu upp ný gjöld, þ.e. ISPS-gjald³⁴¹⁵ og THC-gjald³⁴¹⁶ (með 75% afslætti). Í heild næmi hækkun í tilviki 40 feta HC gáma 8,99%.
7085. Í samningi fyrirtækjanna frá 2009 var mismunandi verð eftir því hvort flutningur fyrir Samskip átti sér stað með gámum Eimskips eða eigin gámum Samskipa. Samkvæmt framangreindri tillögu (E)frkvstj-sala/þj átti að „*einfalla þetta og taka eitt gjald í stað tveggja mismunandi*“. Var það í samræmi við áform um aukið gámasamstarf fyrirtækjanna. Líta ber einnig til þess að í þessum tölvupósti (E)frkvstj-sala/þj var vísað til „*Eimskips gáma*“ og tilgreint að verð á þeim hefði breyst. Í tölvupósti (E)frkvstj-sala/þj til (E)forstj 10. nóvember 2010 var sagt að það væri „*gagnkvæmur skilningur*“ milli fyrirtækjanna um að Samskip noti gáma Eimskips „*eingöngu meðan framboð er fyrir hendi*“. Ber að virða þetta m.a. í ljósi framangreinds tölvupóst (E)forstö-innfl sem hann sendi yfirmönnum gámastýringar Eimskips (afrit til (E)frkvstj-sala/þj) tæplega klukkutíma eftir fundinn með Samskipum 11. október 2010. Þar bað hann viðkomandi m.a. að leggja mat á ábata Samskipa af auknu gámasamstarfi við Eimskip og minnst var á möguleika að Samskip myndi nota gáma Eimskips í TA flutningum fyrirtækisins. Eru þessi gögn því til vitnis um áframhaldandi og eftir atvikum aukið gámastarf Samskipa og Eimskips.
7086. Til undirbúnings svari við tölvupósti (E)frkvstj-sala/þj bað (S)forstö-innfl1 (S)starfsm að taka saman upplýsingar um gámanotkun í innflutningi frá Norður-Ameríku, sbr. tölvupóst sem (S)forstö-innfl1 sendi (S)frkvstj-millilandasv þann 9. nóvember 2010.³⁴¹⁷
7087. Síðar sama dag sendi (S)starfsm Excel-skjalið „*VT – innflutningur USA*“.³⁴¹⁸ Þar kemur fram að um helmingur af gámunum sem Samskip notuðu fyrir innflutning frá Norður-Ameríku voru gámar frá Eimskip og afgangurinn voru eigin gámar Samskipa. Endurspeglast í þessu gagni sú gámasamvinna Samskipa og Eimskips sem komst á eftir að samráð fyrirtækjanna var aukið seinni hluta árs 2008.
7088. (S)forstö-innfl1 svaraði (E)frkvstj-sala/þj að morgni næsta dags, 10. nóvember 2010. Með vísan til góðs fundar þann 8. nóvember 2010 féllst (S)forstö-innfl1 m.a. á þessa tillögu (E)frkvstj-sala/þj:
„Við erum tilbúnir í að klára þetta á svipaðri nálgun og þú notar við verðútreikningana, þ.e. 4,6%, ISPS og THC með 75% afslætti.“
7089. (S)forstö-innfl1 taldi hins vegar að skoða þyrfti „*grunngjaldið*“ betur og setti fram tillögur þar að lútandi. Fjallaði (S)forstö-innfl1 m.a. um gámaskiptingu og innflutning Samskipa á pappír frá Norður-Ameríku í því sambandi:
„Við þurfum hins vegar aðeins að skoða grunngjaldið á mismunandi hátt eftir því um hvaða gámategund er að ræða. Við tókum saman skiptinguna á milli okkar og ykkar gáma síðustu 12 mánuði. Við tókum reyndar þessa 34 gáma sem hafa komið með pappírnum frá Halifax út úr þeirri skoðun því sá business er ekki lýsandi fyrir okkar flutninga og mun aðeins verða til staðar í fáa mánuði. Þessi skipting gefur vægið í töflunni hér að neðan.“
7090. Voru þannig pappírflutningar fyrir frkvstj-FlyP til umfjöllunar í þessum samskiptum Samskipa og Eimskips, sbr. einnig eftirfarandi tölvupóstsamskipti (E)forstj og (E)frkvstj-sala/þj 10. og 11. nóvember 2010. Eins og rökstutt verður fólst í þessu ólögmaett samráð.

³⁴¹⁵ ISPS er sérstakt öryggisgjald í höfnum á gáma eða flutninga. Á vefnum www.logisticsglossary.com er ISPS lýst með þessum hætti: „*After 11 September 2001, on the initiative of the United States, a worldwide safety programme was set up to combat terrorist activities within/through ports. To this end, various port authorities made additional investments to implement further safety measures. In order to recover these investments, an ISPS (International Ship & Portfacility Security) allowance applies to each container/shipment.*“

³⁴¹⁶ THC (Terminal Handling Charges) eru gjöld í höfnum fyrir uppskipun og útskipun.

³⁴¹⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.836600.

³⁴¹⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum[...] Doc. ID. 0.7.33.836637.



7091. Í samræmi við umræður fyrirtækjanna um aukið gámasamstarf sagði (S)forstö-innfl1 í þessum tölvupósti til (E)frkvstj-sala/þj að það þyrfti að „bæta inn í samninginn setningu sem tekur á skuldbindingu af ykkar hálfu varðandi gáma.“
7092. Í tölvupóstinum til Eimskips frá 10. nóvember 2010 lagði (S)forstö-innfl1 til að (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-innfl myndu koma eftir hádegi daginn eftir á fund Samskipa.³⁴¹⁹ Síðar sama morgun sendi (S)frkvstj-millilandasv eftirfarandi tölvupóst til (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-innfl: „Sælir piltar, eftir allt þá hentar okkur betur að hittast kl. 11:00 eins og þið stunguð upp á – Höldum okkur við þann tíma og afsakið þetta hringl.“³⁴²⁰ (E)frkvstj-sala/þj svaraði og féllst á þennan fundartíma.

14.33.6.3. (E)forstj upplýstur um samskiptin við Samskip

7093. (E)frkvstj-sala/þj upplýsti (E)forstj um þessi samskipti við Samskip.³⁴²¹ Síðar sama dag, 10. nóvember 2010, svaraði (E)forstj tölvupósti (E)frkvstj-sala/þj með þremur spurningum „varðandi það sem talað hafði verið áður um“. (E)frkvstj-sala/þj svaraði þeim spurningum skömmu síðar sama dag.³⁴²² Spurningar (E)forstj eru í bláum lit, en svör (E)frkvstj-sala/þj í rauðum:

Mér datt þetta í hug varðandi það sem talað hafði verið áður um:

1. Að skipta niður á milli Halifax og Richmond/Norfolk þannig að ef magn þeirra í öðru hvoru svæðinu dettur niður þá sé ekki um að ræða að færamegi á milli. Værierfitt ef öll teus færu frá Norfolk. Slott per höfn. – Búnir að eyða töluverðum tíma í þetta með þeim og hafa þeir alltaf blásið þetta út af borðinu segja ekki eiga að skipta okkur máli hvar þetta sé að koma í skipið magnið í HAL er takmarkað í ekki til lengri tíma (pappírinn).
2. Það var líka talað um að gera samning um Carriers own equipment only sem er algengt í svona viðskiptum og við fáum t.d ekki samninga annars staðar nema nota gáma flutningsaðila. Vatnið streymir út en engin frakt til baka þannig að á sama tíma og þeir leigja gáma frá 3 aðila þá komum við ekki gámum okkar heim. Gagnkvæmur skilningur á því að nota okkar gáma í þetta eingöngu meðan framboð er fyrir hendi, það er líka hugmyndin á bak við að einfalda verðskrána
3. Á Reykjafossier erfitt að taka of mikið af HC gámum því þá dettur niður eitt lag – við ættum að stjórna því þar sem þetta eru okkar gámar sem við þurfum að koma heim eftir sem áður.

Ræðum síðar,

7094. (E)forstj svaraði (E)frkvstj-sala/þj daginn eftir (11. nóvember 2010): „O.k en #1 stendur aðeins í mér, það er langt í að við náum 2 skipum á Norfolk svo að ef svo færi að þeir [Samskip] hættu að nota Halifax fyrir pappír þar sem hann er t.d er keyptur í Evrópu þá geta þeir tvöfaldað magnið frá Richmond/Norfolk og við lendum í vandræðum með okkar eigin cargo. Í dag eru þeir aðeins að flytja 20 teus að meðaltali á mánuði frá Ric.“³⁴²³
7095. Þessi samskipti (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstj staðfesta að Samskip og Eimskip hafi rætt atriði sem tengdust innflutningi Samskipa á pappír frá Kanada, sbr. og tölvupóst (S)forstö-innfl1 til (E)frkvstj-sala/þj 10. nóvember 2010. Hér ber að áréttast að frkvstj-FlyP var mikilvægur viðskiptavinur Samskipa í innflutningi frá Norður-Ameríku og innflutningur á þessari vöru umtalsverður. Samskip gátu annars vegar flutt pappírinn með TA flutningum frá Montreal eða með skipi Eimskips sem hafði viðkomu í Halifax.³⁴²⁴ Samskip og Eimskip höfðu á þessum tíma 100% markaðshlutdeild í innflutningi frá Norður-Ameríku til Íslands og allar viðræður þeirra um innflutning á m.a. pappír afar varahugaverðar í samkeppnislegu tilliti. Tölvupóstur (S)forstö-innfl1 til (E)frkvstj-sala/þj 10. nóvember 2010 og framangreind samskipti (E)forstj og (E)frkvstj-sala/þj sýna umræðu fyrirtækjanna um mikilvægt samkeppnismálefni. Áttu fyrirtækin eftir að ræða innflutning á pappír frekar, sbr. m.a. fund (E)forstj

³⁴¹⁹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.91831.

³⁴²⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum[...] Doc. ID. 0.7.34.91854.

³⁴²¹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.692025.

³⁴²² Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.692245.

³⁴²³ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.692294.

³⁴²⁴ Sjá t.d. afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] ID. 0.7.33.275387. Þar sem [...].



og (S)frkvstj-N-Am 24. nóvember 2010 sem lýst verður hér á eftir. Ber að rifja upp að Samskip, í kjölfar fundar með Eimskip tæpum mánuði fyrr, hækkuðu verð gagnvart frkvstj-FlyP í innflutningi á pappír til Íslands frá Bandaríkjunum. Jafnframt ber að rifja upp ummæli (E)frkvstj-sala/bj um að „allir elta okkur með 4,6%“, sem hann lét falla í kjölfar þess að hafa rætt um verðhækkun á Norður-Ameríku flutningum við Samskip á fundi fyrirtækjanna 2. nóvember 2010 og önnur atvik tengd þeim fundi (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1, (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-sala/bj.

7096. Framangreind tölvupóstsamskipti (E)forstj og (E)frkvstj-sala/bj staðfesta einnig áframhaldandi og aukið gámasamstarf við Samskip. Um helmingur af þeim gámum sem Samskip notuðu í þessum flutningum á árinu 2010 voru frá Eimskip. Samkvæmt (E)frkvstj-sala/bj hafði í viðræðum fyrirtækjanna náðst „gagnkvæmur skilningur“ um Samskip myndu „eingöngu“ nota gáma Eimskips „meðan framboð er fyrir hendi, það er líka hugmyndin á bak við að einfalda verðskrána“. Samningurinn sem undirritaður var 9. desember 2010 var í samræmi við þetta. Í stað mismunandi verðs fyrir flutninga eftir því hvort Samskip notuðu eigin gáma eða gáma Eimskips var aðeins eitt verð sem byggði á þeirri forsendu að Samskip myndu eins og unnt væri aðeins nota gáma Eimskips. Fól þetta þannig í sér skuldbindingu um að auka umfang hið ólögmeta gámasamstarfs.
7097. Frekari staðfestingu á fundi Samskipa og Eimskips þann 11. nóvember 2010 er að finna í tölvupósti (S)frkvstj-millilandasv til (S)forstj þann 10. nóvember um „fundur á morgun“, þ.e. væntanlega stjórnarfundur eða annar innanhússfundur hjá Samskipum sama dag og fundurinn með Eimskip, en þar sagði (S)frkvstj-millilandasv: „ég þarf að troða inn fundi með Eimskip á morgun og mun leggja til við þá að hittast kl. 13:00 þ.e. þegar þið farið yfir Scandinavia kynninguna.“³⁴²⁵ Ákveðið var að (S)frkvstj-millilandasv kæmist á fundinn með Eimskip en myndi einnig mæta að hluta á nefndan innri fund Samskipa.

14.33.7. Fundur Samskipa og Eimskips 11. nóvember 2010

7098. Fyrir liggur að (E)forstö-innfl, (E)frkvstj-sala/bj, (S)forstö-innfl1 og (S)frkvstj-millilandasv funduðu á ný þann 11. nóvember 2010. Var fundurinn haldinn hjá Samskipum og hófst kl. 11 þennan dag.
7099. Hvorki Eimskip né Samskip veittu við upplýsingagjöf samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga upplýsingar um þennan fund eða afhentu gögn sem gefa til kynna hvað rætt hafi verið á fundinum.³⁴²⁶ Engin slík gögn bárust með athugasemdum fyrirtækjanna við AI eða AII. Um þýðingu þessa að lögum vísast til kafla 4.7.3. Við rannsókn Samkeppniseftirlitsins hefur ekki fundist fundargerð eða minnispunktar sem teknir hafa verið saman á fundinum.
7100. Tölvupóstsamskipti milli (E)frkvstj-sala/bj og (E)forstj 15. og 16. nóvember 2010 gefa til kynna að fyrirtækin ræddu á fundinum a.m.k. um Norður-Ameríku samstarfið og gámasamvinnu, sbr. nánar hér á eftir.
7101. Eins og rökstutt er í kafla 11 hafði „Nýtt upphaf“ verkefnið það að markmiði að raska samkeppni í skilningi 10. gr. samkeppnislaga. Samstarf Samskipa og Eimskips í Norður-Ameríku flutningum var hluti af „Nýtt upphaf“ verkefninu. Öll samskipti fyrirtækjanna þar sem unnið var eða rætt um „Nýtt upphaf“ verkefnið fóru því gegn 10. gr. samkeppnislaga, þ.m.t. þessi fundur 11. nóvember 2010.

14.33.7.1. Niðurstaða um verðhækkun og gámasamvinnu

7102. Samtímagögn sýna að ákveðin niðurstaða um verðhækkun og gámasamvinnu í Norður-Ameríku flutningum hafi náðst á fundinum 11. nóvember 2010. Má það ráða af eftirfarandi tölvupósti sem (E)frkvstj-sala/bj sendi (E)forstj mánudaginn 15. nóvember 2010 undir fyrirsögninni „Samningur USA“ en þar upplýsir hann um stöðu Norður-Ameríku samnings við Samskip:

³⁴²⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.804692.

³⁴²⁶ Í kafla 23 er fjallað um brot Samskipa gegn upplýsingaskyldu samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga.



„Sæll, bara til uppl. Þá kláruðum við þetta með 4,6% + ISPS, 25% af THC. Magn óbreytt 30 teus, okkar gámar notaðir þegar þeir eru til.”³⁴²⁷

7103. (E)forstj svarar daginn eftir: „O.k- Við [(E)frkvstj-skiparekst] erum að fara út og skrifa undir samning við Norfolk um flutninginn svo að allur okkar kostnaður mun fara upp.”³⁴²⁸
7104. Í þessu fólst þannig m.a. 4,6% hækkun og ný gjöld en samkvæmt samningnum frá 2009 greiddu Samskip hvorki staðsetningargjald né THC gjald til Eimskips. Eftir sem áður innheimtu Samskip staðsetningargjald og THC af sínum Norður-Ameríku viðskiptavinum, án tillits til þess hvort flutt var með skipum Eimskips eða með TA flutningum. Jafnframt sýnir þessi tölvupóstur (E)frkvstj-sala/þj aukið samstarf um gáma, þ.e. Samskip myndu alfarið nota gáma Eimskips þegar þeir væru til staðar, til að uppfylla lágmarksflutningskylduna.
7105. Á árinu 2011, í kjölfar endurnýjunar samningsins við Eimskip í desember 2010, var staðsetningargjaldið felld inn í sjófrakt Samskipa og ISPS tekið upp gagnvart viðskiptavinum Samskipa. Rifja ber upp að Eimskip hóf innheimtu á ISPS-gjaldi í erlendum höfnum þann 1. mars 2010. Átti sér stað ólögmeitt samráð við Samskip í tengslum við það, sbr. kafli 14.16.7. Á árinu 2011 var jafnframt haldið áfram að innheimta fullt THC gjald af viðskiptavinum þrátt fyrir að Samskip greiddu Eimskip aðeins 25% af gjaldinu. Áfram var fullt BAF innheimt af viðskiptavinum en Samskip greiddu Eimskip hins vegar aðeins 80% af BAF fyrirtækisins. Allt var þetta gert bæði vegna flutninga með skipi Eimskips og vegna TA flutninga.
7106. Ber að áréttu að það var á engan hátt sjálfgefið fyrir Samskip að velta þessari verðhækkun Eimskips, í heild eða hluta, yfir á eigin viðskiptavinum í Norður-Ameríku flutningum líkt og Samskip virðast hafa gert gagnvart a.m.k. Kaupási, Samkaupum og ÍSAM sbr. tölvupóstur (S)viðskstj1 hér að eftir. Þá ber að hafa í huga að TA flutningar tóku eðli málsins samkvæmt ekki umræddri hækkun og aukinni gjaldtöku Eimskips en TA flutningar Samskipa voru á árinu 2009 86% af heildarflutningum fyrirtækisins milli Íslands og Norður-Ameríku og 76% á árinu 2010.
7107. Jafnframt sýnir framangreindur tölvupóstur (E)frkvstj-sala/þj til (E)forstj frá 15. nóvember 2010 áframhaldandi ólögmeða gámasamvinna og að hún yrði aukin, þ.e. að Samskip myndu alfarið nota gáma Eimskips þegar þeir væru til staðar.
7108. Sama dag og (E)frkvstj-sala/þj greindi (E)forstj frá fundinum með Samskipum, 15. nóvember 2010, sendi (S)forstö-innfl1 eftirfarandi tölvupóst til viðskiptastjóra innflutningsdeildar Samskipa: „Ég er búinn að stilla upp nýjum verðum í flutninga á bílum og öðrum farartækjum frá USA. Þessi verð má sjá í meðfylgjandi skjali. [...]. [(S)starfsm] getur þú fælað þessi verð til FMC.”³⁴²⁹
7109. Þessa sömu daga voru innan Eimskips skoðuð áhrif verðhækkana á þjónustugjöld til viðskiptavina. Vekur athygli að af því tilefni setti (E)frkvstj-alþjsv fram þau fyrirmæli að miða ætti þá skoðun við „innflutning til Íslands” og samkvæmt (E)forstö-alþjsv þyrfti Eimskip að „samræma t.d. okkar gjaldskrá [gjaldskrá Eimskips] í FO og DK við það sem gengur og gerist hjá samkeppni. [...]”³⁴³⁰ Dagana 17.-18. nóvember 2010 voru (E)frkvstj-alþjsv og (E)frkvstj-sala/þj í samskiptum vegna hækkunar á þjónustugjöldum í viðkomuhöfnum Eimskips erlendis. Gengið var út frá 2,2% verðhækkun (ekki lá fyrir með hækkun vegna Færeyja). Þann 21. nóvember 2010 sendi (E)frkvstj-sala/þj tölvupóst til (E)frkvstj-alþjsv um frekari verðhækkunar Eimskips: „búin að ákveða að hækka THC um sama, bara spurning um hvort ég kroppi í Collection fee.”³⁴³¹
7110. Þann 19. nóvember 2010 sendi (S)viðskstj1 tölvupóst til (S)frkvstj-N-Am og (S)starfsm (afrit til (S)forstö-innfl1) og greindi frá því að hann teldi að hækka yrði verð á Norður-Ameríku flutningum

³⁴²⁷ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.694375.

³⁴²⁸ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.694402.

³⁴²⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.837663.

³⁴³⁰ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.402868. Sjá einnig afritaðan tölvupóst frá [...] Doc. ID. 0.7.33.405508.

³⁴³¹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.412600.




hjá Kaupási/Samkaupum og ÍSAM. Kvaðst hann m.a. miða við „nýjan samning við EÍ“, þ.e. þá verðhækkun sem Samskip og Eimskip höfðu náð saman um í nýjum Norður-Ameríku samningi.³⁴³² Var þannig fyrir hendi nákvæmlega sama stefna og hjá Eimskip, hækka ætti verð gagnvart viðskiptavinum í sjóflutningum milli m.a. Íslands og Norður-Ameríku.

7111. Dagana 16.-18. nóvember 2010 voru ítrekuð tölvupóstsamskipti milli (E)frkvstj-sala/þj, (E)forstö-innfl, (S)forstö-innfl og (S)frkvstj-millilandasv um drög að samningi vegna Norður-Ameríku flutninga og var þar rætt um verð og ýmis önnur efnisatriði samningsins.³⁴³³ Kemur fram hjá (E)frkvstj-sala/þj að það verði reynt að klára samninginn „með [(S)frkvstj-millilandasv] í næstu viku“.³⁴³⁴

14.33.7.2. Stjórn Samskipa hf. fundar í lok nóvember

7112. Fundur stjórnar Samskipa hf. var haldinn 21. nóvember 2010. Tveimur dögum áður sendi (S)forstj glærुकynningu til stjórnarinnar og átti að fara yfir þessa kynningu á stjórnarfundinum.³⁴³⁵

7113. Í kynningunni kom þetta fram um EBITDA Samskipa á árinu 2010:



7114. Varðandi þessa glæru um EBITDA Samskipa skv. áætlun („budget“) og í raun („actual“) er gagnlegt að rifja eftirfarandi upp:

- Í kafla 10.6.3. var fjallað um fund stjórnar Samskipa Holding 12. janúar 2009. Þar er gerð grein fyrir miklu samkeppnislegu aðhaldi á á flutningamörkuðum annars staðar í Evrópu. Í kynningu

³⁴³² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum[...] Doc. ID. 0.7.33.838531.

³⁴³³ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip/Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.838402.

³⁴³⁴ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip/Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.838402.

³⁴³⁵ Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.808577.



(S)forstj á fundinum kemur fram að innflutningur Samskipa til Íslands hafi verið 45% undir áætlun í nóvember 2008. Þrátt fyrir þetta hafi Samskip á árinu 2008 ítrekað hækkað verð. Þá var gert ráð fyrir að innflutningur Samskipa hf. á árinu 2009 yrði verulega minni en árin á undan. Engu að síður var áætlun fyrirtækisins fyrir árið 2009 „metnaðarfull“ („*ambitious budget*“) og miðað að því að EBITDA myndi aukast talsvert. Glærukynningin gefur einnig til kynna að á árinu 2009 ætluðu Samskip hf. að ná fram frekari hækkun á verði. Gekk þetta eftir.

- Í kafla 14.10 er gerð grein fyrir áætlunargerð Samskipa hf. fyrir árið 2010. Á fundi í nóvember 2009 spurðu stjórnendur Samskipa Holding (S)forstj hvort Samskip hf. myndi ná fram þeim verðhækkunum og framlegðarauka sem lagt var til grundvallar í áætlun fyrirtækisins. Var m.a. bent á að það gæti haft veruleg áhrif ef Eimskip myndi „*dropa verðum*“. Þessar áhyggjur höfðu hins vegar ekki áhrif á (S)forstj. Í lokaútgáfu af áætlun fyrir árið 2010 lögðu Samskip hf. m.a. til grundvallar að fyrirtækið gæti (1) ítrekað hækkað verð, (2) haldið sömu markaðshlutdeild og (3) að samkeppni myndi fara minnkandi. Taldi (S)forstj þannig að Samskip væru áfram í þeirri stöðu að geta náð fram „metnaðarfullri“ áætlun.

7115. Gefur framangreind glæra (S)forstj frá 19. nóvember 2010 til kynna að umrædd áætlun Samskipa hf. hafi gengið eftir. Þetta er áréttað í annarri glæru í þessari kynningu þar sem segir: „*Imports performing well above budget*“.

7116. Jafnframt segir í glærukynningunni að Samskip muni á árinu 2011 geta hækkað verð ítrekað og haldið öllum mikilvægum viðskiptavinum sem væru með lausa samninga. Var þetta áréttun á því sem m.a. hafði komið fram í framangreindum áætlunum (S)forstö-innfl1 frá september og október 2010.

7117. Rifja ber upp að í fundargerð vegna fundar stjórnar Samskipa hf. 25. október 2010 sagði að „*rólegt*“ væri yfir íslenska flutningamarkaðnum. Öðru máli gegndi um markaðinn í Færeyjum þar sem mikil samkeppni ríkti. Í þessum glærum (S)forstj frá 19. nóvember 2010 var áfram rætt um ró eða stöðugleika á íslenska markaðnum („*Market stability inspite of economic turbulence*“). Í Færeyjum hins vegar var frammistaða Samskipa „vonbrigði“ og stefnt að því að blása til sóknar til að ná aukinni markaðshlutdeild („*an ambitious growth in share of market in the Faroe Islands*“). Munurinn að þessu leyti á aðstæðum á markaði á annars vegar Íslandi og hins vegar í Færeyjum var afar mikill.

7118. (S)forstj sendi þann 30. desember 2010 stjórn Samskipa hf. fundargerð vegna fundar stjórnarinnar þann 22. nóvember 2010. Í fundargerðinni kemur aftur fram að framundan séu endurnýjanir á samningum við mikilvæga viðskiptavini.³⁴³⁶ Líkt og í öðrum samskonar gögnum Samskipa vegna íslenska flutningamarkaðarins koma ekki fram áhyggjur af því að Eimskip muni með samkeppni reyna að ná í viðskipti til sín tilgreindum mikilvægum viðskiptavinum Samskipa. Þvert á móti kemur fram að áætlun Samskipa hf. fyrir árið 2011 geri ráð fyrir;

„*heldur betri framlegð sem og aukningu hagnaðar*“.

7119. Meðfylgjandi tölvupósti (S)forstj var einnig glærukynning sem sýndi m.a. áframhaldandi vöxt í afkomu Samskips skv. EBITDA.

7120. Þessi gögn (S)forstj eru í samræmi við önnur framangreind gögn frá bæði Samskipum og Eimskip. „*Friður*“ og „*ró*“ ríki á íslenskum flutningamarkaði og Samskip sjái fyrir sér að halda í aðalatriðum sínum viðskiptavinum á árinu 2011 og að verð muni hækka. Afkoma af innflutningi til Íslands væri mun betri en áætlað hefði verið. Sterk afkoma skv. EBITDA rétt eftir efnahagshrunið á Íslandi gefur til kynna að aðferðafræði Eimskips og Samskipa um að takmarka flutningsgetu, keppa ekki um mikilvæga viðskiptavina og hækka verð hafi borið árangur. Ber hér og að rifja upp að í tölvupósti

³⁴³⁶ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „*Fundargerð 22.11.2010.doc*“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. Frá [...] Doc. ID. 0.7.33.821687.



(S)forstj frá 9. september 2013 sagði hann að árið 2010 hefði verið „eitthvert besta ár í sögu“ Samskipa, sbr. kafla 14.11.3.

7121. Framangreind gögn eru að mati Samkeppniseftirlitsins til vitnis um hið samfellda samráð Eimskips og Samskipa á þessum tíma.

14.33.8. Fundur Samskipa og Eimskips 24. nóvember 2010

7122. Sama dag og fundur stjórnar Samskipa hf. var haldinn, 21. nóvember 2010, vistaði (E)frkvstj-sala/þj eintak af drögum að Norður-Ameríku samningi við Samskip og sendi það eintak til (E)forstj og óskaði honum einnig góðrar ferðar en (E)forstj var á leiðinni til Bandaríkjanna.³⁴³⁷ Funduðu (E)forstj og (E)frkvstj-skiparekst með (S)frkvstj-N-Am, framkvæmdastjóra Samskipa í Norður-Ameríku, í þeirri ferð.

7123. Þann 23. nóvember 2010 sendi (E)forstj tölvupóst til (E)frkvstj-sala/þj og sagði að hinkra ætti aðeins með samninginn við Samskip („*Bíðum aðeins með S samninginn ef við getum [...]*“).³⁴³⁸

7124. Sama dag og (E)forstj bað (E)frkvstj-sala/þj um að hinkra aðeins með samninginn við Samskip sendi (E)frkvstj-alþjsv tölvupóst til (E)forstö-viðskþróun með heitinu „*THC hækkun*“. Í tölvupóstinum gaf (E)frkvstj-alþjsv fyrirmæli um að hækka THC gjald (gjöld í höfnum fyrir uppskipun og útskipun) um 2,2% í höfnum Eimskips erlendis: „*Getur þú sent út hækkun á THC um 2.2% hjá öllum okkar höfnum. Einnig að hnykkja á að markmið er að samningar við for- og áframflutningshafa verði sem mest óbreyttir, en þar sem það verður ekki við komið þá að reyna að fá tilboð frá öðrum og síðan verða hækkanir að taka case by case með arguments. Lofaði (E)frkvstj-sala/þj að við myndum gera það svoleiðis*“.³⁴³⁹ Voru þessi hækkunarfyrirmæli í samræmi við ákvörðun (E)frkvstj-sala/þj tveimur dögum áður, sbr. fyrrgreinda umfjöllun um tölvupóst hans frá 21. nóvember 2010.

7125. Þann 24. nóvember 2010 sendi (S)forstö-útfli tölvupóst til (E)forstj varðandi skipulagningu á fundi (E)forstj og (E)frkvstj-skiparekst með (S)frkvstj-N-Am í Bandaríkjunum:

„*Heyrði í [(S)frkvstj-N-Am] og hann getur hitt á ykkur í dag ef það hentar. Ertu til í að hringja í hann þegar þú getur í [...] til að mæla ykkur mót.*“

7126. Sama dag, 24. nóvember 2010, sendi (S)frkvstj-N-Am tölvupóst til (S)forstö-útfli og vísaði til samskipta við (E)forstj: „*Simmerinn er kominn í he[n]dur [(E)forstj]*“. (S)forstö-útfli svaraði: „*Hafðu miklar þakkir fyrir thetta [(S)frkvstj-N-Am].....*“.³⁴⁴⁰ Samskiptum og tengslum (E)forstj og (S)forstö-útfli er að öðru leyti lýst í kafla 13.

7127. Samkvæmt þessu var forstöðumaður útflutningsdeildar, (S)forstö-útfli, að skipuleggja að m.a. forstjóri Eimskips og yfirmaður Samskipa í Bandaríkjunum myndu hittast. Sá fundur fór fram umræddan dag, þ.e. 24. nóvember 2010.

7128. Hvorki Eimskip né Samskip veittu við upplýsingagjöf samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga upplýsingar um þennan fund eða afhentu gögn sem gefa til kynna hvað rætt hafi verið á fundinum.³⁴⁴¹ Engin slík gögn bárust með athugasemdum fyrirtækjanna við AI eða AII. Um þýðingu þessa að lögum vísast til kafla 4.7.3. Við rannsókn Samkeppniseftirlitsins hefur ekki fundist fundargerð eða minnispunktar sem teknir hafa verið saman á fundinum.

³⁴³⁷ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.700073.

³⁴³⁸ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID: 0.7.33.700602.

³⁴³⁹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.413594.

³⁴⁴⁰ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskip [...] Doc. ID. 0.7.33.1017694.

³⁴⁴¹ Í kafla 23 er fjallað um brot Samskipa gegn upplýsingaskyldu samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga.



7129. Hins vegar liggur fyrir í málinu tölvupóstur sem (E)forstj sendi (E)frkvstj-sala/pj 25. nóvember 2010 með heitinu: „Fundur með [(S)frkvstj-N-Am] S line í gær.“³⁴⁴² Í honum greinir (E)forstj frá fundinum með Samskipum:

„Hann er að kvarta yfir því að við værum ekki að standa okkur í því að útvega gáma í Halifax en á endanum hefði hann hringt í [(E)forstö-innfl] sem hefði reddað málunum. [...] Ástandið er þannig í Halifax að það eru engir gámar til leigu og því stóla þeir á okkur. Hin leiðin þeirra [Samskip] væri að fara út úr Montreal en þessi pappír er að koma frá Halifax svo það yrði dýrara þar sem verðin eru 1500-2000 á box út úr Montreal með tilheyrandi kostnaði við tengingu í Bremerhaven. Skoðum þetta mál.

Einnig þarf að skoða að við séum ekki að flytja þeirra gáma milli Boston og Norfolk og öfugt þar sem það er ólöglegt og við gætum fengið sektir vegna John Acts.“³⁴⁴³

7130. Sem fyrr segir fékk (E)forstj send drög að Norður-Ameríku samningnum áður en hann hélt til Bandaríkjanna. Þegar þetta er virt í samhengi við tölvupóst (E)forstj frá 25. nóvember 2010 telur Samkeppniseftirlitið ljóst að á fundinum með (S)frkvstj-N-Am hafi a.m.k. verið rætt um Norður-Ameríku og gámasamstarf fyrirtækjanna.

7131. Eins og rökstutt er í kafla 11 hafði „Nýtt upphaf“ verkefnið það að markmiði að raska samkeppni í skilningi 10. gr. samkeppnislaga. Gámasamstarf og samstarf Samskipa og Eimskips í Norður-Ameríku flutningum var hluti af „Nýtt upphaf“ verkefninu. Öll samskipti fyrirtækjanna þar sem unnið var eða rætt um „Nýtt upphaf“ verkefnið fóru því gegn 10. gr. samkeppnislaga, þ.m.t. þessi fundur 24. nóvember 2010.

7132. Tölvupóstur (E)forstj sýnir einnig að sérstaklega hafi verið rætt um innflutning á pappír á fundinum með (S)frkvstj-N-Am 24. nóvember 2010. Höfðu Samskip og Eimskip áður rætt þann innflutning, sbr. m.a. tölvupóst (S)forstö-innfl1 til (E)frkvstj-sala/pj 10. nóvember 2010 og tölvupóstsamskipti (E)forstj og (E)frkvstj-sala/pj 10. og 11. nóvember 2010.

7133. Hér ber að áréttu að Eimskip og Samskip hafa keppt í flutningum á pappír frá Norður-Ameríku til Íslands. Samskip gat annars vegar flutt pappírinn með TA flutningum frá Montreal eða með skipi Eimskips sem hafði viðkomu í Halifax.³⁴⁴⁴ Samskip og Eimskip höfðu á þessum tíma 100% markaðshlutdeild í innflutningi frá Norður-Ameríku til Íslands og allar viðræður þeirra um innflutning á m.a. pappír afar varahugaverðar í samkeppnislegu tilliti.

7134. Rífa ber upp að daginn eftir fund Samskipa og Eimskips 11. október 2010 hækkuðu Samskip verð á flutningi á pappír frá Norður-Ameríku. Jafnframt voru mútugreiðslur til frkvstj-FlyP felldar niður. Sem fyrr segir hafði verið rætt um þann flutning í samskiptum (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1, (E)frkvstj-sala/pj og (E)forstö-innfl. Tölvupóstur (E)forstj til (E)frkvstj-sala/pj 25. nóvember 2010 sýnir að hann og (S)frkvstj-N-Am ræddu m.a. um þann flutning. Hafi (S)frkvstj-N-Am greint (E)forstj frá vandræðum Samskipa við nálgast gáma í Halifax og fjallað um kostnað Samskipa við færa þessa flutninga frá Eimskip og notast þess í stað við TA flutninga frá Montreal.

7135. Samkeppniseftirlitið vísar til umfjöllunar í kafla 4.6.3.2 um samskipti keppinauta á fákeppnismörkuðum. Ljóst er því að í þessum samskiptum hafa viðkvæmar samkeppnisupplýsingar farið frá Samskipum til Eimskips. Var þetta, líkt og fyrri umræður um pappírsinnflutning, hluti af ólöglegu samráði fyrirtækjanna.

³⁴⁴² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.702254.

³⁴⁴³ Væntanlega er hér verið að vísa til „The Jones Act“ (alríkislög nr. 46 USC s. 883) sem banna erlendum flutningafyrirtækjum svonefnda „coastwise“ flutninga.

³⁴⁴⁴ Sjá t.d. afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.275387. Þar sem [...].



14.33.9. Unnið að nýju „neyðarsamkomulagi“ 24. nóvember 2010

7136. Rifja skal upp að í ágúst 2009 lagði (E)frkvstj-sala/þj til við (E)frkvstj-skiparekst og (E)forstj að Samskip og Eimskip myndu endurnýja og útvíkka samkomulag fyrirtækisins við Samskip um Evrópuflutninga, sk. „neyðarsamkomulag“ samhliða skoðun á Norður-Ameríku samningi þeirra á seinni hluta ársins 2009.
7137. Sama dag og (E)forstj, (E)frkvstj-skiparekst og (S)frkvstj-N-Am funduðu, þ.e. 24. nóvember 2010, vistaði (E)forstö-innfl skjal með heitinu „Neyðarsamkomulag Eimskip Samskip nov 2010.“ Titill skjalsins er merktur „TRÚNAÐARMÁL Neyðarsamkomulag um gámaflutninga“.³⁴⁴⁵ Um var að ræða drög að nýju „neyðarsamkomulagi“ við Samskip.
7138. (E)forstö-innfl sendi drögin að hinu nýja „neyðarsamkomulagi“ ásamt drögum að nýju Norður-Ameríku samkomulagi við Samskip til (E)frkvstj-sala/þj sama dag. Í tölvupóstinum sagði (E)forstö-innfl m.a.: „Einnig er meðfylgjandi uppkast að nýju neyðarsamkomulagi en þarna er textinn að mestu eins og í hinu eldra nema hvað ég setti inn að baf og önnur aukagjöld væru innifalin.“³⁴⁴⁶ Um var að ræða drög að nýju samkomulagi um Evrópuflutninga sem fyrirtækin undirrituðu síðan þann 9. desember 2010 um leið og þau undirrituðu nýtt samkomulag um samstarf í flutningum milli Íslands og Norður-Ameríku.
7139. Þennan sama dag fengu (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-sala/þj tölvupóst frá (E)forstö-útfl með heitinu „Tölfræði S-line“ þar sem má finna viðhengi með ítarlegum upplýsingum um inn- og útflutning Samskipa á árunum 2008-2010.³⁴⁴⁷
7140. Eins og fjallað verður um hitti (E)frkvstj-sala/þj (S)frkvstj-millilandasv á fundi daginn eftir, þ.e. 25. nóvember 2010, og afhenti honum drög að nýju „neyðarsamkomulagi“.
7141. Á þessum tíma var í gildi „neyðarsamkomulag“ frá 30. nóvember 2001 sem tók m.a. til „venjulegra flutninga“ milli Evrópu og Íslands, þ.e. til almennra flutninga fyrirtækjanna. Fór þessi samningur Eimskips og Samskipa gegn 10. gr. samkeppnislaga, sbr. kafli 5.4. Var þessi ólögmati samningur um Evrópuflutninga ennþá í framkvæmd þegar „Nýtt upphaf“ verkefni Eimskips og Samskipa hófst í júní 2008. Er í samtímagögnum annars vegar rætt um „Ameríku samninginn“ og hins vegar um „Evrópu samninginn“. Sá fyrrnefndi var samningur um „venjulega“ flutninga til og frá Norður-Ameríku og hinn síðari fjallaði um umrætt „neyðarsamkomulag“ sem tók m.a. til „venjulegra“ flutninga til og frá Evrópu. „Neyðarsamkomulaginu“ var haldið leyndu fyrir samkeppnisfyrirvöldum. Fóru Eimskip og Samskip t.d. ekki að fyrirmælum skv. ákvörðun samkeppnisráðs nr. 11/2003 um að tilkynna samkeppnisfyrirvöldum um „alla samninga“ sem fyrirtækin gerðu sín á milli og um breytingar á þeim. Einnig fóru fyrirtækin gegn samskonar fyrirmælum sem fram komu í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 46/2009.
7142. Gögn málsins sýna að fyrirtækin létu takmarkað gildissvið „neyðarsamkomulagsins“ ekki aftra sér frá því að beita því einnig í tilvikum utan neyðar og að stjórnendur þeirra töldu þörf á því að ljúka gerð útvíkkaðs neyðarsamkomulags, sem fyrirtækin höfðu lagt drög að haustið 2008, sbr. tölvupóst (E)frkvstj-sala/þj til (E)forstj og (E)frkvstj-skiparekst þann 19. ágúst 2009 um „RE: Samskip – Contracts“. Í þeim tölvupósti bregst (E)frkvstj-sala/þj við ábendingu (E)frkvstj-skiparekst frá því fyrr sama dag um að í gildi væri neyðarsamningur fyrir flutning til og frá Evrópu, en enginn samningur ef annar hvor aðilinn þyrfti að „slotta“ með hinum frá einstökum höfnum, einhverra hluta vegna, utan neyðar. Í tölvupóstinum segir (E)frkvstj-sala/þj m.a.: „Það væri gott og tímabært að endurnýja

³⁴⁴⁵ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Neyðarsamkomulag Eimskip Samskip nov 2010“. Titill: „TRÚNAÐARMÁL Neyðarsamkomulag um gámaflutninga“. Fannst vistað á heimasvæði [...], vistað þann 24.11.2010, kl. 9:32. Doc. ID. 0.7.33.66892.

³⁴⁴⁶ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.93043.

³⁴⁴⁷ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.282114.



neyðarsamninginn og athuga vel með að bæta inn möguleikum á raunhæfum verðum þegar ekki er um hrein neyðartilfalli að ræða. [...]”.³⁴⁴⁸

7143. Samkeppniseftirlitinu er ekki kunnugt um nákvæmlega hvenær nýtt „neyðarsamkomulag“ bar fyrst á góma í þessari fundarröð Samskipa og Eimskips sem hófst haustið 2010 en líkt og fyrr segir var það a.m.k. rætt innan Eimskips í ágúst 2009 að „Það væri gott og tímabært að endurnýja neyðarsamninginn [...]“ og að unnt væri að gera það samhliða endurnýjun á Norður-Ameríku samningnum. Þá vísast til þess að á verkefnalista (E)forstj frá 24. apríl 2009 var verkefnið „Re visit the Samskip Contract“ á lista undir liðnum „Operation“ og átti að koma til vinnslu í maí 2009. Af þessu samtímagagni leiðir að forstjóri Eimskips ætlaði að endurskoða „samninginn“ við Samskip. Á þessum tíma var samfelld samráð Samskipa og Eimskips í gangi og í gildi var m.a. nýr samningur við Samskip um Norður-Ameríku siglingar og „Neyðarsamkomulagið“, auk samstarfssamningar um leigu og lán á gámum og vegna samstarfs í landflutningum. Ekki er fyllilega ljóst hvaða þátt í samráðinu við Samskip (E)forstj vildi endurskoða.
7144. Af framangreindu má a.m.k. telja mjög líklegt að málið hafi verið rætt milli fyrirtækjanna áður en til þess kom að (E)forstö-innfl fór að semja drög að uppfærðum samningi, t.d. á fundinum 11. nóvember 2010.
7145. Hvað sem því líður skal minnt á að haustið 2008 ræddu fyrirtækin um að endurnýja samkomulagið, skiptust á tillögum um að útvíkka það þannig að í því myndi felast „almennur slot sharing samningur“ og virtust þau sammála um það efni, án þess að samningsdrögin hefðu verið undirrituð. Hafði samkomulagið frá 2001 verið framkvæmt þannig að það tók til „venjulegra flutninga“, sbr. tölvupóst milli (E)forstö-flutnstý og (E)forstö-útl 21. mars 2007 og eintakið með handskrifuðu verðunum sem (E)frkvstj-sala/þj fékk sent 7. ágúst 2009, sbr. kafla 5.4 og 16.4.

14.33.10. Fundur Samskipa og Eimskips 25. nóvember 2010

7146. Samkeppniseftirlitið dregur þá ályktun af gögnum málsins að (E)frkvstj-sala/þj og (S)frkvstj-millilandasv hafi fundað 25. nóvember 2010. Eftirfarandi gefur þetta til kynna:
- Í framangreindum tölvupóstsamskiptum (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1 , (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-innfl 16.-18. nóvember 2010 kom fram af hálfu (E)frkvstj-sala/þj að reynt verði að klára samninginn „með [(S)frkvstj-millilandasv] í næstu viku“.
 - Þann 24. nóvember 2010 vistaði (E)frkvstj-sala/þj drög að nýju „neyðarsamkomulagi“ við Samskip og sendi það á (E)forstö-innfl ásamt drögum að nýju Norður-Ameríku samkomulagi.
 - Í tölvupósti sem (S)frkvstj-millilandasv sendi (S)forstö-innfl1 kl. 17:04 þann 25. nóvember 2010 var greint frá samskiptum við (E)frkvstj-sala/þj um morguninn þennan dag („kom smá bakslag í þetta í morgun þegar [(E)frkvstj-sala/þj] vildi setja inn fyrirvara“). Tók þetta til viðræðna um nýjan Norður-Ameríku samning, sbr. nánar hér á eftir.
 - Þann 7. desember 2010 sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-innfl (afrit (S)frkvstj-millilandasv). Sagði í honum að (S)frkvstj-millilandasv og hann hefðu farið yfir „tillöguna af neyðarsamkomulaginu sem [(E)frkvstj-sala/þj] lét [(S)frkvstj-millilandasv] fá um daginn.“
7147. Blásir þannig við að um morguninn 25. nóvember 2010 hittust (E)frkvstj-sala/þj og (S)frkvstj-millilandasv á fundi.
7148. Hvorki Eimskip né Samskip veittu við upplýsingagjöf samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga upplýsingar um þennan fund eða afhentu gögn sem gefa til kynna hvað rætt hafi verið á fundinum.³⁴⁴⁹ Engin

³⁴⁴⁸ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.267267. Í tölvupóstinum bætir [...]“.

³⁴⁴⁹ Í kafla 23 er fjallað um brot Samskipa gegn upplýsingaskyldu samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga.



slík gögn bárust með athugasemdum fyrirtækjanna við AI eða AII. Um þýðingu þessa að lögum vísast til kafla 4.7.3. Við rannsókn Samkeppniseftirlitsins hefur ekki fundist fundargerð eða minnispunktar sem teknir hafa verið saman á fundinum.

7149. Framangreind samtímagögn sýna að á þessu fundi framkvæmdastjóra hjá Samskipum og Eimskips hafi a.m.k. verið rætt um nýjan Norður-Ameríku samning, gámasamvinnu og nýtt „neyðarsamkomulag“. Hafi (E)frkvstj-sala/þj afhent (S)frkvstj-millilandasv drög Eimskips að nýju „neyðarsamkomulag“. Eru það væntanlega sömu drög og (E)forstö-innfl sendi (E)frkvstj-sala/þj kl. 13:56 þann 24. nóvember 2010.
7150. Eins og rökstutt er í kafla 11 hafði „Nýtt upphaf“ verkefnið það að markmiði að raska samkeppni í skilningi 10. gr. samkeppnislaga. Samstarf Samskipa og Eimskips í sjóflutningum og vegna gáma var hluti af „Nýtt upphaf“ verkefninu. Öll samskipti fyrirtækjanna þar sem unnið var eða rætt um „Nýtt upphaf“ verkefnið fóru því gegn 10. gr. samkeppnislaga, þ.m.t. þessi fundur 25. nóvember 2010.
7151. Síðdegis þann 25. nóvember 2010, sama dag og (S)frkvstj-millilandasv og (E)frkvstj-sala/þj funduðu, sendi (S)frkvstj-millilandasv tölvupóst til (S)frkvstj-N-Am og gerði grein fyrir því hvaða atriði væru enn til umfjöllunar í viðræðum hans við Eimskip.³⁴⁵⁰
7152. Nokkrum mínútum síðar sendi (S)frkvstj-millilandasv tölvupóst til (S)forstö-innfl1 varðandi þessar viðræður við Eimskip um nýjan Norður-Ameríku samning: „Það kom smá bakslag í þetta í morgun þegar [(E)frkvstj-sala/þj] vildi setja inn fyrirvara um afhendingu á min 32 TEU gámum pr. ferð. Málið stendur þannig nú að hann bauð okkur \$200 í afslátt af sjófrakt fyrir þá gáma ef þeir ná ekki að afhenda þetta magn af gámum í tiltekinni ferð – Hann vill í raun bara geta keypt sig frá vandamálinu frekar en að lenda í einhverjum bull kostnaði við að útvega okkur gáma ef þeir eiga ekki til gáma. – Þú þarft að hugsa þetta með mér hvort við getum ekki sætt okkur við þessa nálgun.“
7153. Setti (S)frkvstj-millilandasv síðan fram vangaveltur um lausn á því vandamáli í gámasamstarfinu við Eimskip sem kæmi upp þegar Eimskip gæti ekki útvegað Samskipum nægjanlega marga gáma og bað (S)forstö-innfl1 að meta þetta með sér.³⁴⁵¹ Ber hér að rifja upp tölvupóst (E)frkvstj-sala/þj til (E)forstj 10. nóvember 2010. Greindi hann frá viðræðum við Samskip en fyrirtækin höfðu þá síðast fundað 8. nóvember 2010. Sagði (E)frkvstj-sala/þj (E)forstj frá því að það væri „gagnkvæmur skilningur“ milli fyrirtækjanna um að Samskip noti gáma Eimskips „eingöngu meðan framboð er fyrir hendi“.

14.33.10.1. Unnið áfram að verðhækkun

7154. Eins og áður sagði ákvað (E)frkvstj-sala/þj þann 21. nóvember 2010 að THC gjald Eimskips yrði hækkað og greindi (E)frkvstj-alþjsv frá því. Í kjölfarið fól (E)frkvstj-alþjsv (E)forstö-viðskþróun að hækka verð, sbr. tölvupóst (E)frkvstj-alþjsv frá 23. nóvember 2010. Í samræmi við þessi fyrirmæli (E)frkvstj-alþjsv tilkynnti (E)forstö-viðskþróun 25. nóvember 2010 samstarfsmönnum sínum um hækkun Eimskips á THC gjaldi um 2,2%, ásamt 2,2% hækkun á afgreiðslugjaldi. Verðhækkunin átti að taka gildi 1. janúar 2011 og taka til flutnings gegnum allar viðkomuhafnir Eimskips erlendis, þ. á m. í Norður-Ameríku og Færeyjum.
7155. Vildi (E)frkvstj-alþjsv hins vegar fara varlega í verðhækkun í Færeyjum sökum samkeppni á þeim markaði. Ólíkt stöðu mála á Íslandi takmarkaði samkeppni í Færeyjum verðhækkun. Er þetta í samræmi við það sem fram kom í fundargerð stjórnar Samskipa hf. 25. október 2010 og glærum (S)forstj vegna fundar sömu stjórnar 21. nóvember 2010. Í þeim gögnum kom fram að stöðugleiki og ró ríkti á íslenska flutningamarkaðnum og þar væri unnt að ná fram ítrekuðum verðhækkunum án þess að missa mikilvæga viðskiptavinum. Í Færeyjum ríkti hins vegar mikil samkeppni.

³⁴⁵⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.839115.

³⁴⁵¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.839127.



7156. Líkt og fjallað hefur verið um endurspeglu ólíkar samkeppnisaðstæður og aðgerðir Eimskips og Samskipa á Íslandi og í Færeyjum hið ólögmeta samráð hér á landi.
7157. Eimskip hélt áfram að undirbúa verðhækkun en (E)forstö-útfli sendi tölvupóst 29. nóvember 2010 til undirmanna sinna í útflutningsdeild Eimskips þar sem hann setti fram atriði sem áttu að vera til umræðu á sölufundi þennan sama dag. Í tölvupósti (E)forstö-útfli kom m.a. fram að huga ætti að verðhækkun gagnvart mikilvægum viðskiptavinum. Kom þannig fram að í sölustefnu fyrir árið 2011 ætti m.a. að felast: „Verðlagning og upptaka samninga“. Einnig kom þetta fram: „Þjónustugjöld erlendis hækka um 2,2% um áramót“.³⁴⁵²
7158. Þann 30. nóvember 2010 sendi (S)frkvstj-N-Am tölvupóst til viðskiptastjóranna (S)viðskstj2, (S)viðskstj1 og (S)viðskstj og afrit til (S)forstö-innfl1. Þessi tölvupóstur fjallaði um það verkefni að hækka verð gagnvart mikilvægum viðskiptavinum Samskipa í Norður-Ameríku flutningum, sbr. m.a. framangreindur tölvupóstur (S)forstö-innfl1 frá 28. október 2010. Sagði (S)frkvstj-N-Am að hann teldi að nánast allar fyrirhugaðar verðhækkningar yrðu að klára í upphafi næsta árs („Ég tel eins og staðan er í dag að niðurstaða [hækkningar] í 99% tilfella verði að liggja fyrir í byrjun janúar.“)³⁴⁵³
7159. Þann 6. desember 2010 taldi (S)forstö-innfl1 ástæðu til að „taka stöðuna“ á því hvernig gengið hefði að hækka verð til mikilvægra viðskiptavina Samskipa í Norður-Ameríku flutningum. Í tölvupósti hans til viðkomandi viðskiptastjóra og (S)frkvstj-N-Am sagði:
1. Garri: Þessu er lokið.
 2. Íslensk Ameríska: Samningsverðin eru í lagi. [(S)viðskstj1] fylgist með því að tilboð í aðra flutninga í framtíðinni verði með ásættanlega framlegð
 3. Húsasmiðjan: [(S)viðskstj1] fylgist með Kanada ef það fer af stað aftur.
 4. Saltkaup: [(S)viðskstj2] var búinn að fara fram á 1600 USD í hækkun. [(S)viðskstj2] hver er staðan á þessu?
 5. Samkaup: [(S)viðskstj1], hver er staðan?
 6. Vífilfell: [(S)viðskstj] hver er staðan á þessu??
 7. Rekkja. [(S)viðskstj] hver er staðan?³⁴⁵⁴
7160. (S)viðskstj svaraði sama dag og kvaðst vera búinn að hækka verð gagnvart Rekkjunni. Einnig kvaðst hann vera búinn að tryggja að Húsasmiðjunni yrði ekki boðið jafn lágt verð og það sem (S)forstö-innfl1 gerði athugasemdir við í framangreindum tölvupósti frá 28. október 2010.³⁴⁵⁵
7161. Varðandi áðurnefnd fyrirmæli (S)forstö-innfl1 um að halda uppi verðum gagnvart Íslensk Ameríska, (ÍSAM) skal haft í huga að í maí 2010 hafði ÍSAM skrifað undir endurnýjað flutningasamkomulag við Samskip, þar sem Samskip höfðu hækkað verð gagnvart þessum mikilvæga viðskiptavini. Fjallað er nánar um þau atvik og markaðsskiptingu vegna ÍSAM í kafla 14.26.
7162. Sömu sögu er að segja um áðurnefnd fyrirmæli (S)forstö-innfl1 tengd Húsasmiðjunni. Skulu þau fyrirmæli skoðuð með hliðsjón af því að í júlí 2010 hafði Húsasmiðjan sagt upp samningi við Samskip vegna mikilla verðhækkana. Samskip endurnýjuðu flutningasamkomulag við Húsasmiðjuna í byrjun árs 2011 og þá með verðhækkunum. Fjallað er um markaðsskiptingu og atvik tengd Húsasmiðjunni í kafla 14.34.

³⁴⁵² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.282896.

³⁴⁵³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.839460.

³⁴⁵⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.839930.

³⁴⁵⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.840107.



7163. Þessi gögn Samskipa frá 30. nóvember og 6. desember 2010 sýna að samhliða viðræðum við Eimskip náðu Samskip árangri í að hækka verð gagnvart m.a. mikilvægum viðskiptavinum í Norður-Ameríku flutningum. Á sama tíma vann Eimskip bæði að almennum verðhækkunum og verðhækkunum gagnvart mikilvægum viðskiptavinum. Þá staðfestir eftirfarandi gagn [\(E\)frkvstj-sala/þj](#) frá 1. desember 2010 að „*friður*“ ríkti um hina mikilvægu viðskiptavini á þessum tíma. Er þetta allt birtingarmynd á hinu ólögmeta samráði sem Eimskip hefur viðurkennt að hafi verið til staðar.

14.33.10.2. Eimskip kveðst ekki hafa misst mikilvæga viðskiptavini

7164. Í glærुकynningu [\(E\)frkvstj-sala/þj](#) sem er vistuð undir heitinu „SCS 1.12.2010 MM“ er að finna glæru sem bera heitið „SCS December 2010“ og fjalla m.a. um breytingar á viðskiptamannahópi Eimskips fram til desember 2010.³⁴⁵⁶

7165. Á glæru nr. 21 sem hefur fyrirsögnina „Summary“ stendur:

„*Tapað: Liverpool sér um það. En svo er alltaf einhver reitingur frá Smyril Line/Blue Water [...].*“

7166. Á glæru 23 er sömuleiðis yfirheiti glærunnar „Summary“ en þar segir varðandi „Misst viðskipti“:

„*Það er ómögulega hægt að finna nokkuð sem skiptir máli.*“

7167. Þetta staðfestir að Eimskip hafi á fyrstu ellefu mánuðum ársins 2010 ekki misst frá sér mikilvæga viðskiptavini til keppinauta og að „*reitingurinn*“ hafi verið frá Smyril Line/Blue Water (BWS) en ekki helsta keppinauti fyrirtækisins, Samskipum.

7168. Þetta gagn [\(E\)frkvstj-sala/þj](#) er í samræmi við framangreind gögn Samskipa frá september – nóvember 2010. Í þeim er rætt um að „*áframhaldandi ró haldist á innflutningsmarkaði*“ og að „*rólegt*“ sé yfir markaðnum. Samningar við mikilvæga viðskiptavini séu að losna en Samskip geri ráð fyrir því að halda þeim öllum og hækka verð gagnvart þeim, ásamt því að hækka gjaldskrá ítrekað.

7169. Þessi samtímagögn endurspeglar hið samfellda samráð Samskipa og Eimskips á þessum tíma.

14.33.11. Samskipti m.a. forstjóra og lykilstjórnenda í desember 2010 og janúar 2011

7170. Gögn málsins sýna að ýmis samskipti áttu sér stað milli stjórnenda Samskipa og Eimskips í desember 2010 og janúar 2011. Var um að ræða áframhaldandi samskipti [\(S\)frkvstj-millilandasv](#), [\(S\)forstö-innfl1](#), [\(E\)frkvstj-sala/þj](#) og [\(E\)forstö-innfl](#) auk m.a. samskipta forstjóra Samskipa við lykilstjórnanda hjá Eimskip og samskipti forstjóra Eimskips við lykilstjórnanda hjá Samskipum. Þykir rétt að lýsa þessu stuttlega hér.

7171. Fyrir liggur að [\(S\)forstj](#) og [\(E\)frkvstj-alþj](#) hittust 3. desember 2010. Samkvæmt glærुकynningunni um „*Nýtt upphaf*“ verkefnið sátu þeir, ásamt [\(E\)forstj](#), í vinnuhópi sem átti að framkvæma það verkefni. Fyrir árið 2008 störfuðu [\(S\)forstj](#) og [\(E\)frkvstj-alþj](#) um árabil fyrir Samskip og Eimskip í Hollandi, bjuggu í sömu götu í Rotterdam og þekktust vel. Í m.a. kafla 7.2 og áfram er rökstutt að tengsl [\(S\)forstj](#) og [\(E\)frkvstj-alþj](#), auk tengsla [\(E\)forstj](#) og [\(S\)forstj](#), hafi skiptu miklu um að ráðist var í „*Nýtt upphaf*“ verkefnið. Eftir dvölinu í Hollandi hittust [\(S\)forstj](#) og [\(E\)frkvstj-alþj](#) m.a. árlega í matarboði fimm til sjö hjóna sem kynnst höfðu í Hollandi, auk afmælisboða. Var þetta árlega matarboð haldið í tengslum við jólin. Hafði þessi siður hafist í Hollandi og haldið áfram eftir að viðkomandi einstaklingar fluttu aftur til Íslands, sbr. m.a. kafla 7.1.4. Sýna gögnin að [\(S\)forstj](#) og [\(E\)frkvstj-alþj](#) hittust í slíku boði 3. desember 2010.

7172. Eins og lýst verður ræddu [\(S\)frkvstj-millilandasv](#) og [\(E\)frkvstj-sala/þj](#) saman í síma 7. desember 2010.

³⁴⁵⁶ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „SCS 1.12.2010 MM.ppt“. Fannst vistað á heimasvæði [...], vistað þann 30.11.2010, kl. 08:43. Doc. ID. 0.7.33.188396.



7173. Eins og lýst verður funduðu (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1, (E)frkvstj-sala/bj og (E)forstö-innfl 9. desember 2010.
7174. (S)forstj og framkvæmdastjóri TVG, (E)frkvstj-TVG, þekktust, a.m.k. í gegnum störf þeirra fyrir íþróttafélagið Víking og sýna samtímagögn að þeir skipulögðu og hittust á fundi þann 9. desember 2010 vegna þeirra starfa.³⁴⁵⁷
7175. Samskipti voru á milli (S)forstö-útfli og (E)forstj í desember 2010 og janúar 2011. Hér ber að rifja upp að rík tengsl og reglubundin samskipti voru á milli (S)forstö-útfli og (E)forstj á rannsóknartímabili þessa máls. sbr. kafla 7.1.3. Eins og lýst var hér að framan skipulagði (S)forstö-útfli fund (E)forstj og (E)frkvstj-skiparekst með (S)frkvstj-N-Am 24. nóvember 2010 í Bandaríkjunum þar sem rædd voru viðkvæm samkeppnismálefni (m.a. innflutningur á pappír frá Norður-Ameríku). Var þessi fundur hluti af hinu samfellda samráði Eimskips og Samskipa. Þann 26. nóvember 2010 sendi (S)forstö-útfli tölvupóst til (E)forstj með heitinu „Jólagjöfin mín“. Í honum sagði: „Ég vil svona jólagjöf í ár frá þér ... 10 X 25.“ (E)forstj svaraði: „Einmitt – flottur sjónauki.“³⁴⁵⁸ Þann 6. desember 2010 sendi (E)forstj (S)forstö-útfli vinabeiðni gegnum Facebook. Samkvæmt (S)forstö-útfli notuðu þeir (E)forstj þennan vettvang til samskipta. Ætla má af gögnum málsins að (S)forstö-útfli og (E)forstj hafi frá 6. desember 2010 og út rannsóknartímabilið átt bein samskipti með Facebook.³⁴⁵⁹
7176. Þann 14. desember 2010 sendi (E)forstj tölvupóst til m.a. (S)forstö-útfli og bauð til matarboðs á heimili sínu þann 2. janúar 2011. Gerði hann grein fyrir því að m.a. yrði boðið upp á matvæli unnin af (S)forstö-útfli.³⁴⁶⁰ Liggur fyrir að (S)forstö-útfli sat þetta kvöldverðarboð heima hjá (E)forstj, sbr. tölvupóst sem hann sendi 4. janúar 2011 til (E)forstj og þakkaði fyrir boðið.³⁴⁶¹
7177. Gögn málsins gefa til kynna að (S)frkvstj-Jóna og (E)frkvstj-sala/bj hafi hist 11. desember 2010. Í kafla 13 er gerð grein fyrir því að (S)frkvstj-Jóna og (E)frkvstj-sala/bj þekktust. Í kafla 16 er gerð grein fyrir samskiptum þeirra sem tengjast stórauðnum flutningum Eimskips fyrir Jóna og var það samstarf hluti af „Nýtt upphaf“ verkefninu. Sýna gögn málsins að (E)frkvstj-sala/bj og (S)frkvstj-Jóna var boðið í afmæli 11. desember 2010.³⁴⁶² Ekkert gefur til kynna að þeir hafi ekki mætt báðir í þetta boð.
7178. (E)frkvstj-skiparekst, (E)deildstj-útfli1, (E)frkvstj-Holl, (S)forstö-flutnstj og (S)frkvstj-Jóna hittust á kynningarfundum í Hollandi vegna útboðs Alcan 13. – 14. desember 2010 en fjallað er um atvik tengd þessu í kafla 14.36.7.
7179. Fjórir stjórnendur Samskipa og Eimskips hittust 30. desember 2010. Í kafla 13 er gerð grein fyrir reglulegum samskiptum (S)forstö-innfl1, (S)stjórnarm-S og SH (meðlimur í stjórn Samskipa hf.), (E)viðskstj2 (viðskiptastjóri í innflutningsdeild) og (E)sölustj-innanl2 (sem m.a. kom að tilboðs og samningagerð í landflutningum). Þann 24. nóvember 2010 sendi (E)viðskstj2 tölvupóst til (S)forstö-innfl1, (S)stjórnarm-S og SH og (E)sölustj-innanl2. Heiti póstsins var „Bjór“. Í tölvupóstinum lagði (E)viðskstj2 til að hópurinn myndi hittast þar sem það væri svo „langt síðan við höfum sest niður og fengið okkur svo sem eina kollu saman.“ (S)forstö-innfl1 svaraði og kvaðst lítast vel á að hittast og segist vera „klár“ eftir 5. desember 2010. (E)sölustj-innanl2 svaraði einnig daginn eftir og sagðist „alltaf klár“ og jafnframt:

„[(S)forstö-innfl1] ertu í Florida í tvær vikur!!! það er greinilega gott samkomulag á markaðnum í dag ... er [(S)aðaleig-stjform-SH] búinn að kaupa The Viking?“.

³⁴⁵⁷ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum[...] Doc. ID. 0.7.33.805992.

³⁴⁵⁸ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.1018023.

³⁴⁵⁹ Sjá umfjöllun í kafla 13.

³⁴⁶⁰ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.711851.

³⁴⁶¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1025836.

³⁴⁶² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.34.390825.



7180. Varð úr að þessir stjórnendur hittust 30. desember 2010.³⁴⁶³
7181. Til viðbótar framangreindum samskiptum má líta til tölvupósta (S)viðskstj1 og (E)forstö-N-Am í desember 2010. (S)viðskstj1 var viðskiptastjóri hjá Samskipum og hafði þann 9. nóvember 2010 spurt (S)forstö-innfl1 hvort bjóða ætti viðskiptavini Eimskips „grænensk verð“. (E)forstö-N-Am var yfirmaður Eimskips í Bandaríkjunum. Tildrög þessara samskipta voru að starfsmaður Marels (viðskiptavinar Eimskips) hafði samband við m.a. (E)forstö-N-Am og óskaði eftir því að hann myndi sjá um sendingu til Bandaríkjanna. Tölvupóstar þessu tengdu voru framsendir til (S)viðskstj1 sem svaraði sama dag.
- Í tölvupósti (S)viðskstj1 segir m.a.: „Sælir [(E)forstö-N-Am og starfsmaður Marel] er ekki best að Samskip sjái um þennan flutning í ár?:) En in case að við tökum þetta ekki núna (en klárlega fyrir þar næstu jól) getið þið sent mér afrit af hvernig þið viljið fá þetta þ.e. pappírana - ég verð ekki við tölvu á morgun (fyrr en seinni partinn) þannig að ég get ekki græjað þetta fyrr en seinni partinn [...] [starfsmaður Marels] reikna með að ef þetta fer með gufuskipa kompaníinu þá fáir þú afslátt í sverari kantinum - e-h staðar hafa þeir makað krókinn með háum flutningsgjöldum.“³⁴⁶⁴ Setti (S)viðskstj1 í tölvupóstinn hlekk á vefsíðu Eimskips þar sem gjaldskrá fyrirtækisins var að finna.
 - (E)forstö-N-Am svaraði (S)viðskstj1 með tölvupóst sem hann sendi sama dag: „Sæll [(S)viðskstj1], Er ekki að ganga nógu vel hjá ykkur? Við hjá gufuskipum erum bara að spila í sömu deild og Marel, vel fjármagnaðir og skilum góðri afkomu. Bara að hafa samband þegar þú vilt koma yfir. Sendu mér bara reikninginn á word skjali, ég get þá átt eitthvað við hann þannig að við gerum ekki allt vitlaust þegar þetta fer í tollarana hér vestra. [...] Þið Samskipa menn megið alveg sjá um þessar jólasendingar því þó það sé mér heiður að fá að hjálpa mínum íslensku bræðrum á sléttunni, þá er þetta „headache of the year“. En alltaf kemst það þó til skila. En í anda jóllanna er bara gaman að þessu.“³⁴⁶⁵
 - Starfsmaður Marel blandar sér í þessi samskipti (S)viðskstj1 og (E)forstö-N-Am: „Hehehe, djöfull er gaman að sjá alvöru samkeppni í action! [(S)viðskstj1], þú verður bara að bjóða í díllinn næstu jól en ég efast um að þú sért jafn innundir hjá Embassíinu og [(E)forstö-N-Am]. Ég er þó mest hræddur um að Wikileaks eigi eftir að komast í skjölin varðandi ráðabrigg síðustu ára.....“³⁴⁶⁶
 - (E)forstö-N-Am svarar með þessum hætti: "Nema [(S)viðskstj1] leki í Julian Assange. „Nógu oft fara upplýsingarnar í samkeppnisstofnun. J)))))“³⁴⁶⁷
 - (S)viðskstj1 svarar: „Bara halda ser innan rammans eda pay and smile:)“³⁴⁶⁸
7182. Ljóst er að (S)viðskstj1 og (E)forstö-N-Am þekktust. Eftir sem áður var um að ræða samskipti viðskiptastjóra hjá Samskipum og yfirmanns Eimskips í Bandaríkjunum sem tengdust starfsemi fyrirtækjanna. Vísað var til „ráðabriggs“, samkeppnisyrivalda og til þess að Eimskip „maki krókinn“ með háum flutningsgjöldum. Hér ber að rifja upp samskipti (E)frkvstj-sala/þj, (E)forstö-útf1, (S)forstö-útf1 og (S)viðskstj3 í nóvember 2009 þar sem m.a. var spurt hvar í „Öskjuhlíðinni“ fundur fyrirtækjanna ætti að fara fram, sbr. kafla 13.4.1. Í framangreindum samskiptum (S)forstö-innfl1, (S)stjórnarm-S og SH, (E)viðskstj2 og (E)sölustj-innanl2 í desember 2010 var vísað til þess að það væri „greinilega gott samkomulag á markaðnum í dag“. Sýnir þetta tengsl og samskipti milli mikilvægra starfsmanna Eimskips og Samskipa. Eru þessi gögn einnig ein vísbending af mörgum um að bann samkeppnislaga við samráði keppinauta hafi ekki verið tekið

³⁴⁶³ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.844229 og 0.7.33.844329, sbr. einnig fyrri samskipti: Doc. ID. 0.7.33.839022 og 0.7.33.840315.

³⁴⁶⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...].

³⁴⁶⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...].

³⁴⁶⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...].

³⁴⁶⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...].

³⁴⁶⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...].



alvarlega hjá Eimskip og Samskipum og endurspegla þau nánu tengsl sem höfðu myndast á milli fyrirtækjanna á grunni samráðsins og ítrekaðra samskipta fyrirtækjanna.

14.33.12. Samtal Samskipa og Eimskips 7. desember 2010

7183. Gögn málsins sýna að (S)frkvstj-millilandasv og (E)frkvstj-sala/bj ræddu saman í síma 7. desember 2010, sbr. tölvupósturinn sem (S)forstö-innfl1 sendi til (E)forstö-innfl kl. 17:58 sama dag.
7184. Eftir samtal (S)frkvstj-millilandasv og (E)frkvstj-sala/bj þann 7. desember 2010 var bókaður fundur í dagbók (S)forstö-innfl1 með heitinu „USA samningur og neyðarsamkomulag við Eimskip“.³⁴⁶⁹
7185. Sem fyrr segir sendi (S)forstö-innfl1 sama dag tölvupóst til (E)forstö-innfl en þar segir m.a.: „Við höfum farið í gegnum samninginn eftir samtal [(E)frkvstj-sala/bj] og [(S)frkvstj-millilandasv]. Ég gerði ekki track changes, en almennt séð eru breytingarnar frá ykkar síðasta drafti þessar: [...]“. (E)forstö-innfl svaraði síðar sama dag: „Sé ekki annað í fljótu bragði en að þetta sé komið. Það þarf að skoða hliðarskjalið betur vegna FMC reglna. Veit ekki annað en fimmtudagurinn e.hád sé laus hjá okkur. Hvernig líst ykkur á kl. 15:00?“³⁴⁷⁰
7186. Klukkan 16:30 sama dag, 7. desember, sendi (S)forstö-innfl1 annan aðskilinn tölvupóst til (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-sala/bj (afrit til (S)frkvstj-millilandasv) með heitinu „Neyðarsamkomulag“. Í honum var fjallað um uppfærslu á hinu leynilega „neyðarsamkomulagi“ fyrirtækjanna en þar sagði: „Við fórum yfir tillöguna af neyðarsamkomulaginu sem [(E)frkvstj-sala/bj] lét [(S)frkvstj-millilandasv] fá um daginn. Við erum sáttir við þetta svona, en viljum breyta fyrstu setningunni í annarri málsgrein: Hún yrði svona: „Samningurinn tekur til flutninga sem skapast vegna verulegrar röskunar á áætlan, s.s. vegna bilana skips, veðurs, strands og annara svipaðra óviðráðanlegra orsaka svo og flutninga á tónum einingum.“
- Reynum að klára þetta á sama tíma og USA samninginn.“³⁴⁷¹
7187. (E)forstö-innfl svaraði samdægurs þessum tölvupósti (S)forstö-innfl1 og kvaðst ekki sjá „annað en að við getum klárað þetta svona á fimmtudaginn.“³⁴⁷²
7188. Þann 8. desember 2010 sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (E)forstö-innfl o.fl. um Norður-Ameríku samninginn, en þar segir: „Sjáumst á morgun kl 15.00. Spurning hvort það þurfi nokkuð að fæla þetta hliðarskjalVið stilltum því upp sem samkomulagi á milli Eimskip Íslandi og Samskip hf., en ekki Samskip Inc.“.
7189. (S)frkvstj-millilandasv bætir við: „já það var einmitt hugmyndin með þessum hliðarsamningi að losna við að fæla hann. Við mætum til ykkar á morgun kl. 15.00.“³⁴⁷³
7190. Sérstaka athygli vekur að Samskip og Eimskip komust að samkomulagi um „hliðarskjal“ við Norður-Ameríkusamninginn sem fyrirtækin voru sammála um að „fæla“ ekki.³⁴⁷⁴ Þetta „hliðarskjal“ tengdist gámasamstarfi fyrirtækjanna. Var um að ræða viðauka við gámaleiguákvæði í Norður-Ameríku samningum þar sem Eimskip var gert skylt að greiða gjald til Samskipa hefði það ekki gáma fyrir Samskip í höfnum í Bandaríkjunum og Kanada. Tengdist þetta auknu gámasamstarfi fyrirtækjanna sem fólst í því að Samskip myndu eingöngu nota gáma frá Eimskip þegar þeir væru til staðar.
7191. Framangreind gögn sýna að líkt og áður hafði í samskiptum (S)frkvstj-millilandasv og (E)frkvstj-sala/bj 7. desember 2010 verið fjallað um samstarf fyrirtækjanna í sjóflutningum. Eins og rökstutt

³⁴⁶⁹ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID: 0.7.33.840223.

³⁴⁷⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID: 0.7.34.94282.

³⁴⁷¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID: 0.7.33.840428.

³⁴⁷² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID: 0.7.33.840472.

³⁴⁷³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID: 0.7.34.94293.

³⁴⁷⁴ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eim/Sam. [...] Doc. ID: 0.7.34.94282 / 0.7.34.94296 / 0.7.34.94286. Sjá einnig afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskip. [...] Doc. ID: 0.7.33.840428 / 0.7.33.840472.



er í kafla 11 hafði „Nýtt upphaf“ verkefnið það að markmiði að raska samkeppni í skilningi 10. gr. samkeppnislaga. Samstarf Samskipa og Eimskips í sjóflutningum var hluti af „Nýtt upphaf“ verkefninu. Öll samskipti fyrirtækjanna þar sem unnið var eða rætt um „Nýtt upphaf“ verkefnið fóru því gegn 10. gr. samkeppnislaga, þ.m.t. þessi samskipti 7. og 8. desember 2010.

14.33.13. Flutningamarkaðurinn á Íslandi „nokkuð stöðugur“

7192. Þann 7. desember 2010 sendi (S)stjórnarm-fjármstj tölvupóst til stjórnar Samskipa Holding ((S)aðaleig-stjform-SH, (S)stjform-S og (S)stjórnarm-S og SH).³⁴⁷⁵ Meðfylgjandi voru áætlanir („budget“) í formi glærुकynninga fyrir Samskip hf. í heild sinni og fyrir einstakar deildir (landflutningar, sjóflutningar og Jóna). Kom fram að farið yrði yfir þessi skjöl á fundi stjórnar Samskipa Holding sem haldinn var í Rotterdam dagana 14. – 16. desember 2010.
7193. Í glærum vegna sjóflutninga Samskipa hf. var dregið saman það sem gerðist á árinu 2010. Kom fram að markaðurinn hefði verið „nokkuð stöðugur“ („Market fairly stable“) og Samskip héldu sínum mikilvægu viðskiptavinum. Góð afkoma var í innflutningi en síðri í útflutningi. Samkvæmt glærunum var verri afkoma í útflutningi hins vegar ekki sökum samkeppni heldur vegna samdráttar í fiskveiðum. Einnig valdi markaðshlutdeild og afkoma í Færeyjum Samskipum vonbrigðum en þar var meiri og virkari samkeppni en á Íslandi, sbr. einnig t.d. fundargerð vegna fundar stjórnar Samskipa hf. 25. október 2010.
7194. Í glærunum kemur einnig fram að þjónustugjöld Samskipa hafi verið hækkuð um 5% og sjófrakt um 4% árinu 2010. Jafnframt segir að þjónustugjöld verði ítrekað hækkuð á árinu 2011. Stefnan sé áfram þessi í samningum við mikilvæga viðskiptavini í innflutningi:
- „There will be a continuing strong focus on rate increases“
7195. Í glærunum er einnig að finna umfjöllun um hverjir séu keppinautar Samskipa í sjóflutningum á Íslandi. Mælt í TEU sé Eimskip með 56% hlutdeild, Samskip með 34% (tekið er fram að Samskip séu með 37% hlutdeild í almennum innflutningi), Nesskip/Wilson með 9%, BWS með 1% og Thorship einnig með 1%. Staðfestir þetta að samanlagt voru Eimskip og Samskip í afar sterkri stöðu í sjóflutningum til og frá Íslandi.
7196. Í glærunum vegna landflutninga á Íslandi segir að eitt það helsta sem gerðist á árinu 2010 („major developments“) hafi verið eftirfarandi:
- „✓ Volumes dropping related to eruption in Eyjafjallajökull
✓ Competition considerably stable in a decreasing market“
7197. Hafði þannig samdráttur í eftirspurn ekki leitt til aukinnar samkeppni. Þá kom fram að verð á landflutningum hefði hækkað um 2-3% á árinu 2010 ef FAF væri ekki talið með. Þá er því lýst að Samskip og Eimskip hefðu sameiginlega sterka stöðu á landflutningamarkaði.
7198. Þá var í glærunum fjallað um ógnanir og tækifæri á markaði. Eins og í öðrum gögnum frá Samskipum var samkeppnisleg ógn í landflutningum ekki talin stafa frá Eimskip. Með sama hætti var í hliðstæðum gögnum frá Eimskip heldur ekki talin stafa ógn af Samskipum í landflutningum. Í þeim gögnum voru hins vegar einyrkjar nefndir sem helstu keppinautarnir. Í þessu samhengi má einnig horfa til skjals Eimskips frá nóvember 2010: „Business Plan 2011, Eimskip Domestic Flytjandi. November 2010“.³⁴⁷⁶ Var um að ræða rekstraráætlun Eimskips í landflutningum vegna ársins 2011. Í rekstraráætluninni kemur fram að eitt meginmarkmiða Eimskips (e. Key business goal) sé að viðhalda núverandi

³⁴⁷⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.816137.

³⁴⁷⁶ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Flytjandi business plan 2011.docx“. Titill: „Business Plan 2011, Eimskip Domestic Flytjandi November 2010“. Fannst vistað á heimasvæði [...], vistað þann 09.09.2011, kl. 16:43. Doc. ID. 0.7.33.167336.



markaðshlutdeild fyrirtækisins. Var það og stefna fyrirtækisins að reyna að auka tekjur frá þáverandi viðskiptavinum. Á bls. 11 í skýrslunni eru tilteknar helstu ógnir sem landflutningar Eimskips standi frammi fyrir. Ein þeirra er samkeppni frá nýjum keppinautum. Samkeppni frá stærsta keppinautum, Samskipum, er þar ekki talin með. Er það í samræmi við framangreind skjöl (E)frkvstj-sala/pj þar sem samkeppnisleg ógn var ekki talin stafa frá Samskipum, hvorki í landflutningum eða sjóflutningum. Er þetta í samræmi við hið ólögmeta samráð við Samskip sem Eimskip hafa viðurkennt að hafi verið fyrir hendi á þessum tíma.

7199. Í þessum glærum frá 7. desember 2010 til stjórnar Samskipa Holding er hins vegar gert ráð fyrir minni samkeppni frá einyrkjum (nefndir „pirates“) þar sem þeir hafi takmarkaðri aðgang að lánsfé en áður. Ekki voru talin tækifæri í því að „ráðast á“ („attack“) Eimskip heldur Íslandspóst að því er virðist með því að snúa sér til samkeppnisyrivalda. Hér ber að rifja upp það samráð sem (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl höfðu með sér vegna Íslandspósts á árinu 2008, sbr. m.a. kafla 8.11.
7200. Í öðrum glærum í þessari kynningu kemur fram sama víska og áður um getu til að hækka verð og að minna magn í landflutningum leiði ekki til þess að tekjur minnki.
7201. Eins og fyrr sagði kom fram í glærunum að á árinu 2010 hefði samkeppni ekki aukist þrátt fyrir samdrátt í flutningum til Íslands. Styðja þessar glæsur önnur samtímagögn frá Samskipum sem staðfesta allt önnur viðbrögð Samskipa og Eimskips á Íslandi en á þeim erlendu mörkuðum sem Samskipa-samsteypan starfaði. Þar leiddi samdráttur í eftirspurn jafnan til aukinnar verðsamkeppni en á Íslandi var unnt að slá því föstu í áætlunum að slíkum samdrætti yrði mætt með því að hækka verð og varð svo einnig í reynd. Samkeppnisleg viðbrögð stærsta keppinautarins voru ekki talin vera áhættuþáttur. Í samræmi við þetta kemur einnig fram í glærunum að nánast séu engar líkur á því að Eimskip hefji verðsamkeppni („drops prices“) í landflutningum. Mun meiri líkur eru hins vegar taldar vera á verðsamkeppni í rekstri vöruhúsa en eins og fram hefur komið er ekki talið að hið ólögmeta samráð hafi tekið til þess þáttar í rekstri Eimskips og Samskipa.
7202. Þessi gögn frá desember 2010 endurspeglar ólögmett samráð Eimskips og Samskipa á þessum tíma.

14.33.14. Fundur Samskipa og Eimskips 9. desember 2010

7203. Þann 9. desember 2010 sendi (E)forstö-innfl tölvupóst til (S)forstö-innfl1 , (E)frkvstj-sala/pj og (S)frkvstj-millilandasv þar sem segir: „Meðfylgjandi eru skjölin þrjú sem við ætlum að skrifa undir. Sendið mér athugasemdir ef einhverjar.“ Fylgdi með tölvupóstinum nýr Norður-Ameríku samningur, nýtt „Neyðarsamkomulag“ og áðurnefndur „hliðarsamingur“.³⁴⁷⁷
7204. Klukkan 15:00 þann 9. desember 2010 funduðu (E)frkvstj-sala/pj, (E)forstö-innfl, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 á ný. Var fundurinn bókaður í eina klukkustund.³⁴⁷⁸
7205. Hvorki Eimskip né Samskip veittu við upplýsingagjöf samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga upplýsingar um þennan fund eða afhentu gögn sem gefa til kynna hvað rætt hafi verið á fundinum.³⁴⁷⁹ Engin slík gögn bárust með athugasemdum fyrirtækjanna við AI eða AII. Um þýðingu þessa að lögum vísast til kafla 4.7.3. Við rannsókn Samkeppniseftirlitsins hefur ekki fundist fundargerð eða minnisþáttur sem teknir hafa verið saman á fundinum.
7206. Samtímagögn sýna hins vegar að á fundinum hafi a.m.k. verið til umræðu nýr samningur um Evrópuflutninga („neyðarsamkomulag“) og nýr Norður-Ameríku samningur.
7207. Eins og rökstutt er í kafla 11 hafði „Nýtt upphaf“ verkefnið það að markmiði að raska samkeppni í skilningi 10. gr. samkeppnislaga. Samstarf Samskipa og Eimskips í sjóflutningum var hluti af „Nýtt

³⁴⁷⁷ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.94439.

³⁴⁷⁸ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.840646. Athygli vekur að fundurinn var í klukkustund en gögn málsins bera með sér að samningsdrög og verð hafi verið fyrirbyggjandi fyrir fundinn.

³⁴⁷⁹ Í kafla 23 er fjallað um brot Samskipa gegn upplýsingaskyldu samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga.



upphaf" verkefninu. Öll samskipti fyrirtækjanna þar sem unnið var eða rætt um „Nýtt upphaf" verkefnið fóru því gegn 10. gr. samkeppnislaga, þ.m.t. þessi fundur 9. desember 2010.

14.33.14.1. Nýir samningar og hugað að verðhækkun

7208. Fyrir liggur að á fundinum 9. desember 2010 var undirritaður nýr samningur Samskipa og Eimskips um Norður-Ameríku flutninga. Einnig var undirritaður uppfærður samningur um Evrópuflutninga, þ.e. leynilegt „neyðarsamkomulag" milli keppinautanna.³⁴⁸⁰ Síðara samkomulagið tók gildi strax og var ótímabundið. Var það í framkvæmd út rannsóknartímabil þessa máls. Hið fyrra tók gildi 1. janúar 2011 og gildi samkvæmt orðalagi sínu til 31. desember 2012 (en var í raun í framkvæmd út árið 2013). Á sama fundi var einnig undirritaður umræddur „hliðarsamningur" sem kom til vegna aukins gámasamstarfs fyrirtækjanna.
7209. Í hinum nýja Norður-Ameríku samningi fólst hækkun á verði og aukin gjaldtaka, sbr. framangreinda umfjöllun um 4,6% hækkun, ISPS- og THC-gjöld. Þá fólst í samningnum aukið gámasamstarf fyrirtækjanna. Í stað þess að um helmingur þeirra gáma sem Samskip notaði í þessum flutningum væri frá Eimskip var það meginregla að Samskip myndu alfarið nota gáma frá Eimskip, sbr. einnig umfjöllun í m.a. kafla 14.33.6.3. Ef Eimskip gæti hins vegar ekki útvegað gáma fyrir Samskip var Eimskip skylt að greiða Samskipum gjald með þeim hætti sem lýst er í „hliðarsamningnum".
7210. Auk breytinga á verðlagi fólst í nýjum samningi um Evrópuflutninga („neyðarsamkomulag") að gildissvið þess yrði víðtækara og teygjanlegra en áður hefði verið þar sem það væri ekki samkvæmt orðalagi sínu lengur bundið við raunveruleg neyðartilvik (strand o.þ.h.) heldur segir: „Samningurinn tekur til flutninga sem skapast vegna verulegrar röskunar á áætlun, s.s. vegna bilana skips, veðurs, strands og annarra svipaðra óviðráðanlegra orsaka svo og flutninga á tómum einingum. Samkomulagið gildir svo framarlega sem viðkomandi félag geti komið flutningunum við."
7211. Í þessu samhengi má geta þess að þann 23. desember 2010 sendu Eimskip og Samskip Samkeppniseftirlitinu beiðni um undanþágu frá 10. gr. samkeppnislaga, sbr. þágildandi 15. gr. laganna, vegna samnings þeirra um samstarf á siglingaleiðinni milli Íslands og Norður-Ameríku sem undirritað var þann 9. desember 2010.
7212. Í undanþágubeiðninni eru fyrri samningar fyrirtækjanna um samstarf á umræddri siglingaleið raktir en hvorki er fjallað um hið nýja „neyðarsamkomulag" né „hliðarskjal" sem hafði bein tengsl við Norður-Ameríkusamninginn, sbr. framanritað. Þá var heldur ekkert minnst á nokkurt það samstarf sem fólst að öðru leyti í „Nýtt upphaf" verkefni fyrirtækjanna. Í raun byggja Eimskip og Samskip í undanþágubeiðni sinni á því að forsendur væru hinar sömu og við veitingu fyrri undanþágu, sbr. ákvörðun nr. 46/2009. Líkt og rakið hefur verið er hins vegar ljóst að við veitingu þeirrar undanþágu var Samkeppniseftirlitið ekki upplýst um samstarf skipafélaganna á grunni „neyðarsamkomulagsins" eða annað samstarf þeirra á grunni „Nýtt upphaf" verkefnisins. Er það því mat Samkeppniseftirlitsins að sú undanþága hafi verið veitt á grundvelli rangra forsendna þar sem viðeigandi upplýsingar lágu ekki fyrir í málinu.
7213. Nánar er fjallað um þessa nýju samninga í kafla 16.
7214. Einhver óvissa virðist hafa verið innan Samskipa um verðlagsákvæði í hinu nýja „neyðarsamkomulag", þ.e. hvort áfram ættu að gilda handrituðu 2x verðin á eldra „neyðarsamkomulaginu" frá árinu 2001. Þannig sendi viðskiptastjóri hjá Samskipum fyrirspurn 10. desember 2010 á yfirmann sinn (S)forstö-útfl og spurði: „Gildir enn að verðin x2 þegar við kaupum frakt af hvort öðru og allt innifalið". (S)forstö-útfl svarar henni samdægurs: „Spurðu, [(S)forstö-innfl1], hann gerdi thetta."³⁴⁸¹

³⁴⁸⁰ Afrituð tölvuskjöl frá Eimskip. „TRÚNAÐARMÁL Neyðarsamkomulag um gámaflutninga". Undirritað af [...]. Fannst vistað á heimasvæði [...], vistað þann 09.12.2010, kl. 16:51. Doc. ID. 0.7.33.69472.

³⁴⁸¹ Afrituð tölvupóstsamkipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1021331 / 0.7.33.1021339.



7215. Sama dag upplýsti (S)frkvstj-millilandasv (S)forstj um nýja „neyðarsamkomulagið“ við Eimskip með því að áframsenda til hans tölvupóst frá (S)forstö-innfl1 sama dag þar sem (S)forstö-innfl1 hafði sent í viðhengi „nýja neyðarsamkomulagið“.³⁴⁸²
7216. Á fundi innflutningsdeildar Eimskips 13. desember 2010 fjallaði (E)forstö-innfl um hið nýja „neyðarsamkomulag“, en í fundargerð segir svo: „(E)forstö-innfl - Skrifaði undir samning við Samskip - nýtt neyðarsamningsverð.“ Einnig hefði (E)forstö-innfl rætt um þetta:
„Gjaldskrárhækkun rædd - erlendis sem heima.“³⁴⁸³
7217. (E)frkvstj-sala/þj vistaði verkefnalista 14. desember 2010. Þar er tilgreint að í gangi væri verkefnið: „Hækkanir (ISL – ERL)“ (sem hafði verið á verkefnalista (E)frkvstj-sala/þj frá nóvember sama ár).³⁴⁸⁴
7218. Strax í desember 2010 reyndi á nýja „neyðarsamkomulagið“. Sýna gögnin að Samskip hafi farið fram á það við Eimskip að flytja gáma fyrir viðskiptavinum Samskipa (m.a. Nathan & Olsen) frá Bretlandi til Íslands. Starfsmaður Samskipa í Bretlandi sneri sér þann 29. desember 2010 til (S)viðskstj1 og benti á að ekki væri komið endanlegt svar frá Eimskip.³⁴⁸⁵ (S)viðskstj1 svaraði samdægurs og sagði að (S)forstö-innfl1 ætli að ræða við (E)forstö-innfl um þessa flutninga frá Bretlandi til Íslands.³⁴⁸⁶
7219. (S)forstö-innfl1 sendi síðan þennan sama dag tölvupóst til (E)forstö-innfl með heitinu „Flutningar á neyðarsamkomulagi frá IMM“. Í honum óskaði hann eftir því að (E)forstö-innfl beiti sér fyrir því að umræddir gámar verði fluttir af Eimskip. Var vísað til þess að skip Samskipa hafi lent í seinkunum.³⁴⁸⁷ (E)forstö-innfl svaraði og vísaði til flutninga Eimskips fyrir Jóna en eins og fram kemur í kafla 16.6 voru á þessum tíma fyrir hendi umfangsmiklir flutningar Eimskips fyrir umrætt dótturfélag Samskipa. (E)forstö-innfl greindi þannig frá því að Jónar ættu bókaða gáma með Eimskip og hann vissi einnig af því að óskað hefði verið eftir flutningum fyrir Samskip frá Bretlandi. Skip Eimskips væri yfirbókað en hann ætli að skilja eftir gáma til þess að koma gámum Samskipa að. Spurði hann (S)forstö-innfl1 að því hvort Samskip gætu fallist á að Eimskip tæki gámana á „„commercial“ verði, þ.e. verðinu sem Jónar greiða í ljósi aðstæðna.“³⁴⁸⁸
7220. (S)forstö-innfl1 svaraði (E)forstö-innfl og kvaðst ekki hafa vitað um þessa gáma frá Jónum. Spurði hann (E)forstö-innfl að þessu: „Fer þetta ekki bara á nýja samkomulaginu? Þetta er akkúrat það sem samkomulagið snýst um, er það ekki?“³⁴⁸⁹ (S)forstö-innfl1 sendi í kjölfarið tölvupóst til m.a. (S)viðskstj1 og greindi frá því að hann hefði talað við (E)forstö-innfl og Eimskip muni flytja þessa gáma.³⁴⁹⁰ Nokkrum mínútum síðar svaraði (E)forstö-innfl1 tölvupósti (S)forstö-innfl1 og sagði: „Nei samkomulagið snýst alls ekki um að við skiljum okkar eigin gáma eftir og tökum ykkar með í staðinn. Það er það sem við þurfum að gera með auknum tilkostnaði og hugsanlegum þjónustubresti við okkar eigin viðskiptavinum.“³⁴⁹¹ Hafði Eimskip þannig fallist á þennan flutning fyrir Samskip þrátt fyrir aukinn kostnað og mögulega verri þjónustu fyrir eigin viðskiptavinum. Er þetta dæmi um hagnýta samvinnu fyrirtækjanna sem var hluti af hinu samfellda samráði þeirra.

14.33.14.2. „Rúmlega 3000% álagning“

7221. Fyrr í ákvörðun þessari hefur verið gerð grein fyrir verðsamráði Samskipa og Eimskips um álagningu svonefnds „E-control“ gjalds á viðskiptavinum fyrirtækjanna. Er því lýst að í byrjun október 2009 hafi

³⁴⁸² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.817028.

³⁴⁸³ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. Fundargerð innflutningsdeildar Eimskips, 13. desember 2010. Fannst á sameiginlegu tölvudrifi Eimskips. Síðast vistað 17.12.2010.

³⁴⁸⁴ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.183261. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.184231.

³⁴⁸⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.843975.

³⁴⁸⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.843975.

³⁴⁸⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.843986.

³⁴⁸⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.844000.

³⁴⁸⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.844017.

³⁴⁹⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum [...] Doc. ID. 0.7.33.844028.

³⁴⁹¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.844034.



(S)forstö-innfl1 verið upplýstur um þetta samráð og hann samþykkt gjalddöku á grunni þess. Vísast um þetta til kafla 14.14.

7222. Þetta gjald kom við sögu 13. desember 2010. Þann dag sendi (S)forstö-umb.erl tölvupóst til (S)forstö-innfl1 með heitinu „E-control for customs“ og í honum sagði:

„Þegar við byrjuðum að rukka þetta út í Danmörku, var send einhver tilkynning?

Gætir þú sent hana á mig?“

7223. (S)forstö-innfl1 svaraði um hæl: „Við sendum ekkert út hér á Íslandi. Það getur þó verið að eitthvað hafi verið sent út í DK, en ég hef ekki séð það.“ (S)forstö-umb.erl svaraði: „Ok. Þeir eru að rukka út rúmlega EUR 5 per sendingu, við erum að fá á okkur kostnað upp á c.a. 16 evrusent. Verð í bandi við þig á næstunni, ætla að taka rúnt á hinum skrifstofunum varðandi þetta mál.“

7224. (S)forstö-innfl1 svaraði strax til baka:

„Það er rúmlega 3000% álagning er það ekki sanngjarnt...“³⁴⁹²

7225. Umrætt gjald lagðist m.a. á innflytjendur á vörum til Íslands. Framangreint mat (S)forstö-innfl1 á álagningunni er til frekara vitnis um að umrætt verðsamráð var mjög alvarlegt í eðli sínu.

14.33.14.3. „ef okkur vantar hugmyndaflug varðandi gjaldskrárhækkanir“

7226. Daginn eftir tölvupóstinn til (S)forstö-innfl1 sendi (S)forstö-umb.erl tölvupóst til (S)forstö-útfl og greindi honum frá möguleika á nýrri gjalddöku gagnvart viðskiptavinum Samskipa:

„Team Lines hafa tilkynnt að þeir ætli að rukka per B/L EUR 22 fyrir þessi ENS skeyti (first point of entry into EU). Þetta er ferlið sem er að fara í gagn [svo] og varðar að mestu Immingham þ.e. þeir þurfa að reportera alla farmskránna fyrir komu skips.“

Ég geri ekki ráð fyrir auknum kostnaði en það er spurning hvort við höfum þetta til reiðu ef okkur vantar hugmyndaflug varðandi gjaldskrárhækkanir“

7227. (S)forstö-útfl svaraði samdægurs;

„var búinn að hugsa þetta, ætla aðeins og [svo] hinkra og sjá hvað Eimskip gerir.“³⁴⁹³

7228. Eins og lýst verður hér á eftir ákváðu Samskip í byrjun árs 2011 að leggja þetta gjald á innflutning.

7229. Í þessu samhengi er gagnlegt að rifja upp tölvupóst sem (S)forstj sendi til (S)frkvstj-MCL 11. nóvember 2008, sbr. kafla 10.4.5. (S)frkvstj-MCL bar ábyrgð á flutningastarfsemi Samskipa Holding í ýmsum Evrópulöndum. Í tölvupóstinum beindi (S)forstj því m.a. til (S)frkvstj-MCL að huga að aukinni gjalddöku gagnvart viðskiptavinum með hliðsjón af góðum árangri Samskipa hér á landi. Sagði hann að auk sjófraktar og afgreiðslugjalda innheimti Samskip á Íslandi ávallt sjö önnur gjöld („standard fees“). Tók hann síðan þetta fram:

„Those are standard fees on all shipments, then when providing additional services there are number of other charge codes, actually pages of them“

7230. Síðar sama dag sendi (S)forstj annan tölvupóst til (S)frkvstj-MCL og útskýrði af hverju Samskip hf. væru í þeirri stöðu að geta náð fram verðhækkunum og margskonar gjalddöku:

„I know there is limited competition here and not the same tough market as in europe“

³⁴⁹² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.841880.

³⁴⁹³ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...].



7231. Samkvæmt framansögðu gaf „*limited competition*“ hér á landi færi á verðhækkunum og margskonar gjaldtöku gagnvart viðskiptavinum.
7232. Að mati Samkeppniseftirlitsins eru framangreind gögn skýr birtingarmynd á þeirri takmörkuðu samkeppni sem leiddi af samráði Samskipa og Eimskips. Sökum þessa voru lögð ný gjöld á viðskiptavinum í innflutningi þrátt fyrir að fyrir lægi að Samskip yrðu ekki fyrir auknum kostnaði vegna umræddra ENS skeyta. Er það jafnframt lýsandi fyrir skort á samkeppni að stjórnandi hjá Samskipum ræddi um „*hugmyndaflug*“ varðandi nýtt tilefni eða réttlætingu á hækkun á verði. Ber að virða þetta í samhengi við ummæli (S)forstj frá nóvember 2008 um gjöld Samskipa hf. væru fjölmörg („*actually pages of them*“). eru þessi gögn Samskipa til vitnis um hið samfellda samráð á þessum tíma.

14.33.15. „*The Cash Cow has arrived*“ – „*Gullkálfur*“

7233. Sem fyrr segir var fundur stjórnar Samskipa Holding haldinn í Rotterdam dagana 14. – 16. desember 2010. Gögnin sýna að (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv sátu fundinn og var þeirra hlutverk m.a. að fara yfir áætlanir Samskipa hf. fyrir árið 2011 sem sendar höfðu verið stjórninni 7. desember 2010. (S)aðaleig-stjform-SH var formaður stjórnar Samskipa Holding.
7234. Hér er nauðsynlegt að rifja upp að í aðdraganda „*Nýtt upphaf*“ verkefnisins setti (S)aðaleig-stjform-SH fram þau fyrirmæli gagnvart m.a. (S)forstj að vernda og efla bæri stöðu Samskipa hf. sem „*cash cow*“ fyrir samstæðu Samskipa Holding, sbr. umfjöllun í kafla 6.7.3 um fund lykilstjórnenda Samskipa Holding 18. mars 2008. Er og rökstutt í umfjöllun um atvik á árinu 2008 að frá sjónarhóli Samskipa hefði tilgangur „*Nýtt upphaf*“ verkefnisins ekki síst verið að tryggja þessa stöðu Samskipa á Íslandi.
7235. Samtímagögnin gefa einnig til kynna að þessi fyrirmæli (S)aðaleig-stjform-SH um „*cash cow*“ stöðu eða hlutverk Samskipa hf. hafi gengið eftir. Í m.a. kafla 14.11.3 er gerð grein fyrir fundargerðum stjórnar Samskipa Holding á árinu 2009. Sýna fundargerðirnar að samdráttur í eftirspurn sem fylgdi efnahagsörðugleikunum á árinu 2009 leiddi til þess að kaupendur á flutningaþjónustu annars staðar í Evrópu fóru að sýna mun meira aðhald og krefjast betri kjara. Flutningamagn fór minnkandi og fyrirtæki brugðust við með því að lækka verð og örva eftirspurn. Var jafnvel rætt um örvæntingu í þessu sambandi. Með þessu jókst samkeppni um mikilvæga viðskiptavinum og er því lýst í fundargerðunum að nauðsynlegt hefði verið fyrir systurfélög Samskipa hf. að lækka verð til þess að missa ekki mikilvæga viðskiptavinum úr viðskiptum. Lýsingin á aðstæðum og rekstri Samskipa hf. í fundargerðunum dregur sem fyrr segir fram allt aðra mynd. Í kjölfar bankahrunsins og á tímum mesta samdráttar í efnahagslífinu hér á landi frá kreppunni miklu, þegar innflutningur minnkaði verulega, er í fundargerðunum greint frá afar góðum árangri á Íslandi („*extremely good results from Iceland*“) „*continous good results from Iceland*“) og EBITDA umfram áætlanir.
7236. Sem fyrr segir voru (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstj staddir þann 15. desember 2010 í Rotterdam að kynna uppgjör fyrstu tíu mánaða ársins 2010 og áætlun Samskipa hf. á Íslandi fyrir árið 2011 á fundi stjórnar Samskipa Holding. Þann dag sendi (S)frkvstj-millilandasv tölvupóst til (S)forstj, (S)frkvstj-innanl, (S)frkvstj-Jóna og (S)frkvstj-fjárm. Í tölvupóstinum sagði aðeins þetta:
- „*The cash cow has arrived*“³⁴⁹⁴
7237. Meðfylgjandi tölvupósti (S)frkvstj-millilandasv var mynd af eftirlíkingu af kú, sbr. eftirfarandi skjáskot:

³⁴⁹⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.818425.



7238. Horft til efnis og tímasetningu tölvupósts (S)frkvstj-millilandasv er talið að þar hafi aðstoðarforstjóri fyrirtækisins verið að vísa til Samskipa hf. á Íslandi sem „cash cow“. Horfa verður til annarra gagna málsins sem sýna að Samskip hf. á Íslandi stóð á þessum tíma undir langstærstum hluta af EBITDA afkomu Samskipa samstæðunnar. Fundargerð frá umræddum stjórnarfundum í Rotterdam, sem (S)frkvstj-millilandasv sat þennan dag, sýnir þetta sömuleiðis. Í fundargerðinni er að finna töflu með yfirliti yfir uppgjör samstæðu Samskipa Holding fyrstu tíu mánuði ársins 2010. Taflan sýnir að Samskip hf. á Íslandi hélt uppi langstærstum hluta EBITDA afkomu samstæðunnar. Að sama skapi sýnir fundargerðin að gert var ráð fyrir að árið 2011 myndi rekstur Samskipa á Íslandi áfram standa undir stórum hluta af jákvæðri afkomu móðurfélagsins. Má hér til stuðnings einnig nefna að í tölvupósti (S)forstj 9. september 2013 kom fram að umrætt ár 2010 hefði verið „*eitthvert besta ár í sögu Samskipa*“.
7239. Þá er óhjákvæmilegt að setja umræddan „cash cow“ tölvupóst (S)frkvstj-millilandasv 15. desember 2010 í samhengi við framangreind fyrirmæli (S)aðaleig-stjform-SH frá mars 2008 um að vernda ætti Samskip hf. á Íslandi sem „cash cow“ samstæðunnar. Gögn málsins sýna að þetta gekk eftir. Samráð Samskipa við Eimskip var einn þáttur þess sem gerði Samskipum þetta kleift.
7240. Hafa má huga í þessu samhengi að innan Eimskips var einnig vitnað til klaufdýra sem táknmyndar um góðar tekjur eða afkomu. Sýna gögn málsins að (E)frkvstj-sala/þj hafi horft á sjóflutninga Eimskips til og frá Íslandi sem „gullkálfi“ fyrirtækisins. Nánar tiltekið lýsti (E)frkvstj-sala/þj í tölvupósti frá 15. maí 2009 góðri stöðu Eimskips í sjóflutningum til og frá Íslandi fyrir hrun og að: „*gullið tækifæri var til að virkilega mjólka gullkálfinn og styrkja fyrirtækið*“³⁴⁹⁵
7241. Í framhaldi af hruni fjármálafyrirtækjanna haustið 2008 varð efnahagsástand á Íslandi á næstu misserum mjög erfitt. Í ákvörðun þessari hefur því verið lýst að afar sérstakt ástand hafi ríkt á íslenskum flutningamörkuðum og gögn sem því tengjast endurspegli hið ólögmeta samráð Samskipa og Eimskips og styðji við önnur sönnunargögn málsins. Það að stjórnendur fyrirtækjanna lýsi þeim sem „cash cow“ eða „gullkálfi“ styður þetta einnig.

14.33.16. Samskip óska eftir fundi í janúar 2011

7242. Í desember 2010 og janúar 2011 áttu sér stað frekari samskipti milli Samskipa og Eimskips vegna innflutnings á pappír frá Kanada.

³⁴⁹⁵ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.239494.



7243. Hér ber fyrst að rifja upp að daginn eftir fund Eimskips og Samskipa 11. október 2010 sendi (S)frkvstj-N-Am tölvupóst til frkvstj-FlyP og boðaði tafarlausa verðhækkun á pappírflutningum frá Bandaríkjunum. Jafnframt boðaði (S)frkvstj-N-Am að þóknun/mútur frkvstj-FlyP yrðu felldar niður. Svaraði hann (S)frkvstj-N-Am samdægurs og sagði að þetta myndi að öllum líkindum þýða að hann hætti viðskiptum við Samskip.
7244. Þann 16. desember 2010 sendi (S)frkvstj-N-Am tölvupóst til frkvstj-FlyP með heitinu „Paper rates for 1Q. ex. Montreal and Halifax“. Var um að ræða tilboð til frkvstj-FlyP um innflutning á pappír til Íslands á fyrsta ársfjórðungi ársins 2011, annars vegar með skipi Eimskips frá Halifax og hins vegar með TA flutningum (Montreal – Rotterdam – Reykjavík). Var frkvstj-FlyP sagt að verðlækkun sem Samskip náðu gagnvart erlendum samstarfsaðila í TA flutningum myndi renna „beint í vasa“ frkvstj-FlyP og í tilboði Samskipa fælist „\$10/mt kick back or booking fee for you“.³⁴⁹⁶
7245. frkvstj-FlyP ákvað hins vegar að ganga til viðskipta við Eimskip. Má ráða þetta af tölvupósti sem (S)frkvstj-N-Am sendi (S)forstö-innfl1 þann 17. desember 2010:
- „[frkvstj-FlyP] hringdi og það kom í ljós að hann er með 10 í kick back (af 135) og fyrstu 3 mánuði ársins verður afgreitt stíft frá Halifax.
- Þetta eru slæmu fréttirnar.
- Þær góðu eru að, já maður verður að vera bjartsýnn!!!
- hann óttast plássleysi út frá Halifax, hann er búinn að landa Ísafold,
- hann er að ýta Abitibi inn á að afgreiða meirihlutann frá Montreal.
- já þannig fór það..... heyrumst eftir helgi.....“³⁴⁹⁷
7246. (S)forstö-innfl1 svaraði þann 20. desember 2010: „Það getur ekki verið að Eimskip séu að bjóða \$125 per tonn. Það er nákvæmlega okkar kaupverð.“³⁴⁹⁸
7247. Samkvæmt þessu bauð Eimskip frkvstj-FlyP „kick back“ og betra verð en Samskip. Einnig er ljóst er frkvstj-FlyP óttaðist að Samskip gætu ekki tryggt honum nægilegt flutningapláss í innflutningi með skipi Eimskips frá Halifax.
7248. Framangreint olli óánægju hjá Samskipum enda frkvstj-FlyP mikilvægur viðskiptavinur. Sakaði (S)forstö-innfl1 Eimskip um „undirboð“ og óskaði eftir fundi með (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-sala/þj. Skal þessu lýst nánar.
7249. Þann 22. desember 2010 sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (E)forstö-innfl (afrit til (S)frkvstj-millilandasv og (E)frkvstj-sala/þj) vegna umrædds innflutnings á pappír frá Kanada. Í honum sagði: „Nú finnast mér skrítnir hlutir vera að gerast í pappírflutningunum frá Halifax. Við erum með 19 gáma bókaða í 049REY og báðum ykkur um að taka við bókun á 2 gámum til viðbótar. Við fengum þau svör að það væru ekki til gámar til að sinna þessari bókun. Nú höfum við heimildir fyrir því að þið hafið tekið við þessari bókun og þessir gámar muni koma með ykkur. Hvernig stendur á því að Samskip fær neitun, en okkar viðskiptavinur getur hins vegar bókað þessa gáma?“³⁴⁹⁹
7250. Frekari samskipti áttu sér stað milli (S)forstö-innfl1 og (E)forstö-innfl vegna framangreinds þann 29. desember 2010. (S)forstö-innfl1 ítrekaði fyrirspurnina til (E)forstö-innfl: „Varstu búinn að skoða þetta eitthvað?“ (E)forstö-innfl svaraði samdægurs og kvaðst vera að bíða eftir svörum frá Kanada. Sagði m.a. þetta í tölvupósti hans: „Það sem ég fékk þó frá þeim var einfaldlega það að ekki væru

³⁴⁹⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.842707.

³⁴⁹⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.842888.

³⁴⁹⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.843006.

³⁴⁹⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum: [...] Doc. ID. 0.7.33.843525.



til fleiri gámar og að þið bókuðu 19 gáma og sendandi 2 gáma. Ég geri ráð fyrir að þið hafið síðan komið þar á eftir. Mér finnst undarlegt ef verið er að tvíbóka sömu gámana en það er ekki mitt að svara fyrir það.³⁵⁰⁰ (S)forstö-innfl1 ítrekaði spurninguna á ný sama dag og sagði: „Það væri gott að fá betri skýringu á þessu. Málið er einfalt. Við fengum neitun um 2 auka gáma, en síðan nokkrum dögum síðar gat sendandinn bókað gámana.“³⁵⁰¹ (E)forstö-innfl svaraði sama dag: „Þetta passar ekki við mínar upplýsingar og engin ástæða til að hafa neitað ykkur um 2 gáma ef engin bókun var komin fyrir þá gáma.“³⁵⁰²

7251. Þann 12. janúar 2011 sendi (S)forstö-innfl1 eftirfarandi tölvupósta vegna innflutnings á pappír fyrir frkvstj-FlyP frá Kanada:

- Kl. 08:54 til (S)frkvstj-N-Am. Spurði hann (S)frkvstj-N-Am hvort frkvstj-FlyP geti ekki fært þessi pappírsviðskipti aftur til Samskipa og að frkvstj-FlyP verði að vera í viðskiptum við Samskip til þess verða boðið í laxveiði af fyrirtækinu.³⁵⁰³
- Kl. 13:28 bregst (S)forstö-innfl1 á ný við fyrri samskiptum sínum við Eimskip vegna sama máls og sendi (E)forstö-innfl1 eftirfarandi tölvupóst: „Í framhaldi af þessum mailum okkar hér að neðan og nýlegum undirboðum ykkar í þessa flutninga þá óskum við eftir fundi með ykkur. Við erum nýbúnir að skrifa undir flutningasamning við ykkur og töldum að það tryggði okkur bestu verð í ljósi stærðar okkar. Nú hefur annað komið á daginn og því viljum við hitta ykkur og taka upp samninginn. Það er skýlaus krafa okkar að við séum á bestu verðum, en nú virðist sem okkar viðskiptavinir hafi verið boðið enn lægri verð. Við þurfum því að hittast til að aðlaga okkar samning að þessu breytta landslagi. eruð þið lausir á föstudag kl 10:30?“³⁵⁰⁴

7252. Daginn eftir framsendi (S)frkvstj-N-Am tölvupóst frá Eimskip til (S)forstö-innfl1 og (S)frkvstj-millilandasv. Í tölvupósti Eimskips kom fram að skip fyrirtækisins sem átti að koma 28. janúar 2011 til Halifax komi þess í stað 20. janúar 2011. Þetta sé gert til að losa tóma gáma sem eigi að nota í útflutning til Íslands. (S)frkvstj-N-Am sagði að ljóst væri að Eimskip væri að „koma sér upp stock fyrir pappírinn.“³⁵⁰⁵ (S)frkvstj-millilandasv brást við þessum tölvupósti (S)frkvstj-N-Am með því að spyrja (S)forstö-innfl1 hvort það væru komin „einhver viðbrögð frá Eimskip vegna fundarins sem við óskuðum eftir með þeim?“ (S)forstö-innfl1 svaraði og sagðist ekki hafa heyrt í Eimskip.³⁵⁰⁶

7253. Samkvæmt framansögðu óskaði (S)forstö-innfl1 eftir því að hitta (E)forstö-innfl1 á fundi kl. 10:30 föstudaginn 14. janúar 2011. Klukkan 08:33 sama morgun hafði (S)forstö-innfl1 ekki enn heyrt í Eimskip. Ekki hafa fundist gögn sem veita upplýsingar hvort (S)forstö-innfl1 og/eða (S)frkvstj-millilandasv ræddu við Eimskip þennan dag eða næstu daga þar á eftir.

7254. Hér ber að áréttta að þekkt er í samkeppnisrétti að þátttakendur í ólögsmætu samráði geta haft hvata til að „svindla“ með því fara gegn því sem ákveðið var í samráðinu og ná sér í aukin viðskipti, t.d. með því að virða ekki markaðsskiptingu. Sökum þessa getur komið upp ágreiningur milli samráðsfyrirtækja og geta gagnaðilar í samráðinu eftir atvikum séð sig knúna til þess að „hefna“. Af þessu getur leitt mikil samkeppni sem haft getur þau áhrif að allir þátttakendur í samráðinu hagnast minna en ella.³⁵⁰⁷ Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 11/2015 er slíkum aðstæðum lýst með

³⁵⁰⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum: [...] Doc. ID. 0.7.34.95781.

³⁵⁰¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum: [...] Doc. ID. 0.7.34.95788.

³⁵⁰² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum: [...] Doc. ID. 0.7.34.95817.

³⁵⁰³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.846615.

³⁵⁰⁴ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip[...] Doc. ID. 0.7.34.96762.

³⁵⁰⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum[...] Doc. ID. 0.7.33.847335.

³⁵⁰⁶ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.847378.

³⁵⁰⁷ Sjá hér t.d. ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB frá 21.12.1994 í máli nr. IV/33.218 *Far Eastern Freight Conference*. Í málinu var bent á að það sé almenn regla að þátttakendur í verðsamráði hafi tilhneigingu til þess að svindla („general rule that all cartels are susceptible to 'cheating' or secret discounting ...“) Síðan segir: „This is a perfectly normal consequence of cartel behaviour. The members of the cartel seek not only to maximize profits by agreeing prices between themselves but also to maximize revenues by gaining market share from one another. Such behaviour normally results in a degree of instability even in the most disciplined cartel. Cartels also suffer the inevitable instability due to the fact that it always pays to be the one company operating outside the cartel.“ Sjá hér einnig dóm undirréttar ESB í máli nr. m.a. T-23/99, EU:T:2002:75, *Pre-Insulated Pipe Cartel*. Í ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB í þessu máli, sem staðfest var



eftirfarandi hætti: „Í samkeppnisrétti er þekkt að upp geta komið deilur milli þátttakenda í samráði og jafnvel getur brotist út tímabundin hörð samkeppni. Slíkar deilur eða tímabundin samkeppni hefur engin áhrif á ólögætti samráðs ef viðkomandi fyrirtæki halda eftir sem áður áfram að hafa með sér samráð.“

7255. Áður en Samskip tilkynntu frkvstj-FlyP um tafarlausa verðhækkun 12. október 2010 hafði hann kvartað yfir hárrí verðlagningu Samskipa og óskað eftir tilboði frá Eimskip. (E)forstö-innfl taldi í tölvupósti 8. október 2010 „svólítið freistandi“ að ná frkvstj-FlyP í viðskipti þar sem hann væri að greiða „miklu hærra“ verð fyrir útflutning á pappír frá Kanada heldur en Samskip voru að greiða Eimskip fyrir flutning á sömu siglingaleið. Eimskip féll hins vegar ekki fyrir þessari freistingu og sem fyrr segir hækkuðu Samskip verð gagnvart frkvstj-FlyP daginn eftir fundinn með Eimskip 11. október 2010.
7256. Framangreind gögn sýna hins vegar að frkvstj-FlyP tók tilboði Eimskips í desember 2010. Virðist frkvstj-FlyP hafa óttast að Samskip gætu ekki tryggt nægjanlegt rými fyrir útflutning hans á pappír og Eimskip bauð betur en Samskip. Ber þetta keim af því að Eimskip hafi „svindlað“ í skilningi samkeppnisréttarins. Er a.m.k. ljóst að Samskip voru mjög óánægð með þetta „undirboð“ Eimskips og báðu um fund í janúar 2011. Sem fyrr segir er ekki ljóst hvort sá fundur hafi farið fram.
7257. Þessi ágreiningur hafði hins vegar ekki þau áhrif að samstarf Samskipa og Eimskips í m.a. sjóflutningum hætti. Þvert á móti hélt hið samfellda samráð áfram, ásamt samskiptum lykilstjórnenda. Ljóst er t.d. að (S)forstö-innfl1, (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-útfll, (E)frkvstj-sala/pj og (E)forstö-innfl funduðu 9. mars 2011, sbr. kafli 14.37.3 hér á eftir. Þá liggur fyrir að (S)forstö-útfll og yfirmaður Eimskips á Austurlandi ((E)svæðisstj1) funduðu 2. febrúar 2011 og vísað var til samtals yfirmanna siglingakerfa ((S)forstö-flutnstj og (E)frkvstj-skiparekst) 18. febrúar 2011, sbr. kafla 13.
7258. Ofangreind gögn frá janúar 2011 eru einnig birtingarmynd á hinu skaðlega ástandi sem leiddi af hinu samfellda samráði. Samskip og Eimskip voru á þessum tíma saman með 100% markaðshlutdeild í sjóflutningum milli Íslands og Norður-Ameríku. Samkvæmt framanrituðu sendu Samskip tölvupóst til Eimskips og kvörtuðu undan lágu verði eina keppinautarins í flutningum frá Norður-Ameríku. Jafnframt var talið sjálfsgagt og eðlilegt að fulltrúar fyrirtækjanna hittist á ný til að ræða þetta afar viðkvæma samkeppnismálefni. Engin gögn hafa fundist sem gefa til kynna að Eimskip hafi mótmælt þessum tölvupósti sem slíkum eða tillögu Samskipa um fund til þess að ræða þessi atvik tengd tilboði til frkvstj-FlyP. Að mati Samkeppniseftirlitsins er þessi hlið atvikanna sem fyrr segir skýr birtingarmynd á samráði fyrirtækjanna á þessum tíma.

14.33.17. Verðhækkun í janúar og febrúar 2011

7259. Gögn málsins sýna að Samskip og Eimskip hækkuðu verð 1. janúar 2011 og síðan áttu enn frekari hækkunir sér stað í febrúar 2011. Samhliða var einnig lögð áhersla á að ná fram frekari verðhækkunum. Verður þessum og öðrum tengdum atvikum lýst í þessum kafla.
7260. Samskip hækkuðu verð í fiskflutningum um 4,5% 1. janúar 2011.
7261. Verðhækkun Eimskips 1. janúar 2011 tók til þjónustugjalda erlendis. Um var að ræða hækkun á bæði „þjónustu erlendis“ og „THC erlendis“ um 2,2%.³⁵⁰⁸ Voru þetta gjöld sem lögð voru á innflutning til Íslands og útflutning frá Íslandi.
7262. Varðandi þessa verðhækkun Eimskips í byrjun janúar 2011 ber að hafa í huga fundi og samtöl (E)frkvstj-sala/pj/(E)forstö-innfl og (S)frkvstj-millilandasv/(S)forstö-innfl 11. október, 2.

undirréttinum og síðar dómstóli ESB, er þetta orðað með þessum hætti: „Even cheating or occasional outbreaks of fierce competition do not prevent an arrangement from constituting an agreement for the purposes of Article 81(1) where there is a common and continuing objective to co-operate“.

³⁵⁰⁸ Afhent gagn frá Eimskip. Afhent þann 23.03.2015, fylgiskjal 3. „Gjaldskrárbreytingar Eimskips 2006 – 2014“.

nóvember, 8. nóvember, 11. nóvember, 25. nóvember, 7. desember og 9. desember 2010, sbr. umfjöllun hér að framan. Þá ber að horfa til þess að í sátt Eimskips við Samkeppniseftirlitið er viðurkennt að í broti fyrirtækisins á 10. gr. samkeppnislaga hafi falist samráð „við Samskip um álagningu gjalda og afsláttarkjör í flutningsþjónustu og um miðlun á mikilvægum verð- og viðskiptaupplýsingum.“

7263. Fyrir og eftir þessa fundi með Samskipum vann (E)frkvstj-sala/þj að umræddum verðhækkunum sem tóku gildi í janúar 2011. Er hér að framan lýst samskiptum hans við (E)frkvstj-alþjsv 17. og 18. nóvember 2010 vegna hækkunar á þjónustugjöldum í viðkomuhöfnum Eimskips erlendis. Gengið var út frá 2,2% verðhækkun en ekki lá fyrir með hækkun í Færeyjum. Þann 21. nóvember 2010 sendi (E)frkvstj-sala/þj tölvupóst til (E)frkvstj-alþjsv um frekari verðhækkunar Eimskips. Kvaðst (E)frkvstj-sala/þj vera að búinn að ákveða að hækka einnig THC gjaldið um 2,2% og var einnig að velta því fyrir sér hækka til viðbótar tiltekið gjald. Þann 23. nóvember 2010 sendi (E)frkvstj-alþjsv tölvupóst til (E)forstö-viðskþróun með heitinu „THC hækkun“. Í tölvupóstinum gaf (E)frkvstj-alþjsv fyrirmæli um að hækka THC gjald um 2,2% í höfnum Eimskips erlendis (gjöld í höfnum fyrir uppskipun og útskipun) og jafnframt að ná fram hækkunum með „case by case arguments“, væntanlega gagnvart samningsbundnum viðskiptavinum. Vísaði (E)frkvstj-alþjsv til þess að hann hefði lokað (E)frkvstj-sala/þj að framkvæma þetta.³⁵⁰⁹ Voru þessi hækkunarfyrirmæli enda í samræmi við ákvörðun (E)frkvstj-sala/þj tveimur dögum áður, þ.e. 21. nóvember 2010. Í samræmi við fyrirmæli (E)frkvstj-alþjsv tilkynnti (E)forstö-viðskþróun 25. nóvember 2010 samstarfsmönnum sínum um hækkun á THC gjaldi um 2,2%, ásamt 2,2% hækkun á á öðru gjaldi („Document/service fees“). (E)forstö-útfl sendi síðan tölvupóst 29. nóvember 2010 til undirmanna sinna í útflutningsdeild Eimskips þar sem hann setti fram atriði sem áttu að vera til umræðu á sölufundi þennan sama dag. Í tölvupósti (E)forstö-útfl kom m.a. eftirfarandi fram um hækkunar: „þjónustugjöld erlendis hækka um 2,2% um áramót“. Einnig kom fram undir „Sölustefna 2011“ áframhaldandi áhersla á hækkun verðs: „Verðlagning og upptaka samninga“.³⁵¹⁰

7264. Þessi hækkun Eimskips á þjónustugjöldum erlendis tók til flutnings í gegnum allar viðkomuhafnir Eimskips erlendis, þ. á m. í Norður-Ameríku og Færeyjum. Varðaði þetta því flutninga til og frá Íslandi og til og frá Færeyjum. Varðandi hækkun vegna Færeyja sagði (E)frkvstj-alþjsv að það þyrfti að passa „upp á samkeppnina og einnig sjófraktina, vill ekki að hún lækki“.³⁵¹¹ Ólíkt stöðu mála á Íslandi leyfði samkeppni í Færeyjum þannig ekki verðhækkun. Er þetta gagn (E)frkvstj-sala/þj, líkt og t.d. gögnin sem tengjast stjórnarfundum Samskipa hf. 25. október og 21. nóvember 2010, til vitnis um ólíkar samkeppnisaðstæður og aðgerðir fyrirtækjanna á Íslandi og í Færeyjum og saman endurspeglar þessi gögn samráð þeirra á Íslandi.

7265. Eftir að Eimskip tilkynnti um framangreinda hækkun á þjónustugjöldum erlendis sendi viðskiptavinur Eimskips (Borgarplast) tölvupóst til (E)frkvstj-sala/þj. Í honum sagði að fyrirtækið hafi tapað viðskiptum í Norður-Ameríku þegar Samskip hættu að sigla milli Íslands og Norður-Ameríku. Það sé að reyna að „vinna aftur markaði“ en til þess að það væri unnt yrði viðskiptaumhverfið að vera fyrirsjáanlegt. Síðan sagði:

„Mér lýst illa á verðlagningu ykkar á þessari leið, og benti reyndar á það þegar við undirskrifuðum samninginn, sem sennilega kæfir málið í fæðingu.“

Við skoðun og samanburð við Evrópu kemur þetta í ljós.

Um 90% munur er á fraktverðum til Rotterdam og Halifax. Í mílum talið er þessi munur 65%. Er ekki einhver möguleiki að hrista eitthvað upp í þessu máli ekki veitir þjóðinni af auknum útflutningi!?

³⁵⁰⁹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.413594.

³⁵¹⁰ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.282896.

³⁵¹¹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.451744. Afhent gagn frá Eimskip. Afhent þann 23.03.2015, fylgiskjal 3. „Gjaldskrárbreytingar Eimskips 2006 – 2014“. Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.416393.



Einhverntíman [svo] fyrir löngu voru Eimskip og íslenskir iðnrekendur vinir. [...]"

7266. (E)frkvstj-sala/pj svaraði svo: „*Skoðum þetta*“³⁵¹²
7267. Þrátt fyrir þetta ákall um lægra verð lagði (E)frkvstj-sala/pj áfram mikla áherslu á hækkun verðs. Í fundargerð/verkefnalista (E)frkvstj-sala/pj og (E)forstö-útfli frá fundi þeirra 4. janúar 2011 var þetta m.a. tilgreint sem áhersluverkefni á árinu 2011:
- „Hækkun meðalsjóflutningsverða“*³⁵¹³
7268. Þann 5. janúar 2011 var fjallað um aukna gjaldtöku hjá Samskipum. Hér ber að rifja upp tölvupóst (S)forstö-umb.erl frá 14. desember 2010. Benti (S)forstö-umb.erl á að Samskip gætu lagt á nýtt gjald á viðskiptavini (gjald fyrir svonefnd ENS skeyti) jafnvel þótt að hann teldi að Samskip yrðu ekki fyrir auknum kostnaði vegna þessara skeyta. Vildi hann upplýsa stjórnendur Samskipa á Íslandi um þetta „*ef okkur vantar hugmyndarflug varðandi gjaldskrárhækkanir*“.
7269. Umrætt ENS gjald kom aftur til umræðu hjá Samskipum 5. janúar 2011. Þann dag sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (S)forstö-umb.erl og sagði að erlent skipafélag væri búið að taka upp ENS gjaldið („*ENS fee. 25 USD per sendingu*“) og spurði hvort (S)forstö-umb.erl hefði „*heyrt eitthvað frá öðrum skipalínum?*“ (S)forstö-umb.erl svaraði sama dag (og hafði (S)forstö-útfli í afriti) og sagði þetta gjald vera að „*þetta inn hjá ansi mörgum*“. Spurði hann (S)forstö-innfl1 hvort ekki væri „*lag að setja bara samræmt „EU“ gjald á allar sendingar í inn- og útflutningi*“ til Íslands. Einnig spurði hann (S)forstö-innfl1 að þessu:
- „Var eitthvað komið frá Eimskip varðandi verðskrárhækkanir?“*
7270. Jafnframt beindi (S)forstö-umb.erl spurningu að (S)forstö-útfli og spurði hann að því hvort ekki ætti að taka upp ENS gjaldið í útflutningi. (S)forstö-innfl1 svaraði tölvupósti (S)forstö-umb.erl daginn eftir:
- „Það er ekkert komið frá Eimskip. Við setjum þetta 5 EUR gjald á innflutninginn á næstu dögum. Stefnan er að gera það á sama tíma og við almenna hækkunin verður.*
- [(S)forstö-útfli], eigum við að setja þetta líka á útflutninginn?“*
7271. (S)forstö-útfli svaraði tölvupósti (S)forstö-innfl1 um hæl: „*Á meðan við erum talsvert dýrari en Eimskip í aukagjöldum erlendis tel ég ekki að við getum bæt [svo] við. Ég vil því ekki bæta þessari línu inn á reikninga mína sem stendur.*“³⁵¹⁴
7272. Samkvæmt þessu var lagt á nýtt gjald á viðskiptavini í innflutningi þrátt fyrir að fyrir lægi að Samskip yrðu ekki fyrir auknum kostnaði vegna ENS skeyta. Sú staðreynd að enginn kostnaður leiddi af ENS skeytum réð ekki þeirri niðurstöðu að þetta gjald var ekki lagt á þessum tímapunkti í útflutningi. Ástæðan var sú að Samskip voru „*talsvert dýrari*“ en Eimskip í gjöldum á útflutningi því vildi (S)forstö-útfli hinkra með þessa gjaldtöku. Er það jafnframt lýsandi fyrir skort á samkeppni að stjórnandi hjá Samskipum ræddi um „*hugmyndaflug*“ varðandi nýtt tilefni eða réttlætingu á hækkun á verði, sbr. ummæli (S)forstö-innfl1 í tölvupósti 14. desember 2010, sbr. kafla 14.33.14.3 hér að framan.
7273. Þann 14. janúar 2011 sátu (E)frkvstj-sala/pj og (E)forstö-innfl fund með innflutningsdeild Eimskips. Samkvæmt fundargerð fundarins fór (E)frkvstj-sala/pj á fundinum yfir sett markmið árið 2010 og haft var eftir honum að þau markmið hefðu gengið að „*mestu upp*“. Í þeim markmiðum fólst m.a. að

³⁵¹² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...].

³⁵¹³ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.101330.

³⁵¹⁴ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1026385.



halda sömu markaðshlutdeild en hækka verð. Voru það sömu markmið og hjá Samskipum, sbr. m.a. kafla 14.10.

7274. Á fundinum 14. janúar 2011 fór (E)frkvstj-sala/pj jafnframt yfir helstu atriði framundan. Þau voru m.a.:

„Ný gjaldskrá yfir lágmarksgjald langt komin“.

„Færa gjaldskrá sjó nær raunveruleikanum USA“

„Samningur við Samskip frágenginn.“

7275. Næst segir í fundargerðinni:

„(E)frkvstj-sala/pj fór yfir meðalflutningsgjöld frá 2004 til 2010, Kúrfan þarf að fara heldur upp á næstunni.“

(E)frkvstj-sala/pj sagði í lokin að síðasta ár hefði verið viðunandi og hvatti fundarmenn til að halda áfram á sömu braut 2011.“

7276. Þá kemur fram í fundargerðinni að (E)forstö-innfl hafi viljað;

„meina að gámagjöld séu að lækka almennt, vill að við reynum að hækka verðin í tilboðum okkar. Þess vegna stilla upp hærri tilboðum á næstunni.“

7277. Einnig er þar vitnað í að (E)forstö-innfl hafi sagt: „Hækka þá með lægstu verðin“. ³⁵¹⁵

7278. Samkvæmt þessu var það áfram skýr stefna hjá Eimskip í upphafi árs 2011 að hækka verð. Bæði átti almennt að hækka verð í tilboðum og hækka verð til þeirra sem nutu bestu kjara hjá Eimskip. Að mati Samkeppniseftirlitsins var hið samfellda samráð við Samskip sem gerði Eimskip kleift að setja sér það sem almenna stefnu í innflutningi að hækka verð í tilboðum.

7279. Þann 28. janúar 2011 átti eftirfarandi sér stað:

- Á þessum tíma unnu Samskip að því að endurnýja samning við Húsasmiðjuna á hærra verði. Átti (S)forstö-innfl1 fund með Húsasmiðjunni 28. janúar 2011 og kynnti tilboð Samskipa í bæði Norður-Ameríku og Evrópu flutninga. Í tölvupósti sem (S)forstö-innfl1 sendi síðar sama dag greindi hann frá því að Húsasmiðjan væri „sjokkeruð“ yfir háu verði í tilboði Samskipa, í söluskýrslu frá fundinum kemur jafnframt fram að Húsasmiðjunni hafi verið „verulega brugðið“ að sjá hækkun Samskipa, sbr. nánar kafla 14.34.
- Húsasmiðjan var á þessum tíma óánægð með miklar hækkunar Samskipa og hafði því einnig óskað eftir tilboði frá Eimskip. Átti (E)forstö-innfl þennan dag einnig fund með Húsasmiðjunni. Eimskip bauð Húsasmiðjunni hins vegar það hátt verð að tryggt væri að viðskipti Húsasmiðjunnar héldust hjá Samskipum.
- Þennan sama dag endurnýjuðu Samskip flutningskomulag við N&O með m.a. 23-28% hækkun á innflutningi frá Evrópu. Skiptir hér verulegu máli að Eimskip ákvað í aðdraganda þessa að sækjast ekki eftir viðskiptum N&O, sbr. umfjöllun í kafla 14.25.
- (S)forstö-innfl1 sendi tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-útfl þar sem greint var frá því að „Eimskip hækkaði nú um daginn gjaldskrána sína í erlendum höfnum um 2,2%.“ Þetta þýði að Samskip sé „aðeins ódýrari að meðaltali í Rotterdam“ hvað þjónustugjöld varðaði. ³⁵¹⁶

³⁵¹⁵ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Fundargerð Innflutningsdeild 14.01.2011“. Fannst á sameiginlegu tölvudrifi hjá Eimskip, vistað 17.01.2011, kl. 10:06.

³⁵¹⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.850155.



7280. Framangreindar aðgerðir Samskipa voru í samræmi við þá stefnumörkun í m.a. áætlunum **(S)forstö-innfl1** fyrir árið 2011 að keppa ekki við Eimskip um mikilvæga viðskiptavinum heldur þess í stað að ná fram verðhækkun gagnvart eigin mikilvægum viðskiptavinum. Það og umræddar aðgerðir og aðgerðaleyfi Eimskips eru í samræmi við hina ólögmetu markaðsskiptingu sem Eimskip hefur viðurkennt að hafa verið fyrir hendi á þessum tíma.
7281. Fleira átti sér stað þann 28. janúar 2011. Hjá Eimskip var á fundi innflutningsdeildar þann dag m.a. rætt um „spot gjaldskrá“. Kemur fram í fundargerð að skrifstofa Eimskips í Immingham í Bretlandi sé að senda Eimskip á Íslandi fyrirspurnir um gámaverð í stað þess að nota gjaldsskrána „*enda er hún í hærri kantinum*“.³⁵¹⁷ Sem fyrr sagði kom það fram í fundargerð Eimskips frá 14. janúar 2011 að á meðal verkefna framundan væri að færa gjaldskrá í Norður-Ameríku siglingum „*nær raunveruleikanum*“. Í sömu fundargerð eru höfð eftir **(E)forstö-innfl** ummæli sem sýna að hann hafi almennt talið gjaldskrár Eimskips vera fjarri raunveruleikanum (verkefnið var skv. **(E)forstö-innfl**: „*Gjaldskrártextar, færa nær raunveruleikanum*“). Í kafla 14.56 verður fjallað um tölvupóst starfsmanns landflutninga Eimskips, **(E)starfsm-flutnstýr1S**, frá 17. febrúar 2011, þar sem hann staðhæfði að gjaldskrá Eimskips væri „*komin upp úr öllu valdi*“. Í sama kafla er einnig gerð grein fyrir gögnum frá Samskipum (frá t.d. maí 2011) sem sýna sömu viðhorf hjá stjórnendum Samskipa til gjaldskrár fyrirtækisins. Verð skv. gjaldskránni væri það hátt að hún var sögð „*absurd*“ og gagnvart tilteknum viðskiptavinum (sem stjórnendur Samskipa þekktu) var talið „*full gróft*“ að láta hann greiða skv. gjaldskránni. Hjá Samskipum var litið á það sem yfirlýsingu um að fyrirtækið hefði engan áhuga á viðskiptum þegar fyrirtæki, sem óskaði eftir tilboði, var boðið verð samkvæmt gjaldskrá (andstætt við það að bjóða „*grænensk verð*“ eða „*skörp verð*“, sem skírskotaði þá til þess að bjóða ætti samkeppnishæft verð).
7282. Framangreind gögn málsins eru að mati Samkeppniseftirlitsins lýsandi fyrir þá takmörkuðu samkeppni sem ríkti á flutningamarkaðnum vegna samráðs Samskipa og Eimskips. Að mati Samkeppniseftirlitsins endurspeglar framgreind ummæli um gjaldskrár Eimskips og Samskipa ekki vilja til að lækka þær til hagsbóta fyrir viðskiptavinum, sbr. einnig framangreind ummæli **(E)frkvstj-sala/þj** og **(E)forstö-innfl** um hækkun á verði. Að mati Samkeppniseftirlitsins var þessi tilhögun á gjaldskrár Samskipa og Eimskips birtingarmynd á samráði og til viðbótar höfðu fyrirtækin m.a. samráð um hámarksafslátt skv. gjaldskrá. Vísast nánar um þetta til kafla 14.56.
7283. Á þessum tíma vann Eimskip að því að hækka verð gagnvart Innnes en sá viðskiptavinur óskaði eftir tilboði í tiltekna flutninga frá Samskipum. Undirmaður **(S)forstö-innfl1** spurði hann 31. janúar 2011 hvort bjóða ætti Innnes „*grænensk verð*“. Í þessari spurningu til **(S)forstö-innfl1** fólst því að undirmaðurinn vildi vita hvort bjóða ætti Innnes það gott verð að möguleiki væri á því að Samskip myndu fá þessi viðskipti. **(S)forstö-innfl1** svaraði þessari spurningu neitandi sama dag og virti þannig hina ólögmetu markaðsskiptingu og Eimskip náðu síðar á árinu fram verðhækkun gagnvart Innnes, sbr. nánari umfjöllun í kafla 14.35.
7284. Þann 1. febrúar 2011 hækkuðu önnur gjöld Eimskips meira þegar akstursgjöld í Danmörku, Hollandi, Bretlandi og Svíþjóð voru hækkuð um 2,5%. Hafði þetta áhrif á flutninga til og frá Íslandi.
7285. Þann 11. febrúar 2011 sendi **(S)forstö-innfl1** tölvupóst til **(S)frkvstj-N-Am** og viðskiptastjóra innflutningsdeildar vegna verðbreytinga í Norður-Ameríku flutningum. Í honum kemur þetta fram:
- „Ég er búinn að stilla upp nýrri sjóflutningsverðskrá frá USA. Verðin breyttust aðeins, en staðsetningargjald er innifalið í þessum verðum. Við höfum einnig sett á ISPS gjald í USA/CA. Það má sjá í verðskránni. Kíkið endilega á þetta og látið mig vita ef það er eitthvað sem þið sjáið athgavert við þetta.“³⁵¹⁸

³⁵¹⁷ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. Fundargerð innflutningsdeildar Eimskips 28.01.2011. Fannst á tölvudrifi Eimskips, síðast vistað 31.01.2011, kl. 15:12.

³⁵¹⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.853647.



7286. Með fylgdu drög að nýrri gjaldskrá Samskipa vegna flutninga til og frá Norður-Ameríku, sem tók gildi 15. mars 2011. Í henni var staðsetningargjald ekki lengur tilgreint sem sérstakur gjaldaliður heldur var það gjald „innifalið“ í sjóflutningsverðinu. Hið nýja gjald, ISPS, var 42 dollarar þegar um var að ræða 40 feta gám. Var það sama fjárhæð og Samskip greiddu Eimskip en hins vegar innheimtu Samskip þetta nýja gjald einnig gagnvart þeim viðskiptavinum sem nýttu sér TA flutninga fyrirtækisins. Samskip höfðu ekki áður greitt Eimskip THC gjald í höfnum í Norður-Ameríku en höfðu engu að síðar innheimt það gjald af viðskiptavinum sínum. Í nýja Norður-Ameríku samningnum greiddu Samskip 25% af THC gjaldi Eimskips sem var í tilviki 40 feta gáms 154 dollarar. Í þessari nýju gjaldskrá Samskipa var sama gjald 546 dollarar. Var þannig THC gjaldið sem Samskip innheimtu af sínum viðskiptavinum 254% hærra en THC gjaldið sem Samskip greiddu Eimskip.
7287. Hér skiptir og máli tölvupóstur sem (S)forstö-innfl1 sendi 20. janúar 2011 til erlends starfsmanns Samskipa vegna innflutnings frá Evrópu. Í honum kom þetta m.a. fram:
- „I am working on a new spot quote tariff for everyone to use for one off quotes. This tariff will include the repositioning fee.“³⁵¹⁹*
7288. Þann 16. febrúar 2011 sendi (S)forstö-innfl1 þessa verðskrá til erlendra starfsmanna Samskipa í Evrópu og tók fram að staðsetningargjaldið væri innifalið í verðinu fyrir sjófrakt.³⁵²⁰
7289. Höfðu Samskip að þessu leyti því gert sömu verðbreytingu í annars vegar innflutningi frá Norður-Ameríku og hins vegar í innflutningi frá Evrópulöndum.³⁵²¹
7290. Gagnrýni kom frá (S)starfsm-Jóna, deildarstjóra hjá Jónum, um að taka fyrirvaralaust upp ný gjöld án þess að bera það undir dótturfélagið. (S)starfsm-Jóna áframsendi (S)forstö-innfl1 þann 7. apríl 2011 tölvupósta þar sem Jónar höfðu áður gagnrýnt upptöku Samskipa á ISPS-gjaldi, en án árangurs. Í tölvupóstinum fylgdu þessar athugasemdir (S)starfsm-Jóna til (S)forstö-innfl1 :
- „Er ekki sáttur að borga ISPS USD 3.- pr. m3 á þetta til ykkar.....af hverju er þetta ekki borið undir okkur þegar svona ný gjöld eru sett á???*
- Viltu sjá til þess að þessi gjöld verði ekki innheimt til okkar eins og samningur segir til um varðandi ...Docs og b/l fee.....“*
7291. (S)forstö-innfl1 svaraði fáeinum mínútum síðar með eftirfarandi hætti:
- „Við settum þetta gjald á án þess að tilkynna til viðskiptavina. Þetta gjald hefur verið rukkað í öllu[m] höfnum nema USA í nokkur ár, en nú var USA bætt við. Eimskip hóf að rukka okkur um þetta gjald og því urðu[m] við að rukka þetta áfram á okkar viðskiptavini. Þetta gjald verður því að standa.“³⁵²²*
7292. Að mati Samkeppniseftirlitsins gaf (S)forstö-innfl1 ranglega til kynna að álagning umræddra gjalda hafi verið einhliða ákvörðun Eimskips. Vísast hér til framangreindra gagna um samskipti (S)forstö-innfl1 við Eimskip í október og nóvember 2010.
7293. Varðandi þessa gjaldtöku Samskipa á árinu 2011 ber að hafa í huga fundi/samtöl (E)frkvstj-sala/pj/(E)forstö-innfl og (S)frkvstj-millilandasv/(S)forstö-innfl 11. október, 2. nóvember, 8. nóvember, 11. nóvember, 25. nóvember, 7. desember og 9. desember 2010, sbr. umfjöllun hér að framan. Þá ber að horfa til þess að í sátt Eimskips við Samkeppniseftirlitið er viðurkennt að í broti

³⁵¹⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.848600.

³⁵²⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.854884.

³⁵²¹ Þess ber að geta að í upplýsingabeiðni Samkeppniseftirlitsins samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga var óskað afhendingar á öllum breytingum á gjaldskrá Samskipa og upptöku nýrra gjalda vegna áætlunarsiglinga til og frá Íslandi tímabilið 2006- janúar 2015, sbr. bréf frá Samkeppniseftirlitinu 29. janúar 2015. Samskip afhentu yfirlit vegna þessa 10. apríl 2015. Upplýsingar um framangreinda gjaldskrárbreytingu var ekki þar á meðal. Var þetta til þess fallið að tefja rannsókn málsins.

³⁵²² Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.867376.



fyrirtækisins á 10. gr. samkeppnislaga hafi falist samráð „við Samskip um álagningu gjalda og afsláttarkjör í flutningsþjónustu og um miðlun á mikilvægum verð- og viðskiptaupplýsingum.“

7294. Einnig ber að rifja upp að á fundi (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1, (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-innfl 2. nóvember 2010 var m.a. rætt um mögulega hækkun á verði sem Samskip greiddu Eimskip fyrir Norður-Ameríku flutninga. Var það m.a. tillaga Eimskips að verð yrði hækkað um 4,6%. Daginn eftir upplýsti (S)forstö-innfl1 viðskiptastjóra hjá Samskipum um að Eimskip væri ekki lengur að innheimta staðsetningargjald sérstaklega því það væri „búið að sameina það inn í sjófraktina“. Þegar (E)frkvstj-sala/þj var, 5. nóvember 2010, greint frá 4,6% verðhækkun gagnvart CMA svaraði hann og sagði: „Allir elta okkur með 4,6%“. Eftir fund (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1, (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-innfl 8. nóvember 2010 féllust Samskip á 4,6% hækkun og að greiða Eimskip fullt ISPS gjald og THC gjald með 75% afslætti. Í þeim aðgerðum (S)forstö-innfl1 í febrúar 2011 sem lýst er hér að framan fólst að aukinni gjaldtöku Eimskips var velt yfir á viðskiptavinum Samskipa. Staðsetningargjaldið var fært í sjófrakt og ISPS gjald í erlendum höfnum tekið upp í gjaldskrá. Var þetta gert óháð því hvort flutt var fyrir viðkomandi með TA flutningum eða með skipi Eimskips. Tók þessi nýja gjaldskrá gildi 15. mars 2011.
7295. Eins og rökstutt er hér að framan sýna gögn málsins að á fundinum 2. nóvember 2010 hafi Eimskip og Samskip rætt um hækkun á verði í Norður-Ameríku flutningum og Samskip síðan fallist á þá hækkun. Orðið „allir“ í tölvupósti (E)frkvstj-sala/þj frá 5. nóvember 2010 vísi til Samskipa og gefi til kynna að (E)frkvstj-sala/þj hafi eftir fundinn með Samskipum 2. nóvember 2010 talið að sá keppinautur ætlaði sér einnig, ásamt CMA, að hækka verð gagnvart eigin viðskiptavinum. Er þetta í samræmi við það sem átti sér stað í kjölfarið þegar Samskip féllust á hækkun Eimskips og í framangreindum aðgerðum (S)forstö-innfl1 í febrúar 2011 þar sem gjaldtaka gagnvart viðskiptavinum Samskipa var aukin.
7296. Hér ber einnig að hafa í huga að 16. febrúar 2011 sendi (S)forstö-innfl1 fyrirmæli til starfsmanna Samskipa um nýtt gjald Samskipa í erlendum höfnum (svonefnt „Gate charge“) sem tók m.a. til innflutnings til Íslands.³⁵²³ Átti að innheimta þetta gjald frá og með sama degi.³⁵²⁴ Hið samfellda samráð Samskipa og Eimskips á þessum tíma skapaði kjöraðstæður fyrir fyrirtækin að hækka eða taka upp ný gjöld gagnvart viðskiptavinum, sbr. einnig framangreinda umfjöllun um ENS gjald Samskipa.

14.33.18. Samantekt

7297. Í m.a. köflum 10 og 11 er lýst samtölum og fundum yfirmanna sjóflutninga Samskipa og Eimskips á tímabilinu júní 2008 – janúar 2009. Ný röð funda yfirmanna sjóflutninga Samskipa og Eimskips hófst í október 2010 og stóð fram til desember 2010. Áttu sér stað a.m.k. eftirfarandi fundir eða samtöl:
- Fundur (E)forstö-innfl1 með Samskip á tímabilinu 4. til 7. október 2010. Líklegast er að hann hafi fundað með (S)forstö-innfl1.
 - Fundur (E)forstö-innfl1, (E)frkvstj-sala/þj, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 11. október 2010.
 - Fundur (E)forstö-innfl1, (E)frkvstj-sala/þj, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 2. nóvember 2010.
 - Fundur (E)forstö-innfl1, (E)frkvstj-sala/þj, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 8. nóvember 2010.

³⁵²³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.854497.

³⁵²⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.854522.



- Fundur (E)forstö-innfl, (E)frkvstj-sala/þj, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl 11. nóvember 2010.
- Fundur (E)forstj og (S)frkvstj-N-Am 24. nóvember 2010.
- Fundur (E)frkvstj-sala/þj og (S)frkvstj-millilandasv 25. nóvember 2010.
- Símtal (E)frkvstj-sala/þj og (S)frkvstj-millilandasv 7. desember 2010.
- Fundur (E)forstö-innfl, (E)frkvstj-sala/þj, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl 9. desember 2010.

7298. Þar að auki var um að ræða umtalsverð tölvupóstsamskipti milli (E)forstö-innfl, (E)frkvstj-sala/þj, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl á þessu tímabili. Til viðbótar áttu sér stað samskipti í desember og janúar 2011 sem staðfesta tengsl milli ýmissa lykilstjórnenda fyrirtækjanna. Þannig hittust (S)forstj og (E)frkvstj-alþj 3. desember 2010, (S)forstj og (E)frkvstj-TVG 9. desember, (S)frkvstj-Jóna og (E)frkvstj-sala/þj 11. desember og (S)forstö-innfl, (S)stjórnarm-S og SH, (E)viðskstj2 og (E)sölustj-innanl2 30. desember 2010. (S)forstö-útfli skipulagði framangreindan fund (E)forstj með (S)frkvstj-N-Am 24. nóvember 2010 og síðan áttu (S)forstö-útfli og (E)forstj í tölvupóstsamskiptum um jólagjöf (E)forstj til (S)forstö-útfli og skipulögðu matarboð á sem haldið var heima hjá (E)forstj 2. janúar 2011.

7299. Hér að framan hefur það verið rakið að auk viðræðna um m.a. aukið gámasamstarf og flutninga fyrir pappírsinnflytjandann frkvstj-FlyP ræddu Samskip og Eimskip í umræddum samskiptum sínum um verðhækkun og aukna gjaldtöku Eimskips gagnvart Samskipum í Norður-Ameríku flutningum. Sýna gögnin að fyrirtækin ræddu a.m.k. um (1) 4,6% hækkun, (2) að Samskip greiddi (3) THC og (4) ISPS gjöld. Virða ber þetta saman með því að þriðjudaginn 5. október 2010 lýsti frkvstj-FlyP því yfir við Samskip að verð á flutningi á pappír frá Kanada til Íslands væri of hátt og yrði að lækka. Sama dag bað hann Eimskip um tilboð. Liggur fyrir að í sömu viku fundaði (E)forstö-innfl með Samskipum. Föstudaginn 7. október 2010 sendi síðan undirmaður (E)forstö-innfl tilboð til frkvstj-FlyP sem hann taldi alltof hátt. (S)forstö-innfl og (E)forstö-innfl o.fl. funduðu 11. október 2010. Daginn eftir þann fund treystu (S)forstö-innfl / (S)frkvstj-N-Am sér til að hækka verð fyrirvaralaust gagnvart frkvstj-FlyP og fella niður þóknun hans. Tveimur dögum síðar ákvað m.a. (E)forstö-innfl að á fyrirhugðum fundi Eimskips með CMA ætti að tilkynna þeim viðskiptavinum um 4,6% verðhækkun og leggja ætti áfram á staðsetningargjald. Þann 28. október 2010 hóf (S)forstö-innfl sérstakt verðhækkunarátak gagnvart viðskiptavinum í Norður-Ameríku flutningum. Aftur funduðu (S)forstö-innfl og (E)forstö-innfl (auk (E)frkvstj-sala/þj og (S)frkvstj-millilandasv) 2. nóvember 2010. Daginn eftir greindi (S)forstö-innfl undirmanni frá því að Eimskip væru ekki lengur að innheimta staðsetningargjald „því það er búið að sameina það inn í sjófraktina“. Daginn eftir var (E)forstö-innfl greint frá því að CMA hefði fallist 4,6% verðhækkun. Þegar (E)frkvstj-sala/þj var tilkynnt um þetta 5. nóvember 2010 var svar hans þetta: „Allir elta okkur með 4,6%“. (S)forstö-innfl, (S)frkvstj-millilandasv, (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-sala/þj funduðu á ný 8. nóvember 2010. Daginn eftir sendi (E)frkvstj-sala/þj tölvupóst til (S)forstö-innfl og annarra fundarmanna og endurspegladi hann viðræður milli fyrirtækjanna. Lagði (E)frkvstj-sala/þj til 4,6% verðhækkun í nýjum Norður-Ameríku samningi og með því hafi staðsetningargjald verið tekið inn í sjófraktina. Auk þessa myndu Samskip greiða ISPS gjald og THC gjald en fengju 75% afslátt að síðastnefnda gjaldinu. Eftir fund sömu manna 11. nóvember 2010 féllust Samskip á að nýr samningur myndi taka þessum hækkunum en hann var undirritaður 9. desember 2010. Í febrúar 2011 tilkynntu Samskip síðan nýja gjaldskrá fyrir Norður-Ameríku flutninga. Í henni fólst að aukinni gjaldtöku Eimskips var velt yfir á viðskiptavinum Samskipa. Staðsetningargjaldið var fært í sjófrakt og ISPS gjald í erlendum höfnum tekið upp í gjaldskrá. Var þetta gert óháð því hvort flutt var fyrir viðkomandi með TA flutningum eða með skipi Eimskips.

7300. Metin heildstætt sýna framanrakin samtímagögn að verðtengd málefni hafi verið rædd á fundum Eimskips og Samskipa í lok árs 2010 og saman gefa þessi gögn til kynna að ítrekuð samskipti lykilstjórnenda fyrirtækjanna, (S)forstö-innfl, (S)frkvstj-millilandasv, (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-



sala/þj, hafi dregið úr óvissu á milli fyrirtækjanna um mikilvæg samkeppnismálefni, líkt og verðlagningu, og gert Samskipum kleift að hækka einnig verð til eigin viðskiptavina. Er það í samræmi við viðurkenningu Eimskips á ólögmætu samráði við Samskip, sbr. gr. 1.3 í sáttinni við Samkeppniseftirlitið. Þessu til frekari stuðnings vísast einnig til kafla 11.21 og 15.3.

7301. Líkt og með fundaröðina 2008-2009 byggja Samskip á því að umrædd samskipti (E)frkvstj-sala/þj, (E)forstö-innfl, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 2010-2011 hafi aðeins tekið til endurnýjunar á samkomulagi fyrirtækjanna um Norður-Ameríku flutninga. Þetta hafi verið nauðsynlegar og lögmætar viðræður og þegar niðurstaða hafi legið fyrir hafi fyrirtækin óskað eftir undanþágu frá banni 10. gr. samkeppnislaga. Samskip mótmæla því að tilgangur þessara viðræðna hafi verið að skapa vettvang fyrir aukið ólögmætt samráð fyrirtækjanna.
7302. Eins og rökstutt er í kafla 11 hafði „Nýtt upphaf“ verkefnið að markmiði að raska samkeppni í skilningi 10. gr. samkeppnislaga. Af þessu leiðir að öll samskipti Samskipa og Eimskip þar sem unnið var að eða rætt um „Nýtt upphaf“ verkefnið fóru því gegn 10. gr. samkeppnislaga.
7303. Samkeppniseftirlitið bendir á að þessi samskipti Samskipa og Eimskips í október – desember 2010 höfðu það að markmiði að viðhalda og auka samstarf fyrirtækjanna í samræmi við „Nýtt upphaf“ verkefnið. Fjallað var um endurnýjun á Norður-Ameríku samstarfinu og að auka gámsamstarf fyrirtækjanna sem m.a. gæti falist í því að Samskip færu að nota gáma frá Eimskip í TA flutningum fyrirtækisins. Þegar af þessari ástæðu fólst í þessum samskiptum ólögmætt samráð fyrirtækjanna.
7304. Fyrir kom að í t.d. fundarboðum Eimskips og Samskipa væri aðeins vísað til Norður-Ameríku samstarfsins. Hins vegar gefur heildarmat á gögnum málsins til kynna að fjallað var um fleiri samráðsmálefni á fundunum. Áréttað skal í þessu samhengi að „neyðarsamkomulagið“ tekur m.a. til „venjulegra“ sjóflutninga milli Íslands og annarra Evrópulanda. Það hefur því ekkert með beina flutninga milli Íslands og Norður-Ameríku að gera. Á hinn bóginn fellur „neyðarsamkomulagið“ líkt og Norður-Ameríku samstarfið undir „Nýtt upphaf“ verkefnið.
7305. Sem fyrr segir hafa Eimskip og Samskip ekki orðið við beiðnum Samkeppniseftirlitsins um afrit af fundargerðum eða öðrum gögnum tengdum framangreindum fundum stjórnenda fyrirtækjanna. Sú staðreynd að hið leyndlega „neyðarsamkomulag“ var undirbúið, rætt og undirritað á vettvangi funda stjórnenda Eimskips og Samskipa, sem sumir hverjir voru sagðir fjalla um samstarfssamning fyrirtækjanna um flutninga til og frá Norður-Ameríku, ekki aðeins á árinu 2010 heldur einnig á síðari hluta ársins 2008, felur að mati Samkeppniseftirlitsins í sér staðfestingu á því að umræðuefni fundanna hafi verið víðfeðmt og ekki einskorðast við Norður-Ameríku samstarfið. Þá ber og horfa til þess að gögnin sýna að í samskiptum fyrirtækjanna á árinu 2010 var rætt um flutninga fyrir einn mikilvægasta viðskiptavin Samskipa í Norður-Ameríku innflutningi, þ.e. pappírsmiðlarann frkvstj-FlyP. Eins og fyrr sagði var einnig fjallað um aukið gámasamstarf.
7306. Áréttá ber að samvinna í Evrópu- og Norður-Ameríku flutningum og samvinna tengd gámum féll beint undir „Nýtt upphaf“ verkefnið og er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að framangreind samskipti hafi verið liður í framkvæmd á því. Hið sama á við um önnur samskipti Eimskips og Samskipa á árunum 2011 – 2013 og lýst verður í köflunum hér á eftir.
7307. Framangreind samskipti í október – desember 2010 voru tíð og voru sumir fundir „langir“. Þá sátu fundina lykilstjórnendur hjá fyrirtækjunum sem m.a. komu að samkeppnislegri stefnumörkun þeirra og tóku ákvarðanir um verðlagningu á viðkomandi þjónustu. Höfðu Eimskip og Samskip tækifæri á þessum fundum til að ræða hvers konar málefni sem tengdust flutningastarfsemi og hinu samfellda samráði fyrirtækjanna.
7308. Í samkeppnisrétti ber að virða gögn með heildstæðum hætti. Líkt og með fundina frá júní 2008 til janúar 2009 ber að virða saman annars vegar gögn um samskipti fyrirtækjanna og hins vegar þær aðgerðir sem ræddar voru og framkvæmdar innan fyrirtækjanna á þessu tímabili. Er því rétt að draga



hér saman viss atvik og áherslur Samskipa og Eimskips í aðdraganda þessara samskipta á árinu 2010 og meðan á þeim stóð:

- Skjöl sem (S)forstö-innfl1 , (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-sala/þj tóku saman í september og byrjun október 2010 endurspeglu þá markaðsskiptingu sem fyrirtækin náðu saman um á árinu 2008 og sýna að Samskip og Eimskip lögðu til grundvallar að „friðurinn“ myndi ríkja áfram á árinu 2011:
 - o (S)forstö-innfl1 sendi m.a. (S)frkvstj-millilandasv í september 2010 skjal sem bar heitið „Markaðsskýrsla Innflutningsdeildar 2011“. Í því var gert „ráð fyrir því að halda öllum núverandi viðskiptavinum Samskipa og engir nýjir viðskiptavinir voru áætlaðir inn.“ Jafnframt var lagt til grundvallar að „áframhaldandi ró“ héldist á innflutningsmarkaði og bæði Samskip og Eimskip „haldi að sér höndum og leggi áherslu á að hækka verð“.
 - o Glærukynning (E)frkvstj-sala/þj 14. september 2010 ber með sér að ekki ríkti samkeppni við Samskip um mikilvæga viðskiptavinum í innflutningi og sökum þessa var fyrir hendi „sterk staða“ gagnvart mikilvægum viðskiptavinum Eimskips og unnt að hækka verð.
 - o Þann 1. október 2010 sendi (E)forstö-innfl drög að áætlun innflutningsdeildar Eimskips fyrir árið 2011 til (E)frkvstj-sala/þj. Í henni var lagt til grundvallar að „friður“ héldist á markaðnum og að ekkert útlit væri fyrir harða samkeppni við Samskip.
- Eimskip hækkaði verð gagnvart Innnes í september 2010.
- Þann 7. október 2010 var hnykkt á samráði Samskipa og Eimskips um afsláttarkjör.
- Þann 5. október 2010 upplýsti frkvstj-FlyP Samskip um að kaupendur á dagblaðapappír hér á landi legðu mikla áherslu á að verð á flutningi frá Kanada til Íslands yrði lækkað. Sama dag bað frkvstj-FlyP (E)forstö-innfl um tilboð í þessa pappírflutninga. (E)forstö-innfl fundaði með Samskipum á tímabilinu 4.-7. október 2010. (S)forstö-innfl1 , (S)frkvstj-millilandasv, (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-sala/þj hittust á fundi 11. október 2010.
- Daginn eftir fundinn 11. október 2010, þar sem samráð í Norður-Ameríku flutningum var m.a. rætt, ákváðu Samskip að hækka umsvifalaust verð gagnvart frkvstj-FlyP og fella á sama tíma niður allar mútugreiðslur til hans. Sama dag sendi (S)forstö-innfl1 tilboð til viðskiptavinar Eimskips (Europris) sem var með þeim kjörum að það tryggði að viðskiptin héldust hjá Eimskip.
- Þann 14. október 2010 ákvað m.a. (E)forstö-innfl að á fyrirhuguðum fundi Eimskips með CMA ætti að tilkynna þeim viðskiptavinum um 4,6% verðhækkun.
- Þann 18. október 2010 sendi (S)forstö-innfl1 rekstraráætlun fyrir árið 2011 til (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv. Kom þar m.a. fram að innflutningsdeild Samskipa leggi á það áherslu á „árinu 2011 að halda öllum núverandi viðskiptavinum og reyna að hækka einingaverð í þeim samningum sem opnast á árinu.“
- (S)forstö-innfl1 , (S)frkvstj-millilandasv, (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-sala/þj ætluðu að hittast 20. október 2010 en þeim fundi var frestað rétt áður en hann átti að hefjast þann dag. Þann 19. október 2010 vildi (S)forstö-innfl1 fá samdægurs upplýsingar um hvort frkvstj-FlyP hefði fengið tilboð frá Eimskip. Skýring á þeirri beiðni var fyrirhugaður fundur með Eimskip daginn eftir.
- Á stjórnarfundum Samskipa 25. október 2010 kom fram að „rólegt“ sé á markaðnum og gefið til kynna að mikla líkur væru á áframhaldandi samstarfi við Eimskip í Norður-Ameríku siglingum.
- Í tölvupósti (S)forstö-innfl1 þann 28. október 2010 var mælt fyrir um verðhækkun gagnvart ýmsum viðskiptavinum Samskipa í innflutningi frá Norður-Ameríku. Var um að ræða mjög mikilvæga viðskiptavinum fyrirtækisins eins og t.d. Húsasmiðjuna og ÍSAM.



- (S)forstö-innfl1 , (S)frkvstj-millilandasv, (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-sala/pj hittust aftur á fundi 2. nóvember 2010.
- Þann 3. nóvember 2010:
 - o Greindi undirmaður (S)forstö-innfl1 ((S)viðskstj2) honum frá hækkun á verði gagnvart viðskiptavinum Samskipa í Norður-Ameríku flutningum.
 - o (S)forstö-innfl1 greindi (S)viðskstj2 frá því að Eimskip væru ekki lengur að innheimta staðsetningargjald „því það er búið að sameina það inn í sjófraktina“.
- Þann 4. nóvember 2010 var (E)forstö-innfl greint frá því að CMA hefði fallist á 4,6% verðhækkun.
- (E)frkvstj-sala/pj var 5. nóvember 2010 upplýstur um þessa hækkun gagnvart CMA. (E)frkvstj-sala/pj svaraði sama dag: „Allir elta okkur með 4,6%“.
- (S)forstö-innfl1 , (S)frkvstj-millilandasv, (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-sala/pj hittust aftur á fundi 8. nóvember 2010. Síðar sama dag vistaði (E)frkvstj-sala/pj skjal sem annars vegar gaf til kynna undirbúning fyrir frekari hækkun Eimskips á verði og hins vegar fól í sér að fyrirhugað „söluátak“ (E)forstö-innfl ætti ekki að beinast gegn mikilvægum viðskiptavinum Samskipa í innflutningi.
- Þann 9. nóvember 2010 var (S)forstö-innfl1 aftur greint frá því að verð hefði verið hækkað gagnvart viðskiptavini í Norður-Ameríku flutningum.
- Þann 10. nóvember 2010 gætti (S)forstö-innfl1 að því að undirmaður hans myndi ekki fara gegn markaðsskiptingunni með því að bjóða viðskiptavini Eimskips „grænlenst“ verð.
- Þann 9. og 10. nóvember 2010 áttu (E)frkvstj-sala/pj, (E)forstö-innfl, (S)forstö-innfl1 og (S)frkvstj-millilandasv í tölvupóstsamskiptum. Vísaði (E)frkvstj-sala/pj í „fundinn langa“ 8. nóvember 2010 og lagði m.a. til 4,6% hækkun á flutningsgjaldi í nýjum Norður-Ameríku samningi. Jafnframt lagði (E)frkvstj-sala/pj til að tekin yrðu upp ný gjöld, þ.e. ISPS-gjald og THC-gjald en veita ætti Samskipum 75% afslátt af THC gjaldinu. (S)forstö-innfl1 svaraði og kvað Samskip tilbúin að fallast á þessa verðbreytingu. Svar (S)forstö-innfl1 gefur einnig til kynna að flutningar fyrir frkvstj-FlyP hafi verið til umfjöllunar í þessum samskiptum fyrirtækjanna.
- Tölvupóstsamskipti (E)frkvstj-sala/pj og (E)forstj 10. og 11. nóvember 2010 staðfesta að flutningar fyrir frkvstj-FlyP hafi verið til umfjöllunar í þessum samskiptum Samskipa og Eimskips. Einnig kemur fram að náðst hafi „gagnkvæmur skilningur“ um aukið gámasamstarf, þ.e. að Samskip noti gáma Eimskips í meira mæli í umræddum Norður-Ameríku flutningum.
- (E)frkvstj-sala/pj, (E)forstö-innfl, (S)forstö-innfl1 og (S)frkvstj-millilandasv hittust aftur á fundi 11. nóvember 2010. (E)frkvstj-sala/pj lýsti þessari niðurstöðu á fundinum í tölvupósti til (E)forstj: „Þá kláruðum við þetta með 4,6% + ISPS, 25% af THC. Magn óbreytt 30 teus, okkar gámar notaðir þegar þeir eru til.“ Í þessu fólst þannig m.a. 4,6% hækkun, áframhaldandi og aukið gámasamstarf og ný gjöld. Í eldri samningi Samskipa og Eimskips frá 2009 voru hvorki THC né ISPS-gjald.
- Dagana 17. – 19. nóvember 2010 undirbjó (E)frkvstj-sala/pj hækkun á þjónustugjöldum Eimskips erlendis sem taka áttu gildi í ársbyrjun 2011.
- Þann 19. nóvember 2010 sendi undirmaður (S)forstö-innfl1 , (S)viðskstj1, tölvupóst til yfirmanns Samskipa í Norður-Ameríku, (S)frkvstj-N-Am, þar sem fram kom að hækka þyrfti verð hjá mikilvægum Norður-Ameríku viðskiptavinum og var í því sambandi vísað til nýs samnings við Eimskip (sem var undirritaður 9. desember 2010). (S)forstö-innfl1 fékk afrit af þessum pósti.



- Á fundi stjórnar Samskipa hf. 21. nóvember 2010 kom þetta m.a. fram:
 - o Í glærukynningu (S)forstj sagði að EBITDA Samskipa væri umfram áætlun, íslenski flutningamarkaðurinn „stöðugur“ og að Samskip muni á árinu 2011 geta hækkað verð ítrekað og haldið öllum mikilvægum viðskiptavinum sem væru með lausa samninga.
 - o Í fundargerð var bókað að framundan væru endurnýjanir á samningum við mikilvæga viðskiptavini. Ekki komu fram áhyggjur af því að Eimskip muni með samkeppni reyna að ná í viðskipti til sín tilgreindum mikilvægum viðskiptavinum Samskipa. Þvert á móti kemur fram að áætlun Samskipa fyrir árið 2011 geri ráð fyrir „heldur betri framlegð sem og aukningu hagnaðar“
- Þann 21. nóvember 2010 kom fram hjá (E)frkvstj-sala/þj að auk þjónustugjalda erlendis myndi THC gjald erlendis einnig hækka um áramótin. Þá væri hann að skoða hækkun á öðru gjaldi („collection fee“).
- Þann 24. nóvember 2010 funduðu (E)forstj, (E)frkvstj-skiparekst og (S)frkvstj-N-Am í Bandaríkjunum. Var a.m.k. rætt um flutninga fyrir frkvstj-FlyP, gámasamstarf og Norður-Ameríku samstarfið.
- Þann 25. nóvember 2010 funduðu (E)frkvstj-sala/þj og (S)frkvstj-millilandasv og ræddu a.m.k. drög að nýju „neyðarsamkomulag“ og Norður-Ameríku samstarfið.
- Þann 29. nóvember 2010 kom fram hjá undirmanni (E)frkvstj-sala/þj, (E)forstö-útlfl, að huga ætti að verðhækkun gagnvart mikilvægum viðskiptavinum.
- Þann 30. nóvember 2010 fjallaði (S)frkvstj-N-Am um það verkefni að hækka verð gagnvart mikilvægum viðskiptavinum Samskipa í Norður-Ameríku flutningum. Taldi hann að þetta þyrfti að klára fyrir áramót.
- Í skjali (E)frkvstj-sala/þj frá 1. desember 2010 kemur fram að Eimskip hafi á fyrstu ellefu mánuðum ársins 2010 ekki misst frá sér mikilvæga viðskiptavini til Samskipa.
- Þann 6. desember 2010 sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til undirmanna og (S)frkvstj-N-Am og tók stöðuna á því hvernig gengi að hækka verð gagnvart mikilvægum viðskiptavinum í Norður-Ameríku flutningum. Í tölvupósti (S)forstö-innfl1 og svörum kom m.a. fram að búið væri að hækka verð gagnvart Garra, Rekkjunni og fara fram á hækkun gagnvart Saltkaupum. Jafnframt væri búið tryggja að Húsamiðjunni yrði ekki aftur boðið lágt verð.
- Þann 7. desember 2010 ræddu (E)frkvstj-sala/þj og (S)frkvstj-millilandasv saman.
- Sama dag áttu þeir og (S)forstö-innfl1 og (E)forstö-innfl í tölvupóstsamskiptum um nýtt „neyðarsamkomulag“ og nýjan Norður-Ameríku samning. Sama dag voru áætlanir Samskipa hf. sendar til Samskipa Holding. Í þeim gögnum kemur fram að á árinu 2010 hafi Samskip haldið sínum mikilvægu viðskiptavinum og verð hafi verið hækkað ítrekað. Á árinu 2011 var stefnan sögð þessi varðandi mikilvæga viðskiptavini: „There will be a continuing strong focus on rate increases“.
- (S)forstö-innfl1, (S)frkvstj-millilandasv, (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-sala/þj hittust aftur á fundi 9. desember 2010. Á þeim fundi var skrifað undir nýtt „neyðarsamkomulag“ og nýjan Norður-Ameríku samning.
- Þann 13. desember 2010 fjallaði (E)forstö-innfl um þetta: „Gjaldskrárhækkun rædd - erlendis sem heima.“



- Á verkefnalista (E)frkvstj-sala/bj frá 14. desember 2010 kom fram verkefnið „Hækkunir (ISL – ERL)“.
- (S)frkvstj-millilandasv sat stjórnarfund Samskipa Holding sem haldinn var 14. – 16. desember 2010 í Hollandi. Sendi hann 15. desember 2010 tölvupóst til m.a. (S)forstj þar sem aðeins sagði: „The cash cow has arrived“.
- Eimskip hækkaði verð 1. janúar 2011. Um var að ræða hækkun á bæði „þjónustu erlendis“ og „THC erlendis“.
- Þann 4. janúar 2011 kom fram hjá (E)frkvstj-sala/bj að „hækkun meðalsjóflutningsverða“ væri áhersluatriði á árinu 2011.
- Þann 6. janúar 2011 ákvað (S)forstö-innfl1 að nýtt gjald (gjald vegna ENS skeyta) yrði lagt á viðskiptavinum. Var það gert þó fyrir lægi að enginn kostnaður myndi lenda á Samskipum vegna þessara skeyta.
- Samskip hækkuðu verð gagnvart ÍSAM 11. janúar 2011.
- Þann 12. janúar 2011 sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (E)forstö-innfl og m.a. kvartaði yfir „undirboðum“ Eimskips. Ástæða þessa var að frkvstj-FlyP hafði tekið tilboði Eimskips. Lagði (S)forstö-innfl1 til að fyrirtækin myndu funda vegna m.a. þessa. Ekki er ljóst hvort af þessum fundi varð.
- Á fundi hjá Eimskip 14. janúar 2011 sagði (E)forstö-innfl annars vegar að hækka þyrfti verð í tilboðum Eimskips og hins vegar að hækka þyrfti verð hjá þeim sem væru með lægstu verðin. Á fundinum lagði (E)frkvstj-sala/bj aftur áherslu á hækkun meðalsjóflutningsverða árinu 2011. Einnig kom fram hjá (E)frkvstj-sala/bj að á árinu 2010 hefðu sett markmið gengið að „mestu upp“. Í þeim markmiðum fólst m.a. að halda sömu markaðshlutdeild en hækka verð.
- Samskip hækkuðu verð gagnvart Nathan & Olsen í endurnýjuðum samningi 28. janúar 2011 í skjóli þess að markaðsskiptingin var virt af hálfu Eimskips.
- Þann 28. janúar 2011 áttu (S)forstö-innfl1 og (S)viðskstj1 fund með Húsasmiðjunni sem var einn mikilvægasti viðskiptavinur Samskipa, þar sem tilboð Samskipa til Húsasmiðjunnar voru afhent. Húsasmiðjan, væri „sjokkeruð“ yfir þeirri verðhækkun sem fólst í tilboði Samskipa. Í söluskýrslu frá fundinum kom fram að Húsasmiðjunni hafi verið „verulega brugðið“ að sjá hækkun Samskipa. Náðu Samskip síðan fram verðhækkun gagnvart þessum viðskiptavinum í febrúar á sama ári.
- Þann 1. febrúar 2011 hækkaði Eimskip aftur verð. Voru akstursgjöld í Danmörku, Hollandi, Bretlandi og Svíþjóð hækkuð.
- Þann 15. mars 2011 tók gildi ný gjaldskrá fyrir Norður-Ameríku flutninga. Í henni fólst að staðsetningargjald var fært í sjófrakt og ISPS tekið upp í gjaldskrá. Var þetta gert óháð því hvort flutt var fyrir viðkomandi með TA flutningum eða með skipi Eimskips.

7309. Virt saman endurspeglar þessi gögn frá árunum 2010-2011 hið samfellda samráð sem Eimskip hefur viðurkennt að hafi verið fyrir hendi á þessum tíma. Höfðu Samskip og Eimskip samráð um m.a. að forðast að keppa um mikilvæga viðskiptavinum. Leiddi af samráðinu ástand sem nefnt var í samtímagögnum „friður“ eða „ró“. Jafnframt sýna gögnin að fyrirtækin lögðu til grundvallar að sama ástand myndi ríkja á árinu 2011. Þessi „ró“ eða „friður“ gerði fyrirtækjunum kleift að hækka verð, bæði gagnvart mikilvægum viðskiptavinum og almennt. Þessu til stuðnings vísast einnig til niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins í kafla 15.3.

7310. Þetta kemur m.a. skýrt fram í gögnum sem urðu til skömmu áður en (S)forstö-innfl1, (S)frkvstj-millilandasv, (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-sala/bj hittust ítrekað á fundum í október 2010.



„Markaðsskýrsla Innflutningsdeildar 2011“, sem (S)forstö-innfl1 tók saman í september 2010, er einkar skýr að þessu leyti. Er í henni miðað við að (1) „áframhaldandi ró“ verði á innflutningsmarkaði, (2) Samskip haldi öllum sínum mikilvægu viðskiptavinum, (3) Samskip muni ekki reyna að ná viðskiptavinum frá Eimskip („engir nýjir viðskiptavinir voru áætlaðir inn“) og (4) bæði Samskip og Eimskip „haldi að sér höndum og leggi áherslu á að hækka verð“. Efnislega kemur hið sama fram í gögnum (E)frkvstj-sala/þj frá 14. september 2010 og (E)forstö-innfl frá 1. október 2010. Þetta ástand var ekki bundið við innflutning heldur voru gögn frá landflutningadeild Samskipa jafn skýr. Í áætlun landflutninga Samskipa frá september 2010 kom fram að á árinu 2011 verði ekki „dansað“ við „sætu stelpurnar á ballinu“. Í þessu fólst að ekki hafi átt að reyna með samkeppni að ná mikilvægum viðskiptavinum frá Eimskip. Gögn (S)forstö-útl frá september og október 2010 sem varða áætlun útlutningsdeildar fyrir árið 2011 sýna sömu stöðu og hjá innflutnings- og landflutningadeild, þ.e. „friður“ og áhersla á að hækka verð. Er þetta í samræmi við sátt Eimskips við Samkeppniseftirlitið þar sem viðurkennt er að í broti fyrirtækisins á 10. gr. samkeppnislaga á árinu 2010 hafi m.a. falist samráð við Samskip um „skiptingu á mörkuðum eftir stærri viðskiptavinum í sjó- og landflutningum.“

7311. Þegar samskipti umræddra lykilstjórnenda Samskipa og Eimskips hófst í október 2010 var fyrir hendi samráð milli fyrirtækjanna, þ. á m. ólögmat markaðsskipting og skýr stefnumörkun um að sú markaðsskipting og sá „friður“ sem henni fylgdi myndi halda áfram á næsta ári og gera Samskipum og Eimskip áfram kleift að hækka verð gagnvart mikilvægum viðskiptavinum án þess að óttast samkeppnisleg viðbrögð helsta keppinutarins.
7312. Gögnin sem urðu til það sem eftir lifði af árinu 2010 eru í samræmi við þetta. Sýna gögnin frá stjórnarfundum Samskipa hf. 25. október og 21. nóvember 2010 að „rólegt“ væri yfir markaðnum eða hann talin „stöðugur“. Þetta er staðfest í glærum (E)frkvstj-sala/þj frá 1. desember 2010 þar sem sagt var að „ómögulegt“ væri að finna dæmi um það að Eimskip hefði misst viðskiptavini sem skiptu máli til Samskipa. Staðfesta önnur gögn frá þessum tíma að stjórnendur beggja fyrirtækjanna höfðu ekki áhyggjur af því að helsti keppinaturinn myndi með samkeppni reyna að ná til sín mikilvægum viðskiptavinum sem væru ósáttir við viðskiptakjör sín eða fyrirhugaðar verðhækkanir. Þess í stað var t.d. stefnan hjá innflutningsdeild Samskipa áfram þessi: „There will be a continuing strong focus on rate increases“, sbr. gögnin sem send voru Samskipum Holding 7. desember 2010.
7313. Eina undantekningin frá framangreindu eru atvikin í desember 2010 og janúar 2011 sem tengjast pappírflutningum fyrir frkvstj-FlyP. Óánægja Samskipa með „undirboð“ Eimskips til frkvstj-FlyP leiddi hins vegar ekki til þess að fyrirtækið sliti samstarfi og samskiptum sínum við Eimskip. Þvert á móti vildu Samskip að þetta málefni yrði rætt á fundi fyrirtækjanna. Eins og fram kemur í umfjöllun í köflunum hér á eftir hélt hið samfellda samráð áfram þrátt fyrir þessa óánægju Samskipa. Breytir þessi ágreiningur því engu um tilvist hins samfellda samráðs á þessum tíma.
7314. Haustið og veturinn 2010 var þannig fyrir hendi ólögmat markaðsskipting og umræddir stjórnendur Samskipa og Eimskips áttu í ítrekuðum samskiptum þar sem m.a. var fjallað um þann þátt hins samfellda samráðs sem laut að samstarfi í sjóflutningum. Á þessum fundum fyrirtækjanna var áframhaldandi og eftir atvikum aukið samstarf fyrirtækjanna til umfjöllunar. Var það sem fyrr segir liður í ólögmatrí framkvæmd á „Nýtt upphaf“ verkefninu. Voru þessi tíðu samskipti Samskipa og Eimskips á árinu 2010 óhjákvæmilega til þess fallin að draga úr æskilegri óvissu, skapa traust og stuðla að árangri í hinu samfellda samráði fyrirtækjanna. Voru samskiptin þannig m.a. til þess fallin að viðhalda markaðsskiptingunni og „friðnum“ sem af henni leiddi. Endurspeglast þetta í framangreindum gögnum Samskipa og Eimskips sem m.a. eiga það sameiginlegt að þau sýna ótvírætt að bæði fyrirtækin höfðu ekki áhyggjur því að helsti keppinaturinn (eða eini keppinaturinn í Norður-Ameríku flutningum) myndi gera atlögu að mikilvægustu viðskiptavinum þeirra.
7315. Jafnframt sýna gögnin að frá október 2010 hafi umræddir stjórnendur fyrirtækjanna áfram unnið að undirbúningi að hækkunum á gjaldskrá, hækkun gagnvart mikilvægum viðskiptavinum, hækkun á gjöldum og upptöku nýrra gjalda. Var þetta m.a. gert samhliða því að sömu stjórnendur áttu annars vegar í samskiptum og hins vegar unnu að framvindu verkefna sem féllu beint undir „Nýtt



upphaf" verkefnið, sbr. undirbúningur að nýju „neyðarsamkomulag“, auknu gámasamstarfi og Norður-Ameríku samningi. Þetta þýðir að á sama eða svipuðum tíma og Eimskip og Samskip hittust var unnið að því innan beggja fyrirtækjanna að hækka verð, bæði almennt og gagnvart mikilvægum viðskiptavinum. Skiptir hér máli að um var ræða fundi lykilstjórnenda sem báru ábyrgð á verðlagningu og öðrum samkeppnisþáttum hjá fyrirtækjum sem störfuðu á fákeppnismarkaði.

7316. Á þessum tíma náðu fyrirtækin fram verðhækkunum gagnvart mikilvægum viðskiptavinum en þeim hækkunum, sem höfðu verið í undirbúningi, var hrint í framkvæmd í janúar og febrúar 2011. Voru samskipti viðkomandi lykilstjórnenda, sem samhliða samskiptunum undirbjuggu þessar verðhækkanir innan sinna fyrirtækja, sem fyrir segir til þess fallinn að draga úr óvissu, skapa traust og auðvelda undirbúning verðhækkana og hins samfellda samráðs. Þar að auki voru þetta samskipti sem höfðu að markmiði að raska samkeppni og höfðu þessir stjórnendur í samtölum sínum bæði hvata og tækifæri til að skiptast á skoðunum um hverskonar málefni sem gátu haft áhrif á samkeppni milli Samskipa og Eimskip.
7317. Átak Samskipa í að hækka verð gagnvart mikilvægum viðskiptavinum í Norður-Ameríku á nánast sama tíma og fyrirtækið ræddi við Eimskip um hækkun á verði og aukna gjaldtöku í nýjum Norður-Ameríku samningi er að mati Samkeppniseftirlitsins skýrt dæmi um þetta. Er lýsandi að hvergi kom fram ótti hjá (S)forstö-innfl1 eða öðrum stjórnendum Samskipa við samkeppnisleg viðbrögð Eimskips af þessu tilefni.
7318. Í sátt Eimskips við Samkeppniseftirlitið er viðurkennt að í broti fyrirtækisins á 10. gr. samkeppnislaga á árinu 2010 hafi m.a. falist samráð við Samskip um „*álagningu gjalda og afsláttakjör í flutningaþjónustu og miðlun á mikilvægum verð- og viðskiptaupplýsingum.*“ Hér ber að hafa í huga að í Norður-Ameríku samstarfinu fólst m.a. að Samskip greiddu fyrir þá flutninga sem Eimskip önnuðust fyrir Samskip. Eðli málsins samkvæmt vildu Samskip greiða sem lægst verð fyrir þá flutninga og Eimskip hafði öndverða hagsmuni. Jafnvel þótt hið samfellda samráð hefði ekki verið fyrir hendi voru viðræður milli þessara fyrirtækja um viðskiptakjör mjög áhættusamar í samkeppnislegu tilliti. Ástæða þessa var sú að Samskip voru ekki aðeins kaupandi að flutningaþjónustu Eimskips heldur á sama tíma eini keppinauturinn í Norður-Ameríku flutningum. Gátu Samskip keppt við Eimskip bæði með TA flutningum og flutningum með keyptu plássi í skipi Eimskips. Hér skiptir og máli að samtímagögnin sýna að Samskip töldu sig ekki háða Eimskip að þessu leyti. Sýna samtímagögnin að Samskip töldu að það væri fyllilega raunhæfur valkostur að hætta þessu samstarfi og snúa sér alfarið að TA flutningum, sbr. m.a. umfjöllun í kafla 16. Sökum þessa alls og án tillits til annars samráðs fyrirtækjanna var mjög brýnt að í þessum samskiptum fyrirtækjanna væri ekki rætt um nein atriði sem tengjast samkeppni þeirra. Af samtímagögnum er ljóst að fyrirtækin gættu ekki að því.

14.34. Húsamiðjan óskar tilboða á árinu 2010

7319. Húsasmiðjan var mikilvægur viðskiptavinur Samskipa. Í júlí 2010 sagði Húsasmiðjan upp flutningasamningi sínum við Samskip. Að sögn (S)forstj var ástæða þessa sú að fyrirsvarsmaður Húsasmiðjunnar var „*óhress með miklar hækkanir*“ Samskipa. Í kjölfarið bauð Húsasmiðjan út flutninga sína. Samskip og Eimskip buðu í þessa flutninga. Sjóflutningsverðið sem Eimskip bauð var 79-127% hærra en verð Samskipa vegna sömu flutninga. Húsasmiðjan samdi á ný við Samskip í febrúar 2011 og náðu Samskip fram hækkun á verði gagnvart þessum viðskiptavinum.
7320. Hér skipta einnig miklu atvik sem varða Innnes og fjallað verður um í kafla 14.35 hér á eftir. Sýnir sú umfjöllun m.a. að í byrjun febrúar 2011 lá fyrir sú stefnumörkun hjá (S)forstö-innfl1 að ekki ætti að reyna að sækjast eftir viðskiptum við Innnes frá Eimskip ef Eimskip léti Húsasmiðjuna í friði. Þetta gekk eftir. Niðurstaða Samkeppniseftirlitsins er að Eimskip hafi ekki sótt á að ná viðskiptum Húsasmiðjunnar af Samskipum og Samskip endurnýjuðu samning sinn við Húsasmiðjuna. Á svipuðum tíma sóttust Samskip ekki eftir viðskiptum Innnes og náði Eimskip því að hækka verð



gagnvart Innnes. Gefa þessi gögn skýrt til kynna markaðsskiptinguna sem Eimskip hefur viðurkennt að hafi verið til staðar á þessum tíma.

7321. Í þessum kafla verður í aðalatriðum fjallað um atvik frá árunum 2010 og 2011 sem tengjast endurnýjun Samskipa á samningnum við Húsasmiðjuna. Verða atvik tengd Innnes sem fyrr segir rakin í kafla 14.35.
7322. Eins og rökstutt er í þessum kafla er það mat Samkeppniseftirlitsins að þessi atvik málsins endurspegli samfellt samráð Samskipa við Eimskip á þessum tíma.

14.34.1. Húsasmiðjan var umfangsmikill kaupandi á flutningsþjónustu

7323. Áður en „Nýtt upphaf“ verkefnið hófst efndi Húsasmiðjan til verðkönnunar og sendu Eimskip og Samskip tilboð til fyrirtækisins í apríl 2008. Samskip bauð betur og gerðu Húsasmiðjan og Samskip heildarflutningasamkomulag þann 6. maí 2008 um sjó-, for- og áframflutninga. Gildistími samningsins var til 30. júní 2011. Samningurinn var óuppsegjanlegur á fyrstu 18 mánuðum samningstímans, eða til 6. nóvember 2009, en eftir það var samningurinn uppsegjanlegur með sex mánaða fyrirvara.
7324. Áður nefndur samningur Húsasmiðjunnar og Samskipa fól í sér samstarf um heildarflutninga Húsasmiðjunnar, þ. á m. áframflutninga hér á landi. Fyrir aðra landflutninga hér á landi var á hinn bóginn í gildi sérstakur landflutningasamningur milli Húsasmiðjunnar og Samskipa, dags. 5. maí 2008.³⁵²⁵
7325. Einn þáttur í samráði Samskipa og Eimskips, sem hófst eftir mitt ár 2008, tók til þess að hækka verð gagnvart viðskiptavinum, sbr. m.a. kafla 10, 11.21, 15.3 og 33.1.5. Um var að ræða verulegar og ítrekaðar hækkanir. Tók þetta einnig til hækkanu Samskipa gagnvart Húsasmiðjunni, sbr. t.d. tölvupóst (S)forstö-innfl1 til undirmanna 1. september 2008 en þá hækkaði Samskip verð verulega, sbr. kafla 8.5.10. Fólu aðgerðirnar einnig í sér hækkanir gagnvart þeim viðskiptavinum sem voru með flutningasamninga í íslenskum krónum (sem Samskip nefna „krónusamningar“). Húsasmiðjan var einn af þessum viðskiptavinum. Unnu Samskip haustið 2008 m.a. að innleiðingu á gengisálagi gagnvart þessum viðskiptavinum með innheimtu á svokölluðu CAF-gjaldi („Currency Adjustment Factor“) m.a. gagnvart Húsasmiðjunni. Fór það svo að þann 31. desember 2008 náðu Samskip því fram að gerður var sérstakur viðauki við fyrrnefnt heildarflutningasamkomulag Samskipa og Húsasmiðjunnar þar sem verð var að hluta til gengistryggt m.a. í samræmi við breytingar á íslensku krónunni, þar sem miðað var við grunnvísitölu í apríl 2008.³⁵²⁶ Með þessu hækkaði verð Húsasmiðjunnar og áhætta af m.a. þróun á gengi íslensku krónunnar var færð að hluta af Samskipum yfir á viðskiptavininn. Gerði samráð við Eimskip Samskipum þetta kleift.
7326. Áréttá ber að gögn málsins sýna að Húsasmiðjan var mjög mikilvægur viðskiptavinur Samskipa og hafa Samskip staðfest það.³⁵²⁷ Samkvæmt afhentum listum Samskipa yfir stærstu viðskiptavinum Húsasmiðjan stærsti einstaki viðskiptavinur innflutnings hjá Samskipum árið 2010 (og í efstu fjórum sætum árin 2011 – 2013).³⁵²⁸ Samkvæmt lista (S)forstö-innfl1 frá 14. janúar 2010 var Húsasmiðjan í öðru sæti yfir stærstu viðskiptavinum innflutningsdeildar Samskipa miðað við innflutning til Íslands

³⁵²⁵ Sjá ákvæði alhliðaflutningasamkomulagsins frá 06.05.2008 en þar segir „Fyrir annan akstur út á land greiðir Húsasmiðjan í samræmi við sérstakan samning þeirra við Landflutninga-Samskip“. Tilvísaður landflutningasamningur var afhentur af Samskipum, sjá afhent gögn frá Samskipum. Afhent 28.05.2010, fskj. 7 A. „Flutningasamkomulag milli Landflutninga-Samskipa og Húsasmiðjunnar“, dags. 05.05.2008.

³⁵²⁶ Afhentur samningur frá Samskipum. Afhent 10.04.2015, liður 8.2 „Samningar“, „Húsasmiðjan 06.05.2008“, sbr. einnig meðfylgjandi viðauka við samninginn, dags. 31.12.2008.

³⁵²⁷ Sjá mgr. 1152 í athugasemdum Samskipa við AII.

³⁵²⁸ Afhent tölvuskjal frá Samskipum. Afhent 10.04.2015. „Stærstu 50“, „Liður 9.1 Innflutningur Heildarlisti“ (ekki tekið tillit til Jóna Transport).



árið 2009.³⁵²⁹ Þá var Húsasmiðjan jafnframt umfangsmikill kaupandi á landflutningaþjónustu hjá Samskipum.³⁵³⁰

7327. Í gildi var samningur milli Eimskips og Húsasmiðjunnar um vagnaflutninga (vagnadrátt) á leiðinni Reykjavík – Akureyri – Sauðárkrúkur – Reykjavík, síðast endurnýjaður árið 2006.³⁵³¹ Húsasmiðjan var jafnframt viðskiptavinur Eimskips í svonefndum bulk-flutningum (stórflutningar á sjó) árið 2010.³⁵³²

14.34.2. Verðhækkun Samskipa gagnvart Húsasmiðjunni á árunum 2009-2010

7328. Eins og hér hefur verið rakið voru Samskip með tvo flutningasamninga við Húsasmiðjuna frá maí 2008. Annars vegar heildarflutningasamkomulag um sjóflutninga frá 6. maí 2008 og hins vegar landflutningasamkomulag frá 5. maí 2008.

7329. Samningur Húsasmiðjunnar og Samskipa um landflutninga var óuppsegjanlegur til 30. apríl 2009. Eftir það var samningurinn uppsegjanlegur með sex mánaða fyrirvara.

7330. Fljótlega eftir að Húsasmiðjan hafði svigrúm til að leita eftir tilboðum í landflutningaviðskipti sín leitaði fyrirtækið til Eimskips. Sendi Húsasmiðjan þann 9. júlí 2009 tölvupóst til (E)sölustj-innan12 og óskaði eftir tilboði frá Eimskip í alla innanlandsflutninga fyrirtækisins. (E)sölustj-innan12 áframsendi þessa tilboðsbeiðni til (E)rekstj-aksturst, (E)forstö-landfl2, (E)sölustj-innan13 og (E)þjstj-Austur (afrit til (E)frkvstj-innan1).³⁵³³ Gögn málsins sýna að Eimskip sendi Húsasmiðjunni tilboð 24. júlí 2009. Tilboð Eimskips var í samræmi við yfirstandandi markaðsskiptingu og Samskip héldu áfram viðskiptum við Húsasmiðjuna á grundvelli landflutningasamkomulags.³⁵³⁴ Er þetta í samræmi við rekstraráætlun landflutninga Samskipa fyrir árið 2009 sem (S)forstö-landfl sendi (S)forstj, (S)frkvstj-innan1 og (S)frkvstj-millilandasv 11. nóvember 2008. Þar var lagt til grundvallar að á árinu 2009 myndi samkeppni frá Eimskip ekki leiða til þess að fyrirtækið myndi missa eða auka markaðshlutdeild sína, sbr. kafla 10.4.5. Einnig var við það miðað að samkeppni frá Eimskip myndi ekki koma í veg fyrir að Samskip gætu hækkað verð á landflutningum. Hið sama kom fram í áætlun innflutningsdeildar Samskipa fyrir árið 2009. Gekk það einnig eftir.

7331. Tveimur mánuðum eftir tilboðsumleitan Húsasmiðjunnar til Eimskips voru Samskip farin að huga að næstu verðhækkun gagnvart viðskiptavinum, m.a. Húsasmiðjunni. Af samtímagögnum verður ekki ráðið að Samskip hafi haft áhyggjur af því að fyrirhugaðar hækkningar gætu leitt til þess að viðskiptavinir fyrirtækisins beindu viðskiptum sínum til Eimskips. Í glærुकynningu (S)forstö-landfl (frá 13. september 2009) er fjallað um verðhækkningar gagnvart stórum viðskiptavinum í landflutningum, m.a. Húsasmiðjunni:

„Húsasmiðjan

³⁵²⁹ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „02263080.gif“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.695362.

³⁵³⁰ Afhent tafla um 50 stærstu kaupendur á flutningaþjónustu á landi árið 2009. Afhent af Samskipum 28.05.2010, 7.A, bls. 30-31. Á afhentri töflu má sjá að Húsasmiðjan var árið 2009 fjórði umfangsmesti kaupandinn á landflutningaþjónustu hjá Landflutningum. Sjá einnig afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Markaðsskýrsla 2011“, bls. 11. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.783856.

³⁵³¹ Afhent skjal frá Eimskip. Afhent 19.05.2010. „Þjónustusamningur Húsasmiðjunnar hf. og Eimskipafélags Íslands ehf. um flutning milli áætlunarstaða innanlands“. Afhent skjal frá Eimskip. Afhent 19.05.2010, fskj. 8. „Yfirlit yfir verðþróun í samningum 30 stærstu viðskiptavina Eimskips Íslands ehf.“, fskj. 9 „Listi yfir tekjur og magn 50 stærstu viðskiptavina Eimskips 2004-2009“. Sjá einnig Húsasmiðjuna á lista Flytjanda í afrituðu tölvuskjali frá Eimskip. Heimasvæði [...]. „Flytjandi business plan 2011.docx“, bls. 10, vistað 09.09.2011, kl. 16:43. Doc. ID. 0.7.33.167336, bls. 10. Eimskip vísar einnig í fyrirliggjandi gögnum til þess að Húsasmiðjan væri kaupandi að stórflutningum (bulk) á rannsóknartímabilinu.

³⁵³² Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip[...] Doc. ID. 0.7.33.435554. Þá segir í tölvupósti þann 7. desember 2010: „Húsasmiðjan er okkar stærsti kúnni í stórflutningunum inn til landsins og með mikið potential hjá imp“. Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.707755.

³⁵³³ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimsk [...] Doc. ID. 0.7.33.62772.

³⁵³⁴ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.395626. Í yfirlitsskjali sem [...] Doc. ID. 0.7.33.414574.



- Reiknað er með 4% sértækri verðbreytingu um áramót og hækkunum samkvæmt samningi, 5% í mars og 2% í sept".³⁵³⁵

7332. Líkt og áður hefur verið rakið sendi (S)forstö-landfl, þann 17. nóvember 2009, tölvupóst til (S)forstö-innfl1 og spurðist fyrir um möguleg viðskipti við mikilvægan viðskiptavin Eimskips, IKEA. Þar sagði: „Þekkir þú stöðuna á samningnum við IKEA. Hafið þið eitthvað reynt við þá?“ Í svari (S)forstö-innfl1 sagði: „Samningur þeirra við Eimskip er uppsegjanlegur um áramót með 6 mánaða fyrirvara. Ikea menn ætla að segja honum upp.

Við reyndum við Ikea síðast og ég geri ekki ráð fyrir að reyna við þá næsta sumar.

Markmið hjá innflutningi [hjá Samskipum] er að hækka verð á núverandi kúnna, s.s. Rúmfó, Húsa og ÍSAM.“

7333. Húsasmiðjan var þannig einn þeirra þriggja stóru viðskiptavina sem (S)forstö-innfl1 tilgreindi sem dæmi í framangreindum tölvupósti þegar hann ræddi um þá stefnu Samskipa að „hækka verð á núverandi kúnna“ og setti það í samhengi við að sækjast því ekki eftir viðskiptum við IKEA (sem var með samning við Eimskip).

7334. Áætlun eða markmið Samskipa sem fram kom í tölvupósti (S)forstö-innfl1 frá 17. nóvember 2009 gekk eftir árið 2010. Samningur IKEA varð laus hjá Eimskip sumarið 2010. Engar vísbendingar er að finna í afrituðum, haldlögðum eða umbeðnum afhentum gögnum málsins um að Samskip hafi sóst eftir því að ná þessum mikilvægu viðskiptum yfir til sín.³⁵³⁶ Á móti héldu Samskip sínum tilgreindu stóru viðskiptavinum og hækkuðu verð gagnvart þeim, þ.e. ÍSAM, Rúmfatalagernum og Húsasmiðjunni. Er þetta til vitnis um ólögmeitt samráð Samskipa við Eimskip á þessum tíma, sbr. umfjöllun í köflunum hér að framan.

7335. Í samræmi við framangreinda stefnumörkun um að hækka verð gagnvart mikilvægum viðskiptavinum greip (S)forstj til aðgerða 6. apríl 2010. Lagði (S)forstj fyrir (S)forstö-innfl1 þann dag að undirbúa verðhækkun gagnvart ÍSAM, sbr. kafli 14.26.2.³⁵³⁷ Skömmu seinna sama morgun sendi (S)forstj tölvupóst til Húsasmiðjunnar. Vísaði hann til þess að ekki hefði náðst að koma á fundi og lagði til fundartíma í vikunni eða næstu viku á eftir.³⁵³⁸ Ekki virðist hafa orðið af þeim fundi en þann 19. maí 2010 sendi (S)forstj aftur tölvupóst til Húsasmiðjunnar til að bjóða í veiði, en þar sagði einnig: „Við höfum ekki náð að hittast hér hjá okkur og fara yfir flutningamálin almennt, en heyri ekki betur en allt sé að rúlla vel. Ég er sjálfur að fara í fríið nú á föstudag - ert þú á svæðinu svona um miðjan júní? [...]“³⁵³⁹

7336. Gögn málsins sýna að Samskip og Húsasmiðjan hittust á fundi 30. júní 2010. Ljóst er að Húsasmiðjan vildi fá skýringar á háu flutningaverði Samskipa. Sést þetta m.a. af tölvupósti sem (S)forstö-innfl1 sendi daginn eftir til Húsasmiðjunnar: „Hér er skjalíð sem við fórum yfir í gær.

Ég hef bætt við 20 og 40 feta greiningunni sjá sheet sem heitir "20 og 40 feta"

³⁵³⁵ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „kynning 1409.pptx“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.641855. Hér skal þess getið að skv. ákvæði 1.6 í landflutningasamningi Landflutninga-Samskipa og Húsasmiðjunnar, dags. 06.05.2008, voru flutningsgjöld bifreiða endurskoðuð á 6 mánaða fresti. Aðrir þjónustuliðir skv. samningnum tóku breytingum í samræmi við almenna verðskrárbreytingar Landflutninga-Samskipa á samningstímanum. Samanber umfjöllun í kafla 14.17.6. Þá hækkaði Landflutningar gjaldskrá sína um 4% í janúar 2010. Tilvísuð ráðagerð [...] um 4% verðhækkun gekk því eftir (þ.e. verðhækkun á öðrum þjónustuliðum en flutningsgjöldum bifreiða).

³⁵³⁶ Sjá kafla 14.29.

³⁵³⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.731928.

³⁵³⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.731946.

³⁵³⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.748472.



Ég skoðaði einnig forflutninginn í mars 2010 sérstaklega, sjá sheet sem heitir „mars 2010“. Þar sést að það er mjög mikið af Asíu gámum í þessum mánuði og því rýkur forflutningurinn svona mikið upp í þessum mánuði.“³⁵⁴⁰

7337. Þann 8. júlí 2010 óskaði Húsasmiðjan eftir því að viðskiptastjóri hjá Samskipum ((S)viðskstj) gerði tilboð í innflutning á gámum frá Danmörku. Eftir að Húsasmiðjan fékk tilboðið í hendur sendi fyrirtækið tölvupóst til (S)viðskstj og óskaði sundurliðunar á tilboðinu. (S)viðskstj sendi sökum þessa tiltekna upplýsingar til Húsasmiðjunnar.³⁵⁴¹

7338. Þann 12. júlí 2010 sendi Húsasmiðjan að nýju tölvupóst til (S)forstö-innfl1 . Í honum var vísað til þess að (S)forstö-innfl1 væri í sumarfrí og óskað var eftir að (S)starfsm myndi bæta upplýsingum inn í skjalið sem (S)forstö-innfl1 hafði sent Húsasmiðjunni 1. júlí 2010.³⁵⁴² (S)forstö-innfl1 svaraði játandi og bauð Húsasmiðjunni að hafa samband ef fyrirtækið hefði einhverjar spurningar varðandi skjalið. Húsasmiðjan nýtti sér þetta og sendi eftirfarandi tölvupóst að morgni 13. júlí 2010 til (S)forstö-innfl1 (afrit til (S)starfsm og (S)viðskstj1):

„Verð að biðja [(S)starfsm] að greina nánar hvernig stendur á þessum miklu hækkunum í FCL milli ára

sendi skjalið með þeim tölum sem þú sendi mér á sínum tíma, það eru allar breytur að hækka gríðarlega [...]

Samtals milli ára pr TEU uppá 46%!!!!

hækkunir hafa ekki verið svona miklar?“.³⁵⁴³

7339. Ljóst er að við nánari skoðun taldi Húsasmiðjan skýringar (S)viðskstj á tilboðinu um flutninga frá Danmörku heldur ekki vera fullnægjandi. Sendi fyrirtækið þann 13. júlí 2010 eftirfarandi tölvupóst til (S)viðskstj:

„Vinsamlegast sendu okkur okkar samnings verð Húsa fyrir EXW VIBORG sem [...] var búinn að biðja um. Hafðu einingarverð í þeim myntum sem er notað (og umreiknað í ÍSK miðað við gengið í dag við hlið samningsverða)

Annað verðið miðast þá við 1 stk 20ft og hitt verðið miðað við 1 stk 40HC

Engar verðbreytingar á flutningnum má framkvæma nema okkur sé það tilkynnt formlega.“³⁵⁴⁴

7340. (S)viðskstj sendi upplýsingar til Húsasmiðjunnar daginn eftir. Þær vöktu frekari spurningar hjá Húsasmiðjunni og sendi fyrirtækið aftur tölvupóst til (S)viðskstj (afrit til (S)viðskstj1 og (S)starfsm) þar sem óskað var eftir nánari upplýsingum um „þessa miklu hækkun“ á forflutningi, olúgjöldum (BAF og FAF) og öðrum gjöldum (ISPS, THC, „B/L Fee“ og „Custom Document“).³⁵⁴⁵

7341. (S)starfsm svaraði Húsasmiðjunni daginn eftir vegna umræddra flutninga frá Danmörku: „Hækkun á þjónustugjöldum var 4% síðast janúar 2010. Precarriage hækkaði fyrir ekki svo löngu er ekki alveg með það á tæru hvenær það var en [(S)viðskstj1] ætti að þekkja það. Hér er svo breakdown á þróun BAF og FAF frá jan 2010. THC í Svíþjóð og Danmörku var hækkað töluvert á síðasta ári ein hækkun uppá 25-30%.“³⁵⁴⁶

³⁵⁴⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.820040.

³⁵⁴¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.820348.

³⁵⁴² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.820040.

³⁵⁴³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.820040.

³⁵⁴⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.820348.

³⁵⁴⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.820348.

³⁵⁴⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.820348.



7342. Enn á ný taldi Húsasmiðjan þessar skýringar Samskipa ekki fullnægjandi og sendi fyrirtækið eftirfarandi tölvupóst til (S)starfsm (afrit til (S)viðskstj1): „getur þú sent mér útreikninginn eftir mánuðum á BAF gjaldinu, þetta eru hrikalega hækkanir.

hvernig er útreikningur fyrir LCL flutninga á BAF gjaldið?

Einnig hvernig þessi prósentá er fundin fyrir FAF gjaldið?

við hvaða gjald er síðan þessi prósentá margfölduð við?

*vinsamlegast sendu mér þær tölur sem eru notaðar til margföldunar, svo ég átti mig á þessu.*³⁵⁴⁷

7343. Gögn málsins sýna að (S)starfsm treysti sér ekki til þess að svara þessum spurningum. Framsendi hann öll framangreind samskipti við Húsasmiðjuna til (S)forstö-flutnstj (afrit til (S)forstö-innfl1) og tók þetta fram:

*„Veit ekki hvernig ég á að svara þessu almennilega.”*³⁵⁴⁸

7344. Vegna þessa sendi (S)forstö-flutnstj tölvupóst til (S)forstö-innfl1 . Hann var ekki sendur til (S)starfsm og í honum sagði aðeins:

*„Það þarf væntanlega að vanda sig hér”*³⁵⁴⁹

7345. Frekari spurningar bárust frá Húsasmiðjunni til Samskipa þann 22. júlí 2010 þar sem enn á ný var kallað eftir útskýringum á þessari „miklu hækkun“ Samskipa vegna „frigor Danmörku”.³⁵⁵⁰

7346. (S)viðskstj1 svaraði Húsasmiðjunni samdægurs (afrit til (S)forstö-innfl1): „takk fyrir fundinn áðan - fór yfir allar sendingar sem ég fann frá Vibcold (Viborg) sbr neðangreint - þar er engin breyting á forflutningi en FAF (í DK) breytist í takti við olíuverðshækkanir

| | P/C | FAF | Waiting hours | Total |
|-----------|----------|--------|---------------|----------|
| AAR122150 | 2.245,00 | 273,89 | 483 | 3.001,89 |
| AAR121832 | 2.245,00 | 255,93 | | 2.500,93 |
| AAR120981 | 2.245,00 | 237,97 | | 2.482,97 |
| AAR120516 | 2.245,00 | 251,44 | | 2.496,44 |

FAF Destination (olíugjald á Íslandi) hækkar / lækkar mánarlega (Landflutningar)

Hækkan á THC í DK hækkaði töluvert vegna hækkana frá terminal til okkar - það var því óumflýjanlegt að gera breytingar til samræmis við það gagnvart okkar viðskiptavinum.

*B/L, Custom doc og ISPS hækkaði í byrjun árs 2010 um 4% sbr tilkynningu sem send var til þín / ykkar.*³⁵⁵¹

7347. Af framangreindum samskiptum er ljóst að verð Húsasmiðjunnar hjá Samskipum hafði farið hækkanandi á árunum 2009 og 2010 líkt og lagt hafði verið upp með í áðurnefndum gögnum (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-landfl frá 13. september og 17. nóvember 2009.

³⁵⁴⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.820348.

³⁵⁴⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.820348.

³⁵⁴⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.820348.

³⁵⁵⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.820822.

³⁵⁵¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.820822.



14.34.3. Blekkingar gagnvart Húsasmiðjunni

7348. Hluti af því sem vakti undrun og óánægju Húsasmiðjunnar á árinu 2010 voru miklar hækkanir á THC gjöldum vegna innflutnings frá Danmörku, sbr. það sem að framan er rakið. Það vekur athygli að í framangreindum tölvupósti (S)viðskstj1 frá 22. júlí 2010 hafi Húsasmiðjan verið beitt blekkingum og gefið til kynna að þetta væri hækkun sem Samskip hefðu enga stjórn haft á en þar sagði m.a. að THC í Danmörku hafi hækkað „vegna hækkana frá terminal til okkar - það var því óumflýjanlegt að gera breytingar til samræmis við það gagnvart okkar viðskiptavinum“.
7349. Þetta er í ósamræmi við önnur samtímagögn Samskipa. Í kafla 14.17.3 er gerð grein fyrir tölvupósti (S)forstö-innfl1 frá 6. október 2009 til m.a. yfirmanns skrifstofu Samskipa í Danmörku þar sem viðkomandi var tilkynnt að Samskip á Íslandi hefðu ákveðið að hækka THC í m.a. höfninni í Árósum. Þann 8. október 2009 tilkynnti (S)forstö-innfl1 viðskiptastjórum sínum (þ.m.t. (S)viðskstj1) um þessa „hressilegu hækkun 22%“ í Árósum. Sagði (S)forstö-innfl1 jafnframt að þessi hækkun yrði ekki „kynnt sérstaklega fyrir viðskiptavinum“ heldur myndu Samskip taka „slaginn við okkar kúnna one by one.“ Í kafla 14.17.6 er gerð grein fyrir annarri hækkun Samskipa á Íslandi á THC í Danmörku (2,8%) sem tók gildi 11. janúar 2010. Kemur þar fram að yfirmaður Samskipa í Danmörku hafi verið afar ósáttur við þessa hækkun og skoraði hann á (S)forstö-innfl1 að draga hana til baka. Það var hins vegar ekki gert.
7350. Framangreind atvik endurspeglar hvernig samráð Samskipa og Eimskips gerði fyrirtækjunum kleift að halda uppi eða hækka verð gagnvart mikilvægum viðskiptavinum. Samræmi er í samtímagögnum um að engin óvissa var um að hækkanir Samskipa gegn Húsasmiðjunni gæti kallað á samkeppnisleg viðbrögð frá Eimskip. Þetta átti einnig við um framangreinda THC hækkun Samskipa.

14.34.4. Húsasmiðjan segir upp samningi við Samskip og leitar til Eimskips

7351. Af framangreindum gögnum frá Samskipum er ljóst að Húsasmiðjan var allt annað en ánægð með hækkanir Samskipa á árinu 2010 en í kjölfarið af framangreindum samskiptum, eða þann 26. júlí 2010, hafði forstjóri Húsasmiðjunnar samband við (E)forstj og óskaði eftir fundi með Eimskip til að ræða flutningamál. Var ákveðið að fundurinn yrði 11. ágúst 2010.³⁵⁵²
7352. Hér er nauðsynlegt að rifja upp að Eimskip vissi á þessum tíma að flutningasamningar við mikilvæga viðskiptavini fyrirtækisins voru lausir eða að verða lausir, t.d. við IKEA og Innnes. Einnig vissi Eimskip á þessum tíma að samningur Samskipa við N&O myndi losna bráðlega, sbr. kafli 14.25.2.
7353. Sama dag og Húsasmiðjan hafði samband við (E)forstj (26. júlí 2010) sendi (E)forstö-innfl tölvupóst til (E)forstj og (E)frkvstj-sala/þj og rifjaði upp atvik tengd þessum viðskiptavinum Samskipa. Í honum sagði: „Húsasmiðjan fór í verðkönnun vorið 2008 og sendum við þeim tilboð 8. apríl 2008. Við reyndumst hærri en keppinautar okkar samkv [Húsasmiðjunni]. Síðan þá hafa þeir ekki leitað til okkar og veit ég ekki betur en samningur sé í gildi fram á næsta ár við S [Samskip].³⁵⁵³ Flutningar hafa verið tilfallandi með okkur síðan fyrir utan stórflutninga þar sem samstarf hefur verið með ágætum með leiguskip aðallega frá Kotka og Talinn. [...] Enginn samningur í gangi en samstarfið með ágætum. Hafa í huga að drafta upp samningi við okkur í ágúst samkvæmt [fyrirsvarsmanni Húsasmiðjunnar] en vandamálið er óvissa um magn.“³⁵⁵⁴
7354. Þann 29. júlí 2010 sendi (S)forstj tvo tölvupósta til samstarfsmanna sinna hjá Samskipum með stuttu millibili, sbr. einnig kafli 14.28. Þar kemur fram að annars vegar taldi (S)forstj unnt að hækka almennt verð á sjóflutningum og hins vegar greindi hann frá því að Húsasmiðjan hefði sagt upp samningi við Samskip vegna „mikilla hækkana“. Ljóst er að þessi uppsögn hins mikilvæga

³⁵⁵² Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.662396. Bókaði [...] fundinn í dagbókina sína, sbr. afrituð dagbókafærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.237051.

³⁵⁵³ Þessi umfjöllun [...] tekur til innflutnings.

³⁵⁵⁴ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.531238. Með fylgdu upplýsingar um innflutning og stórflutninga (bulk) Húsasmiðjunnar á árunum 2008 – 2010.



viðskiptavinar sló (S)forstj ekki út af laginu og hann taldi þrátt fyrir hana unnt að „ýta hækkun á sjófrakt“ á viðskiptavini, sbr. eftirfarandi tölvupósta (S)forstj:

- Kl. 10:38 til (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-útfli: „Það er ekki alveg komin mynd á áhrif hækkana á samninga sbr samtal okkar í sl viku, en þó er ljóst að það á að vera hægt að ýta hækkun á sjófrakt út á stóran hluta flórunnar.

Það þarf að gefa sér tíma í að ræða og útfæra - hvenær eruð þið á skrifstofunni ? ég verð frá nú og fram yfir helgi en kominn aftur á þriðjudag.

Það er væntanlega mikilvægt að koma þessu út sem fyrst.³⁵⁵⁵

- Klukkan 10:41 til (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1 og (S)viðskstj1: „[Húsasmiðjan] kom hér og sagði upp flutningasamningi - óhress með miklar hækkunar milli ára, við ræðum síðar, en mér sýnist helstu skýringar vera:

Sjófrakt - vísitala, gengis/neyslu, hefur ýtt upp verðum

BAF - olía mun hærrí á þessu ári en fyrstu 6 mán sl árs

Forflutningar - Asíuverð mun hærrí en í fyrra

Það þarf hinsvegar að greina þetta betur og útskýra fyrir þeim - [(S)viðskstj1] gætir þú látið greina þetta niður enn frekar, ma kemur fram mikil hækkun á þjónustugjöldum erlendis sem ætti nú ekki að vera svo mikil.

Ræðum nánar.³⁵⁵⁶

7355. Eins og kemur fram í kafla 14.28 sendi (S)forstj þann 4. ágúst 2010 aftur tölvupóst til (S)forstö-innfl1, (S)forstö-útfli og (S)frkvstj-millilandasv og spurði þá hvort það ætti að hækka verð núna, bíða með það fram í næstu viku eða sleppa hækkunum.

- (S)forstö-útfli svaraði: „Ég vil senda út tilkynningu um 5% hækkun á sjófrakt sem og aðra þjónustu þætti í vikunni. Verður erfitt að verja sjófraktshækkunina en það er slagur sem við þurfum að taka.“
- (S)forstö-innfl1 svaraði með þessum hætti: „Eg legg til 4% hækkun á sjófrakt frá og með 15. Agust. Brefið yrði sent ut I thessari viku. Tel ekki að við getum hækkað neitt annað. Sameinum einnig staðsetningargjald og sjófrakt.“
- (S)forstj lýsti sig „sammála síðasta ræðumanni - mikilvægt með staðsetningargjald, en verður sjálfsagt umdeilt.“³⁵⁵⁷

7356. Dagana 9. og 10. ágúst 2010 tilkynntu Samskip um 4% hækkun á sjófrakt og jafnframt að „staðsetningargjald og sjóflutningsgjald yrði sameinað í eitt gjald á reikningum.“³⁵⁵⁸ Fjallað er einnig um þessa verðhækkun og verðhækkun Eimskipa fyrir í júlí 2010 í kafla 14.28.

7357. (E)forstj fundaði með forstjóra Húsasmiðjunnar 11. ágúst 2010. Síðar sama dag sendi (E)frkvstj-sala/þj tölvupóst til (E)forstö-innfl1 þar sem sagði: „Sæll, bara til uppl. þá gekk fundurinn hjá (E)forstj með Húsasmiðjunni vel í dag og snýst þetta um óánægju þeirra með þjónustu og verð h'ja [svo]

³⁵⁵⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.988468.

³⁵⁵⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.821227.

³⁵⁵⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum [...] Doc. ID. 0.7.33.769096 / 0.7.33.769295 / 0.7.33.769269 / 0.7.33.769350.

³⁵⁵⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.822641. Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.822321.



*samskip hafa áhuga á að skoða það að koma í viðskipti við okkur. Þurfum að undirbúa okkur með verðtillögur fyrir væntanlegan fund í sept.*³⁵⁵⁹

7358. Þann 12. ágúst 2010 sendi (E)forstj eftirfarandi tölvupóst til Húsasmiðjunnar: „Takk fyrir ánægjulegan fund. Varðandi dagsetningar á næsta fundi þá dettur mér í hug 7. eða 8. september. Ég myndi þá taka með mér [(E)frkvstj-sala/þj] framkvæmdastjóra Sölu- og þjónustusviðs. Fundurinn yrði á minni skrifstofu. Nefni klukkan 14:00 þann 7. september ef í lagi en annars getur þú ráðið tímanum báða þessa daga.”³⁵⁶⁰ Var sá fundartími staðfestur af Húsasmiðjunni.
7359. Þann 16. ágúst 2010 sagði í tölvupósti (E)sölustj-innanl2 til (E)forstö-landfl1 o.fl. að hann hefði hitt framkvæmdastjóra vörustýringarsviðs Húsasmiðjunnar og hann tilkynnt honum að Húsasmiðjan væri búin að segja upp öllum samningum við Samskip og yrðu þeir lausir 1. janúar 2011. Þá sagði (E)sölustj-innanl2 að Húsasmiðjan vildi hitta Eimskip í næsta mánuði til þess að ræða mögulega landflutninga.³⁵⁶¹ Sem fyrr sagði hafði Húsasmiðjan í júlí 2009 snúið sér til (E)sölustj-innanl2 og óskað eftir tilboðum frá Eimskip í landflutninga. Eimskip bauð hins vegar ekki upp á kjör sem leiddu til þess að Húsasmiðjan flytti landflutningaviðskipti sín frá Samskipum til Eimskips. Þetta var því í annað skiptið á rúmu ári sem Húsasmiðjan undirbjó og gerði tilraun til að bæta kjör sín með því að leita til Eimskips. Samtímagögn sýna að Eimskip hafi búið yfir vitneskju um óánægju þessa mikilvæga flutningskaupanda með viðskiptakjör hjá Samskipum. Þrátt fyrir það virti Eimskip hina ólögmatu markaðsskiptingu sem var við lýði á þessum tíma.
7360. Í fundargerð vegna fundar (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-innfl1 í viku 33 (18. ágúst 2010) kom fram að Húsasmiðjan væri með opinn samning. Einnig var það að finna á lista í fundargerðum Eimskips frá september og október 2010.³⁵⁶² Athygli vekur að ekki er tilgreint í gögnum þessara stjórnenda hjá Eimskip að gera ætti tilraun til þess að ná Húsasmiðjunni í viðskipti til fyrirtækisins. Ber að áréttta að á þessum tímapunkti hafði þessi mikilvægi viðskiptavinur Samskipa snúið sér að eigin frumkvæði til Eimskips og gefið til kynna áhuga á að skipta um flutningafyrirtæki.
7361. Þann 22. ágúst 2010 sendi (S)forstj tölvupóst til (S)forstö-innfl1 : „Húsasmiðjan vill eiga fund með okkur [...] Það sem við þurfum að gera er að kynna fyrir þeim á faglegan, highlevel máta hvað veldur hækkunum á:
- sjófrakt
- baf
- kostnaði í erlendum höf[n]um
- forflutningum
- allt sem við ræddum um daginn og geta rökstutt með góðum og gildum svörum, bið þig vinsamlega um að koma á góðri kynningu, sem og magngreiningu etc.*
- Jafnframt þyrftum við að geta svarað því hvernig vert væri að taka hluti lengra, sem og þeir, þe hvort þeir ætli að leita verða annað eða einungis til okkar, ef við komum með einhverjar leiðréttingar.”³⁵⁶³*
7362. (S)forstö-innfl1 svaraði sama dag og kvaðst taka saman framangreint.³⁵⁶⁴

³⁵⁵⁹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.531238.

³⁵⁶⁰ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.662396.

³⁵⁶¹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.18691. Fjórum dögum síðar má sjá Húsasmiðjuna á Hvolsvelli vilja hitta Flytjanda til að fá verðtilboð. Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.18899.

³⁵⁶² Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.74808. Sjá einnig fundargerð fyrir viku 35, 41 og 42. Doc. ID. 0.7.33.76972 / 0.7.33.87834 / 0.7.33.580912.

³⁵⁶³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.824253.

³⁵⁶⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.773346.



7363. (S)forstj og forstjóri Húsasmiðjunnar ákváðu að hittast á fundi þann 26. ágúst 2010.³⁵⁶⁵ Þann dag sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (S)forstj, (S)frkvstj-millilandasv og (S)viðskstj1. Meðfylgjandi honum var „Kynning fyrir Húsasmiðjuna“. Í tölvupóstinum kvaðst (S)forstö-innfl1 hafa unnið meira í kynningunni fyrir Húsasmiðjuna og nýja útgáfan af henni væri meðfylgjandi. Einnig sagði þetta í tölvupóstinum: „*Þurfum að skoða sérstaklega hækkunina á erlenda kostnaðinum og hvernig við förum í gegnum sértæku THC hækkunina í AAR og VAG.*“³⁵⁶⁶
7364. Taldi (S)forstö-innfl1 þannig að huga yrði vel að því hvernig m.a. hin „hressilega“ hækkun á THC yrði útskýrð fyrir Húsasmiðjunni, sbr. einnig hér að framan þar sem fjallað er um það þegar (S)viðskstj1 sagði Húsasmiðjunni ósatt um THC hækkunina.
7365. Í umræddri kynningu (S)forstö-innfl1 kemur fram að milli árána 2009 – 2010 (janúar – júní) hefðu heildarflutningsgjöld Húsasmiðjunnar hækkað úr 144 milljónum kr. í 190 milljónir kr. Nánast öll hækkunin hefði verið vegna flutninga á 40 feta gámum. Kemur fram að þjónustugjöld (THC) í höfninni í Árósum hefðu hækkað um 21% og í Varberg um 44%. BAF hefði hækkað um 110-115% en Húsasmiðjan hefði 50% afslátt af því gjaldi. Í kynningunni kemur einnig fram að frá janúar 2009 til júní 2010 hefði sjóflutningur Húsasmiðjunnar á 20' gámum hækkað úr 48.000 kr. í 64.062 kr. og á 40' gámum hefði verið hækkað úr 62.000 kr. í 82.747 kr.³⁵⁶⁷ Hefðu sjóflutningsverðin því hækkað um rúmlega 33% á þessu tímabili. Þá hefðu auknir Asíu flutningar Húsasmiðjunnar einnig haft áhrif samkvæmt Samskipum til hækkunar.³⁵⁶⁸
7366. Í afhentri söluskýrslu Samskipa vegna fundarins með Húsasmiðjunni þann 26. ágúst 2010 segir eftirfarandi: „*Húsasmiðjan hefur undanfarið verið að yfirfara flutningskostnað frá jan-jún 10 samanborið við sömu mán 09. Umtalsverður mismunur er á milli sömu mánaða sem Húsa vill skýringar á. (S)forstö-innfl1 fór yfir málið í „detail“ og skýra mesta munin á hækkun á BAF og flutningum frá Asíu. Húsa hefur sagt upp samningnum en lýsa yfir áhuga á að klára málið við Samskip. Farið verður sameiginlega í að skoða mögulega hagræðingu á forflutningum Húsa mun senda nöfn á stærstu birgjum og Samskip kemur til með að skoða hvort og/eða hvernig hægt er að lækka þennan kostnað.*“³⁵⁶⁹
7367. Í kafla 14.25.2 var gerð grein fyrir atvikum sem tengjast N&O, öðrum mikilvægum viðskiptavinum Samskipa. Þann 25. ágúst 2010 var það til skoðunar hjá (E)frkvstj-sala/þj hvort gera ætti því fyrirtæki tilboð. Daginn eftir var haldinn fundur framkvæmdastjóra hjá Eimskip. Á glærum vegna þessa fundar eru talin upp helstu verkefni hjá fyrirtækinu („*main projects*“). Meðal þeirra voru:
- „*Husasmidjan and Nathan Olsen*“
 - „*Contract with Samskip*“.
7368. Samkvæmt þessu var í lok ágúst 2010 skráð sem meginverkefni hjá stjórnendum Eimskips annars vegar samstarf við Samskip og hins vegar málefni tveggja mikilvægra viðskiptavina Samskipa.
7369. Sem fyrr sagði ákváðu Eimskip og Húsasmiðjan að hittast 7. september 2010 en þeim fundi var frestað af hálfu Húsasmiðjunnar.³⁵⁷⁰
7370. Athygli vekur að þrátt fyrir að um stóran samning hefði getað verið að ræða fyrir Eimskip var áhuginn ekki meiri en svo hjá (E)forstj og (E)frkvstj-sala/þj að þeir hreyfðu ekki við málinu fyrr en í lok nóvember 2010, sbr. hér síðar. Með öðrum orðum hafði Eimskip ekkert frumkvæði að því að reyna með samkeppni að ná þessum mikilvæga viðskiptavinum Samskipa í viðskipti til sín, þrátt fyrir vitneskju

³⁵⁶⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.773634.

³⁵⁶⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.774550.

³⁵⁶⁷ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „*Kynning fyrir Húsasmiðjuna 26-8-2010.ppt*“. Glæra 2 og 5. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.774550.

³⁵⁶⁸ Mgr. 1169-1170 í athugasemdum Samskipa við AII.

³⁵⁶⁹ Afhent skjal frá Samskipum. Afhent 22.11.2016, viðauki 10, Húsasmiðjan, skjal með heiti „*30.08.2010*“.

³⁵⁷⁰ Afritaður tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.668147.



um óánægju Húsasmiðjunnar með kjör sín hjá Samskipum. Þá fæst heldur ekki séð að nokkur undirbúningur fyrir fyrirhugaðan fund, þann 7. september 2010, hafi átt sér stað innan Eimskips. Í þessu samhengi er rétt að hafa í huga að Eimskip skrifaði um líkt leyti undir flutningasamkomulag við mikilvægan viðskiptavin hjá sér, IKEA, n.t.t. 10. september 2010, en eins og fram hefur komið gerðu Samskip ekki tilraun til þess að ná þeim viðskiptum af Eimskip. Sinnuleysi Eimskips gagnvart Húsasmiðjunni endurspeglar þá ólögmatu markaðsskiptingu sem Eimskip hefur viðurkennt að hafi verið fyrir hendi á þessum tíma, sbr. sátt Eimskips frá 16. júní 2021.

7371. Hér ber að hafa í huga að undirmenn, viðskiptastjórar hjá Eimskip, kvörtuðu undan því að þeir fengju ekki að vita af heimsóknum og vera með í ráðum þegar æðstu stjórnendur Eimskips voru í samskiptum við mikilvæga viðskiptavini eða mögulega viðskiptavini. Var Húsasmiðjan nefnd í þessu samhengi sem dæmi. Þetta má sjá bæði í tölvupóstsamskiptum og í fundargerð af fundi innflutningsdeildar frá 2. september 2010.³⁵⁷¹ Af þessu tilefni áframsendi (E)frkvstj-sala/þj til (E)forstj tölvupóstsamskipti með umfjöllun um þessa kvörtun undirmannanna.³⁵⁷² Ekki er að sjá að því hafi verið svarað. Framangreind gögn um kvörtun undirmanna eru í samræmi við önnur gögn málsins sem sýna að skipulagning og framkvæmd samráðsins hafi helst legið hjá æðstu stjórnendum flutningafyrirtækjanna, m.a. í þessu tilviki. Vísast í þessu samhengi einnig til aðgerða sem (S)forstö-innfl1 greip til á árinu 2010 til að tryggja að undirmenn myndu ekki ógna „friðnum“ með tilboðum til mikilvægra viðskiptavina Eimskips, sbr. kafla 14.20.4.
7372. Hér skiptir og máli að í september og byrjun október 2010 unnu bæði (S)forstö-innfl1 og (E)forstö-innfl1 að áætlunum deilda sinna fyrir árið 2011. Sýna gögnin að bæði fyrirtækin lögðu til grundvallar haustið 2010 að áframhaldandi ró og friður yrði á markaðnum og áfram væru því skilyrði til að hækka verð, sbr. kafla 14.32. Aðeins átti að sækja í viðskiptavini Eimskips ef Eimskip myndi hverfa frá ríkjandi markaðsskiptingu.³⁵⁷³ Hér ber að árétta að í markaðsskýrslu (S)forstö-innfl1 frá september 2010, fyrir árið 2011, er staðhæft að á árinu 2010 hafi verið „ró“ á innflutningsmarkaði.
7373. Í rekstraráætlun (S)forstö-innfl1 frá október 2010 (fyrir árið 2011) sagði þetta um Húsasmiðjuna:
- „Lagt verður áhersla á það á árinu 2011 að halda öllum núverandi viðskiptavinum og reyna að hækka einingaverð í þeim samningum sem opnast á árinu. Í byrjun árs eru fjórir stórir samningar lausir, þ.e. Nathan & Olsen, Húsasmiðjan, Fóðurblandan og Elkem. Gert er ráð fyrir að halda öllum þessum viðskiptavinum. Reynt verður að ná fram hækkunum á Nathan & Olsen, Fóðurblanduna og Húsasmiðjuna, en markmiðið er að framlengja Elkem samninginn óbreyttan.“³⁵⁷⁴*
7374. Rekstraráætlanir Eimskips fyrir 2011 voru einnig í samræmi við hina ólögmatu markaðsskiptingu. Þannig ráðgerði Eimskip t.d. í innflutningi að halda sömu markaðshlutdeild eða auka hana lítillega („slightly increase“) fyrir árið 2011.³⁵⁷⁵ Hjá landflutningum Eimskips var ráðgert að leggja áherslu á að sækja á minni eða meðalstóra viðskiptavini.³⁵⁷⁶ Í samræmi við þessar áherslur reyndi Eimskip ekki með samkeppni að ná heildarflutningaviðskiptum Húsasmiðjunnar frá Samskipum, líkt og rakið er í þessum kafla.
7375. Framangreind samtímagögn Samskipa og Eimskips vegna áætlana fyrir árið 2011 samhljóma. Þau lýsa ekki samkeppni heldur áframhaldandi „frið“ eða „ró“ á markaðnum. Þrátt fyrir fyrirliggjandi ríka óánægju Húsasmiðjunnar með verðhækkunir Samskipa töldu Samskip í raun enga hættu á því að Eimskip myndi með betra boði ná Húsasmiðjunni í viðskipti á árinu 2011. Þvert á móti lögðu Samskip

³⁵⁷¹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Fundagerð vika 34 2010 [...]“, „Önnur mál“, bls. 3. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.20020. Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. Milli [...] Doc. ID. 0.7.33.547648.

³⁵⁷² Afritaður tölvupóstur Eimskip [...] Doc. ID. 0.7.33.547648.

³⁵⁷³ Nánar tiltekið segir á bls. 11 í skýrslunni „ef ekki verður ró á innflutningsmarkaði gagnvart Eimskip og fyrirtæki færast frá Samskip yfir til Eimskip þá verður því svarað með því að ná í jafnmikil eða meiri viðskipti til baka.“

³⁵⁷⁴ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Innflutningur – Rekstraráætlun 2011.doc“, bls. 13. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.795514.

³⁵⁷⁵ Afhent tölvuskjal frá Eimskip. Afhent 23.03.2015 „Import Business plan 2011 27 sept 2010“. Heimasvæði [...] Síðast vistað 27.10.2010, kl. 14:11.

³⁵⁷⁶ Sbr. umfjöllun um rekstraráætlunina í kafla 14.32.2.



til grundvallar að fyrirtækið myndi halda Húsasmiðjunni í viðskiptum og töldu Samskip þar að auki raunhæft að reyna að ná fram verðhækkun gagnvart Húsasmiðjunni. Aðgerðir eða aðgerðaleysi Eimskips studdu við þessi markmið Samskipa. Húsasmiðjan hefði sýnt áhuga á viðskiptum við Eimskip en áætlanir fyrirtækisins sýna að það hefði ekki áhuga að reyna með samkeppni að ná til sín þessum afar mikilvæga viðskiptavinum Samskipa.

7376. Að mati Samkeppniseftirlitsins fela framangreind samtímagögn í sér skýra birtingarmynd á samráði Samskipa og Eimskips á þessum tíma.
7377. Þann 13. september 2010 sendi (S)forstj tölvupóst til (S)forstö-innfl1 og spurði hvort eitthvað nýtt væri að fréttu af Húsasmiðjunni. (S)forstö-innfl1 svaraði: „*Nei ekkert. Mun heyra í [Húsasmiðjunni] á eftir. Þarf að skila til hans uppfærðu samanburðarskjali*“.³⁵⁷⁷
7378. Eins og lýst er kafla 14.33 hittust (S)forstö-innfl1 , (S)frkvstj-millilandasv, (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-innfl ítrekað á fundum í október og nóvember 2010. Verður við mat á þessum atvikum sem tengjast Húsasmiðjunni að hafa hliðsjón af þeim samskiptum Samskipa við Eimskip og því samráði sem átti sér stað í tengslum við þau.
7379. Eins og fram kemur í kafla 14.33.7 sendi (S)forstj þann 19. nóvember 2010 tölvupóst til stjórnarmanna í Samskipum hf. Meðfylgjandi honum var fundargerð vegna stjórnarfundar sem haldinn var 25. október 2010.³⁵⁷⁸ Í fundargerðinni var lýst áframhaldandi „ró“ á markaðnum: „*Almennt hefur verið rólegt yfir markaði frá vormánuðum – en mikið er um endurnýjanir á komandi mánuðum, en helstu lausu samningar eru: Húsasmiðjan, Nathan, Samkaup, Garri, OJ Kaaber, Vífilfell, Elkem, Fóðurblandan og tengd félög. [...]*“.³⁵⁷⁹ Ekki kemur fram í fundargerðinni að búist sé við „óróleika“ eða aukinni samkeppni vegna þess að samningar við mikilvæga viðskiptavinum séu að losna. Í samræmi við það er í fundargerðinni ekki lýst áhyggjum af því að Eimskip muni með samkeppni reyna að ná til sín Húsasmiðjunni eða öðrum mikilvægum viðskiptavinum Samskipa. Minna má á að í athugasemdum Samskipa við AII er því ekki mótmælt að fyrirtækið hafi talið rólegt yfir markaðnum á þessum tíma.³⁵⁸⁰
7380. Þann 18. nóvember 2010 var bókaður fundur Eimskips og Húsasmiðjunnar þar sem fara átti yfir „*helstu mál varðandi verðkönnun fyrir innanlandsdreifingu Húsasmiðjunnar*“. Fundinn boðaði (E)sölustj-innanl2, en auk hans sátu (E)forstö-landfl1 og (E)sölustj-innanl1 fundinn.³⁵⁸¹ Athygli skal vakin á því að hvorki (E)frkvstj-innanl, (E)forstj né (E)frkvstj-sala/þj virðast hafa setið fundinn, komið að undirbúningi hans eða vinnu hjá landflutningadeild Eimskips gagnvart Húsasmiðjunni um þetta leyti, sbr. umfjöllun hér á eftir varðandi aðkomu þeirra síðar.
7381. Í kjölfar fundar Eimskips með Húsasmiðjunni hófu m.a. (E)sölustj-innanl2 og (E)sölustj-innanl1 að undirbúa tilboð til Húsasmiðjunnar. Kvaðst (E)sölustj-innanl2 hafa lofað Húsasmiðjunni „*bestu mögulegum verðum*“ og sölustjórinn (E)sölustj-innanl1 svaraði og tók þetta fram: „*Já við bjóðum okkar allra besta*“.³⁵⁸²
7382. Eins og áður segir funduðu (E)forstj og (E)frkvstj-sala/þj með Húsasmiðjunni þremur mánuðum fyrr, eða þann 11. ágúst 2010. Gögn málsins gefa til kynna að það hafi síðan ekki verið fyrr en 26. nóvember 2010 sem þessir æðstu stjórnendur Eimskips sýndu einhver viðbrögð vegna Húsasmiðjunnar. Þann dag sendi (E)frkvstj-sala/þj tölvupóst til (E)forstj þar sem sagði: „*Hefur þú e-hv heyrt í honum [forstjóra Húsasmiðjunnar] aftur? Ég heyrði að hann væri búin að segja upp*

³⁵⁷⁷ Afritaður tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.780497.

³⁵⁷⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.808577.

³⁵⁷⁹ Afritað tölvuskjal frá Samskipum [...] Doc. ID. 0.7.33.808577.

³⁵⁸⁰ Fjallað er um fundargerðina í mgr. 978 í athugasemdum Samskipa við AII.

³⁵⁸¹ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.38086.

³⁵⁸² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.39218. Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.39980. Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.40166. Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.40174. Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.40220, sbr. Doc. ID. 0.7.33.40219.



samningi við Samskip vegna óánægju með verð og þjónustu? (samt ekki staðfestar fréttir).“ (E)forstj svaraði: „Ég hef ekkert heyrt.“³⁵⁸³

7383. Hér ber að rifja upp að á fundinum 11. ágúst 2010 upplýsti Húsasmiðjan (E)forstj og (E)frkvstj-sala/þj um að fyrirtækið væri óánægt með verð og þjónustu hjá Samskipum í sjóflutningum og hefði áhuga á að kanna það að færa viðskipti sín til Eimskips, sbr. tölvupóst (E)frkvstj-sala/þj frá 11. ágúst 2010. Fundi Húsasmiðjunnar og Eimskips sem halda átti 7. september 2010 var frestað af hálfu Húsasmiðjunnar. Áðurnefnd tölvupóstsamskipti (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstj frá 26. nóvember 2010 sýna það að Eimskip hefði ekkert frumkvæði haft að því að snúa sér til Húsasmiðjunnar eftir að fundinum 7. september 2010 var frestað. Þetta sinnuleysi æðstu stjórnenda Eimskips endurspeglar hina ólögsmætu markaðsskiptingu og er í samræmi við önnur gögn málsins, sem sýna að æðstu stjórnendur Eimskips ætluðu að virða markaðsskiptinguna og ekki taka yfir viðskipti Húsasmiðjunnar frá Samskipum.
7384. Athygli vekur í þessu sambandi að þennan sama dag, 26. nóvember 2010, var haldinn fundur landflutningadeildar Eimskips (Flytjanda) og Húsasmiðjunnar. Þann fund sátu (E)sölustj-innanl2, (E)forstö-landfl1 og (E)sölustj-innanl1 fyrir hönd þessarar deildar Eimskips.³⁵⁸⁴ Í dagbókarfærslu stendur „Komum með tilboð og förum yfir helstu atriði“. Í kjölfar fundarins áttu sér stað samskipti og undirbúningur um landflutningstilboðið innanhúss hjá Eimskip og við Húsasmiðjuna.³⁵⁸⁵
7385. Með hliðsjón af fyrrnefndum ummælum (E)forstj og (E)frkvstj-sala/þj 26. nóvember 2010 má ætla að þeir hafi ekki verið upplýstir um að undirmenn þeirra ættu í samskiptum við Húsasmiðjuna á þessum tíma vegna landflutninga. Þá hafði framkvæmdastjóri landflutninga, (E)frkvstj-innanl, ekki verið boðaður á fundinn eða verið í samskiptum vegna undirbúnings á landflutningatilboði til Húsasmiðjunnar. Þann 8. desember 2010 bókaði (E)frkvstj-innanl aftur á móti í dagbók sína fyrir 9. desember eftirfarandi áminningu:
- „Hringja í (E)forstj vegna Húsasmiðjunnar ath (E)forstö-landfl1“.*³⁵⁸⁶
7386. Þegar þessi athugasemd (E)frkvstj-innanl er virt með öðrum framangreindum gögnum málsins gefur hún til kynna að (E)frkvstj-innanl hafi viljað ráðfæra sig við næstráðanda sinn ((E)forstö-landfl1) áður en hann ræddi við (E)forstj um landflutningatilboð til Húsasmiðjunnar. Er a.m.k. ljóst að (E)frkvstj-innanl vildi ráðfæra sig eða bera undir (E)forstj næstu skref vegna óska Húsasmiðjunnar um tilboð.
7387. Gögn málsins sýna að eftir þessa aðkomu (E)frkvstj-innanl að flutningamálefnum Húsasmiðjunnar hafi dregið stórlega úr áframhaldandi undirbúningi undirmanna hans að tilboði til þessa viðskiptavinar Samskipa. Fyrir utan tölvupóst GDO til Húsasmiðjunnar með upplýsingum um flutningavísitölu þann 10. desember 2010 hafa við rannsókn málsins ekki fundist frekari gögn um framgang landflutningstilboðs Eimskips vegna Húsasmiðjunnar. Þvert á móti bera gögn málsins með sér að vinna þessu tengd og samskipti við Húsasmiðjuna hafi farið frá landflutningadeildar til innflutningsdeildar (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-innfl sem hafi eftir þann tíma annast samskipti f.h. Eimskips við Húsasmiðjuna.
7388. Þegar framangreind gögn eru virt saman gefa þau til kynna að stjórnendur Eimskips hafi gripið til aðgerða til að tryggja að kappsamir undirmenn í landflutningadeild myndu ekki gefa Húsasmiðjunni tilboð sem gæti ógnað „friðnum“.

³⁵⁸³ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.702485.

³⁵⁸⁴ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.38248.

³⁵⁸⁵ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.40787. Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.40752. Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.41044. Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.42165.

³⁵⁸⁶ [...] var forstöðumaður innanlandsflutninga Flytjanda og undirmaður [...]. Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.200579.



7389. Ákveðin þáttaskil urðu um miðjan desember 2010. Þannig sendi (E)frkvstj-sala/þj þann 16. desember 2010 tölvupóst til (E)forstj, (E)frkvstj-innanl, (E)frkvstj-alþj, (E)forstö-innfl, (E)forstö-útfl o.fl. þar sem tilkynnt var að (E)viðskstj4 viðskiptastjóri í innflutningsdeild Eimskips hefði sagt upp störfum. (E)viðskstj4 hefði þegið starf hjá Húsasmiðjunni, þar sem hann myndi hafa yfirumsjón með flutningsmálum fyrirtækisins. Sýna gögn málsins að (E)viðskstj4 hafi hafið störf hjá Húsasmiðjunni í kringum um miðjan janúar 2011.³⁵⁸⁷
7390. (E)viðskstj4 hafði sem viðskiptastjóri hjá innflutningsdeild Eimskips séð um viðskiptavini sem féllu undir vöruflokkinn „Byggingarvörur“. (E)viðskstj4 þekkti því ekki aðeins flutningamarkaðinn vel heldur þekkti hann einnig vel til flutningsviðskipta BYKO og Húsasmiðjunnar. Eins og nánar verður gerð grein fyrir áttu samskipti (E)viðskstj4 við Samskip og Eimskip í kjölfar ráðningarinnar eftir að hafa áhrif á tilboðsumleitun, samningagerð og atburðarás kringum hana. Gögnin sýna að með ráðningu (E)viðskstj4 öðlaðist Húsasmiðjan meiri þekkingu á þessari flutningaþjónustu.
7391. Gögn málsins sýna að (S)forstj, (S)forstö-innfl1, (S)forstö-landfl, (S)frkvstj-millilandasv og (S)viðskstj1 hafi hitt forstjóra Húsasmiðjunnar þann 8. desember 2010. Við skipulagningu fundarins beindi (S)forstj þeirri spurningu til (S)viðskstj1 hvort ekki væri rétt að klára landflutningasamning Húsasmiðjunnar fyrir þann tíma. (S)viðskstj1 svaraði (S)forstj: „ég veit að [(S)frkvstj-innanl] og [(S)forstö-landfl] hafa reynt að ná sambandi við [Húsasmiðjuna] án árangurs í raun er boltinn hjá þeim skv. eftir því sem ég best veit.“³⁵⁸⁸

14.34.5. Húsasmiðjan „sjokkeruð“ yfir tilboðsverði Samskipa

7392. Líkt og komið hefur fram sagði Húsasmiðjan upp öllum samningum sínum við Samskip um miðjan ágúst 2010. Uppsagnarfrestur í þeim samningum rann út í lok janúar 2011. Í ársbyrjun 2011 hófu Samskip undirbúning að því að gera Húsasmiðjunni nýtt tilboð í sjóflutning. Voru settar fram hugmyndir um að hækka verð gagnvart þessum mikilvæga viðskiptavini. Á svipuðum tíma settu Samskip einnig fram tillögur um hækkun á verði gagnvart öðrum mikilvægum viðskiptavini í innflutningi, N&O, sbr. kafli 14.25.3.
7393. Þann 3. janúar 2011 sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (S)viðskstj1 og (S)frkvstj-millilandasv sem hljóðaði svo: „Hér er áhugaverður samanburður fyrir fundi okkar með Húsasmiðjunni. Eins og sést í þessu skjali er Byko á töluvert hærra verðum. Þið sjáið þrjú Byko verð í skjalinu. Byko (líklegast) er það sem réttast er að skoða.“³⁵⁸⁹ Tveimur dögum síðar sendi (S)forstö-innfl1 aftur tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv og (S)viðskstj1. Í honum var fjallað um verðhækkun gagnvart Húsasmiðjunni og rætt m.a. um að hækka „upp í Byko verðin“. Byko var í viðskiptum við bæði Samskip og Eimskip og ber þetta með sér að Húsasmiðjan hafi hjá Samskipum notið betri kjara en Byko en (S)forstö-innfl1 hafi viljað breyta því. Í tölvupósti (S)forstö-innfl1 voru sett fram þessi markmið í komandi samningaviðræðum við Húsasmiðjuna:

„Tók saman hvað það þýðir fyrir í krónum að hækka Húsasmiðjuna upp í Byko verðin. Sú hækkun myndi þýða 17 mkr hækkun fyrir Húsa. Heildarflutningsgjöld Húsasmiðjunnar eru 350 mkr á ári og því er þetta um 5% hækkun.

Ef við tökum forflutninga og vörugjöld út úr flutningsgjöldunum [svo] þá er talan 230 mkr og því er þetta 7,5% hækkun á þá tölu.

Ég tel að við getum því gengið inn í þessar samningaviðræður með það að markmiði að ná fram 12-15 mkr hækkun á samninginn.“³⁵⁹⁰

³⁵⁸⁷ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.432244.

³⁵⁸⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.815427.

³⁵⁸⁹ Meðfylgjandi var excel-skjal með heitinu „Samanburður við Byko“. Voru þar verð fyrir: Húsasmiðjuna, Byko Samskip, Byko Eimskip (líklegast) og Byko Eimskip (low). Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Samanburður við Byko.xlsx“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.844833.

³⁵⁹⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.845279.



7394. Samskip áttu fund með Húsasmiðjunni sama dag.³⁵⁹¹ Í afhentri söluskýrslu Samskipa sagði eftirfarandi um þennan fund: „*Hittum Húsa v. komandi samningaviðræður og hvernig þeir vilja nálgast málið. Húsa mun leita verða hjá EÍ [Eimskip] og Samskip og lögðum við áherslu á mikilvægi þess að þegar tölur verða bornar saman verði það gert á sambærilegan hátt. [...] á fundinum höfðum við þá tilfinningu að þeir vilja frekar vera áfram hér en færa sig yfir við kynntum þeim jafnframt að sjófrakt verðin muni hækka og lýstum vilja til að vinna með þeim í að finna hagkvæmari lausnir t.d. í forflutningi.*“³⁵⁹²
7395. Þann 17. janúar 2011 sendi Húsasmiðjan tölvupóst til (E)forstö-innfl og óskaði eftir fundi daginn eftir til að ræða hugsanlega sjóflutninga og staðfesti (E)forstö-innfl fund. Framsendi (E)forstö-innfl tölvupóstsamskiptin til (E)forstj og (E)frkvstj-sala/þj.³⁵⁹³ Áttu (E)forstö-innfl, (E)frkvstj-sala/þj og (E)viðskstj1 fund með Húsasmiðjunni þann 18. janúar 2011 til að ræða flutningamál.³⁵⁹⁴ Virðist Húsasmiðjan hafa þar lagt fram formlega beiðni til Eimskips um tilboð í flutninga, sbr. nánar hér á eftir.
7396. Samskip áttu einnig fund með Húsasmiðjunni 18. janúar 2011 þar sem Húsasmiðjan lagði fram formlega beiðni um tilboð í sjóflutninga.³⁵⁹⁵ Í söluskýrslu Samskipa frá fundinum sagði: „*Hittum [fyrirsvarsmann Húsasmiðjunnar] og féлага og fengum hjá honum „útboðsgögn“ (meðfylgjandi) lögðu áherslu á að forflutningur þyrfti að lækka sérstaklega minnstust þeir á Hobro (gips). Þeir „kvörtuðu“ undan lágmarksgjaldinu, fannst það of hátt. Þurfum að skila verðum í viku 4 en samningurinn rennur út í lok mánaðarins.*“³⁵⁹⁶
7397. Þann 19. janúar 2011 sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv með heitinu „*Húsasmiðjan útboðsgögn*“. Meðfylgjandi honum voru gögn sem Húsasmiðjan hafði afhent Samskipum á fundi deginum áður. Fram kom einnig að Samskip þyrftu að skila inn tilboði til Húsasmiðjunnar í lok næstu viku.³⁵⁹⁷
7398. Dagana 19. - 20. janúar 2011 var [...] f.h. Húsasmiðjunnar í sambandi við (E)viðskstj1 þar sem hann bað Eimskip um tilboð í flutning á einum gámi frá Fredrikstad til Íslands. Eftir að (E)viðskstj1 hafði sent honum tilboð sagði hann þetta „*alltof dýrt*“ og vísaði til þess að hann (þá viðskiptastjóri hjá Eimskip), hefði, í samráði við (E)forstö-innfl, gefið Húsasmiðjunni betri sjóflutningsverð undanfarin ár.³⁵⁹⁸ Eftir að (E)viðskstj1 bað (E)forstö-innfl um að hringja til sín, sendi hún aftur tilboð til Húsasmiðjunnar fyrir flutning á þessum gámi. Aftur taldi [...] tilboð Eimskips óásættanlegt og munaði „*töluverðu*“ í verði.³⁵⁹⁹
7399. Í fundargerð innflutningsdeildar Eimskips frá 21. janúar 2011 segir undir umræðuefnum (E)viðskstj1: „*Húsasmiðjan koma í heimsókn til okkar, óskar eftir að við bjóðum í consol gáma frá Aarhus og líka flutning frá Noregi þá FCI gáma líka er þetta ca. 18% af þeirra flutningum.*“³⁶⁰⁰
7400. [...] og (E)viðskstj1 áttu aftur í samskiptum þann 24. janúar 2011 vegna eldri tilboða Eimskips til Húsasmiðjunnar. Í samskiptunum vísaði [...] á ný til sjóflutningsverðs sem hann hefði sem viðskiptastjóri hjá Eimskip boðið á sínum tíma í flutninga fyrir Húsasmiðjuna. Af viðbrögðum (E)viðskstj1 í svarpósti til [...] má sjá að hún var undrandi: „*Þessi verð eru ekkert smáræði, hvernig stendur á því að þeir [Húsasmiðjan] voru með svona lág verð í þetta. Var gert samkomulag við þá*

³⁵⁹¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.845214.

³⁵⁹² Afhent skjal frá Samskipum. Afhent 22.11.2016, viðauki 10, Húsasmiðjan, skjal merkt með heiti „05.01.2011“.

³⁵⁹³ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.727055.

³⁵⁹⁴ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip[...] Doc. ID. 0.7.34.97220.

³⁵⁹⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.848166.

³⁵⁹⁶ Afhent skjal frá Samskipum. Afhent 22.11.2016, viðauki 10, Húsasmiðjan, skjal merkt með heiti „18.01.2011“.

³⁵⁹⁷ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „20110119110458636.pdf“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.848166.

³⁵⁹⁸ Hér ber að rifja upp að Húsasmiðjan og Samskip gerðu heildarflutningasamkomulag þann 6. maí 2008 Gildistími samningsins var til 30. júní 2011. Samningurinn var óuppsegjanlegur á fyrstu 18 mánuðum samningstímans, eða til 6. nóvember 2009, en eftir það var samningurinn uppsegjanlegur með sex mánaða fyrirvara.

³⁵⁹⁹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.97707.

³⁶⁰⁰ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.48558.



um þessi verð eða var þetta sérverð á þessa gáma frá FAXE KALK? Af svörum [...] að dæma hafði hann, sem viðskiptastjóri hjá Eimskip, gefið Húsasmiðjunni þessi verð almennt í flutninga fyrir Húsasmiðjuna á 20 feta þurrgámum.³⁶⁰¹ Áfram hélt [...] að senda Eimskip tilboðsbeiðni en þennan sama dag, 24. janúar 2010, bað [...] (E)viðskstj1 um tilboð í flutninga frá Danmörku. Viðbrögð [...] sýna að hann hafi talið verðtilboð Eimskips allt of hátt („eiginlega við frostmark“).³⁶⁰²

7401. Þann 26. janúar 2011 sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (S)viðskstj1 þar sem segir: „Hér er fyrsta uppkast að tilboði okkar til Húsa. Kíktu endilega [á] þetta fyrir fundinn okkar á morgun.“ Meðfylgjandi var skjal sem bar heitið „Tilboð Samskipa – janúar 2011“.³⁶⁰³ Daginn eftir áttu (S)forstö-innfl1 og (S)viðskstj1 bókaðan fund kl. 10:00 með heitinu: „Samningsmál“. Í fundarboðinu sagði: „Byrjum að stilla þessu upp fyrir Húsa“.³⁶⁰⁴
7402. Þann 27. janúar 2011 var einnig undirbúið tilboð til Húsasmiðjunnar innan Eimskips en þennan dag kl. 14:00 áttu (E)frkvstj-sala/þj, (E)forstö-innfl og (E)viðskstj1 bókaðan fund undir heitinu „Húsasmiðjan“.³⁶⁰⁵ Að morgni þessa dags sendi (E)frkvstj-sala/þj excel-skjal til (E)forstö-innfl og (E)viðskstj1 með heitinu „Húsasmiðjan Flutningsverð og verðkönnun jan 2011“. Í skjalinu var að finna verð til Húsasmiðjunnar ásamt samanburði við verð Byko.³⁶⁰⁶ Eftir hádegi sendi (E)viðskstj1 annað skjal með sama heiti til (E)forstö-innfl en búið var að gera breytingar á verðum frá fyrra skjali.³⁶⁰⁷
7403. Um kvöldið sendi (E)forstö-innfl skjal til (E)viðskstj1 sem bar heitið „Húsasmiðjan verðtilboð janúar 2011“. Í skjalinu segir: „Eftirfarandi er tilboð Eimskips í flutninga sem tilgreindir eru í bréfi ykkar dags. 18. janúar 2011.“³⁶⁰⁸ Hafði orðið breyting á verðum frá skjalinu sem (E)viðskstj1 hafði sent (E)forstö-innfl fyrr um daginn, en 18 liðir höfðu hækkað í verði en 9 liðir lækkað.
7404. Stuttu síðar vistaði (E)forstö-innfl Excel-skjal undir heitinu „Húsasmiðjan Flutningsverð jan 2011“. Í skjalinu var að finna tilboðsverð til Húsasmiðjunnar ásamt samanburði á verðum milli Byko og Húsasmiðjunnar. Samkvæmt skjalinu var tilboðsverð Eimskips til Húsasmiðjunnar 13-63% hærra en verð sem Byko var með hjá Eimskip.³⁶⁰⁹
7405. Sem fyrr sagði gerði (E)forstö-innfl breytingar á framangreindri tillögu (E)viðskstj1 um verð til Húsasmiðjunnar. Er þetta enn eitt dæmið um að verðtilboð (E)viðskstj1 til mikilvægs viðskiptavinar Samskipa var hækkað eftir aðkomu (E)frkvstj-sala/þj og/eða (E)forstö-innfl. Vísast hér til samskonar atburðarrásar þegar (E)viðskstj1 sendi tillögu til (E)frkvstj-sala/þj að tilboði til ÍSAM/Mekka í febrúar 2010 og þegar (E)viðskstj1 sendi tillögu til (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-innfl að tilboði til OJK, sbr. kafla 14.26 og 14.31.
7406. Þennan sama dag, 27. janúar 2011, sendi (S)forstö-innfl1 eftirfarandi tölvupósta:

³⁶⁰¹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...].

³⁶⁰² Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...].

³⁶⁰³ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Tilboð Samskipa – janúar 2011.docx“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.849743.

³⁶⁰⁴ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.849305.

³⁶⁰⁵ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.252615. Líklega var um innanhúsfund að ræða.

³⁶⁰⁶ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.98600.

³⁶⁰⁷ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.98619.

³⁶⁰⁸ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Húsasmiðjan verðtilboð janúar 2011.docx“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.98711.

³⁶⁰⁹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. Heimasvæði [...]. „Húsasmiðjan Flutningsverð jan 2011.xlsx“, vistað 27.01.2011, kl. 19:43. Doc. ID. 0.7.33.74283. [...] Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Húsasmiðjan Flutningsverð jan 2011.xlsx“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip[...] Doc. ID. 0.7.34.98988. Hafði verðmunurinn aukist frá því sem var í skjali sem [...] fyrr um daginn. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Húsasmiðjan Flutningsverð og verðkönnun jan 2011.docx“ Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.98619. Horft til athugasemda Samskipa, sbr. mgr. 1180 í athugasemdum Samskipa við AII, þá var hækkanin 13-51%. Þetta hefur ekki úrslitaáhrif hér enda ljóst af bæði skjali Eimskips sjálfs og athugasemdum Samskipa að tilboð Eimskips til Húsasmiðjunnar var hærra en verð Byko hjá fyrirtækinu.



- Tölvupóst til viðskiptastjóra innflutnings Samskipa þar sem hann greindi frá því að Eimskip hefði verið að „*hækka hjá sér gjaldskrána erlendis*“.³⁶¹⁰
- Drög að tilboði Samskipa til Húsasmiðjunnar með tölvupósti til (S)frkvstj-millilandasv og (S)viðskstj1. Í tölvupóstinum sagði: „*Hér er tilboðið eins og það lítur út í dag. Förum yfir þetta á fundinum á morgun.*“

Nokktir punktar: Þetta er hækkun upp á 15,4 mkr frá núverandi verðum Húsa. Það eru 10,8 mkr í FCL og 5,5 mkr í LCL. Það gæti verið að LCL talan sé ofmat.

Þessi 15,4 mkr er 4,5% hækkun á heildarflutningsgjöldum Húsasmiðjunnar, en veltan þeirra er 350 mkr á ári. Ef forflutningar, vörugjöld og fleira er tekið út fyrir sviga og aðeins er haldið eftir kostnaði frá FAS til Door þá er veltan hjá þeim 230 mkr. Þetta er 6,7% hækkun á þá veltu. Þetta er líklega 2,5 mkr lægra en þau verð sem Byko er að vinna á hjá Eimu [Eimskip] og enn lægra en þau verð sem Byko er á í dag hjá okkur.

Það er óvissa í því hvað Eimskip býður í forflutningana, en ef þeir myndu bjóða okkar kostnaðarverð (sem þeir gera auðvitað ekki) væru þeir 1,9 mkr lægri þar.

*Nú er bara spurningin erum við að fara of stíft í hækkanir eða er þetta fínt svona. Það er pælingin á morgun.*³⁶¹¹

7407. Daginn eftir, 28. janúar 2011, afhentu Samskip Húsasmiðjunni tilboð sitt á fundi. Þann dag vistaði (S)forstö-innfl1 skjal með tilboði Samskipa.³⁶¹²

7408. Í afhentri söluskýrslu frá Samskipum vegna fundarins segir m.a. eftirfarandi; „*förum til Húsa og lögðum fram ný verð v. samnings sem rennur út 1. 2 2011 sem Húsa sagði upp. Kynntum hækkun um c.a. 2-3% m.v. heildarflutningskostnað Húsa 2010. Augljóslt [svo] að Húsa mönnum var verulega brugðið að sjá hækkun áttu klárlega von á lækkun.*“³⁶¹³

7409. Að kvöldi 28. janúar 2011 sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (S)viðskstj1 og greindi honum frá því að [...] hjá Húsasmiðjunni hefði hringt í sig og verið „*sjokkeradur*“ yfir verðhækkun Samskipa. Eins og áður segir má ætla að [...] hafi þekkt vel sjóflutningsverð og flutningamarkaðinn frá fyrra starfi sínu sem viðskiptastjóri hjá Eimskip. Nánar tiltekið sagði í tölvupósti (S)forstö-innfl1 :

„[[...]] hringdi adan. Hann var ad renna yfir pakkann. Hann var sjokkeradur yfir haekkununum, hann taladi um 8-40 prosent haekkun. Tha var hann ad setja afgreidslugjaldir ad fullu inn I 1 rummetra sendingar, thad er reyndar rugl thvi 1 rummeter lendir a lagmarki. Eg for adeins yfir ad thad er ekki haegt ad gera thetta thannig. Sendingar upp a 3-4 rummetra lenda a lagmarki og thvi tharf ad skipta afgreidslugjaldin upp. Haekkanirnar eru thvi ca 8-17 prosent, en lagmarkid er ad laekka.

*Vildi lata thig vita af thessu thad thaf ad fara yfir thad med [[...]] ad meirihluti LCL sendingana lenda a lagmarki.*³⁶¹⁴

7410. Þann 28. janúar 2011 áttu (E)forstö-innfl og (E)viðskstj1 bókaðan fund með Húsasmiðjunni til að ræða flutningsmál.³⁶¹⁵ Var ætlunin að afhenda tilboð Eimskips í flutninga fyrir Húsasmiðjuna.³⁶¹⁶

³⁶¹⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum [...] Doc. ID. 0.7.33.849975.

³⁶¹¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.850123.

³⁶¹² Afritað tölvuskjal frá Samskipum. Heimasvæði [...]. „*Tilboð Samskipa til Húsasmiðjunnar – janúar 2011.docx*“, vistað 28.01.2011, kl. 13:30. Doc. ID. 0.7.33.20109.

³⁶¹³ Afhent skjal frá Samskipum. Afhent 22.11.2016, viðauki 10, Húsasmiðjan, skjal merkt með heiti „28.01.2011“.

³⁶¹⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.850315.

³⁶¹⁵ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.98712.

³⁶¹⁶ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...].



7411. Þann 1. febrúar 2011 vann (S)forstö-innfl1 í skjölum tengdum tilboði Samskipa til Húsasmiðjunnar.³⁶¹⁷ Að morgni næsta dags var bókaður innanhússfundur hjá Samskipum undir heitinu: „Undirbúningur fyrir fund með Húsa“. Samkvæmt fundarboðinu ætlaði (S)forstö-innfl1 að renna í gegnum kynningu sem hann hafði útbúið fyrir fundinn með Húsasmiðjunni en Samskip áttu bókaðan fund með Húsasmiðjunni kl. 14 sama dag.³⁶¹⁸ Eftir fundinn vistaði (S)forstö-innfl1 skjal undir heitinu: „Yfirferð á tilboði með Húsasmiðjunni 2-feb 2011“.³⁶¹⁹
7412. Síðar sama dag, þ.e. eftir fundinn með Samskipum, sendi [...] hjá Húsasmiðjunni tölvupóst til (E)viðskstj1 og það um að fá sendar til sín gjaldskrár Eimskips vegna Noregs, Danmerkur og Svíþjóðar. (E)viðskstj1 sendi umbeðnar gjaldskrár til hans.³⁶²⁰
7413. Daginn eftir, þ.e. 3. febrúar 2011, upplýsti (S)forstö-innfl1 þá (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv um stöðuna gagnvart Húsasmiðjunni: „Við áttum fund með Húsa í gær. Það kom í raun ekkert fram þar. Þeir vilja bara fresta þessu um mánuð. Við gerðum þeim ljóst að við viljum vinna þetta hratt. Það er áætlað að hittast aftur á morgun.[...]“.³⁶²¹
7414. Sama dag, þ.e. 3. febrúar 2011, sendi [...] hjá Húsasmiðjunni tölvupóst til (S)viðskstj1 og (S)forstö-innfl1 og ítrekaði ósk um upplýsingar: „Ég það um Far East verð fyrir hátt í 3 vikum síðan, ??? [...] P.s. ég get ekki klárað að skoða flutningsmálin gagnvart verðum nema að hafa allar upplýsingar og Far East fyrir ykkur vantar.“³⁶²² Jafnframt sendi Húsasmiðjan tölvupóst til (S)viðskstj1 og óskaði m.a. eftir upplýsingum varðandi sendingar frá Noregi.³⁶²³
7415. Þann 8. febrúar 2011 sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv og (S)viðskstj1: „Ég stillti upp samningsdrögum fyrir Húsasmiðjuna. Kíkið endilega á þetta. Förum yfir á fundinum sem við eigum bókaðan á morgun. [(S)viðskstj1]: Við [(S)frkvstj-millilandasv] förum í gegnum forsendurnar fyrr í dag. Við rennum í gegnum þær saman fyrir fundinn okkar.“³⁶²⁴
7416. Þann 9. febrúar 2011 áttu (S)forstö-innfl1 , (S)viðskstj1 og (S)frkvstj-millilandasv bókaðan fund undir heitinu: „Húsasmiðjan undirbúningur“³⁶²⁵ en þeir áttu fund með Húsasmiðjunni daginn eftir. Í fundarboðinu sagði: „Tökum næstu skref í samningsmálum.“³⁶²⁶ Eftir fundinn þann 10. febrúar 2011 sendi (S)forstö-innfl1 nýtt tilboð til Húsasmiðjunnar.³⁶²⁷ Fól það í sér að Samskip hefðu dregið úr þeim verðhækkunum sem fram komu í upphaflega tilboðinu.
7417. Húsasmiðjan gerði eftir sem áður athugasemdir við samningsdrögin en þann 11. febrúar 2011 sendi Húsasmiðjan tölvupóst til (S)forstö-innfl1 og (S)viðskstj1 með afriti til (S)frkvstj-millilandasv. Í tölvupóstinum var að finna gagntilboð Húsasmiðjunnar.³⁶²⁸

³⁶¹⁷ Þann 1. febrúar 2011 vistaði [...] skjal. Í því var að finna upplýsingar um núverandi verð til Húsasmiðjunnar, verð Byko hjá Samskipum, líklegt verð Byko hjá Eimskip og tillögu Samskipa til Húsasmiðjunnar. Jafnframt voru upplýsingar um samanburð á verðum. Afritað tölvuskjal frá Samskipum. Heimasvæði [...]. „A99DD283.tmp“, vistað 01.02.2011, kl. 15:44. Doc. ID. 0.7.33.13641.

³⁶¹⁸ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.850909. Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.850846.

³⁶¹⁹ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.19942. Var þar að finna upplýsingar um verð samkvæmt gildandi samningi við Húsasmiðjuna ásamt nýjum verðum.

³⁶²⁰ Afritaðir tölvupóstar frá Eimskip. [...].

³⁶²¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.832986.

³⁶²² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.851698.

³⁶²³ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.851749.

³⁶²⁴ Meðfylgjandi var skjal með heitinu „Húsasmiðjan samningur 2011“. Afritað tölvuskjal frá Samskipum. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.852898.

³⁶²⁵ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.852312.

³⁶²⁶ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.852318.

³⁶²⁷ Afrituð tölvuskjal frá Samskipum. „Húsasmiðjan samningur 2011.docx“ og „Nýtt tilboð.xlsx“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.853303.

³⁶²⁸ Afrituð tölvuskjal frá Samskipum. „Húsasmiðjan samningur 2011.docx“ og „Nýtt tilboð með gagntilboði.xlsx“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.853685 og afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Húsasmiðjan samningur 2011 breytingartillaga 1.docx“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.853715.



7418. (S)forstö-innfl1 var alls ekki ánægður með breytingartillögur Húsasmiðjunnar. Framsendi hann þann 13. febrúar 2011 framangreindan tölvupóst Húsasmiðjunnar til (S)frkvstj-millilandasv og (S)viðskstj1 með skilaboðunum: „Þetta er algjört bull

Legg til að við hendum þessu beint í þá aftur. Förum aftur á byrjunarreit og ræðum okkar upphaflega tilboð.

*Boða fund í fyrramálið þar sem við undirbúum svar við þessu kjaftæði.*³⁶²⁹

7419. Bókaði (S)forstö-innfl1 fund daginn eftir, 14. febrúar 2011, með (S)viðskstj1 og (S)frkvstj-millilandasv undir heitinu: „Húsasmiðjan – svar við gagntilboð“³⁶³⁰ og fór hann fram 15. febrúar 2011.

7420. Á fundinum héldu Samskip sig við fyrra verðtilboð sitt til Húsasmiðjunnar, frá 10. febrúar 2011, og gengu Samskip því að engu leyti að gagntilboði viðskiptavinarins.³⁶³¹ Daginn eftir sendi Húsasmiðjan ([...]) tölvupóst til (S)forstö-innfl1 og hvatti hann til þess að klára samningagerðina sem fyrst.³⁶³² Þann dag áttu sér stað frekari samskipti milli aðila varðandi samninginn og sendi (S)forstö-innfl1 m.a. ný tilboðsdrög til Húsasmiðjunnar þann dag. Tilboðsverð Samskipa vegna Evrópuflutninga voru þar hin sömu og í tilboði Samskipa frá 10. febrúar 2011, en verðtilboð vegna sjóflutninga frá Bandaríkjunum hafði lækkað. Þetta varð síðan það verð sem samið var um milli Samskipa og Húsasmiðjunnar nokkrum dögum síðar.³⁶³³

7421. Á þessum tíma hélt Húsasmiðjan á hinn bóginn áfram að gera tilraunir til að leita til Eimskips í þeirri von að knýja fram betri flutningskjör. Sýna gögnin að þann 16. febrúar 2011 hefði [...] átt bókaðan fund með (E)forstö-innfl og (E)viðskstj1 undir yfirskriftinni „Staða mála“.³⁶³⁴ Þetta skilaði engum árangri fyrir Húsasmiðjuna. Er það í samræmi við hina ólögsmætu markaðsskiptingu sem Eimskip viðurkennir að hafi verið fyrir hendi á þessum tíma.

14.34.6. Samskip hækka verð í nýjum samningi

7422. Þann 18. febrúar 2011 var haldinn fundur þar sem Húsasmiðjan og Samskip skrifuðu undir nýjan samning.³⁶³⁵ Í tilkynningu til erlendra skrifstofa Samskipa um undirritun samningsins kemur fram að Húsasmiðjan muni flytja allan varning með Samskipum.³⁶³⁶ Fólst í þessum samningi hækkun á verði Húsasmiðjunnar hjá Samskipum, sbr. nánar hér á eftir.

7423. Ljóst er að mikilvægt var fyrir Samskip að halda Húsasmiðjunni í viðskiptum. Þetta má m.a. sjá af skjali sem (S)forstö-innfl1 sendi með tölvupósti til (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv þann 23. febrúar 2011. Í tölvupóstinum segir: „Til að gefa smá yfirlit yfir samninga viðskiptavina innflutnings þá tók ég saman meðfylgjandi skjal sem sýnir stöðu samninga og gildistíma þeirra. Þetta [skjal] inniheldur 70 stærstu viðskiptavinum okkar og 80% af heildarveltu. [...]“. Meðfylgjandi var Excel-skjal með heitinu „Staða samninga í innflutningi“.³⁶³⁷ Í skjalinu var listi yfir viðskiptavinum innflutningssviðs Samskipa og var Húsasmiðjan númer tvö á listanum (á eftir Jónum) m.v. tekjur. Er það í samræmi við önnur gögn málsins sem sýna hversu stór og mikilvægur viðskiptavinur Húsasmiðjan var.

³⁶²⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.853731.

³⁶³⁰ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.853732.

³⁶³¹ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Húsasmiðjan samningur 2011 - 15.2.2011.docx“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum[...] Doc. ID. 0.7.33.854419.

³⁶³² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.854489.

³⁶³³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.854719. Í viðhengi var uppfærður samningur „Húsasmiðjan samningur 2011 - 15.2.2011.docx“.

³⁶³⁴ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.100451.

³⁶³⁵ Afhent gögn frá Samskipum. Afhent 22.11.2016, viðauki 10, Húsasmiðjan, skjal merkt með heitinu „22.02.2011“. Í söluskýrslunni segir: „Hittum Húsa til að skrifa undir endurnýjaðan samning til þriggja ára, bundinn í tvö ár en eftir það uppsegjanlegur með sex mánaða fyrirvara af beggja hálfu.“ Sjá einnig afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.839030.

³⁶³⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.838921.

³⁶³⁷ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.840371.

7424. Þrátt fyrir áður nefnt heildarflutningasamkomulag Samskipa og Húsasmiðjunnar frá 18. febrúar 2011 sýna gögn málsins að Húsasmiðjan ([...]) hélt áfram að leita til Eimskips í von um lægri kjör fyrir flutninga. Í fundargerð innflutningsdeildar Eimskips frá 25. febrúar 2011 var t.d. upplýst að (E)viðskstj1 hefði farið í heimsókn til Húsasmiðjunnar í viku sjö (14.-20. febrúar 2011)³⁶³⁸ eða í sömu viku og nýr samningur við Samskip var undirritaður. Þá benda gögn til þess að Eimskip hafi einnig náð einhvers konar samkomulagi við Húsasmiðjuna í febrúar 2011.³⁶³⁹ Það samkomulag var hins vegar mun umfangsminna en áður nefndur samningur Húsasmiðjunnar við Samskip. Virðist það aðeins hafa tekið til safngáma. Sýna gögn málsins þannig að viðskipti Húsasmiðjunnar við Eimskip hafi verið minniháttar í samhengi við heildarviðskipti Húsasmiðjunnar við Samskip árin 2011 og 2012.³⁶⁴⁰
7425. Kjarnaatriðið hér er að á sama tíma og Samskip héldu viðskiptum við Húsasmiðjuna tókst fyrirtækinu að hækka verð. Minniháttar viðskipti Eimskips við Húsasmiðjuna breyta engu um þetta. Líta má til þess hér að í tölvupósti, sem (E)viðskstj1 sendi sjálfri sér þann 5. apríl 2011, var Húsasmiðjan á lista yfir fyrirtæki sem hefðu ekki komið yfir til Eimskips.³⁶⁴¹ Þá sendi (E)viðskstj1 tölvupóst til Húsasmiðjunnar þann 18. apríl 2011, þar sem sagði: „Það eru bara verð inn í kerfinu á LCL [safngáma] vörur, við náðum ekki samkomulagi á FCL verð, þannig að þú þarft að borga gjaldskrá.“³⁶⁴²
7426. Hér má horfa til þess að 15. mars 2011 heimsótti umræddur starfsmaður Húsasmiðjunnar, [...], skrifstofu Samskipa í Rotterdam. Yfirmaður hennar, (S)forstö-umb.erl, sendi þann dag tölvupóst til (S)forstö-innfl1 og bað hann um að senda sér nýja samninginn við Húsasmiðjuna svo hann gæti kynnt sér hann áður en [...] kæmi í heimsókn. Eftir að hafa fengið samninginn sendi hann eftirfarandi tölvupóst til (S)forstö-innfl1 :
- „Ég sem ætlaði að bjóða [...] í steak í kvöld, hann fær bara franskar með mæjó miðað við þessi verð ;-)“
- Við reynum að passa margínuna á Húsasmiðjuna hérna úti eins og hægt er...“
7427. (S)forstö-innfl1 svaraði um hæl:
- „Þú getur þá ímyndað þér hvernig verðin voru í gamla samningnum!!! Þetta eru hækkuð verð.“³⁶⁴³
7428. Í þessum ummælum (S)forstö-innfl1 felst staðfesting Samskipa á því að nýr samningur fyrirtækisins við Húsasmiðjuna hafi falið í sér verðhækkun. Til viðbótar má líta til þess að þann 15. desember 2011 sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (S)viðskstj1 til að tryggja að það myndi ekki gleymast að hækka verð gagnvart Húsasmiðjunni um áramótin: „Við verðurm að muna eftir því í sameiningu að

³⁶³⁸ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Fundargerð Innflutningsdeild 25.02.2011“, bls. 2. Fannst vistað á sameiginlegu tölvudrifi Eimskips.

³⁶³⁹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.102161. Er Húsasmiðjan þar á lista yfir undirritaða samninga. Sjá einnig afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...].

³⁶⁴⁰ Samkvæmt afhentum lista Samskipa var Húsasmiðjan árið 2011 næststærsti viðskiptavinur innflutnings hjá Samskipum (ekki að Jónum meðtöldum). Samkvæmt afhentum lista Eimskips var Húsasmiðjan ekki meðal 50 umfangsmestu viðskiptavina innflutnings árið 2011. Samkvæmt afhentum veltutölum Eimskips var velta Húsasmiðjunnar hjá Eimskip árið 2011 smávægileg í samhengi við heildarfjárhæð flutningsviðskiptanna hjá Samskipum. Afhent skjal frá Samskipum. Afhent 10.04.2015. „Liður 9.1 Innflutningur Heildarlisti“, „2011“. Afhent skjal frá Eimskip. Afhent rafrænt 01.12.2016. „B liður 1-Innflutningur“. Afhent skjal frá Eimskip. Afhent 19.02.2016, minnislykill 4, „Ýmis gögn“. „Viðskiptasagan“, sbr. leiðrétt skjal afhent frá Eimskip 01.11.2016 „Viðskiptasagan_Þróun Net Value öll ft. í 15. flokkum“. Þegar draga fór úr umfangi samráðsins milli Eimskips og Samskipa árið 2013 gerði Eimskip atlögu að því að ná viðskiptum Húsasmiðjunnar frá Samskipum, sbr. umfjöllun í kafla 21. Framangreindar afhentir listar Eimskips og Samskipa og afhentar veltutölur Eimskips eru í samræmi við þau atvik en við þetta jókst umfang viðskipta Húsasmiðjunnar hjá Eimskip.

³⁶⁴¹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. Frá [...]. „fyrirtæki“, dags. 05.04.2011, kl. 15:42. Þá vísast sömuleiðis til afhents yfirlits Samskipa um náð og misst viðskipti stórra viðskiptavina árin 2006-2013, en samkvæmt því yfirliti náði Eimskip ekki viðskiptum Húsasmiðjunnar frá Samskipum árið 2011. Sjá afhent skjal frá Samskipum. Afhent 10.04.2015. Yfirlit yfir misst/fengin viðskipti.

³⁶⁴² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...].

³⁶⁴³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.86134.



*hækka á Húsasmiðjuna um áramót. Öll gjöld eiga að hækka í samningnum.*³⁶⁴⁴ Tók samningur Húsasmiðjunnar því áfram hækkunum á samningstímanum líkt og samningar flestra annarra viðskiptavina.

7429. Samskipum tókst þannig að ná fram verðhækkun í samningnum við Húsasmiðjuna frá 18. febrúar 2011. Hér ber einnig að horfa til eftirfarandi:
- Ef það verð sem er í samningi Húsasmiðjunnar og Samskipa frá 18. febrúar 2011 er borið saman við það verð sem Eimskip bauð Húsasmiðjunni (m.v. skjal (E)forstö-innfl frá 27. janúar 2011)³⁶⁴⁵ þá var tilboð Eimskips í sjóflutning Húsasmiðjunnar 79-127% hærra en verð Samskipa vegna sjóflutninga frá Evrópu.³⁶⁴⁶
 - Í sama skjali (E)forstö-innfl frá 27. janúar 2011 bar Eimskip saman flutningsverð Byko hjá Eimskip og verðtilboð Eimskips til Húsasmiðjunnar. Samkvæmt skjalinu var verðtilboð Eimskips til Húsasmiðjunnar 13-63% hærri en þáverandi verð Byko hjá Eimskip.³⁶⁴⁷
7430. Atvik málsins sýna þannig með skýrum hætti að þrátt fyrir mikla eftirgangsmuni af hálfu Húsasmiðjunnar bauð Eimskip ekki samkeppnishæft verð í flutninga þessa mikilvæga viðskiptavinar og munaði þar miklu miðað við Samskip. Þá bauð Eimskip Húsasmiðjunni hærri verð en fólst í gildandi samningi Eimskips við Byko. Verður ekki önnur ályktun dregin af þessu tilboði Eimskip en að því að hafi verið stillt upp með þeim hætti að tryggt væri að viðskipti Húsasmiðjunnar yrðu áfram hjá Samskipum. Þetta og hinu dræmu viðbrögð Eimskips eru í samræmi við hina ólögmetu markaðsskiptingu sem Eimskip hefur viðurkennt að hafa verið fyrir hendi á þessum tíma.
7431. Að mati Samkeppniseftirlitsins gerði samráð og markaðsskipting Samskipa við Eimskip Samskipum kleift að halda uppi og hækka verð gagnvart þessum stóra og mikilvæga viðskiptavini.
7432. Samskip héldu því viðskiptum Húsasmiðjunnar og hækkaði verð þrátt fyrir mikla óánægju og mótspyrnu Húsasmiðjunnar. Var þetta í fullu í samræmi við tölvupóst (S)forstö-innfl1 til (S)viðskstj1 í nóvember 2009. Í þeim tölvupósti fjallaði (S)forstö-innfl1 einnig um að sækjast ekki eftir viðskiptum við IKEA og Innes frá Eimskip og veita Eimskip svigrúm til að hækka verð á þá. Það gekk líka eftir.

14.34.7. Samantekt

7433. Í þessum kafla hefur verið fjallað um atvik sem tengjast viðskiptum Húsasmiðjunnar á árunum 2010-2011. Niðurstaða Samkeppniseftirlitsins er að þau endurspegli ólögmetu markaðsskiptingu Samskipa og Eimskips sem var við lýði á þessum tíma.
7434. Framangreind umfjöllun sýnir að eftir mitt ár 2008 og fram á árið 2010 hækkaði verð Húsasmiðjunnar hjá Samskipum enda var það í samræmi við áherslur og markmið Samskipa, þ.e. að „*hækka verð á núverandi kúnna*“, sbr. tölvupóst (S)forstö-innfl1 til (S)forstö-landfl frá 17. nóvember 2009. Gögn málsins sýna að Húsasmiðjan var mjög ósátt við verð Samskipa og kvartaði yfir því að þættir í verðlagningu Samskipa hefðu hækkað „*gríðarlega*“ og kallaði ítrekað eftir skýringum Samskipa. Lentu Samskip hins vegar í erfiðleikum við að útskýra kjör Húsasmiðjunnar og kom m.a. fram í innanhússamskiptum að það þyrfti „*væntanlega að vanda sig hér*“.
7435. Um mitt ár 2010 sagði Húsasmiðjan upp flutningasamningi sínum við Samskip vegna óánægju sinnar með „*miklar hækkunir milli ára*.“ Þá vekur það athygli að á sama tíma og þessi afar mikilvægi viðskiptavinur hefði sagt upp samningi vegna óánægju með of hátt verð þá taldi (S)forstj ástæðu til að stefna á almenna verðhækkun. Mat hann það svo að það ætti að vera unnt að „*ýta hækkun á*

³⁶⁴⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.930068.

³⁶⁴⁵ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.74283.

³⁶⁴⁶ Sjóflutningur Evrópa, 20 feta, 40 feta, 40 feta DC, HC, FR og 40 feta RF,OT.

³⁶⁴⁷ Sjóflutningur, olíugjald, uppskipun, öryggisgjald, þjónustugjald, Transport og BAT. Bæði Evrópa og N-Ameríka.



sjófrakt út á stóran hluta“ af viðskiptavinum fyrirtækisins („flórunnar“). Hér ber og að rifja upp tölvupóst (S)forstj frá 4. maí 2010 þar sem hann sagði nauðsynlegt fyrir Samskip að vera „hardari á þessa stóru kúnnu“ og hækka verð enn frekar, sbr. kafli 14.26.2. Þegar allt þetta er virt saman er ljóst að Samskip höfðu ekki áhyggjur af samkeppnislegu aðhaldi frá Eimskip. Endurspeglar þetta samráð Samskipa við Eimskip á þessum tíma.

7436. Samtímagögn sýna að vegna óánægju með hækkanir Samskipa leitaði Húsasmiðjan ítrekað til Eimskips og óskað eftir tilboðum í flutningaviðskipti fyrirtækisins. Þrátt fyrir að Eimskip væri ljóst að Húsasmiðjan væri mikilvægur viðskiptavinur sem væri ónægður með kjör sín hjá Samskipum sýna gögnin að Eimskip hafði í raun ekki áhuga á viðskiptunum.
7437. Á haustmánuðum 2010, þegar Samskip unnu að gerð áætlunar fyrir árið 2011, var staðan þessi:
- Húsasmiðjan hafði sagt upp flutningasamningi við Samskip vegna mikillar óánægju með hækkun á verði.
 - Samskip höfðu átt í talsverðum erfiðleikum með að útskýra og rökstyðja þessar hækkanir gagnvart Húsasmiðjunni.
 - Húsasmiðjan hafði leitað til Eimskips og óskað eftir viðræðum um möguleg viðskipti.
7438. Þrátt fyrir þetta lagði (S)forstö-innfl1 til grundvallar að Samskip myndu halda Húsasmiðjunni í viðskiptum og taldi raunhæft að unnt væri að hækka verð gagnvart þessum mikilvæga viðskiptavini.
7439. Háttsemi Eimskips var í samræmi við það sem (S)forstö-innfl1 lagði til grundvallar. Verðið sem Eimskip bauð Húsasmiðjunni í sjóflutninga í lok janúar 2011 var miklu hærri en það verð sem Samskip bauð. Þannig var sjóflutningsverðið sem Eimskip bauð 79-127% herra en verð Samskipa vegna sjóflutninga frá Evrópu. Einnig var verðið í verðtilboði Eimskips herra en það verð sem sambærilegur mikilvægur viðskiptavinur Eimskips (Byko) naut hjá Eimskip. Rennir framangreint stöðum undir önnur samtímagögn sem sýna að Eimskip virtu markaðsskiptinguna við Samskip.
7440. Þetta gaf Samskipum færi á því að hækka verð gagnvart Húsasmiðjunni. Nægir í því sambandi að rifja upp að Húsasmiðjan var „sjokkeruð“ þegar hún fékk í hendur verðtilboð Samskipa í lok janúar 2011. Að mati Samkeppniseftirlitsins hafði það þó áhrif á hækunaráform Samskipa að fyrrverandi viðskiptastjóri Eimskips, sem hafði annast flutningaþjónustu á byggingavörum, hæfi störf hjá Húsasmiðjunni. Í krafti sérþekkingar sinnar sótti hann hart fram um lægra verðtilboð. Það dugði þó ekki til. Þar sem hið samkeppnislega aðhald skorti frá Eimskip tókst Samskipum ætlunarverk sitt. Fyrirtækið hélt Húsasmiðjunni í viðskiptum og náði að hækka verð þrátt fyrir að fyrirtækið hafi ekki náð að hækka verð jafn mikið og upphaflega var gert ráð fyrir.
7441. Framangreind atvik vegna Húsasmiðjunnar ber einnig að virða í samhengi við gögnin sem varða Innnes og fjallað er um í næsta kafla hér á eftir.
7442. Hér ber og að líta til þess að í markaðsskýrslu (S)forstö-innfl1 vegna innflutnings fyrir árið 2012, sem útbúin var í september 2011, er vísað til þess að árið 2011 hafi verið „ró“ á innflutningsmarkaði.³⁶⁴⁸ Þessi lýsing Samskipa í samtímagagni á samkeppnisaðstæðum árið 2011 er að fullu í samræmi við niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins um að atvik tengd Húsasmiðjunni sýni að samfelld markaðsskipting fyrirtækjanna var við lýði á þessum tíma.

³⁶⁴⁸ Nánar tiltekið segir orðrétt: „Áherslan í sölu árið 2012 ræðst að miklu leiti eftir því hvort að áframhaldandi ró haldist á innflutningsmarkaði“. Af þessu leiðir að Samskip í samtíma innanhússgagni vísaði til þess að árið 2010 hafi verið „ró“ og áherslan árið eftir ráðist af því hvort sú ró haldist. Síðan segir áfram „Gert er ráð fyrri að bæði Eimskip og Samskip haldi að sér höndum og leggi áherslu á að hækka verð“. Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Innflutningur markaðsskýrsla 2012.doc“, bls. 13. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.783380.



7443. Sem fyrr segir er í sátt Eimskips við Samkeppniseftirlitið viðurkennt að fyrirtækið hafi brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga með samráði við Samskip um „*skiptingu á mörkuðum eftir stærri viðskiptavinum í sjó- og landflutningum*“, sbr. liður 1.2 í 1. gr. sáttarinnar.
7444. Í athugasemdum sínum við AII mótmæla Samskip því að framangreind gögn gefi ólögmæta markaðsskiptingu til kynna, sbr. mgr. 1151 og áfram í athugasemdum við AII.
7445. Samskip byggja m.a. á því að sú verðhækkun sem leiddi til þess að Húsasmiðjan sagði upp flutningasamningnum sínum í júlí 2010 hefði komið til vegna þess að löngu tímabært hafi verið að leiðrétta gjöld fyrir sjófrakt vegna gengishruns þar sem sjóflutningsgjöld viðskiptavina hefðu verið í íslenskum krónum, sbr. einnig umfjöllun um hina svokölluðu „*krónusamninga*“ í mgr. 46 – 54 í athugasemdum Samskipa við AI.
7446. Ekki er fallist á að þessar athugasemdir Samskipa, sbr. nánari umfjöllun í kafla 26.34.
7447. Vegna framangreindra athugasemda Samskipa skal því haldið til haga að flestir viðskiptavinir fyrirtækisins voru með samningsverð í erlendri mynt, sbr. athugasemdir fyrirtækisins sjálfs í mgr. 49 í athugasemdum við AI og mgr. 54 í bréfi Samskipa, dags. 13. janúar 2021. Það er því villandi staðhæfing hjá Samskipum að gefa til kynna í athugasemdunum við AII að samningar viðskiptavina hafi almennt verið í íslenskum krónum. Þeir samningar voru ekki margir í heildarsamhengi, en þeir voru átján (þ. á m. samningur Húsasmiðjunnar). Var umfang tekna Samskipa af því sem fyrirtækið nefnir krónusamninga lítill hluti af heildarumsvifum á flutningamarkaði árið 2009 (7,5-8,4%), sbr. nánari umfjöllun í kafla 33.1.5.
7448. Hvað sem framangreindu líður þá má líka benda á að þótt sjófrakt Húsasmiðjunnar hafi verið í íslenskum krónum tók hún breytingum í samræmi við breytingar á vísitölu gengis og neysluverðs sem höfðu „*ýtt upp verðum*“, sbr. framangreindan tölvupóst (S)forstj frá 29. júlí 2010. Veiking íslensku krónunnar og aukin verðbólga hafði því áhrif á verð samkvæmt samningnum til hækkunar. Frá apríl 2008 til desember 2010 hafði verð fyrir sjóflutninga hjá Húsasmiðjunni hækkað um 29,7% samkvæmt vísitölutryggingu samningsins en meðalgengi evru í sömu mánuðum hafði hækkað um 31,2%. Á sama tímabili hækkaði vísitala neysluverðs um 22,1%.³⁶⁴⁹ Samkvæmt gögnum frá Samskipum hækkaði verð fyrir sjóflutninga hjá Húsasmiðjunni, fyrir 20 feta og 40 feta gáma, um 33,5% frá janúar 2009 til júní 2010³⁶⁵⁰, en á því tímabili lækkaði meðalgengi evru um 4,4% og vísitala neysluverðs hækkaði um 8,8%. Samkvæmt því hækkaði verð fyrir sjóflutninga hjá Húsasmiðjunni verulega umfram annað verðlag á Íslandi og hélt fyllilega í við gengisþróun evru gagnvart íslenskri krónu.
7449. Að öðru leyti vísast til umfjöllunar Samkeppniseftirlitsins um sjónarmið Samskipa varðandi atvik tengd Húsasmiðjunni í kafla 26.34.

³⁶⁴⁹ Vísitala neysluverðs af heimasíðu Hagstofu Íslands og gengi evru og gengisvísitala ISK af heimasíðu Seðlabanka Íslands.

³⁶⁵⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID 0.7.33.774550.

